ALÞINGI 1962

Þingsetning.

A.
Í sameinuðu þingi.

Árið 1962, miðvikudaginn 10. október, var áttugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og fimmta aðalþing í röðinni, en nítugasta og áttunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Emil Björnsson steig í stólinn og lagði út af Matt. 5. kap. 14.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
4. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
5. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
6. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
7. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
12. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
13. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
14. Einar Ingimundarson, 1. þm. Norðurl. v.
15. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
16. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
17. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
18. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
19. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
20. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
21. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
22. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
23. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
24. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
25. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
26. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
27. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
28. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
29. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
30. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
31. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
32. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
33. Ingvar Gíslason, 4. þm. Norðurl. e.
34. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
35. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
36. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
37. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
38. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
39. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
40. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
41. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
42. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
43. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
44. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
45. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
46. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
47. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
48. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
49. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
50. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
51. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
52. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.
53. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi. Enn fremur voru á fundinum Björn Þórarinsson, 2. (vara)þm. Norðurl. e., Ragnar Guðleifsson, 2. (vara)þm. Reykn., og Sigurður Bjarnason, 8. landsk. (vara)þm.

Ókomnir til þings voru:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
3. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
4. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
5. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
6. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
7. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 28. sept. 1962 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætis-

ráðherra, að reglulegt Alþingi 1962 skuli koma saman til fundar miðvikudag 10. október 1962.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 28. september 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, gæfu og gengis.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Gísla Jónsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna fyrrv. alþingismanna.

Aldursforseti (Gísli Jónsson): Ég vil leyfa mér að bjóða hæstv. ríkisstjórn og alla hv. þingmenn velkomna til starfa á þessu nýbyrjaða þingi svo og allt starfslið þingsins. Þetta þing, sem nú er að hefja störf sín, verður, svo sem venja er til, að leysa margan vanda. Er það ósk mín og bæn, að við störf þess öll megi ríkja víðsýni og réttlæti, svo að samþykktir allar megi verða landi og lýð til blessunar.

Ég vil leyfa mér að minnast hér nokkrum orðum tveggja fyrrverandi þingmanna, sem látizt hafa á þeim tíma, sem liðinn er frá síðustu þingslitum, þeirra Erlends Friðjónssonar fyrrum kaupfélagsstjóra á Akureyri, sem andaðist í sjúkrahúsi hér í bæ 18. júlí s. l., hálfníræður að aldri, og Jóns Kjartanssonar sýslumanns í Vík í Mýrdal, sem lézt í sjúkrahúsi hér í bæ s. l. laugardag, 6. okt., á sjötugasta aldursári.

Erlingur Friðjónsson var fæddur 7. febrúar 1877 á Sandi í Aðaldal. Foreldrar hans voru Friðjón bóndi þar Jónsson bónda á Hafralæk í Aðaldal Jónssonar og bústýra hans, Helga Halldórsdóttir frá Skútustöðum Gamalíelssonar. Hann ólst upp á Sandi hjá foreldrum sínum, stundaði nám í Ólafsdalsskóla, lauk þaðan prófi 1903 og átti síðan heimili á Akureyri. Stundaði hann þar smíðar og daglaunavinnu fram til ársins 1918. Framkvæmdastjóri Kaupfélags verkamanna á Akureyri var hann frá 1918 í full 40 ár, en vann síðan að skrifstofustörfum hjá Kaupfélaginu, meðan honum entist heilsa.

Erlingur Friðjónsson hlaut gott uppeldi á menningarheimili í hópi margra systkina. Hann átti til gáfumanna að telja, og í ætt hans var rík skáldgáfa og örugg hagmælska. Urðu tveir bræður hans, Guðmundur og Sigurjón, þjóðkunn skáld. Hann var vel að heiman búinn í andlegum efnum, þótt skólaganga stæði skammt. Átti hann síðar mikinn þátt í félagsmálastörfum á Akureyri og var tíðum valinn þar til forustu. Á yngri árum gegndi hann formennsku í Ungmennafélagi Akureyrar. Hann var um skeið formaður Verkamannafélags Akureyrar, Verkalýðsfélags Akureyrar og forseti Verkalýðssambands Norðurlands. Einnig átti hann sæti í stjórn Alþýðusambands Íslands og Alþýðuflokksins. Formaður Byggingarfélags verkamanna á Akureyri var hann um langan tíma. Í bæjarstjórn Akureyrar átti hann sæti óslitið í 31 ár, frá 1915 til 1946. Þingmaður Akureyrarkaupstaðar var hann 1927—1931, sat á fjórum þingum. Í útflutningsnefnd síldareinkasölu var hann kosinn 1928.

Erlingur Friðjónsson var þrekmenni og naut góðrar heilsu á langri ævi. Hann var stefnufastur og heilsteyptur, ósérhlífinn og harðskeyttur, ef því var að skipta. Hann var vel ritfær og gekkst fyrir blaðaútgáfu á Akureyri, stofnaði blaðið Verkamanninn ásamt Halldóri bróður sínum, og síðar Alþýðumanninn, og var Erlingur ritstjóri hans árin 1931—1947. Á síðustu árum sínum fékkst hann við að rita endurminningar sínar, og hefur upphaf þeirra birzt þegar á prenti. Á Alþingi átti hann drjúgan þátt í þeim breytingum, sem urðu á þeim árum á skipulagi síldarútflutnings og síldarvinnslu. Hann var á þinginu 1928 fyrri flm. frv. um stofnun síldarbræðslustöðva á Norðurlandi, er varð að lögum og var upphaf síldarverksmiðja ríkisins. Einnig var hann Akureyringum góður liðsmaður í baráttu þeirra í skólamálum á þeim árum.

Með Erlingi Friðjónssyni er fallinn í valinn baráttumaður, sem lifði mikla umbrotatíma í þjóðlífi voru, hlaut gáfur og þrek í vöggugjöf og barðist ótrauður fyrir þeim stefnumálum, sem hann taldi horfa til mestra heilla fyrir land sitt og þjóð.

Jón Kjartansson var fæddur 20. júlí 1893 í Skál á Síðu. Foreldrar hans voru Kjartan bóndi þar Ólafsson bónda og alþingismanns á Höfðabrekku Pálssonar og kona hans, Oddný Runólfsdóttur bónda í Holti á Síðu Jónssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri árið 1912, brautskráðist úr menntaskólanum í Reykjavík 1915 og tók lögfræðipróf við Háskóla Íslands 1919. Fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík var hann 1919—1923. Síðan gerðist hann ritstjóri Morgunblaðsins og gegndi því starfi á árunum 1924—1947. Jafnframt var hann um langt skeið ritstjóri Ísafoldar og Varðar. Á miðju ári 1947 var hann skipaður

sýslumaður í Skaftafellssýslu og gegndi því embætti til dánardags. Endurskoðandi Landsbanka Íslands var hann frá 1933 til æviloka.

Aðalstarf Jóns Kjartanssonar var annars vegar lögfræði- og dómarastörf, hins vegar blaðamennska, sem hann vann að á bezta skeiði starfsævi sinnar. Við það starf sitt hafði hann allmikil afskipti af landsmálum og aflaði sér víðtækrar þekkingar á því sviði. Í héraðsdómarastörfum var hann glöggur og reglusamur embættismaður og réttsýnn dómari. Á Alþingi átti hann sæti rúman áratug, var þingmaður Vestur-Skaftfellinga 1924—1927 og 1953—1959. Á kjörtímabili því, sem nú stendur yfir, hefur hann tekið sæti á tveimur þingum sem varaþingmaður. Sat hann á 12 þingum alls.

Jón Kjartansson var háttprúður maður, stilltur vel og gætinn. Störf hans á stjórnmálasviði í ræðu og riti auðkenndust af háttprýði hans og ljúfmennsku, þótt hann héldi jafnan fast á málstað og hvikaði ekki frá stefnu sinni. Hann var vel látinn í blaðamannastétt, jafnt í hópi andstæðinga sem samherja. Í sýslumannsstörfum naut hann sömu mannkosta og var vinsæll í héraði. Á Alþingi tók hann að jafnaði ekki mikinn þátt í umr., en var tillögugóður í þeim málum, sem honum voru hugleikin eða vörðuðu að einhverju leyti embættisstörf hans. Hann var glaður og reifur í mannfagnaði og hugþekkur í viðkynningu. Á síðustu árum ævi sinnar átti hann við vanheilsu að stríða, sem hann bar af karlmennsku og æðruleysi. Við fráfall hans er á bak að sjá drengskaparmanni, vinsælum og vel látnum.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þessara tveggja mikilhæfu manna, Erlings Friðjónssonar og Jóns Kjartanssonar, virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingheimur reis úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands úr þingsalnum.]

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (Gísli Jónsson): Alþingi hefur borizt bréf frá Emil Jónssyni:

„Með því að ég er á förum til útlanda til að taka sæti sem fulltrúi Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna og mun því ekki geta setið fyrstu vikurnar á Alþingi því, er kemur saman 10. n. m., leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður, Ragnar Guðleifsson kennari í Keflavík, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Reykjavík, 26. sept. 1962.

Emil Jónsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Hér fylgir og kjörbréf Ragnars Guðleifssonar.

Þá hefur hér einnig borizt annað bréf:

„Keflavík, 2. okt. 1962.

Vegna aðkallandi starfa heima fyrir mun ég ekki geta setið á Alþingi fram að næstu mánaðamótum. Ég vildi því mega fara þess á leit, að varamaður minn taki sæti á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Landskjörstjórn gefur út landskjörbréf til herra Sigurðar Bjarnasonar ritstjóra, sem er 1. landsk. varamaður Sjálfstfl.

Þá er hér þriðja bréf, dags. 9. okt. 1962:

„Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., er nú einn af fulltrúum Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna og getur af þeim sökum eigi gegnt þingstörfum á Alþingi næstu vikur. Í umboði hans leyfi ég mér hér með að óska þess, herra forseti, að 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., Björn Þórarinsson bóndi í Kílakoti, taki á meðan sæti hans á Alþingi, þar eð fyrsti varaþm. flokksins, Gísli Jónsson menntaskólakennari, telur sér ekki kleift að mæta nú til þings sökum annarra skyldustarfa.

Virðingarfyllst,

Magnús Jónsson.

Til forseta sameinaðs þings."

Hér liggur og fyrir skeyti:

„Sökum skyldustarfa heima fyrir get ég ekki gegnt þingstörfum í fjarveru Jónasar G. Rafnar.

Gísli Jónsson."

Og svo fylgir hér einnig með kjörbréf Björns Þórarinssonar.

Með því að þessi kjörbréf þarf öll að athuga, þar sem hér er um nýja fulltrúa að ræða, verður það að gerast af kjördeildum.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ólaf Björnsson, 11. þm. Reykv., og Skúla Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

SB, AuA, BGr, BK, BFB, EI, EystJ, GeirG, GuðlG, GJóh, HS, IngJ, JÁ, JP, KK, MJ, ÓlJ, PÞ, SÁ, SE.

2. kjördeild:

AGl, ÁB, BBen, BGuðm, EggÞ, RG, FS, GíslJ, GunnG, HÁ, HermJ, JóhH, JÞ, KGuðj, LJós, ÓB, ÓTh, RH, SÓÓ, ÞÞ.

3. kjördeild:

ÁÞ, BF, BjörnJ, BP, EðS, EOl, FRV, GíslG, GÍG, GTh, GÞG, HV, IG, JSk, BÞ, KJJ, MÁM, PS, SI, SkG.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (Auður Auðuns): Herra forseti. 1. kjördeild hefur athugað kjörbréf Björns Þórarinssonar, 2. varamanns Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Kjördeildin hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Frsm. 2. kjördeildar (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. 2. kjördeild hefur athugað kjörbréf Sigurðar Bjarnasonar ritstjóra, en hann hlaut 1. varauppbótarþingsæti Sjálfstfl. Kjördeildin mælir með því, að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

Frsm. 3. kjördeildar (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur rannsakað kjörbréf Ragnars Guðleifssonar og hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur til, að það verði tekið gilt og samþykkt.

Aldursforseti (Gísli Jónsson): Þá hafa kjördeildir skilað áliti um öll kjörbréfin og er enginn ágreiningur. Ég mun því bera upp til atkvæða kjörbréf hinna nýju þingmanna í einu, ef enginn mælir því í gegn, þar sem enginn ágreiningur er um kjörbréfin.

ATKVGR.

Till. kjördeildanna samþ. með 44 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir Björn Þórarinsson og Ragnar Guðleifsson, sem höfðu ekki áður átt sæti á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Fundi frestað.

Fimmtudaginn 11. okt., kl. 1½ miðdegis, var fundinum fram haldið.

Þeir Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf., og Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., voru nú komnir til þings og sátu fundinn.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm., með 29 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., fékk 16 atkv., Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., 10 atkv.

Gekk þá hinn kjörni forseti til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., með 32 atkv., en 26 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., með 32 atkv., en 25 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓB, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv., og
Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kosning kjörbréfanefndar.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd:

Guðlaugur Gíslason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jón Árnason (A),
Gunnar Gíslason (A),
Karl Guðjónsson (C),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Birgir Finnsson (A),
Ingvar Gíslason (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Gísli Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Birgir Kjaran (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Emil Jónsson (A).

Varamenn:

Ólafur Thors (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Gunnar Thoroddsen (A),
Einar Olgeirsson (C),
Gísli Guðmundsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.

Gísli Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Geir Gunnarsson (C),
Björn Pálsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Kjartan J. Jóhannsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Karli Kristjánssyni, 1. þm. Norðurl. e.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
7. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
8. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
11. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
12. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
13. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
14. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
19. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og sátu fundinn.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., og Pál Þorsteinsson, 5. þm. Austf.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.,

með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., fékk 6 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.,

með 11 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.,

með 11 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., og **Karl Kristjánsson,** 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Páll Þorsteinsson.
6. — — Alfreð Gíslason.
7. — — Ásgeir Bjarnason.
8. — — Björn Jónsson.
9. — — Ólafur Jóhannesson.
10. — — Friðjón Skarphéðinsson.
11. — — Sigurvin Einarsson.
12. — — Magnús Jónsson.
13. — — Auður Auðuns.
14. — — Hermann Jónasson.
15. — — Kjartan J. Jóhannsson.
16. — — Ólafur Björnsson.
17. — — Jón Þorsteinsson.
18. — — Jón Árnason.
19. — — Finnbogi R. Valdimarsson.
20. — — Eggert G. Þorsteinsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir eða þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Magnús Jónsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.

Bjartmar Guðmundsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Jón Árnason (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Sigurvin Einarsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Páll Þorsteinsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Jón Árnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.

Magnús Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Kjartan J. Jóhannsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Auður Auðuns (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason (C).

7. Menntamálanefnd.

Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C).

8. Allsherjarnefnd.

Magnús Jónsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Alfreð Gíslason (C).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Gísla Jónssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
5. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
6. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
15. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
16. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
17. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
18. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
19. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
20. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
21. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
23. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
24. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
25. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
26. Ingvar Gíslason, 4. þm. Norðurl. e.
27. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
28. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
29. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
30. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
31. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
32. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
33. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
34. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
35. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
36. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
37. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
38. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
40. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi nema Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm., Emil Jónsson, 2. þm. Reykn., og Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e. Í stað þeirra voru á fundinum:

Björn Þórarinsson, 2. (vara)þm. Norðurl. e.
Ragnar Guðleifsson, 2. (vara)þm. Reykn.
Sigurður Bjarnason, 8. landsk. (vara)þm.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., og Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.,

með 21 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., fékk 10 atkv. og Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 7 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 21 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Við kjör annars varaforseta hlaut kosningu

Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.,

með 21 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PS, á B-lista BFB. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv., og
Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

10. sæti hlaut Sigurður Ágústsson.
11. — — Eysteinn Jónsson.
12. — — Guðlaugur Gíslason.
13. — — Karl Guðjónsson.
14. — — Halldór Ásgrímsson.
15. — — Jón Skaftason.
16. — — Benedikt Gröndal.
17. — — Gunnar Gíslason.
18. — — Ingvar Gíslason.
19. — — Matthías Á. Mathiesen.
20. — — Einar Olgeirsson.
21. — — Jónas Pétursson.
22. — — Gísli Jónsson.
23. — — Skúli Guðmundsson.

24. sæti hlaut Þórarinn Þórarinsson.
25. — — Gísli Guðmundsson.
26. — — Ágúst Þorvaldsson.
27. — — Eðvarð Sigurðsson.
28. — — Hannibal Valdimarsson.
29. — — Björn Pálsson.
30. — — Gunnar Jóhannsson.
31. — — Birgir Finnsson.
32. — — Geir Gunnarsson.
33. — — Birgir Kjaran.
34. — — Sigurður Ingimundarson.
35. — — Alfreð Gíslason.
36. — — Lúðvík Jósefsson.
37. — — Ragnhildur Helgadóttir.
38. — — Jónas G. Rafnar.
39. — — Halldór E. Sigurðsson.
40. — — Einar Ingimundarson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir eða þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Birgir Kjaran (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Ágústsson (A),
Björn Pálsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Hannibal Valdimarsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías A. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Birgir Finnsson (A),
Geir Gunnarsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Birgir Finnsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C).

7. Menntamálanefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason (A),
Benedikt Gröndal (A),
Einar Olgeirsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Einar Ingimundarson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Framkvæmdalán.

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán [99. mál] (stjfrv., A. 120).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisstj. hefur unnið að undirbúningi margvíslegra framkvæmda og reynt að gera sér grein fyrir, hvernig skyldi aflað fjár til þeirra. Þar er um að ræða bæði framkvæmdir á vegum ríkisins og ríkisstofnana annars vegar og hins vegar á vegum einstaklinga eða félaga þeirra og samtaka, sem leitað hafa eftir stuðningi ríkisvaldsins. Ég skal nefna hér í stórum dráttum nokkur þessara viðfangsefna. Það er í fyrsta lagi stuðningur við útflutningsiðnaðinn og þá ekki síst síldarvinnsluna, bæði að því er snertir bræðslu, niðursuðu, niðurlagningu, reykingu síldar o. fl. Þá má nefna hafnargerðir, en brýn nauðsyn er til að gera á næstu árum stórfelld átök til að bæta hafnarskilyrðin við vegar um land. Þá má nefna raforkumálin, og er þar bæði um að ræða framkvæmd 10 ára áætlunarinnar, virkjunarrannsóknir, sem kosta mikið fé, virkjanir, sem þarf að ráðast í nú alveg á næstunni og nú jafnvel er byrjað á, eins og stækkun Írafossstöðvar, undirbúning að stórvirkjunum o. fl. Þá má nefna vegamálin, en þar þarf að gera stór átök, og þarf til þess bæði ný framlög og vafalaust einnig lánsfé. Þá má nefna lausn húsnæðismálanna. Einnig má nefna eflingu iðnaðarins, ekki síst smíði dráttarbrauta, skipasmíðastöðva o. fl. Þá má nefna eflingu fiskveiðasjóðs, eflingu iðnlánasjóðs, eflingu stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þannig mætti lengi telja, en ég skal láta þessa stóru drætti nægja að sinni.

Þegar ríkisstj. hefur reynt að gera sér grein fyrir, hversu afla skyldi fjár til þessara margvíslegu framkvæmda, sem ég nefndi í stórum dráttum, og ýmissa annarra, verða að sjálfsögðu ýmsar leiðir fyrir hendi. Í fyrsta lagi: Hvað er hægt að gera ráð fyrir miklum opinberum framlögum í þessu skyni? Í öðru lagi: Hvað má gera ráð fyrir, að bankakerfið sjálft geti veitt mikið fé til slíkra framkvæmda? Veltur það að sjálfsögðu mikið á því, að áfram haldi sú ánægjulega þróun, sem verið hefur nú um 2½ ár, með hinni miklu aukningu sparifjársöfnunar landsmanna. Í þriðja lagi koma svo lánsmöguleikar ýmissa sjóða, eins og t. d. atvinnuleysistryggingasjóðs, sem er orðinn mjög öflugur, og tryggingafélaganna. Og loks koma til greina erlend lán.

Við höfum um margra ára skeið fengið töluvert fé af hinu bandaríska vörukaupaláni, sem venjulega er kennt við PL-480. En það var ljóst, að til þess að gera þau átök, sem nauðsynleg eru á næstunni um ýmsar verklegar framkvæmdir til þjóðarheilla, verður að taka erlend lán og það jafnvel stór erlend lán. Ríkisstj. ákvað því að kanna ýmsa möguleika á erlendum lántökum, og Seðlabankinn hefur kannað þessa möguleika fyrir ríkisstj. fyrst og fremst, og hefur dr. Jóhannes Nordal bankastjóri unnið að þeim athugunum erlendis, sem koma svo fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Þessum athugunum og samningaumleitunum er nú svo langt komið, að ríkisstj. telur nauðsynlegt að fá heimildarlög til að ljúka þeim samningum. Það, sem hér er um að ræða, er að taka lán í Englandi allt að 2 millj. sterlingspunda, en það verður í íslenzkum krónum um það bil 240 millj. kr. Þetta lán mundi geta orðið til langs tíma. Lánstíminn mundi verða 25—26 ár. Lánið yrði afborgunarlaust fyrstu 5½ ár, þannig að fyrsta afborgun mundi fara fram á miðju ári 1968, en síðasta afborgun í árslok 1988. Það er mjög mikils virði að fá lán til svo langs tíma. Í því sambandi má geta þess, að Alþjóðabankinn, sem veitir mjög hagkvæm lán, veitir að jafnaði ekki lengri lán en til 20 ára, og það lán, sem íslenzka ríkið tók nú fyrir skömmu vegna hitaveitufram-kvæmda í Rvík, var til 18 ára. En það er ekki sízt þýðingarmikið að fá lán til svo langs tíma sem hér ræðir um og hafa það afborgunarlaust fyrstu 5½ ár, þegar þess er gætt, hve skuldagreiðslubyrðin út á við vegna lána og skulda til skamms tíma er þung nú í ár og

á næstu árum. Vextir af þessu láni má búast við að verði 6½%.

Til þess að ganga frá þessari lántöku, sem eru góðar horfur á að takist, þarf að fá heimild, sem greinir í þessu lagafrv. Og eftir þeirri tímaáætlun, er gerð hefur verið um þetta mál, er nauðsynlegt, að hv. Alþingi hafi afgreitt frá sér þetta frv. föstudaginn 23. nóv., eða eftir rétta viku, og vil ég því mælast til þess við hv. n., sem fær málið til meðferðar, og hæstv. forseta og aðra þdm., að þeir greiði fyrir því, að málið geti gengið rösklega í gegnum þessa hv. deild.

Íslenzka ríkið hefur tekið mörg lán á undanförnum árum, en mörg þeirra lána hafa fengizt fyrir atbeina og fyrirgreiðslu annarra ríkisstjórna, en ekki á almennum lána- eða viðskiptagrundvelli. Um þetta lán, sem hér um ræðir, er á annan veg farið, og það er vafalaust mjög mikilvægt, að nú eru horfur á því, að Íslandi takist að komast inn á einn af helztu peningamörkuðum heimsins á hreinum viðskiptagrundvelli.

Í 2. gr. þessa frv. segir, að lánsfé því, sem um ræðir í 1. gr., skuli varið til framkvæmda á vegum ríkisins, sem eru mikilvægar fyrir þjóðarhag, eða endurlánað öðrum aðilum í sama skyni gegn fullnægjandi tryggingu. Þá segir í 2. málsgr., að ríkisstj. skuli ákveða skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda, skuli um skiptinguna farið eftir mikilvægi framkvæmdanna og þeim möguleikum öðrum til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru. Varðandi aðra möguleika vil ég vísa til þess, sem ég sagði hér fyrr í ræðu minni. Það væri ekki óeðlilegt, að fram kæmu óskir um það á Alþingi, að í þessu frv. eða væntanlegum lögum yrði ákveðið nákvæmlega, hver upphæð skyldi ganga til hverrar einstakrar framkvæmdar. En eins og sagt er í greininni, eru ekki möguleikar á því að framkvæma nú þegar endanlega skiptingu lánsfjárins. Veldur því m. a., að ekki er enn kannað til hlítar það, sem ég gat um hér áður, hversu mikils megi afla af innlendu fé, ýmist frá bankakerfinu, atvinnuleysistryggingasjóði og tryggingafélögum eða öðrum aðilum, sem til greina koma, né heldur um einstakar framkvæmdir, hvort eigi að afla til þeirra erlends fjár að öllu leyti eða innlends fjár að öllu leyti eða hafa hvort tveggja saman. Þetta þarf að kanna nokkru nánar, áður en með lögum er ákveðið um skiptingu milli einstakra framkvæmda.

Í niðurlagi 2. gr. er svo almenn stefnuyfirlýsing um það, að fénu skuli varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, til raforkuframkvæmda og til annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.

Ég vænti þess, að mál þetta fái góðar undirtektir Alþingis, og legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það getur að sjálfsögðu verið réttmætt og eðlilegt að taka erlend lán til framkvæmda. Nú er hér á landi mikil þörf á framkvæmdum. Þeim framkvæmdum verður sjálfsagt eigi komið af stað nema með lánsfé. Framsfl. hefur einmitt oft að undanförnu bent á þá leið, að lánsfjár væri aflað til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda. Og það hefur af hálfu framsóknarmanna einnig komið fram, að það mundi vera nauðsynlegt og réttmætt að afla erlends lánsfjár til ýmissa þeirra framkvæmda, sem óskir eru um og nauðsynlegar eru. Þess vegna er það, að framsóknarmenn munu fylgja því, að heimild sé veitt til lántöku.

En að sjálfsögðu skiptir miklu máli, þegar lán er tekið, til hvers því á að verja. Ég hygg, að það hafi verið langoftast svo, að þegar lánsheimildir hafa verið veittar í lögum, hafi verið tekið fram alveg sérstaklega í þeim lögum, til hvaða framkvæmda þess lánsfjár væri aflað. Ég vil ekki fullyrða, að það hafi verið svo ætíð, en þó er mér nær að halda, að svo hafi verið. En hitt er víst, að það hefur langoftast verið svo. Og það er auðvitað eðlilegt, að sá háttur sé á hafður. Það er eðlilegt, að Alþingi, áður en það veitir slíkar lánsheimildir, geri sér grein fyrir því, til hvers á að nota fé, og meti eftir því, hver nauðsyn er til lántökunnar. Ef Alþingi ekki hefur hönd í bagga um þetta atriði, fylgist það vissulega ekki svo með fjárstjórn ríkisins sem því ber að gera.

Ég tel þess vegna, að það hefði verið langsamlega eðlilegast, að það hefði verið tekið fram í þessu lagafrv., til hverra framkvæmda þessu lánsfé ætti að verja. Hér er ekki um neitt lítilræði að tefla, þar sem um er að ræða 240 millj. kr., og það skiptir vissulega æðimiklu máli, hvernig á ráðstöfun þess fjár er haldið, þannig að það þarf a. m. k. engum á óvart að koma, þó að við stjórnarandstæðingar séum ekki alveg reiðubúnir til að fela ríkisstj. án afskipta Alþingis að ráðstafa þessu mikla lánsfé, enda kom það fram hjá hæstv. fjmrh., að honum fyndust óskir í þá átt, að Alþingi hefði afskipti af þessu og að það væri ákveðið í þessum lögum, hvernig fénu skyldi ráðstafað, ekki óeðlilegar. Hins vegar taldi hæstv. fjmrh., að því yrði nú ekki við komið, þar sem afgreiða þyrfti þessa lántökuheimild á svo skömmum tíma.

Það er að sjálfsögðu rétt, að það er erfitt að koma því við á vikutíma að setja alveg ákveðnar reglur um það inn í þetta lagafrv., hvernig þessu fé skuli ráðstafað. Hér er um margar framkvæmdir að ræða, og það getur vissulega verið mikið vandamál að meta fjárþörf þeirra hverrar og einnar og ákvarða, hvað eigi að ganga fyrir og hvað eigi að mæta afgangi, auk þess sem það er að sjálfsögðu rétt, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að áður en slík skipting er ákveðin, getur verið nauðsynlegt að vita skil á því, hve mikils fjár er hægt að afla í þessu skyni hér innanlands, annaðhvort með lántökum eða öðrum fjárframlögum. Þess vegna má út af fyrir sig á það fallast, að það muni vera erfitt að koma því við að setja ákvæði um skiptingu fjárins inn í þetta frv. Hins vegar tel ég langeðlilegast, að

það sé tekið fram í þessu frv., að ákvörðun sé tekin um lánveitingar með einstökum lögum síðar, þegar málið hefur allt verið betur athugað og undirbúið. Gegn þeirri meðferð mæla ekki á neinn hátt þær ástæður, sem hæstv. fjmrh. hreyfði hér gegn því, að slík ákvæði væru tekin upp í þetta frv. Þetta sýnist mér sá sjálfsagði og eðlilegi háttur, að í stað þess, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. ákveði skiptingu lánsfjárins, þá verði þessu ákvæði breytt á þá lund, að skipting lánsfjárins verði síðar ákveðin í lögum.

Það er að vísu nefnt þarna í frv., svo sem og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í sinni ræðu, að fénu skuli einkum varið til að efla útflutningsiðnað og til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, er stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun. En þessi ábending er ákaflega óákveðin og teygjanleg, þannig að hún setur í raun og veru ákaflega litlar eða jafnvel engar skorður við því, hvernig þessu fé skuli ráðstafað. Og ríkisstj. er að öðru leyti ekki í þessu frv. gefin önnur leiðbeining en sú eða ekki gefin önnur fyrirmæli heldur en þau, að það skuli um skiptinguna farið eftir mikilvægi framkvæmdanna og þeim möguleikum öðrum til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru. En þessi fyrirmæli eru líka ákaflega óákveðin og teygjanleg, þannig að ég fæ ekki betur séð en hæstv. ríkisstj. mundi hafa það algerlega í sinni hendi eftir þessu frv., hvernig hún skiptir þessu lánsfé og ráðstafar því. Það verð ég fyrir mitt leyti að telja mjög óeðlilegt.

Það var um skeið talað mikið um framkvæmdaáætlun, sem hæstv. ríkisstj. hygðist beita sér fyrir. Um þessa framkvæmdaáætlun hefur verið tiltölulega hljótt að undanförnu. En ég dreg þar fyrir ekkert í efa, að að henni hafi verið unnið. En ég verð að segja, að það væri eðlilegt, að þessi framkvæmdaáætlun væri einmitt komin fram, áður en Alþingi tæki með lögum ákvörðun um skiptingu þessa fjár.

Ef svo færi mót von minni, að hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar vildu ekki fallast á þá eðlilegu leið, sem hér hefur verið bent á, að það væri ákveðið í þessu frv., að lánsfénu skyldi skipt með lögum, vil ég benda á aðra leið, sem frá mínu sjónarmiði er ólíkt eðlilegri og ólíkt venjulegri, að ég hygg, heldur en sú, sem kveðið er á um í þessu frv. En það er sú leið, að þingkjörin nefnd hefði með höndum skiptingu þessa lánsfjár. Hér er, eins og ég hef áður sagt, um svo stóra upphæð að ræða, að það verður að mínum dómi að teljast alls kostar óeðlilegt að fela ríkisstj. í raun og veru sjálfdæmi um það, hvernig hún skiptir þessu fé á milli framkvæmda, á milli landshluta og á milli framkvæmda ríkisins sjálfs og framkvæmda einstakra fyrirtækja, en öll þessi atriði hefur ríkisstj. eftir frv. algerlega í sinni hendi. Og þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf í sinni framsöguræðu um fyrirhugaðar ráðstafanir á þessu fé, voru einnig svo óákveðnar, að þær gáfu í raun og veru ekki miklu nákvæmari bendingu um það en frv. sjálft, til hvers þessu lánsfé mundi verða varið, ef ríkisstj. fengi skiptingu þess í sínar hendur.

Eins og ég áðan sagði, get ég skilið það, að það sé vissum vandkvæðum bundið nú að taka um þetta endanlegar ákvarðanir, þar sem svo mjög liggur á að fá lántökuheimildina, og eins vegna hins, að hin fyrirhugaða framkvæmdaáætlun virðist ekki tilbúin. En hitt er vissulega auðvelt fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún vill sýna sanngirni og réttsýni í þessu máli, að fallast á, að ráðstöfun lánsfjárins verði skotið á frest og hún síðar ákveðin með lögum, svo sem við teljum að eðlilegt væri í alla staði.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég get aðeins endurtekið það og lagt á það áherzlu, sem ég sagði í upphafi, að við framsóknarmenn erum og höfum verið því fylgjandi, að lánsfjár sé aflað með lántöku erlendis til ýmissa framkvæmda hér á landi, eins og sakir standa nú og allt hefur verið hér í pottinn búið. Ég get líka sagt, að það er í sjálfu sér ánægjulegt, að þess skuli vera kostur að fá lán til svo langs tíma sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar má sjálfsagt segja, að þessir vextir séu nokkuð háir, sem þarna eru ráðgerðir, en um það atriði skal ég ekki ræða hér frekar. Málið verður að sjálfsögðu athugað nánar í nefnd.

Ég vil segja það, að við framsóknarmenn munum vilja vinna að því að greiða götu málsins í gegnum þingið með hæfilegum hraða, þannig að það ætti ekki að þurfa að standa á því, að málið verði afgreitt með þeim hætti, sem hæstv. fjmrh. gat um. En jafnframt verðum við þó að sjálfsögðu að gera þá kröfu, að þeim nefndum, sem fá málið til meðferðar, og þá ekki sízt þeirri nefnd, sem nú fær það fyrst til athugunar, gefist nægilegt ráðrúm til að athuga málið. Og á því sýnast mér engin vandkvæði. Það sýnist mér alveg sérstaklega nauðsynlegt vegna þess, að málið er hér lagt fram nú og útbýtt án þess að þm. almennt hafi átt þess kost áður að kynna sér það, áður en það var tekið hér til umr. En ég vil leyfa mér að vænta þess, að nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, taki alveg sérstaklega til athugunar þær ábendingar og þær tillögur, sem ég hef hér hreyft varðandi ráðstöfun og skiptingu á þessu lánsfé. Það hljóta allir að skilja og hver maður hlýtur að gera sér ljóst, að það er ekki eðlilegt, að um ráðstöfun jafnmikils fjár og hér er um að ræða sé ríkisstjórn í sjálfsvald sett.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Mér virðist um þetta frv., lántökuheimild fyrir ríkissjóð, að í því sé ýmislegt fremur óvanalegt, miðað við fyrri lántökuheimildir, einkum hin síðari ár.

Hér er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að taka lán að verulegri upphæð, 240 millj. kr., á brezkum lánamarkaði. Það hefur ekki verið gert mikið

að því hin síðari ár, heldur hefur verið haldið sig við ameríska lánamarkað eða þá Alþjóðabankann.

Hér er í öðru lagi gert ráð fyrir, að Seðlabankinn, samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh., hafi lántökuna með höndum, skildist mér, fyrir hönd ríkissjóðs. Það er líka heldur óvenjulegt hin síðari ár. Hvers vegna á ekki Framkvæmdabankinn að standa í þessu fyrir hönd ríkissjóðs, eins og til var ætlazt með stofnun hans og lögum um hann? Hvers vegna á hann nú ekki að koma nálægt lántöku fyrir hönd ríkissjóðs, sem er ætlað það hlutverk í lögum?

En fyrst og fremst er það athugavert frá mínu sjónarmiði við þetta frv., eins og hæstv. fjmrh. leggur það fyrir, að báðum deildum Alþingis er ekki ætluð nema ein vika til þess að afgreiða þetta mál, frv., sem gefur ríkisstj. óbundnar hendur með öllu til þess að ráðstafa þessu lánsfé, 240 millj. kr. Hvernig stendur á þessu, að það verður að vera svo stuttur frestur fyrir Alþingi til þess að afgreiða þessi heimildarlög? Ég gat ekki heyrt, að hæstv. ráðh. skýrði það. Er hætta á, að þetta lánsfé gangi ríkissjóði úr greipum, ef ekki verður gengið frá lánsfjársamningi á ákveðnum degi, sem þá er fyrir fram ákveðinn? Er þegar búið að semja um þetta lán, að frá því verði gengið á ákveðnum degi, áður en leitað er lánsheimildar Alþingis? Þetta er sérstaklega óviðkunnanlegt í mínum augum, vegna þess að samkv. skýringum hæstv. fjmrh. á meginhluti þessa lánsfjár að ganga til framkvæmda, sem Alþingi hefur með að gera að meira og minna leyti, ákveður framlög til á fjárlögum, svo sem hafnargerða, raforkumála, vegamála, lausnar húsnæðismála o. s. frv. Flestallar þær framkvæmdir, sem hæstv. fjmrh. drap á, eru fyrst og fremst undir ráðstöfunarvaldi Alþingis, og það er Alþingi, sem ber að ákveða ekki aðeins framlög úr ríkissjóði til þeirra, heldur hve mikil áherzla er lögð á framkvæmd þeirra á kostnað þjóðarinnar, þ. á m. með lántökum. Ég verð þess vegna að taka mjög eindregið undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., að þetta frv. verði ekki afgreitt í þeirri mynd, sem það nú er, heldur verði annað tveggja bætt inn í það ákvæði um, að Alþingi skipti þessu fé síðar með lögum, eða þá, sem líka hefur verið viðhaft um meiri háttar lántökur, sem einmitt hafa farið til opinberra framkvæmda, að Alþingi setji e. t. v. óformlega nefnd til þess að vinna að skiptingu fjárins með ríkisstj.

Ég verð að segja, að mér finnst það óviðkunnanlegt að bera fram frv. eins og þetta, bæði með þeim skýringum, að Alþingi verði að afgreiða það á örfáum dögum, og í öðru lagi og alveg sérstaklega að gera ráð fyrir því, að Alþingi hafi alls engin afskipti af skiptingu þessa fjár eða ráðstöfun til hinna ýmsu framkvæmda í landinu, sem hæstv. fjmrh. taldi upp. Í frv. er ekki heldur gert ráð fyrir því, hvaða aðilar endurláni þetta fé eða hluta af því fyrir hönd ríkissjóðs. E. t. v. á það að verða Seðlabankinn, eins og hann hefur haft milligöngu um töku lánsins. Það væri gaman að heyra, hvort Framkvæmdabankinn er nú alveg strikaður út úr bókum hæstv. ríkisstj.

Ég vil að síðustu taka fram, að ég álít þau tvö atriði, sem ég hef þegar lagt áherzlu á, höfuðatriðin í þessu máli, að Alþingi fái hæfilegan frest til þess að vinna að þessu máli og það verði ekki afgreitt svo, að ríkisstj. verði gefið einræðisvald um skiptingu þess fjár, sem gert er ráð fyrir með þessu frv. að taka að láni fyrir hönd þjóðarinnar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál. Eins og ég impraði á í framsöguræðu minni, taldi ég ekki óeðlilegt, að óskir kæmu fram um það hjá þm., að sett yrðu nákvæmari ákvæði inn í frv. um ráðstöfun þessa fjár. Ég gerði grein fyrir því, hverjir örðugleikar hefðu verið þar á vegi, en hins vegar aðkallandi að fá frv. samþykkt. Ég vil taka það fram, að ég er reiðubúinn til að athuga það í samráði við þá nefnd, sem fær málið til meðferðar, að hve miklu leyti er hægt að ganga til móts við óskir hv. þm. í þessu efni.

Varðandi aths., sem fram hafa komið, vildi ég aðeins rekja þær.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist á framkvæmdaáætlunina, lítið hefði verið á hana minnzt nú að undanförnu. Um framkvæmdaáætlunina er það að segja, að Efnahagsstofnunin nýja vinnur að henni, og er þegar búið að leggja í hana mikla vinnu. Eins og kunnugt er, voru fengnir bæði innlendir og erlendir sérfræðingar til þess að undirbúa hana, og var að því unnið á árunum 1961—1962. Síðan vinnur Efnahagsstofnunin nýja að framkvæmdaáætluninni, og það verk liggur engan veginn niðri, heldur er það í fullum gangi.

Þá var því haldið fram, að þegar lántökuheimildir hefðu verið samþykktar á Alþingi, mundi oftast eða jafnvel ætíð hafa verið ákveðið í lögum, til hverra framkvæmda lánin skyldu ganga og hve há upphæð til hvers. Þetta hefur verið sitt á hvað í meðförum Alþingis, og ýmsar lántökuheimildir hafa verið samþykktar án þess, að nokkur ákvæði væru um það, til hvers skyldi nota fé. Ef við tökum t. d. vörukaupalánin bandarísku, sem hafa numið allmiklu fé samtals, frá því að þau hófust, svo að skiptir hundruðum milljóna væntanlega frá byrjun, þá mun í heimildum til þeirrar lántöku ekki hafa verið neitt um það greint, til hvers ætti að nota þá peninga, heldur lagt á vald ríkisstj. algerlega. Varðandi 6 millj. dollara lán frá bandarísku stofnuninni ICA, sem samþ. var í 22. gr. fjárl. fyrir árið 1959, þá var að vísu tekið fram í nokkrum liðum, hvernig ætti að verja 98 millj. þess láns. Þó var það í almennum orðum þannig, að það var tekið fram, að til hafnargerða skyldi varið þessari og þessari upphæð, hins vegar ekki sundurliðað til hverra hafna eða hvað hver hafnargerð skyldi fá mikið o. s. frv. Þetta ákvæði um ráðstöfun á þessu ICA-láni var sett af sérstöku tilefni, vegna þess að þá sat

hér minnihlutastjórn Alþfl. að völdum, og var talið rétt vegna þess, að Alþingi ákvæði sjálft um skiptingu fjárins. Þó var því láni ekki af hálfu Alþingis ráðstafað nema að hálfu leyti, því að samtals mun það lán hafa numið í íslenzkum krónum nær 200 millj. kr., og það voru sem sagt aðeins 98 millj., sem Alþingi ráðstafaði sjálft þannig í stórum dráttum, en ekki i einstökum atriðum, en að öðru leyti ráðstafaði ríkisstj. láninu. Hitt er svo hárrétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að oftlega hefur verið ákveðið í lögum um lántökuheimildir, til hvers skyldi nota fé. En því fer fjarri, að það hafi verið almenn regla eða undantekningalaus.

Hv. þm. minntist á, að vextir væru nokkuð háir af þessu láni, þar sem ég gerði ráð fyrir, að vextirnir mundu verða 6½%. Ég geri ráð fyrir, að eftir því sem almennt er og algengast nú á hinum brezka lánamarkaði, muni þetta þykja nokkuð venjulegir og viðunandi vextir.

Hv. 5. þm. Reykn. hafði nokkrar aths. að gera við frv., og var sú fyrst, að hér bæri nýtt við, þar sem farið væri inn á brezkan lánamarkað, í stað þess að Ísland hefði haldið sig að hinum bandarísku lánamarkaði, og virtist mér liggja nærri, að hv. þm. fyrtist við að menn ríghaldi sér ekki í Ameríku og geti hugsað sér lántöku annars staðar, og vil ég segja, að þá ber nokkuð nýtt við frá þeim hv. þm. Ég tel þvert á móti, að það sé æskilegt að reyna að opna í fleiri löndum möguleika fyrir lántökur Íslendinga.

Þá þótti honum kynlega við bregða, að Seðlabankinn hefði haft milligöngu um þetta mál, en ekki Framkvæmdabankinn. Því er til að svara, að í lögum um Seðlabanka Íslands frá s. l. ári, 1961, segir svo í 20. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn skal vera ríkisstj. til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þ. á m. erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið."

Hér er sem sagt ákveðið í lögum um Seðlabankann, að hann skal vera ríkisstj. til ráðuneytis um erlendar lántökur, og er því ekki óeðlilegt, að ríkisstj. leitaði til hans um þetta mál.

Þá þótti hv. þm. það undarlegt, hversu skammur tími Alþingi væri ætlaður til meðferðar þessa máls, og spurði, hvort væri búið þegar að semja um þetta mál, áður en til Alþingis væri leitað. Því er til að svara, að svo er að sjálfsögðu ekki, enda hefur ríkisstj. ekki heimild til þess. En í þessum orðum hv. þm. virðist kenna nokkurs ókunnugleika á því, hver eru eðlileg og óhjákvæmileg vinnubrögð í slíkum efnum. Þegar ríkisstj. hefur hug á því að útvega erlent lán til framkvæmda, eru að sjálfsögðu ekki rétt þau vinnubrögð að fara fyrst til Alþingis og fá heimild til þess að taka lán, áður en nokkuð er búið að kanna, hvort eða hvar sé hægt að útvega slík lán. Vitanlega verður fyrsta sporið að verða það, að ríkisstj. — og þá eins og í þessu tilfelli með atbeina Seðlabankans — kannar, hvort möguleikar séu á slíkum lántökum. Þegar þeim umleitunum er svo langt komið, að það er sýnt, að hægt er að fá slíkt lán, þó er næsta sporið að sjálfsögðu að skýra Alþingi frá því og leggja fyrir það frv. um heimild til slíkrar lántöku. Ég sé ekki, að neitt sé við þessi vinnubrögð að athuga, heldur séu þau hin einu vinnubrögð, sem hægt er að viðhafa í slíkum málum. Ástæðan til þess, að svo stuttur frestur er í þessu efni, ein vika, eins og ég gat um, er sú, að ætlunin er að bjóða þetta lán út í næsta mánuði eða í desembermánuði. Til þess að sú tímaáætlun, sem gerð hefur verið í þessu efni, geti staðizt, þarf Alþingi að hafa afgreitt heimildarlögin 23. nóv. í síðasta lagi. Ef það tækist ekki, mundi það þýða, að þessi lánsútboð yrðu að frestast fram á næsta ár. Að athuguðu máli höfum við talið réttara að fara í þessa lántöku nú þegar. Við vitum, að mikil breyting er oft og tíðum á lánamarkaði, ekki aðeins varðandi vexti og lánstíma, heldur yfirleitt möguleikana á því að fá lán. Það þarf að sjálfsögðu ekki marga atburði eins og þá, sem gerðust hér nýlega í sambandi við deilurnar um Kúbu, til þess að kippa grundvelli undan slíkum möguleikum. Ríkisstj. telur, án þess að hún sé á nokkurn hátt að spá nokkrum erfiðleikum og átökum á næstunni, og vonar í lengstu lög, að til engra slíkra alvarlegra hluta komi, þá telur hún að athuguðu máli rétt að nota þá möguleika, sem nú eru fyrir hendi, og fá heimild Alþingis til að taka þetta lán og bjóða það út í desembermánuði. Sú er ástæðan til þess hraða, sem hér er á hafður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 125, 126 og 129, 128).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir, til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið fjölrituðum, bera með sér, hefur n. ekki getað náð fullkomlega samstöðu um afgreiðslu þess.

Það kom fram við 1. umr. málsins, að hv. stjórnarandstæðingar töldu sig ekki geta fallizt á frv. í þeirri mynd, sem það var lagt fram, þar eð ekki væru ákvæði í frv. um, að Alþingi hefði hönd í bagga um úthlutun lánsfjárins. Brtt. þær, er meiri hl. n. flytur, eru fluttar í þeim tilgangi að koma til móts við sjónarmið hv. stjórnarandstæðinga í þessu efni. Ekki hefur þó tekizt að ná í því efni fullu samkomulagi í n., þar eð fulltrúar hv. stjórnarandstöðuflokka í n. óska þess, að áhrif Alþingis á skiptingu lánsfjárins verði í nokkuð

öðru formi en gert er ráð fyrir í brtt. þeim, sem meiri hl. flytur. Ég vænti þess þó, að brtt. okkar séu það spor í áttina til að brúa það bil, sem á milli er í þessu efni, að meiri háttar deilur um málið megi forðast við þær umr., sem eftir eru hér í hv. d. Um sjálfa lántökuheimildina skilst mér hins vegar að ekki sé ágreiningur.

Við Íslendingar höfum slíka þörf fyrir auknar framkvæmdir, að við getum ekki án þess verið að taka erlend lán til þeirra, ef fáanleg eru með sæmilegum kjörum. Að vísu er erlend skuldabyrði þjóðarinnar þegar orðin svo þung, að varúðar ber að gæta við töku nýrra lána, og mikils um vert, að lánum, sem tekin eru, sé eingöngu ráðstafað til framkvæmda, er hafi þá framleiðsluaukningu í för með sér, að líkur séu á því, að lánin geti gjaldeyrislega séð staðið undir sér. Varðandi skuldir Íslendinga við útlönd má upplýsa það, að þær námu í árslok 1961 2856 millj. kr. og höfðu lækkað um u. þ. b. 16 millj. frá því í árslok 1960, þannig að að því leyti virðast skuldirnar hafa náð hámarki í bili a. m. k. Hvað snertir greiðslubyrðina, þá er gert ráð fyrir, að hún verði á árinu 1962 553 millj. kr. Það mun vera milli 15 og 20% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar, þannig að hér er um allháa tölu að ræða, en þó má þess geta, að á næstu árum er gert ráð fyrir, að greiðslubyrðin fari minnkandi og verði árið 1970 komin niður í 180 millj. kr. En hvað sem öðru líður, er greiðslubyrðin það mikil, að ekki er rétt, að lán séu tekin til annarra framkvæmda en þeirra, sem gjaldeyrislega séð er von til að geti staðið undir sér. En ég lít svo á, að þær framkvæmdir, sem frv. gerir ráð fyrir að lánsfénu sé ráðstafað til og nefndar eru í frv., fullnægi áðurnefndu skilyrði.

Ég ætla svo, að það sé ekki ástæða til að orðlengja frekar um málið að svo stöddu, en tel þó að lokum rétt að benda á, að þó að okkur sé notkun erlends lánsfjár nauðsynleg, fáist það með viðunandi kjörum, má ekki missa sjónar á því, að framkvæmdir og framfarir hér á landi hljóta fyrst og fremst að verða háðar nægilegri innlendri fjármagnsmyndun. Erlent lánsfé hefur aldrei numið nema litlum hluta þeirrar fjárfestingar, sem í hefur verið ráðizt, þannig að meginundirstaða framkvæmdanna hlýtur alltaf að verða innlent lánsfé og það, hve miklar framkvæmdir er hægt að ráðast í, því undir því komið, að innlendri sparifjármyndun séu sköpuð sem hagstæðust skilyrði.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég er samþykkur lántökunni, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Ég tel, að Íslendingar komist ekki hjá því að taka erlend lán og hingað til hafi þeir aldrei haft óhag af slíku. Þær upplýsingar, sem hv. frsm. meiri hl. gaf um samanburð á erlendum skuldum ríkisins eða landsins réttara sagt í árslok 1960 og nú, þann samanburð skal ég ekki ræða, en mér leikur forvitni á að vita, hvort í honum koma fram þau frjálsu verzlunarlán einstaklinga og fyrirtækja, sem nú hafa komið til sögunnar.

En þótt ég sé samþykkur því að veita hæstv. ríkisstj. heimild til að taka það framkvæmdalán, sem hér um ræðir, er ég því algerlega ósamþykkur að veita henni það einræðisvald til skiptingar á því lánsfé, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Ég tel, að þjóðinni sé ekki hollt að gefa neinni ríkisstj. slíkt vald og naumast hollt heldur fyrir ríkisstj. að sækjast eftir því að fara með slíkt vald. Ég get ekki heldur fallizt á það, að nægilegt sé að ákveða, að ríkisstj. hafi samráð við fjvn. Alþ. um skiptingu fjárins. Og ég sé ekki, að neinn nauður reki til þess að afgreiða málið svo losaralega. Það hefur verið venja, að lánsfé, sem ríkið tekur, hefur verið ráðstafað með lögum, og ég tel alls ekki ráðlegt að víkja frá þeirri venju. Sízt tel ég það ráðlegt, þegar um jafnháa lántöku er að ræða, 240 millj. kr., því að sú upphæð er stór fjárhæð á okkar mælikvarða. Lítum t. d. á fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir þessu þingi fyrir árið 1963. Þá blasir við, að þessi upphæð, 240 millj., er meira en tíundi hlutinn af heildarupphæð fjárlagafrv. Og þessi upphæð, 240 millj., er álíka há og ætlað er að aðalupphæð, sem veita á samtals samkv. frv. til raforkumála, vegamála, samgöngumála, vitamála, hafnargerða, flugmála og sjávarútvegsmála. Ég nefni þetta til dæmis um, hve mál þetta er stórt í sniðum í hlutfalli við okkar aðstæður. Og af því má líka sjá, hve sjálfsagt og eðlilegt það er, að Alþingi sjálft deili þessu fé.

Ég er alveg samþykkur þeim anda, sem kemur fram í síðustu mgr. 2. gr. frv., þar sem segir: „Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.“ En á þessum sviðum, sem þarna eru nefnd, kallar margt að. Þörfin er mikil fyrir framkvæmdalán. Það má meira að segja réttilega tala um lánsfjárhungur. Það er vandi að skipta réttilega þessu fé milli atvinnugreina og framkvæmdafyrirtækja, því að sem betur fer eru margþættir möguleikar okkar Íslendinga í atvinnumálum, og þess vegna er það, að þó að upphæðin sé há, er alls ekki með því fullnægt þörfinni, og þarf vitanlega mjög að gera upp á milli atvinnugreina og fyrirtækja.

Það er því eðlilegt, þegar Alþingi framkvæmir þessa skiptingu, þá sé það gert fyrir opnum tjöldum og þannig, að allir þm. hafi þar jafnan rétt til að gera sínar till. Fjvn. er vitanlega ágæt nefnd og valdamikil á Alþingi. En samt er hún samkv. þingreglum aðeins ráðgefandi. Henni er ekki ætlað að vera annað en ráðgefandi fyrir Alþingi. Henni er ekki ætlað að vera löggefandi líka, og þó að ég sé meðal þeirra manna, sem telja, að Alþingi sé óþarflega fjölmennt orðið, er ég ekki

þeirrar skoðunar, að þetta fjölmenni eigi að gefa fjvn. umboð til að fara með úrslit um löggjafarefni.

Ég skal ekkert á það deila, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki á reiðum höndum till. um þessa skiptingu nú. Raunar er hæstv. ríkisstj. búin að láta í það skína með nokkrum drýgindum alllengi, að hún hafi í smíðum framkvæmdaáætlun og við þær smíðar mjög færa menn, bæði erlenda og innlenda. Og þess vegna mætti segja, að það hefði ekki verið furðulegt, þótt lántökufrv. þessu hefði fylgt a. m. k. brot úr slíkri áætlun til þess að sýna, hvað fyrir vakir, greinilegar en fram kemur í frv. En sleppum því. Ég deili ekkert á ríkisstj. fyrir að hafa ekki til þessar skiptingartill. nú, þegar hún leggur frv. fram. En að sjálfsögðu höfum við stjórnarandstæðingar, sem vissum ekki um lántökuhugmyndina, fyrr en frv. var lagt fram, enn þá minni skilyrði til að hafa nú á hraðbergi skiptingartillögur. En þetta á ekki að þurfa að koma að neinni sök. Ég efast ekki um, að það sé rétt, sem hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir hér á þinginu, að frv. þessu liggi á, og ég vil alls ekki verða til þess að tefja för þess. Skiptingu lánsfjárins má gera með lagasetningu seinna á þessu þingi. Og þess vegna flyt ég till. á sérstöku þskj., sem felur það í sér, að sett verði síðar sérstök lög um skiptingu lánsfjárins, og af því að ég vil styðja að því, að mál þetta geti gengið greiðlega, vil ég óska þess, að þessi till. verði samþ., og ekki hafa þessi orð fleiri.

Frsm. 2. minni hl. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til 1. umr. hér í hv. d. skyndilega og heldur óvænt, leyfði ég mér að benda á nokkur atriði, sem mér virtust nokkuð óvanaleg í sambandi við flutning slíkrar lántökuheimildar, miðað við það, sem gerzt hefur og venjulegt hefur verið á undanförnum árum.

Ég benti á í fyrsta lagi, að það væri heldur nýtt að sjá, að nú væri gert ráð fyrir að bera niður á brezkum lánamarkaði, en mörg undanfarin ár hafa Íslendingar haldið sig mjög við lántökur á amerískum lánamarkaði. Hæstv. fjmrh. vildi leggja þann skilning í orð mín, að ég væri að gagnrýna þetta, að nú væri breytt um í þessu efni. Það var engan veginn tilgangur minn. Ég hef alltaf álitið, að það væri mjög óheppilegt og óviturlegt að einskorða lántökur Íslendinga við einn lánamarkað eða lántökur hjá einni þjóð, og álít, að allt of mikið hafi verið gert að því áratugum saman. Hér áður fyrr, frá því að íslenzka ríkið fór fyrst að taka erlend lán, var engu líkara en það væru óskrifuð lög, að það mætti ekki bera niður eða reyna fyrir sér um lánsmöguleika nema á einum lánamarkaði, brezka lánamarkaðinum, og það meira að segja hjá einum banka þar, sama banka og nú er gert ráð fyrir með þessu frv. að hafi milligöngu um þessa lántöku. Ég álít það, eins og ég áðan sagði, mjög óheppilegt og hafa haft mjög óheppilegar afleiðingar fyrir íslenzk fjármál, að íslenzkar lántökur voru svo mjög áratugum saman rígskorðaðar við þennan eina banka, þó að vitað væri, að lántökumöguleikar fyrir Íslendinga gætu verið til annars staðar, t. d. á skandinavískum lánamarkaði. En það mátti ekki þá heyra á það minnzt, að leitað væri fyrir sér um lántöku annars staðar en hjá þessum eina banka, Hambrosbanka í London.

Ég drap í öðru lagi á það, að með þessu frv. og í þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. fylgdi því með úr hlaði, væri á engan hátt gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn kæmi á nokkurn hátt við sögu þessarar lántöku, hvorki hefði hann milligöngu um hana erlendis, eins og lengi hefur verið venja, né væri gert ráð fyrir því, að honum væri ætlað það hlutverk að endurlána þetta fé til framkvæmda, en það hlutverk hefur hann haft með höndum samkv. lögum, sem gilda um þann banka, einmitt fyrir hönd ríkisstj. Ég gagnrýndi það hins vegar á engan hátt, að þetta frv. og ummæli hæstv. fjmrh. bentu nú til þess, að þessi ágæti banki ætti nú ekki að koma mikið við sögu úr þessu.

En langóvenjulegast og ég vil segja óviðurkvæmilegast af ákvæðum þessa frv. var þó það, sem ég benti á, að í frv. er beinlínis gert ráð fyrir því með ákvæði í 2. mgr. 2. gr. þess, að ríkisstj. hafi einræðisvald um ráðstöfun þessa lánsfjár, allt að 240 millj. kr., án nokkurs samráðs við Alþingi. Þetta stendur skýrum stöfum í frv., eins og það er flutt af hæstv. ríkisstj. Það var auðvitað alveg sérstök ástæða til þess að gagnrýna þetta, eins og nú stendur á. Það liggur í hlutarins eðli, að hinu mikla lánsfé, sem hér er um að ræða, verður ekki úthlutað fyrr en á komandi ári eða komandi vori, rétt fyrir alþingiskosningar. Hvort þar er eitthvert samband á milli, að ríkisstj. vilji nú fremur en áður, þegar svona stendur á, áskilja sér einræðisvald til að ráðstafa svo miklu fé til opinberra framkvæmda í þessu landi, það skal ég ekki segja um. En um það verður ekki deilt, að eins og frv. er lagt fyrir, virðist það hafa verið tilgangur hæstv. ríkisstj. að hafa óskorað vald um þetta án nokkurs samráðs við Alþingi.

Ég tók þess vegna alveg ótvírætt undir gagnrýni á þessu, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hafði flutt hér á undan mér, og uppástungu hans um, að þessu yrði breytt í frv. þannig, að annað tveggja yrði gert, að ákveða í þessu frv., að síðar á þessu þingi yrðu sett lög um ráðstöfun þessa fjár, eða að ákveðið yrði í þessu frv., að Alþingi eða nefnd frá Alþingi fjallaði um úthlutun fjárins a. m. k. ásamt ríkisstj. Ég benti á, að til þess væri alveg sérstök ástæða vegna þess, að þær framkvæmdir, sem ráðgert er að verja þessu lánsfé til, eru einmitt framkvæmdir, sem fjárveitingavald Alþingis hefur sérstaklega með að gera: hafnargerðir, raforkuframkvæmdir og aðrar framkvæmdir. Til þessara framkvæmda ákveður Alþingi fjárveitingar hverju sinni, og það liggur í hlutarins eðli, að það er eðlilegt, að það ákveði einnig, hve mikil áherzla er

á hverjum tíma lögð á framkvæmd þessara framkvæmda, þ. á m. ef hægt er að styðja þær með lánsfé.

Nú bar svo við, að ég tók sæti í hv. fjhn. í forföllum hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hefur fjarvistarleyfi, og var það gert með góðu samþykki nm. í n., eins og oft ber við hér. Ég lagði í n. áherzlu á þessi sjónarmið, að þessu ákvæði í frv., sem ég hef gert að umræðuefni, yrði breytt, annað tveggja gert, að ákveða, að Alþingi setti sérstök lög um skiptingu fjárins, eða að nefnd Alþingis fjallaði um skiptingu fjárins. Mér er ljóst, að ríkisstj., sem styðst við þingmeirihl., hlýtur alltaf að hafa endanlegt úrskurðarvald um skiptingu bæði beinna fjárveitinga og eins lánsfjár. En það er eigi að síður mikið atriði í mínum augum, að Alþingi geti fylgzt á hverjum tíma með þeim ákvörðunum, sem teknar eru í þessu efni, minni hl. Alþingis geti haft áhrif á þær, eins og efni standa til eða honum er unnt, og honum þá gefið tækifæri til að flytja till. um aðra tilhögun mála í þessu efni, ef honum býður svo við að horfa, áður en þessu þingi lyki.

Ég skal strax viðurkenna, að það kom þegar í ljós á fundi fjhn., að hv. stuðningsmenn ríkisstj. þar vildu ganga nokkuð til móts við óskir okkar hv. frsm. 1. minni hl. og mín í þessu efni. En það fór svo, að ekki gat tekizt fullnaðarsamkomulag um þetta, hvorki við hv. 1. minni hl. né mig. Ég skal ekkert fara út í að rekja orðaskipti í n. um þetta, mér er það hvimleitt að karpa þannig um atriði mála, en með því að svo fór, að ég gat ekki orðið meiri hl. sammála, þá skilaði ég sérstöku nál. á þskj. 129 og lagði þar til, að frv. yrði samþ. með þeirri breytingu, að 1. málsl. 2. mgr. í 2. gr. frv. yrði breytt á þá leið, að ríkisstj. ákvæði í samráði við fjvn. Alþingis um fullnaðarskiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda, áður en reglulegu Alþingi 1962 lyki. Nú hefur meiri hl. einnig flutt brtt. um þetta, en það er eftirtektarvert, að í brtt. meiri hl. eru orðin um skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda felld niður, og það er sérstaklega þetta, sem mér og hv. meiri hl. ber á milli. Það, sem fyrir mér vakir, er, að áður en því þingi, sem nú situr, lýkur, verði gengið frá fullnaðarskiptingu þessa lánsfjár, einnig í einstökum atriðum, milli einstakra framkvæmda, og það vitanlega svo rúmum tíma fyrir þinglok, að hv. þm. gæfist þá svigrúm til að gera aðrar till. um skiptingu fjárins en meiri hl. kynni að ákveða.

Ég veit ekki, hvort ber að skilja svo það, sem ber hér á milli, að meiri hl. geri alls ekki ráð fyrir því, að af hans hálfu verði hægt að ganga frá fullnaðarskiptingu fjárins milli einstakra framkvæmda, áður en þingi lýkur. Ef svo væri, teldi ég það mjög miður farið, því að ég tel víst, að það verði hægt. En með tilliti til þess, að kosningar eiga að fara fram á komandi vori, tel ég alveg sjálfsagt mál, að það beri af meiri hl. hálfu að ganga frá fullnaðarskiptingu þessa fjár, till. um hana eða ákvörðun um hana, og það einnig í einstökum atriðum. Ég vil þar að vísu undanskilja, að ef hluta fjárins væri ráðstafað til ákveðinna sjóða, t. d. fiskveiðasjóðs, ræktunarsjóðs eða annarra sjóða, stofnana, sem hefðu sjálfsákvörðunarvald að sjálfsögðu um endurlánveitingar þess fjár, sem í þeirra hlut kæmi, þá teldi ég það ekki ná til þess. En um öll þau atriði, sem Alþingi getur ráðstafað, álít ég að verði að vera búið að ráðstafa fénu, áður en þingi lýkur, og það svo, að ef minni hl. Alþingis vill ekki sætta sig við þá skiptingu, sem ofan á yrði af hálfu hæstv. ríkisstj. eða meiri hl. hennar, þá fengi minni hl. fullt svigrúm til þess bæði að gagnrýna þessa skiptingu og flytja till. um aðra skiptingu, ef honum sýndist svo.

Ég get í fullu samræmi við það, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls, þegar ég tók undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., að tvær leiðir í þessu máli væru til: setning laga síðar á þinginu um fulla skiptingu fjárins, einnig milli einstakra framkvæmda, eða að þn. fjallaði um það, þá get ég fylgt till. hv. 1. minni hl. einnig í þessu máli um, að lög verði sett um þetta síðar á þinginu, og sé ekki, að það komi í bága við mína brtt. Ég geri að vísu því miður ekki ráð fyrir því, að till. um setningu sérstakra laga um þetta efni nái fram að ganga.

Ég vil að síðustu aðeins vekja sérstaka athygli á því, að eftir till. meiri hl. er ekki gert ráð fyrir því, að ríkisstj. í samráði við fjvn. gangi frá skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda, því að orðin „milli einstakra framkvæmda", sem í frv. standa, eru felld niður og það sjáanlega af ráðnum hug. Ég vil vænta þess, að hv. meiri hl. geri grein fyrir því hér í umr., hvað í þessu liggur, að hann vill ekki gera ráð fyrir því í sinni brtt., að gengið verði frá skiptingu fjárins í einstökum atriðum til einstakra framkvæmda, eins og þó jafnvel var gert ráð fyrir í frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð lengri að sinni.

ATKVGR.
Brtt. 125,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 128 felld með 10:7 atkv.
— 129 felld með 10:7 atkv.
— 125,2 samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, SÓÓ.
KK, JK, PÞ, SE, ÁB, FRV, HermJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (AGl, BjörnJ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 133).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed. (A. 133).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka framkvæmdalán. Frv. var lagt fyrir hv. Ed. og var afgreitt þaðan í gær. Efni þess er að heimila ríkisstj. að taka allt að 2 millj. sterlingspunda að láni og verja því til ýmissa mikilvægra framkvæmda, eins og nánar segir í 2. gr. frv.

Ríkisstj. hefur að undanförnu kannað möguleika á því að fá stórt framkvæmdalán erlendis, og hefur Seðlabanki Íslands haft með höndum þær athuganir og á hans vegum dr. Jóhannes Nordal bankastjóri. Niðurstaðan er sú, að nú eru möguleikar á því að fá slíkt lán sem hér greinir, eða að upphæð um 240 millj. ísl. kr., í Bretlandi. Það mundi verða boðið út, og er gert ráð fyrir, að vextir af þessu láni yrðu 6½%. Lánið mundi verða til langs tíma eða til 26 ára. Er gert ráð fyrir, að það verði afborgunarlaust fyrstu 5½ ár, þannig að fyrsta afborgun yrði 30. júní 1968.

Í 2. gr. frv. segir frá því, til hvers eigi að verja þessu fé, og er það til framkvæmda á vegum ríkisins, sem eru mikilvægar fyrir þjóðarhag, eða að endurlána öðrum aðilum í sama skyni gegn fullnægjandi tryggingu. Í niðurlagi 2. gr. segir svo nánar:

„Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun."

Margvíslegar framkvæmdir eru á döfinni og fyrirhugaðar, bæði á vegum ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga og samtaka þeirra, sem lánsfé þarf til. Ríkisstj. hefur til athugunar ýmsar leiðir til öflunar lánsfjár til hinna margháttuðu framkvæmda. Koma þar til greina að sjálfsögðu bæði opinber framlög og lánveitingar frá ýmsum sjóðum, og má þar nefna sérstaklega hinn stóra sjóð, atvinnuleysistryggingasjóð, og frá ýmsum tryggingafélögum. Í þriðja lagi koma til greina að sjálfsögðu lánveitingar frá bankakerfinu, og ættu þær lánveitingar að geta orðið meiri nú en verið hefur um langt skeið vegna þeirrar ánægjulegu þróunar, sem verið hefur og nú er um aukningu sparifjár í landinu. Í fjórða lagi koma svo til erlendar lántökur, og hér liggur það fyrir, að möguleiki hefur nú opnazt í Bretlandi til að bjóða út íslenzkt ríkislán.

Út af fyrir sig má telja það ánægjulega þróun, sem hér hefur orðið. Undanfarin ár hafa mörg erlend lán verið tekin. Ýmis þeirra hafa verið fengin með þeim hætti, að Íslendingar hafa snúið sér til vinveittra erlendra ríkisstj. og fengið atbeina þeirra til lána, sem oft hafa verið með góðum kjörum. Hins vegar hafa nú opnazt möguleikar til að fara inn á hinn frjálsa peningamarkað og varðandi það, sem hér um ræðir, einn stærsta lána- og peningamarkað heimsins, sem er Lundúnamarkaðurinn. Þetta lán mundi því ekki verða tekið fyrir milligöngu erlendra ríkisstj., eins og verið hefur um mörg lán að undanförnu, heldur á almennum viðskiptagrundvelli.

Eins og fram hefur komið áður, er greiðslubyrði okkar Íslendinga mjög þungbær nú vegna erlendra skulda, og um leið og við viðurkennum öll nauðsyn þess að afla erlendra lána til margháttaðra framkvæmda, sem ella mundu ekki komast í framkvæmd, verður að sjálfsögðu einnig að gæta hófs í þessum efnum. Á undanförnum árum hefur verið tekið allmikið af erlendum lánum til skamms tíma, þannig að greiðslubyrðin gagnvart útlöndum hefur verið síðustu árin og er í ár og verður á allra næstu árum allþung. Sem dæmi má nefna, að á þessu ári mun þurfa að greiða til útlanda í vexti og afborganir, að ég ætla, um 553 millj. ísl. kr. samtals af opinberum lánum og lánum einkaaðila. Þessi upphæð á að vísu að fara nokkuð lækkandi á næstu árum. En einmitt vegna þessarar þungu greiðslubyrði, sem stafar af þessum lánum til skamms tíma, er mjög mikilvægt, að þetta lán verður til svo langs tíma sem 26 ára, og ekki síst það, að í 5½ ár hin fyrstu þarf engar afborganir að inna af hendi. Greiðslur af þessu láni koma því ekki til greina, aðrar en vaxtagreiðslur, fyrr en verulega hefur létt á greiðslubyrði gagnvart útlöndum að öðru leyti.

Þegar flutt hafa verið frv. um lántökur ríkinu til handa, sem skylt er samkv. stjórnarskránni, því að eftir ákvæðum hennar má engin lán taka, er skuldbindi ríkið, nema samkv. lögum, hafa verið nokkuð mismunandi venjur, hvað tekið hefur verið fram í þeim frv. um ráðstöfun fjárins. Stundum hefur verið ákveðið í þeim lögum, til hvers fé á að fara, og þá í stórum dráttum. Stundum hefur ekkert verið ákveðið um það í lögum.

Í þessu frv. er ákveðið í stórum dráttum, til hvers lánið eigi að fara, eins og ég gat um áðan. Ég vil taka það fram til frekari skýringar, að ég geri ráð fyrir því, að stórir hlutar af þessu láni og væntanlega þeir stærstu muni fara til raforkuframkvæmda og hafnar-

gerða. Hins vegar liggja málin ekki þannig fyrir, að unnt sé að ákveða í þessu frv. nákvæma skiptingu lánsfjárins. M. a. er ekki kannað til fulls enn þá um þau atriði, sem ég gat um hér áður, t. d. hversu mikið fé bankakerfið íslenzka getur látið af hendi á þessu og næsta ári til verklegra framkvæmda, sem og um framlög eða lánafé frá sjóðum, tryggingafélögum o. s. frv. Þetta liggur ekki enn fyrir og því ekki unnt að ákveða um það í þessu frv. nánar en að marka stefnuna í meginatriðum, eins og gert er með 2. gr.

Þegar frv. var lagt fyrir hv. Ed., var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. ákvæði skiptingu lánsfjárins. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að ég gerði ráð fyrir, að óskir kæmu fram frá alþm. um, að Alþingi ætti þarna hlut að með einum eða öðrum hætti, og við meðferð málsins í hv. fjhn. Ed. var ákveðið að bæta inn í frv. ákvæði um, að ríkisstj. ákvæði skiptingu lánsfjárins í samráði við fjvn. Alþingis. Vænti ég, að óskum hv. alþm. um að fylgjast með þessu og hafa áhrif á úthlutun fjárins sé fullnægt með þessu.

Það standa svo sakir um þetta fyrirhugaða lán, að gert hefur verið ráð fyrir því að bjóða þetta lán út í desembermánuði. Til þess að fullnægja þeirri tímaáætlun, sem gerð hefur verið um þetta efni, þarf þetta frv. að hljóta afgreiðslu frá Alþingi eigi síðar en föstudaginn 23. þ. m. Ég vil því beina þeirri ósk til hv. þdm. og hv. fjhn. og að sjálfsögðu til hæstv. forseta að greiða fyrir málinu, þannig að þessi tímaáætlun megi haldast. Ef meiri dráttur yrði á endanlegri afgreiðslu frv. frá Alþingi, má gera ráð fyrir, að lánsútboðið þyrfti að frestast fram yfir áramót, og teljum við ástæðulaust að stofna til þess.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Ég álít sjálfsagt að taka því vel að greiða fyrir því, að þetta mál geti orðið afgreitt sem fyrst frá hv. Alþingi og í tæka tíð, til þess að lántakan geti farið fram tafarlaust. Ég mun því ekki þreyta langar umr. um þetta mál, þó að það gæti gefið tilefni til ýmiss konar hugleiðinga um efnahags- og fjárhagsmál landsins, aðeins minna á örfá atriði í því sambandi, nánast til þess að skýra það eða færa rök fyrir því, að Framsfl. mun eindregið styðja þetta frv. og þessa lántöku.

Þegar núv. stjórnarflokkar tóku við og gerðu sína nýju efnahagsáætlun, sem þeir sjálfir hafa kallað viðreisn, gerðu þeir ákaflega mikið úr þeim stórkostlega greiðsluhalla, sem hefði verið nokkur ár, greiðsluhallanum við útlönd, eins og það mun hafa verið orðað. Töldu þeir hann æðimikinn, nefndu háar tölur í því sambandi. Þeir sögðu, að þessi greiðsluhalli við útlönd, sem hefði verið jafnaður með erlendum lántökum, væri vottur þess, að þjóðin yrði að herða mjög að sér, og á því væri byggð sú kjaraskerðing, sem þjóðinni var ætluð í hinni nýju efnahagsáætlun.

Þessi greiðsluhalli, sem talinn var, stafaði fyrst og fremst af ýmsum stórvirkjum, stórkostlegum framkvæmdum, sem þjóðin hafði ráðizt í og tekið til erlend lán, erlend stofnkostnaðarlán. Þetta var þá kallað greiðsluhalli við útlönd. Því var þá lýst yfir, að það ætti að snúa alveg við á þessari braut og þjóðin ætti í staðinn að fara að borga niður skuldir. T. d. er mér minnisstætt, að efnahagsmálaráðunautur, sem hingað kom frá Noregi til að skoða hina nýju áætlun og framkvæmd hennar, greindi frá því og hafði það sem undirstöðu að sínu áliti á því, hvort þetta hefði verið nauðsynlegt, að sér hefði verið sagt, — hann yrði að byggja á því, sem sér hefði verið sagt, — að það ætti að lækka erlendar skuldir árlega sem svaraði afborgunum af þeim lánum, sem fyrir voru. Sem sagt, það var sagt, að það hefði verið stórkostlegur greiðsluhalli, verið tekin of mikil lán, jafnvel þótt til framkvæmda væru, það yrði að fara að lækka skuldirnar við útlönd og þess vegna yrði þjóðin að leggja verulega að sér.

Við bentum strax á veilurnar í þessum málflutningi. Í fyrsta lagi, að hér var ekki um lántökur að ræða, sem gerðu þjóðinni erfiðara fyrir, og þurfti engin kjaraskerðing að verða þeirra vegna. Það var alveg ljóst. Enn fremur gerðum við grein fyrir því, að þessi stefna, sem þá var lýst yfir að ætti að fara að fylgja, að lækka erlendu skuldirnar á þennan hátt og þvinga þjóðina efnahagslega til að koma slíku í framkvæmd, væri með öllu óraunhæf og óframkvæmanleg. Það væri ekki hugsanlegt annað en að þjóð eins og Íslendingar, sem þurfa að byggja upp talsvert hratt og notfæra sér mikla ónotaða möguleika, þyrfti að taka og ætti að taka erlend lán til að koma mörgum nauðsynjaverkum í framkvæmd. Því væri þessi stefna óraunhæf og óframkvæmanleg.

Nú skal ég ekki fara lengra út í þetta, heldur aðeins segja, að öll reynslan hefur sýnt, að við höfðum rétt fyrir okkur í þessu, því að vitanlega hefur ekki reynzt framkvæmanlegt að lækka skuldirnar við útlönd, heldur hafa margar lántökur átt sér stað, síðan núv. hæstv. ríkisstj. og núv. meiri hl. tók við, og skuldirnar við útlönd ekki lækkað, heldur vaxið.

En greinilegasta yfirlýsingin um, að það er ekki hægt að komast hjá því að taka framkvæmdalán erlendis, ef ekki á að stefna öllu í strand, og þar með verður að fara að í aðaldráttum eins og við fórum að í því efni, — greinilegasta yfirlýsingin í þessa átt er þó vitaskuld þetta frv., sem hér liggur fyrir af hendi hæstv. ríkisstj. um heimild handa henni til að taka 2 millj. punda framkvæmdalán erlendis.

Það kemur mér ekki á óvart, að slíkt frv. hlyti að koma fram og slík ráðstöfun og aðrar fleiri í sömu átt hlytu að verða gerðar, því að það hefur gefið auga leið, að svona hlaut að fara. Hin stefnan var ekki framkvæmanleg.

Ég hef undanfarið hér á hv. Alþingi, þegar efnahagsmálin hefur borið á góma, á þessu þingi sérstaklega, bent á, hvernig komið er

í landinu varðandi stofnkostnað við nýjar framkvæmdir annars vegar og hins vegar tekjur almennings í landinu og fjármagn til þess að standa undir stofnkostnaðinum. Stofnkostnaðurinn í öllum greinum er orðinn svo gífurlegur vegna dýrtíðarráðstafana hæstv. ríkisstj. og efnahagsmálastefnu hennar yfirleitt, að það horfir til mikils samdráttar, ef ekki er hægt að endurskoða allt fjárfestingarlánakerfið og veita miklu hærri fjárfestingarlán yfirleitt í nær öllum greinum en gert er nú í dag.

Ég hef í þessu sambandi bent á þá pólitík ríkisstj., sem hún hefur rekið, að loka inni verulegan hluta af sparifénu í stað þess að hafa það í umferð. Og ég hef bent á, að þrýstingurinn í sambandi við hinn gífurlega stofnkostnað, sem orðinn er, hlyti að verða til þess, að ef ekki yrði horfið frá þeirri braut að loka inni hluta af sparifénu, yrði að taka þeim mun meira af erlendum lánum í fjárfestinguna. Náttúrlega er mér ljóst, að jafnvel þó að hætt yrði að loka inni spariféð, yrði líka að fá eitthvað talsvert af erlendum lánum inn í fjárfestinguna, ef uppbyggingin á að geta orðið nógu hröð til að mæta þeirri ofsalegu dýrtíðarþenslu, sem orðin er í landinu, og þeim almennu hækkunum, sem fram undan eru í því sambandi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir um lántökuheimild fyrir ríkisstj., sýnir glöggt, að hæstv. ríkisstj. hefur orðið að komast að þeirri niðurstöðu, að það þurfti meira fé í fjárfestinguna og að það fé varð að sækja utan. Það varð að sækja það inn í landið með erlendum lánum að verulegu leyti. Og þeim mun meira sem lokað verður inni af því fjármagni, sem safnast í landinu sjálfu, og fryst í bankakerfinu, þeim mun meira verður að taka að láni erlendis með löngum lánum, ef hægt er að fá þau, til þess að fjárveitingin dragist ekki óeðlilega saman eða stöðvist í vissum greinum.

Það þarf ekki annað en að skoða, í hverja klípu komið er í þessum efnum samkvæmt fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eins og ég hef bent þinginu á í öðru sambandi. Það er alveg óðfluga farið að gera ráð fyrir því, að ekki komist fyrir á fjárlagafrv. ýmsar framkvæmdir, sem áður hefur verið talið sjálfsagt að greiða af ríkistekjunum, eins og t. d. vegagerðir í stórum stíl, skólabyggingar og ýmsar aðrar framkvæmdir á vegum ríkisins, sem áður hefur verið talið að ætti og verið mögulegt að greiða að mestu eða öllu af ríkistekjunum. Nú er óðfluga farið að gera ráð fyrir því að taka lán til þessara framkvæmda, sumpart innanlands og sumpart erlendis. Þannig er vandinn orðinn varðandi fjárfestingarframkvæmdirnar og fjármagn til þess að standa undir þeim. Það þarf ekkert annað en líta á ástandið í landbúnaðinum að þessu leyti, kostnaðinn við að koma upp búunum eða við framkvæmdir í sveitunum eða kostnaðinn við að koma upp íbúðum eða eignast báta og skip og aðrar framkvæmdir við sjóinn, íhuga þennan kostnað annars vegar og svo þau lán, sem nú eru látin í té úr fjárfestingarlánakerfinu, enn fremur raforkuframkvæmdir, sem hljóta að standa fyrir dyrum, og fjölmargt fleira. Þá sjáum við, í hvaða sjálfheldu þessi mál eru komin, og út úr henni verður að reyna að komast eftir jákvæðu leiðinni, með því að auka framleiðsluna í landinu og framleiðnina, og til þess þarf meira fjárfestingarfjármagn en áður hefur verið fyrir hendi. Og það verðum við að fá með því að nota okkar eigið fé eins mikið og við mögulega getum, hafa það í umferð, og taka líka talsvert mikið af erlendum framkvæmdalánum.

Út frá þessu sjónarmiði, sem ég hef hér verið að lýsa, erum við í Framsfl. eindregnir stuðningsmenn þessarar lántöku, sem hæstv. ríkisstj. efnir til, og kemur okkur síður en svo á óvart, að til hennar er efnt. En í sambandi við þetta mál hlýtur að setja að manni kvíða, þegar það er athugað, hve 240 millj., sem eru 2 millj. sterlingspund, hrökkva skammt og hverfa fljótt í þá dýrtíðarhít, sem orðin er í landinu og kemur einna gleggst fram í stofnkostnaði hinna nýju, nauðsynlegu framkvæmda. Ef við t. d. íhugum þessa fjárhæð annars vegar og svo hvað það mundi kosta í dag að byggja sementsverksmiðjuna eða áburðarverksmiðjuna eða Sogsvirkjunina síðustu, þá sjáum við, hvernig þessi mál eru komin og hvað þessi fjárhæð, sem mönnum vex nú nokkuð í augum, þegar þeir sjá hana á blaði, er orðin pínulítil í samanburði við það, sem þarf til þess að koma verulegum skriði á stærri framkvæmdir.

Til dæmis að taka Keflavíkurvegurinn, sem farið er að byggja fyrir lánsfé og er náttúrlega lífsnauðsynleg framkvæmd, mér skilst, að hann muni aldrei geta kostað minna en um 200 millj. kr., ef ég hef réttar upplýsingar, að km í steyptum vegi kosti einhvers staðar á milli 4 og 5 millj. Og ég nefni þetta bara sem dæmi. Mér kemur í hug á stundinni framkvæmd, sem verið er að vinna að.

Það er því sannarlega ekki ófyrirsynju að fara út í þessa lántöku, og ég mæli því eindregið með frv. Ég tel rétt, að Alþingi ráðstafi með lögum lánsfénu, eins og hér hefur yfir höfuð verið venja, og þegar frá þeirri venju hefur verið vikið, hefur það verið gagnrýnt hér á Alþingi — og það að mínu viti réttilega gagnrýnt. Þess vegna ætti að setja sérstök lög um skiptingu lánsfjárins síðar, þegar hæstv. ríkisstj. væri tilbúin með sínar till. í því efni.

Á hinn bóginn er nokkuð til bóta sú breyt., sem gerð var á frv. í þessu efni í Ed., þar sem gert er ráð fyrir, að það sé þó haft samráð við fjvn. þingsins varðandi skiptingu lánsfjárins. En það eina eðlilega í þessu er, að sett séu sérstök lög um ráðstöfun lánsfjárins. Við sjáum, að hér er um talsverða fjárhæð að ræða, þegar hún er borin saman við það, sem veitt er til verklegra framkvæmda á fjárlögum, og ákaflega þýðingarmikið, í hvað þessir fjármunir fara. Er auðvitað eðlilegt, að

hv. þm. geti komið að till. sínum um þetta, en það geta þeir ekki, ef hæstv. ríkisstj. ráðstafar fénu, og jafnvel ekki þó að það sé gert í samráði við hv. fjvn. Þeir geta að vísu sent fjvn. og ríkisstj. óskir sínar, en þau mál verða ekki gerð upp fyrir allra augum, eins og gert er á hv. Alþingi um skiptingu ríkisfjár og eðlilegt er að sé gert, þegar um er að ræða að skipta verulegu lánsfé.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta. Ég vil greiða fyrir því, að þetta mál geti gengið fljótt í gegnum hv. Alþingi, og ég heyri, að ríkisstj. þarf að fá löggjöf um þetta fljótt.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Eins og fram kom við afgreiðslu þessa máls í Ed., erum við Alþb.-menn því samþykkir að veita ríkisstj. heimild til þeirrar lántöku, sem um fjallar í þessu frv. En það eru ýmsar athugasemdir, sem við vildum þó gera við frv. og þetta mál, eins og það ber hér að.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að það er upplýst, að vextir séu áætlaðir af þessu láni 6½%, og ég ætla þá, að heildarvextir með ýmiss konar kostnaði milliliða, sem eiga eftir að koma á þetta, muni verða hartnær 7% af þessu láni. Við teljum, að slíkir vextir eins og 7% af láni, sem ríkið gengst fyrir að taka á erlendum markaði, séu mjög óhagstæðir vextir og ekki einu sinni sambærilegir við það, sem í mörgum tilfellum hefur reynzt kleift fyrir einstaklinga að fá af allálitlegum lánum, sem þeir hafa átt kost á. Lánstíminn er aftur mjög sæmilegur og afborgunarskilyrðin eðlileg, þar sem hægt er að fá lánið afborgunarlaust fyrstu 5½ ár.

Þá er þess einnig að geta, að það er heldur óviðkunnanlegt að gera ráð fyrir lántöku eins og þessari og heimild handa ríkisstj. til þess að ráðstafa láninu til ýmiss konar framkvæmda, án þess að nánari grein sé gerð fyrir því, hvað til stendur eða hvað yfirleitt á að gera. Það er vitað, að ríkisstj. hefur haft með höndum nú um alllanga hríð undirbúning að áætlunargerð, svonefnda framkvæmdaáætlun, og erlendir sérfræðingar hafa starfað á vegum ríkisstj. að þessari áætlunargerð ásamt ýmsum innlendum sérfræðingum. Ég hygg, að það sé komið nærri því heilt ár fram yfir þann tíma, sem búizt var við að þessi áætlun yrði birt a. m. k. Alþingi. En hún hefur ekki séð dagsins ljós enn. En nú er farið fram á lántökuheimild, til þess að hægt sé að standa undir ýmsum þeim framkvæmdum, sem þar eru fyrirhugaðar. Mér finnst, að þetta beri að á óvenjulegan hátt og að hitt hefði verið miklu eðlilegra, að ríkisstj. eftir þennan langa undirbúningstíma hefði getað gert grein fyrir því a. m. k. í öllum meginatriðum, um hvað þessi framkvæmdaáætlun fjallar, hvað stendur til að gera í hinum einstöku greinum, og hefði síðan óskað eftir því að fá lántökuheimild, til þess að hægt yrði að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar væru í þessari áætlun. Að þessu leyti sýnist mér, að þetta sé óeðlilegt, hvernig málið ber hér að. Þetta verður svo enn óeðlilegra, þegar ríkisstj. fer fram á það, að hún fái svo að segja fullnaðarheimild til að ráðstafa þessu fé. Að vísu hefur sú breyting verið gerð á frv. frá því, sem það var, þegar það var lagt upphaflega fram, að nú er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. ráðstafi þessu láni í samráði við fjvn., en þessi orð: „í samráði við", segja mjög lítið bindandi. Það er að vísu hægt samkv. þessu orðalagi að hafa þann hátt á, sem væri mjög til bóta, að þessi samráð ríkisstj. við fjvn. væru með þeim hætti, að fjvn. fengi fullkomið vald til þess að gera sínar till. til ríkisstj. um skiptingu fjárins. En það er líka hægt að hafa þetta að mestu leyti sem formsatriði, þar sem raunveruleg úthlutun ríkisstj. hefur verið ákveðin og fjvn. í aðalatriðum tilkynnt um það og þar sem hún hefur þar af leiðandi sáralitil afskipti af ráðstöfun fjárins. Ég teldi því miklu eðlilegra vera í þessum efnum, að það hefði verið farin sú leið, að sett hefðu verið sérstök lög um ráðstöfun þessa fjár, eða þá a. m. k. að hinn hátturinn hefði verið hafður á, að þingkjörin nefnd hefði gert beinar till. til ríkisstj. um skiptingu fjárins eftir þeim gögnum, sem hún hefði fengið varðandi möguleika á þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar væru.

Í sambandi við þetta mál, eins og það ber hér að, finnst mér ekki óeðlilegt, að á það sé minnzt, hvort ríkisstj. hugsi sér að breyta nokkuð til frá því, sem verið hefur nú um skeið varðandi heimildir einstakra aðila, t. d. eins og einstakra hafna í landinu, til að mega taka til sinna framkvæmda erlend lán. Sá háttur hefur verið hér á lengst af, að einstakir aðilar hafa ekki átt kost á því að taka erlend lán til slíkra framkvæmda. Þar hafa menn orðið að sætta sig við þá möguleika, sem fyrir hendi hafa verið innanlands, og það, hvað ríkissjóður hefur talið sér fært að leggja mikið fé fram hverju sinni. Og framkvæmdirnar hafa orðið að miðast við þetta í öllum aðalatriðum, þó að einstakar undantekningar séu frá þessu. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því með þessu frv., að ríkisstj. efni til sérstakrar lántöku erlendis, m. a. til hafnarframkvæmda. Að vísu ætlar ríkisstj. sér sjálf að útdeila láninu. Þá vaknar spurningin: Er þá ekki hugsanlegt að heimila einnig einstökum höfnum í landinu að taka lán til slíkra framkvæmda, ef þær rúmast ekki innan þessarar úthlutunar, sem verður ákveðin af ríkisstj. varðandi þessa lántöku? Ég efast ekki um, að það eru möguleikar á því og hafa verið möguleikar á því fyrir ýmsa aðila í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir í landinu að fá lán erlendis og varla með miklu lakari kjörum en þeim, sem eru á þessu láni.

Ég skal svo ekki lengja umr. um málið. Eftir því hefur verið óskað, að það geti fengið hraða afgreiðslu, og það er sjálfsagt að verða við því. En ég vil aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram, að hér er auðvitað um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. er með flutningi þessa frv. að staðfesta það formlega fyrir

Alþingi, að hún er að hverfa frá þeirri stefnu, sem hún boðaði með setningu laga um viðreisnarstefnuskrána snemma á árinu 1960, þegar því var haldið fram, að meginvandi okkar í efnahagsmálum stafaði af því, að erlend lán væru orðin of mikil, greiðslubyrðin af þeim væri orðin of þung og af því þyrfti að grípa til margvíslegra ráðstafana. Við stjórnarandstæðingar bentum þá á og reyndar ýmsir fleiri, að það væri mesti misskilningur að halda því fram, að erlend lán út af fyrir sig þyrftu að valda einhverju um það, hvernig gengi í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt séð. Það ræður auðvitað úrslitum í sambandi við erlendu lánin, til hvers lánin hafa verið tekin. Ef lánin hafa verið tekin til að stuðla að aukinni framleiðslu, aukinni gjaldeyrisöflun, þá geta lánin beinlínis bætt aðstöðuna í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. En það er líka rétt, að það er hægt að taka lán í því skyni, að þau verði til þess að þyngja baggann. Það er því eins með þessa lántöku og aðrar, sem teknar hafa verið á undanförnum árum, að það skiptir öllu máli, til hvers lánin eru tekin. Tekst með hinu nýja fjármagni að skapa grundvöll fyrir aukinni útflutningsframleiðslu t. d.? Þá er það tvímælalaust, að það er rétt að taka slík lán í mörgum tilfellum. En bein eyðslulán eru að sama skapi hættuleg.

Mér er ljóst um þetta lán, sem hér um ræðir, aðeins 240 millj. kr., sem fyrirhugað er til margvíslegra framkvæmda, eins og sagt er, að þar getur ekki verið um að ræða neinar stórframkvæmdir. Það er t. d. óhugsandi, að með þessu láni sé hægt að ráðast í neina nýja stórvirkjun í landinu, raforkuvirkjun. Við vitum, að þannig háttar nú til í sambandi við rekstur ríkisrafveitnanna, að þar er árlega stór halli, og hann mun hafa verið jafnaður nú á undanförnum árum með beinum lántökum, að vísu innanlands. Ég tel það út af fyrir sig ekki heppilegt, ef hið erlenda lán ætti á óbeinan hátt að ganga til þess að standa undir beinum hallarekstri.

Svipað er einnig í sambandi við hafnarframkvæmdirnar. Við vitum, að þar stendur stórkostlega upp á ríkið, að það borgi það, sem það á að greiða til hafnarframkvæmda í landinu. Ég hygg, að skuld ríkisins við hafnir landsins sé nú í kringum 25 millj. kr. Það væri ekki heldur til neins gagns í þessum efnum að ætla sér að verja hinu erlenda láni á beinan eða óbeinan hátt aðeins til þess að borga upp slíkar skuldir.

Ég legg því áherzlu á, að því láni, sem hér stendur til að taka, verði raunverulega varið til þess, sem gæti raunverulega orðið til að auka þjóðarframleiðsluna og sérstaklega til þess að auka útflutning okkar. Þá kæmi lánið að mestu gagni.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég þakka báðum hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir undir frv. og fyrirheit um stuðning við það og sömuleiðis að greiða fyrir því, að það gangi fljótt í gegnum þingið. Það kenndi hins vegar nokkurs misskilnings hjá báðum hv. ræðumönnum að því leyti, að þeir virtust telja, að þessar till. um framkvæmdalánið væru gagnstæðar þeim stefnuyfirlýsingum, sem ríkisstj. gaf fyrir tæpum þrem árum, þegar efnahagsaðgerðirnar voru hafnar, og að þetta framkvæmdalán sé staðfesting á því, að hv. stjórnarandstæðingar hafi haft rétt fyrir sér í þeim efnum. Hér kennir ákaflega mikils misskilnings, sem er nauðsynlegt að leiðrétta, svo sem ég skal gera í örfáum orðum.

Þeir halda því fram, hv. þm., að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafi lagt á það megináherzlu, að það yrði að lækka skuldir Íslands gagnvart útlöndum. Það, sem viðreisnartill. snerust um ekki hvað sízt, var í fyrsta lagi það, að ná yrði greiðslujöfnuði gagnvart útlöndum. Undanfarin ár hafði verið verulegur halli á viðskiptunum við útlönd, og eitt meginatriði í viðreisnartillögunum var einmitt að eyða þeim halla og ná greiðslujöfnuði á viðskiptum okkar gagnvart útlöndum. Og því var haldið fram, að það væri nauðsynleg undirstaða undir auknum framförum og grundvöllur þess, að hægt væri að taka hagkvæm framkvæmdalán erlendis síðar. Þetta hefur tekizt, þannig að á s. l. ári varð í fyrsta skipti um langan aldur hagstæður greiðslujöfnuður á íslenzka þjóðarbúinu gagnvart útlöndum. Í öðru lagi var lögð á það áherzla, að greiðslubyrðin, hin árlega greiðslubyrði þjóðarinnar gagnvart útlöndum, væri of þung, að þær afborganir og vextir, sem árlega þyrfti að inna af höndum til útlanda, væru óeðlilega og óhæfilega stór hluti af gjaldeyristekjum okkar í heild. Og það voru lagðar fram tölur, sem sýndu, að þessi greiðslubyrði gagnvart útlöndum var þá varðandi Ísland hærri en í flestum löndum öðrum, sem til þekktist. Þetta stafaði ekki eingöngu af því, að skuldir eða erlend lán væru svo há, heldur vegna þess, að allmikið af þessum skuldum eða lánum var til svo skamms tíma, að afborganir urðu mjög örar.

Ég gat um það í framsöguræðu minni, að á þessu ári muni greiðslubyrðin gagnvart útlöndum nema rúmlega 550 millj. kr. Ég ætla, að hún hafi verið nokkru hærri á s. l. ári og náð þá hámarki. Þessi greiðslubyrði mun fara lækkandi á næstu árum. En ef við tökum töluna í ár, 550 millj. kr., og miðum svo við okkar gjaldeyristekjur í heild, þá held ég, að flestir hljóti að sannfærast um, að þessi greiðslubyrði er of þung, miðað við gjaldeyristekjur okkar í heild. Og eins og ég gat um, hefur þetta lán m. a. þá kosti tvo, sem nauðsynlegir eru í því sambandi, að lánið er ekki til skamms tíma, heldur óvenjulangs tíma eða 26 ára, og í annan stað, að engar afborganir þarf af því að greiða í 5½ ár. Þetta þýðir, að greiðslubyrðin af þessu láni verður tiltölulega mjög létt á hinum næstu árum, meðan greiðslubyrði okkar í heild er sem þyngst og erfiðust.

Þetta tvennt, að við þyrftum að ná hagstæð-

um greiðslujöfnuði gagnvart útlöndum og að við þyrftum að létta hina árlegu greiðslubyrði gagnvart útlöndum, virðast hv. þm. vilja túlka svo, að stjórnin hafi, þegar hún lagði fram viðreisnartill., byggt á því, að það yrði að lækka í heild skuldir gagnvart útlöndum og forðast erlendar lántökur, einnig til framkvæmda. Þennan misskilning er auðvitað skylt að leiðrétta. Og ekki sízt er þessi misskilningur furðulegur vegna þess, að í umr. og grg. um viðreisnartill. var það jafnan tekið skýrt fram af hendi ríkisstj., að einn aðaltilgangurinn með viðreisninni var einmitt sá að skapa möguleika til þess á næstu árum að fá stór erlend framkvæmdalán til langs tíma með hagkvæmum kjörum til þeirra margháttuðu framkvæmda, sem við Íslendingar teljum nauðsynlegt að hrinda í framkvæmd til að bæta lífskjörin í landinu.

Eysteinn Jónsson: Ég held, að þetta sé eitthvað farið að snúast við í huga hæstv. ráðh. Það er nú kannske ekki meira en gerist og gengur. Ég skal ekki þreyta um þetta langar kappræður, en ég vildi samt aðeins gera tilraun til að rifja upp fyrir hæstv. ráðh., hvernig þetta var. Ég held, að það hafi enginn gleymt því, að þegar stjórnin lagði fram sínar efnahagsáætlanir, var höfuðáherzlan lögð á, að það yrði að gera þessar nýju ráðstafanir og kjaraskerðingarráðstafanir vegna greiðsluhallans, sem hefði verið við útlönd, og það væri það, sem umfram allt yrði að varast, að hafa greiðsluhalla við útlönd. Hvernig var svo þessi greiðsluhalli fundinn, sem var fordæmdur á þessa lund af hæstv. ríkisstj. og hennar ráðunautum? Hann var yfir höfuð til kominn, þessi greiðsluhalli, vegna þess, að það höfðu verið tekin erlend framkvæmdalán og þeim varið til þess að reisa stórvirki í landinu, eins og Sogsvirkjunina, sementsverksmiðjuna og til skipakaupa og fjöldamargs annars. Þannig var þessi greiðsluhalli til kominn.

Og það var þessi greiðsluhallapólitík, sem þeir kölluðu, sem átti að gera það að verkum, að það þyrfti að brjóta alveg blað í efnahagsmálum landsins og leggja stórkostlegar byrðar á þjóðina. Nú segir hæstv. ráðh., að því fari á hinn bóginn alls fjarri, að með þessu hafi nokkuð verið sagt um, að hinar erlendu framkvæmdalántökur hefðu ekki verið og væru sjálfsagðar áfram.

Hvað var sagt 1960?

Þá voru þessar framkvæmdalántökur kallaðar greiðsluhalli, sem væri að íþyngja landsmönnum svo stórkostlega, að það yrði að framkvæma nýjar, stórfelldar kjaraskerðingar. En einn af aðalhagfræðingum landsins, Benjamín Eiríksson, lýsti því yfir um þessar mundir sem sinni skoðun, að Íslendingar hefðu aldrei staðið betur að vígi til að geta staðið undir sínum skuldbindingum út á við eða greiðslum af lánum heldur en einmitt þá, þó að það hefði verið tekið talsvert mikið af lánum og verið greiðsluhalli, því að í bókhaldi þessarar ríkisstj. heitir það greiðsluhalli að taka erlent lán og verja því til framkvæmda innanlands.

Og það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera núna, er að efna til greiðsluhalla af sama tagi og hún fordæmdi áður. Ef öll önnur atriði í greiðslureikningnum stæðu jafnt, yrði greiðsluhalli, sem svarar þessu 240 millj. láni, sem nú er verið að leggja til að taka. M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. er nú að leggja til að taka upp nákvæmlega sömu pólitík og rekin var, áður en hún tók til við viðreisnina og þegar hún fordæmdi greiðsluhallann við útlönd og erlendu lántökurnar. En svo segir hæstv. fjmrh., að það hafi aldrei verið sagt neitt í þá átt, að neitt hafi verið athugavert við þá pólitík að taka erlendu lánin — síður en svo.

Þá er varðandi það, hvernig þetta var flutt að öðru leyti varðandi byrðina af erlendu lánunum. Það var sagt alveg fullum fetum í málflutningi stjórnarliðsins þá, að það, sem þjóðin hefði úr að spila, væru gjaldeyristekjur þjóðarinnar, þ. e. a. s. það, sem hún aflaði sér í gjaldeyristekjur, að frádregnum afborgunum af erlendu lánunum, m. ö. o. að erlendar lántökur áttu ekki að koma til greina, þær áttu ekki að koma inn í dæmið, og svo var reiknað út, hvað kjaraskerðingin yrði að vera mikil, til þess að þjóðin gæti án þess að fá nokkurt erlent lánsfé inn í landið greitt niður skuldirnar.

Það þarf ekkert annað en kynna sér t. d. álit norska hagfræðingsins, sem ég vísaði til áðan, þar sem hann er fenginn til að mynda sér skoðun á því, hvort þurft hefði að leggja þessa kjaraskerðingu á. Honum er gefin sem undirstaða, að það verði að gera ráð fyrir, að af þjóðartekjunum verði að taka afborganirnar af erlendu lánunum, án þess að nokkur lán komi þar í móti. Þannig var þessu stillt upp, og þannig var þetta dæmi hugsað. En það, sem við gerðum strax, var að benda á veilurnar í þessu. Í fyrsta lagi, að þessi greiðsluhalli við útlönd, sem var talinn svona óttalegur og hafður að tylliástæðu fyrir kjaraskerðingunni, var til kominn vegna mikilla framkvæmda í landinu, sem áttu að geta gert a. m. k. ekki erfiðara en áður að standa undir erlendu lánunum.

Enn fremur bentum við á, að það væri gersamlega óheilbrigt að setja dæmið þannig upp, að Íslendingar gætu rekið þjóðarbúskap sinn þannig að taka engin erlend lán, — að Íslendingar ættu að fara að flytja út fjármagn, eins og ég orðaði það í umr., sem um þetta urðu strax á eftir.

Þá orðaði ég þetta þannig, að efnahagsáætlun ríkisstj. væri beinlínis byggð á því að pína út úr mönnum hér innanlands fjármagn til þess að flytja út úr landinu. Ég kallaði það útflutning á fjármagni, að það yrði nettólækkun á skuldunum við útlönd og hún tekin af þjóðartekjunum. Þannig lá þetta dæmi fyrir þá, og við sýndum fram á, hversu þetta væri óraunhæft.

Undanfarið hefur verið efnt til lántöku er-

lendis, þannig að þetta hefur ekki staðizt, og því fer fjarri, að skuldir landsins út á við hafi lækkað. Þær hafa þvert á móti hækkað, þannig að þetta hefur farið nákvæmlega eins og við sögðum strax, — var raunar fært fram sem tylliástæða fyrir óeðlilegri kjaraskerðingu, eins og við bentum á.

Nú segir hæstv. ráðh., að lausaskuldamálin skipti líka miklu í þessu sambandi. Út af því vil ég aðeins benda á, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur látið taka mikið af lánum erlendis til stutts tíma. Ég hef ekki tölur fyrir mér núna til að bera saman. En ríkisstj. hefur látið efna til mjög verulegrar skuldasöfnunar í vörukaupalánum, sem áður átti sér ekki stað, og mun sú fúlga vera mikið á fjórða hundrað millj.

Það, sem ég vildi gera með því að segja þessi fáu orð, var aðeins að sýna fram á, að stefna ríkisstj. hefur reynzt óframkvæmanleg, eins og fyrir fram var sagt og vitað í þessum efnum, vegna þess að hún var ekki byggð á sanngjörnu eða eðlilegu mati á því, hvað ætti að gera í íslenzkum þjóðarbúskap. Þessi stefna, sem sett var fram, var bara sett fram til að slá ryki í augu þjóðarinnar og leyna, hvernig hún raunverulega stóð, og til þess að reyna að fá menn til að halda, að það þyrfti að innleiða þá gífurlegu kjaraskerðingu, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir. Og þá var þetta sagt, að það yrði að gera það til að lækka skuldirnar við útlönd.

Það kemur ekkert á óvart, að fara verður í þessu efni allt aðrar leiðir en gefið var í skyn, og það stendur ekki á okkur, eins og ég sagði, að vera með í því að efna til þess, að tekin séu lán erlendis til skynsamlegra framkvæmda í landinu. En það sorglega er, hversu þetta lán hrekkur skammt fyrir þeim gífurlegu þörfum, sem óleystar eru, eins og t. d. kemur í ljós, þegar farið er að bera einstakar framkvæmdir og kostnaðinn við þær, eins og hann er nú orðinn, saman við þetta fyrirhugaða lánsfé. Ég nefndi bara eina framkvæmd áðan af handahófi, það var Keflavíkurvegurinn, en ef væri tekin næsta virkjun, sem nauðsynleg er fyrir Suðvesturland, og nokkrar aðrar framkvæmdir í raforkumálum, ef þetta væri líka tekið upp og borið saman við lánið, þá sæjum við, hversu þarna er um tiltölulega lága fjárhæð að ræða og hvað vandinn er orðinn mikill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 136 og 137).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Mál þetta hefur verið til meðferðar í fjhn. hv. d. Hefur þar ekki orðið neinn ágreiningur um efni málsins, þ. e. a. s. nauðsyn lántökunnar. Hins vegar hafa komið fram skiptar skoðanir um meðferð málsins, og hefur minni hl. talið réttari aðferð, að nánar verði skilgreint í sérstökum lögum, til hverra framkvæmda lánið skyldi notað. Meiri hl. hefur hins vegar fallizt á frv. eins og það er, telur enda fordæmi fyrir slíkri málsmeðferð og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hins vegar hefur einn nm. í meiri hl., Lúðvík Jósefsson, áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja slíku.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég er sammála öðrum nm. í fjhn. um það, að rétt sé, að Alþingi veiti ríkisstj. þá heimild, sem hér er farið fram á. Ég tel alveg vafalaust, að það sé þörf fyrir erlent framkvæmdalán. Á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj. hefur orðið ákaflega mikil rýrnun á verðgildi ísl. krónunnar. Ein af afleiðingum þess er sú, að innlent fjármagn, sem fyrir var, fullnægir langtum síður þörfinni en áður fyrir framkvæmdafé. Skapar það meiri þörf fyrir erlent lánsfé til að greiða stofnkostnað nauðsynlegra fyrirtækja og framkvæmda.

Í ársbyrjun 1960 lagði hæstv. ríkisstj. fram frv. til l. um efnahagsmál, og stuðningsflokkar hennar samþykktu þetta frv. hér á Alþ. í febrúar 1960. Í aths. ríkisstj. með þessu frv. var m. a. vikið að því, að greiðslubyrði þjóðarinnar vegna erlendra skulda væri orðin mjög mikil. Í aths. voru útreikningar á því, sem þar var nefnt halli þjóðarbúskaparins á undanförnum árum. Þessir útreikningar voru þannig gerðir, að með halla þjóðarbúskaparins, sem svo var nefndur, var talið lánsfé, sem fengið hafði verið erlendis til þess að greiða stofnkostnað við ýmsar nauðsynjaframkvæmdir. Og í aths. var, eins og áður segir, rætt um greiðslubyrði landsins vegna vaxta og afborgana af erlendum lánum. Og það var birt tafla um þessa greiðslubyrði. Sagt var, að greiðslubyrðin hefði farið ört vaxandi síðustu árin, talið, að hún hefði verið 87 millj. árið 1958, 138 millj. árið 1959, og síðan voru útreikningar og ágizkanir um það, hver hún mundi verða næstu árin, sagt, að hún mundi verða 163 millj. 1960, en mundi ná hámarki 1961, eða 183 millj., og svo framarlega sem nýjar lántökur kæmu ekki til byrja að lækka árið 1962. Síðan var sagt um þetta í aths. með frv., að það mætti áætla, að á árunum 1959—1963 yrði greiðslubyrðin að meðaltali um 10% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar. Og síðan segir: „Þetta er mjög þung greiðslubyrði og að öllum líkindum þyngri en í nokkru öðru landi að einu undanskildu.“ Og það var sagt í aths. með frv., að hin þunga greiðslubyrði og slæma gjaldeyrisstaða hefði skapað mjög alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Aths. þessar með efnahagsmálafrv. stjórnarinnar voru gefnar út í sérstakri bók á ríkiskostnað, og því riti var dreift um land allt.

En hvernig hafa útreikningar, sem þar voru birtir, og spádómarnir staðizt dóm reynslunnar? Nú liggja fyrir upplýsingar um þessi efni

frá hæstv. fjmrh. og fleirum í liði stjórnarinnar. Hæstv. fjmrh. segir, að í ár þurfi þjóðin að greiða 554 millj. í vexti og afborganir erlendra lána. Þessar upplýsingar gaf hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, formaður fjhn. Ed., þegar rætt var um þetta mál þar. Og hv. 11. þm. Reykv. gaf einnig þær upplýsingar, að greiðslubyrðin í ár, 1962, mundi verða 15—20% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar.

Eins og áður segir, var talið í aths. við efnahagsmálafrv. ríkisstj. 1960, að greiðslubyrðin á árunum 1959—63 mundi að meðaltali verða um 10% af heildargjaldeyristekjunum. Samkvæmt nýjum upplýsingum hefur hún vaxið þetta mikið síðan, er nú komin í 15—20% af heildargjaldeyristekjunum. En það er nokkuð breyttur tónn í hæstv. stjórn og hennar stuðningsmönnum í þessu máli. Þegar greiðslubyrðin var áætluð um 10% af heildargjaldeyristekjunum, var talið, að þar með hefði skapazt ákaflega alvarlegt ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar. Nú segja þeir að vísu, að hér sé um allháar tölur að ræða, þegar þeir tala um greiðslubyrði. Ég vildi vekja athygli á þessu, en ætla ekki a. m. k. að svo stöddu að ræða það meira, enda vil ég greiða fyrir því, að mál þetta hafi sem greiðastan framgang í gegnum þingið, eins og óskað hefur verið eftir.

Aðalástæðan til þess, að ég gaf út sérstakt nefndarálit um frv., er sú, að það er ágreiningur í fjhn. um aðferð við skiptingu á lánsfénu. Upphaflega var gert ráð fyrir því í frv., að ríkisstj. ein skipti lánsfénu milli einstakra framkvæmda. Í Ed. var hins vegar gerð sú breyting, að skipting lánsfjárins skyldi ákveðin í samráði við fjvn. Alþingis, áður en þessu þingi lýkur, sem nú er að störfum. Ég tel, að þessi breyting sé til bóta. En þó ætti að koma þessu öðruvísi fyrir. Ég tel alveg sjálfsagt, að Alþingi skipti lánsfénu með sérstökum lögum. Þó að ekki sé hægt að gera það nú, um leið og þetta frv. er afgreitt, kemur það ekki að sök. Það ætti að vera hægt að setja sérstök lög um skiptingu lánsfjárins síðar á þessu þingi. Það er því till. mín, herra forseti, eins og fram kemur á þskj. 137, að frv. verði samþ. með þeirri breyt. á 2. gr. þess, að þar verði sett inn: „Alþingi ákveður með sérstökum lögum skiptingu lánsfjárins.“ Og komi það í staðinn fyrir núv. 1. málslið í 2. málsgr. 2. gr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. minni hl. fjhn. flytur till. um það, að skipting þessa lánsfjár skuli ákveðin með sérstökum lögum. Í málflutningi og rökstuðningi fyrir þessari skoðun, bæði í þessari hv. d. og hv. Ed., hefur það komið mjög fram og verið eiginlega slegið föstu, að það sé venja, þegar Alþingi samþykki lög um heimild til lántöku, að þá sé skipting lánsfjárins ákveðin með lögum einnig. Vegna þessara margendurteknu staðhæfinga og að gefnu tilefni frá þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, og rökstuðningi hv. þm. þykir mér rétt aðeins að rifja upp nokkur dæmi til að sýna hv. þdm., að þessar staðhæfingar framsóknarmanna eiga ekki við nein rök að styðjast.

Ef það væri föst venja að skipta lánsfé með lögum, væri auðvitað mjög óeðlilegt að fara að rjúfa þá venju, en þessar staðhæfingar hafa sem sagt ekki við rök að styðjast.

Samkv. stjórnarskránni má ekki taka lán, sem skuldbindur ríkið, nema með sérstakri lagaheimild. Á því er þess vegna enginn vafi, að lántökuheimildin þarf að vera í lögum. Hins vegar er hvorki stjórnarskrárákvæði né nokkrar venjur um það, að skipting lánsfjárins til þeirra stofnana eða aðila, sem eiga að njóta þess, skuli vera löggjafaratriði. Ég hef athugað nokkur lög um þessi efni og skal hér nefna hv. þdm. ýmis lög frá undanförnum árum, þar sem þetta kemur skýrt fram.

Árið 1932 voru samþ. lög um lántöku fyrir ríkissjóð, að taka lán allt að 12 millj. kr. Í lögunum eru engin ákvæði um skiptingu lánsfjárins eða til hvers það skuli notað.

Í lögum nr. 16 frá 1933 er heimild til að taka allt að 100 þús. sterlingspunda lán, og í lögunum er ekkert sagt um notkun lánsfjárins.

Í lögum nr. 19 frá 1935 fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán allt að 7½ millj. kr., ekkert ákveðið um notkun lánsfjárins.

Lög nr. 66 frá 1935 eru heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán allt að 11 millj. 750 þús. kr. Lögin setja engin skilyrði eða ákvæði um notkun fjárins.

Lög nr. 58 frá 1937 heimila ríkisstj. að taka allt að 3 millj. kr. lán, ekkert sagt um notkun fjárins.

Í lögum nr. 42 frá 1938 er heimild fyrir ríkisstj. til að taka allt að 5 millj. kr. lán og enn fremur til að taka 7 millj. kr. lán, eða samtals 12 millj. kr. Í lögunum er ákveðið, að 1 millj. kr. af þessari upphæð skuli varið til verksmiðjubyggingar á Raufarhöfn, en að öðru leyti eru engin ákvæði í lögunum um ráðstöfun lánsfjárins.

Í lögum nr. 92 frá 1952 er ákveðið að taka að láni 22 millj. kr. og endurlána stofnlánadeildum Búnaðarbankans, og má því segja, að hér sé ákveðið í meginatriðum um notkun lánsfjárins, en hins vegar ekkert ákveðið í lögunum um skiptingu milli byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs. 1956 og 1957 voru samþ. heimildir til að taka tvö svokölluð ICA-lán í Bandaríkjunum, hið fyrra 4 millj. og hið síðara 5 millj. Framkvæmdabankinn annaðist þessa lántöku fyrir hönd ríkisstj. En ákvörðun um skiptingu þessa lánsfjár, samtals 9 millj. dollara, tók ríkisstj. án þess, að málið væri borið undir Alþingi. Sama er að segja um lán, sem tekið var hjá Kreditanstalt für Wiederaufbau í Þýzkalandi að upphæð 8½ millj. þýzkra marka. Í lögum var ekkert ákveðið um það, hvernig skipta skyldi fénu. Og sú ríkisstj., sem sat á þessum tíma, svokölluð vinstri stjórn, ráðstaf-

aði þannig án þess að bera það undir Alþingi 9 millj. dollara ICA-láni og 8½ millj. þýzkra marka.

ICA-lánin svokölluðu voru aftur tekin árin 1959—60, að fjárhæð 6 millj. dollara, en reyndust í ísl. kr. um 200 millj. Til skýringar má geta þess, að á nokkurn hluta þessara lána kom yfirfærslugjaldið 55%, en nokkur hluti þeirra var tekinn eftir gengisbreytinguna 1960. Af þessari fjárhæð, um 200 millj. kr., ráðstafaði Alþingi í 22. gr. fjárlaga fyrir 1959 98 millj., en því, sem eftir var, ráðstafaði ríkisstj. án afskipta Alþingis og án þess að ég minnist þess, að sérstakar óskir kæmu fram frá Alþingi um, að því yrði ráðstafað með lögum.

Vörukaupalánin bandarísku, sem kennd eru við PL-480 og hafa verið tekin í allmörg ár og nema háum upphæðum, eru tekin af ríkisstj., að vísu að forminu til af Framkvæmdabankanum fyrir hennar hönd, en skipting á þeim lánum hefur aldrei verið borin undir Alþingi. Þeim hefur eingöngu verið ráðstafað af þeim ríkisstj., sem setið hafa hverju sinni.

Ég nefni þessi dæmi til þess að sýna hv. þm. svart á hvítu, að þessar fullyrðingar hv. framsóknarmanna um, að það sé föst venja að ráðstafa lánsfé með sérstökum lögum, hafi ekki við neitt að styðjast. Í sambandi við þessi lög, sem ég hef hér rakið, skal ég geta þess þó til skýringar, að stundum hefur komið fram í grg. eða athugasemdum frv. í meginatriðum, hvernig ætti að ráðstafa fénu. Hins vegar hefur það ekki nærri alltaf komið fyrir. Og aðalatriðið er hitt, að það stenzt ekki, að þetta hafi verið eða eigi að vera löggjafaratriði.

Þótt ríkisstj. hefði vel getað í samræmi við venju í ýmsum tilfellum undanfarin ár og ekki sízt með fordæmi frá þeirri nafntoguðu vinstri stjórn ráðstafað þessu fé án afskipta annarra, hefur hún samt sem áður lagt til, og það var samþ. í hv. Ed., að ráðstöfun fjárins skyldi gerð í samráði við fjvn., til þess að fulltrúar Alþ. og fulltrúar allra flokka fengju þannig aðstöðu til að fylgjast með því.

Hv. frsm. minni hl. hóf mál sitt á að greina frá því, að vegna gengisbreytingarinnar þyrfti nú svo stórt framkvæmdalán eins og hér væri farið fram á vegna þess, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hefðu gert það að verkum, að allar framkvæmdir væru miklu dýrari og þess vegna miklu meiri þörf en áður fyrir erlent lánsfé. Náttúrlega þarf ekki að skýra það fyrir hv. þingheimi, að sú gengisbreyting, sem lögfest var í febr. 1960, var náttúrlega að efni til orðin áður en þessi ríkisstj. tók til starfa. Gengið var fallið og það stórkostlega í tíð vinstri stjórnarinnar. Það, sem hér gerðist, var fyrst og fremst staðfesting á gengisfalli, sem hafði orðið áður og raunverulega var miklu meira en þær tvær grímuklæddu gengislækkanir gáfu til kynna, er vinstri stjórnin beitti sér fyrir. En það er nú annað atriði. En varðandi fjárþörf til verklegra framkvæmda er hér um mikinn misskilning hjá hv. þm. að ræða, vegna þess að einmitt vegna efnahagsaðgerðanna þarf nú hlutfallslega minna erlent fé til framkvæmda en áður, og það stafar af því, að fyrir efnahagsaðgerðirnar hefur sparifjármyndun í landinu vaxið svo miklu meira en nokkru sinni áður í sögu landsins, að bankar og sparisjóðir hafa tiltölulega miklu meiri möguleika nú og á næstunni til þess að lána til fjárfestingar og verklegra framkvæmda, og þess vegna þarf hlutfallslega minna af erlendu fjármagni en áður. Staðreyndirnar eru vafalaust þær, að það er þveröfugt við það, sem þessi hv. þm. vill vera láta.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. fór langt aftur í tímann, 30 ár aftur í tímann, og byrjaði þar að athuga um lán, sem tekin höfðu verið erlendis, og svo allmörg lán síðan, og sagði, að í nokkrum tilfellum, sem hann taldi, hefði ekki verið ákveðið í lögum, sem heimiluðu lántökuna, hvernig lánsfénu skyldi varið í einstökum atriðum. Ég held, að óhætt sé að segja, að sagan sé ekki nema hálfsögð hjá hæstv. ráðh. Hann gat ekkert um lántökur, sem hafa átt sér stað, þar sem það hefur verið ákveðið í lögum, til hvers lánsfénu skyldi varið. Ég hef aldrei haldið því fram, að það hafi verið undantekningarlaus regla að hafa ákvæði um slíkt í lögum. En hinu vil ég halda fram, að það sé eðlilegri aðferð, að Alþingi ákveði þetta, sérstaklega þegar um allverulega fjárhæð er að ræða, eins og hér er um rætt.

Þá gerði hæstv. ráðh. aths. við það, sem ég sagði í minu nál. og einnig í framsöguræðu minni, að vegna þeirrar miklu rýrnunar, sem orðið hefur á verðgildi íslenzku krónunnar á þessu kjörtímabili, sé meiri þörf fyrir erlent lánsfé til framkvæmda hér en ella hefði orðið. Ég held, að þetta sé alveg ljóst mál og aths. hæstv. ráðh. um þetta hljóti að vera byggð á misskilningi. Það liggur alveg í augum uppi, að þegar peningaeignir landsmanna eru gerðar svo miklu verðminni en þær áður voru, þá nægja þær langtum síður til nauðsynlegra framkvæmda í landinu, og afleiðingin verður sú, að það er enn meiri þörf fyrir lánsfé en áður til þessara framkvæmda.

Hæstv. ráðh. segir, að gengisbreytingin, sem gerð var 1960, hafi að efni til verið orðin til áður. Þetta er ekki rétt nema að litlu leyti hjá hæstv. ráðh. Það var reiknað út af sérfræðingum núv. ríkisstj. um þær mundir, sem hún tók við völdum, að það mundi þurfa um 250 millj. kr. í einhvers konar tekjuauka til atvinnuveganna, til framleiðslunnar, til þess að hún fengi staðizt. En það, sem gert var með gengisbreytingunni í febr. 1960, var, að það var a. m. k. fjórum sinnum hærri upphæð færð til, ef svo mætti segja, í þjóðfélaginu með krónulækkuninni. Það voru lagðar þar á almenning í ýmsu formi margfalt þyngri byrðar en sérfræðingar þeirrar sömu stjórnar höfðu reiknað út að brýn þörf væri fyrir. Og svo bætist þar við gengisbreytingin 1961, sem flestir munu nú orðið vera sammála um að hafi verið mikið glappaskot. Hún var óþörf með öllu.

Hæstv. ráðh. segir, að innstæðurnar í bönk-

um hafi aukizt hlutfallslega meira en áður á þessu tímabili, og þakkar það efnahagsráðstöfunum núv. ríkisstj. Það er ekkert hægt að segja um það, hvernig sú þróun hefði orðið, hvað hefði safnazt af sparifé, ef skynsamlegar hefði verið haldið á efnahagsmálunum en gert hefur verið. Það kann að vera, að krónurnar hefðu orðið eitthvað færri, en þá verðmeiri aftur á móti. Og eins og ég benti á áður, liggur alveg ljóst fyrir, að þegar innstæður eru lækkaðar svo ákaflega mikið í gildi sem hér hefur gert verið, þá nægja þær miklu síður en áður til nauðsynlegra framkvæmda, og það eykur þörfina fyrir erlent lánsfé.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í framsöguræðu minni hér í gær gat ég þess, að vextir og afborganir af erlendum lánum Íslendinga mundu nema á þessu ári um 550 millj. kr. Hv. frsm. minni hl. vék að þessu í ræðu sinni áðan, og ég tel rétt, að hér komi fram þær réttu tölur í þessu efni, hundraðstölur um þessa greiðslubyrði, því að þær tölur, sem hann notaði þar, eru ekki alveg réttar.

Það er þannig, að greiðslubyrðin á s. l. ári, árinu 1961, þ. e. a. s. afborganir og vextir, var 524 millj. kr. Þá voru gjaldeyristekjur landsins í heild um 4530 millj. Greiðslubyrðin varð því á s. l. ári um 11.5%. Nú í ár munu afborganir og vextir, eins og ég gat um í gær, nema um 550 millj. kr., og þá má áætla, að heildargjaldeyristekjur þjóðarinnar verði um 5000 millj., en það þýðir, að greiðslubyrðin er þá um 11% í ár af heildargjaldeyristekjunum eða nokkru lægri en á s. l. ári.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Út af þessari aths. hæstv. fjmrh. vil ég benda á, að það, sem ég sagði hér um greiðslubyrðina 1962, tók ég úr ræðu, sem formaður og frsm. fjhn. í Ed., hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, hélt um þetta mál, sem hér liggur fyrir, þegar það var til umr. í Ed. í fyrradag. Ég hlýddi á þessa ræðu, og þetta, sem ég vitna hér í, er einnig birt í Morgunblaðinu í gær í frásögn af ræðu hv. 11. þm. Reykv. Það er þannig orðrétt samkv. frásögn Morgunblaðsins, og ég tel, að hún muni vera rétt. Ég hlustaði, eins og áður sagði, á þessa ræðu í Ed. Hv. þm. sagði: „1962 er greiðslubyrðin 553 millj. kr. eða milli 15 og 20% af heildargjaldeyristekjum, svo að um allháar tölur er að ræða á næstu árum.“ Það var þessi heimild, sem ég hafði, þegar ég ræddi um greiðslubyrðina í ár.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umr. um gengismálið, en ég vildi aðeins vekja athygli á einu atriði í þessu sambandi, og það er það, að ef ríkisstj. ráðstafar þessu fé ein, vita byggðarlög úti á landi lítið um, hvort þau muni eiga kost á lánum til hafnargerða og annarra slíkra framkvæmda. Vitanlega ræður viðkomandi ríkisstj. á hverjum tíma, hvernig fé er úthlutað, alveg jafnt hvort sem hún gerir það sjálf, hvort hún gerir það í samráði við fjvn. eða þingið, því að á hverjum tíma er ríkisstj. vitanlega í meiri hl. Það veldur því sennilega, að ríkisstj. vill síður leggja þetta fyrir þingið, að slíkt tefji málið, að það verði miklar umr. um það og þóf. En eðlilegast er vitanlega, að Alþingi ákveði svona hluti. Ríkisstj. ræður eftir sem áður, því að stjórnarflokkarnir eru jafnan í meiri hl. En gallinn við þetta er, ef er pukrað með þetta um of, að viðkomandi byggðarlög úti á landi geti ekki komið á framfæri óskum sínum. Ég skal játa, að vitamálastjóri hefur yfirsýn yfir hafnarmál að nokkuð miklu leyti. En þó er það svo á hverjum tíma, að ég hygg, að byggðarlög úti á landsbyggðinni óskuðu eftir því að vita af, ef kostur væri á fjárveitingum, annaðhvort til hafnarmála, rafmagnsmála eða annarra nauðsynjamála, svo að þau gætu komið óskum sínum á framfæri. Það er ekki deilt um það, hvort ríkisstj. eða stjórnarflokkarnir eigi að ráða eða ekki, heldur að menn viti um þetta, viti um, að það er kostur á einhverju fé til framkvæmda. Þá gefst öllum kostur á að koma á framfæri sínum sjónarmiðum og sínum óskum.

Þetta er aðalatriðið að mínu áliti. Ég hef heyrt, að það hafi verið úthlutað fé til hafnarframkvæmda, lánsfé eða framlögum, án þess að þingið vissi um það. Ég hef ekki kynnt mér það svo rækilega, að ég viti, hve mikið þetta er, en ég tel æskilegt, að það gangi jöfnuður þannig yfir, að í hvert sinn, sem kostur er á einhverju fé, hafi allir aðilar jafnan rétt til að kynna sér þann möguleika, sem þeir hafa til þess að afla sér fjár til framkvæmda. Að öðru leyti er ég samþykkur því og greiði atkv. með því, að þetta lán sé tekið. Ég efast ekki um, að það er nóg þörf fyrir það. Það er margt ógert. En það er fyrst og fremst þetta sjónarmið, sem ég vil koma á framfæri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 137 felld með 18:15 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. lét ég orð falla hér um það, að ég teldi að vísu nokkra bót í þeirri breyt., sem gerð var á frv. við afgreiðslu þess í Ed., þar sem ákveðið var, að skipting lánsfjárins skyldi gerð í samráði við fjvn. En ég hefði þó talið mun betra, að ákveðið hefði verið, að fjvn. gerði till. um skiptinguna til ríkisstj., þannig að hér væri ekki aðeins um ómerkilegt forms-

atriði að ræða gagnvart fjvn., þar sem þessi orð segja í sjálfu sér svo lítið, hvað liggur á bak við þetta: „í samráði við.“ Ég vildi því leyfa mér að flytja hér skrifl. brtt. um þetta atriði, sem er á þá leið, að upphaf 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

„Ríkisstj. ákveður skiptingu lánsfjárins að fengnum till. fjvn. Alþingis“ o. s. frv.

Ef hæstv. fjmrh. lýsti því hér yfir, að hann mundi vilja viðhafa þessa aðferð, sem gert er ráð fyrir í till. minni, um framkvæmdir í þessum efnum, mundi ég að sjálfsögðu draga till. til baka. En ég tel, að hér sé allverulegur munur á, og vildi því leyfa mér að flytja svona till. og fá úr því skorið, hvort ekki er ætlunin, að fjvn. geri beinlínis till. um skiptinguna til ríkisstj., svo að þingnefnd fái virkilega að fjalla um málið og þannig að skoða öll þau gögn, sem till. verða raunverulega byggðar á. Ég vildi leyfa mér að leggja fram þessa skriflegu brtt. og óska, að hún verði tekin fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 139) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég fæ ekki séð, að það séu heppilegri vinnubrögð í þessu máli, að frumkvæðið sé hjá fjvn. heldur en hjá ríkisstj. Ég geri ráð fyrir því og að sjálfsögðu felst það í þessu orðalagi frv., eins og það er nú, að samráð verður haft við fjvn., að hún getur auðvitað fengið þau gögn og upplýsingar, sem hún óskar eftir, og komið að þeim aths., óskum og brtt., sem hún vill. Ég held, að það sé affarasælast fyrir málið að gera ráð fyrir því, eins og það er orðað nú í frv., að ríkisstj. og fjvn. hafi samráð.

ATKVGR.

Brtt. 139 felld með 17:11 atkv.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 141).

2. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um margra ára skeið hafa ýmis lagaákvæði um gjaldaviðauka verið framlengd frá ári til árs. Að meginefni er þetta frv. samhljóða slíkum frumvörpum á undanförnum árum. Í 1. gr. þess er framlengd heimildin til að innheimta með viðauka stimpilgjald, leyfisbréfagjöld og gjald af innlendum tollvörutegundum. Í 3. gr. eru framlengd ákvæði um bifreiðaskatt, innflutningsgjald af hjólbörðum o. fl. Í 4. gr. er framlengt álag á vörumagnstoll og verðtoll, enn fremur 1% gjald til byggingar tollstöðva í landinu. Í niðurlagi 4. gr. er einnig framlengd heimildin til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörum. Í 5. gr. er svo gert ráð fyrir að framlengja fyrir árið 1963 ákvæðin um 8% viðbótarsöluskatt og enn fremur skuli gilda til ársloka 1963 lög nr. 60 frá 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Í sambandi við þetta síðasttalda mál, sem eðlilega hefur ekki fyrr verið í þessum frumvörpum, vil ég taka það fram, að í nóvembermánuði síðastliðnum var ákveðið að lækka aðflutningsgjöld á allmörgum vörutegundum, sem háir tollar höfðu verið á áður. Var þá tekið fram, að þetta væri gert í tilraunaskyni. Tilgangurinn var sá að lækka í verði verulega ýmsar vörur og í annan stað að reyna að draga úr þeim mikla ólöglega innflutningi eða smygli, sem allir vissu að átti sér stað á ýmsum hátollavörum. Það var ákveðið, að lögin skyldu gilda til ársloka 1962. Í 5. gr. þessa frv. er lagt til að framlengja þessi ákvæði um lækkun tollanna, þannig að þau gildi einnig fyrir árið 1963.

Í sambandi við þessa tilraun má geta þess, að hefði innflutningur haldizt óbreyttur áfram að magni til á þeim vörutegundum, sem tollar voru lækkaðir á, mátti búast við því, að ríkissjóður mundi tapa á þessum tollalækkunum 40—50 millj. kr. á ári. Eins og gert var ráð fyrir, þegar frv. var samið og flutt, hefur þetta reynzt á annan veg. Hagstofan hefur tekið saman, hverjar tekjur ríkissjóður hefur haft af þessum tilteknu vörum, sem tollar voru lækkaðir á, fyrstu 6 mánuði ársins 1961 og fyrstu 6 mánuði ársins 1962, eftir að tollalækkunin var komin til framkvæmda. Niðurstaðan var sú, að í stað þess, að ríkissjóður missti tekjur af þessari tollalækkun, urðu tekjur hans eftir tollalækkunina af þessum sömu vörum 17½ millj. kr. meiri á þessu 6 mánaða tímabili.

Síðan núv. stjórn tók til starfa, hefur verið unnið að allsherjarendurskoðun tollskrárinnar með það fyrir augum að samræma og sameina þau mörgu aðflutningsgjöld, sem nú eru í gildi. Það er gífurlegt verk, sem þar hefur verið unnið, og því er ekki að fullu lokið. En ég vænti þess, að frv. til nýrrar tollskrár verði unnt að leggja fyrir þetta þing, er nú situr. Þegar nú tollskrá tekur gildi, hvort sem það getur orðið um næstu áramót eða síðar á árinu 1963, mundi það hafa þá þýðingu, að ýmis ákvæði í því frv., sem hér liggur fyrir, kæmu ekki til framkvæmda. En meðan ekki er vitað um afgreiðslu tollskrárinnar, hvenær unnt verður að ljúka meðferð hennar á þingi og láta hana taka gildi, þykir ekki annað fært en leggja til við Alþingi, að framlengd verði þau ákvæði, sem ræðir um í þessu frv.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að minnast á eitt ákvæði í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er ákvæði 5. gr. um það, að gilda skuli til ársloka 1963 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt. Ég kemst ekki hjá því að rifja upp forsögu þessa ákvæðis í örfáum orðum.

Það er upphaf þeirrar sögu, að í grg. fyrir fjárlagafrv. árið 1960, sem lagt var fram í janúarlok 1960, var orðrétt sagt:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi."

Sá boðskapur var svo endurtekinn í viðreisnarbæklingnum viðkunna, sem út var gefinn og útbýtt var á ríkissjóðs kostnað, enda þótt hann væri í raun og veru ekkert annað en áróðursrit fyrir stjórnarstefnuna. En Adam var ekki lengi í Paradís. Í marzmánuði 1960 lagði hæstv. ríkisstj. fram frv. sitt um söluskatt. Þá var komið annað hljóð í strokkinn. Í því frv. var svo fyrir mælt, að á árinu 1960 skyldi innheimtur viðbótarsöluskattur af innflutningi, 8%, þ. e. a. s. til viðbótar hinum almenna 7% söluskatti af innflutningi, sem haldast skal áfram. Sú viðbótarskattlagning var þá fyrst og fremst eða sérstaklega rökstudd á þann hátt, að vegna þess að hinn almenni 3% síðasta sölustigs skattur kæmi ekki til framkvæmda, fyrr en fjórðungur ársins 1960 væri liðinn, þá hrykki sá almenni skattur ekki á því ári til að gefa þær tekjur, sem gert hafði verið ráð fyrir. Þess vegna hefði verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, er á vantaði, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur og væri lagt til, að sú hækkun gilti til ársloka 1960. Í síðari umr. um þetta mál hefur hæstv. fjmrh. að vísu nefnt til fleiri ástæður, sem hafi valdið því, að horfið var að þessari viðbótarskattlagningu. En á þær ástæður, sem hæstv. fjmrh. hefur þannig viljað færa fram til réttlætingar þessari viðaukaskattlagningu, höfum við framsóknarmenn ekki getað fallizt. Hvað sem líður þessum öðrum ástæðum, sem síðar hafa nokkuð verið tíndar til sem rök fyrir þessum viðaukasöluskatti, þá hygg ég, að ekki verði deilt um, að í öndverðu var áherzlan lögð á það atriði, sem ég áðan nefndi.

Það má að vísu vel vera, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gefið um það berum orðum yfirlýsingu, að þessi viðbótarsöluskattur yrði alls ekki framlengdur. En forsaga málsins, sjálft heiti skattsins eða skipan hans í bráðabirgðaákvæðakafla laganna og rök þau, sem einkum voru færð fram til réttlætingar honum, hlutu að vekja þær vonir hjá mönnum, að um framlengingu hans yrði alls ekki að ræða. Og víst er um það, að ríkisstj. eða hennar starfsmenn hafa sagt þeim norska efnahagsmálaráðunaut, sem hingað var kvaddur á sínum tíma, Per Dragland, að þessi söluskattshækkun væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun, því að hann segir, þessi efnahagssérfræðingur, í sinni skýrslu, sem hann gaf eftir dvöl sína hér á landi og athugun á efnahagskerfinu, að þessi söluskatts-hækkun væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Hann segir það alveg beinlínis í sinni skýrslu. En þessi norski sérfræðingur var, eins og menn rekur minni til, sem séð hafa skýrsluna, ekkert sérstaklega hrifinn af þessum söluskatti. Segir í þessari skýrslu, að er hægt verði aftur að lækka skattinn, muni það eftir þeim upplýsingum, sem hann hafi fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskyldu.

En í árslok 1960 urðu þeir menn, sem treyst höfðu fyrirheitum hæstv. ríkisstj. að þessu leyti, fyrir sárum vonbrigðum. Þá var lagt fram frv. um framlengingu á viðbótarsöluskattinum fyrir árið 1961, og það samþykktu stjórnarflokkarnir, eins og vænta mátti. Haustið 1961 var svo ákveði um framlengingu skattsins fyrir árið 1962 skotið inn í þetta hið árlega framlengingarfrv., — framlengingarfrv. um nokkra tekjustofna, — sem hér liggur nú fyrir. Þannig átti eiginlega, að því er virðist, að smygla þessum viðbótarsöluskatti inn á landsfólkið. Það átti með þeim hætti að reyna, ef hægt væri, að færa eins konar gleymskuhjúp yfir forsögu málsins og fyrri fyrirheit. Og vitaskuld samþykkti þinglið hæstv. ríkisstj. þennan hátt á og framlengdi skattinn með þessum hætti s. l. haust, en þar með var í raun og veru undirstrikað og staðfest, að skattur þessi skyldi gilda til frambúðar, þótt þetta form væri valið, að framlengja hann frá ári til árs. Á það bentum við stjórnarandstæðingar á þingi í fyrra við umr. um málið þá. Og við höfum reynzt sannspáir um það atriði eins og fleira.

Ég hef talið rétt og óhjákvæmilegt að rifja þessa forsögu aðeins upp með þessum örfáu orðum við 1. umr. þessa máls. Þessi saga, sem ég hef hér sagt í fáeinum orðum, er vissulega sorgarsaga. Og það má segja, að það sé allt annað en skemmilegt að vera að rifja upp annarra yfirsjónir. En hjá því verður nú ekki komizt, m. a. vegna þess þjóðardóms, sem fram undan er í kosningum næsta vor, enda er þetta mál í raun og veru, þegar betur er að gætt, aðeins eitt dæmi þeirra mörgu mistaka, sem ferill núv. hæstv. ríkisstj. er varðaður.

Hér er vissulega ekki um lítilfjörlega skattheimtu að ræða. Samkv. framlögðu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að þessi skattur nemi um 259 millj. og 400 þús., ef ég hef tekið rétt eftir. Það liggur í augum uppi, að þessi skattur er því mjög þungbær á öllu landsfólkinu. Og því verður vitaskuld ekki á móti mælt, að það væri mjög mikill léttir, ef hægt væri að létta þessum skatti af. En ég vil samt sem áður ekkert fullyrða um það á þessu stigi, hvort það er í raun og veru fært nú, eins og allt er í pottinn búið, að hverfa frá þessum skatti. Það verður að athugast í nefnd þeirri, sem fær málið til meðferðar, og það verður vitaskuld að athugast með hliðsjón af allri fjárlagaafgreiðslunni. Það mun sannast hér, að það er hægara að innleiða skatta en að létta þeim af.

Þó að ég hafi rakið þessa miður skemmtilegu forsögu málsins í örfáum orðum og þó að

þessi skattur sé vissulega þungbær, þá er það þó kannske ekki í sjálfu sér aðalatriðið í þessu máli, heldur er höfuðatriðið að mínum dómi það, að þessi skattlagning í öndverðu og framlenging hennar síðan frá ári til árs er afleiðing stjórnarstefnu, sem reynzt hefur röng í grundvallaratriðum og líklega mundi vera algerlega strönduð, ef ytri aðstæður hefðu ekki verið sérlega hagstæðar á því tímabili, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur setið að völdum.

En í sambandi við þetta mál verður heldur ekki komizt hjá því að benda aðeins á þá gífurlegu blekkingu, sem sífellt er endurtekin í málgögnum hæstv. ríkisstj. varðandi skattamál. Það verður sem sé ekki komizt hjá því að benda á hina gífurlegu aukningu óbeinna skatta, sem átt hefur sér stað í tíð núv. hæstv. ríkisstj., og þegar litið er á þá gífurlegu tolla- og skattahækkun, þá er það augljós blekking, þegar málgögn stjórnarinnar hæla henni fyrir skattalækkanir, þó að beinir skattar hafi að vísu verið nokkuð lækkaðir. En það má öllum vera ljóst, að með því er ekki nema hálfsögð sagan. Þar á móti koma miklu meiri hækkanir óbeinna skatta.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er sem sagt enn vottur um algert skipbrot viðreisnarstefnunnar, sem frá upphafi var fullkomið glæfraspil litils þingmeirihluta og enn tæpari þjóðarmeirihluta í raun og veru. Sannleikurinn er sá, að reynslan hefur sýnt, og það munu æ fleiri skilja, að efnahagsmálum hér á landi verður ekki sæmilega stjórnað nema með víðtæku samstarfi meðal þjóðarinnar og meðal stjórnmálaflokkanna.

Af því, sem ég hef hér sagt, leiðir að sjálfsögðu það, að við framsóknarmenn munum telja eðlilegt, að mál þetta sé athugað gaumgæfilega í nefnd, og munum greiða atkv. með því, að því sé vísað til 2. umr. og nefndar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það lægi eiginlega mjög nærri fyrir þá, sem hlýddu á ræðu hv. þm., að álíta sem svo, að þetta frv. fjallaði eingöngu um syndir og yfirsjónir núv. ríkisstj. og framlengingu á sköttum og gjöldum, sem hún hafi fundið upp og á lagt. Nú liggur málið hins vegar þannig fyrir, að þetta frv. fjallar fyrst og fremst um það að framlengja skatta og skattaviðauka frá fjármálaráðherratíð núv. formanns Framsfl. Það er meginefni frv. Ég skal viðurkenna, að mér er það heldur óljúft verk að þurfa að leggja til að framlengja þetta allt saman, en það er þó nokkur huggun harmi gegn, að við eigum von á nýrri tollskrá bráðlega, sem mun gera það kleift að losna við mikið af þessu, sem hér er lagt til að framlengja.

Það er eitt atriði, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni, og það er 8% söluskattur á innflutningi. Vegna ummæla, sem fallið hafa, ekki sérstaklega hjá honum, en hjá ýmsum öðrum stjórnarandstæðingum í sambandi við það mál, mætti ætla, að hér væri um sérstaklega ranglátan skatt að ræða, sem legðist þyngra á landsfólkið en yfirleitt aðrir skattar eða tollar. Nú er það þannig, að innflutningssöluskattur var hér fyrst á lagður fyrir 14 árum, 1948, og hefur verið hér í gildi síðan og var 7%, þegar síðustu stjórnarskipti urðu. Það, sem gerðist með þessum viðbótarsöluskatti, var ekki að breyta á neinn hátt grundvelli hans eða því, á hvaða vörur hann legðist, heldur var það hækkun á prósentunni. Þetta er rétt að taka fram, vegna þess að ummæli ýmissa hv. stjórnarandstæðinga hafa gefið tilefni til algers misskilnings um þetta efni. Að eðli til er innflutningssöluskatturinn, sem hér er um að ræða, þessi 8%, alveg eins og sá, sem áður hafði verið í gildi og er enn. Hitt er svo rétt, að þegar núv. stjórnarflokkar tóku við, var þessi innflutningssöluskattur 7%, en síðan var á lagður 8% skattur til viðbótar.

Nú er það meginefni máls hv. þm., að hér hafi verið brugðizt fyrirheitum um, að þessi skattur skyldi aðeins gilda fyrir árið 1960. Í þessari hv. d. hefur þetta mál verið margrakið áður og þessi fullyrðing marghrakin. En vegna tilefnis frá hv. þm. er rétt að segja þessa sögu eins og hún gekk fyrir sig, en ekki þá lituðu og villandi útgáfu, sem Framsfl. telur sér henta að gefa út af þessari sögu ár eftir ár.

Í fyrsta lagi er vitnað í ummæli í grg. fjárlagafrv. fyrir 1960, þar sem segir á þá leið, að ekki sé áformað að hækka aðflutningsgjöld eða innflutningssöluskatt. Þetta er rétt, það stendur í frv. Það er líka rétt, sem þar stendur. Þegar fjárlagafrv. var samið um áramótin 1959—60, var ekki áformað að hækka aðflutningsgjöldin, heldur var þá áformað að ná þeim tekjum til handa ríkissjóði, sem á vantaði til að brúa bilið milli tekna og gjalda, með almennum söluskatti, smásöluskatti. Tillögum um hann og undirbúningi að þeim smásöluskatti var ekki lokið, þegar fjárlagafrv. var samið og frá því gengið og grg. þess. Þegar þeim undirbúningi var langt komið eða næstum lokið, kom í ljós, að sá smásöluskattur mundi þurfa að vera væntanlega um 5% í stað þeirra 3%, sem ákveðin voru, til að ná þessum tekjum, í öðru lagi þyrfti hann að ná til miklu fleiri vörutegunda en niðurstaðan varð að lokum, og í þriðja lagi, að ekki var unnt að lögfesta þennan smásöluskatt fyrr en þriðjungur ársins var liðinn.

M. ö. o.: þegar þetta þrennt kom saman, að ekki var talið af ríkisstj. og stjórnarflokkunum rétt að hafa þennan skatt hærri en 3%, að talið var í öðru lagi réttmætt og nauðsynlegt að undanþiggja ýmislegt þessum smásöluskatti, t. d. mannvirkjagerð í landinu, og í þriðja lagi, að hann mundi ná aðeins til þriggja ársfjórðunga ársins, var ljóst, að það þurfti að ná meiri tekjum til að brúa þetta bil. Þess vegna var valinn þessi 8% innflutningssöluskattur.

Þar sem allt tolla- og skattakerfi landsins var þá í endurskoðun og hefur verið síðan meira og minna, þótti að sjálfsögðu ekki ástæða til að lögtesta þennan 8% innflutningssöluskatt til nokkurrar frambúðar. Þar sem öll þessi mál voru til gagngerðrar endurskoðunar og eins ríkisfjármálin yfirleitt, þótti að sjálfsögðu rétt að ákveða þessum 8% skatti aðeins tímabundið gildi. Síðan yrði að sjá til, hverjar yrðu tekjuþarfir ríkisins og hverjar yrðu þær breytingar, sem rétt þætti að gera á tolla- og skattalöggjöfinni. Þó að þessum 8% skatti væri valið heitið bráðabirgðasöluskattur, þá er það ekkert nýmæli, eins og við höfum fjölda dæma um frá undanförnum áratugum, að skattar og gjöld hafi verið framlengd frá ári til árs, eins og þetta frv., sem hér liggur fyrir, sýnir einna gleggst, en sams konar frv. og þetta í meginatriðum hefur verið samþykkt hér nú þing eftir þing.

Það kom strax fram í umr. hér á þingi, að stjórnarandstæðingar vildu fá svör við því, hvort það væri ekki loforð um frá ríkisstj. að fella niður þennan skatt í árslok 1960. Og hv. stjórnarandstæðingar fengu skýr svör við því. Ég svaraði því í báðum deildum, að því færi fjarri, að nokkur loforð eða fyrirheit væri unnt að gefa um það, hvort þessi skattur yrði framlengdur eða ekki. Þegar fjárlög fyrir næsta ár, fyrir 1961, yrðu samin og þegar lengra væri komið endurskoðun skatta- og tollalöggjafar, væri hægt að segja eitthvað um þetta, en á því stigi útilokað.

M. ö. o.: þegar því er haldið fram, að fyrirheit hafi verið gefin um að framlengja ekki þennan skatt fram yfir árslok 1960, þá er það rangt og hefur engan stuðning í veruleikanum, því að hér liggja fyrir á Alþingi glöggar og skýrar yfirlýsingar frá minni hendi um það, að engin slík fyrirheit komi til greina, það verði allt að miðast við þá endurskoðun, sem þá stóð yfir, og fara eftir því, hvernig gengi að koma saman fjárlögum fyrir næsta og næstu ár.

Það er svo rétt að bæta því við, að þegar því er nú slegið föstu í ræðum stjórnarandstæðinga, að sú spá þeirra hafi rætzt, að þessi 8% söluskattur mundi verða til frambúðar, þá er þessi staðhæfing líka röng. Það liggur fyrir og hefur verið lýst hér yfir, að þessi 8% söluskattur verður ekki í gildi stundinni lengur en þangað til nýja tollskráin tekur gildi. Þessi skattur hefur verið framlengdur fyrir árið 1961 og 1962. Ef okkur tekst að semja nýja tollskrá og láta hana öðlast gildi um næstu áramót, þá er þessi 8% söluskattur þar með niður fallinn. Og hann gildir og mun ekki gilda lengur en þangað til hún nær gildi, og er því sú staðhæfing ekki rétt, að þessi skattur skuli gilda til frambúðar.

Ég mun svo ekki í sambandi við þetta frv. hefja almennar umr. um stjórnarstefnuna, en hv. þm. taldi, að stjórnarstefnan væri röng. Að sjálfsögðu erum við reiðubúnir til viðræðna við hann og aðra stjórnarandstæðinga um stjórnarstefnuna og hvort muni hagkvæmari fyrir land og lýð sú efnahags- og fjármálastefna, er hér hefur verið nú undanfarin 2½ ár, eða sú niðurrifs- og skemmdarstarfsemi, sem stjórnarandstæðingar hafa haft í frammi. Til þess gefast mörg tækifæri síðar á þessu þingi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um í tilefni af því, að hann skýrði svo frá, að um leið og tollskráin hin nýja kæmi, yrði 8% söluskatturinn lagður niður. Á að leggja þennan skatt niður þannig að kalla hann öðru nafni, eða á að leggja hann raunverulega niður? Ég hef heyrt því fleygt, að það eigi að sameina þennan söluskatt verðtolli og hann eigi að heita tollur. Er það þannig, sem á að leggja söluskattinn niður?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 70 og 75, 76, 77).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. Ed. hefur haft þetta frv. til athugunar, en ekki getað náð fullri samstöðu um afgreiðslu málsins. Eins og fyrirvari hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir meirihlutaálitinu á þskj. 70 ber með sér, svo og nál. hv. 1. þm. Norðurl. e. og brtt., sem þeir báðir hafa borið fram, þá er það þó aðeins eitt atriði í frv., sem ágreiningur hefur orðið um, en það eru ákvæði 5. gr. frv. um framlengingu viðbótarsöluskatts á innfluttum vörum. Með tilliti til þessa sé ég ekki ástæðu til að ræða frv. að öðru leyti en því að gera með örfáum orðum grein fyrir því, að við fulltrúar stjórnarflokkanna í fjhn. treystumst ekki til að styðja það, að viðbótarsöluskatturinn verði að svo stöddu felldur niður. Að vísu er það ekki neitt álitamál, að það væri æskilegt að geta framkvæmt svo verulega lækkun á tollum, sem í því væri fólgin að leggja þennan skatt niður.

Ég sé, að hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur í sínu nál. vitnað í hinn ágæta norska hagfræðing, Dragland, sem fyrr hefur borið á góma í þessari hv. d., en þessi norski hagfræðingur hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri hægt að lækka útgjöld vísitölufjölskyldu um 3%, ef þessi skattur væri felldur niður. Ég dreg ekki í efa, að þessar niðurstöður hafi verið réttar á þeim tíma, og sjálfsagt mundi niðurstaðan verða svipuð, ef sams konar athugun væri gerð hér nú. Það er enginn ágreiningur um það, að með tilliti til þess, að verðhækkanir hafa að undanförnu verið meiri en góðu hófi gegnir, gæti það út af fyrir sig verið spor í þá átt að leysa ýmiss konar vanda í sambandi við efnahagsmálin, ef hægt væri að framkvæma slíka lækkun á verðlaginu.

En málið hefur bara aðra hlið, sem ekki væri raunhæft að loka augunum fyrir. Það er hér alls ekki um óverulegan lið í tekjuöflun hins

opinbera að ræða. En eins og fjárlagafrv. það, sem lagt hefur verið fyrir, ber með sér, er gert ráð fyrir því, að tekjur af þessum viðbótarsöluskatti nemi um 260 millj. kr. Að vísu rennur hluti af því til bæjar- og sveitarfélaga, en tæpast mun það vera undir 200 millj. kr., sem þessi liður nemur í tekjuöflun hins opinbera. Af þessu leiðir auðvitað, að ef fella ætti viðbótarsöluskattinn niður, mundi verða að horfast í augu við eitt af þrennu: Í fyrsta lagi, að það yrði þá að öllu öðru óbreyttu að hækka aðra skatta sem þessu nemur. Í öðru lagi væri auðvitað hægt að hugsa sér að skera niður ríkisútgjöldin um 200 millj. kr. eða því sem næst. Og þriðji möguleikinn, sem fyrir hendi væri, væri sá að hafa tekjuhalla eða greiðsluhalla á fjárlögum, sem þessu næmi. Ég býst ekki við, að nokkur muni mæla með síðast töldu leiðinni, eins og ástatt er í efnahagsmálunum hér á landi nú, eða þeirri að afgreiða fjárlög með mjög verulegum greiðsluhalla. Hitt væri auðvitað hugsanlegt, að hækka einhverja aðra skatta eða tolla til þess að vega upp á móti þeim tekjumissi, sem ríkissjóður yrði fyrir, ef viðbótarsöluskatturinn yrði felldur niður, eða þá að skera niður önnur ríkisútgjöld. En í því efni liggja ekki fyrir neinar tillögur frá hv. stjórnarandstæðingum, sem mæla með því, að þessi viðbótarsöluskattur verði felldur niður. Og meðan ekki liggur fyrir nein grg. um það, hversu leysa skuli þann vanda, sem óhjákvæmilega hlyti að skapast, ef þessi leið væri farin, þá mundi það ekki vera ábyrg málefnaaðstaða að styðja það, að viðbótarsöluskatturinn sé felldur niður, og er þetta ástæðan fyrir því, að við stuðningsmenn stjórnarflokkanna, sem sæti eigum í fjhn., höfum ekki treyst okkur til þess að taka undir þessa kröfu.

Það snertir hins vegar að mínu áliti alls ekki kjarna þessa máls, þegar verið er að hamra á því, að samkv. fjárlagafrv., sem lagt var fram um áramót 1959—60, hafi ekki verið gert ráð fyrir því, að söluskattur á innfluttum vörum þyrfti að hækka. Það, sem máli skiptir, er það, hvort ríkissjóður, miðað við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi, má við því að missa þennan tekjustofn, — ekki, hvað áætlað kann að hafa verið fyrir þremur árum. En annars hefur hæstv. fjmrh. oftar en einu sinni gert svo ýtarlega grein fyrir þessari hlið málsins hér í hv. d. og nú síðast við 1. umr. málsins, að ég tel, að þetta ætti að vera svo upplýst, að óþarfi ætti að vera að ræða það frekar.

Það ber einnig að hafa í huga við afgreiðslu þessa frv., að eins og hæstv. fjmrh. upplýsti við 1. umr., er fyrirhugað, að samin verði ný tollskrárlög á þessu þingi, og auðvitað mundu þau ákvæði þessa frv., sem tollskrána snerta, breytast eða falla niður í samræmi við hana. En á þessu stigi málsins er ekki nein trygging fyrir því, að það frv. verði afgreitt fyrir áramót, og er því óhjákvæmilegt að samþykkja þetta frv.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég átti ekki samleið með meðnm. mínum í hv. fjhn. um afgreiðslu þessa frv. Hef ég skilað séráliti á þskj. 75 og gert þar grein fyrir afstöðu minni. Það, sem ágreiningnum olli við meiri hl. n., eins og hv. frsm. meiri hl. hefur nú líka gert grein fyrir, er 5. gr. frv. Í þeirri grein segir:

„Gilda skulu til ársloka 1963 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttar vörur í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10 1960, um söluskatt."

Framlengingu bráðabirgðaákvæðisins um þennan viðbótarsöluskatt var stungið inn í þetta margþætta, árvissa framlengingarfrv. í fyrra. Annars var viðbótarskatturinn lögleiddur 22. marz 1960 og hafin innheimta á honum í ríkissjóð frá 1. apríl 1960. Átti hann þá, svo sem margoft hefur verið á minnzt, að gegna sérstökum hlutverkum til ársloka 1960, aðalhlutverki, sem tilheyrði því ári. Gaf hann það ár í tekjur samkvæmt ríkisreikningi kr. 126610071.94. Þegar leið að árslokum 1960, taldi hæstv. ríkisstj. sig ekki mega missa þennan skatt árið 1961 og lét liðsmenn sína framlengja hann til ársloka 1961. Voru tekjur af skattinum fyrir það ár áætlaðar 168 millj. kr., en reyndust í innheimtu samkv. ríkisreikningi 1961 kr. 186457547.03.

Fyrir árslokin 1961 kom í ljós, að ríkisstj. taldi sig alls ekki geta lagt upp á árið 1962 án þessa viðbótar-bráðabirgðasöluskatts. Hún sýndist vera orðin svo dauðhrædd við fjárhagskerfi sitt, að hún var búin að gefa upp alla von um, að hún gæti losnað við þessa leiðu fylgju sína. Greip hún þá til þess ráðs að binda hana við gömul framlengingarákvæði, sem eru í þessu frv.

Á fjárlagafrv. fyrir 1962 er viðbótarskatturinn áætlaður 202 millj. kr. Ekki er vitað, hvað hann fer fram úr þeirri áætlun. Á fjárlagafrv. því, sem lagt hefur verið fram fyrir árið 1963, er skatturinn áætlaður 259 millj. og 400 þús. kr. Skattauki þessi hefur frá upphafi verið 8.8% í framkvæmd, en árlegi grundvöllurinn hefur hækkað eins og heildartölurnar, sem ég hef nefnt, bera vott um. Skattauki þessi hefur því gert hvort tveggja að hækka í heild með aukinni dýrtíð og að auka dýrtíðina. Talið var 1960, að afnám hans mundi nema 3% lækkun á lífskostnaði hjá vísitölufjölskyldu, og varla væri það minna nú, eins og líka hv. frsm. meiri hl. gekk inn á áðan í ræðu sinni.

Hæstv. ríkisstj. átti áreiðanlega þau áform, þegar viðbótarskatturinn var settur, að afnema hann eftir árið. Ég efa það ekki. Ýmsir aðrir trúðu því líka, að hún mundi afnema hann að árinu loknu. Hún var í þá árdaga sína bjartsýn á efnahagskerfi hagfræðinga sinna, og sú bjartsýni náði til stuðningsflokka hennar. Hún virtist helzt álíta, að kerfið væri eins konar vél, er gerði að gulli eða gullsígildi allt, sem í hana væri látið. En það hefur nú reynzt öðru nær. Framlenging viðbótarskattsins er

auðvitað aðeins eitt lítið sýnishorn vonbrigðanna af hinu hagfræðilega efnahagsmálakerfi, sem hin svonefnda „viðreisn“ var reiknuð eftir og áætluð samkvæmt.

Fyrsta afmæli sinna góðu áforma í sambandi við viðbótarsöluskattinn hélt hæstv. ríkisstj. upp á með því að framlengja hann, eins og ég sagði áðan, til ársloka 1961. Það var léleg veizla fyrir almenning, sem borgar þennan brúsa, og auðvitað veit ég, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki verið hún geðfelld heldur. Annað afmæli var með sama sniði, nema reynt var að láta minna á því bera með því að gera skattinn þá að lið í bandorminum svokallaða. Nú er þriðja afmæli hinna góðu áforma, og enn á að framlengja þennan bráðabirgðaskatt um eitt ár. Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar ættu að taka rögg á sig og framkvæma nú sín þriggja ára góðu áform að fella þennan skattauka niður. Það er ekki seinna vænna fyrir hæstv. ríkisstj., eins og hún hlýtur að gera sér grein fyrir, vegna þess m. a., að árið 1963 er kosningaár. Dýrtíðin liggur þungt á almenningi, verður þyngri og þyngri með hverjum degi sem líður. Afnám þessa söluskattsauka mundi verða almenningi verulega til léttis.

Ég vil gefa meiri hl. þessarar hv. d. tækifæri til þess að sýna hug sinn í þessu máli. Flyt ég á þskj. 76 brtt. við 5. gr. frv. um, að niður falli þar fyrirmælið um framlengingu viðbótarsöluskattsins. Vitanlega veldur niðurfelling viðbótarsöluskattsins röskun á frv. því til fjárlaga fyrir 1963, sem þingið hefur fengið til meðferðar. En af því að langt er enn til afgreiðslu þess, rétt byrjuð athugun þess, gefst nægur tími til breytinga á því frv.

Ég mæli með því, að frv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, verði samþykkt að öðru leyti en 5. gr. og að hún verði samþykkt með þeirri breytingu, sem ég legg til á þskj. 76 að á henni verði gerð.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hygg, að stefna núv. hæstv. ríkisstj. í skattamálum liggi nokkuð ljóst fyrir, þegar athugaðar eru aðgerðir hennar í þeim málum og afleiðingar þeirra. Hæstv. ríkisstj. lét það verða sitt fyrsta stórvirki næst á eftir gengisfellingunum í febrúarmánuði 1960 að leggja nýjan almennan 3% söluskatt á sölu allra vara eða svo til allra vara og alla þjónustu í landinu. Og með sömu lögum var svo skattur af innfluttum vörum hækkaður um 114%, þ. e. a. s. úr 7.7% í 16.5%. Á þessu sama þingi, þar sem þessu var til leiðar komið, var svo stighækkandi tekjuskattur lækkaður, stighækkun hans minnkuð stórlega til hagsbóta fyrir þá tekjuhæstu, jafnframt því sem óverulegustu upphæðir tekjuskattsins af hinum tekjulægstu voru skornar af. Á síðasta Alþingi var svo tekjuskattsstigi félaga og fyrirtækja lækkaður um 20%, skattfrjálsar arðgreiðslur auknar um 25% og ákveðnar nýjar fyrningarreglur þeim til hagsbóta. Jafnframt þessum breytingum á skattalögunum hafa svo svokallaðir nefskattar, sérstaklega varðandi tryggingamálin, verið hækkaðir mjög stórkostlega, og einnig hefur útsvarslöggjöfinni verið breytt tvívegis í þá átt að minnka stighækkun í álagningu og með því að taka upp söluskatta sem tekjustofna fyrir sveitarfélögin.

Þessar stórfelldu breytingar hafa allar stefnt í eina átt, þ. e. a. s. þá að hverfa í stöðugt ríkara mæli frá því að nota skattakerfið að einhverju leyti til auðjöfnunar og tekjujöfnunar, hverfa frá því að láta þá bera þyngstu byrðarnar, sem mest gjaldþolið hafa, og létta á þeim, sem skarðastan hlut bera frá borði í lífsbaráttunni, sem sagt að hverfa í stöðugt ríkara mæli frá grundvallarsjónarmiðum velferðarríkisins. Afleiðingarnar af þessari stefnu liggja einnig nokkuð ljósar fyrir, en þær hafa verið þær, að skattabreytingarnar hafa verið næst gengisfellingunni langmikilvirkasta aðferðin til þess að spenna í sífellu og með vaxandi hraða upp allt verðlag í landinu, svo að dýrtíðarskriðan hefur aldrei fallið hraðar yfir launastéttirnar en nú á þessu tímabili. Þannig hækkaði vísitala framfærslukostnaðar aðeins á s. l. ári um 12 stig, og á þessu ári verður hækkunin álíka, þegar það er liðið. Vísitala vöru og þjónustu stendur nú, eins og hv. þm. er öllum kunnugt, í 141 stigi, þ. e. a. s. verðlagið hefur hækkað frá því í marzmánuði 1959 um 41%, sem er alveg vafalaust met á jafnskömmum tíma. Til skýringar má geta þess, að þetta mundi svara til 82 stiga samkv. þeirri vísitölu, sem gilti fyrir valdatöku þessarar ríkisstj., samkv. gömlu vísitölunni. Og það örlar hvergi á því, að hæstv. ríkisstj. hyggist hreyfa hönd að því að hefja nokkurt viðnám gegn þeirri óðadýrtíð, sem hún hefur hleypt af stað. Áhugi hennar hefur virzt allur beinast að því að halda launakjörunum niðri og hindra það, að almenningur fái dýrtíðina borna uppi með hækkuðum launum. En þessi sama hæstv. ríkisstj. lætur hins vegar sem vind um eyrun þjóta allar þær marggefnu aðvaranir og óskir, sem verkalýðssamtökin hafa beint til hennar og borið fram við hana um kjarabætur í formi verðlækkana, m. a. með lækkun söluskattanna. En að slíkum kröfum hafa launþegasamtökin hvað eftir annað staðið algerlega einhuga og án tillits til skiptingar í stjórnmálaflokka. Og þau hafa boðizt til þess að meta allar slíkar ráðstafanir fullkomlega til jafns við beinar launahækkanir.

Ég hygg, að enginn, jafnvel ekki hæstv. ríkisstj., neiti því, að skattastefnan, sem hún hefur mótað, eigi sinn mikla þátt í þeirri geipilegu aukningu dýrtíðar, sem orðin er, frá því að hún komst til valda, enda er þar naumast hægt um vik. Tölur fjárlaga fyrir viðreisn og nú tala þar of skýru máli, bæði að því er snertir heildarupphæð skattheimtunnar og þá ekki síður um þá gerbreytingu, sem orðið hefur á tekjustofnunum. Meðal þeirra staðreynda, sem þar blasa við, eru þær, að heildarupphæð skatta og tolla hefur hækkað frá 1959 til 1963, þ. e. a. s. miðað við fjárlög 1959 og fjárlagafrv. nú, um hvorki meira né

minna en 1007 millj. kr., eða 123%. Á sama tíma hefur svo orðið sú breyting á, að söluskattar, sem lagðir eru jafnt á allar vörur, nauðsynlegar sem ónauðsynlegar, hafa hækkað um 484.2 millj., úr 151.4 millj. kr. í 635.6 millj., eða um 319%, þ. e. a. s. nærri því þrisvar sinnum meira en heildarupphæð skattheimtunnar hefur hækkað, og er hún þó ærin. Upphæð tekjuskattsins er hins vegar nú áætluð sem næst óbreytt frá 1959 að krónutölu, en hlutfall þessa skattstofns í skattheimtunni hefur á tímabilinu lækkað þannig, að samkv. fjárlögum 1959 var hann áætlaður 17—18% af heildarupphæðinni, en varð í reynd rösklega 20.7%, að mig minnir, eða sem næst 1/5 hluti af heildarskattheimtunni, en samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að hlutur tekjuskattsins verði aðeins rösk 8% af heildarupphæð skatta og tolla, þ. e. a. s. að miðað við óbreytt hlutfall og reyndist 1959 ætti tekjuskatturinn nú að vera 350—360 millj. kr. Hlutfallsleg lækkun hans nemur því rösklega 200 millj. kr. eða álíka upphæð og hér er um að tefla í sambandi við framlengingu bráðabirgðasöluskattsins.

Hækkun heildarskattheimtunnar um einn milljarð á fjórum árum, hækkun söluskatta um á fjórða hundrað prósent er svo augljóslega einn af gildustu þáttunum í verðþenslunni og þar með í rýrnun almennra lífskjara á þessu tímabili, að ekki þarf frekari orðum um það að eyða. Þegar svo er til stofnað, að öllum meginþunga skattheimtunnar er beint yfir á almenna neyzlu landsmanna, getur afleiðingin ekki orðið nema ein: verðþensla, dýrtíð, skertur kaupmáttur launa, nema laun hækki hlutfallslega, en við því hefur verið spornað með öllum ráðum. Þannig gera þær kauphækkanir, sem verkalýðssamtökunum hefur tekizt að knýja fram á tímabili viðreisnarinnar, ekki betur en að bera uppi helminginn af verðlagshækkuninni, ef miðað er við verðlag á almennum vörum og þjónustu, og er þó þar sleppt þeim kauplækkunum, sem stjórn Alþfl. gekkst fyrir og lögfesti árið 1959. Það leiðir svo af sjálfu sér, að launamenn hafa algerlega verið sviptir þeim eðlilegu kjarabótum, sem aukning þjóðartekna og framleiðni og framleiðslu hefur gefið tilefni til á þessu tímabili. Kjörorðin um árlegar og raunverulegar launahækkanir um 3—4% á grundvelli aukinnar framleiðslu og framleiðni hljóta vissulega að verða beisk í munni þeirra, sem fylgt hafa dýrtíðar- og kjaraskerðingarstefnu undanfarandi ára.

Sjálf hin beina og óumdeilanlega skerðing lífskjara láglaunafólks á s. l. 3—4 árum, sem er orðin svo augljós og óumdeilanleg, að jafnvel einn ráðh. a. m. k. í hæstv. ríkisstj. hefur nú nýlega á opinberum vettvangi orðið að viðurkenna nauðsynina á því, að lægstu laun verði hækkuð, — þessi beina skerðing er þó engan veginn eina atriðið, sem meta ber, þegar skattastefna hæstv. ríkisstj. er athuguð. Kjaraskerðingin á þessu afmarkaða tímabili er þar jafnvel ekki aðalatriði, vegna þess að það er auðvitað jafnvíst eins og að dagur fylgir nótt, að fyrr eða síðar brjóta vinnustéttirnar slíkar tímabundnar lífskjaraskerðingar af sér með einhverjum hætti. Hitt er miklu alvarlegra mál og viðsjárverðara, að með stefnu núv. stjórnarflokka er verið að gera vel hugsaða tilraun til þess að breyta varanlega einum mikilsverðasta þættinum í sjálfri uppbyggingu þjóðfélagsins, þ. e. a. s. tekjuskiptingunni, til hagsbóta og betri aðstöðu þeirra, sem ráða yfir fjármagninu, gróðastéttanna, auðfélaganna, gegn hagsmunum þeirra, sem með starfi sínu skapa undirstöðuna að þjóðartekjum og þjóðarauði. Það er þess vegna áreiðanlega ekki sízt þessi ástæða og þessi skilningur á eðli nú ríkjandi stjórnarstefnu, sem veldur því, að verkalýðssamtökin hafa í öllum ályktunum sínum um þessi mál lagt á það hina þyngstu áherzlu, að hér verði breytt um stefnu og a. m. k. nokkur hluti söluskattanna, verðþensluskattanna, með öllu afnuminn. Og það er einmitt af þessum sökum, að slíkar ráðstafanir yrðu áreiðanlega metnar jafnvel til hærra verðs en svarar til þess beina sparnaðar í daglegum útgjöldum heimilanna, sem af slíkum ráðstöfunum mundi leiða. Sjálf stefnubreytingin, sem slíkar ráðstafanir bæru merki um, yrði því þung á metunum. En jafnframt væri auðvelt að lækka þegar í stað mjög verulega framfærslukostnað launþegaheimilanna og með þeim hætti stefna að því að setja niður deilur um launakjörin og skapa þann vinnufrið, sem hv. stjórnarsinnar tala svo oft um með fögrum orðum, en virðast meta lítils, þegar á reynir.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur hér í umr. rakið nokkuð, hvernig hinum sérstaka bráðabirgðasöluskatti í tolli var á sínum tíma lætt inn í skattakerfið með ærið vafasömum hætti, og ég ætla ekki að endurtaka það, sem hann sagði réttilega um það atriði. En hitt er augljóst, að einmitt það, hvernig þessi angi skattastefnunnar skaut fyrst rótum í löggjöfinni og menn eru árlega minntir á, þegar endurnýjun hans frá ári til árs er hér á dagskrá, hefur valdið því, að athygli manna hefur sérstaklega beinzt að þessum þætti skattheimtunnar, þegar rædd hefur verið nauðsyn þess að draga úr verðþenslusköttunum. Ástæðan fyrir því, að ábendingar, óskir og kröfur um lækkun þessara skatta hafa sérstaklega beinzt að þessum skatti, er vitanlega ekki sú, að hann sé í sjálfu sér neitt verri en aðrir söluskattar, heldur hitt, að helzt hefur þótt von til þess, að hæstv. ríkisstj. forsögunnar vegna vildi slaka hér nokkuð á, þótt ekki væri nema í þeim tilgangi að sýna og sanna, að hún vildi standa við gefinn ádrátt og greinilega tilburði í þá átt að vekja vonir manna um, að skattur þessi yrði ekki gildandi til frambúðar.

Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, er ekki seinna vænna en nú að gera ráðstafanir til að afnema skattinn, þar sem nú er komið til kasta síðasta þingsins á þessu kjörtímabili að fjalla um hann. En samt liggur það nú fyrir, að stjórnarliðið er ákveðið í því að slaka

hvergi á klónni, heldur sigla áfram þöndum seglum í verðþensluáttina.

Hér liggur fyrir frv. til l., sem m. a. felur í sér framlengingu þessa skatts, sem lagður var á til bráðabirgða fyrir fjárlagaárið 1960. Það er að vísu sagt nú, að skatturinn verði e. t. v. afnuminn síðar á þessu þingi, eftir að ný tollskrá hefur tekið gildi. En ekki hefur þó verið látið að því liggja, að þar yrði um annað og meira að ræða en það, að söluskattur af innflutningi yrði felldur inn í tollakerfið, þar sem hinni nýju tollskrá yrði vafalaust ætlað að gefa sömu tekjur og tollarnir og söluskattarnir gefa nú samanlagt. Þó verður að sjálfsögðu ekki enn fortekið fyrir það, að breytingar verði gerðar á tollskránni, sem gerðu heildarskattheimtuna eitthvað léttbærari fyrir þá, sem eru tilneyddir að miða vörukaup sín að langsamlega mestu leyti við lífsnauðsynjar, og þeim verði hlíft meira en nú er gert. En um þetta liggur þó ekkert fyrir og væri reyndar í ósamræmi við þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, eða svo virðist. Og jafnvel er alls ekki öruggt um, að ný tollskrá sjái dagsins ljós fyrr en á næsta kjörtímabili.

Meðan þannig er ástatt, hljótum við, sem höfum alltaf verið andstæðir söluskattinum, að taka okkar afstöðu gegn þeirri framlengingu á bráðabirgðasöluskattinum, sem ráðgerð er í 5. gr. þessa frv. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. spurði um það samkv. hefð og venju, þegar þessi mál eru rædd hér, hvernig við, sem erum andstæðir skattinum, vildum bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem af niðurfellingunni mundi leiða, því að þannig er það auðvitað, að menn irnir, sem hafa unnið að því að hækka skattheimtuna um einn milljarð á fjórum árum, þeir sjá ekki neina leið til þess að létta byrðina, þótt ekki væri nema um 1/5 hluta. Þeir kunna aðeins á það að hækka skattana, auka verðþensluna og minnka gildi gjaldmiðilsins. Og ef lagt er til, að út af þeirri reglu eigi að bregða, þá er leitað til okkar um ráð. Ég skal ekki fullyrða um það, hvort nú væri unnt, úr því sem komið er, — og ég er sammála hv. frsm. meiri hl. fjhn., að auðvitað verður að miða við ástandið eins og það er nú, en ekki eins og það var 1959, — að draga svo úr útgjöldum ríkisins, að engra nýrra tekjuleiða þyrfti að leita, og er ég þó sannfærður um, að í því efni eru miklir möguleikar. Það má sem sagt vel vera, að ef frv. hæstv. ríkisstj. um framlengingu bráðabirgðasöluskattsins yrði nú hafnað hér á hv. Alþingi, þá væri nauðsynlegt, að skattastefnan, sem ráðið hefur á undanförnum árum, væri að meira eða minna leyti tekin til endurskoðunar, og að mínu áliti væri vel, ef það leiddi til þess. Það er ekki sama fyrir landsmenn og allra sízt fyrir láglaunastéttirnar í landinu, hvort meginhluta af þeim geipilegu fjárhæðum, sem ríkið tekur til sinna þarfa, er aflað með sölusköttum, sem leggjast með tiltölulega mestum þunga á hina efnaminnstu, eða hvort þeirra er að verulegu leyti aflað með stighækkandi tekjusköttum, sem leggjast fyrst og fremst á arðberandi atvinnurekstur, á auðfyrirtæki í landinu, á gróðamyndunina og hátekjumennina. Það skiptir miklu, hvort þau fyrirtæki, sem mesta fjármuni og rekstur hafa með höndum og skila mestum hagnaði, eru í reyndinni gerð að skattleysingjum, eins og nú hefur raunverulega verið gert, eða hvort lágtekjufólki, sem hefur tekjur jafnvel langt innan við það, sem allir viðurkenna að séu nú þurftarlaun fyrir meðalfjölskyldu, er hlíft við beinni eða óbeinni skattheimtu. Og það skiptir miklu, hvort sá hluti skattheimtunnar, sem leggja þarf á verð innfluttra vara, er fenginn með jöfnum sölusköttum eða tollum, sem hlífa nauðsynjavöru og algengustu neyzlu, en leggjast tiltölulega þyngra á þær vörur, sem síður eru nauðsynlegar eða miður æskilegt er að fluttar séu til landsins í stórum stíl. Þessi sjónarmið þyrfti auðvitað að hafa í huga við þá endurskoðun skattastefnunnar, sem verður stöðugt brýnni nauðsyn.

Ég held þess vegna, að svarið við því, hvernig unnt sé á viðunandi hátt að fella niður þennan sérstaka söluskatt, sem hér er til umr., sé næsta einfalt. Leiðin yrði sem sagt sú að fara í flestu öfugt að við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert varðandi skattamálin síðustu 2—3 árin.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. eins og frsm. hv. minni hl. fjhn. hafa gert. Flest af þessu er þaulrætt áður, og sum þau atriði, sem fram komu, voru ýtarlega rædd og skýrð við 1. umr. þessa máls.

En báðir minni hl. hv. fjhn. flytja till. um það að fella niður þann 8% innflutningssöluskatt, sem nú er í gildi. Það er mál út af fyrir sig, hvernig sá þessara flokka, sem alltaf vill láta telja sig ábyrgan í fjármálum, Framsfl., hugsar sér að leysa fjárhagsmál þjóðarinnar, ef dæma skal eftir því, hvernig hann leggur málin fyrir hér á Alþingi. Það er ekki langt liðið á þetta þing, en þó hefur hann gert það allt í senn þegar: heimtað stóraukið fé frá ríkissjóði til verklegra framkvæmda í landinu, lagt til að fella niður 260 millj. kr. tekjustofn, auk þess sem hann vill afnema tolla og aðflutningsgjöld á öllum landbúnaðartækjum, lækka verulega aðflutningsgjöld á heimilistækjum o. fl., o. fl. Þetta er leikfimi, sem ég er ekki viss um að neinum takist, hvorki Framsfl. né öðrum. Það þarf engan að undra, þótt ýmislegt í þessa átt komi fram hjá Alþb. En hingað til hefur Framsfl. viljað láta taka sig alvarlega varðandi það, sem hann segir og leggur til mála um fjárhag þjóðarinnar. Eitthvað þarf hann að bæta ráð sitt, ef hann ætlast til þess, að hann verði tekinn alvarlega nú og framvegis í þessum efnum.

En ástæðan til þess, að ég stóð upp, er fyrst og fremst sú, að með þessum till. beggja hv. minni hl. er ekki aðeins verið að rýra stórum tekjur ríkissjóðs, heldur einnig svipta bæjar- og sveitarsjóði í landinu stórum tekju-

stofni. Af þessum 8% innflutningssöluskatti fá sveitarfélögin fimmtung, og eins og hann er áætlaður í fjárlögum fyrir 1963, mundi hluti sveitarfélaga nema hvorki meira né minna en 52 millj. kr. Ef öll útsvör í landinu, í öllum sveitarfélögum, nema nú í ár um 400 millj. kr., og ef þessar till. hv. minni hl. væru samþykktar, væru sveitarfélögin svipt þessum 52 millj. Og upphæðin yrði hærri, ef innflutningssöluskatturinn reyndist í framkvæmd hærri en fjárlög ráðgera. Það þýðir, að sveitarfélögin neyddust til að hækka útsvör sín sem því svarar. Ef við miðum við það, að útsvörin séu í kringum 400 millj. og tekinn er af þeim 52 millj. tekjustofn, þá mundi þurfa að hækka öll útsvör í landinu að meðaltali um ca. 13%. Það er rétt að gera sér grein fyrir þessu, vegna þess að hv. frsm. minntust ekki á þessa hlið málsins. Í rauninni mættu tillögur þeirra um að fella niður þennan tekjustofn ríkisins og sveitarfélaganna heita till. um að hækka öll útsvör í landinu um 13% o. fl.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. þarf ekki að furða sig á því og alls ekki að hneykslast á því, þó að framsóknarmenn flytji margs konar till. til breytinga við þá starfsemi í fjármálum þjóðfélagsins, sem núv. hæstv. ríkisstj. rekur. Svo mikill grundvallarmunur er á stefnu Framsfl., eins og sézt hefur líka í starfi hans, og stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Það er langt frá því, að í till. Framsfl. komi fram ábyrgðarleysi. En sem stendur hefur hann ekki tök á að gera heildartillögur. Hann sýnir aðeins stefnu sína í hverju máli. Meiri hl. ræður hér á Alþingi og ræður örugglega, og þýðir lítið, eins og hæstv. fjmrh. veit vel, að ætla að leiðrétta í heild.

En það er ekki þetta, sem gerði það að verkum, að ég bað um orðið, heldur hitt, að hæstv. fjmrh. sagði, að við minnihlutamennirnir vildum svipta sveitarfélögin þeim stuðningi, sem þau hafa fengið frá ríkinu með því að fá hluta af innheimtum sölusköttum. Það er langt frá því, að það felist í till. okkar. Þegar við gerum ráð fyrir því, að það þurfi, eins og sjálfsagt er, að taka til athugunar fjárlög, eftir að felldur hefur verið niður þessi tekjustofn, viðbótarsöluskatturinn, þá felst í því vitanlega, að við ætlumst til þess, að þá verði líka séð fyrir því, að hlutur sveitarfélaganna skerðist ekki. Það eru nefnilega til miklu fleiri aðferðir en þessi til þess að taka tillit til sveitarfélaganna. Ég mótmæli því, að annað megi lesa út úr till. okkar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig að halda hér lengi umr. áfram, þar sem hæstv. ráðh. gerir aðeins aths. við eitt atriði í sambandi við afstöðu mína og hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég hef nú engin gögn hér við höndina, sem varða afkomu sveitarfélaganna, og enn síður um það, hvaða áhrif söluskattarnir hafa haft á afkomu þeirra. Hitt hygg ég að öllum alþm. sé kunnugt, að álögur bæjarfélaganna hafa aldrei hækkað eins stórkostlega árlega og á tímabili þeirrar skattastefnu, sem ég var hér lítillega að gera skil áðan. Og ég hygg,að það sé mjög algengt a. m. k., að útsvörin hafi hækkað á þessu tímabili um 50% eða enn þá meira en hin almenna verðlagshækkun hefur orðið í landinu á sama tíma. Og ég hygg, að þó að hægt sé að setja dæmið upp kannske eins og hæstv. ráðh. gerði hér — og ég vil ekki að svo komnu draga í efa, að þær tölur, sem hann nefndi, séu út af fyrir sig réttar, en hæstv. ráðh. gleymir bara einu í þessu dæmi, að söluskatturinn á innfluttum vörum hefur ekki svo litla þýðingu fyrir bæjarfélögin, og hygg ég, að þar komi allstór frádráttur. Ef þessi skattur væri afnuminn, mundi tekjuþörf bæjarfélaganna að sjálfsögðu minnka allverulega og jafnvel ekki síður en einstaklinganna. Bæði mundi það koma á móti óhjákvæmilegum launahækkunum og svo er margs konar efnivara, sem bæjarfélögin þurfa á að halda. En það verð ég að segja, að mér finnst harla broslegt, þegar hæstv. ráðh. gerir það að einu ástæðunni fyrir því, að æskilegt sé að halda þessum skatti áfram, að sveitarfélögin fái 20% af honum, það sé tilvinnandi, að lagðar séu á almenning í landinu 260 millj. kr., til þess að bæjarfélögin fái aftur af því 50 millj., sem ég hygg þó, að séu engar 50 millj., þegar það dæmi er reiknað rétt og reiknað til hlítar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 76 felld með 10:8 atkv.
— 77 kom ekki til atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um margra ára skeið hafa á hverju ári verið samþykkt lög um framlengingu á ýmsum gjaldaviðaukum, og er það einnig meginefni þessa frv. Hér er um að ræða viðauka við stimpilgjald, leyfisbréfagjöld, gjöld af innlendum tollvörutegundum, bifreiðaskatt, innflutningsgjald, vörumagnstoll, verðtoll o. fl. Þetta er allt saman óbreytt frá því, sem verið hef-

ur um margra ára skeið. Sama er um heimild í niðurlagi 4. gr. að fella niður tiltekin aðflutningsgjöld.

Í 5. gr. segir svo:

„Gilda skulu til ársloka 1963 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum, sem innheimtur hefur verið síðan á árinu 1960."

Loks er í niðurlagi 5. gr. svo ákveðið, að lög nr. 90 frá 1961, um lækkun aðflutningsgjalda af ýmsum vörum, skuli gilda til ársloka 1963.

Í nóvember s. l. var samþ. á Alþingi frv. um verulega lækkun á ýmsum aðflutningsgjöldum. Var það gert í tilraunaskyni og ákveðið, að þau lög skyldu gilda til ársloka 1962. Tilgangur þeirra laga var annars vegar að lækka verðlag á ýmsum vörum, sem há aðflutningsgjöld höfðu verið á, og hins vegar að reyna að draga úr ólöglegum innflutningi, sem talinn var verulegur á ýmsum þeim vörutegundum. Reynslan af þessum tollalækkunarlögum hefur orðið mjög góð, þannig að þrátt fyrir þessar miklu lækkanir hafa aðflutningsgjöld til ríkissjóðs orðið töluvert meiri á fyrra helmingi þessa árs en þau voru á fyrra missiri ársins 1961. Það bendir að sjálfsögðu til þess, að stórum hafi dregið úr ólöglegum innflutningi þessara vara og meira komi nú inn af þeim að löglegum leiðum.

Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og var samþykkt þar óbreytt við þrjár umr. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 19. og 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 2, n. 131 og 134).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. Nd. hefur haft til athugunar frv. á þskj. 2, komið frá Ed. N. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess, og hefur meiri hl. hennar skilað áliti á þskj. 131, en minni hl., Skúli Guðmundsson, hefur skilað sérstöku áliti á þskj. 134, og einn nm., Lúðvík Jósefsson, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt úr n. Það er þó aðeins eitt atriði í frv., sem ágreiningur er um, en það er ákvæðið í 5. gr. frv. um framlengingu viðbótarsöluskatts á innfluttum vörum. Þegar þetta mál var flutt af hæstv. fjmrh. í Ed. og aftur hér í hv. Nd., gerði hann grein fyrir efni frv., og ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem þá var sagt. Það er till. meiri hl. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ákvæði þessa frv., sem ríkisstj. flytur, eru flest gamlir kunningjar. Í 1. gr. frv. er lagt til, að ríkissjóður fái heimild til að innheimta á árinu 1963 nokkur gjöld til ríkissjóðs með viðauka. Og í 3. gr. eru bein ákvæði um hækkun á bifreiðaskatti, innflutningsgjaldi af hjólbörðum og gúmmíslöngum. Þá er einnig í 4. gr. ákvæði um hækkun á tollum, bæði vörumagnstolli og verðtolli, á nokkrum vörum, og í þeirri grein er einnig ákvæði um undanþágu fyrir nokkrar vörur frá þessari tollhækkun, enn fremur ákvæði um að fella niður aðflutningsgjöld af fáeinum nauðsynjavörutegundum. Þessi ákvæði öll hafa verið sett í lög fyrir eitt ár í senn undanfarin ár, og ég mæli með því, að svo verði enn að þessu sinni fyrir næsta ár. Einnig er ég samþykkur því, að lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, sem leidd var í lög á síðasta þingi og gilti fyrir árið 1962, skuli einnig gilda fyrir árið 1963, en um þetta er ákvæði í 5. gr. En í 5. gr. er sagt, að enn á næsta ári skuli innheimta af innfluttum vörum 8% viðbótarsöluskatt, sem er í raun og veru 8.8%, því að það er bætt 10% við vöruverðið, áður en skatturinn er á lagður. Þessi viðbótarsöluskattur var fyrst í lög tekinn 1960 og talið, að það væri til bráðabirgða. Síðan hefur hann verið framlengdur samkv. till. hæstv. stjórnar fyrir eitt ár í senn, og er þetta í þriðja sinn, sem stjórnin óskar framlengingar á þessum skatti.

Viðbótarsöluskatturinn er einn þáttur í efnahagsráðstöfunum núv. hæstv. stjórnar. Ráðstafanir hennar í þeim málum hafa orðið til að spenna dýrtíðina hér á landi upp úr öllu valdi. Fyrst var það gert með gengislækkun úr hófi fram snemma árs 1960, og svo var bætt gráu á svart 1961 með óþarfri og skaðlegri krónulækkun. Afleiðingar af þessari stefnu hæstv. stjórnar hafa m. a. orðið stóraukin ríkisútgjöld og þar með fylgjandi mjög auknir tollar og skattar. Um þetta vitnar ríkisreikningurinn fyrir 1961, sem nú liggur fyrir þinginu, fjárlög 1962 og fjárlagafrv. fyrir 1963, sem hér er til meðferðar í sameinuðu þingi. Við framsóknarmenn höfum verið og erum á móti efnahagsmálastefnu ríkisstj. Þar af leiðandi höfum við verið og erum á móti þeim háa viðbótarsöluskatti, sem hæstv. stjórn vill enn fá framlengdan. Hann hefði verið óþarfur, ef heillavænlegri fjármálastefnu hefði verið fylgt að undanförnu. Ég hef því leyft mér að leggja fram brtt. við frv., og er hún í nál. minu á þskj. 134. Ég legg þar til, að 5. gr. verði orðuð um og þannig, að í henni felist ekki framlenging á viðbótarsöluskattinum, heldur falli það ákvæði úr greininni.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 3. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR. (frh.).
Brtt. 134 felld með 18:10 atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GíslJ, GuðlG, GunnG, HS, IngJ, JSk, JP, JR, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, ÁÞ, BGr, BF, BK, EI, EmJ, JóhH.
EystJ, GeirG, GJóh, HV, IG, KGuðj, SkG, ÞÞ, EðS, EOl greiddu ekki atkv.
10 þm. (GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, LJós, MÁM, AGb, BBen, BFB, BP) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 155).

---

3. Kjarasamningar opinberra starfsmanna.

Á 17. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 18. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna [98. mál] (stjfrv., A. 119).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta Alþingi voru sett lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 29. gr. þeirra segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjarasamningur eða kjaradómur gildir frá 1. júlí 1963 til ársloka 1965."

Með þessum lögum var því gert ráð fyrir, og þau lög voru byggð á samkomulagi milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að fyrst yrðu reyndir samningar milli aðila. Ef þeir leiddu ekki til niðurstöðu, gengi málið fyrst til sáttasemjara og síðan til kjaradóms, sem kvæði upp endanlegan úrskurð í kjaradeilunni. Og hvort sem um yrði að ræða kjarasamninga eða kjaradóm, skyldu þau ákvæði taka gildi frá 1. júlí næsta ár. Með þessu var því gert ráð fyrir, að opinberir starfsmenn, einstakar stéttir eða hópar, fengju ekki kjarabætur eða breytingar yrðu á þeirra kjörum fram til þess tíma. Þó var sett ákvæði til bráðabirgða í lögin, sem hljóðar svo:

„Nú verða almennar og verulegar kauphækkanir, þar til kjaraákvæði samkv. lögum þessum koma til framkvæmda, og getur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá krafizt launahækkunar ríkisstarfsmanna í heild."

Þetta ákvæði var notað í sumar, eftir að verulegar og almennar kauphækkanir urðu, og náðist samkomulag milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstj. um, að ríkisstarfsmenn fengju 7% kauphækkun frá 1. júní s. l. að telja.

Nokkuð er um liðið síðan sjúkrahúslæknar gerðu kröfur um verulegar kjarabætur sér til handa. Og það varð ljóst nú ekki alls fyrir löngu, að þeir mundu ekki vilja una þeirri skipan, sem lögin um kjarasamninga gerðu ráð fyrir, þ. e. að bíða eins og aðrir opinberir starfsmenn til 1. júlí 1963, né heldur láta sér nægja þá 7% kauphækkun, sem samið var um frá 1. júní s. l. Ég skal ekki rekja gang þeirrar deilu eða þess ágreinings. En að lokum var fundin sú leið til lausnar á þessari deilu, að þau ákvæði, sem kæmu til greina um kjör lækna, ýmist með kjarasamningi eða kjaradómi, skyldu gilda aftur fyrir sig frá 1. ágúst 1962. Hæstv. heilbrmrh. lagði ákveðnar till. til lausnar deilunni fyrir læknana og hafði um það samráð við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og þegar bandalagið eða stjórn þess hafði lýst því yfir, að það mundi ekki gera kröfur fyrir hönd annarra starfsmanna, þótt ríkisstj. samþykkti að greiða sjúkrahúslæknum fyrr en öðrum laun samkv. væntanlegum kjarasamningi eða dómi, tókst samkomulag um þetta efni.

Frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á, að í lögin um kjarasamninga sé sett viðaukaákvæði, sem heimili þessa lausn og staðfesti hana, þannig að á eftir 4. tölul. 29. gr. l., þar sem segir: „Kjarasamningur eða kjaradómur gildir frá 1. júní 1963" — komi: „þó skulu ákvæði um kjör sjúkrahúslækna gilda frá 1. ágúst 1962."

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vil bera fram þá ósk, að málið hljóti greiða afgreiðslu í gegnum þingið.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Mér þykir rétt að fara örfáum orðum um þetta frv. þegar við þessa umr., en mörg orð skal ég ekki hafa um það nú.

Ég saknaði þess í ræðu hæstv. ráðh., að hann skyldi ekki rekja gang málsins eða þess ágreinings, sem liggur að baki þessa frv. Hann tók það sjálfur fram, að hann ætlaði ekki að gera það, en ég tel, að það hefði verið alveg sérstök ástæða til að rekja gang þessa máls nú við 1. umr. um þetta frv. Ég held, að allir hv. alþm. séu þessum málum of ókunnugir og að það sé skylda að gera þeim grein fyrir aðdraganda málsins. Þetta hefur hæstv. ráðh. láðst að gera, og ég get að sumu leyti skilið það. Ég get skilið það út frá því, að samvizka hæstv. ríkisstj. í þessu máli sé ekki sérlega góð og að þrátt fyrir þann sigur, sem þetta

frv. ber vott um, þá sé hæstv. ríkisstj. ekki sérlega hreykin af sigrinum.

Forsagan er í stuttu máli sú, að 25 einstaklingar í þjónustu ríkisins segja upp stöðum sínum með löglegum fyrirvara. Ástæðan til þess, að þessir menn segja upp stöðum sínum, er sú og sú ein, að þeir eru óánægðir með kjör sín. Hæstv. ríkisstj. notaði sér lagaheimild til þess að lengja uppsagnarfrestinn um helming, þannig að hún fengi 6 mánuði í staðinn fyrir 3 til að athuga sinn gang og til að gera ráðstafanir í samræmi við fram komnar 25 uppsagnir. Þennan tíma vanrækti hún gersamlega að notfæra sér. Og þegar að því kemur 1. nóv., að læknarnir mæta ekki til starfs, þá er hæstv. ríkisstj. með öllu óviðbúin.

Það var frá upphafi og allt til þessa dags mjög augljóst, að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér og treysti á það, að hún gæti þvingað þessa 25 einstaklinga til hlýðni. Það var vitnað í a. m. k. þrenn lög, að læknarnir með uppsögnum sínum fremdu lögbrot. Og það var óspart látið í það skína, hvaða viðurlög væru við slíku að réttu lagi.

Þetta eru 25 einstaklingar, sem segja upp stöðum sínum. Þetta er ekki verkfall. Það er ekki félagsbundinn hópur, sem hér er að verki, heldur einstaklingar. Til þess að torvelda þessum einstaklingum að losna úr þeim stöðum, sem þeir voru óánægðir með að vera í, var reynt að koma því svo fyrir með lagakrókum, að hér væri raunverulega um verkfall að ræða. Þannig hafa öll ráð verið notuð til að þvinga þessa einstaklinga, þessa þegna þjóðfélagsins, til starfa gegn vilja þeirra. Ég get vel skilið, að hæstv. ríkisstj. sé ekki hreykin af þessu og að hún kæri sig ekkert um að rekja gang málsins eða þennan ágreining hér, eins og hæstv. fjmrh. tók fram að hann óskaði ekki að gera. En ég held samt, að það sé hollt, að þetta komi fram. Ég get ekki deilt á neinn einstakan ráðh. fyrir þessa framkomu. Ég deili ekki sérstaklega á hæstv. heilbrmrh., þó að þetta máli standi honum næst, heldur deili ég, eins og ég hef gert í þessari ræðu, á hæstv. ríkisstj., því að ég veit, að hún í heild og sem einn maður stendur á bak við þessar aðgerðir.

Ég skal minna á, að það er ekki nema eitt ár síðan annar hópur lækna var beittur gerræði. Þá stóð annar hæstv. ráðh. þar að baki, hæstv. félmrh. Þá var hópur sjúkrasamlagslækna í Reykjavík þvingaður til að vinna gegn vilja sínum í þrjá mánuði hjá ákveðinni opinberri stofnun. Þetta er því ekki einsdæmi, sem skeð hefur nú gagnvart læknunum. Þetta er í annað skipti í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Ég skal viðurkenna, að hæstv. ríkisstj. virðist hafa borið sigur úr býtum í viðskiptum við þessa einstaklinga. Sjálfsagt er hún ánægð með það, en ég trúi því ekki, að hún sé hreykin af því. Hún beygði þá, og það frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaðan, útkoman úr þeirri glímu. Læknarnir hafa enn ekki fengið leiðréttingu mála sinna. Það bíður síns tíma og það verður ákveðið á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. telur bezt við eigandi. Þetta er það, sem felst í þessu frv. Ég hef ekki tekið afstöðu til frv. í þeim orðum, sem ég hér segi, en mér er það ljóst, að þetta frv. er niðurstaða fullnaðarsigurs hæstv. ríkisstj. gagnvart þessum 25 íslenzku ríkisborgurum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv., að ekki hafi verið gerð grein fyrir þessu máli hér á Alþingi og þess vegna ætti alþm. að vera málið ókunnugt. Það er ekki nema rúmur hálfur mánuður síðan um málið urðu allýtarlegar umr. í hv. sameinuðu Alþingi, þar sem hv. 9. þm. Reykv. hélt ræður um málið og skýrði sína skoðun og ég gerði grein fyrir skoðun ríkisstj. Ég get ekki látið vera að lýsa undrun minni yfir því, að hv. þm. skuli vera fallið þetta úr minni. Ég mótmælti þá þeim skilningi, sem hv. þm. hélt fram á eðli þeirrar deilu, sem hér um ræðir, og sé enga ástæðu til þess að ítreka þau rök nú að nýju.

Hv. þm. hélt því mjög fram, að ríkisstj. hefði sigrað í þessu máli, gersigrað læknana, ítrekaði hann. Ég skal ekkert um það ræða, hver hafi sigrað í þessu máli, það verður hver að meta fyrir sig. Ég vil aðeins skýra frá því, að formaður Læknafélags Reykjavíkur hefur lýst yfir því í blaðaviðtali, að hann teldi þessa lausn málsins vera skynsamlega, þó að hann hins vegar játaði, að læknarnir hefðu ekki fengið allt það fram, sem þeir höfðu óskað. Ég tel, að það sé engum til góðs að vera að metast um það nú, hver hafi sigrað eða orðið ofan á í þessari deilu.

Aðalatriðið er, að það er komin lausn, sem ég tel mjög aðgengilega fyrir alla aðila, og ég vil lýsa hér þakklæti mínu til þeirra aðila, sem þar hafa gott til lagt. Læknarnir hafa, eins og ég segi, sjálfir lýst samþykki sínu á þessari lausn, og þeirra forustumaður beinlínis tekið fram, að hann teldi lausnina skynsamlega. Stjórn BSRB hefur átt mjög góðan þátt að lausninni, og má raunar segja, að þess hlutur hafi verið einna örðugastur, og þess vegna á stjórn BSRB og einstök félög innan þess alveg sérstakar þakkir skilið fyrir sitt framlag í málinu. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að lýsa þökkum mínum og ríkisstj., — ég veit raunar, að þar tala ég fyrir munn alls þingheims, líka hv. 9. þm. Reykv., — með því að þakka yfirlæknunum það mikla erfiði, sem þeir tóku á sig, meðan á þessum vandkvæðum stóð.

Það má margt um þessa deilu segja og þá lærdóma, sem af henni má draga. Ég hygg þó, að það sé engum til góðs að fara of langt út í það mál nú. En ég vil sérstaklega taka það fram að gefnu tilefni frá hv. 9. þm. Reykv. og raunar öðrum aðfinningum, sem hafa komið fram gegn ríkisstj., að ríkisstj. var hér frá fyrstu tíð bundin af landsins lögum. Og ég hef ekki orðið var við, að neinn af gagnrýnendum stjórnarinnar, ekki fremur hv. 9. þm. Reykv. en aðrir, hafi borið fram till. um breyt. á þeim lögum, sem ríkisstj. var að framkvæma.

Það er ríkisstj. sjálf, sem nú flytur þetta breytingarfrv. Ef aðrir hefðu í alvöru áður talið, að ríkisstj. væri of seinvirk í þessum athöfnum, þá var hægurinn fyrir þá, á hvaða stigi málsins sem var, að flytja frv. til l. um breyt., annaðhvort á þeim lögum, sem hér um ræðir, eða á sjálfum lögunum um kjör læknanna. En engar slíkar till. hafa verið fram bornar, svo þó að það megi segja með nokkrum rétti, að ríkisstj. hafi verið svifasein í þessu máli, — ég skal ekki fara frekar að skýra orsakir til þess, — þá hafa aðrir ekki síður verið það, þeir sem nú þykjast vera sérstaklega ákafir málsvarar læknanna. Þeim var heimilt á hvaða stigi málsins sem var að fá þeirra hlut leiðréttan með nauðsynlegum lagabreytingum, en það hafa þeir alveg látið undir höfuð leggjast.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta mál á þessu stigi. Ég tel eins og hæstv. fjmrh. æskilegt, að frv. fái greiðan framgang, og þeir aðilar, sem hér eiga mest í húfi, annars vegar ríkisstj., hins vegar BSRB og læknarnir sjálfir, eru allir ásáttir um þessa lausn og mælast til þess, að frv. henni til staðfestingar fái greiðan framgang.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hæstv. heilbrmrh. sagði í upphafi ræðu sinnar áðan, að þetta mál hefði verið rætt á þingi áður og þess vegna ekki verið talin ástæða til að rekja gang þess nánar nú. Víst var þetta rætt í tilefni fsp. fyrir skömmu í Sþ. En málið var ekki rætt efnislega, og ég man mjög greinilega, að hæstv. dómsmrh. tók fram einu sinni eða oftar, að hann gerði það með vilja að forðast að rekja efnisatriði málsins að þessu sinni. Ég veit, að þessi hæstv. ráðh. hefur gott minni og þessi eigin orð man hann áreiðanlega. M. ö. o.: efnisatriði málsins, forsagan, hafa aldrei verið rakin hér á Alþingi.

Hæstv. heilbrmrh. vitnaði til formanns Læknafélagsins. Mér skildist, að hann vildi halda því fram, að formaðurinn væri eftir atvikum ekki óánægður með þessa niðurstöðu, og bætti því við: enda þótt vitað væri, að læknar hefðu ekki fengið allt fram með þessari niðurstöðu. En mér er spurn: Hafa læknarnir fengið nokkuð fram af því, sem þeir óskuðu? Ég mótmæli því algerlega. Þeir hafa ekki fengið neitt fram af sínum kröfum enn í dag. Og enginn veit nú, hvort þeir fá það nokkru sinni í sambandi við þetta.

Ég vil aðeins undirstrika það enn á ný, að ég ávíta hæstv. ríkisstj. fyrir alla hennar framkomu í þessu máli. Ég tel, að hún hafi gert allt mögulegt í þessu máli, en allt annað en það, sem henni bar að gera. Ef hún vildi ekki hækka laun þessara manna eða bæta þeirra kjör, sem út af fyrir sig var afstaða, þá bar henni að gera það eitt að sleppa þessum mönnum frá nauðung og auglýsa stöðurnar lausar með þeim kjörum, sem henni sýndist. Þetta var það eina, sem hæstv. ríkisstj. bar að gera sem lýðræðislegri stjórn, sem metur frelsi þegna sinna einhvers. En það eina gerði hún ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, n. 122).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt, eins og hv. dm. er kunnugt, til lausnar hinni svonefndu læknadeilu. Deilan um kjör læknanna er hins vegar angi af því þjóðfélagslega vandamáli, sem við Íslendingar höfum í rauninni átt við að etja síðan við fengum fjárforræði og sprottið er af því, að íslenzk stjórnarvöld hafa ekki séð sér fært að greiða sérmenntuðum mönnum í þjónustu ríkisins laun, sem sambærileg eru við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar. Eins og að líkum lætur, hefur þetta vakið allmikla óánægju meðal þeirra, sem í hlut eiga, og hefur sú óánægja farið vaxandi á síðustu árum.

Eins og hv. dm. er kunnugt, voru á síðasta Alþingi sett lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Komu hæstv. ríkisstj. og BSRB sér saman um setningu þessarar löggjafar í von um það, að með því móti fyndust leiðir til lausnar því vandamáli, sem hér er um að ræða, og öðrum kjaramálum opinberra starfsmanna, sem leitt gætu til niðurstöðu, sem báðir aðilar gætu unað við. Þegar umrædd lög voru sett, hefur það án efa verið tilgangur hæstv. ríkisstj. og Alþingis, sem samþ. þessi lög, að eftir þeim lögum væri farið við kjaradeilur, sem upp kynnu að koma síðar. Þó heimiluðu lögin frá því eina undantekningu, nefnilega þá, að ef um almennar kauphækkanir í þjóðfélaginu væri að ræða, þá væri heimilt á þeim grundvelli að greiða opinberum starfsmönnum launahækkanir til samræmis við þær, sem kæmu til framkvæmda fyrir mitt næsta ár, en frá þeim tíma gera lögin ráð fyrir að hinir nýju kjarasamningar taki gildi.

Hæstv. ríkisstj. og BSRB hafa hins vegar náð um það samkomulagi, að hvað sjúkrahúslækna snertir, þá fái þeir laun greidd skv. hinum nýju kjarasamningum — ekki frá 1. júlí 1963, eins og lögin gera ráð fyrir, heldur frá 1. ágúst s. l. Hafa báðir þessir aðilar komið sér saman um það, að læknarnir hefðu þá sérstöðu í þessu efni, að slíkt ákvæði væri eðlilegt. En það er einmitt til staðfestingar á þessu, sem frv. þetta er lagt fram. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og álit hennar á þskj. 122 ber með sér, mælir hún einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir þátttöku minni í þessari atkvgr. Þetta frv. er, eins og kunnugt er, liður í samkomulagi tveggja deiluaðila, ríkisvaldsins annars vegar og ákveðinna einstaklinga úr læknastétt hins vegar. Ég hef ákveðinn grun um, að annar aðili, læknarnir, hafi látið bugast af ofurþunga, ef ekki hótunum hins deiluaðilans, ríkisvaldsins, og þannig raunverulega gengið nauðugir til þessa samkomulags. Vegna þessarar grunsemdar á ég erfitt um vik að greiða frv. atkv., og sit ég því hjá við endanlega atkvgr. um það hér í hv. deild.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 19. og 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er staðfesting á samkomulagi, sem varð til lausnar hinni svokölluðu læknadeilu. Það mál var á sínum tíma rætt, að vísu utan dagskrár í Sþ., en þar sem meginatriði þess eru hv. alþm. kunn, sé ég ekki ástæðu til að rekja þau nú. Ég vil einungis geta þess, að þetta frv. hefur þegar hlotið afgreiðslu Ed. og var þar samþ. ágreiningslaust. Vonast ég til þess, að svo fari einnig hér í þessari hv. deild.
Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, n. 159).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er í sjálfu sér ekkert annað en staðfesting á því samkomulagi, sem ríkisstj. eða hæstv. heilbrmrh. gerði í svokallaðri læknadeilu. Sú deila reis, eins og kunnugt er, út af kjörum sjúkrahúslækna og komst á tímabili á það stig, að læknarnir hættu störfum. Málavextir voru ýtarlega raktir og málið rætt í Sþ. utan dagskrár á sínum tíma, og tel ég því ekki ástæðu til að rekja það hér frekar.
Það, sem síðan hefur skeð, er í rauninni þetta samkomulag, sem gert hefur verið, og er gerð grein fyrir því í grg. með frv. Samkomulagið bindur enda á þessa alvarlegu deilu, og ber að sjálfsögðu að fagna því, þar sem það hefur verið gert með samkomulagi.
Málið fékk greiða göngu í gegnum hv. Ed., og fjhn. þessarar hv. d., sem hefur fjallað um málið, leggur einróma til, að það verði samþ. Er því lagt til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 177).

---

4. Öryggisráðstafanir gegn geislavirkum efnum.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið að frumkvæði Kjarnfræðinefndar Íslands og hefur hlotið rækilegan undirbúning sérfræðinga og eindregin meðmæli landlæknis. Nauðsyn þess kemur af því, að ýmis geislavirk efni eru nú notuð í læknisfræði, landbúnaði, iðnaði og við almennar rannsóknir, og eru þar nauðsynleg. Af þessum efnum stafar margvísleg hætta, sem gera þarf gagnráðstafanir gegn. Það eru auðvitað sérfræðingar einir, sem geta kveðið á um, hver þessi efni séu og hvaða gagnráðstafanir þurfi að gera. Ég hygg, að það liggi nú þegar fyrir frv. að reglugerð, sem setja þurfi skv. þessari löggjöf. Og ef sú nefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, óskar að sjá það frv., mun vafalaust ekki standa á því. Eins og ég segi, þá er þetta mál eitt af þeim, sem sérfræðingar einir geta fjallað um, svo að af nokkru viti sé. Og þar sem ég er laus við alla sér-

fræðiþekkingu í þeim efnum, skal ég ekki fjölyrða meir um málið, heldur leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 96).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það liggur fyrir. Frv. er samið að frumkvæði Kjarnfræðinefndar Íslands, vandlega undirbúið og athugað af sérfræðingum á þessu sviði. Landlæknir mælir með því.

Fyrst er þeir geislar, sem hér ræðir um, uppgötvuðust og menn lærðu að færa sér þá í nyt, t. d. þá eiginleika þeirra, að þeir geta farið í gegnum líkami manna, svo að hægt er að sjá á skyggnitjaldi eða fá fram á ljósmyndafilmu, sem varin er fyrir venjulegu sýnilegu ljósi, skuggamyndir af beinum og líffærum, og síðar, er menn lærðu að nota þessa geisla til lækninga, var lítið vitað um skaðsemi þeirra. Þá urðu margir fyrir ofgeislun, einkum læknar og annað starfslið, er vann að greiningu sjúkdóma eða lækningu með þessu nýja vopni. Smám saman hefur þó tekizt að endurbæta tækin og einnig að beita viðeigandi geislavörnum í þeim stofnunum, sem við þetta fást, svo að hættan er nú minni þrátt fyrir sívaxandi notkun.

Eftir að vísindamönnum tókst að leysa kjarnorkuna úr læðingi, hefur viðhorfið breytzt á ný. Kjarnasprengjur stórveldanna hafa á undanförnum árum auk þeirra slysa, sem þær hafa valdið, orðið til þess að auka verulega við þá geislun, sem við venjulega verðum fyrir utan úr geimnum, a. m. k. um tíma. Óvíða hefur þetta þó orðið svo mikið, að hættulegt sé talið. En þetta hefur þó enn vakið menn til umhugsunar um það að gæta fyllstu varúðar í meðferð þessara geisla, einkum vegna þess, að tækninni hefur fleygt fram, þannig að nú hefur tekizt að búa til tæki, sem geislar frá sér miklu öflugri röntgengeislum en áður, auk þess sem framleiðsla geislavirkra efna til lækninga og alls konar rannsókna, bæði í læknis- og líffræði og einnig í öðrum starfsgreinum, fer stöðugt í vöxt.

Hér á landi stefnir í þessa átt eins og annars staðar. Röntgentækjum fjölgar, og notkun þeirra vex. Einnig eru hér notuð geislavirk efni, bæði radíum, sem hefur verið notað um áratugaskeið, en einnig er byrjað að nota hér nýrri geislavirk efni, þ. e. a. s. nýrri í þeirri merkingu, að skemmra er síðan mönnum tókst að búa til svo mikið magn af þeim sem hentar og lærðist að nota þau. Það er því enginn vafi á því, að tímabært er að setja um þetta efni lög og reglur til þess að tryggja, svo sem unnt er, að fyllstu varúðar sé gætt í notkun og meðferð þessara dýrmætu tækja og efna.

Ég vil nefna t. d. eina ástæðu, sem veldur því, að það er nauðsynlegt að setja um þetta lög og reglur. Þessi tæki og efni eru mjög dýr, en með þeim er líka stundum hægt að ná betri árangri en með nokkru öðru móti, sem við þekkjum. Þess vegna er klifinn þrítugur hamarinn til þess að eignast tækin eða efnin. En þegar tækin eru fengin, er mikil freisting að nota þau, þótt fjárvant kunni að vera til þess að ganga eins frá öllum aðbúnaði til öryggis og vera ber. Fyrstu röntgentækin, sem ég vann með t. d., voru í þakherbergi undir súð og háspennuleiðslur óvarðar. Við urðum að gæta sjúklinganna, svo að þeir kæmu ekki við þær, þegar tækin voru í gangi.

Um efni málsins leyfi ég mér að öðru leyti að vísa til hinnar ýtarlegu greinargerðar, sem prentuð er með frv.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi þessa máls míns, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðab. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur þegar hlotið samþykki Ed. Það er samið að frumkvæði Kjarnfræðinefndar Íslands og hefur hlotið rækilegan undirbúning sérfræðinga og meðmæli landlæknis.

Þau efni, sem hér er um að ræða, hafa alllengi verið í notkun hér á landi, hafa sérstaklega komið til greina varðandi röntgentæki. Nú eru þau notuð í víðtækara mæli en áður, og þess vegna þykir sérstök nauðsyn til þess að gera varúðarráðstafanir gegn þeim. En allt er þetta svo flókið, að það er í raun og veru ekki nema fyrir sérfræðinga að átta sig til hlítar á, hvers eðlis þessi hætta er eða þær varúðarráðstafanir, sem gera þarf. En þess skal getið, að fyrir hendi er frv. að reglugerð, sem setja skal samkv. þessum lögum, og ef nefnd óskar að kynna sér það frv. nánar, þá er sjálfsagt, að hún fái það til athugunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. En um það varð enginn ágreiningur í Ed., að málið skyldi ná fram að ganga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 145).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, og leggur n. einróma til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma í nál. hennar á þskj. 145.

Nefndin boðaði á sinn fund nokkra sérfróða menn um þessi mál, þá dr. med. Sigurð Sigurðsson landlækni, dr. med. Gísla Petersen yfirlækni á röntgendeild Landsspítalans og prófessor Magnús Magnússon.

Breytingin, sem við flytjum við 3. gr. frv., er gerð samkv. ábendingu þessara aðila, sem gerðu n. grein fyrir skoðun sinni, og féllst hún á rök þeirra, enda vart á færi annarra aðila en þeirra, sem sérþekkingu hafa á þessum málum, að dæma um þau atriði, sem þar um ræðir.

Breytingin við 4. gr. frv. er gerð að athuguðu máli eftir viðræður, sem n. átti við þá aðila, sem ég áðan nefndi. Kom fram í þessum viðræðum, að um allvíðtækt eftirlit hlyti að vera að ræða, sem óhjákvæmilega hefði nokkurn kostnað í för með sér. Verður að telja eðlilegt með hliðsjón af öðru opinberu eftirliti í landinu, bæði öryggiseftirliti o. fl., að viðkomandi aðilar beri kostnaðinn við eftirlitið að einhverju eða öllu leyti. Töldu hinir sérfróðu menn, að eðlilegast væri, að eftirlit með geislavirkum efnum og geislatækjum væri framkvæmt á vegum heilbrigðisyfirvalda landsins, og taldi landlæknir vel geta samrýmzt, að sá aðili, sem eftirlit þetta hefði með höndum á vegum heilbrigðisyfirvaldanna, væri einnig að öðrum þræði starfandi á Landsspítalanum, og mundi það draga úr kostnaði við eftirlitið.

Formaður heilbr.- og félmn., hv. 1. þm. Vestf., ræddi þessar tvær breyt. við hæstv. heilbrmrh., og féllst hann á þær fyrir sitt leyti.

Í viðræðunum við þá aðila, sem n. boðaði á fund sinn, kom fram, að mesta hætta á geislavirkni af völdum tækja og efna væri fyrir þá menn, sem störfuðu með röntgentæki, sem notuð eru á sviði læknisfræði hér á landi, til myndatöku og lækninga, svo og röntgentækja, sem notuð eru í einstökum greinum iðnaðar og verzlunar.

Í sambandi við fsp., sem fram kom í n., upplýstu hinir sérfróðu menn, að ekki mundi stafa nein hætta á geislavirkni frá þeim ratsjám, sem í bátum og skipum eru hér á landi. Hins vegar væri sjálfsagt, að eftirlit væri haft með innflutningi slíkra tækja, og væri það í samræmi við það, sem átt hefur sér stað um alllangt árabil, bæði á Norðurlöndum og annars staðar erlendis.

Eins og fram kemur af grg. frv., hefur það verið samið að frumkvæði Kjarnfræðinefndar Íslands og hlotið rækilegan undirbúning sérfræðinga og meðmæli landlæknis. Mun frv. vera í höfuðatriðum samhljóða tilsvarandi löggjöf nágrannaþjóða okkar.

Heilbr.- og félmn. leggur einróma til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma í nál. hennar á þskj. 145.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 145,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 145,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðab. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 154).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til einnar umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur áður verið samþ. hér í hv. d. Hv. Nd. breytti því lítillega. Önnur breytingin varðar tæknilegt atriði, en hitt mátti frekar teljast efnisbreyting, þar sem ákveðið er í 4. gr., að ráðh. ákveði með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkv. ákvæðum þessara laga. Nú má e. t. v. deila um, hvort heimild fyrir þessu fælist í því almenna reglugerðarákvæði, sem var í frv. upphaflega, en það er enginn vafi, að það er öruggara, að það sé berum orðum tekið fram, að þessi heimild sé í frv., og tel ég því breytinguna vera til bóta og vonast til, að frv. nái fram að ganga án ágreinings í hv. deild.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 178).

5. Almannatryggingar (stjfrv. um afnám verðlagssvæða).

Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [88. mál] (stjfrv., A. 108).

Á 14. og 15. fundi í Nd., 13. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. um bráðabirgðabreyt. á l. um almannatryggingar felur í sér tvö atriði. Hið fyrra er, að landið verði gert að einu verðlagssvæði, og hið síðara, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir verði hækkaður um 7% frá 1. júní 1962 til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á launum opinberra starfmanna.

Landinu hefur að undanförnu verið skipt í tvö verðlagssvæði, þannig að kaupstaðir, sem hafa 2000 íbúa o. fl., hafa verið á svokölluðu 1. verðlagssvæði, en aðrir landshlutar á 2. verðlagssvæði, og hafa bæði iðgjöldin til tryggínganna á þessum svæðum og bæturnar, sem greiddar hafa verið, verið mismunandi eftir því, um hvort svæðið hefur verið að ræða. Þó skal það segjast, að það er heimild í l. fyrir hvaða sveitarfélag sem er að flytja sig af 2. verðlagssvæði yfir á 1. verðlagssvæði, ef þess er óskað, og hefur það verið notað af nokkrum sveitarfélögum, en tiltölulega fáum þó.

Þegar almannatryggingalögunum var breytt 1956, þegar þau voru endurskoðuð þá, var sveitarstjórnum, flestum, að ég ætla, eða öllum, skrifað og spurzt fyrir um það, hvort þær óskuðu eftir því, að verðlagssvæðið yrði bara eitt fyrir allt land. En yfirgnæfandi meiri hl. af þeim svörum, sem bárust, hnigu í þá átt að halda sama hætti og verið hafði, og þess vegna var þá ekki horfið að því að breyta þessu, þegar höfuðendurskoðun laganna fór þá fram.

Nú aftur á móti hefur hér á Alþingi oftar en einu sinni komið fram till. um það, að þessu yrði breytt og verðlagssvæðið haft aðeins eitt, og sömuleiðis hefur afstaða sveitarfélaganna til málsins breytzt á þessum árum, sem síðan eru liðin, og með þeim auknu tekjustofnum, sem sveitarfélögin hafa fengið upp á síðkastið, og á ég þar aðallega við söluskattinn, ætti að vera möguleiki fyrir þau án tiltakanlegra erfiðleika að greiða þau hærri iðgjöld til tryggínganna, sem þetta hefur í för með sér. Það hefur líka komið í ljós við útsvarsálagninguna 1961, að fjöldi sveitarfélaga víðs vegar um landið hefur notað sér þá heimild, sem í þeim lögum er til lækkunar á útsvörunum frá því, sem útsvarsstigi þar gerir ráð fyrir, og má þess vegna ætla, að þetta valdi ekki sveitarfélögunum neinum tiltakanlegum erfiðleikum, en hins vegar er óeðlilegt að mínu viti og margra fleiri að mismuna mönnum í bótagreiðslum eftir því, hvar þeir eiga heima á landinu.

Þá er hitt atriðið, sem frv. gerir ráð fyrir, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir verði hækkaður frá því, sem nú er, á sama hátt og laun opinberra starfsmanna hafa hækkað á árinu sem leið. Það hefur verið regla að undanförnu, að bótagreiðslur almannatrygginganna hafa fylgt launum opinberra starfsmanna að þessu leyti, og þó misjafnlega. Stundum hefur þetta verið miðað við elli- og örorkulífeyrinn einan, en stundum hefur þetta verið miðað við allar bótagreiðslur úr tryggingunum. Mþn., sem starfar nú að endurskoðun l. og hefur samið þetta frv., óskaði eftir og gerði beinlínis till. um það, að þessar bótagreiðslur yrðu nú aðeins hækkaðar á ellilífeyri og örorkulífeyri, en ekki á öðrum bótum Tryggingastofnunarinnar, vegna þess að hún hefur í endurskoðun þau mál og hefur till. á prjónunum, sem þessar bótahækkanir mundu hafa áhrif á, og óskar eftir að fá að gera till. um þær í einu lagi, en hún býst við, að þær till. muni hún hafa tilbúnar upp úr áramótum.

Ég tel ekki, að ég þurfi að hafa um þetta fleiri orð. Hvorar tveggja þessar brtt. eru að mínu viti bæði eðlilegar og sanngjarnar. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 108, n. 130).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Með þeim breyt., sem gerðar voru á almannatryggingalögunum 1960 jafnhliða viðreisnaraðgerðunum, voru heildarútgjöld lífeyristrygginganna hækkuð um 201.4 millj. kr., eða um 110%. Einnig urðu miklar hækkanir á öðrum greinum tryggínganna. Síðan hefur enn verið haldið áfram á þeirri sömu braut, að efla almannatryggingarnar. Voru hin svokölluðu skerðingarákvæði þannig felld niður í byrjun síðasta árs, en það hafði í för með sér, ef ég man rétt, um 25 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir tryggingarnar. Jafnframt afnámi skerðingarákvæðanna var þeim, sem frestuðu töku ellilífeyris, gefinn kostur á að njóta hækkunar ellilífeyris um allt að 67% eftir fimm ára frestun.

Með l. nr. 95 1961 var ákveðin 13.8% hækkun bóta frá 1. júlí 1961 og 4% viðbótarhækkun 1. júní 1962. Þetta hafði í för með sér hækkun á áætluðum útgjöldum 1961 um 28,2 millj. kr. og 1962 um 69 millj. kr. Samkv. áætlun-

um Tryggingastofnunar ríkisins, sem gerðar voru í maí s. l., voru útgjöld 1962 áætluð 486.5 millj. kr. og 1963 510.6 millj. kr., eða hækkunin milli ára 24.1 millj. kr. Þar af veldur bótahækkunin frá 1. júní 1962 7.9 millj. kr. hækkun á næsta ári, þar eð hún reiknast þá allt árið í stað 7 mánaða á þessu ári, en 16.2 millj. kr. af hækkuninni stafa aðallega af fjölgun bótaþega, en það er talið, að fólki á ellilífeyrisaldri fjölgi um 3½% á ári.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 108, er enn lagt til, að almannatryggingarnar verði efldar. Felur frv. í sér tvö atriði: Í fyrsta lagi verður afnumin skipting landsins í verðlagssvæði, þannig að bætur til hinna tryggðu verði hinar sömu, hvar sem er á landinu. Í öðru lagi er lagt til, að elli- og örorkulífeyrir skuli hækka um 7% frá 1. júní 1962.

Verðlagssvæðaskiptingin hefur ekki verið landfræðileg skipting, heldur hefur hún miðazt við íbúatölu, þannig að kaupstaðir með 2000 íbúa eða fleiri hafa talizt á 1. verðlagssvæði, en önnur sveitarfélög á 2. verðlagssvæði. Þó hafa sveitarstjórnir á 2. verðlagssvæði haft heimild til að ákveða tilfærslu milli verðlagssvæðanna, og hafa sumar þeirra notfært sér það. Áður var mismunur á bótum á verðlagssvæðunum allt að 25%, en síðan 1960 hefur munurinn verið 23.6%.

Þegar almannatryggingalögunum var breytt 1956, var rætt um afnám verðlagssvæðanna, en þá lögðust flestar sveitarstjórnir á 2. verðlagssvæði gegn því, eins og frá var greint í grg. með frv.

Afnám verðlagssvæðanna hefur að sjálfsögðu í för með sér aukin útgjöld, eða samtals 34.6 millj. kr., og kemur hluti af því á sveitarsjóði og hina tryggðu, en á móti því kemur framlag ríkisins, sem er langstærst, því að ríkissjóður greiðir miðað við heildarfjárhæð trygginganna samkv. áætlun fyrir næsta ár 53.4%, hinir tryggðu 22.2%, sveitarfélög 14.1% og atvinnurekendur 10.3%. Er það þess vegna bæði réttlætismál gagnvart hinum tryggðu og hagsmunamál þeirra staða, sem tilheyrt hafa 2. verðlagssvæði, að afnema skiptinguna í 1. og 2. verðlagssvæði.

Síðara atriði frv., um 7% hækkun elli- og örorkulífeyris frá 1. júní s. l., er miðað við sömu hækkun og opinberir starfsmenn hafa fengið á launum frá sama tíma. Þessi 7% þýða 18 millj. kr. bótahækkun, þannig að samtals hækka bæði atriði frv. útgjöld almannatrygginganna um 52.6 millj. kr., sem skiptast þannig, að ríkissjóður greiðir 18.9 millj. kr., en hinir tryggðu 16.8 millj., sveitarsjóðir 9.5 og atvinnurekendur 7.4, sem verður samtals 52.6 millj. kr.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt. Munu þá eftir samþykkt frv. heildarframlög til almannatrygginga á næsta ári verða u. þ. b. 834 millj. kr. samkv. því, sem hæstv. félmrh. upplýsti hér við 1. umr. um þetta mál, og eru þá meðtaldar allar tegundir trygginga, þ. e. lífeyristryggingar, slysatryggingar, sjúkratryggingar og atvinnuleysistryggingar.

Ég legg svo til fyrir hönd heilbr.- og félmn., að málinu verði vísað til 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það í sambandi við það frv., sem hér er á dagskrá nú, að ég tel, að það hefði gjarnan mátt vera búið að breyta þessum l. fyrr í þá átt, sem reynt er í þessu frv. Það hefur verið mikil þörf á því að breyta ákvæðunum um verðlagssvæði almannatryggingalaganna. Við þm. Alþb. höfum flutt á mörgum þingum till. í þessa átt, en það hefur því miður ekki fengizt fram til þessa. En nú er orðið við þessu, og ber auðvitað að fagna því.

Annað efnisatriði þessa frv. fjallar um hækkun á ellilífeyri og örorkulífeyri til samræmis við aðrar kauphækkanir. Þar er líka auðvitað aðeins um lágmarkshækkun að ræða, því að mikil þörf hefði verið á því að hækka þessar bætur enn þá meira en gert er ráð fyrir í þessu frv., enda hafa komið fram á Alþingi hvað eftir annað till. um það.

Ég sem sagt fagna því, að nú virðist vera að takast að koma þessu máli fram.

En ég vil svo, um leið og ég kem hér upp í ræðustólinn til að minnast á þetta, lýsa yfir óánægju minni við hæstv. forseta yfir því, hvernig unnið er að dagskrármálum hér á þingi nú. Ég gat út af fyrir sig skilið það, að hann hefði leyft hæstv. viðskmrh. að ryðja úr sér þeim reiðilestri, sem hann gerði hér áðan í lok fundartímans, án þess að menn fengju aðstöðu til þess að svara þar fyrir sig og hrekja þau firn af vitleysum, en tækifæri mun gefast hér síðar til að sýna, hversu lítið hann veit um það, sem hann er að tala í þessum efnum. Það var út af fyrir sig að leyfa honum að ljúka hér fundartíma á þennan hátt. En þegar svo tekið er fyrir á dagskrá annað mál, þá er sýnilegt, að leikurinn er gerður aðeins til þess að leyfa mönnum að halda fram slíkri rakaleysu og vitleysu eins og ráðh. gerði hér, án þess að hægt væri að koma vörnum við. Ég ætla mér auðvitað ekki undir þeim dagskrárlið, sem hér er nú, að fara að ræða það, en það mun gefast tími til þess síðar, en ég vil aðeins í leiðinni, um leið og ég ræði þetta mál, sem hér er á dagskrá, mótmæla slíkum vinnubrögðum hjá hæstv. forseta að haga umr. hér á þinginu á þennan hátt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 24. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um bráðabirgðabreyt. á l. um almannatryggingar felur í sér tvær breytingar frá núverandi lögum. Hin fyrri er sú, að landið allt skuli frá 1. jan. 1963 vera eitt verðlagssvæði, hin síðari, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir skuli hækka um 7% frá 1. júní s. l.
Eins og kunnugt er, hefur landinu verið skipt í tvö verðlagssvæði með mismunandi iðgjöldum og mismunandi bótum. Upphaflega var þetta hugsað þannig, að framfærslukostnaður mundi vera mismunandi í þéttbýli og dreifbýli. En takmörkin fyrir þessum verðlagssvæðum eru ekki landfræðileg, ef svo má segja, heldur eru svæðin miðuð við íbúafjölda staða, þannig að 1. verðlagssvæði tekur til sveitarfélaga, bæjarfélaga og kauptúna, þar sem íbúafjöldinn er 2000 eða meira, en allir aðrir staðir á landinu, öll önnur sveitarfélög, sem hafa innan við 2000 íbúa, tilheyra 2. verðlagssvæði.
Þó er heimild í lögunum um það, að ef einhvert sveitarfélag óskar eftir því að vera fært yfir á 1. verðlagssvæði af 2., þá er það heimilt, og hafa nokkur sveitarfélög notað sér það. T. d. get ég nefnt Seltjarnarneshrepp hér í nágrenni Reykjavíkur, Sauðárkrók, Neskaupstað og kannske einhverja fleiri, sem hafa notfært sér heimildina og valið að vera heldur á 1. verðlagssvæði en 2., þó að þau væru ekki skyld til þess að óbreyttum lögum.
Það hefur oft verið rætt um það að breyta þessu og hafa ekki lengur þessa verðlagssvæðaskiptingu, með því að það hefur verið talið í seinni tíð að minnsta kosti, að framfærslukostnaður væri nokkurn veginn sá sami, hvort sem um væri að ræða dreifbýli eða þéttbýli.
Þegar almannatryggingalögin voru endurskoðuð síðast, — það var árið 1956, — þá var leitað umsagna sveitarfélaganna um það, hvort þau vildu, að þessi breyting væri gerð. En þau voru þá svo mörg á móti því, að það var ekki talið rétt að svo stöddu. Nú aftur á móti eru raddir uppi og hafa verið uppi bæði hér á Alþingi og annars staðar, að þessu verði breytt, og möguleikar sveitarfélaganna til að standa undir hækkuðum gjöldum meiri en oft áður, sem m. a. hefur komið fram í útsvarsálagningunni s. l. ár, þar sem sveitarfélög flestöll úti um landsbyggðina og ég held öll hafa ekki fullnotað álagningaskalann og sum tiltölulega mjög lága prósentu af honum, þannig að þetta ætti ekki að þurfa að valda sveitarfélögunum lengur þeim erfiðleikum, sem áður hafa verið þess valdandi, að þesssi svæðaskipting hefur verið í gildi.
Hin brtt. er um það að hækka bótagreiðslur, ellilífeyrisgreiðslur og örorkulífeyri, um sömu prósentutölu og laun opinberra starfsmanna hækkuðu í ár og frá sama tíma. Það hefur verið venja, að bótagreiðslur almannatrygginganna hafa yfirleitt verið látnar fylgja breytingum á launagreiðslum til opinberra starfsmanna. Stundum hefur þetta verið látið ná til allra bótagreiðslnanna, en stundum aðeins til elli- og örorkulífeyrisins eins. Í þetta sinn óskaði nefnd sú, sem nú starfar að heildarendurskoðun á lögunum um almannatryggingarnar, eftir því, að hækkunin yrði að þessu sinni aðeins miðuð við elli- og örorkulífeyrisgreiðslurnar, en aðrar hækkanir látnar bíða vegna tillagna nefndarinnar síðar, sem væntanlegar eru fljótlega eftir áramótin, um nokkrar breytingar á þeim bótagreiðslum öðrum, sem greiða ber skv. almannatryggingunum og þessi hækkun mundi hafa áhrif á, en nefndin óskar eftir því, að gera hvort tveggja í einu.
Ég held ekki, að ég þurfi að fara um þetta fleiri orðum. Málið liggur ákaflega ljóst fyrir. En ég vildi aðeins leyfa mér að fara þess á leit við þá nefnd, sem fær málið til athugunar, að hún leitaðist við að flýta afgreiðslu þess, vegna þess að meiningin var, að þessar hækkanir á bótagreiðslunum yrðu afgreiddar sem fyrst í næsta mánuði.
Mér er það ljóst, að það eru uppi ýmsar aðrar till. um breytingar á almannatryggingalögunum, en ég vildi mega vænta þess, að þetta frv. fengi að ganga í gegn án þess, að þeim yrði hér blandað saman við, enda koma væntanlega till. mþn. fram fljótlega eftir áramótin, og þær taka þá til meðferðar sjálfsagt flest af því, sem fram hefur komið á þessu sviði, og sjálfsagt eitthvað enn frekar. Vildi ég mega vænta þess, að frekari brtt. yrðu látnar bíða þangað til, en þetta mál afgreitt eitt út af fyrir sig, eins og það liggur fyrir, enda var um það samkomulag í hv. Nd.
Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 151, 156).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. sagði í framsöguræðu sinni við 1. umr. þessa máls, er þess vænzt, að lög um almannatryggingar, endurskoðuð af þeirri nefnd, sem nú s. l. tvö ár hefur unnið að því, verði lögð fyrir Alþingi, áður en þessu þingi lýkur. Það þótti þó rétt að taka þau tvö atriði, sem í þessu frv. greinir, sérstaklega og setja um þau lög þegar fyrir áramót. Það er sérstaklega til þess, að þær breytingar, sem verða við það á lögunum, geti tekið gildi um áramót. En breytingarnar eru, eins og hv. alþm.

vita, þær, að horfið er frá verðlagssvæðaskiptingunni, sem löngu var orðin úrelt og ég hafði fyrir löngu lagt til að væri hætt, lagði það til, þegar lögin voru endurskoðuð 1956, en þá var það ekki gert, því að svo margar sveitarstjórnir, sem voru þá aðspurðar, mæltu á móti því. En nú munu menn hafa skilið það betur en þá, að þetta er alger óhæfa, að skipta landinu í verðlagssvæði, eins og gert hefur verið til þessa.

Hin breytingin er sú, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir megi greiðast með 7% hækkun frá 1. júní 1962. Þá hefur það verið meiningin, að þessi hækkun yrði greidd með ellilífeyrinum fyrir desember, þannig að öryrkjarnir og gamalmennin fengju þessa uppbót fyrir jólin.

Ég vil því mælast til þess, að hv. þm. greiði fyrir því, að þetta geti gengið fljótt. Eins og segir í nál. n., áskildu þeir hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Það hefur komið fram brtt. um að víkka nokkuð út þessa heimild til að greiða 7%. En ég vildi nú mælast til þess, að þeir létu það bíða þangað til síðar á þessu þingi, þegar almannatryggingalögin væntanlega koma til umr., að flytja bæði þær og aðrar breytingar, sem þeir kynnu að vilja gera á lögunum, til þess að það yrði ekkert til hindrunar því, að öryrkjarnir og gamalmennin gætu fengið núna fyrir jólin þessa bót, sem þeir eiga að fá, en það er sama upphæð og opinberir starfsmenn hafa fengið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira að svo stöddu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir 7% hækkun á vissum bótum almannatrygginga, 7% hækkun frá 1. júní 1962. Þessi hækkun á að ná aðeins til nokkurs hluta bóta, sem fjallað er um í II. kafla laganna um lífeyristryggingar. Hins vegar koma ekki til greina í þessu frv. neinar hækkanir á öðrum bótum almannatrygginga, svo sem sjúkratryggingum eða slysatryggingum. Þessi hækkun nær því aðeins til eins kaflans í almannatryggingalögunum, og við því er út af fyrir sig ekkert að segja. En það, sem mér finnst athugavert, er, að hækkunin skuli aðeins ná til nokkurs hluta þeirra bóta, sem um ræðir í þessum kafla um lífeyristryggingarnar. Hækkunin á aðeins að ná til ellilífeyris og þess örorkulífeyris, sem um er rætt í II. kafla laganna, en alls ekki til alls örorkulífeyris.

Í II. kafla laganna, kaflanum um lífeyristryggingar, segir svo í 12. gr.: „Lífeyristryggingarnar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.“ Og eins og ég tók fram, á hækkunin um 7% frá 1. júní þessa árs aðeins að ná til ellilífeyris og örorkulífeyris. Hækkunin á ekki að ná til makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks og ekkjulífeyris. Nú er ég þeirrar skoðunar, að um fjölskyldubætur gildi nokkuð sérstakar reglur, einkum síðan reglum um fjölskyldubætur svo og upphæð fjölskyldubóta var breytt árið 1960. Og mér finnst í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, úr því að undantekningar eru gerðar um hækkun á bótum laganna, að þá komi til greina, að fjölskyldubætur falli hér út úr. En ég skil ekki, hvers vegna makabætur fá ekki að hækka, barnalífeyrir fær ekki að hækka, mæðralaun fá ekki að hækka eða ekkjubætur, úr því að um hækkun er að ræða yfirleitt.

Ég vil ekki verða til þess í sjálfu sér að tefja framgang þessa frv. En mér finnst jafnfráleitt að vekja ekki athygli á þessu misræmi, því að ég held, að í þessu misræmi felist ósanngirni gagnvart bótaþegum. Ég heyrði ekki í ræðu hæstv. félmrh. um daginn, hver væri skýring á þessari mismunun, hvers vegna ellilífeyrir og örorkubætur væru teknar hér út úr, en bætur eins og mæðralaun og ekkjubætur og barnalífeyrir hafa ekki fengið að fljóta með. En ég get ekki annað skilið en hér sé um að ræða mál, sem verður að teljast sanngirnismál, að allar þessar bætur þessa kafla laganna fái að fylgjast að.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég flytjum á þskj. 156 brtt. við 3. gr. frv., og sú brtt. felur í sér leiðréttingu á þessu misræmi. Við leggjum til, að 3. gr. orðist svo:

„Ellilífeyrir, örorkubætur, makabætur, barnalífeyrir, mæðralaun, fæðingarstyrkur, ekkjubætur og ekkjulífeyrir skv. II. kafla laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. síðari breytingar á þeim lögum, skal hækka um 7% frá 1. júní 1962.“

Hér eru enn, eins og í frv., undanskildar fjölskyldubætur, og það er af því, eins og ég tók fram áðan, að við teljum, að um þær geti gilt nokkuð aðrar reglur en um aðrar bætur í þessum kafla.

Ég vil að lokum taka það fram sem mína persónulegu skoðun, að ég tel þessa hækkun of litla, 7% hækkun, þegar um er að ræða bætur almannatryggingalaganna. Ég tel líka, að bæturnar hefðu átt að ná til allra bóta almannatryggingganna, en ekki aðeins lítils hluta þeirra. Ég hefði talið affarasælast og bezt að leysa þennan vanda með því að verðtryggja bætur þeirra, sem hér um ræðir, þannig að bæturnar hækkuðu í samræmi við hækkandi verðlag og vaxandi dýrtíð, eða að þær breyttust með vísitölu. Um þetta hef ég ásamt öðrum hv. þm. flutt frv. hér, sem er nú í athugun hjá nefnd, en ég hef ekki viljað hreyfa því máli nú frekar, til þess að sem minnst yrði til tafar á afgreiðslu þess stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir. En fram hjá þessu fannst mér ég ekki geta komizt, að gera athugasemdir um þá ósanngirni, sem mér finnst gæta í 3. gr. þessa frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég lét í ljós þá ósk, þegar ég lagði málið fyrir í þessari hv. d. við 1. umr., að það mætti ganga fram eins og það var lagt fram og án mikilla eða helzt nokkurra brtt., sem gætu valdið

ágreiningi og tafið málið. Það þarf að úthluta ellilaunum og örorkulífeyri nú í þessum mánuði og helzt sem fyrst, og nauðsynlegt er þess vegna, að ákvörðun verði tekin í málinu sem allra fyrst. Ég gat þess líka, að sá háttur hefði verið hafður að undanförnu, að bótagreiðslur almannatrygginganna hefðu verið látnar fylgja hækkunum á launum opinberra starfsmanna, en þó á mismunandi hátt, stundum þannig, að það hafa aðeins verið elli- og örorkulífeyrisgreiðslurnar, sem hafa verið látnar fylgja launum opinberra starfsmanna, en stundum allar lífeyristryggingarnar. Nú er, eins og hér hefur komið fram áður, starfandi mþn., sem hefur þessi mál til meðferðar. Hún lagði til eindregið og einróma, að þessar bætur yrðu teknar út úr nú, ellilífeyrisgreiðslurnar og örorkulífeyrisgreiðslurnar, en aðrar bætur látnar bíða, vegna þess að hún hefur til meðferðar nokkrar breytingar á þessum bótagreiðslum, sem hún hyggst leggja fram hér á Alþingi fljótlega, eftir að það kemur saman að nýju eftir jólaleyfi. Að frv. er þess vegna borið fram svona, eins og gert er, er eingöngu vegna þessara tilmæla n., en ekki vegna þess, að verið sé að skerða eða draga úr öðrum bótagreiðslum. Það spursmál liggur alveg opið fyrir til afgreiðslu eftir nýárið, þegar till. mþn. koma.

Ég held þess vegna, að það sé engu sleppt og að allir möguleikar standi opnir jafnt eftir sem áður, þó að þetta verði afgreitt eins og frv. gerir ráð fyrir.

Hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e. hafa borið fram brtt. á þskj. 156 um, að bótagreiðslur lífeyristrygginganna verði allar hækkaðar, þó að undanskildum einum þætti þeirra, þ. e. a. s. fjölskyldubótum. Ég held nú, að það væri mjög æskilegt, ef þessir hv. þm. vildu falla frá að bera þessa till. fram, því að mér þykir á vissan hátt illt að fella hana, og þess vegna æskilegast, að hún kæmi ekki til atkv. nú, heldur yrði málið tekið upp að nýju, þegar till. n. kæmu fram eftir nýárið. Það ætti ekki að vera neinn skaði skeður, þó að það biði þangað til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156 tekin aftur til 3. umr.
3.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 108, 156).

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég flytjum brtt. við 3. gr. frv. Við bárum þessa brtt fram við 2. umr., en drógum hana til baka til 3. umr.

Í 3. gr. er tekið fram, að frá 1. júní 1962 skuli ellilífeyrir samkv. 13. gr. almannatryggingalaganna og örorkulífeyrir samkv. 14. gr. sömu laga hækka um 7%. Aðrar bætur almannatrygginganna eiga ekki að hækka. Við leggjum til, að nokkrar bætur hækki um sömu prósentutölu. Það eru bætur, sem eru náskyldar þeim, sem hér er um að ræða, og heyra enda til sama kafla, II. kaflanum, í almannatryggingalögunum. Okkur finnst óréttmætt, ósanngjarnt og ranglátt, að einstæðar mæður og ekkjur t. d. fái ekki þessa hækkun eins og aðrir bótaþegar, sem heyra undir þennan kafla. Ég er hissa á því, að sú nefnd, sem hefur með endurskoðun tryggingalaganna að gera, skuli hafa óskað eftir því, að þessir bótaflokkar yrðu ekki hafðir með í þetta sinn. Ég er hissa á því, vegna þess að það er óhugsandi, að hækkun þessara bóta hafi nokkur truflandi áhrif á störf þessarar nefndar. Það virðist algerlega gripið úr lausu lofti, að það þurfi að hafa nokkur áhrif á störf n., þótt þessar bætur hækki. Það eina, sem getur mælt í móti því, að einstæðar mæður og ekkjur fái sömu kjarabót og ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar, er kostnaðurinn. Auðvitað kostar þetta nokkra upphæð. En þeirri mótbáru hefur ekki verið hreyft, hvorki af hæstv. félmrh. né öðrum. Og ég vil minna á það, sem hæstv. félmrh. sagði hér við 2. umr. málsins. Hann óskaði eftir því að vísu, að d. felldi brtt. okkar óbeint. Hann sagðist vonast til þess, að við, sem flytjum brtt., tækjum hana til baka, því að það væri erfitt að fella till. sem þessa. Og hvers vegna er það erfitt? Af því að till. felur í sér sanngjarna kröfu á leiðréttingu. Við flm. viljum því vonast til þess, að þessi till. verði samþykkt. Það þarf ekki að kosta mikla töf hér í þinginu, þótt það verði gert.

ATKVGR.
Brtt. 156 felld með 8:7 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 179).

---

6. Fjáraukalög 1961.

Á deildafundum 21. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1961 [45. mál] (stjfrv., A. 45).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga, sem hér liggur fyrir, er samið eftir till. og aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, og vil ég leggja til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og til fjvn. með 54 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 161).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur, svo sem venja er, borið þetta frv. til fjáraukalaga saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1961, og við samanburð á einstökum liðum hefur ekkert athugavert komið í ljós. Hins vegar, eins og fram kemur í nál. okkar á þskj. 161, hefur slæðzt inn í frv. meinleg prentvilla, því að niðurstöðutalan á frv. til fjáraukalaga er 50 millj. kr. of há. Þar hefur prentazt 171.-992.086,75 í staðinn fyrir 121.792.086,75 kr. Við gerum till. um, að þessi prentvilla sé leiðrétt, eins og fram kemur í nál. okkar, og að öðru leyti leggjum við til, að frv. verði samþ. og hljóti afgreiðslu.

ATKVGR.
Brtt. 161,1 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 161,2 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 185).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 195).

---

7. Almannavarnir.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um almannavarnir** [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta var til umr. á síðasta þingi. Það var lagt fram nokkuð síðla á því þingi, og var gagnrýnt, að menn hefðu ekki nægan tíma til að átta sig á því til hlítar eða ræða það svo sem skyldi. Það varð þess vegna ofan á, að frv. var þá afgreitt með rökst. dagskrá, og í henni fólst áskorun til stjórnarinnar um að haga svo til, að ekki yrði tjón af því, þó að frv. yrði ekki afgreitt þegar í stað, en stjórninni jafnframt falið að leggja það fyrir þingið, strax og það kæmi saman aftur. Nú er frv. lagt fram óbreytt eins og það var borið fram á síðasta þingi.

Ég vil skýra frá því, að ráðinn hefur verið, eins og raunar tilkynnt hefur verið opinberlega, sérstakur maður til að undirbúa ráðstafanir í þessu efni, og vinnur hann ötullega að því undirbúningsstarfi og að kynna sér allar hliðar þessa mjög vandasama og viðurhlutamikla máls. Í annan kostnað hefur ekki verið lagt af þessum sökum enn þá.

Því miður eru horfur í alþjóðamálum enn slíkar, að óverjandi er með öllu að gera ekki einhverjar ráðstafanir til almannavarna hér á landi.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn., og þar sem það er nú lagt fram svo snemma þings, þá gefst nú öllum nægur tími til að átta sig á því og koma fram sínum aths. og ræða málið eins og þá lystir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta mál mikið við þessa umr. Það urðu nokkrar umr. um þetta á síðasta stigi þessa máls í þessari deild undir þinglok. Og ég er sammála hæstv. dómsmrh. um það, að þetta mál gangi til nefndar og þm. gefi sér gott tóm til að athuga það.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta er eitt af þeim vandasömustu málum, sem fyrir okkur koma. Það er engum efa bundið, að sú spurning, sem fjöldi manna, ekki aðeins svo að segja fákunnandi almenningur í þessum efnum, eins og við erum allir, veltir fyrir sér, heldur líka ýmsir af helztu vísindamönnum heims, það er, hvort nokkrar raunverulegar varnir séu til gagnvart þeim vopnum, sem mannkynið nú er búið að finna upp. Það kann að vísu að vera, að þar sem áhrifa t. d. af kjarnorkusprengjum, sem sprengdar hafa verið, gætir alllangt í burtu, þar kunni að vera einhverjar ráðstafanir, sem ofur lítið geti hjálpað, en í vissum hring í ákveðinni fjarlægð frá þeim stað, þar sem sprengjan fellur, mun ekki vera um neinar varnir að ræða. Og það, sem ég held, að sé ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur, þegar við ræðum þetta mikla alvörumál, það er, að við reynum að horfast í augu við hættuna, að við sem sagt gerum okkur ekki neinar tálvonir um það, hvort á ákveðnu sviði innan ákveðins hrings frá kjarnorkusprengju sé hægt að koma við nokkrum vörnum eða ekki, því að ef sú ógæfa skyldi koma yfir okkur og mannkynið yfirleitt, að til slíks kæmi, þá yrði það mikill ábyrgðarhluti, ef menn hefðu valdið dauða máske svo og svo margra manna með því að telja þeim trú um, að það væri hægt að verjast á ákveðnu svæði, þar sem engar varnir eru mögulegar.

Ég álít, að það sé rétt að athuga þetta mál mjög vel í nefnd. Okkur greinir á um ákaflega margt í sambandi við kjarnorkuhernað, hvaðan hætta stafi og allt mögulegt annað slíkt. En eitt er a. m. k. víst, að ef til kjarnorkuhernaðar kæmi, þá höfum við að því leyti allir sameiginlegra hagsmuna að gæta, að okkar hlutverk hér á Íslandi, sem við stjórnmálin fáumst, getur ekki verið annað en reyna að afstýra sem mestu af þeim voða, sem af slíku mundi hljótast. Á hvern hátt aftur á móti það verði gert, um það getum við deilt, en um það ættu raunverulega ekki að þurfa að verða

að öllu leyti pólitískar mótsetningar. Þar ættum við að geta komizt að vissum niðurstöðum út frá tæknilegum upplýsingum um, hvað við þyrftum að gera viðvíkjandi okkar landsfólki.

Ég hefði nú ofur litla tilhneigingu til þess, af því að hæstv. utanrrh. hafði hérna síðastur orðið áðan og fyrst við erum að ræða kjarnorkustríð, og ég held, að hann sé hér einhvers staðar nærri og megi mál mitt heyra, að skjóta því fram til hans, af því að hann hafði orðað það, sem mér finnst ógætilegt af manni í hans stöðu. Hann lýsti því yfir, að það væri hlutverk Atlantshafsbandalagsins að berjast gegn hinum alþjóðlega kommúnisma, og vildi mjög hrósa sér af því, að sú að hans áliti hin vonda stefna hefði nú aldeilis sett niður, síðan það volduga Atlantshafsbandalag hefði komið til. Ég vil minna hæstv. utanrrh. á að tala ekki alveg svona ógætilega, hvorki um staðreyndir né um stefnu Atlantshafsbandalagsins. Í fyrsta lagi vil ég minna hann á þær staðreyndir, að frá því að Atlantshafsbandalagið var myndað, hefur það, sem hann kannske undir ýmsu formi mundi kalla hinn alþjóðlega kommúnisma, eða m. ö. o. þjóðfrelsisstefna og sósíalismi, unnið meira á í veröldinni en nokkru sinni fyrr, byrjaði þá strax sama árið sem Atlantshafsbandalagið var stofnað með því að ná fullum sigri í Kína eftir langa baráttu þar, og hefur síðan fleira og fleira af þjóðum, sem áður voru undirokaðar af nýlenduveldum Evrópu, verið að verða sjálfstæðar og nú seinast land, sem í sjálfum Atlantshafsbandalagssáttmálanum var þó gert ráð fyrir að ætti að heyra undir Atlantshafsbandalagið, m. ö. o. Alsír. Og ég vil svo minna hann á, að meira að segja er svo komið, að við bæjardyrnar hjá Bandaríkjunum, því volduga ríki, er nú risið upp sósíalistískt ríki, m. ö. o. á Kúbu, og í allri Suður-Ameríku ólgar nú svo þar undir einræðisstjórnum þeim, sem Bandaríkin halda þar uppi, að manni virðist þeim ekki vera orðið beint rótt í sjálfri Washington. Þessu vildi ég nú aðeins skjóta að honum, ef hann væri að hugga sig allt of mikið við, að það volduga Atlantshafsbandalag væri búið að kveða niður þjóðfrelsistefnu og sósíalisma í heiminum. En hinu vildi ég spyrja hann að: Er það m. ö. o. tilgangur Atlantshafsbandalagsins að beita sér á móti því, að t. d. sósíalismi sé framkvæmdur í öðru landi? Ef flokkur, sem vill framkvæma sósíalismann eða jafnaðarstefnuna, fær hreinan meiri hluta á þingræðislegan hátt í einu landi og byrjar á að þjóðnýta það, sem vafalaust yrði kallað öllum illum nöfnum, eins og við er að búast af auðvaldssinnum, mundi það þá vera álitið af hálfu Atlantshafsbandalagsins sem átylla til þess að skerast í leikinn og skerða sjálfstæði og lýðræði viðkomandi þjóðar? Ég vildi aðeins skjóta þessu inn, fyrst hæstv. utanrrh. hafði hérna orðið seinast í þessum litlu umr., sem urðu á milli okkar, svo að hann athugaði það, þangað til við mætumst næst á svipuðum vettvangi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 6, n. 63 og 85).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það til l. um almannavarnir, sem hér er til 2. umr., var eftir 1. umr. vísað til heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar. Hefur nefndin rætt frv. á 4 fundum, borið það saman við gildandi lög um sama efni.

Sams konar frv. var borið fram á síðasta þingi, sjá þskj. 370 þess þings. Var því þá vísað til heilbr.- og félmn., og fékk það þá mjög ýtarlega athugun. M. a. ræddi nefndin þá við þá aðila, sem skv. gildandi lögum skulu hafa á hendi framkvæmdir þeirra mála, og auk þess ræddi nefndin við forstjóra Sambands íslenzkra sveitarfélaga, en þeirri stofnun hafði verið sent frv. til umsagnar.

Ekki náðist á því þingi samkomulag um afgreiðslu málsins í nefndinni. Lagði meiri hluti nefndarinnar til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en þann meiri hluta skipuðu þeir Birgir Finnsson, Jón Kjartansson og Sigurður Bjarnason. Höfðu þeir 2 síðastnefndu tekið sæti í nefndinni sem varamenn í fjarveru aðalmanna nefndarinnar. Minni hl. nefndarinnar, þeir Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, gáfu út sitt nefndarálitið hvor. Lagði Jón Skaftason til, að frv. yrði samþ. með nokkrum breytingum, en Hannibal Valdimarsson lagði til að vísa málinu frá með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að lagðar yrðu miklar fjárhæðir á herðar sveitarfélögunum, ef frv. yrði samþ. og heimildir þess notaðar, telur deildin rétt, að málið verði nú sent sveitarstjórnunum til athugunar og umsagnar og afgreiðslu þess frestað til næsta þings, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Var rökstudda dagskráin felld á fundi Nd. þann 7. apríl s. l. En með því að þá var svo langt liðið á þingtímann, að sýnilegt var, að ekki mundi gefast tími til þess að afgreiða málið á því þingi, bar hæstv. dómsmrh. fram till. til rökstuddrar dagskrár, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með samþykkt fjárlaga fyrir 1962 lýsti Alþingi vilja sínum til þess, að almannavarnir skyldu upp teknar, og treystir deildin ríkisstj. til að hefja nú þegar undirbúning þeirra í samræmi við meginreglur þessa frv., m. a. um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði, og afla sér með brbl. heimilda til skyndiráðstafana, ef brýna nauðsyn ber til og heimildir gildandi laga um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðarráðstöfunum verða ekki taldar fullnægjandi. Þar sem nú er orðið áliðið

þings og sýnt er, að afgreiðsla frv. muni taka verulegan tíma, en frestun samþykktar þess nú mun skv. því, sem fyrr greinir, ekki valda töfum á framkvæmdum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá, enda verði frv. lagt fyrir næsta þing, strax og það kemur saman.“

Var till. þessi samþ. og málið afgreitt þannig samhljóða.

Af þessu er ljóst, að það var vilji Alþingis, að það yrðu teknar upp almannavarnir í landinu og hafinn þegar undirbúningur í samræmi við meginreglur frv., og jafnframt, að frv. yrði lagt á ný fyrir þetta þing, jafnskjótt og það kæmi saman. Í samræmi við þessa viljayfirlýsingu Alþingis skipaði hæstv. dómsmrh. á miðju þessu ári mann með sérþekkingu í varnarmálum til þess að undirbúa nauðsynlegustu aðgerðir. Hæstv. dómsmrh. hefur því í hvívetna fylgt fyrirmælum Alþingis um meðferð og undirbúning málsins.

Nefndin kallaði á fund til sín mann þann, sem skipaður hafði verið til þess að undirbúa og skipuleggja þessi mál, svo sem að framan er greint. Gaf hann nefndinni skýrslu yfir störf sín, síðan hann tók við starfinu, upplýsti nefndina ýtarlega um þá hættu, sem stafar af sprengjuárásum á landið eða í nálægð þess, og geislavirkni frá eldflaugum, og hvernig bæri að mæta slíkri hættu og hvaða vörnum yrði helzt við komið til að bægja frá hættu á lífi og heilsu, eftir því sem frekast væri unnt. Væri starf hans enn sem komið er mest fólgið í því að kynna sér þessi atriði með hliðsjón af þeim aðstæðum öllum, sem fyrir væru, og skipuleggja varnirnar á fyrsta stigi, svo og að undirbúa reglur fyrir fólkið að fara eftir, ef til árásar kæmi, og skipuleggja að öðru leyti viðbrögð öll og athafnir til varnar. Leggja yrði áherzlu á að hraða þessum undirbúningi með tilliti til þess ástands, sem nú væri ríkjandi í heiminum. Kostnaður við varnirnar færi að sjálfsögðu eftir því, hversu langt yrði gengið í að treysta þær. Því lengra sem gengið væri í þá átt, því meira öryggi væri skapað fyrir fólkið, ef til árásar kæmi. Af öllum Norðurlöndum hefði Svíþjóð gengið lengst í að treysta varnir sínar, og ef taka ætti upp jafnsterkar varnir hér á landi, mundi sá kostnaður eigi nema undir 30 millj. kr. Það væri þó jafnan á valdi Alþingis að ákveða endanlega framlög til varnanna, þegar fyrir lægju till. og áætlanir um það, hvað framkvæmd varnanna út af fyrir sig mundi kosta. En að því væri unnið nú að gera sér þetta ljóst, og yrði lögð megináherzla á að flýta því, sem mest væri aðkallandi í varnarmálunum. Komu fram í þessum umræðum mjög fræðileg atriði, sem bentu til þess, að maður sá, sem skipaður hafði verið, væri hinn fróðasti um tæknileg atriði á þessu sviði.

Nefndin taldi ekki ástæðu til að kalla á fund sinn á ný þá aðila, sem hún ræddi við, er málið var til umr. á síðasta þingi. Álit þeirra um nauðsyn á vörnum lágu fyrir, og umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga hafði borizt nefndinni, og er hún birt hér með nál. Er sambandið því eindregið fylgjandi, að frv. verði samþykkt.

Almannavarnir voru óþekkt hugtak hér á landi þar til í síðustu heimsstyrjöld, að kunnugt var, að öllum þjóðum, jafnt þeim, sem hlutlausar voru og engan þátt áttu í erjum eða ófriði, sem hinum, sem bárust á banaspjótum, var hætta búin af sprengjum, sem rigndu yfir þær úr flugvélum. Þessar loftárásir hlífðu engum. Sprengjum rigndi yfir jafnt réttláta sem rangláta, börn, gamalmenni, sjúka og heilbrigða, konur sem karla. Hér var ekkert virt, sem áður þótti heilagt. Var oft eigi sýnilegt, að nokkur ástæða lægi fyrir árásum á marga þá staði, sem árásirnar voru gerðar á, annað en blint stríðsæði, og oft var vitisprengjum kastað til þess eins að létta flugvélum flugið, án þess að nokkur önnur ástæða lægi fyrir, og þá ekkert um það hugsað, hvert skotmarkið yrði eða hvaða tjón og hörmungar sprengjurnar kynnu að hafa í för með sér, án þess þó að bæta á nokkurn hátt aðstöðu þess aðila, sem hér var að verki. Margar slíkar árásir voru hending ein, oft og einatt beinlínis komin undir duttlungum flugmannanna eða æði þeirra til eyðileggingar, alveg án hernaðarlegs ávinnings. Þegar svo var komið, var ekkert land óhult, engir íbúar öruggir, hvort sem þeir voru saklausir eða sekir og hvort sem þeir voru vinir eða fjandmenn árásaraðila. Það var því óhjákvæmileg nauðsyn að taka upp loftvarnir í öllum löndum og öllum stöðum til varnar slíkum árásum, einnig í hinum hlutlausu löndum.

Fyrstu lög um slíkar varnir eru gefin út hér á landi sem brbl. af ríkisstj. Hermanns Jónassonar 2. ágúst 1940. Þau eru síðan staðfest á Alþingi 1941 með nokkrum breytingum, sem allar virðast miðaðar við það, að varnirnar væru enn víðtækari. Í 1. gr. l. frá 1941 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjar- eða sveitarfélögum er heimilt í samráði við ríkisstj. að gera hvers konar ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóði.“

Aðrar greinar laganna eru nánast fyrirmæli um það, hvernig framkvæmd þeirra skuli hagað.

Á þinginu 1942 er lögfest viðbót við lögin frá 1941, þar sem húseigendum er gert skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki. Um þessa breytingu er heldur enginn ágreiningur á Alþingi.

Á Alþingi 1951 er 2. gr. l. frá 1941 breytt nokkuð, en sú breyting hnígur öll í þá átt að kveða enn skýrara á um það, hverjir skuli hafa með höndum framkvæmd loftvarna og annarra öryggisráðstafana. Er breyting þessi bersýnilega gerð vegna þeirrar breyttu aðstöðu, sem átt hefur sér stað í landinu frá 1941, að fyrstu lögin voru sett á Alþingi, m. a. breyting á embættaskipun og nöfnum embætta,

fjölgun í bæjum o. fl. Um þessa breytingu á löggjöfinni er heldur enginn ágreiningur. Öll þessi ákvæði eru tekin upp í frv. það, sem hér er til umræðu. En auk þess er í þessu frv. ákveðið allmiklu ýtarlegar um framkvæmdir, m. a. með hliðsjón af breyttum aðstæðum í landinu og augsýnilega aukinni hættu á árásum vegna skefjalauss kapphlaups um framleiðslu eyðingarvopna stórþjóðanna og þeirrar hættu, sem þeim er samfara.

Eins og sést á þskj. 6, er frv. skipt í 6 kafla.

Í I. kafla frv. eru almenn ákvæði. Þar er í 1. gr. skilgreint hlutverk almannavarna. Nýmæli í þessum kafla er, að varnirnar skuli einnig, auk þess sem fyrir er mælt í gildandi lögum, veita aðstoð, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá. Er hér um að ræða mjög þýðingarmikið atriði til varnar, þegar slys ber að höndum, sem ekki einasta getur bjargað mörgum mannslífum, linað þjáningar og dregið verulega úr eignatjóni, heldur og þjálfað verulega þegna *þjóðfélagsins í varnarstarfi.*

Í 2. og 3. gr. frv. eru allmiklu skýrari ákvæði um það, hvers megi krefjast af þegnum þjóðfélagsins í sambandi við almannavarnir, en fram er tekið í gildandi lögum, svo og hvað heimilt sé að banna, ef hætta vofir yfir, svo sem samkomur, skemmtanir o. fl. Annars er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, því að allt sýnist þetta vera heimilt að ákveða í reglugerð skv. 6. gr. l. frá 1941.

II. kafli frv. er um skipulagningu almannavarna. Það nýmæli er í 4. gr. frv., að skipa skuli forstöðumann almannavarna, svo og hvaða verkefni honum skuli falin. Skv. gildandi lögum hvílir þetta starf á herðum margra embættismanna, sem eru önnum kafnir við sín önnur störf. Er því hér um að ræða mjög nauðsynlega og sjálfsagða breytingu á gildandi löggjöf. Ef nauðsynlegt er yfirleitt að hafa almannavarnir til þess að mæta yfirvofandi vá, af hverju sem hún kann að stafa, og um það verður ekki deilt, þá er jafnnauðsynlegt og sjálfsagt, að þau mál séu í höndum ákveðins manns, sem ljær því alla krafta sína, skipuleggur varnirnar og ber ábyrgð á þeim gagnvart öllum almenningi. Sá kostnaður, sem af slíkri yfirstjórn leiðir, er margfalt endurgoldinn þjóðinni í betra skipulagi og sterkari vörnum en ef þessu vandasama verki er skipt á milli margra, sem auka störfunum ofan á önnur þýðingarmikil störf þeirra, er sum krefjast allrar þeirra starfsorku.

Ákvæði 5.—8. gr. frv. eru efnislega í samræmi við gildandi lagaákvæði, þó að nokkuð sé hér skýrara kveðið á um í einstökum atriðum.

Í 9. gr. eru nýmæli um skipulagningu og framkvæmd *almannavarnanefnda,* til þess að þeim og almenningi sé enn ljósara, hvert verkefni þeirra er. Þó að segja megi, að allt þetta mætti fyrirskipa með reglugerð skv. fyrirmælum 6. gr. l. frá 1941, þá er það óeðlilegt og sjálfsagt að hafa þetta ákvæði í sjálfum lögunum.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um hjálparlið. Öll ákvæði í gildandi lögum um þetta efni eru tekin upp í þennan kafla í frv., en ákvæði frv. eru gerð miklu skýrari, einkum hvað snertir skyldur þegnanna, rétt hins opinbera til kröfu um aðstoð, ef hætta vofir yfir, og hvernig starfskvaðningu skuli skipt, til þess að hún komi sem réttlátlegast niður á þegnana. Þá er í þessum kafla ákvæði um bætur fyrir meiðsli eða tjón, sem menn kunna að verða fyrir við skyldustörf í þágu varnanna. Allt eru þetta ákvæði, sem eru til bóta og sjálfsagt og nauðsynlegt að lögfesta.

IV. kafli frv. er um einkavarnir. Þar eru nýmæli í 15. gr., að atvinnufyrirtæki, sem hafi yfir 100 manns við störf á sama vinnustað, skuli skylt að gera öryggisráðstafanir á vinnustað skv. fyrirmælum almannavarnanefndar. Hér eru og nánari ákvæði um bætur en í gildandi lögum.

Í V. kafla eru enn ákvæði um flutning fólks *af hættusvæðum.* Eru þau í *meginatriðum* í samræmi við gildandi lög, en ákvæðin þó miklu skýrari. Þar eru nýmæli í 22. gr., að sveitarfélag skuli greiða kostnað vegna fæðis og húsnæðis, sem í té er látið vegna flutninga, og eiga kröfu á endurgreiðslu á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

Í VI. kafla eru ýmis ákvæði í sambandi við framkvæmd laganna. Veigamesta nýmælið í þessum kafla er skipting kostnaðarins af vörnunum. Skv. gildandi lögum skiptist kostnaðurinn við almannavarnir jafnt á milli sveitarfélaga og ríkissjóðs. En frv. kveður svo á um, að allur kostnaður skv. 4. gr., þ. e. kostnaður af skipun framkvæmdarstjóra, greiðist að fullu úr ríkissjóði og að kostnaður skv. 5. gr., þ. e. ráðstafanir vegna varna fyrir sjúkrahús landsins, greiðist að 2/3 úr ríkissjóði, en 1/3 úr sveitarsjóði, sem og annar kostnaður skv. II. kafla laganna. Eru þessi ákvæði til hagsbóta fyrir sveitarfélögin frá því, sem gildandi lög ákveða, því að skv. þeim skiptist allur kostnaður af vörnunum til helminga milli ríkis og sveitarfélaganna. Allur annar kostnaður af vörnum en ég hef hér tekið fram skiptist jafnt á milli ríkis og sveitarsjóða, svo sem verið hefur.

Meiri hluti nefndarinnar ber fram á þskj. 63 tvær brtt. við frv. Fyrri breytingin er við 17. gr., að aftan við 2. málsgr. bætist: „eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðarins.“ Með þessari brtt. er aðeins ákveðið, hvernig kostnaðurinn skuli skiptast á milli þessara aðila, ef ekki verður samkomulag um skiptingu, og þykir eðlilegt að taka það upp í frv.

Hin brtt. er við 25. gr., að 3. málsgr. orðist svo: „*Kostnaður af öðrum ráðstöfunum* til almannavarna en um getur í 1. og 2. málsgr. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarsjóðir 1/3 hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming

annars kostnaðar.“ Eins og ákvæðið er nú í frv., er til þess ætlazt, að sveitarsjóðirnir leggi fyrst fram þær fjárhæðir, sem hér um ræðir, en eigi síðan endurkröfurétt á 2/3 upphæðarinnar úr ríkissjóði. Þykir eigi rétt að leggja þessa kröfu á sveitarsjóðina og eðlilegra, að sá aðili, sem endanlega er ætlað að greiða 2/3 kostnaðarins, greiði allan kostnaðinn í upphafi og eigi síðan endurheimtu á 1/3 á hinn aðilann.

Þegar brbl. frá 1940 um almannavarnir voru samþ. á Alþingi 1941, var engum mótmælum hreyft, enda samþ. einróma af öllum flokkum. Undir umræðunum um málið sagði núverandi hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem ég hef fyrst og fremst út á þetta frv. að setja, er það, að ekki hafa verið gerðar nægilegar ráðstafanir í þessu sambandi til að afla þess fjár, sem þurfa mundi til þess að gera nægilegar ráðstafanir, og hrinda af stað framkvæmdum hér í Reykjavík til þess að vera undir loftárás búnir, en að hætta geti verið á slíku var bent á í fyrrasumar, strax eftir að landið var hertekið.“

Hér koma fram þau einu mótmæli í umr. um málið 1941, að það sé ekki gengið nógu langt í vörnunum, að það sé ekki veitt nægilegt fé til þess að treysta varnirnar. Engum öðrum mótmælum er hreyft, og þau mótmæli komu frá núverandi hv. 3. þm. Reykv. Af þessum mótmælum má sjá, að hv. 3. þm. Reykv. finnst þá engan veginn nægilega langt gengið í vörnunum. Það kemur því æði einkennilega fyrir, að einmitt flokkur hans skuli vera andvígur samþykkt þessa frv., sem að flestu leyti mætir þeirri kröfu, er hv. 3. þm. Reykv. gerði þá um málið, þ. e. að koma á enn víðtækari vörnum. Manni verður að spyrja: Hvað er það, sem hefur breytt skoðun hv. þm. og hans flokks í varnarmálunum? Hættan af árásunum er síður en svo minni nú en þá, þörfin á vörnunum margfalt ríkari með tilliti til þess, að margfalt sterkari og hættulegri eyðingarvopn eru nú til en þá þekktust. Landið var þá hersetið í miklu ríkara mæli en nú, og menn vissu þá alveg eins og nú, að hlutleysisyfirlýsingar þjóðanna höfðu ekkert gildi, í þeim var engin vörn. Það verður því ekki komið auga á neitt annað, sem gæti breytt afstöðu þessa hv. flokks og hans hv. þm. til málanna en það eitt, að þá voru Rússar bandamenn Breta og Bandaríkjamanna gegn herveldi Þýzkalands, sem þá stefndi að heimsyfirráðum og þá m. a. að yfirráðum yfir Íslandi. Nú hafa Rússar hins vegar tekið að sér hlutverk Hitlers. Nú er það þeirra áhugi, að Ísland sé óvarið og hér séu sem minnstar almennar varnir, ef til árása af þeirra hendi skyldi koma. Þess vegna er nú gerð krafa um það af þessum hv. þm., að dregið sé úr vörnunum og að allar gáttir verði opnaðar, svo að vinirnir frá austri eigi sem hægast með að gera innrás í landið og ná þar yfirráðum. Svo róttæk er þjónkun þessara hv. þm. við hið austræna veldi, svo sterk er sefjunin í öllum þeirra taugum, að þeir minnast þess ekki lengur, að það er íslenzkt blóð, sem rennur enn, að þeir eru fyrst og fremst Íslendingar og til þess sendir á Alþingi að vernda rétt Íslands, eignir manna og líf.

Herra forseti. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram eru bornar á þskj. 63 og ég þegar hef lýst, og ég vænti þess, að meiri hl. Alþingis fallist einnig á þá tillögu.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félm., hv. 1. þm. Vestf., gerði í sinni framsöguræðu, sem hann var nú að ljúka, nokkra grein fyrir meðferð málsins á síðasta þingi og greindi þ. á m. frá því, að málið hefði þá fengið þá dálítið sérkennilegu afgreiðslu, að hæstv. dómsmrh. lagði til, að málinu yrði vísað frá með rökst. dagskrá, og var hér þó um stjórnarfrv. að ræða. Að öðru leyti greindi hv. frsm. ekki frá aðdraganda þessa máls, og mun ég nokkuð víkja að því síðar, en rakti hins vegar frá sínu sjónarmiði efni þessa frv., og hef ég ekki heldur miklu við það að bæta. Hann greindi einnig frá þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi um almannavarnir, og er það fyllilega rétt hjá honum, að það eru í lögum frá stríðsárunum síðustu, 1941 og með breytingum 1942 og enn víðtækari breytingum frá 1951, allvíðtækar heimildir til varna í stríðstilfelli. Ég fæ því ekki séð, að hann hafi rétt fyrir sér, þegar hann nú undir lok ræðu sinnar sneri sér að hv. 3. þm. Reykv., sem hann sagði að hefði mælt með þeim lagaákvæðum, sem nú væru í gildi frá 1941, 1942 og 1951, og talið sig ánægðan með þau ákvæði, en jafnvel látið að því liggja, að framkvæmdir væru tæpast nægar til varnar landinu á stríðsárunum síðari. Þegar hv. þm. bregður honum svo með stóryrðum um skoðanaskipti í málinu, í hverju birtast þau skoðanaskipti? Hann sagði, að það væri einkennilegt, að þessi þm. hefði alveg skipt um skoðun. Ég bið hv. þm. að nefna þær heimildir, sem hann styður þessa skoðun sína við. Hér er einmitt í niðurlagi þess nál., sem ég stend að, vitnað til gildandi lagaákvæða sem fullnægjandi, og þau eru studd af Alþb., en hins vegar látið í ljós, að víðtækari heimilda sé ekki þörf, sízt af öllu svo víðtækra sem í þessu frv. felast, og verður nánar gerð grein fyrir því. Öll gífuryrði hv. þm. lýsi ég ómerk, — gífuryrði hans um það, að ég og mínir flokksmenn höfum gleymt því, að íslenzkt blóð renni í æðum okkar, og við séum nú fúsir til þess að styðja árásaraðila gegn Íslandi, ef við höldum, að það sé Sovét-Rússland. Ég lýsi hv. þm. ósannindamann að þessu, nema hann leggi fram hér í hv. þd. gögn fyrir sínum fullyrðingum í þessu efni, og tel hann minni mann, ef hann víkst undan því að koma með þessi gögn. Hann sagði, að við gerðum nú kröfu um, að dregið væri úr vörnum. Ég krefst þess, að hv. þm. geri grein fyrir þessari fullyrðingu sinni og rökstyðji hana, færi á hana sönnur. Í sambandi við þetta mál höfum við engar slíkar

kröfur borið fram, og mér er ekki kunnugt um, að slíkar kröfur hafi nokkurn tíma verið bornar fram af Alþb., að dregið væri úr vörnum Íslands, og útlegging hv. þm. var, eins og ég hef þegar vikið að, sú, að við værum að sýna þjónkun við austrænt veldi, ekki minnugir þess, að það rynni íslenzkt blóð í okkar æðum. Ég hygg, að hv. þingbræður mínir séu mér sammála um, að það er ekki hægt að láta þm. sleppa með það að bera fram slík gífuryrði, án þess að hann finni þeim stað. Hvar er að finna kröfurnar um það frá hendi Alþb., að dregið sé úr vörnum Íslands? Leggi hv. þm. þessar kröfur okkar á borðið. En ef hann finnur ekki þessar kröfur skjallega einhvers staðar, þá er hann minni maður. (Gripið fram í.) Ég held nú, að það sé hv. 1. þm. Vestf., sem hefur ekki lesið það, en honum gefst sem sé kostur þess og á hann er skorað að gera það, að lesa út úr þessu nál. kröfur um, að dregið sé úr vörnum Íslands. Og þá reynir á lestrarkunnáttu hans, það verð ég að segja.

Aðdragandinn að flutningi þessa frv., sem hér er nú til 2. umr., er samkv. upplýsingum, sem frv. fylgdu á síðasta þingi, sá, að á haustinu 1961 hafi horft mjög ófriðlega í heiminum á ýmsum stöðum, það hafi verið viðsjár í Afríkulöndum og hernaðarblikan hafi alveg sérstaklega verið alvarleg í Kongó, bylting hafi orðið á Kúbu, í Asíu hafi verið ýmsar viðsjár með þjóðum, svo sem hernaðaraðgerðir milli Rauða-Kína og Formósu, alvarleg átök í Laos, Viet-Nam og Indlandi og víðar, að ótalinni Berlínardeilunni o. fl. Ófriðarblikur voru þá á lofti, segir í þessum skýringum með frv. Þetta var því tilefni þess, að þetta frv. var flutt.

Þá töldu ráðamenn landsins, að undir svona kringumstæðum væri óverjandi að gera ekki gangskör að því að efla varnir landsins. Af því tilefni voru sendir út af örkinni tveir embættismenn, formaður loftvarnanefndar Reykjavíkur, Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Reykjavík, og dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir, sem að ráði stjórnarvalda tókust ferð á hendur til Norðurlanda til þess að kynna sér varnaraðgerðir Norðurlandaþjóða, og munu þeir hafa komið heim með ýmsan fróðleik frá þessum löndum viðvíkjandi varnaraðgerðum Norðurlandanna. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að heilbr.- og félmn. kvaddi í fyrravetur þessa sendinefnd íslenzku ríkisstj. á sinn fund og ræddi við þá um þeirra skoðanir á loftvarnamálum og almannavörnum. En við það var ekki látið sitja, þegar svona válega horfði í heiminum, að senda íslenzka menn til útlanda til þess að brynja okkur þekkingu, heldur voru fengnir hingað til lands a. m. k. tveir erlendir fræðimenn í þessum efnum. Annar þeirra hét Holtermann, norskur hershöfðingi, sem mun hafa forustu fyrir almannavörnum í Noregi, og hinn erlendi sérfræðingurinn var danskur maður, Toftemark að nafni, yfirlæknir hjá dönsku heilbrigðisstjórninni. Þessir menn dvöldust eitthvað hér á landi og höfðu samskipti við ríkisstj., loftvarnanefnd Reykjavíkur og ýmsa fleiri aðila og skiluðu síðan skýrslum um sínar skoðanir á þessum málum og einkanlega hvað rétt væri að gera til þess að treysta almannavarnir Íslands, og fylgdu álitsgerðir þeirra beggja með frv., eins og það var lagt fyrir síðasta þing. Gefur að skilja, að þessir menn eru með allvíðtækar upplýsingar um þessi mál, báðir frá löndum, sem hafa herskyldu og hafa menntað sína þegna í herfræðilegum efnum, og þar að auki höfðu þeir forustuhlutverki að gegna í viðbúnaði þessara landa í sambandi við varnaraðgerðir.

Þegar þetta hafði gerzt, fól þáv. hæstv. dómsmrh., núv. hæstv. forseti þessarar d., nokkrum mönnum að undirbúa frumvarp að nýrri löggjöf um almannavarnir. Og er hér skýrt frá því, að í samráði við hann hafi unnið að samningu þessa frv. aðallega Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir, þeir sem fóru utan til þess að afla sér fræðslu um þessi mál, og enn fremur Hjálmar Blöndal hagsýslustjóri Reykjavíkurborgar, sem um skeið hafði verið framkvæmdastjóri loftvarnanefndar Reykjavíkur og var því sá maðurinn hér á landi, sem einna helzt hafði fengið reynslu í því að stjórna varnaraðgerðum að því er snerti Reykjavíkurborg eða viðbúnaði til slíkra hluta. Þessir menn skilst mér því að séu aðalhöfundar þessa frv.

Frv., eins og það er flutt nú, held ég að sé alveg frá orði til orðs eins og frv., sem lagt var fyrir Alþ. í fyrrahaust. Fskj., sem fylgdu frv. hið fyrra sinn, fylgja því ekki nú, en til þeirra er vísað í stuttri aths., sem þessu frv. fylgir, og menn beðnir að athuga fskj., sem því fylgdu áður.

Í 1. gr. þessa frv. er svo sagt, að tilgangurinn með frv., þess hlutverk sé að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða. Þetta er mikilsverður tilgangur, og því fer fjarri, að ég eða Alþb. veiti ekki þessum megintilgangi frv. fullan stuðning. Sérhverjar þær aðgerðir, sem verða mættu til þess að koma í veg fyrir, að almenningur yrði fyrir líkamstjóni eða eigna, eru auðvitað góður tilgangur, sem sérhver maður í þessu landi hlýtur að styðja. Það, sem okkur hins vegar kynni að greina á um, er allt annað. Það er matið á því, hvaða varnir komi að gagni og séu þess megnugar að koma í veg fyrir líkamstjón af hernaðaraðgerðum í kjarnorkustríði. Og það er allt annað atriði. Það má vel vera, að sumir hv. þm. hafi á því tröllatrú, að það sé hægt að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni í slíku stríði, en ég hygg þó, að það kunni að hvarfla að einhverjum öðrum þm. einhverjar efasemdir um það og þar með, að hinar víðtækustu heimildir, sem hugsanlegar væru til almannavarna, séu þannig kannske ekki alveg öruggar með að koma í veg fyrir líkamstjón Íslendinga.

Þá á almannavarnakerfið, sem nánar er lýst í þessu frv., hvernig eigi að byggja upp, að veita aðstoð, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið

af náttúruhamförum, og er hér sennilega hugsað sérstaklega til eldgosa eða jafnvel ísalaga, sem eru megindrættirnir í íslenzku náttúrufari, ef það fer í hamfarir, sem Íslendingar þekkja frá fyrri öldum, og má vera, að eitthvað af þeim aðgerðum, sem gert er ráð fyrir í frv., gæti undir vissum kringumstæðum komið að einhverju liði í sambandi við slíkt.

Frv. leggur allar almannavarnirnar undir dómsmrh. Hann á að skipa forstöðumann almannavarna, segir í frv., og nú er það upplýst, að þetta embætti hefur þegar verið stofnað, áður en frv. er orðið að lögum. Og þá embættisstofnun ber að með þeim sérkennilega — kannske einstæða hætti, að embættið er stofnað samkv. heimild í rökst. dagskrá, sem að meginefni var auðvitað um það að vísa máli frá þinglegri afgreiðslu. En embættismaðurinn var skipaður hinn 21. júní s. l. og hefur starfað að þessum málum síðan, sjálfsagt aðallega á grundvelli gildandi laga, og þær lagaheimildir eru allvíðtækar, svo sem ég mun koma að síðar, og enn fremur með tilliti til efnis þess frv., sem í rökst. dagskránni, sem hann var ráðinn eftir, var gert ráð fyrir að yrði lagt fram í byrjun þessa þings, sem og gert var.

Þessi embættismaður, almannavarnastjórinn, á að hafa víðtækt embættissvið og embættisvald. Hann á að sjá um heildarskipulagningu allra almannavarnanna og annast framkvæmd allra þeirra þátta, sem heyra undir ríkisvaldið, þ. á m. um fjarskipti milli umdæma, því að landinu mun eiga að skipta í allmörg umdæmi. Hann á að sjá um mælingu á geislavirkni, — það hefur heyrt undir eðlisfræðistofnunina og verið framkvæmt í sambandi við háskólann, en þessi starfsemi á að lúta hans yfirstjórn. Hann á að sjá um viðvörun, ef á að setja upp viðvörunarkerfi, — ég hygg, að það eigi að vera í flestum kaupstöðum landsins loftvarnaflautur, sem á að setja upp, og kannske símakerfi líka í þeirri þjónustu og útvarp, — viðvörunarkerfinu á hann að stjórna. Fræðslustarfsemi á hann að skipuleggja og sjá um bæði kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, og það fólk á eftir heimildum frv. að skipta þúsundum, sem þannig á að njóta sérstakrar fræðslu undir yfirstjórn almannavarnastjórans. Og hann á enn fremur að sjá um skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum, en hættusvæði eru oft nefnd í frv., og mundi það eitt vera ærið umfangsmikið, ef til þess skyldi koma, sem maður náttúrlega vonar að verði ekki. Og svo á hann einnig að hafa yfirumsjón með öllum almannavörnum sveitarfélaganna í landinu.

Ég hygg því, að það veiti ekki af, að í þessu embætti sé starfsamur maður og vel að sér og röggsamur og stjórnsamur, því að hans vandi er ekki lítill, ef til þess kæmi, að hann þyrfti að framkvæma alla þessa þætti síns víðtæka embættis. Það er rétt, að þessi ungi embættismaður mætti á fundi heilbr.- og félmn. nú, þegar málið var tekið fyrir, og svaraði fúslega og greiðlega öllum þeim spurningum, sem til hans var beint, og að því er mér virtist svaraði hann eins og hann vissi sannast og réttast, og gazt mér hið bezta að manninum, ekki skal ég draga dul á það. Hann á auðvitað ekki að vera einn, en þó mun hann vera einn enn þá. Hann á að fá sér við hönd fjögurra manna almannavarnaráð og það á að vera embættismanninum til ráðuneytis. Ekki er mér kunnugt um það, hvort almannavarnaráðið hefur þegar verið skipað, en vera má, að það hafi einnig verið gert samkv. ákvæðum hinnar rökst. dagskrár.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir stofnun og rekstri varasjúkrahúsa. Ég hygg, að það yrði allkostnaðarsamt að koma upp varasjúkrahúsum, fleiri en einu er gert ráð fyrir, sem ættu að taka mörg hundruð sjúklinga, slasað fólk sennilega aðallega. Og verð ég að játa, að ekki hef ég heldur fengið upplýsingar um það, hvort ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til þess að koma slíkum sjúkrahúsum upp. Þó mun hafa verið rætt um það við einstök fyrirtæki, sem nú starfa, eins og t. d. við Samband berklasjúklinga um það að fá að taka Reykjalund, þeirra myndarlega vinnuheimili, sem varasjúkrahús, ef nauðsyn þætti krefja. En vitanlega yrði þrátt fyrir það, þó að svona stofnanir yrðu teknar, að gera á þeim ýmiss konar breytingar og öryggisráðstafanir í sambandi við, að þeim yrði breytt í sjúkrahús. En upplýsingar verða að sjálfsögðu gefnar um þetta, bæði hvort búið sé að stofna almannavarnaráðið og þá hversu víðtækar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að koma á fót varasjúkrahúsum og fleira þess konar, sem felst í mjög svo víðtækum heimildum þessa frv.

Í 10. gr. frv., — ég fer, eins og menn sjá, tiltölulega lauslega í efni frv. sjálfs og hleyp yfir margvísleg ráð og nefndir, sem gert er ráð fyrir að verði stofnuð, og víðtækar heimildir, sem í því felast, en staldra aðeins við örfáar þeirra, — samkv. 10. gr. er það borgaraleg skylda allra kvenna og karla á aldrinum 18—65 ára að gegna án endurgjalds starfi í þágu almannavarna samkv. fyrirmælum lögreglustjóra. Heimild er svo til þess enn fremur að taka 16 ára börn í þessa þjónustu og einnig gamalmenni yfir sjötugt, en það á víst ekki að gera, nema alveg óvenjulega standi á. En allvíðtæk skylda er þetta, borgaraleg skylda, sem hvílir á öllum, konum og körlum á aldrinum 18—65 ára, ef kallið kemur.

Þá segir, að þeir, sem eigi að starfa í hjálparliðum, skuli taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir verða kvaddir til, og beri þeim skilyrðislaust að hlýða fyrirmælum og sé þeim óheimilt að hverfa frá starfi án leyfis. Og ef hætta sé talin yfirvofandi, megi þessir starfsmenn í hjálparliðunum ekki fara út úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða fulltrúa hans. Það er á valdi ráðherra að ákveða, hve skyldunámið sjálft og æfingar í þágu almannavarnanna skuli standa lengi, taka langan tíma, en þetta eiga borgararnir að gera án endurgjalds.

Mér finnst nú, að með þessum ákvæðum sé óneitanlega kominn nokkur keimur af herskyldu og heræfingum inn í íslenzka löggjöf, og mér finnst ákaflega vandséð, hvernig þetta allt fáist samrýmzt daglegum störfum manna.

Í 15. gr. frv. er sú skylda lögð á meiri háttar atvinnufyrirtæki, að þeim beri að láta gera loftvarnabyrgi, sem taki allt starfsfólkið. Þetta er að mínu áliti ágæt varnarráðstöfun, ef það kemur að gagni. En allmikill útgjaldaliður gæti það orðið á atvinnufyrirtæki, sem hefði við skulum segja 100—200—300 manns í sinni þjónustu, að koma upp slíku öruggu byrgi, því að ekki má búa til neina gildru fyrir fólkið með alveg sérstökum ráðstöfunum ríkisvaldsins. Sjá þarf þessu fólki á hvaða stundu sem það bæri að, að það yrði að fara í slíkt loftvarnabyrgi, fyrir nægum vistum, því að okkar ungi embættismaður sagði, að það mætti búast við því, að fólk yrði jafnvel að vera í slíku byrgi allt að hálfum mánuði, og yrðu því vatn og vistir og aðrar lífsnauðsynjar að vera að staðaldri og vera endurnýjaðar í þessum opinberu byrgjum. Ef sá kostnaður á líka að leggjast á atvinnurekendurna, þá hygg ég, að ýmsum atvinnurekendum þyki þrengja að sér, bæði með að sjá fyrir slíkum stórum sal, því að almannavarnastjórinn sagði, að ekki mætti vera minna loftrými en 3 rúmmetrar á mann í slíkum byrgjum, og þetta yrði því að vera stórhýsi, ef um yrði að ræða fyrirtæki með 100—300 manns, sem vel gæti komið fyrir, því að slík fyrirtæki eru starfandi hér á landi, þó að ekki væru önnur en t. d. hin stærstu hraðfrystihús.

Mér mundi þykja vænt um að heyra, hvort það er raunverulega ætlunin að leggja atvinnurekendum þetta á herðar og þar með að sjá fyrir t. d. hálfs mánaðar vistum fyrir allt þetta fólk í byrgjunum og endurnýja þær, ef vistir hafa verið þar um lengri tíma, án þess að ríkið komi þar til.

Þá segir enn fremur, að sé fyrirmælum almannavarnanefnda um ráðstafanir til einkavarna ekki hlýtt, beri að framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns.

Í 17. gr. frv. er talað um fyrirtæki, sem sé þannig háttað, að eyðing þess eða þeirra eða skemmdir á því eða þeim geti haft í för með sér hættu fyrir umhverfið, og gagnvart slíkum fyrirtækjum geti ráðh. fyrirskipað eigandanum eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þátt í kostnaði, og þarna leggur meiri hluti hv. n. til, að sú þátttaka verði ákveðin að mati dómkvaddra manna.

Mér er ekki ljóst, hvaða fyrirtæki hér er átt við. Almannavarnastjórinn var spurður um það, hvað hann teldi um það atriði. Honum var það ekki heldur fyllilega ljóst, en hann vildi þó geta þess til, að hér væri t. d. átt við olíustöðvar og benzínstöðvar og e. t. v. áburðarverksmiðju ríkisins. Áburðarverksmiðja ríkisins framleiðir sem sé efni, sem geta verið eins og sprengiefni, og það má vel vera, að það sé fyrirtæki eins og áburðarverksmiðjan, sem þarna er átt við, og svo t. d. olíustöðvarnar. En þá er mér spurn: Hvaða öryggisráðstafanir eru það, sem þarna væri hugsanlegt að kæmu að gagni? Hvaða öryggisráðstafanir væri hægt að gera gagnvart olíustöðvunum í Reykjavíkurborg og Hafnarfirði og öðrum kaupstöðum landsins? Og hvaða öryggisráðstafanir væri hægt að gera með tilliti til öryggis umhverfisins að því er snerti áburðarverksmiðjuna, ef mikil sprengingarhætta er frá framleiðsluvörum hennar?

Þá kemur að V. kafla frv., en hann fjallar um flutning fólks af hættusvæðum, og hefur kaflinn í sér fólgnar hinar víðtækustu heimildir, sem ég held að margar hverjar mundu reynast ærið kostnaðarsamar, ef til framkvæmda kæmu. Við skulum bara hugsa okkur, að það ætti að flytja hvert einasta mannsbarn úr 3000 manna kaupstað. Það yrði ærið dýrt fyrirtæki, því að þarna er ekki um flutninginn einan að ræða, heldur einnig um það að koma þessu fyrir á öðrum stað og sjá því þar fyrir lífsnauðsynjum. En hér er í frv. um miklu, miklu stórfelldari hluti að ræða en flutning á nokkrum hundruðum manna. Brottflutningar fólks eru sem sé hugsaðir og heimilaðir af hættusvæðum, eins og það er kallað í frv., og gert ráð fyrir, að fólk verði að hlýða fyrirskipunum um að koma sér fyrir á öruggari stöðum. Í greininni segir, að öllum sé skylt, sem um það fái fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu og á þann hátt og til þess staðar, sem ríkisstj. hefur ákveðið, og er engum manni heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á. Í þeim tilgangi að framkvæma þessa flutninga fólks er svo ríkisstj. heimilað að framkvæma leigunám á skipum, leigunám á flugvélum og leigunám á landi og hvers konar húsnæði. Og skv. lögunum er hægt að gefa eiganda húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, og veita því húsaskjól og fæði, ef nauðsynlegt er. Gert er ráð fyrir, að greiðsla geti, eins og þar segir, e. t. v. komið fyrir húsnæði og fæði, sem þannig er tekið með valdboði. Enn segir, að ákveða megi með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku þessara laga, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða í húsinu starfa. Og húseigandi skal bera allan kostnað vegna byrgisins, og á það að fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um, en þessi öryggisbyrgi eiga samkvæmt upplýsingum í fylgiskjölum með frv. frá í fyrra að þola nokkurn yfirþrýsting, og ef um opinbert loftvarnabyrgi eða almannavarnabyrgi er að ræða, þá er talið æskilegt, að það þoli 7—10 loftþyngdir. En þessi byrgi eiga einstaklingar að kosta, eigendur húsanna, og þeir eiga að sjálfsögðu líka að hafa vatn og vistir í þessum byrgjum, þannig að ávallt séu til ný matvæli og nýtt drykkjarvatn í þessum byrgjum, og endurnýjunarskyldan virðist mér að muni hvíla á eigendum hússins líka.

Nú eru gildandi byggingarsamþykktir í öll-

um kaupstöðum landsins og þar krafizt ákveðins styrkleika á húsum, en skv. þessari heimild í frv. mun dómsmrh. gefa út breytingu á byggingarsamþykktunum, þar sem heimtað er, að loftvarnabyrgi verði í hverju húsi, sem hér eftir verður byggt og er af ákveðinni stærð, og að þessi hluti hússins verði að fullnægja ákveðnum styrkleikakröfum, sem heimtað verður í reglugerð.

Ég hygg, að þarna geti verið um allískyggilegan kostnað að ræða fyrir húsbyggjendur, og þykir mér þá enn þá einum ekki ómyndarlegum pinkli bætt á þeirra hrygg.

Í 25. gr. frv. er svo gerð grein fyrir því, hverjir eiga að bera kostnaðinn af framkvæmd heimildanna, ef til framkvæmda kemur. Ríkissjóður á að greiða laun almannavarnastjórans og ber kostnað einn, skilst mér, af vissum þáttum almannavarnanna. Af byggingu og rekstri varasjúkrahúsa virðist hlutaðeigandi sveitarsjóðum vera ætlað að bera þriðjung kostnaðar, og yfirleitt mun ætlunin, að ríkissjóður beri 2/3 kostnaðar af almannavörnunum, en sveitarsjóðir 1/3, en einstaklingarnir eiga svo að bera kostnað af ýmsum sérstökum aðgerðum, eins og t. d. loftvarnabyrgjum og rekstri þeirra í eigin húsum, og fleiri skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar.

Mér virðist, að það blasi alveg við, að það sé ekki aðeins rétt, sem almannavarnastjórinn sagði, að það mætti gera ráð fyrir a. m. k. 30 millj. kr. kostnaði, ef ætti að framkvæma almannavarnir hér eitthvað í líkingu við frv. Ég hygg, að sú upphæð hljóti þvert á móti að vera allt of lágt áætluð. Mér sýnist þessar heimildir vera svo víðtækar, að kostnaður af þeim hljóti að vera margir tugir milljóna, ef ekki hundruð milljóna. Og það sjáum við allir í hendi okkar, að til lítils eru þessar heimildir, hversu víðtækar sem þær eru, ef þær hafa þann kostnað í för með sér, að íslenzkt þjóðfélag rísi ekki undir kostnaði af að framkvæma þær. Þá eru þær bara pappírsgagn, og það er víst ekki tilfellið, að að því sé mikil vörn í atómstríði.

Hvernig er svo um það búið, að hægt sé að hefja framkvæmdir skv. heimildum frv.? Jú, það er ætluð ein milljón króna á fjárl. til þessa alls, og ég held, að það megi áreiðanlega gæta mikillar hagsýni, ef hún á að endast til að framkvæma heimildir þessa frv. og fullnægja þeim tilgangi frv. um almannavarnir að koma í veg fyrir, að almenningur á Íslandi verði fyrir líkamstjóni og eigna, ef til styrjaldar skyldi draga. Það er síður en svo, að ég hneykslist á, að ætlunin sé að verja einni millj. kr. til þessara hluta, til þess að verja líf og eignir íslenzku þjóðarinnar. Mér finnst upphæðin bókstaflega hlægilega lág. Mér finnst hún bera vott þess, að það sé ekki alvara þeirra manna, sem hafa látið allar þessar heimildir á þrykk, að þeir ætlist til þess, að þær séu framkvæmdar, ef til kæmi.

Ég hef áður vikið að því, að frv., eins og það var lagt fyrir hv. Alþingi á síðasta þingi, fylgdu fjögur fskj. Auðvitað voru þau lögð fram til þess að skýra þetta stóra og þýðingarmikla mál og skýra það einkum frá sjónarmiði þeirra sérfræðinga og trúnaðarmanna, sem ríkisstj. hafði falið að kynna sér málið, og jafnframt að kynna viðhorf ríkisstj. til þessa máls, því að ef þessi fskj. hefðu ekki túlkað hennar skoðanir í öllum aðalatriðum, hefðu fskj. vafalaust ekki verið látin fylgja til skýringar fyrir hv. alþm.

Fyrsta fskj. var skýrsla loftvarnanefndar Reykjavíkur. Annað fskj. var bréf loftvarnanefndar Reykjavíkur frá 4. okt. 1961. Þriðja fskj. var álitsgerð Holtermanns hershöfðingja, forstjóra almannavarnanna í Noregi. Og fjórða fskj. var álitsgerð C. Toftemarks yfirlæknis hjá dönsku heilbrigðisstjórninni.

Mér finnst vera margar athyglisverðar upplýsingar að finna í þessum skjölum, og sjálfsagt er þar ýmislegt nýstárlegt fyrir augum hv. þm., sem lesa skjölin yfir.

Í skýrslu loftvarnanefndar Reykjavíkur er skýrt frá starfi hennar í nokkur ár og gefnar upplýsingar um, hvað hún hafi keypt mikið af teppum og dýnum og fatnaði, sjúkrabörum, sáraumbúðum, rúmfatnaði, og margt fleira, sem hún keypti, og gerð grein fyrir því, að þessi varningur sé geymdur á ýmsum stöðum hér í bænum. Einnig er upplýst, að hún hafi látið gera allmikið af steinbitum, járnbentum, sem raða á fyrir kjallaraglugga í íbúðarhúsum manna, þegar kjallararými er tekið í notkun sem loftvarnabyrgi. Því er haldið fram í þessari skýrslu, að mest af þessum varningi, sem loftvarnanefndin lét útvega, sé enn þá í fullu gildi og haldi lengi gildi sínu. En nú var sú spurning lögð fyrir hinn unga embættismann, almannavarnastjórann, hvort steinsteyptu bitarnir fyrir kjallaragluggana væru ekki í fullu gildi nú og hvort þeir hefðu ekki verið fluttir t. d. á það svæði, sem álíta yrði að væri í mestri hættu, eins og Keflavíkursvæðið, til þess að hafa bitana tiltæka, ef ófriður skylli yfir. Onei, hann kvað það ekki vera, bitarnir væru geymdir hér í bænum, en af þeim væri þá sögu að segja, að þeir væru ónýtir, steinbitarnir væru ónýtir. Hvað þá um sáraumbúðirnar og það? Og af hverju eru steinbitarnir ónýtir? Það er af því, að þeir voru steyptir með holrúmi og koma þannig ekki að gagni sem vörn gegn geislum, því að það er ekkert annað en efnismassinn, sem geislarnir komast ekki í gegnum. Bitarnir eru því ónýtir. Þá fer nú að fara um mig ótti um það, að eitthvað af hinum vörunum, sem keyptar voru fyrir eitthvað á tíundu millj. kr., kunni einnig að hafa misst eitthvað örlítið af notagildi sínu.

Danski læknirinn Toftemark getur þess, og það er dálítið upplýsandi í sambandi við hugmyndir okkar um kostnað, að þær ráðstafanir, sem til þessa hafi verið gerðar til umönnunar særðra og sjúkra í Danmörku á vegum almannavarna þar, hafi þegar, þ. e. a. s. á öndverðu ári 1961, kostað 100 millj. danskra króna, þ. e. a. s. um 630 millj. ísl. kr. Hann upplýsir út af fyrir sig, að 17 millj. kr. hafi farið til

lyfjakaupa, til að hafa sem birgðir hingað og þangað, en einnig hafi verið keypt þar nokkur varasjúkrahús, og 20 millj. kr. segir hann að hafi farið í það að styrkja eldri sjúkrahús, gera þau sterkari. Sjúkrahús í Danmörku eru nú flest, eins og allflestar byggingar þar, úr múrsteini, en samt varð að verja 20 millj. kr. til að byrja með til þess að gera þau sterkari, sjúkrahúsin, sem fyrir voru. Af þessu sjáum við, að það er margur útgjaldaliðurinn í sambandi við framkvæmd svona mála.

Eitt af því marga, sem upplýst er í sambandi við þessi mál í skýrslu loftvarnanefndar Reykjavíkur, er það, að nefndin hafi lengi haft augastað á því, að sprengt yrði öryggisbyrgi inn í Arnarhól, og kveðst hún hafa fengið verkfræðinga Almenna byggingafélagsins til þess að gera áætlun um kostnað þessa mannvirkis. Í sjálfri skýrslu nefndarinnar er svo ekki sagt frá leikslokum um þetta, en í viðbótarbréfi hennar frá 4. okt. 1961 er skýrt frá því, að verkfræðingarnir hafi lokið við uppdrætti að þessu byrgi og fullgert sínar verkfræðilegu athuganir vegna loftvarnabyrgis undir Arnarhóli. Almannavarnastjórinn var um það spurður, hvað þetta byrgi ætti að kosta samkvæmt þessum verkfræðilegu áætlunum, sem nú lægju fyrir skv. þessum upplýsingum, og var honum ekki kunnugt um það. Ég hef því ekki enn þá getað fengið vitneskju um það, hvað þessar áætlanir um loftvarnabyrgið undir Arnarhóli eru háar. Ef þær eru gerðar fyrir svo sem einu, tveimur, þremur árum, þá yrði náttúrlega að umreikna þær nú til núverandi byggingarkostnaðar, og mundu tölur allar hækka við það. Ég teldi þó æskilegt, ef hv. frsm. meiri hl. eða einhverjir úr liði hæstv. ríkisstj. gætu upplýst um það, hvað þetta eina byrgi undir Arnarhóli, sem verkfræðilegar athuganir og áætlanir hafa verið gerðar um, mundi kosta t. d. í dag, miðað við byggingarkostnað í dag.

En sjálfsagt er það þó ekki fyrst og fremst byggingarkostnaður loftvarnabyrgja eða almannavarnabyrgja, sem hræðir mest. Ég hygg, að þar komi ekki síður til rekstrarkostnaður þeirra, og um rekstrarkostnað byrgjanna er hvað eftir annað talað í þessu frv. Það væri því einnig fróðlegt að fá áætlun um rekstrarkostnað t. d. þessa Arnarhólsbyrgis.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur, sem búin er að starfa að málinu nokkur ár, segir, að það séu mörg og margvísleg aðkallandi verkefni, sem slík n. þurfi að sinna, með tilliti til venjulegrar styrjaldarhættu, og þ. á m. nefnir hún byggingu loftvarnabyrgja, sem hún segir að þurfi að byggja mörg hér í miðbænum í Reykjavík, — kjallarana í úthverfunum megi víðast hvar nota með einhverjum breytingum, t. d. með því að hlaða múrblokkum fyrir glugga, — skipun hjálparsveita, búnað þeirra og æfingar, áætlanir um brottflutning fólks úr bænum og nágrenni, einkum af svæðinu suður á Reykjanesskaga, og nefnir viðbúnað ýmsan í því sambandi, máltíðaúthlutun o. fl., o. fl., segir hún. Og að síðustu segir hún svo, að ef ekki væri um venjulega styrjöld að ræða, þyrfti einnig að gera víðtækar varnir fyrir almenning í kjarnorkustríði, enn víðtækari en leiði af hinum almennu ráðstöfunum. Sjálfsagt er þetta allt saman rétt hjá n., en það sýnir bara, hvílíkt ofurfjármagn þyrfti í þessar aðgerðir, ef þær væru framkvæmdar á þann hátt, sem þessir sérfræðingar telja þörf og jafnvel nauðsyn á.

Eitt atriði er, sem ég staldraði sérstaklega við í skýrslu loftvarnanefndar, og það var um það, þegar hún var að skýra frá, hvernig það hafi gengið, þegar hún hafi verið að gera áætlanir um að skylda fólk til að mæta til æfinga. N. segir, að hún hafi gert áætlanir um skipun hjálparsveita og skipulag hjálparstarfs, ef í nauðir ræki, en hins vegar hafi n. þó ekki skipað menn til hjálparstarfa eða fyrirskipað æfingar, en athuganir um það efni leiddu í ljós, að menn virtust mjög tregir til að sinna kalli til æfingastarfa, og hefur n. ekki haft trú á neins konar þvingunarráðstöfunum í þessum efnum, enda vafasamur árangur af þess háttar æfingum, nema fullur hugur þátttakenda fylgi máli. Það virðist sem sé hafa komið í ljós, að fólk var mjög tregt til að hlýða kalli og verja tíma sínum þarna til æfinga, og n. tók það til yfirvegunar, hvort ætti að beita þvingunarráðstöfunum, og komst að þeirri niðurstöðu, sem ég hygg að hafi verið alveg hárrétt hjá henni, að það þýddi ekki að kalla menn til slíkra æfinga nauðuga, því að þá yrði lítill árangur af slíkum æfingum, þar þyrfti hugur að fylgja máli. Það yrði kannske svo, að það yrði ekki auðvelt að fá Íslendinga þúsundum saman, eins og gert er ráð fyrir, til þessara æfingastarfa og til þessa náms, sem þó hlyti að vera mjög mikið undirstöðuatriði um allar aðgerðir, því að óæft fólk er sjálfsagt ekki til neins að taka til þess að ryðja borgarsvæði, þar sem húsin hefðu hrunið eða allt væri í báli og brandi, fólk vissi þar ekkert, hvernig það ætti að snúa sér, og það er þess vegna skiljanlegt, að það þurfi að hafa námskeið og æfingaskóla fyrir allt þetta fólk, sem á að vera í hjálparsveitunum, og ekki líklegt, að þar komi að gagni að beita þvingunaraðgerðum eða valdi. Mér þykir ömurlegt, að slík skyldi verða reynslan hjá loftvarnanefnd Reykjavíkur, en sjálfsagt fer hún þarna með alveg rétt mál, ég efa það ekki. Svona hefur þessum ráðstöfunum verið tekið.

N. segist einnig hafa verið að athuga möguleikana á brottflutningi fólks, ef til þess þyrfti skyndilega að koma vegna loftárása, og segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og aðstæður eru hér í nágrenni Reykjavíkur, er að vísu hugsanlegt að flytja töluverðan fjölda fólks af bæjarsvæðinu á skömmum tíma. Bílakostur er svo mikill, svo fremi að vegir teppist ekki. En hins vegar er ógerlegt að koma fjölda manns, tugum þúsunda, fyrir til dvalar í dreifbýli, svo að viðhlítandi sé, nema með ærnum kostnaði, margfalt meiri kostnaði en fjárveitingavaldið hefur ætlað til loftvarnaráðstafana.“

En á þessum tíma var varið um 1 millj. kr.,

á miklu ódýrari tíma, 1 millj. kr. á ári til loftvarnaráðstafana. Þessar upplýsingar voru ekki heldur álitlegar viðvíkjandi þessu höfuðúrræði, sem sérfræðingarnir útlendu a. m. k. staldra mjög við, að flytja fólk tugþúsundum saman burt af Keflavíkur-, Hvalfjarðar- og Reykjavíkursvæðinu.

Mönnum kemur það sjálfsagt ekki á óvart, að nýstárlegustu upplýsingarnar um þessi mál gefur auðvitað norski hershöfðinginn Holtermann. Hann byrjar álitsgerð sína á því að segja, að ef til styrjaldar dragi, verði að gera ráð fyrir því, að sú styrjöld verði alger. Og næst segir hann frá því, hver séu hin líklegustu skotmörk. Líklegustu skotmörkin í upphafi stríðs segir hann vera aðsetur æðstu yfirvalda, — ef hann á ekki bara við stjórnarráðshúsið, þá er það a. m. k. Reykjavík, svo lengi sem ríkisstjórnin er ekki flutt héðan í burtu, — flugvellir, flotastöðvar, stór forðabúr, olíustöðvar, mikilvægar innflutningshafnir, það er vafalaust Reykjavíkurhöfn hér á landi, samgöngumiðstöðvar og stóriðnaðarhverfi, t. d. áburðarverksmiðjan. Þetta eru líklegustu skotmörkin, segir hershöfðinginn. Ef það er rétt hjá honum, að númer eitt sé aðsetur ríkisstjórnarinnar, þá hefði ég haldið, að það væri ástæða til að gera fljótt ráðstafanir, á friðartímum auðvitað, til þess að flytja ríkisstj. burt úr Reykjavík, hvað sem liði þessari aðgerð sem ráðstöfun gagnvart henni, þá a. m. k. til þess að leiða ekki allan höfuðháskann yfir alla borgarbúa. Það væri t. d. vel hugsanlegt að búa þeim byrgi í Hælavíkurbjargi, en náttúruskemmdir á Hornbjargi mundi ég ekki vilja samþykkja, þó að nauðsynin væri svona brýn. En flugvellirnir eru það næsta. Og það er enginn vafi á því, sem síðar kemur fram hjá honum, að þar hefur hann alveg sérstaklega í huga Keflavíkurflugvöll. Þá segir hershöfðinginn alveg hreinskilnislega, að í kjarnorkustyrjöld geti almannavarnir hvorki hindrað eyðileggingu né tortímingu mannslífa, en þær geta nokkuð dregið úr tjóni og hindrað, að það hafi úrslitaþýðingu. Hann tekur það ekki upp í sig, eins og það er orðað í 1. gr. frv., að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna. Það er frv. ætlað. En hershöfðinginn segir, að almannavarnir geti ekki hindrað eyðileggingu né tortímingu mannslífa, en geti aðeins að nokkru dregið úr tjóni.

Ég held nú, að það hefði átt að kveða vægar að orði í upphafsgrein frv., a. m. k. kveða ekki fastar að orði en hershöfðinginn og telja það þá höfuðtilgang frv. að draga úr tjóni, því að eyðileggingu og tortímingu mannslífa geti almannavarnir ekki hindrað.

Þá er komið að hinu þriðja atriði, sem hershöfðinginn segir að gera beri. Hann segir, að það eigi að koma upp viðvörunarkerfi, loftvarnaflautum, í öllum kaupstöðum með 2000 íbúum o. fl., en síðan beri að setja upp viðvörunarkerfi hvarvetna, þar sem íbúar séu 1000 eða fleiri.

Þá segir norski hershöfðinginn, og það skal ég hafa eftir honum alveg orðrétt:

„Það er álitin nauðsyn, höfuðnauðsyn, að öryggi æðstu stjórnvalda sé borgið, meðan styrjöld er háð. Þess vegna verður að tryggja, að forsetinn, ríkisstj. og Alþingi geti flutt á örugga staði, og gera þarf áætlun um flutning þangað."

Ég er alveg sammála hershöfðingjanum um, að það beri að gera ráðstafanir til þess, að æðstu mönnum þjóðarinnar sé skapað öryggi, ef það er hægt. En ég leyfi mér að efa, að þau stjórnvöld yrðu mikils virt af íslenzku þjóðinni, sem sjálf skriðu í öruggt skjól, en létu ekki eitt yfir sig og aðra ganga, þegnana, sem þau ættu að stjórna. Hugmyndin virðist mér í engu vera í samræmi við norrænar drengskaparhugsjónir.

Enn heldur hershöfðinginn sér við hinar fyrstu og þýðingarmestu aðgerðir, og hann segir: „Það verður að útvega skýli. Það minnsta, sem gera verður til að byrja með, er að útvega skýli, sem veita vörn gegn geislavirku úrfalli."

Og það segir okkar almannavarnastjóri, að kjallararnir hér í Reykjavík séu yfirleitt þannig, að þá megi nota með lítils háttar breytingum. Þó mundi margur ófróður vilja fá fljótlega nánari vitneskju um það, hvernig þessi almennu einkabyrgi eigi að vera útbúin, til þess að þau veiti vörn. E. t. v. koma hér í umr. upplýsingar um það. Það er þekking, sem kæmi borgurunum að góðu gagni að vita og það heldur fyrr en seinna. Það næstnauðsynlegasta, segir Holtermann hershöfðingi, er að undirbúa allsherjarflutning fólks frá a. m. k. 5 km svæði umhverfis Keflavíkurflugvöll. Flytja verður allt fólk, sem hefur ekki lífsnauðsynlegum störfum að gegna á þessu svæði, segir hann, til annarra staða, og einnig ber að leitast við að flytja húsdýr á brott. Allt kvikt á að flytja í burtu, segir hershöfðinginn, af a. m. k. 5 km svæði. Og enn heldur hann áfram: „Athuga þarf, hvort ekki er rétt að undirbúa svipaðan brottflutning fólks frá svæðinu umhverfis Hvalfjörð, sem e. t. v. yrði notaður af Atlantshafsbandalaginu sem flotahöfn."

Þetta er alveg orðrétt úr áliti hershöfðingjans. Hér er ekkert um að villast, hershöfðinginn telur Keflavíkurflugvöll skapa umhverfi sínu ógnþrungna hættu, svo að þaðan eigi að flytja allt kvikt, og aðspurður sagði almannavarnastjórinn okkur, að hann teldi, að það mundu verða um 7—8 þús. manns, sem flytja þyrfti burt af þessu svæði, ef hætta skylli yfir.

Flutningur á 7—8 þús. manns og það með að sjá þessu fólki fyrir lífsnauðsynjum á nýjum stað, það held ég að sé ekkert smáfyrirtæki. Ég held, að það mundi nema mörgum milljónum.

Við Íslendingar höfðum ekki heyrt Hvalfjörð nefndan í opinberum skjölum sem hugsanlega flotastöð fyrir Atlantshafsbandalagið, fyrr en þessi hershöfðingi segir, að ástæða sé til að flytja fólkið þaðan í burt, af því að Hvalfjörður sé líkleg flotastöð í notkun At-

lantshafsbandalagsins. Flutningur fólksins úr þessum firði er kannske ekki stórt vandamál, þarna er sennilega ekki um nema nokkur hundruð manns að ræða, en samt er flutningur á nokkrum hundruðum manna allstórt fyrirtæki á okkar mælikvarða að meðtalinni sköpun lífsskilyrða á nýjum stað.

En þetta er bara byrjunin á burtflutningshugmyndum hershöfðingjans, því að nú kemur að því stærsta hjá honum. Næst segir hann nefnilega:

„Undirbúa þarf brottflutning fólks úr sjúkrahúsunum í Reykjavík.“ Og hann bætir við: „Undirbúa þarf brottflutning fólks úr Reykjavík á ófriðartímum. Hve mikinn hluta íbúanna ætti að flytja þannig á brott, er undir því komið, hve mörgum er hægt að útvega samastað á þeim svæðum, sem ætlað er að taka við fólkinu. Til að byrja með verður að gera áætlun um brottflutning eftirgreindra hópa: Barna innan 18 ára aldurs,“ — það eru fyrstu 18 árgangarnir, hvað ætli það sé margt? — „fólks yfir 70 ára, mæðra með börn, kennara fyrir börnin og að öðru leyti fólks, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að sinna í bænum.“

Ég veit ekki, hvað þetta verður margt samtals, en minna en þriðjungur borgarbúa getur það ekki verið. Ég held, að það hljóti jafnvel að vera um eða yfir helmingur borgarbúa. Og koma verður á fót, segir hershöfðinginn, sérstakri brottflutningamiðstöð til þess að annast flutninginn. Væri nú þarna t. d. um 25, jafnvel kannske 35 þús. manns að ræða, þá er það eitt geysilega kostnaðarsamt fyrirtæki. Við getum áreiðanlega ekki fundið það út með neinni nákvæmni, hvað þetta mundi kosta, né heldur hitt, hvernig ætti að búa öllu þessu fólki dvalar- og lífsskilyrði annars staðar. Ein spurningin hlyti í sambandi við þetta að reka aðra, en það getur vel verið, að sum svörin létu eitthvað á sér standa.

Þetta voru hugleiðingar eða útdráttur úr hugleiðingum hershöfðingjans um brottflutning fólks. En þá víkur hann að hinu höfuðatriðinu í sínum ráðleggingum, þ. e. um byggingu varnarbyrgja. Það segir hann að sé næsti þátturinn í almannavörnum, það sé bygging og útbúnaður öryggisbyrgja, og segir hann, að það sé eitt árangursríkasta skrefið til að vernda almenning á styrjaldartímum. Hershöfðinginn segir það taka tiltölulega langan tíma að koma slíkum varnarbyrgjum á fót, og svo bætir hann við orðrétt: „Þau eru tiltölulega dýr í byggingu.“ Og síðan kemur hann með ákveðna till.:

„Ég legg til,“ segir hann, „að það fyrsta, sem gert verður, sé eftirfarandi:

a. Í bæjum með meira en 2000 íbúa skal koma fyrir einkavarnabyrgjum í nýbyggingum af ákveðinni stærð.“ Það mundi þá snerta Reykjavík, Akureyri, Hafnarfjörð, Kópavogskaupstað, Keflavík, Vestmannaeyjar, Akranes, Ísafjörð og Siglufjörð. „Slík varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur tveimur loftþyngdum. Þá skýla þau nægilega gegn hita og veita mjög góða vernd gegn geislun. Húsbyggjandi á að greiða allan kostnað við að koma slíkum varnarbyrgjum á fót,“ segir Holtermann. Þetta var fyrsti liðurinn hjá honum.

„b. Í öðrum bæjum en þeim, sem nefndir voru að framan, skal í nýbyggingum útbúa varnarskýli til að verjast geislavirku úrfalli.“ Skýli þessi eru, segir hershöfðinginn, ekki eins kostnaðarsöm og hin, en þau á einnig að gera á kostnað húsbyggjenda.

c. Í eldri húsum á öllu landinu sé húseiganda gert að skyldu að afla þess efnis, sem þörf er á til þess að gera í húsinu bráðabirgðaskýli gegn geislavirku úrfalli.

d. Í Reykjavík skulu útbúin almenn varnarbyrgi fyrir 10% af íbúum bæjarins,“ þ. e. a. s. þá 7—8 þús. manns. „Byrgi þessi eru fyrst og fremst ætluð þeim, sem eru úti við, þegar árás er gerð, og þeim, sem ekki hafa einkabyrgi, er þeir geta leitað til. Þessi varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur minnst sex loftþyngdum. Ef unnt er að byggja varnarbyrgin í klöpp,“ — hann hugsar sennilega til Árnarhóls, — „en að því ber að keppa, ætti að gera kröfu um 10 loftþyngda þol.“ Sérstakir verðir, segir hann, skulu gæta hinna almennu varnarbyrgja.

Þá víkur hann að skipulagsatriðum almannavarna, hershöfðinginn, og segir m. a.:

„Í dómsmrn. ætti að koma á fót sérstakri skrifstofu fyrir almannavarnir. Gerð sé áætlun um sérstakt ráð fyrir almannavarnastjórann, sem starfi á grundvelli ofangreindrar skrifstofu almannavarnanna. Á ófriðartímum ætti almannavarnastjórinn og ráð hans að vera staðsett í nánd við dómsmrh.“

Þessu næst segir hershöfðinginn, að setja beri á stofn skóla fyrir almannavarnir og hafi hann það hlutverk að annast menntun foringja og leiðbeinenda almannavarna. Skólinn á að heyra beint undir dómsmrh. Það á að koma upp hjálparstöð, segir Holtermann, og hjálparliði, og í því liði eiga að vera 4—5% af íbúunum, mér virðist þá 3500—4000 manns. Þetta lið virðist eiga að vera einkennisbúið, og einnig eru nefndar gasgrímur í sambandi við það.

Þá segir hershöfðinginn, að mælingar á geislavirkni verði að skipuleggja fyrir allt landið, en það, hve þétt mælistöðvar verði settar, fari eftir íbúatölu landssvæðanna. Hann gerir þó ráð fyrir, að í upphafi nægi 80—100 slíkar stöðvar. Mér er ekki kunnugt um, hvað geislavirknin hefur verið mæld á mörgum stöðum í landinu, en svo mikið er víst, að það yrði mjög að efla það mælingakerfi eftir hans tillögum.

Enn segir hershöfðinginn okkur, að á friðartímum þurfi að útvega almenningseldhús og koma upp matvælabirgðum, helzt í afmældum skömmtum.

Í lok álitsgerðar sinnar dregur Holtermann hershöfðingi saman ráðleggingar sínar og fyrirmæli, því að auðvitað verði alltaf áleitin þessi

spurning, hvað eigi að sitja í fyrirrúmi og hvað verði að sitja á hakanum. Hann kveðst vilja skipa verkefnunum í eftirfarandi röð eftir mikilvægi framkvæmdanna: Fyrst koma áætlanir um flutning æðstu stjórnvalda landsins, það er það brýnasta, bæði til þess að bjarga þeim og til þess að firra aðra hættu í kringum þá. Almannavarnaskrifstofan í dómsmrn. og ráðning framkvæmdastjóra ásamt starfsliði við almannavarnirnar í Reykjavík er það næstnauðsynlegasta, og almannavarnastjórinn hefur nú verið ráðinn. Þriðja er fræðsla foringja og óbreytts liðs. Fjórða er aukning geislunarþjónustunnar, fimmta bygging varnarbyrgja, sjötta útvegun tækja vegna hinna ýmsu almannavarnagreina og sjöunda áætlun um brottflutning, almennan brottflutning.

Þetta er meginefni í leiðbeiningum norska hershöfðingjans til okkar, en hingað var hann kvaddur af hæstv. ríkisstj. til þess að fræða okkur um, hvað gera bæri í almannavörnum hér á landi. Ég held sannast að segja, að það verði fremur litið úr einnar millj. kr. árlegri fjárveitingu til þess að framkvæma forskriftir hans.

Þá vil ég segja nokkur orð um álitsgerð danska læknisins Toftemarks. Hann hefur sýnilega haft fyrir sér álitsgerð Holtermanns og vitnar til þess á nokkrum stöðum, að hann sé henni samþykkur. Það fyrsta, sem hann tjáir sig sammála Holtermann um, er það, að ef til atómstyrjaldar dragi, þá verði hún þegar í upphafi alger. Þess vegna virðist eðlilegt, segir læknirinn, að stofna samræmingarráð, — það er eitt ráðið, — samræmingarráð milli ráðuneytanna, til þess að styðja og efla þessa viðleitni innan ráðuneytanna, hvort sem um er að ræða á sviði heilbrigðismála, landbúnaðarmála, viðskiptamála, samgöngumála eða á öðrum sviðum. Samræmingarráði skal koma á fót.

Síðan leggur læknirinn sérstaka áherzlu á fullkomið varnarbyrgi fyrir æðstu menn landsins, eins og hinn. En hann ætlar að gæta nokkru meiri sparnaðar en Holtermann, því að hann telur ekki nauðsynlegt, að byrgið rúmi alla alþm. En hann segir orðrétt svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Öryggisbyrgi, sem byggð eru og innréttuð nægilega snemma og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum, þar sem hægt er að hafa samband við útvarp, blöð og aðra fréttaþjónustu, eru bráðnauðsynleg. Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóðhöfðingjann, ríkisstj. og a. m. k. einhverja fulltrúa á þingi," — sennilega einnig þm. stjórnarflokkanna, það er innskot mitt.— „Þaðan þarf einnig að vera auðvelt að hafa samband við önnur æðstu stjórnvöld, fyrst og fremst almannavarnastjórann. Almannavarnastjórinn verður vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld bandamanna."

Þetta er till. Toftemarks læknis um hið nauðsynlegasta byrgi af öllum byrgjum. Þá segir læknirinn, að öll sjúkrahús landsins ættu að lúta einni stjórn, sjúkrahúsráði, — það er eitt ráðið. Sjúkrahúsráð á að stjórna öllum sjúkrahúsum landsins. Einnig verður honum tíðrætt um þörf og nauðsyn varasjúkrahúsa. Vel varin öryggisbyrgi á að innrétta í kjallara hvers sjúkrahúss, segir hann, og er mikilvægt, að þar sé á friðartíma séð fyrir vatnslögn, ljósi, hita og skolprörum og helzt vararafstöð og varavatnsbirgðum.

Þá gefur næsti þátturinn í skýrslu læknisins okkur óhugnanlega hugmynd um það, hversu fjarri það væri, að almannavarnirnar gætu verndað mannslífin, því að hann segir:

Það yrði að skipta hinum særðu, sem kæmu á sjúkrahúsin, aðallega í fjóra hópa: 1) Lítið særða, sem aðstoðarhjúkrunarlið sjúkrahússins gæti séð um. 2) Fólk, sem yrði að koma strax undir læknishendur. 3) Sært fólk með byrjandi einkenni taugaáfalls, sem gæti þó beðið nokkurrar aðgerðar. 4) Fólk, sem hefur slasazt svo mikið og alvarlega, að ekki megi vegna ríkjandi ástands sjá af hjúkrunarliði og tækjum handa því til tímafrekra aðgerða, sem útlit er fyrir að ekki beri árangur. Í þessum hóp er m. a. fólk með brunasár, sem þekja meira en 40% líkamans, opin sár á brjósti og kviði og enn fremur sjúklingar, sem hver um sig hefur hlotið margs konar alvarleg meiðsli. Toftemark læknir segir, að um 20%, þ. e. a. s. fimmti hver sjúklingur, muni verða í þessum seinasta hópi, þessum hópi, er verður látinn bíða dauða síns án umhirðu og læknishjálpar. Auðvitað er ekki svona nokkuð dregið upp og sett á pappír nema af því, að læknirinn játar, að almannavarnir séu lítils megnugar, ef til þessara óhugnanlegu atburða skyldi koma. Hann gerir ráð fyrir, að það verði að láta helsært fólk liggja án þess að fá nokkra aðstoð og það verði kannske fimmti hver maður af þeim, sem koma til sjúkrahúsanna, sem þannig yrði leikinn. Og samt er samið frv., sem segist í 1. gr. ætla að koma í veg fyrir, að Íslendingar verði fyrir eignatjóni og heilsutjóni.

Það er ýmislegt fleira furðulegt í þessari skýrslu læknisins, og ég er alveg undrandi, að hann skuli hafa látið hana frá sér fara, og enn meira undrandi á því, að hæstv. ríkisstj. skyldi gera plaggið að sínu plaggi með því að gera það að fskj. með frv. Hann segir t. d.: „Ákveða verður og merkja þegar á friðartíma, hvaða hlutverki hvert einstakt herbergi sjúkrahúsa á að þjóna, en til merkingarinnar má nota sjálflýsandi málningu. Sérstakt herbergi þarf fyrir látið fólk og e. t. v. annað fyrir geðtruflað fólk." Það mun jafnvel gert ráð fyrir því, að eitt og sama herbergi megi nota fyrir hvort tveggja, líkin og geðbilaða fólkið. Og næst þessu kemur svo að sjá fyrir sálusorgara, sjá þar fyrir þjónustu sálusorgara.

Læknirinn talar nokkuð um varasjúkrahúsin og segir, að þau þurfi að vera í hæfilegri fjarlægð frá þeim svæðum, sem einkanlega er ógnað, þ. e. a. s. í 20—50 (eða fleiri) km fjarlægð.

Í sjúkrahúsum þarf að koma upp viðbúnaðarbyrgjum, sem í er bæði útbúnaður og nauðsynjar, og sjá verður um, að skipti fari fram á lyfjum, sem einungis þola stutta geymslu.

Að lokum segir svo læknirinn: „Enda þótt skipulagning greftrunar sé ekki hlutverk hjúkrunarliðsins, er mikilvægt, að á slysavarðstöðvunum séu upplýsingar um, hvernig þær geta losnað við látið fólk."

Ég bið menn að hafa það í huga, að allt, sem hér hefur verið tilgreint, er tekið úr opinberum skjölum, sem hæstv. ríkisstj. taldi ástæðu til að láta fylgja frv. sínu til skýringar og einnig til skýringar á hugmyndum sínum um almannavarnir.

Þegar frv. nú í þingbyrjun kom til meðferðar í heilbr.- og félmn., lagði meiri hl. n., sérstaklega formaður, mikla áherzlu á, að afgreiðslu frv. yrði hraðað. Ég hafði ekki neitt á móti því, að eðlilegur hraði væri á afgreiðslu málsins. Fyrir mér vakir það engan veginn að tefja fyrir afgreiðslu þess. Það var alveg eftirgangsmunalaust gert ljóst í n., að ég mundi leggja til, að frv. yrði vísað frá með tilliti til þeirra lagaákvæða, sem í gildi væru um almannavarnir, og að meiri hl. mundi samþykkja frv. litið eða ekki breytt. En ég fór fram á eitt, sem var sanngjörn ósk. Ég fór fram á það, að hinn nýi embættismaður, almannavarnastjóri, yrði kvaddur á fund n. og beðinn skýringa á ýmsum atriðum frv. Ég verð að segja, að það fékk daufar undirtektir í fyrstu, svo mikill átti hraðinn að vera. En samt varð það úr, að meiri hl. féllst á að kalla almannavarnastjórann á okkar fund, og var svo gert. Þar gafst mér færi á að spyrja hann margs um þessi mál. Ég hef áður sagt það í minni ræðu, að ungi maðurinn brást mjög fúslega og greiðlega við okkar spurningum, bæði mínum spurningum og annarra í nefndinni, og gaf margvíslegar upplýsingar. Og fyrst og fremst gaf hann upplýsingar um það, hver yrði staða Íslands að hans áliti, ef til styrjaldar drægi.

Ég hef hér í nál. mínu prentað þessar spurningar, eins og þær voru lagðar fram, því að ég hafði þær skriflegar þegar á nefndarfundinum, og til þess að vera viss um, að ég færi rétt með hans svör, þá þorði ég ekki að treysta minni mínu, þegar um svona mörg svör væri að ræða frá hans hendi, og þess vegna afhenti ég honum afrit af spurningum mínum og gaf honum tóm til þess að svara þeim skriflega. Og það eru hin skriflegu svör hans, sem hér birtast á eftir spurningunum, sem til hans var beint af minni hendi.

1. spurningin, sem ég beindi til almannavarnastjórans var á þessa leið: „Hafa sérstakar ráðstafanir þegar verið gerðar til framkvæmda á heimildum frv. til almannavarna, og ef svo er, þá hverjar?"

Svar hans er: „Það hefur verið ráðinn forstöðumaður, sem unnið hefur að athugunum á þeim vandamálum, sem snerta almannavarnir hér á landi. Þessi vandamál eru flókin og krefjast mikils undirbúnings, áður en hægt er að hefjast handa um verklegar framkvæmdir, er að gagni geta komið. Mörg þeirra eru einmitt athuganir á þeim spurningum, sem hv. alþm. lagði fyrir forstöðumann almannavarna, og engin nákvæm svör fengin við þeim enn þá."

Þetta var hans svar við 1. spurningunni.

Þá er það 2. spurningin: „Álítur forstöðumaðurinn jafnmikla ástæðu til almannavarna um allt landið, eða er yfirvofandi hætta meiri á Suðvesturlandi eða á Reykjanesskaga og þá hvers vegna?"

Hann svarar: „Ef kjarnorkusprengjum yrði beitt á Ísland, væri enginn staður á landinu, þar sem geislavirkt úrfall gæti ekki komið niður, hvar sem sprengjan yrði sprengd. Því verða gagnráðstafanir fyrst og fremst að miðast við að veita minnstu nauðsynlega skýlingu alls staðar á landinu, en þar má miða við 100-falda skýlingu við gammageislun." Hann telur nokkra hættu um allt landið viðvíkjandi geislun, sem vafalaust er rétt, en hann víkur sér frá því að svara a. m. k. þarna síðari hluta spurningarinnar, sem var um það, hvort yfirvofandi hætta væri meiri á Suðvesturlandi, t. d. á Reykjanesskaga, og þá hvers vegna. Hann segir enn fremur: „Hvort eða hvar búast mætti við sprengju, færi að sjálfsögðu eftir hernaðaraðstæðum hvers tíma (strategiskum aðstæðum)."

Þá er það 3. spurningin, sem til hans er beint, svo hljóðandi: „Í V. kafla frv. er sérstaklega gert ráð fyrir svonefndum hættusvæðum. Verður ekki með tilliti til varnarráðstafana að reyna að sjá fyrir, hvar á landinu þessi hættusvæði yrðu? Hvar eru þau að dómi forstöðumannsins?"

Hans svar var: „Hættusvæðin eru fyrst og fremst högg- og hitaáhrifasvæði sprengna af þeirri stærð, sem þyrfti til að eyðileggja líkleg skotmörk. Keflavíkurflugvöllur er eitt líklegasta skotmarkið hér á landi vegna þeirrar þýðingar, sem hann sökum stærðar og legu hefur fyrir stórar flugvélar."

Þá er það 4. spurningin: „Hve mikill mannfjöldi er á þessu svæði eða svæðum, sem gera verður ráð fyrir, að yrði að flytja í burt, og hvað mundi kosta að sjá þeim mannfjölda fyrir lífsskilyrðum?"

Svar hans er: „Mannfjöldinn, sem flytja þyrfti burt af hættusvæði, fer eftir vörnunum, sem fyrir eru. Kostnaður hefur ekki verið athugaður enn." Á fundinum minnir mig, að almannavarnastjórinn nefndi 7—8 þús. manns.

5. spurning: „Verður ekki að miða almannavarnir á Íslandi við algera kjarnorkustyrjöld?" En það höfðu báðir erlendu sérfræðingarnir talið.

Hans svar er: „Þær varnir, sem gera mögulegan skaða sem minnstan í algerri styrjöld, koma að sjálfsögðu einnig að gagni í takmarkaðri styrjöld. Því ber að miða við hið fyrrnefnda tilfelli." Hann játar, að það beri að miða varnirnar við hið versta, við algera styrjöld.

6. spurning: „Telur forstöðumaðurinn ekki, að miða verði varnirnar við það, að jafnvel stærstu kjarnorkusprengjum, sem þekkjast,

verði beitt, t. d. gegn þeim herstöðvum, sem nú eru hér á landi, þar sem eru Keflavíkurflugvöllur og olíubirgðastöðin í Hvalfirði?"

Svar hans er: „Í algerri styrjöld yrði vopnunum beitt á þann hátt, að heildarvopnaforðinn mundi valda sem mestum heildarskaða. Því má búast við, að stærð sprengju, sem beint er gegn ákveðnum skotmörkum, verði slík, að hún dugi til að eyðileggja skotmarkið. Stærstu sprengjur, sem nú þekkjast, eru 100 megatonn, en þeim mun fyrst og fremst ætlað að eyðileggja niðurgrafnar eldflaugastöðvar. Þar sem fáir slíkar sprengjur eru til, er svo til útilokað, að þeim yrði eytt á skotmörk, er þola lítinn yfirþrýsting." Hann svarar þessari spurningu þess vegna nánast neitandi.

Þá er 7. spurning: „Verður ekki að miða allar ráðstafanir til almannavarna á Reykjanesskaga við það, að stærstu sprengjum, 50—100 megatonna, verði beitt gegn herstöð eins og Keflavíkurflugvelli, sem íslenzkir ráðherrar hafa jafnvel talið geta haft úrslitaþýðingu í hugsanlegri heimsstyrjöld?"

Svar hans er: „Það hefur enga hernaðarlega þýðingu að beita 20—50 og 100 megatonna sprengjum á flugvelli. Varnir gegn slíkum sprengjum yrðu óhemjudýrar. Hins vegar mætti bjarga miklum meiri hluta fólks, er gæti verið háski búinn af þeim sprengjum, er dygðu til að eyðileggja hvaða flugvöll sem er. Því verða varnirnar að miðast við, hvað líklegt sé að þurfi að gera og hvað er fjárhagslega hægt að gera."

Þá er 8. spurning: „Hver er eyðileggingarmáttur slíkra stórsprengna: 20 megatonna, 50 megatonna, 100 megatonna?"

„Svar við þessari spurningu er að finna á meðfylgjandi töflum," segir hann. En á því fskj. eða þeim hluta svarsins segir svo um áhrif kjarnorkusprengna:

„1) Hitageislun. Hitaáhrifa gætir í nokkrar sekúndur, eftir að sprengjan springur. Eftirfarandi tafla sýnir stærð áhrifaradíuss hitageislunar fyrir mismunandi stórar sprengjur, sprengdar á yfirborði." Síðan stendur: „Stærð sprengju. Íkveikjufjarlægð fyrir eldfim efni (í km)." Þá segir hann: „20 KT," það er líklega kílótonna. (**Forseti:** Ég vil aðeins mega spyrja hv. þm., hvort honum finnist ekki óþarfi að lesa þetta allt orði til orðs, sem hefur verið útbýtt í prentuðu þskj., — mætti stytta nokkuð mál sitt kannske með því?) Ég er nú hér í miðjum spurningunum, hæstv. forseti, held, að ég hefði getað sleppt því, ef forsetinn hefði gert þessa aths., áður en ég byrjaði, en í miðju kafi finnst mér eiginlega verra að hætta við að lesa spurningarnar og svörin. (**Forseti:** Það verður þá ekki frekar gerð aths. við það.) Mér þætti það verra. Þó, ef ég fengi fyrirmæli um það, þá gerði ég það að sjálfsögðu, en þetta finnst mér vera mjög þýðingarmiklar upplýsingar, sem okkar ungi embættismaður gefur, og uppsetninguna á því í nál. var ég ekki alveg ánægður með, því að svörin komu það seint, að nál. hafði beðið eftir svörunum. Þess vegna eru svörin ekki felld við hverja spurningu, en þá hefðu þau legið mjög aðgengilega fyrir. Svör t. d. við 8. spurningunni eru hér á sérstöku skjali, sem vitnað er til.

Á skjalinu stendur þá áfram: „20 KT 2,6 km, 100 KT 5,5 km, 1 MT 14 km, 5 MT 29 km, 10 MT 35 km, 20 MT 45 km, 50 MT 64 km, 100 MT 80 km" — og fyrir aftan stendur: „t. d. gluggatjöld." Þetta er um íkveikju- og hitaáhrif sprengna af ýmsum stærðum, og hann gefur upp, þessi sérfræðingur okkar, að 100 megatonna sprengja hafi íkveikjuradíus 80 km, þ. e. a. s. Reykjavík er öll langsamlega innan þessa radíuss. Jafnvel smásprengja hefur 2.6 km íkveikjuradíus.

Á þessu skjali stendur svo: „Varnir: Hvert það skjól, er veitir vernd gegn öðrum hættuáhrifum kjarnorkusprengju, veitir einnig vörn gegn hitageislun."

Þá er annað meginatriðið á þessu sama skjali sérfræðingsins um höggáhrif: „Íslenzk steinhús þola sennilega allt að 12 punda yfirþrýsting á fertommu (12 p. s. i.). Eftirfarandi tafla sýnir, í hve mikilli fjarlægð þessa yfirþrýstings gætir fyrir mismunandi sprengjustærðir: Stærð sprengju. Fjarlægð, 12 p. s. i. yfirþrýstilínu. 20 KT 0.76 km, 100 KT 1.29 km, 1 MT 2.82 km, 5 MT 4.8 km, 10 MT 6.1 km, 20 MT 7.7 km, 50 MT 10.5 km og 100 MT 13.3 km."

Þá er næsta fyrirsögn á skjalinu hjá okkar sérfræðingi: „Varnir: Með þar til gerðum bylgjum má verjast 30—100 p. s. i. yfirþrýstingi."

3. kaflinn á þessu sama skjali hjá honum er á þessa leið, undir fyrirsögninni Kjarnageislun:

„Stærð hættusvæðis, er stafar af geislavirku úrfelli, fer eftir stærð sprengju og hraða háloftavinda. Úrfelli fyrir stærstu sprengjur getur komið niður á svæði, sem er allt að því hundruð km á lengd og tugir km á breidd. Þetta er því víðtækasta hættan af kjarnorkusprengingum við yfirborð jarðar og sú hættan, sem varir lengst (geislastyrkleikinn er 14 daga að minnka 1000-falt)."

Og hér er önnur fyrirsögn um varnir hjá honum: „Með tiltölulega einföldum vörnum má minnka geislunaráhrif á lifandi verur 50—100-falt."

Þetta var skjalið, sem hann vísaði til sem svars við 8. spurningunni.

Þá er það 9. spurningin: „Verður ekki að miða almannavarnir hér á landi við þessar staðreyndir, gera ráð fyrir því versta, nefnilega að slíkum stórsprengjum kunni að verða beitt gegn herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og jafnvel í Hvalfirði?"

Svarið við 9. spurningunni er á þessa leið: „Það er sama, hve vopnin eru stór. Það verður alltaf hægt að bjarga einhverjum með vörnum, en því færri, sem vopnin verða stærri. Það yrði Íslendingum að sjálfsögðu fjárhagslega ofviða að ætla sér að koma á vörnum gegn slíkum vopnum, er gætu tryggt vörn gegn höggi og hita nálægt sprengjustaðnum.

Hins vegar er álit forstöðumannsins, að það verði vel hægt að draga að mestu úr skaða af vopnum af þeim stærðum, er kynni að verða beitt hér á landi. Því verða varnirnar að miðast við, hvaða sprengjustærð er líkleg og hvaða vörnum verður við komið til að draga sem mest úr þeim skaða, er slík vopn gætu valdið."

10. spurningin er svo hljóðandi: „Hver telur forstöðumaðurinn þá hættusvæðin vera á Reykjanesskaga miðað við þetta og ákveðnar stærðir kjarnorkusprengna, t. d. 20—50 og 100 megatonna? Mundi ég vilja bera fram þá ósk við forstöðumanninn, að hann marki hættusvæðin með sirkli á landabréf."

Svar hans er: „Hættusvæðin fara eftir stærð þeirra sprengna, er e. t. v. yrði beitt hér á landi, svo og hvaða varnir yrðu fyrir hendi. Höggeyðingarsvæði sprengju og hitaáhrifin fara eftir högg- og hitaþoli mannvirkja. Fer því hættusvæðið eftir því, hvaða yfirþrýstilínu og jafnhitalínu verður að miða við. Vísað er í töfluna viðvíkjandi þessum áhrifum. Tími til kortateikninga vannst því miður ekki."

11. spurning: „Hvað má ætla, að kosta mundu öruggar ráðstafanir, er tryggi líf fólks, sbr. megintilgang frv., t. d. á Reykjanesskaga, og hverjar yrðu helztu ráðstafanir, sem gripið yrði til: a. Öryggisbyrgi? b. Brottflutningur fólks?"

„Kostnaðaráætlanir," svarar hann, „eru eitt af því, sem verður athugað af almannavörnum eins fljótt og unnt er. Það hefur enginn tími unnizt til þess enn þá, því að þær áætlanir verða að byggjast á grundvallarathugunum, sem nú er unnið að. Brottflutningur fólks hefur því aðeins þýðingu, að hægt sé að koma því í byrgi, er verji gegn geislum frá úrfalli. Byrgi gegn geislum frá úrfalli er sú ráðstöfun, sem er áhrifamest í að draga úr mögulegum skaða."

12. spurning: „Hvað telur forstöðumaðurinn, að fyrst beri að gera til almannavarna, t. d. á þessu og næsta ári? Hvað áætlar hann, að þessar byrjunarráðstafanir muni kosta?"

Svar hans er: „Fræða fólk um geislavirkni og hvernig má verjast henni. Hraða grundvallarundirbúningi eins og unnt er, en til þess þarf enn langan tíma. Á grundvallarathugunum byggjast svo aftur aðrar athuganir um nauðsynlega skýlingu o. s. frv., því næst að gera kostnaðaráætlanir og hefja framkvæmdir. Það er ekki hægt að kaupa tíma fyrir peninga nema að takmörkuðu leyti, grundvallarathugunum verður ekki hraðað fram úr vissu marki. Þó má hraða þeim allverulega með því að auka starfslið, er vinnur að tæknilegum útreikningum. Því mundi álitið, meðan ekki yrðu hafnar verklegar framkvæmdir, heldur einungis unnið að athugunum, að 1—2 millj. kr. mundu nægja til undirbúnings. Strax og hafizt væri handa um verklegar framkvæmdir, mætti búast við, að kostnaður færi fram úr þessu, ef að gagni ætti að koma."

Þá er 13. spurningin: „Hafa verið gerðar eða rætt um að gera nú þegar nokkrar ráðstafanir til almannavarna vegna núverandi hættuástands í heimsmálunum?"

Svar hans er: „Vegna þess, hversu seint var hafizt handa um almannavarnir hér á landi, hefur ekki verið unnt að gera nema allra takmörkuðustu ráðstafanir. Það eina, sem hægt hefur verið að gera, er að hafa tiltækilegar upplýsingar um neyðarráðstafanir, er fólk gæti gripið til, og vera því viðbúinn að koma þessum upplýsingum til almennings með stuttum fyrirvara."

Og að lokum 14. spurning: „Hvaða fyrirætlanir eru uppi um byggingu opinberra öryggisbyrgja? Hvað þurfa þau að vera stór og hvernig búin til þess að vera sannkölluð öryggisbyrgi? Hvað mundu slík öryggisbyrgi, er fullnægðu íbúum Reykjavíkur, kosta?"

Svarið er: „Ekkert væri æskilegra en að þessar upplýsingar væru þegar fengnar, en eins og áður getur, er einungis hægt að byggja slíkar niðurstöður á athugunum, er enn eru á byrjunarstigi og hljóta að verða svo um skeið. Bandaríkjamenn áætla, að unnt sé að byggja lítið öryggisbyrgi (4—5 menn) fyrir 50 dollara á mann. Fyrir stærri byrgi lækkar kostnaðurinn fyrir einstakling."

Ég bið afsökunar á því, að þessi lestur á spurningum og svörum hefur tekið nokkurn tíma, hæstv. forseti, en eins og þessu var upp stillt hér í nál., þá fannst mér nauðsynlegt að færa svörin í beint samband við hverja spurningu.

Mér virðist augljóst af þessum svörum okkar sérfræðings, að hann telji mikla hættu vofa yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni, ef kjarnorkustyrjöld kynni að brjótast út. Og mér finnst ekki heldur fara á milli mála, að svör hans bera það með sér, að hann telur bráðustu hættuna vera beina afleiðingu af herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, af herstöðinni þar og herliði því, sem þar er í sambandi við hana. Þetta kemur einnig augljóslega í ljós í álitsgerð Holtermanns hershöfðingja, sem ráðleggur brottflutning fólks og fénaðar af Keflavíkursvæðinu og jafnvel ofan af Hvalfirði, hið sama er skýlaust viðurkennt í skýrslu Toftemarks yfirlæknis hins danska, og enn er hið sama rækilega staðfest af Ágústi Valfells almannavarnastjóra. Þessir sérfræðingar og trúnaðarmenn hafa því komizt að þessari niðurstöðu, sem mætti orða á þann veg, að varnarliðið svokallaða sé hættuvaldurinn, og hinn varði hluti Íslands, Reykjanesskaginn og Suðvesturlandið, það er hættusvæðið, sem margsinnis er nefnt í frv., sem er tekið í mál, að ef til vill þurfi að flytja fólkið frá eða þá með byggingu byrgja að grafa það í jörð niður til þess að reyna að vernda líf þess. Það virðist vera auðsætt mál, að ef hér væri engin herstöð, þá væri ekki meiri hætta vofandi yfir fólki á Reykjanesskaga en sú hætta, sem vofir yfir fólkinu á þeim stöðum, sem talað er um að flytja fólkið til, þ. e. a. s. hin almenna hætta af geislun. T. d. ef sprengingar væru gerðar úti í löndum, í öðrum heimsálfum, þá getur vel verið, að geislunarhætta félli yfir Ísland, en það væri þá sú hætta, sem alltaf væri fyrir hendi á þeim stöðum, sem talað er um að flytja

fólkið til nú. Þeirri hættu getum við auðvitað ekki lokað augunum fyrir. Hættuástandið í heiminum yfirleitt leiðir hana yfir okkur, og henni yrðum við að búast til varnar gegn, þó að hér væri engin Keflavíkurherstöð. En það er Keflavíkurflugvöllurinn, sem leiðir bráðustu hættuna yfir Ísland og íslenzku þjóðina. Það er augljóst mál.

Nú segja íslenzk stjórnarvöld, sem standa að flutningi þessa frv.: Við teljum íslenzku þjóðina í mikilli hættu, en við viljum lögfesta víðtækar heimildir til að verja þjóðina, undirbúa brottflutning fólks af hættusvæðum, skipa einstaklingum að hafa öryggisbyrgi í sínum húsum, byggja opinber öryggisbyrgi til þess að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni. M. ö. o.: Við viljum lögfesta aðgerðir, sem sjá íslenzku þjóðinni borgið. — Þetta segi ég, að sé ofmælt. Ég tel bókstaflega rangt að gefa það í skyn með lagasetningu, að hægt sé að skapa þjóðinni öryggi í kjarnorkustyrjöld, og að slík lagasetning geti borið þann árangur einn, að fólki sé heitið vernd, sem það getur ekki fengið, að því leyti sé frv. blekking. Ég álít miklu réttara að gera almenningi á Íslandi þess fulla grein, að í kjarnorkustyrjöld verði engum fullnægjandi vörnum við komið og fólkið sé í hættu, og þess vegna komi helzt til greina einmitt það, sem almannavarnastjórinn segir: Það verður að fræða fólkið mjög rækilega um það, hvað það geti tekið til bragðs, sem heldur dragi úr þeim háska, sem yfir því vofir. — Þá er ekki verið að blekkja það, þá er verið að búa það undir að horfast í augu við þá hættu, sem vofir yfir Íslandi vegna nærveru þessarar herstöðvar, sem hér er. Það væri leið fræðslu. Þetta að lögfesta ráðstafanir, sem ýmist er ekki hægt að framkvæma, vegna þess að við höfum ekkert fjárhagslegt bolmagn til þess, eða verið að taka í mál að vernda fólkið, en geta enga vernd veitt, það er blekking, og það stefnir ekki að því að bjarga mannslífum. Það gæti vel leitt til þess, að þjóðin yrði andvaralaus um sig og segði sem svo: Það er búið að lögfesta fullnægjandi ráðstafanir okkur til varnar, og við getum verið óhult. — Það yrðu þá afleiðingar blekkingakenningarinnar um varnir í atómstríði.

Ég segi því hér í nál., og ég endurtek það: Hér er farið með viðurstyggilegt fals og blekkingar, því að meðan Keflavíkurflugvöllur er herstöð, er á engra manna færi, ekki heldur okkar hæstv. ríkisstjórnar, að skapa þjóðinni öryggi á stríðstímum, og því síður, eins og í frv. segir, að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni og eigna. Það á að viðurkenna það, að í algeru kjarnorkustríði, — en um það eru allir sérfræðingarnir sammála, að með því verði að reikna, — eru engar varnir til, sem verndað geti mannslífin og komið í veg fyrir tortímingu og dauða. Þetta er alveg sérstaklega skýrum orðum játað af Holtermann hershöfðingja, sem ætti einna bezt um það að vita af þeim sérfræðingum, sem til hafa verið kvaddir og að spurðir. Þingmenn Alþb. vilja því ekki taka þátt í þessum blekkingaleik, sem er í því falinn skv. minni skoðun að leiða fyrst hættuna yfir þjóðina, eins og gert hefur verið, og hjala síðan um öryggisráðstafanir eins og einkabyrgi og opinber byrgi, byggingu og rekstur varasjúkrahúsa, brottflutning fólks af hættusvæðum tugþúsundum saman o. s. frv., o. s. frv., samkvæmt þeim mörgu heimildum, sem í frv. felast, en að meira eða minna leyti eru engin tök á að framkvæma, og auk þess er vafasamt, að þær kæmu að nokkru gagni, þó að tugum millj. væri varið til þessara aðgerða.

Þar að auki virðist mér nú augljóst mál, að það er engin alvara hjá hæstv. ríkisstj. um framkvæmd almannavarnanna. Embætti hefur verið stofnað, einn einasti maður verið settur til starfa. Hann hefur ekki skrifstofustúlku. Hann hefur enga aðstoð á skrifstofunni, en á þó að gegna svona víðtæku og ábyrgðarmiklu embætti. Honum er holað niður hér uppi á hanabjálka við hliðina á framfærsluskrifstofu Reykjavíkurbæjar, og ég varð að framkvæma mikla og víðtæka leit að því að finna hann. Ekki var hann í dómsmrn., eins og gert er ráð fyrir í frv., ekki í síma stjórnarráðanna. Ég varð að spyrjast fyrir um, hvaða símanúmer hann hefði, og hann hafði ekki sjálfstætt símanúmer. Það er eins illa búið að þessum manni enn sem komið er og verið getur. Og mér virðist sannarlega ekki útlit fyrir, að það hafi verið tekið alvarlega af hæstv. dómsmrh. að búa honum starfsskilyrði, þó að hann teldi nauðsyn á að setja manninn í embætti eftir heimild í rökstuddri dagskrártill. Ég held, að ef embætti almannavarnastjórans eigi að koma að gagni, verði að horfast í augu við það, að af starfi hans leiði mikinn kostnað og að það verði ekki hægt að komast hjá því að ætla honum starfslið. Að þessu barst talið á nefndarfundi í heilbr.- og félmn., og hann nefndi eina 6—7 sérfræðinga, sem þörf væri á við undirbúningsrannsóknir þær, sem hann þyrfti að framkvæma. Og ég man, að formaður hv. heilbr.- og félmn. spurðist fyrir um það: Er þá ætlunin að biðja um þennan urmul af sérfræðingum til aðstoðar við störf yðar? — Og hann sagði þess vera fulla þörf, enda segir hann í sínum svörum: „Ég held, að 1—2 millj. kr. gætu hrokkið langt, meðan við eingöngu erum að framkvæma athuganir og undirbúning, en þegar kæmi til framkvæmdanna þyrfti miklu meira fé."

Lögin um almannavarnir, ef þetta frv. verður samþ., verða því pappírsgagn og verri en ekkert, og þá væri blekkingin fullkomnuð, ef um allar framkvæmdir væri svo látið sitja, þegar frv. er orðið að lögum. Og það væri enn verri leikur gagnvart fólkinu í landinu að láta það ímynda sér, að búið væri að lögfesta víðtækar öryggisráðstafanir því til handa, og aðhafast svo ekki neitt. En á því bólar ekki enn, svo mikið er víst.

Hv. formaður meiri hl. heilbr.- og félmn. vék að því margsinnis í sinni ræðu, að það væru til víðtækar lagaheimildir um almannavarnir í

lögum, sem fyrst voru sett 1941, síðan bætt við heimildir 1942 og enn bætt við heimildir 1951. Í gildandi löggjöf eru því víðtækar heimildir til almannavarna. Og hann gerði ekkert lítið úr því í sinni framsöguræðu, að þessar heimildir væru fyrir hendi. Ég hygg, að þessar heimildir séu svo víðtækar, að út fyrir þann ramma verði naumast farið, miðað við þá fjárhagsgetu, sem íslenzka þjóðin hefur til þess að framkvæma þessar varnaraðgerðir. Þess vegna er Alþb. nákvæmlega á sömu skoðun og hv. 3. þm. Reykv., sem vitnað var til hér af frsm. meiri hl., að heimildir séu fyrir hendi og það skorti meir á framkvæmdina og það sé ekki fyrst og fremst þörf nýrra, víðtækra heimilda, sem kosti milljónatugi eða kannske hundruð milljóna, heldur framkvæmdir á þeirri löggjöf, sem er til frá síðustu heimsstyrjöld og bætt var við nokkru 1951. Og með tilliti til þess höfum við lagt til, að þessu frv. verði vísað frá með svo hljóðandi rökst. dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem augljóst er, að bráðasta hættan, sem yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni vofir, ef til kjarnorkustyrjaldar drægi, er bein afleiðing af staðsetningu þýðingarmikillar herstöðvar og veru erlends herliðs í landinu, en hins vegar allsendis óvíst, hvort nokkrar varnir geti að gagni komið í atómstyrjöld, verður ekki annað séð en sá kostur einn sé fyrir hendi að krefjast þess þegar, að orsök tortímingarhættunnar verði fjarlægð með niðurlagningu herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og herinn tafarlaust fluttur úr landi. Í trausti þess, að svo verði gert samkv. skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn er í fullu gildi, og enn fremur með tilliti til þess, að í lögum eru fullnægjandi heimildir til allra tiltækra varnaraðgerða á styrjaldartímum, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er okkar niðurstaða, og hygg ég, að af því verði engin sú ályktun dregin, að við séum gegn almannavörnum. Við teljum fullnægjandi heimildir vera í íslenzkri löggjöf. Við viljum framkvæmd á þeim aðgerðum og teljum enga vörn í því að bæta þar við tugum nýrra, víðtækra heimilda, sem engar líkur eru til að verði lagt fram fé til að framkvæma.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Nd., 6. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við erum hér að ræða einhver alvarlegustu mál, sem unnt er að ræða á okkar tímum, þau mál, hvort það séu einhverjir möguleikar og hverjir á því að forða einhverju fólki frá fjörtjóni, ef Ísland dregst inn í kjarnorkustríð. Og það mætti ætla, að þeir, sem slíkt mál ræða, hefðu það fyrst og fremst í huga, hve mikilvægt slíkt málefni er, og létu ekki neina aðra hluti draga sig frá því að einbeita sér að aðalatriðum í þessu, svo mikilvægt sem það er. Það hefði þess vegna verið hægt að búast við því, að frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefði sýnt einhverja ofur litla hugsun, einhverja ofur litla viðleitni til þess að setja sig inn í þessi mál og til þess að tala af viti um þessi mál. Því miður hefur það farið svo, að hann hefur í staðinn kosið að fara að koma með ýmsar persónulegar slettur og annað slíkt í sambandi við þessar umr., og e. t. v. er það meiningin hjá honum með slíku að reyna að breiða yfir það, að hann skilji hvorki upp né niður í því, sem hann er að fjalla um. Það er ákaflega hart, ef á þeim tímum, ekki sízt öðrum eins hættutímum og nú, þegar við erum að ræða svona alvarleg mál, eru menn hér í þinginu, sem halda, að það sé hægt að breiða yfir þekkingarleysið og röksemdaskortinn með nokkrum ofstækisfullum áróðursupphrópunum á móti kommúnistum. Hitler og Göbbels gerðu þetta í mjög ríkum mæli forðum, og er ósköp leitt til þess að vita, að hér skuli vera menn, sem þykir gaman að feta að einhverju leyti í þeirra fótspor og endurhljóma þeirra vitlausu slagorð, sem settu heiminn í bál forðum.

Það eru tvær ólíkar stefnur, sem er um að ræða. Það er tvennt, sem við erum að ræða um í þessu sambandi á Íslandi. Það er annars vegar það að reyna að forða fólki frá afleiðingum stríðs, reyna að forða íslenzku fólki, íslenzkri þjóð frá afleiðingum stríðs, m. a. með skynsamlegum almannavörnum, og það er hin stefnan að reyna að draga íslenzka þjóð inn í stríð og gera hana að skotskífu. Þetta tvennt er gersamlega ólíkt og andstætt. Það er undarlegt, að í hinu stóra höfði hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. skuli þetta ruglast saman í einn graut. Ég gæti bezt trúað, að ef svo ægilega færi, að það yrði kjarnorkustríð, og ef svo færi, að einhverjir Íslendingar lifðu það af og einhverjir hefðu áhuga á því eftir þann tíma að rannsaka það, sem héti íslenzk saga, þá mundi ræða þessa hv. þm. vera skoðuð sem dæmi um, hve ægilegt ábyrgðarleysi, þekkingarleysi og fáfræði væri um þessi mál. Að halda slíka framsöguræðu eins og hv. 1. þm. Vestf. gerði um almannavarnirnar, sem fulltrúi meiri hl. heilbr.- og félmn., það er alveg ægilegur hlutur, að slíkt skuli geta komið fyrir og hann skuli hafa talað eins og hann gerði. Nú veit maður ósköp vel, að þessi hv. þm. getur talað, og hann hefur alveg sérstaklega sýnt það, þegar hann hefur verið framsögumaður fyrir fjvn., að þá hefur ekki vantað ýmislegt í kollinn á honum, sem kom gott þaðan. Mér sýnist eins og svo sé komið fyrir hans flokki nú, að nú vilji hann ekki nýta hann lengur á því sviði, sem var helzt nýtandi, og setji hann svo í það að halda svona dómadagsræður eins og hann gerði hérna sem formaður heilbr.- og félmn. Meiri hluti ræðu hans var raunverulega um mig og mína afstöðu, og það er þess vegna ekki nema rétt, að ég víki að því, enda gaf það mér satt að segja fyrst og fremst tilefni til þess að standa hér upp. Ég hef áður reynt að segja lítils háttar um þessi mál.

Hv. 1. þm. Vestf. las upp nokkur orð úr ræðu, sem ég hafði haldið 21. febr. 1941, og kvað mig hafa verið mjög fylgjandi almannavörnum eða loftvörnum, eins og það var þá kallað, af því að Rússar hefðu þá verið komnir í stríðið — og ég væri auðvitað agent þeirra, það þurfti ekki langt að leita til að sjá, af hverju ég hefði verið með því, að það væri reynt að hindra, að mikið af Íslendingum yrði drepið í febr. 1941. Var hv. þm. búinn að hugsa eitthvað í sambandi við þetta, sem hann sagði? Hann var ekki í neinum vandræðum með röksemdafærslurnar: ég væri með almannavörnum þá, ég væri á móti þeim núna, því að Rússar hefðu verið í stríðinu þá og ég væri þeirra agent. Og hvað var 21. febr. 1941? Ég veit ekki, hvort ég þarf að fara að halda fyrirlestur í mannkynssögu yfir hv. formanni heilbr.- og félmn., en Rússar voru ekki í stríðinu þá, þeir voru ekki komnir í stríðið, svo að allur botninn í allri þessari þokkalegu röksemdafærslu hv. þm. er þannig dottinn úr. En má ég spyrja: Hvernig stendur á því, að þessi hv. þm. getur ekki komið hér í stólinn án þess alltaf að fara að tala um agenta Rússa? Er þetta einhver árátta hjá honum? Er þetta einhver sektarmeðvitund hjá honum? Er hann að nota hvert tækifæri, sem hann fær, til þess að lýsa því yfir, hvað það sé voðalega ljótt að vera einhver agent Rússa? Eða er þetta bara svona ódýr auglýsingabrella til þess að fá mig til þess að fara að tala um Bifreiðar og landbúnaðarvélar h/f? Hvað er það, sem hv. þm. meinar með þessu?

Það er alveg rétt hjá honum, að ég hélt hér ræðu um, að það þyrfti að reyna að forða íslenzku fólki, — og það náði sérstaklega til Reykvíkinga, — frá því að vera drepið, ef hægt væri, fyrir gerðar árásir. Ég var með því, að það yrði reynt að skapa þá aðstöðu fyrir almenning hér, sem hægt væri. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur haft fyrir því að lesa þessa ræðu mína, en það væri máske rétt, fyrst hann hætti svo ákaflega fljótt í henni, að ég lofaði honum að heyra ofur lítið meira, með leyfi hæstv. forseta. Ég sagði í þessari ræðu 21. febr. 1941 hér í Nd. m. a.:

„Menn þóttust sjá það undireins, þegar farið var að víggirða Reykjavík, að hér væri hætta á ferðum og brezka setuliðinu væri ekki sérstaklega mikið um það hugað, hvernig færi um fólkið sjálft, er hér býr. Aðalatriðið fyrir setuliðið væri að tryggja herstöðvar sínar sem bezt, svo og þær stöðvar, sem væru mikilvægastar fyrir það sjálft, t. d. höfnina í Reykjavík og aðrar slíkar. Þess vegna hlaut það fyrst og fremst að koma í hlut íslenzkra yfirvalda að sjá almenningi fyrir sem beztu öryggi gegn loftárásunum, því að innrásarherjunum væri ómögulegt að treysta að neinu leyti, sem vitaskuld hefðu ekki komið hingað til þess að tryggja Ísland gegn árásum, heldur til þess að tryggja sér betri hernaðaraðstöðu en ella."

Hv. þm. hafði ekki fyrir að lesa þennan kafla af ræðunni. Þá kom enn fremur nokkru seinna í sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefði þurft að undirbúa skipulagða fólksflutninga úr Reykjavík, ef til loftárása kæmi." Og síðan rakti ég allýtarlega, hvernig aðstæðurnar væru viðvíkjandi vegunum og öðru slíku. Og svo held ég áfram: „Þetta vil ég minnast á. Og ef hæstv. ríkisstj. væri þess sinnis að svara spurningu minni, sem ég hef beint til hennar, þá þætti mér mjög fróðlegt að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur mótmælt því sérstaklega við hið erlenda setulið, sem hér er, þegar Reykjavík var víggirt. Að víggirða Reykjavík er vafalaust einhver hroðalegasta ráðstöfun, sem gerð hefur verið í þessari styrjöld, því að ríkisstjórnir annarra þjóða reyna að fá höfuðborgir sínar viðurkenndar sem óvíggirtar borgir." Ég minnist síðan á Frakka og Belgíumenn. Og svo kemur: „En Reykjavík, sem er höfuðborg hlutlausrar þjóðar og hefur að geyma tiltölulega stærri part viðkomandi þjóðar heldur en nokkur önnur höfuðborg, hún er ekki einungis víggirt, heldur hreint og beint útbúin sem partur af víggirðingu."

Skal ég ljúka þar með tilvitnunum úr þessari ræðu minni. Hvað er það, sem ég þarna er að benda á? Ég er að benda á, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að reyna að vernda líf almennings, og ég er að benda á um leið og undirstrika, að það sé hið erlenda innrásarlið, sem leiði hættuna yfir okkur. Og þeir, sem voru hér í Reykjavík þá, muna það, hvernig brezka setuliðið í ósvífni sinni setti sína hermannabragga innan um öll íbúðahverfin í Reykjavík, ekki bara á Skólavörðuhæðina, við hliðina á Hringbraut—Snorrabraut, þar sem Austurbæjarbíó nú stendur, Kamp Knox í Vesturbænum og annars staðar, heldur var öll Reykjavík víggirt og höfuðsetur hersins, hershöfðingjamiðstöðin látin vera í miðju bæjarins. Og ég spurði að því, hvort ríkisstj. hefði sérstaklega mótmælt þessu, því að þetta var slík ósvífni, að með þessu var beinlínis verið að draga sprengjur frá andstæðingunum að þessum stöðum, að sjálfri Reykjavík. Hefðu þessir braggar þó verið t. d. þó nokkuð langt fyrir utan Reykjavík, þá var þó heldur minni hætta, þótt ekki væri mikið.

Það var ekki miklu svarað og fór víst ekki mikið fyrir mótmælunum á móti því, hvernig þessar stöðvar voru staðsettar þá. En það kom greinilega fram strax í þessari ræðu, sem var raunverulega eina ræðan, eins og hv. þm. gat um, sem flutt var um þetta, við 1. umr. málsins, að herstöðvarnar voru það, sem skapaði hættuna á Íslandi. Sósialistaflokkurinn stóð þá með almannavörnunum, með því, að það væri reynt að forða almenningi, og gerði kröfur til þess, að þau væru gerðar sem beztar ráðstafanir til þess að reyna að vernda líf almennings. Jafnframt bentum við á, að ein höfuðhættan væri sú, að hér væri verið að víggirða borg, okkar höfuðborg, og setja hermannaskála um hana alla.

Ég talaði ekki meira um þessi mál. Ég var ekki viðstaddur, þegar 2. umr. fór fram um málið. Það var sett á dagskrá 22. apríl 1941

og umr. fór fram 2. maí, og þá var ég fangi í Bretlandi, og það urðu litlar umr. um þessi mál yfirleitt. Við sluppum til allrar hamingju tiltölulega vel, þrátt fyrir mannfórnir okkar sjómanna o. fl., út úr því stríði, en við ættum a. m. k. að láta okkur það að kenningu verða að búa okkur af einhverju dálítið meira viti og minna ofstæki við því næsta.

Þannig dettur nú botninn úr öllu þessu, sem hv. þm. var að segja viðvíkjandi mér og mínum flokki, og öllum þeim svívirðingum, sem hann var að tengja saman við það. En svo kom hann að því, sem átti að sýna vit hans á hernaðarlegri aðstöðu nú á tímum. Þá kom hann að því, að það væri svo sem alveg greinilegt, hvað það væri, sem þessir vondu kommúnistar væru að gera með þessu öllu saman, þeir væru að auðvelda Rússum innrás í landið. Ég verð að segja það, þegar ég heyri svona orð eins og innrás í landið, töluð af mönnum, sem ættu a. m. k. að hafa sýnt þá ábyrgðartilfinningu að reyna að skapa sér einhverja ofur litla hugmynd um, hvað nútímastyrjöld yrði, þá liggur við, að mér renni kalt vatn milli skinns og hörunds. Það er ekki að tala um spursmál eins og innrásir í sambandi við þá styrjöld, sem nú er fram undan, ef hún á annað borð skellur á. Það var um það að ræða í síðustu styrjöld, að menn réðust á einhver lönd og menn tækju þau herskildi, menn reyndu að halda þeim löndum og annað slíkt og menn berðust þar með ýmiss konar vopnum. Og þrátt fyrir það, þó að allar slíkar innrásir væru illar og af þeim hlytust hörmungar og tjón, er þó reynslan af öllum styrjöldum mannkynsins fram að þessu sú, að einhverjir hafa lifað af, meira að segja einhverjir með hverri þjóð. Ég býst við, að öllum hernaðarsérfræðingum beri saman um það, að ef kjarnorkustyrjöld hefjist núna, þá hefjist hún með geigvænlegri skothríð, þar sem skotið sé eldflaugum, jafnvel mörg þúsund km veg, með kjarnorku- og jafnvel vetnissprengjum í, þannig að á fyrstu mínútum þeirrar styrjaldar reyni hvor hernaðaraðilinn um sig að tortíma sem mestu, í fyrsta lagi eldflaugastöðvum óvinarins og því næst mikilvægum stóriðjuverum. Og eitt af því, sem skapar hvað mesta hættu í sambandi við byrjun styrjaldar nú og það, að hún brjótist út, er, að sá, sem byrjar, sá, sem er á undan, hefur svo óskaplega yfirburði yfir hinn, þannig að freistingin til þess að byrja er svo mikil, að hún getur gert út um, hvor sigrar, ef nokkur á að sigra í styrjöldinni. Þetta er það ægilega við þá styrjöld, sem menn nú tala um að kunni að brjótast út. Þess vegna er það svo fráleitt að vera að tala um spurninguna um innrás í landið frá hálfu einhvers hernaðaraðila, þegar við erum að ræða um það, hvort eigi að forða þjóðinni frá fjörtjóni. Fjörtjónið kemur ekki til með að stafa af því, að einhver aðili komi hér annaðhvort með sjóflota, flugflota, kafbáta eða eitthvað annað slíkt, heldur er stefnt að því að geta skotið eldflaugum fyrst og fremst á ákveðnar herstöðvar úr mörg þúsund km fjarlægð, sem engin vörn er til gegn, og auk þess sem slíkar eldflaugar drepa svo og svo mikið af öllu því fólki, sem er þar í kring, þá gera þær stóran hluta af landinu og máske landið allt óbyggilegt svo og svo langan tíma.

Hörmungar geislavirkninnar, sem kemur á eftir sjálfum kjarnorkusprengjunum, eru jafnvel enn þá ægilegri en eyðilegging sprengnanna sjálfra. Þegar við þess vegna ræðum þessi mál, verður fyrst og fremst að ræða þau frá sjónarmiði þess stríðs, sem við óttumst allir að kynni að brjótast út, og þess stríðs, sem við þurfum fyrst og fremst að reyna að vernda okkar fólk gegn.

Hins vegar ef hv. 1. þm. Vestf. vill fara að ræða um innrás í Ísland, þá er það velkomið. Hverjir eru það, sem fyrst og fremst hafa gert innrás í Ísland? Þeir, sem fyrst og fremst hafa gert innrás í Ísland, eru í fyrsta lagi Bretarnir, ráðast hér á landið og taka það herskildi 1940, og e. t. v. er hv. þm. ekki heldur alveg búinn að gleyma því, að þeir sýndu svipaða tilburði í landhelgisdeilunni 1958. Hverjir eru það, sem ráðast á Ísland næst á eftir Bretum 10. maí 1940? Það eru Bandaríki Norður-Ameríku, í samstarfi við Breta, sem 24. júní 1941 setja íslenzku ríkisstj. 24 klukkustunda úrslitakosti um að afhenda landið sem herstöð í hendur Bandaríkjanna og lýsa því um leið yfir, að það sé gert af frjálsum vilja, — svo að ég noti orð eins hv. þm. Sjálfstfl., Sigurðar Hlíðar, settu hnífinn á hálsinn á ríkisstj. og síðan Alþingi, þannig að menn, sem höfðu ætlað að greiða atkv. á móti þessu, eins og Sigurður Hlíðar lýsti sjálfur yfir þá, greiða atkv. með því. Með úrslitakostum er landið tekið á vald Bandaríkjanna og her landsettur hér 7. júlí, tveim dögum áður en Alþingi kemur saman 9. júlí til að samþykkja af frjálsum vilja, eins og kallað er, hervarnarsáttmálann 1941. Við skulum þess vegna, ef við ætlum að fara að tala út frá sjónarmiði Íslands um innrás á Ísland, gera það upp við okkur, hverjir það eru, sem ráðizt hafa á okkar land, og hverjir það eru, sem hafa hernumið okkar land og halda því hernumdu enn þá. Og ef hv. 1. þm. Vestf. vill sérstaklega fara að ræða um, hverjir þjóni slíkum innrásarlýð, þá er ég líka til í að ræða það.

Hvað hafa svo þessar þjóðir, sem ráðizt hafa á Ísland og tryggt hafa sér með alls konar aðferðum tök á okkar landi og herstöðvar í okkar landi, — hvað hafa svo þessar þjóðir gert? Þær hafa þar með stofnað lífi og tilveru íslenzku þjóðarinnar í hættu. Og hvað er það, sem hv. 1. þm. Vestf. með fylgi sínu við slíkt er að gera, með því að standa með því, að það séu herstöðvar m. a. í Keflavík enn í dag? Hann er að stofna lífi og tilveru Íslendinga í hættu fyrir Ameríkana. Það er ekki neinn vitiborinn maður að tala um, að hér séu einhverjar hervarnir til að verja Ísland eða Íslendinga. Hér eru hervarnir amerísks hers sem einhvers konar útpóstur fyrir þeirra hernaðarkerfi, til

þess að verja Bandaríkin eða sækja fyrir þeirra hönd. Og þessi hv. þm. skirrist ekki við það af ofstækisfullri þjónkun við ameríska auðvaldið að vilja þannig stofna tilveru Íslendinga í hættu. Og svo dirfast þessir hv. þm. eins og hann að tala um það, að aðrir séu að gleyma því að vernda rétt Íslands, eignir Íslendinga og líf. Ætti þó að vera hverjum manni ljóst, að það á ekki að tala í þeim dúr, sem hann hóf hér, þegar um er að ræða þessi mál hér á Alþingi. Það er nóg að láta blöðin með sínu ofstæki þylja þess háttar lexíu. Það mætti ætlast til þess, að hér væri þó hægt að ræða þessi mál þannig, að það væru einhver rök sett fram og rædd.

Ég hef svarað hv. 1. þm. Vestf. að gefnu tilefni, og kjósi hann að halda áfram umr. á þeim grundvelli, sem hann ætlaði sér, þá er ég líka reiðubúinn til þess, þó að ég álíti, að það sé annað, sem fyrst og fremst ætti að ræða hérna. Hann fór allgeyst úr hlaði. En það er hætt við því, ef menn ríða allgeyst úr hlaði og færleikurinn er fáfræði og ofstæki, að þá kunni hestarnir að kasta mönnum af baki. Og ég er hræddur um, að það þýði ekki fyrir hann að vera að ræða þau mál, sem við þurfum að ræða nú, á þeim grundvelli, sem hann var að hasla sér hér.

Svo að við hverfum síðan að því alvörumáli, sem hér liggur fyrir, og látum hv. 1. þm. Vestf. afgreiddan, þá vil ég taka mjög undir það, sem hv. 4. landsk. þm., frsm. minni hl. heilbr.- og félmn., lagði hér áherzlu á. Afstaðan, sem við tökum nú, sem erum fulltrúar Alþb. á Alþingi, í þessum alvörumálum, er alveg sú sama og sú, sem Sósfl. tók á sínum tíma, fyrir 5 árum. Í dag er það ægilegasta ábyrgðarleysi að ætla að draga sprengjurnar í komandi kjarnorkustyrjöld að Íslandi, að ætla að nota Íslendinga sem skjöld fyrir ameríska auðvaldið, þannig að láta þá tætast í sundur fyrst í því stríði, ef amerísku auðjöfrunum og þeim, sem bezt væru geymdir þar í dýpstu og dýrustu byrgjunum, kynni að verða eitthvað þægilegra fyrir um á eftir. Og nú skulum við ræða nokkuð almennt viðvíkjandi varnarráðstöfununum fyrir almenning, það, sem kallað er almannavarnir hérna og ég vil þá fyrst af öllu bera nokkuð saman við þær loftvarnir, sem við töluðum um í síðasta stríði.

Þetta tvennt á ekkert sameiginlegt nema nafnið. Það er svo ólíkt, að það er beinlínis hættulegt, ef menn hugsa enn þá í hugtökum þess stríðs. Það stríð var ægilegt, og við, sem að einhverju leyti sáum það stríð, áttum bágt með að hugsa okkur ægilegri hluti en þá. Ég lifði það sjálfur að vera í Lundúnum í einni ægilegustu eldsprengnahríðinni, sem gerð var á London, og veit ég þó, hve miklu betur London leit út og fór út úr því heldur en borgir eins og Varsjá, Dresden, Leningrad, Coventry og aðrar slíkar. Það vekur jafnvel undrun þeirra Íslendinga, sem voru ekki erlendis í stríðinu eða í stríðslok, að sjá rústir enn þá. En gera menn sér í hugarlund, hvað allt þetta sprengjumagn var, sem kastað var í síðasta stríði, öll þessi ár? Allt þetta sprengjumagn — og meginið af því féll á Þýzkaland, — það var milli 2 og 3 megatonn, þ. e. milli 2 og 3 millj. tonn af sprengjuefninu TNT. Það var allt sprengiefnið, sem féll niður og kastað var til jarðar yfir allar borgir í allri síðustu styrjöld, og þótti manni nógu ægilegt t. d. að sjá London brenna allt í kringum sig. Og hvað var það, sem kastað var á Bretland? Allt, sem kastað var á Bretland í síðasta stríði, var 0.1 megatonn, m. ö. o. 100 þús. kg af sprengiefninu TNT.

Í dag liggur við, að menn tali um 2 megatonna sprengjur sem litlar sprengjur eða leikföng í samanburði við 20 megatonna, 50 megatonna, 100 megatonna sprengjur, og ein 2 megatonna sprengja hefur í sér falinn sprengjumátt allra þeirra sprengna, sem sprengdar voru í öllu síðasta stríði.

Þið munið þau orð, sem Einstein notaði um þessar kjarnorkusprengjur. Hann kallaði þær „leikfang djöfulsins“. Og meðan mönnum hættir við að hugsa að einhverju leyti út frá því, sem við lifðum í síðasta stríði, þá er stórhætta á ferð, lífshætta á ferð fyrir það fólk, sem við eigum að hugsa fyrir og reyna að bjarga. Ef við hugsum enn þá um sprengjur eitthvað svipað og í síðustu styrjöld, þá höfum við ekki hugmynd um, í hvers konar veröld við erum stödd. Hvað okkur Íslendinga snertir, er eitt að vísu sameiginlegt í stríði, sem kynni að koma, og í stríði, sem síðast var háð, að hættan fyrir okkur stafar fyrst og fremst af dvöl erlends hers í okkar landi. En að öðru leyti er sú styrjöld, sem kynni að koma, og sú styrjöld, sem var háð, svo gerólíkar í eðli sínu, að það er svo að segja ósambærilegt. Hvort sem Bretar eða Þjóðverjar hefðu tekið þetta land í síðasta stríði, þá hefði það að vísu gert mikinn mun á örlögum margra einstaklinga í þessu landi og í þeim hörmungum, sem yfir okkar land hefðu dunið á ýmsan máta, en í hvorugu tilfellinu hefði sú hætta vofað yfir, að íslenzkri þjóð yrði gereytt og ekkert yrði eftir af henni eftir það stríð. Hættan, sem vofir yfir okkur, er sú, að í styrjöld, sem nú brytist út, yrði þjóðinni gereytt og landið óbyggjanlegt. Og það eru ekki aðeins við Íslendingar, sem þurfum að hugsa svona mál, eins fámenn þjóð og við erum, út frá slíku sjónarmiði nú. Við vitum, að Bretar, sú stóra og volduga þjóð, þeir hugsa þetta mál út frá sama sjónarmiði. Brezkir stjórnmálamenn, í hvaða flokki sem þeir eru, gera sér ljóst, að þó að Bretar hafi í 500 ár haft mikla hagsmuni af því að heyja styrjaldir úti um öll lönd veraldar og leggja undir sig lönd og þjóðir og arðræna og skapa sér riki, sem náði yfir 1/4 hluta jarðarinnar, ríki, þar sem sólin gekk aldrei undir, þá gera brezkir stjórnmálamenn sér ljóst, að það, sem út úr kjarnorkustyrjöld kæmi, það væri eyðing brezkrar þjóðar og óbyggilegt Bretland um alllangan tíma.

Við skulum þess vegna, þegar við ræðum þessi mál, reyna frá okkar litla leikmannsviti að gera okkur í hugarlund, hvaða vandamál

það er, sem við eigum við að stríða. Það er ekki vandamálið um, hvort við höfum samúð með vesturveldum eða samúð með austurveldum, hvort við stöndum með kapítalisma eða hvort við stöndum með sósíalisma, eða einhverjir aðrir þess háttar hlutir. Það er aðeins eitt, sem hlyti að vera spurningin fyrir þá, sem Íslandi stjórna og búa Ísland undir slíkt, og það er að athuga, hvað er hægt að gera til að bjarga okkar lífi. Ég játa það, eins og ég býst við að flestir geri hér inni, að þeir hafa því miður litla hugmynd um, hvað kjarnorkustyrjöld hefði í för með sér. Það eru ákaflega mótsagnakenndar þær kenningar, sem maður heyrir í veröldinni um það. Ég hef talað við vísindamenn, sem vilja meira að segja ekki útiloka, að kjarnorkustyrjöld, sem háð væri með öllum þeim kjarnorkuvopnum, sem nú eru til og kynnu að verða til á næstu árum, gæti leitt til þess, að hnötturinn spryngi í loft upp eða þeyttist í sundur, og benda jafnvel til þess, að ekki langt frá okkur í sólkerfinu séu auð svæði af undarlegum þokum, sem gætu stafað af því, að einhvern tíma hefðu svipaðir hnettir okkar, sem þar væru, sprungið. Ég þori náttúrlega ekkert um svona hluti að segja. Ég man eftir því líka, að ég heyrði það einu sinni eða sá það einu sinni í bók, að menn hefðu einu sinni verið að hugsa um að gera tilraunir með kjarnorkusprengjur á Suðurheimskautinu. Vísindamenn hefðu ráðið frá því, vegna þess að þar mundi vera allmikið af úraníum í jörðu, þannig að það væri ekki hægt að segja, hvaða keðjuverkanir kynnu að verða við það, að úraníumsprengjur lentu á miklum úraníumnámum í jörðu. Aðrir vísindamenn segja, að það mundu ekki vera nema takmarkaðir möguleikar á eyðileggingunni, sem af slíku stafaði. Það mundi jafnvel vera meiri eyðilegging, ef kjarnorkusprengjur lentu í kjarnorkubirgðum, og erfitt að sjá fyrir, hvað af því mundi hljótast. Við höfum líka séð, að ýmsir vísindamenn vilja tengja saman meira að segja þessar kjarnorkusprengjutilraunir, sem nú eru gerðar, við jarðskjálfta og annað slíkt, sem fram hafa komið nokkru síðar. Um þetta er maður náttúrlega engan veginn dómbær, og þótt ekki væri svo ægilegt, að hnötturinn væri sprengdur hér undir okkur, þá væri hitt nógu slæmt, ef mannkyninu sjálfu væri þannig eytt, þeir, sem ekki væru drepnir, yrðu meira eða minna veikir og afkomendur þeirra vanskapaðir, þannig að mannkynið í því ástandi, sem það hefur verið síðustu árþúsundirnar eða síðustu hundrað þúsund árin, er ekki lengur til sem slíkt og sú dýrategund gæti ekki skapazt aftur á jörðinni, fyrr en afleiðingarnar af slíkum geislum og áhrifin á erfðaeiginleikana væru búin að vera.

Ég nefni þetta nú aðeins til þess, að menn geri sér betri grein fyrir því, ef það hafa ekki allir gert sér grein fyrir því, að þegar við erum að ræða um kjarnorkustyrjöld, þá erum við nútímamenn raunverulega alveg eins og börn, sem eru að leika sér með eldspýtur inni í púðurgeymslu, og við höfum ekki hugmynd um afleiðingarnar af þessu. Vísindamennirnir vara við. Sumir þeirra, sem vara við, eru hins vegar ákærðir fyrir, að það sé verið með viðvörunum að draga úr varnarmöguleikunum, hernaðaraðstöðu þeirra lands máske og annað slíkt. En hitt er gefið, að hvernig svo sem er, þá stöndum við frammi fyrir slíkum hættum í þessu sambandi, að afleiðingarnar geta verið svo ægilegar, að við erum ekki færir um að dæma um þær. Og yrði slík styrjöld háð, þá er það ekki spursmálið að mínu áliti, hvor í henni sigrar. Það kemur enginn sigurvegari úr þeirri styrjöld. Það er mannkynið sjálft, sem tapar. Þar sem eru þó til þjóðir eins og við Íslendingar erum eða höfum verið, sem höfum ekki sjálfir innbyrðis borizt á banaspjót, þá væri þó nær, að slíkar þjóðir reyndu að stuðla að því, að sú ægilega tortryggni, sem einkennir forustumenn þeirra þjóða, sem nú eru kjarnorkuvæddar, reyndu að stuðla að því, að sú tortryggni leiddi ekki til þess, að þeir færu í styrjöld hvorir við aðra, þar sem við getum ekkert annað en tapað, við Íslendingar og við mennirnir yfirleitt.

Segjum nú, að það væri of mikil bölsýni að ganga út frá því, að einhverjir svona hlutir, eins og eyðing mannkynsins eða eyðilegging, hlytust af kjarnorkustyrjöld. Segjum, að hættan væri aðeins takmörkuð. Segjum, að hættan væri einungis sú, að hviti kynstofninn, eins og hann hefur verið kallaður, Bandaríkjamenn og Sovétríkin, færi í styrjöld sín á milli og það yrði ekki annað eyðilagt en Evrópa og N.-Ameríka og það fólk, sem þar væri. Frá mínu sjónarmiði sem sósíalista mundi það þýða, að eftir að auðmannastétt Evrópu á síðustu öldum hafði lagt undir sig heiminn, skipt honum upp í nýlendur, arðrænt hann og kúgað, og sér það nú, að hún heldur ekki lengur þessum völdum í heiminum, þá kysi þessi auðmannastétt heldur að fara í kjarnorkustyrjöld og draga allan hvíta kynstofninn í gröfina með sér, heldur en að láta friðsamlega skera úr því, hvaða þjóðfélagsskipulag skuli verða ofan á í heiminum. Segjum, að hættan væri nú einungis sú, að þessar tvær þjóðir, að þessi tvö stórveldi færu í styrjöld sín á milli. Hver er spurningin, sem þá liggur fyrir okkur hér heima? Er þá spurningin, sem liggur fyrir okkur, sú, hvor sigrar í þessari styrjöld? Eigum við að leggja þjóðina á vogarskál í því, ef hún gæti orðið pínulitið peð, og fórna henni þar með, ef það gæti seinkað nokkur augnablik einhverjum sprengjum, sem annars lentu máske til Washington? Eða er hitt spurningin, sem liggur fyrir okkur: Hvernig getum við bjargað okkar þjóð út úr því að lenda í þessum ragnarökum?

Ef menn lenda í kjarnorkustyrjöld og kjarnorkusprengjum er kastað á þeirra svæði, þá býst ég við, að það sé niðurstaða sérfræðinga, að í bezta falli væri það ekki nema 20% af þjóðinni, sem færist, með albeztu almannavörnum og öðru slíku, en það gæti farið upp í 90%,

ef illa tekst til. En jafnvel enn hörmulegra en það, sem ferst í stríðinu, er þó fyrir fjöldann af þeim, sem lifa af, til að byrja með, meira eða minna geislavirkir og sjúkir og öll fæða, öll lífsgæði meira eða minna spillt og geislavirk og baráttan um lífsgæðin, um möguleikann til þess að geta lifað, til þess að tóra áfram af því litla, sem til er, svo hörð, að sérfræðingar á þessum sviðum orða það svo, að því fleiri sem lifi af sprengjurnar, því hörmulegra verði ástandið eftir á.

Ég held, að það geti ekki verið neitt spursmál, þegar við stöndum frammi fyrir spurningunni um kjarnorkustyrjöld, að við skulum gera okkur ljóst, að hún verður því ægilegri, því seinna sem hún skellur á, ef kapphlaupið heldur áfram, eins og núna er.

Ég held, að eina spurningin, sem lögð sé fyrir okkur sem þingmenn, sé sú: Hvernig getum við reynt að forða því, að Ísland lendi í svona stríði og fólkið verði fyrir þessum hörmungum? Þess vegna verður alltaf fyrsta spursmálið í þessu: Út frá hvaða sjónarmiði eigum við að hugsa varnir fyrir almenning á Íslandi? Eigum við að hugsa það út frá því sjónarmiði að taka þátt í stríði vegna eins aðila, eins og t. d. Bandaríkja N.-Ameríku, eða eigum við að hugsa það út frá því að reyna að verja þjóðina fjörtjóni? Það, sem verður að gera alveg ljóst í þessu sambandi, er, að í stríðsþátttöku er engin vörn, og það er ægilegasta blekking að leyfa sér að halda slíku fram. Í stríðsþátttöku er engin vörn. Það þýðir aðeins að leiða hörmungarnar yfir okkur.

Þess vegna álít ég, að fyrsta spurningin í sambandi við þessi mál sé að reyna að losna undan því að lenda í stríði, það hljóti að vera fyrsta spursmálið, sem við verðum að ræða, hvar svo sem við höfum annars samúð með þeim aðilum, sem eru að berjast. Hvað getum við gert til að lenda ekki í stríði? Ég vil taka það greinilega fram, að ef hér er NATO-herstöð, þá erum við náttúrlega komnir inn í stríð, um leið og það er hafið. Herstöð hér á Íslandi er þess vegna fyrsta hættan. Það fyrsta, sem verður að gera til almannavarna á Íslandi, er að fjarlægja herstöðina.

Þá er komið að því spursmáli, þótt við yrðum nú sammála um það eftir að hafa rætt þessi mál, án þess að ræða þau bara með svo að segja pólitískt fylgi, hvernig stefnir í heiminum, fyrir augum, — ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu, þá veit ég, að spurningin, sem þeir, sem eru fylgjandi Atlantshafsbandalaginu, mundu leggja fyrir, yrði þessi: En verður þá ekki Ísland tekið undireins og við lendum í styrjöld? Ég vil segja mína skoðun á því efni. Ég vil taka það fram, að það er mín persónulega skoðun. Ég hef ekki borið hana undir minn flokk. Ég lýsti því hér áðan, að ég áliti, og ég held, að það sé álit ákaflega margra sérfræðinga í þessum efnum, að ægilegustu hörmungarnar, sem yfir dynja í komandi styrjöld, dynji yfir á fyrstu mínútum, fyrstu klukkustundum, fyrstu dögum hennar, á meðan báðir aðilar reyna að skjóta sínum eldflaugum á þær stöðvar, sem þeir álíta hættulegastar og þýðingarmest að eyðileggja. Ef maður er a. m. k. ekki í stríðinu í byrjun, þannig að hér sé engin herstöð, hér sé ekkert að eyðileggja þannig, þá er ekki að mínu áliti hætta á, að við verðum fyrir þessum skelli, þessum ægilega skelli, sem hlyti að verða voðalegasti skellurinn, sem þeir fá, sem í styrjöldinni eru eða í hana dragast. Þá veit ég, að þeir, sem fylgja Atlantshafsbandalaginu, munu svara: Já, en þetta þýðir þá, að Rússar taki Ísland. — Er það sérstaklega líklegt, að Sovétríkin, ef þau ættu í svona styrjöld við Bandaríkin, mundu alveg sérstaklega fara að leggja upp úr því að taka Ísland? Ef einhverjir tækju Ísland, er þá ekki nokkurn veginn alveg gefið, að þeir aðilar, sem hafa á sínu valdi Noreg, Finnland, og svo Bandaríkin og Grænland, þeir standa bezt að vígi með að taka Ísland undireins, ef þeir kæra sig um það. Ég held þess vegna, að það sé alveg spursmálslaust, það lítið sem ég hef lesið af því, sem menn eru að bollaleggja um herhreyfingar í kjarnorkustyrjöld, þá sýnist mér það fyrst og fremst vera Vestur-Þýzkaland eða Vestur-Evrópa, sem gengið yrði út frá að marsérað yrði inn yfir. A. m. k. var það í þeirri hernaðaráætlun, sem vestur-þýzki herinn byggði á í sínum síðustu heræfingum og eitt frægt vestur-þýzkt blað, Der Spiegel, var nýlega að segja frá, þannig að ég held, að það sé alveg fráleitt af mönnum að vera að setja það fyrir sig, að slíkt svokallað varnarleysi Íslands yrði Sovéthernum að sérstöku gagni þannig. Tvímælalaust standa Bandaríkja- og bandamannaherirnir betur að vígi til að taka Ísland. Hins vegar er gefið, að við Íslendingar, ef við værum komnir að þeirri niðurstöðu, að við vildum reyna að forða okkur út úr stríðinu, þá höfum við náttúrlega hagsmuni af því að reyna að skapa sem minnstan áhuga fyrir Íslandi hjá hernaðaraðilum. Það þýðir, að það, sem nothæft væri á Íslandi, sérstaklega í fyrstu atrennu, það þyrfti að mínu áliti að eyðileggja. Ég álít, og ég hef sagt það oftar, þó að ég hafi hvergi fengið neinar undirtektir undir það, — ég álít, að það ætti að vera búið að setja sprengjur á Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, og um leið og við vissum, að stríð væri að hefjast, þá gereyðilegðum við alla þessa velli. Og ef við reyndum að afla okkur vitneskju um þessa hluti, ef við hefðum hugmynd um aðra hluti hér á Íslandi, sem væru sérstaklega mikilvægir fyrir hernaðaraðilana, þá á að reyna, eins og við getum, að eyðileggja það, til þess að það séu sem allra minnstar líkur, að hernaðaraðilarnir gætu haft eitthvert verulegt gagn af því að taka Ísland í skyndi á sitt vald.

Ég er ekki viss um, að það væru margar aðrar ráðstafanir, sem hægt væri að gera í þessum efnum, en að mínu áliti ættu þær allar að miðast við að reyna að sjá um, að eitthvað af fólki yrði hér lifandi, hvernig sem færi.

Ef við hefðum gert það, sem við getum, til þess á þennan hátt að forða Íslandi út úr

því að verða fyrir barðinu á hernaðaraðilunum í fyrstu átökunum, sökum þess að þeir hefðu enga hagsmuni af því, þá kæmi að því næsta hjá okkur, sem væri spurningin um að reyna þó, ef svo færi, að Ísland samt yrði tekið og samt yrði reynt að fara að búa til velli hér í staðinn fyrir þá, sem við hefðum eyðilagt, og annað slíkt og fara að reyna að nota okkar land, t. d. nota Hvalfjörð og annað slíkt, þá væri spursmálið, hvað við gætum gert. Ég álít, að hvað snertir fólkið, sem hér býr í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, sem er yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga og yrði mest útsettur fyrir hætturnar, þá ættum við fyrst af öllu að undirbúa brottflutning þessa fólks, og sæjum við það t. d., að einhverjir aðilar kæmu hér og tækju þennan part af þessu landi, þá þurfum við að reyna að flytja helzt allt þetta fólk í burtu. Við skulum gera okkur ljóst, að það er um líf alls þessa fólks að tefla. Ég álít það sjálfsblekkingu, ef við hefðum dregizt inn í stríð, að það lifi nokkuð verulegt af fólki, sem hér væri í Reykjavík eða Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ég held, að við eigum ekki að reikna með því. Ég tók eftir því, að í því, sem Holtermann hershöfðingi sagði og hv. 4. landsk. lagði sérstaka áherzlu á, talaði hann sérstaklega um, að það þyrfti að undirbúa brottflutning fólks úr Reykjavík á ófriðartímum. Og hann segir: Hve mikinn hluta íbúanna ætti að flytja þannig á brott, er undir því komið, hve mörgum er hægt að útvega samastað á þeim svæðum, sem ætlað er að taka við fólkinu. — Og sannleikurinn er, að ég býst við því, að hver sérfræðingur í þessum málum segi við okkur: Þið eigið að flytja allt fólkið í burtu. — Spurningin stendur ekki, ef við drögumst inn í svona stríð, um að viðhalda einhverjum atvinnurekstri. Ég tala ekki um, að einhver eigi að verða eftir til þess að hjúkra öðrum eða eitthvað þess háttar. Það er bara ein spurning, sem er orðin til, eftir að við erum komnir inn í svona stríð, og það er einhvern veginn að lifa, einhvern veginn að tóra, hvað frumstætt sem það er. Vafalaust mundi okkur þykja það hafa verið gósentími, sem hér var lifað á Skaftáreldatímanum, móts við það, sem við ættum eftir að reyna, þeir sem kynnu að lifa af, ef landið dregst út í kjarnorkustyrjöld.

Ég vil segja það, að ef við gætum gengið út frá tvennu sem vissu í dag, í fyrsta lagi, að það yrði kjarnorkustyrjöld, í öðru lagi, að herstöðvarnar yrðu á Íslandi, þá eiga íslenzk stjórnarvöld að byrja strax í dag að skipuleggja alla byggð á Íslandi burt frá Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, bókstaflega að byrja að byggja landið og miða atvinnutækin við það, að hér verði öllu gereytt, að hér verði ekki byggilegt, en það sé þó einhver von frekar á hinum stöðunum. Nú er ég ekki bjartsýnn á möguleikana í sambandi við almannavarnir og kjarnorkustyrjöld. Ég veit ósköp vel, að við Íslendingar erum yfirleitt litlir skipuleggjendur. Við skulum líta til þeirrar þjóðar, sem er einhver bezti skipuleggjandi í Evrópu, Þjóðverja, og við skulum sjá niðurstöðurnar af þeirra heræfingum í haust. Þjóð, sem er framúrskarandi í því að skipuleggja, og þjóð, sem er uppalin í því að vera einhver mesta hernaðarþjóð í Evrópu, hver er niðurstaðan af hennar eigin heræfingum í þessum efnum. Hún er, að þar fari allt á ringulreið, m. a. um hjálp hvað snertir sjúkralið og annað slíkt.

Það, sem við skulum reyna að athuga í þessu sambandi, er, hvernig sé hægt að koma einhverju fólki burt og hvernig sé hægt að útvega því eitthvað til að borða. Það verður spursmálið, ef Íslendingar koma inn í kjarnorkustyrjöld. Í síðustu styrjöld gátu menn rekið nokkra normala atvinnuvegi og annað slíkt, það var hægt að halda áfram. Sama fólkið, sem vann í verksmiðjunum á daginn, það var við að slökkva eldinn í þessum verksmiðjum á nóttunni og byrjaði að vinna þar áfram daginn eftir. Það er þess vegna fyrst og fremst viss aðstaða, sem þyrfti að skapa sérstaklega alls staðar úti um land gagnvart hættunni af geislavirkni og geislaryki, og aðstaða til þess að geta fætt þar allmikið af fólki, og hins vegar aðstaða til þess að geta flutt það fólk burt héðan. Og ég vil minna á, að hér í Reykjavík og á Reykjanesskaganum, — ætli að það séu ekki upp undir 20 þús. bílar hér, það væri jafnvel hægt að flytja bara með einni bílferð hvers bíls, ef það væri skipulagt fullkomlega, svo að segja allt fólkið héðan burt í einu.

Hins vegar tek ég greinilega eftir því í áliti Holtermanns, að hugsunin, sem þarna er, hún er fyrst og fremst sú, þó að hann tali um, að það væri gott að geta flutt fólk burt úr Reykjavík og annað slíkt, þá verður fyrst og fremst að hugsa út frá því sjónarmiði að geta haldið áfram að berjast. Það er talað um, að almannavarnastjórinn verði vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld bandamanna. Og það er greinilegt, að þessar hugmyndir, sem hérna er byggt á, frá þessum sérfræðingum, sem standa líka í þjónustu Atlantshafsbandalagsins, held ég, eða ríkja, sem í því eru, — þessar hugmyndir eru allar hugsaðar út frá því, að það verður að reyna að gera það tryggt, að eitthvað af fólki geti lifað af á Íslandi, t. d. ríkisstjórnin og einhverjir góðir þingmenn og almannavarnastjórinn, og þeir geti haft samband við heryfirvöld bandamanna. Það væri auðvitað gott, ef eitthvað af blessuðu fólkinu gæti lifað líka, meina þeir. Við erum þegar búin að fá að sjá bara í sambandi við heræfingarnar þýzku núna, hvernig þeir hlutir munu vera. Og allt, sem þessir sérfræðingar segja, sannar fyrst og fremst eitt, að hættan stafar af herstöðvunum.

Það, sem ég álít að við hefðum þurft fyrst og fremst að gera okkur grein fyrir í sambandi við, hvað við gætum gert til þess að reyna að tryggja, að eitthvað af Íslendingum lifði af, það er að fá sérfræðinga í þessum efnum til þess að segja okkur alveg satt og

rétt um, hvað þeir álíta að hér yrði, ef hér væru engar herstöðvar, og hvernig við höguðum okkar svokölluðu almannavörnum bezt, ef við ættum að reyna að forðast afleiðingar styrjaldar, án þess að herstöðvar væru á Íslandi sjálfu og án þess að við drægjumst a. m. k. inn í fyrstu daga þessarar styrjaldar. Þetta held ég, að hefði verið æskilegt að láta rannsaka vel í þessu sambandi. Hervarnir svokallaðar og almannavarnir á Íslandi eru algerar andstæður. Það, sem við eigum að reyna að hugsa um, er að reyna að skapa að einhverju leyti almannavarnir fyrir Íslendinga, þannig að þeir gætu máske lifað næstu styrjöld af, en ekki að hugsa um að skapa hér hervarnir fyrir Bandaríkin og fórna Íslendingum fyrir það. Þetta tvennt: að hugsa um líf íslenzku þjóðarinnar og hvernig henni reiði bezt af í komandi styrjöld, það fær ekki samrýmzt því að ætla að nota Ísland sem ofur lítinn skjöld fyrir ameríska auðvaldið, ef til styrjaldar skyldi koma, og fórna Íslendingum fyrir það.

Valtýr Guðjónsson: Herra forseti. Ég hef tekið þátt í athugun í heilbr.- og félmn. á frv. því um almannavarnir, sem hér er til umræðu. Nefndin samþykkti á fundum sínum brtt. við frv., 17. og 25. gr., og var önnur breytingin um það að tryggja, að einstaklingar fengju mat á útgjöldum, sem þeir gætu orðið fyrir, eftir fyrirskipan ráðh., en ríkissjóður á að endurgreiða að hluta síðar. Hin breytingin var um, að ríkissjóður, en ekki bæjar- eða sveitarfélög, greiddi kostnað af öryggisráðstöfunum, sem bæjar- eða sveitarfélag á síðan að endurgreiða að vissu marki.

Ég skrifaði undir nál. meiri hl. með þeim fyrirvara, að ég áskildi mér rétt til að fylgja brtt. við frv., sem fram kynnu að koma við 2. eða 3. umr., eða að flytja við það brtt. Út frá því leyfi ég mér, með leyfi forseta, að bera fram við þessa umr. tvær brtt.:

1 fyrsta lagi: „2. mgr. 7. gr. orðist svo: Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja þar, sem ríkisstjórn ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.“

Þar sem hér getur orðið um allverulegan útgjaldaauka að ræða fyrir bæjarfélögin, þá tel ég sjálfsagt, að samþykki þessara aðila, sveitarfélaganna, komi til, enda samrýmist þessi breyting þeim vilja, sem mér virtist koma fram í nefndinni um, að sveitarfélögum væri ekki gert erfiðara fyrir en nauðsynlegt er um kostnað af ráðstöfunum í sambandi við varnir.

Í öðru lagi vildi ég flytja brtt. við 8. gr. Ég skal taka það fram, að sú brtt. var líka til umr. í nefndinni. Brtt. við 8. gr. er, að fyrri málsliður síðari málsgreinar orðist svo:

„Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn er heimilt að skipa nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra.“

Ég tel þetta eðlilegra lagafyrirmæli, einkum vegna þess, að í öðrum bæjum og annars staðar á landinu verða skv. frv. engar skyldur um, að sérstakur framkvæmdastjóri sé ráðinn, jafnvel þó að þar kynni að vera eins nauðsyn á því.

Í meginatriðum er ég hins vegar samþykkur frv. og tel rétt, að það verði samþykkt. Ég lít svo á, að ástand og horfur um samkomulag þjóða í milli sé ekki þannig, að það örvi til þess, að Íslendingar — kannske einir flestra þjóða — láti hjá líða að skipuleggja eftir föngum hjálpar- og hjúkrunarstarfsemi í landinu, en að því á frv. að stefna, og skal ég ekki fjölyrða um það. Fyrirkomulagi og framkvæmdum á því, sem frv. ráðgerir að gert verði, má vel vera að hægt væri að haga á einhvern annan hátt en þann, sem segir í frv., og er það að sjálfsögðu til athugunar fyrir þingmenn, áður en frv. verður endanlega afgreitt sem lög.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 103) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. n., meiri hl. hennar, fyrir greiða afgreiðslu þessa mikla máls og góðar undirtektir.

Um brtt. meiri hl. n. get ég verið fáorður. Ég tel breytinguna á þskj. 63 í fyrra lið vera til bóta. Um breytinguna við 25. gr. er ég ekki jafnsannfærður, að hún sé til bóta. Það mundi að nokkru fara eftir því fyrirkomulagi, sem yrði á framkvæmdum. Viðbúið er, ef því yrði þannig háttað og þeir, sem ynnu í þágu almannavarna, þyrftu að senda reikninga sína til einnar ríkisstofnunar hér í Reykjavík, þá yrði það ekki handhægt og mundi geta bakað ýmsum einstaklingum óþægindi, og þess vegna kynni frá því sjónarmiði að vera hentugra, að greiðslurnar yrðu fyrst heimtar úr sveitarsjóðum, sem síðan ættu endurheimturétt á ríkissjóðinn. Hugsanlegt er að hafa þann hátt á, að þessir reikningar væru greiddir af umboðsmönnum ríkisins, sýslumönnum, bæjarfógetum og lögreglustjórum úti um land, svo að af þessum sökum þyrftu ekki að skapast verulegir annmarkar fyrir einstaklinga, og kæmi þetta þá nokkurn veginn í einn stað niður fyrir þá. Ég tel, að þessi brtt. geti ekki skipt neinu meginmáli, og úr því að hv. n. kýs heldur að hafa þann hátt á, eins og lagt er til í brtt., þá geri ég enga frekari athugasemd þar við, en bendi einungis á þessa mótbáru, sem ég hef nú hreyft.

Varðandi brtt. þær hinar skriflegu, sem nú er verið að lýsa frá þeim hv. nm., sem skrifað hafði undir nál. með fyrirvara, þá lízt mér þannig á, að brtt. við 7. gr. sé til hins lakara. Eins og 2. málsgr. 7. gr. hljóðar nú, þá er hún á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja, þar sem ríkisstj. ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd.“ Hv. tillögumaður vill, að sveitarstjórn eða sýslunefnd þurfi að gjalda sitt samþykki berum orðum til almannavarna. Í flestum tilfellum mundi þetta koma í einn stað niður. En við höfum heyrt

af umr., sérstaklega í gær, að til eru þeir menn í landinu, sem enga trú hafa á almannavörnum, reyna að gera þær að hégómaefni, og þó að slíkir menn séu væntanlega fáir, er ekki óhugsandi, að þeir væru í meiri hluta í einhverri sveitarstjórn og gætu þannig skapað sínum umbjóðendum mikið tjón með sinni skammsýni og einnig orðið til þess, að samfellt varnarkerfi gæti síður komizt á en ella. Frá þessu sjónarmiði virðist það vera óhjákvæmilegt, að ríkisstj. hafi í þessu úrslitavaldið, þó að sjálfsögðu í samráði við sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, svo að ég leyfi mér að mæla á móti þessari brtt. Hafi ég hins vegar skilið brtt. við 8. gr. rétt um það, að borgarstjórn í Reykjavík einungis heimilaðist að skipa sérstakan framkvæmdastjóra, í stað þess að sú skylda væri lögð henni á herðar, þá hef ég ekkert á móti því, að sú breyting sé gerð, ef einhverjir telja hana til bóta. Sjálfur tel ég, að hún skipti ekki miklu máli. Ég efast ekki um, að borgarstjórn Reykjavíkur mun í þessum efnum gera það, sem hún telur sjálfri sér og borgarfélaginu nauðsynlegt, og hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að vafalaust verður þörf á sérstökum framkvæmdastjóra, en víst er enginn skaði skeður, þó að ákvörðunarvaldið um þetta sé í höndum borgarstjórnarinnar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að gera neinar athugasemdir við það, sem fram hefur komið af hálfu meiri hl. hv. n., sem hefur tekið málinu af fullum skilningi um alvöru þess og þýðingu.

Um þær ræður, sem haldnar hafa verið af hálfu hv. Alþb.-manna, má raunar segja, að þær hafi lítið sameiginlegt. Ræða sú, sem flutt var hér í gær af hv. 4. landsk. þm. (HV), var eins konar upplestur skjala, að svo miklu leyti sem ekki var um hreint gamanmál og útúrsnúninga að ræða, þar sem aftur á móti verður að játa, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) talaði um málið af fullri alvöru og reyndi frá sínu sjónarmiði að kryfja það til mergjar. Og er ég raunar hissa á því eftir hans ræðu, að hann skyldi ekki lýsa hiklausum stuðningi við þetta frv., vegna þess að hann viðurkenndi, að svo mikil hætta væri yfirvofandi, og þó væri ýmsar ráðstafanir hægt að gera til þess að draga úr hættunni, að skv. öllum hans rökum ætti hann að vera einn ákafasti málsvari þess, að ræki lega r varúðarráðstafanir væru gerðar. Það er svo annað mál, að ýmsar hans forsendur og afleiðingar hans röksemda að öðru leyti eru mjög fjarri því, sem ég hygg vera rétt. En hann viðurkenndi sem sagt, að mikil hætta væri á ferðum, og jafnvel kynni að vera mikil hætta á ferðum hér, ef til styrjaldar kæmi, þó að landið væri óvarið.

Um ræðu hv. 4. landsk. þm. er það að segja, að ekki er hægt að eltast við einstök atriði hennar, svo sundurlaus sem hún var og ósamkvæm sjálfri sér. Annars vegar ásakaði hann ríkisstj. fyrir að hafa ekkert gert í þessum efnum, hafa tekið á því með léttúð, en hins vegar býsnast hann yfir því, að ráðizt hefði verið í það skv. heimild í þál. að skipa sérstakan forstjóra eða framkvæmdastjóra til þess að annast þau verk, sem síðasta Alþingi ákvað — ekki einungis hv. Nd. með rökstuddri dagskrá, heldur allt Alþingi með fjárveitingu á fjárlögum, að unnið skyldi. Það var því beinlínis skv. fyrirmælum þingsins, sem gefin voru í fjárlögum og síðan staðfest af þessari hv. deild, og í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ég gaf við meðferð málsins hér, að sérstakur starfsmaður var ráðinn. Hv. þm. fann að því, að þessi starfsmaður hefði lítið um sig og hefði jafnvel ekki neinn sérstakan síma, að því er mér skildist. Margt er nú aðfinningarefnið, að það skuli vera ráðizt á ríkisstj. fyrir að hafa ekki sett upp heilt embættisbákn í þessum efnum, en einmitt þessi framkvæmdastjóri, sem ráðinn hefur verið, hefur gert ýtarlega grein fyrir því, að upphaf allra aðgerða er ýtarleg athugun og rannsókn á þeim hættum, sem fyrir hendi eru, og síðan athugun og skipulagning á þeim viðbrögðum, sem að athuguðu máli teljast nauðsynleg gegn þessum hættum. Það er fyrst, þegar þessari athugun er lokið, sem hægt er og skynsamlegt að taka ákvörðun um, hversu umfangsmikil þessi starfsemi eigi að vera. En hv. 4. landsk. fann annars vegar að því, að hér væri of smátt af stað farið, en hins vegar, að þetta mundi kosta tugi eða hundruð millj. kr., áður en yfir lyki.

Það kemur auðvitað á síðari stigum málsins til þingsins kasta, þegar nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum er lengra á veg komið, að veita fjárveitingar til þeirra aðgerða, sem skynsamlegar verða taldar, og skal ég ekki fara að ræða það ýtarlega á þessu stigi málsins. En hv. 3. þm. Reykv. gerði einmitt mjög ljósa grein fyrir því út frá sínu sjónarmiði, að allumfangsmiklar ráðstafanir væru skynsamlegar, hvort sem landið væri varið eða óvarið. Og hann taldi, að slíkar ráðstafanir gætu skorið úr um það, hvort íslenzka þjóðin að verulegu leyti héldi lífi eða ekki. Ef um svo mikið er að tefla, eins og hv. 3. þm. Reykv. hér lýsti, þá eru þær tölur, sem Alþb.-bróðir hans, hv. 4. landsk. þm., talaði um, sízt svo gífurlegar, að þær þurfi að hræða menn frá áframhaldandi athugun þessa máls. Úr því verður ekki heldur dregið með því að taka upp einstakar tilvitnanir úr ummælum hinna erlendu sérfræðinga, sem gefið hafa álitsgerðir, og reyna að gera þau ummæli brosleg, þegar búið er að slíta þau úr samhengi og túlka þau á þann velviljaða hátt, sem þessi hv. þm. gerði. Hér er, eins og hv. 3. þm. Reykv. lagði áherzlu á, um allt of mikið alvörumál að ræða, til þess að slík vinnubrögð eða talsmáti sé viðeigandi eða mörgum orðum sé að honum eyðandi.

En ég vil sérstaklega fara nokkrum orðum um þá rökstuddu dagskrá, sem hv. 4. landsk. þm. leggur til að málið sé afgreitt með. Hann segir þar, hv. þm., í seinni mgr. till. sinnar, — með leyfi hæstv. forseta, hygg ég, að það sé rétt að lesa upp alla hina rökstuddu dagskrá. Hún hljóðar svo:

„Þar sem augljóst er, að bráðasta hættan, sem yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni vofir, ef til kjarnorkustyrjaldar drægi, er bein afleiðing af staðsetningu þýðingarmikillar herstöðvar og veru erlends herliðs í landinu, en hins vegar allsendis óvíst, hvort nokkrar varnir geti að gagni komið í atómstyrjöld, verður ekki annað séð en sá kostur sé einn fyrir hendi að krefjast þess þegar, að orsök tortímingarhættunnar verði fjarlægð með niðurlagningu herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og herinn tafarlaust fluttur úr landi.

Í trausti þess, að svo verði gert samkv. skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn er í fullu gildi, og enn fremur með tilliti til þess, að í lögum eru fullnægjandi heimildir til allra tiltækra varnaðaraðgerða á styrjaldartímum, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þannig hljóðar þessi merkilega till. Ég vil geta þess, að hv. þm. fór með algerlega rangt mál í gær, sem ég er hissa, að jafnvel hann skuli leyfa sér, þegar hann lýsti því yfir, að Ágúst Valfells, framkvstj. almannavarnanna, hefði lýst því yfir, að það væri dvöl herliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem drægi þessa hættu yfir landið, sem þarna er um að ræða. Hv. þm. fullyrti, að framkvstj. hefði lýst þessari skoðun, og sagði, að hið sama hefðu gert hinn norski hershöfðingi og danski yfirlæknir, sem álitsgerðirnar sömdu, sem prentaðar voru með þessu frv. í fyrra. Þetta fær ekki með neinu móti staðizt, og hv. þm. hefur sjálfur varðandi Ágúst Valfells prentað skýrslu frá honum, sem hnekkir þessari furðulegu yfirlýsingu þm. Á síðu 9 í nál. á þskj. 85 prentar hv. 4. landsk. þm. svör Ágústs Valfells, þ. á m. 3. lið þeirra, þar sem orðrétt segir:

„Hættusvæðin eru fyrst og fremst högg- og hitaáhrifasvæði sprengna af þeirri stærð, er þyrfti til að eyðileggja líkleg skotmörk. Keflavíkurflugvöllur er eitt líklegasta skotmarkið hér á landi vegna þeirrar þýðingar, sem hann sökum stærðar og legu hefur fyrir stórar flugvélar.“

Þarna er ekki gefin nein bending um það, að Ágúst Valfells telji, að dvöl varnarliðsins auki á árásarhættu á flugvöllinn, heldur einmitt þvert á móti sagt, að það er tilvist flugvallarins og möguleiki sá, sem hann skapar fyrir stórar flugvélar, sem skapar hættuna. Og það er ekki einungis þessi sérfræðingur, sem þannig hefur tekið afstöðu frá fullyrðingunni um, að það sé varnarliðið, sem skapi þessa hættu, heldur kom slíkt hið sama glögglega fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan, sem taldi, að ef Ísland væri varnarlaust, þá ættum við að láta það verða okkar fyrsta verk í styrjöld, ef hún brytist út, að sprengja upp Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll. Þessi till. hv. 3. þm. Reykv. sker svo glöggt úr um það sem kostur er á, að þessi hv. þm. gerir sér í raun og veru grein fyrir, að það er tilvera flugvallanna sjálfra, aðstaða þeirra í heiminum, sem skapar árásarhættuna á Ísland. Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. segir: Varnarliðið einungis eykur á hættuna. — Það er röksemd út af fyrir sig, og mér gefst væntanlega tími til þess að koma að henni síðar. En þessi hv. þm. viðurkennir þarna hið sama sem hinir útlendu sérfræðingar og okkar innlendi sérfræðingur hafa haldið fram, að það er tilvist mannvirkjanna á þessum hernaðarþýðingarmikla stað, sem skapar hættuna, en ekki hitt, hvort þarna eru varnir eða ekki. Og hv. 4. landsk. kom í raun og veru einnig inn á hið sama í ræðu sinni, þegar hann vitnaði í þau orð — ég hygg norska hershöfðingjans, að það kynni einnig að vera nokkur hætta á árás á Hvalfjörð. Nú veit hv. þm. það mætavel, að eins og sakir standa, er ekkert herskipalægi í Hvalfirði. En það, sem liggur fyrir með Hvalfjörð eins og með báða flugvellina, Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvöll, er, að fengin reynsla, reynslan úr síðasta stríði sannar okkur, að þetta eru hernaðarþýðingarmiklar stöðvar. Þá var Hvalfjörður gerður að herskipalægi, einu hinu þýðingarmesta, einu því, sem e. t. v. átti mestan þátt í því, að bandamenn gátu á erfiðustu árum Rússa sent þeim nægar vistir eftir norðurleiðinni, svo að Rússar þurftu ekki að gefast upp fyrir herskörum Hitlers. Báðir flugvellirnir, Reykjavíkurflugvöllur og Keflavíkurflugvöllur, eru búnir til á styrjaldarárunum af hernaðaraðilum vegna þess, að þeir töldu sér mikilsvert að hafa þar bækistöðvar í ófriðnum. Og það gefur auga leið, að sú þýðing hefur ekki minnkað við það, sem síðar hefur gerzt í heiminum, heldur margfaldlega aukizt. Það er því algerlega rangt, sannað af þeim gögnum, sem hv. 4. landsk. hefur sjálfur lagt fram og lesið hér upp, og af málflutningi hv. 3. þm. Reykv., að hættan, sem yfir vofi, sé bein afleiðing af staðsetningu þýðingarmikillar herstöðvar og veru erlends herliðs í landinu. Það liggur fyrir, að sérfræðingarnir hafa ekki haldið neinu fram, sem hægt er að styðja þetta við, og jafnvel hv. 3. þm. Reykv. hefur hér flutt fram mjög mikilvæg rök, sem afsanna þessa fullyrðingu í hinni rökstuddu dagskrá hv. 4. landsk. þm.

Svo segir hv. þm. í hinni rökst. dagskrá, að það sé allsendis óvíst, hvort nokkrar varnir geti að gagni komið í atómstyrjöld. Hv. þm. hefur einnig lagt fram gögn, sem algerlega afsanna þessa fullyrðingu hans. Hann hefur athugasemdalaust birt svör Ágústs Valfells, sem halda hinu þveröfuga fram. Með leyfi hæstv. forseta, vildi ég lesa enn upp úr 9. síðu nál. hv. 4. landsk., þar sem hann prentar upp svör Ágústs Valfells. Í 7. lið segir:

„Það hefur enga hernaðarlega þýðingu að beita 20—50 og 100 megatonna sprengjum á flugvelli. Varnir gegn slíkum sprengjum yrðu óhemjudýrar. Hins vegar mætti bjarga miklum meiri hluta fólks, er gæti verið háski búinn af þeim sprengjum, er dygðu til að eyðileggja hvaða flugvöll sem er. Því verða varnirnar að miðast við, hvað líklegt sé að þurfi að gera og hvað er fjárhagslega hægt að gera.“

Þetta er svar sérfræðingsins Ágústs Valfells,

sem hefur nú í nokkra mánuði unnið að því, að vísu ekki kannske með sérstakan síma eða umfangsmikið skrifstofulið, að kynna sér þau gögn, sem bezt eru til um, hvað hægt sé að gera í þessum efnum. Og á síðu 10 í nál. er haft eftir Ágústi Valfells, í 9. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er sama, hve vopnin eru stór, það verður alltaf hægt að bjarga einhverjum með vörnum, en því færri, sem vopnin verða stærri. Það yrði Íslendingum að sjálfsögðu fjárhagslega ofviða að ætla sér að koma á vörnum gegn slíkum vopnum, er gætu tryggt vörn gegn höggi og hita nálægt sprengjustaðnum. Hins vegar er álit forstöðumannsins, að það verði vel hægt að draga að mestu úr skaða af vopnum af þeim stærðum, er kynni að verða beitt hér á landi. Því verða varnirnar að miðast við, hvaða sprengjustærð er líkleg og hvaða vörnum verður við komið til að draga sem mest úr þeim skaða, er slík vopn gætu valdið."

Þetta segir Ágúst Valfells berum orðum. Engu að síður leyfir hv. 4. landsk. þm. sér að byggja á umsögn sérfræðingsins það, að engum vörnum — almannavörnum — verði komið við í kjarnorkustyrjöld, þó að hann hafi sjálfur lagt fram rökstuddar fullyrðingar og sannanir fyrir því gagnstæða.

Hér er svo enn fremur ástæða til þess að minnast á, að þó að fyrst og fremst sé í þessum umr. rætt um kjarnorkustyrjöld, þá er, sem betur fer vil ég segja, engan veginn víst, að allar styrjaldir, sem héðan af brjótast út í heiminum, þurfi að verða kjarnorkustyrjaldir, og allra síst, að þær verði kjarnorkustyrjaldir þegar í upphafi. Það er þvert á móti vaxandi skoðun hinna færustu herfræðinga, að ógnarvopnin séu orðin svo geigvænleg og jafnvægið á milli stórveldanna í þeim svo mikið, að það sé mjög ólíklegt, að kjarnorkustyrjöld brjótist út. Hitt sé miklu líklegra, enda fer vígbúnaður nú á seinni árum í þá átt ekki síður en varðandi kjarnorkuvígbúnað, að svokölluð gamaldags vopn séu upp tekin með það fyrir augum, að gamaldags styrjaldir geti átt sér stað. Við þurfum ekki heldur að fara langt til þess að sjá þess dæmi, að þetta er engin getgáta. Við sjáum þessa dagana innrás sálufélaga og gistivina sumra okkar góðu þm., sem hér eru staddir í þessum sal, — innrás vina þeirra inn í Indland úr kínversku yfirráðasvæði. Það stríð byrjar ekki með kjarnorkuvopnum, og vonandi verður það háð til lykta, án þess að nokkrum kjarnorkuvopnum verði beitt. Og það eru ekki rök gegn bollaleggingum í þá átt, þó að sagt sé, að hvorki Kommúnista-Kína né Indland ráði yfir kjarnorkuvopnum. Ég veit að vísu ekki, hversu náið er milli stórhöfðingjanna í Kína og stórhöfðingjanna í Kreml, en hugsazt gæti, að Kínverjar teldu sig eiga þar bakhjarl, ef á þyrfti að halda, en sá bakhjarl hefur a. m. k. ekki enn látið þá fá kjarnorkuvopn til notkunar, þannig að þeir byrjuðu með því að herja á Indverja með þeim gereyðingarvopnum.

Um Kóreustyrjöldina vitum við, að þar voru Bandaríkjamenn öflugastir af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Þeir réðu þá yfir kjarnorkuvopnum, og sumir valdamiklir menn þar vildu láta beita þeim. En Bandaríkjaforseti setti þvert nei við ósk sinna herforingja þar um.

Það er þess vegna algerlega út í bláinn og brýtur á móti þeirri reynslu, sem fengin er, að fullyrða, að allar styrjaldir héðan af þurfi að verða kjarnorkustyrjaldir, og við verðum einnig að vera við því búnir, að aðrar styrjaldir kunni að vera háðar heldur en kjarnorkustyrjaldir, því að eins og reynslan af Kommúnista-Kína nú og innrás þess í Indland berlega sannar, þá fer því fjarri, að árásarhugurinn sé horfinn úr heiminum. Hann er enn til og hann brýzt hvarvetna þar út, sem árásarmennirnir hyggja að varnirnar á móti þeim séu of veikar. Og það er engin tilviljun, heldur rökrétt afleiðing, að kommúnistar í Kína skuli nú ráðast gegn Indlandi, — Indlandi, sem hefur haft forustu meðal hinna svokölluðu hlutlausu þjóða og stært sig af því að vera hlutlaust og ekki þátttakandi í deilum lýðræðisþjóðanna í vesturálfu heims og einræðisaflanna austan járntjalds. Það er vegna þess, að Kommúnista-Kínverjar hugðu, að þarna yrðu litlar varnir fyrir, sem árásin er gerð. Og það er einnig lærdómsríkt, að þessi árás er gerð skömmu eftir að Indverjar höfðu beinlínis neitað því að taka við eða kaupa vopn af Bretum og Bandaríkjamönnum, en kusu heldur að taka upp slík viðskipti við Rússa. Afhendingarnar á hinum rússnesku vopnum hafa af einhverjum ástæðum dregizt, og valdamennirnir í Kreml láta sér nú lítt títt um að senda hin lofuðu vopn til varnar Indverjum, en Indverjar verða, eftir að búið er að hrifsa af þeim land og vaða yfir það af herskörum Kommúnista-Kína, að ganga þá Canossa-göngu að biðja stjórnirnar í London og Washington um að senda sér nú í skyndi þau vopn, sem þeir fyrir nokkrum mánuðum höfðu neitað.

Þá kemur að þeirri furðulegu fullyrðingu, að sá kostur sé einn fyrir hendi að krefjast þess þegar, að orsök tortímingarhættunnar verði fjarlægð með niðurlagningu herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og herinn tafarlaust fluttur úr landi. Dæmið með Indland sannar, hversu hlutleysið er haldgott og að hvaða gagni það kemur gegn árásaröflunum. En við Íslendingar þurfum ekki að fara út fyrir okkar eigin landssteina til þess að kynnast þeim atburðum, sem alveg skera úr um haldleysi hlutleysis og varnarleysis. Og það er hv. 3. þm. Reykv. til lofs, að hann var á undan flestum öðrum Íslendingum að sjá, að hlutleysi og varnarleysi væri nú á dögum gersamlega þýðingarlaust og verra en það, heldur byði hættunni heim. Hv. 3. þm. Reykv. skrifaði um það margar skeleggar greinar fyrir 1939, að Ísland þyrfti að leita stuðnings gegn væntanlegri árás frá Nazista-Þýzkalandi og afsala sér hlutleysinu, vegna þess að það væri orðið hald-

laust. Hv. þm. hristir höfuðið, en ég veit, að ef hann fer að glugga í sín gömlu blöð í kvöld, þá sér hann mörg orðin, sem hann um það skrifaði á þessum árum. Ef hann finnur það ekki sjálfur, væri kannske við síðara tækifæri hægt að hressa dálítið upp á minni hans í því, þótt ég láti það vera í bili.

En ef hv. þm. vill neita framsýni sinni í þessu, sem ég trúi honum nú raunar ekki til, þá getur hann ekki neitað hinu, að inn í Ísland var ráðizt í maí 1940, og þó að hann sjálfur yrði illilega fyrir þeirri árás og væri þá nauðugur fluttur úr landi, þá hygg ég, að hann sé okkur hinum sammála um, að það var mikil gæfa, að það voru þó Bretar, sem urðu fyrri til að ráðast inn í Ísland, á undan nazistum. Það er hernaðarþýðing landsins, sem skapar hættuna, og sú hernaðarþýðing breytist ekki við það, þó að varnir væru teknar burt úr landinu. Brottför varnanna skapar einungis enn þá meiri líkur til þess, að um landið verði barizt og hér verði verulegt tjón, e. t. v. með öllu óbætanlegt.

En ég á þó eftir að minnast á það, sem er merkilegast í þessari rökst. dagskrá, og það er niðurlagið, þar sem sagt er, að nú eigi að fara eftir skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn sé í fullu gildi. Ég man vel eftir þessari samþykkt. En þótt ég viti, að hv. 4. landsk. þm. sé voldugur maður og mikils háttar, hygg ég, að hann sé nú ekki svo, að hann geti vakið upp frá dauðum til lífsins þá, sem dauðir eru, ekki einu sinni tillögur, sem fyrir löngu eru úr gildi fallnar. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa upp meginhluta þál. frá 28. marz 1956. Hún hljóðar svo:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins."

Þannig hljóðar aðalatriði samþykktarinnar frá 28. marz 1956. Þar er sem sagt lögð áherzla á hin breyttu viðhorf, sem orðið hafi síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður. Allir þeir, sem þessum málum eru kunnugir, vita, að breytt viðhorf voru af hálfu stuðningsmanna þessarar till. sögð vera þau, að það væri ólíkt friðvænlegra í heiminum fyrri hluta árs 1956 en var 1951. Það voru hin breyttu viðhorf, sem þarna var vitnað til. Við, sem vorum samþykktinni andvígir, töldum hins vegar ekki rétt, að viðhorfin væru breytt að þessu leyti. Við töldum, að ófriðarhættan væri því miður hin sama. Stuðningsmenn till. vitnuðu þá einkum til Genfarfundarins svokallaða, sem æðstu menn höfðu haldið nokkrum mánuðum áður, og að kalda stríðinu hefði þá verið eytt. Um skoðun okkar hinna vil ég, af því að það er hér fyrir framan mig í þessari heimild, vitna til orða, sem ég hafði um þessa samþykkt, skömmu eftir að hún var gerð, og lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Engin þjóð hefur ríkari ástæðu til þess en Íslendingar að óska þess, að friður haldist í heiminum, því að enginn er þessi ómegnugri en við að verja land okkar og þjóð, ef í odda skerst. Ef ófriðarhættan er raunverulega úr sögunni, höfum við sannarlega ástæðu til að gleðjast. En friðurinn er þess virði, að nokkur áhætta sé tekin hans vegna. Að þessu sinni er áhættan ekki önnur en sú, að við bíðum með að gera land okkar varnarlaust, þangað til við sjálfir höfum að beztu manna yfirsýn og við rólega íhugun sannfærzt um, „hvort viðhorfin séu svo breytt" í raun og veru, að víkja megi af verðinum.

Er flóðalda kommúnismans í sannleika sjötnuð, eða hefur hún aðeins stöðvazt við varnarvegginn og smýgur í gegnum hverja þá sprungu, sem í honum verður?

Við skulum vona, að verstu hríðarbyljum kalda stríðsins sé slotað og að fram undan sé sumar afvopnunar og allsherjarfriðar. En jafnvel hinir bjartsýnustu játa, að enn sé vorið naumast byrjað. Allra veðra er von, svo sem á útmánuðum tíðkast, og næsta áfangann er áreiðanlega öruggast að vera í fylgd með öðrum, því að það á við um þjóðirnar ekki síður en einstaklingana, að fátt segir af einum."

Þetta voru ummæli mín um þessa samþykkt, sem meiri hl. Alþingis gerði 28. marz 1956. Þess var því miður ekki lengi að bíða, að fleiri en ég féllust á, að við sjálfstæðismenn hefðum þarna séð réttara en hinir, sem samþykktina gerðu, því að hinn 6. des. 1956 hélt hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, þáv. stjórnarbróðir hæstv. þáv. félmrh., núv. 4. landsk. þm., ræðu hér í þessum ræðustól, raunar í sameinuðu þingi, og þá las hann m. a. upp samkomulag, sem gert hafði verið milli ríkisstj. Íslands, þ. e. a. s. vinstri stjórnarinnar, og Bandaríkjastjórnar. Og í þessu samkomulagi segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, sem skapazt hefur í alþjóðamálum undanfarið, og áframhaldandi hættu, sem steðjar að öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, sé þörf varnarliðs á Íslandi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins."

Þetta er orðrétt yfirlýsing, sem hæstv. utanrrh. las upp hér á Alþingi. Það var ekki yfirlýsing hans eins, heldur er þetta samningur Bandaríkjanna og ríkisstj. Íslands. Það er samningur um það, að ályktun Alþingis hinn 28. marz 1956 sé fallin úr gildi, vegna þess að þau breyttu viðhorf, sem í þeirri till. er fullyrt að séu fyrir hendi, séu ekki fyrir hendi í desember sama ár. Þar með er þessi ályktun endanlega dauð og grafin.

Ég sé, að hv. þm. hefur löngun til þess að segja eitthvað. Ég vildi mjög gjarnan heyra

hans blessunarorð. (**Gripið fram í:** Það kemur seinna.) Það kemur seinna. Ekki skaðar að hugsa sig um. En hv. þm. talaði raunar strax eftir ræðu hæstv. utanrrh. Strax að ræðu hæstv. utanrrh. lokinni stóð hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, upp og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Ég vil í framhaldi af skýrslu hæstv. utanrrh. og út af orðsendingum þeim, sem nú hafa farið fram milli ríkisstj. Íslands og Bandaríkjanna, aðeins taka eftirfarandi fram fyrir hönd okkar ráðh. Alþb. í ríkisstj.:

Við eigum engan þátt í orðalagi eða framsetningu þeirra orðsendinga, sem milli ríkisstj. hafa farið um frestun á endurskoðun herverndarsamningsins samkv. ályktun Alþingis 28. marz s. l. Við erum einnig andvígir þeim forsendum frestunar, sem þar eru greindar, en töldum aðstæður ekki heppilegar nú til þess að tryggja samninga um brottför hersins. En við vorum samþykkir því, að frestað yrði um nokkra mánuði samningum þeim, sem ráðgert var að hefjast skyldu 15. f. m. um þessi mál.“

Efnislega eru hv. Alþb.-menn, hv. 4. landsk. og hv. 4. þm. Austf., sem þá voru fulltrúar Alþb. í ríkisstj., því sammála niðurstöðunni um dauðdaga samþykktarinnar frá 28. marz 1956. Þeir segjast að vísu vera á móti orðalagi, framsetningu og forsendum, en um niðurstöðuna eru þeir sammála. Þeir tala að vísu einungis um frestun, en samkomulagið, sem hæstv. utanrrh. las upp, var alveg ótvírætt. Þar var samkomulag um, að skapazt hefði allt annað ástand í alþjóðamálum en ályktunin frá 28. marz gerði ráð fyrir. Það er aðalatriði samkomulagsins. Það gekk af ályktuninni frá því í marz gersamlega dauðri, eins og ég segi.

Þeir hv. Alþb.-menn, þáv. hæstv. ráðh., reyndu, eins og ég segi, að bjarga sér með því að tala um, að þarna væri einungis um frestun að ræða, vegna þess að þeir töldu aðstæður ekki heppilegar til þess að tryggja samninga um brottför hersins. Hvenær voru aðstæður heppilegri til þess að tryggja samninga um brottför hersins en meðan hæstv. ráðh. þáv. áttu sæti í vinstri stjórninni? Höfðu þeir nokkurn tíma betri aðstöðu til þess að tryggja framgang þessa síns áhugamáls en meðan þeir voru svo mikils ráðandi í þeirri valdamiklu ríkisstj.? Þótt skrýtið sé, virðast hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa verið á allt annarri skoðun, vegna þess að Alþb.-menn tóku aldrei upp á formlegan, þinglegan hátt kröfuna um brottför hersins fyrr en nokkrum vikum eftir að þeir voru sjálfir horfnir úr ríkisstj., þegar þeir fluttu þá till., sem sagt fyrst í janúar 1959. Hinn 4. des. 1958 var hin fræga uppgjafarræða haldin hér af þáv. hæstv. forsrh., Hermanni Jónassyni, og á Þorláksmessu í sama mánuði hrökkluðist vinstri stjórnin endanlega frá völdum. Það var fyrst eftir að þetta allt var skeð, sem hv. Alþb.-menn töldu skilyrði vera til þess á ný að hreyfa því að taka kröfuna um brottför hersins úr landinu upp að nýju. Þeir höfðu að vísu á árinu 1957 og aftur á árinu 1958 skrifað samstarfsmönnum sínum um, að það væri nú kannske rétt að fara eitthvað að stugga við hernum. En í fyrra skiptið létu þeir sér nægja einfalt nei frá báðum og sátu alveg rólegir eftir sem áður. Í seinna skiptið virtu samstarfsmennirnir þá ekki einu sinni svars, svöruðu ekki kröfunni, sem þeir báru fram. Það voru ekki þessir menn, sem sögðu af sér vegna þess, að samningar hefðu verið rofnir, að þeirra mikla áhugamál var að engu haft. Nei, þeir biðu rólegir, þeir létu Hermanni Jónassyni eftir að gefast upp, þeir voru ekki aldeilis sjálfir á því að gefast upp, herrarnir að tarna, á meðan þeir gátu hangið í stólunum. Þeirra afstaða verður þess vegna ekki skilin öðruvísi en svo, að þeir telji aðstæður til þess að tryggja samninga um brottför hersins heppilegri, meðan þeir sjálfir eru ekki í ríkisstj., því að jafnvel nú hafa þeir borið fram kröfu um það, þáltill. um það að reka varnarliðið á brott. Er það þá svo, að þeir telji mig og hæstv. utanrrh., hæstv. forsrh. og aðra líklegri til þess að semja um brottför hersins heldur en sjálfa sig? Þeir segjast ekki hafa fylgt till. eftir 1956, af því að þeir töldu ekki heppilega aðstöðu til þess að ná þá fram samningum um brottför hersins. Í því, að þeir flytja till. nú og telja, að það eigi að endurvekja hina löngu dauðu samþykkt frá 1956, felst það, að þeir treysta okkur betur en sjálfum sér í þessu efni. Ég verð að segja, að þeir hafi að vísu eina ástæðu til þess að treysta okkur betur, og það er það, að þeir vita, að við stöndum við okkar loforð. En við höfum bara aldrei gefið loforð um það að láta herinn fara. Það er þvert á móti. Ég hef lýst því yfir og lýsti því yfir strax 1956, að sú till. væri því miður röng og til ills fyrir íslenzku þjóðina, og það er sannfæring mín, að svo sé enn. En með þessa forsögu alla er það óneitanlega meira en lítið einkennilegt, að hv. þm. skuli nú vera að minna á till. frá 1956 og segja, að hún sé enn í fullu gildi. Margt er sér til gamans gert, má segja.

Það verður að játa, að ef til kjarnorkustyrjaldar kemur, þá er voðinn vís, þá er mjög vafasamt, hverjir halda lífi. Og ég tek undir allar þær ógnarspár, sem hv. 3. þm. Reykv. flutti í sinni ræðu af því tilefni. En eins og fram hefur komið, telja sérfræðingar, að það sé hægt að bjarga miklu með nokkrum vörnum og jafnvel ekki svo umfangsmiklum, að þær þyrftu að vera okkur með öllu óviðráðanlegar. Og hv. 3. þm. Reykv. játaði það raunar einnig í ræðu sinni, eins og ég hef áður drepið á. Við erum ekki heldur einir, Íslendingar, um að líta þannig á. Það er vitað, að þjóðirnar bak við járntjald verja stórkostlegu fé til almannavarna hjá sér. Fróður maður hefur sagt mér, að á mann mundi engin þjóð verja meira til almannavarna — næst Svíum — heldur en einmitt Rússar. Það sýnir skoð-

un ráðamanna þar á því, að það sé þó ekki með öllu til einskis unnið að forða frá því versta í þessum efnum. Hlutlausu þjóðirnar í Evrópu, Svíar og Svisslendingar, hafa einnig sannað, að þær telja mikið á sig leggjandi til þess að forða frá tjóni af kjarnorkustyrjöld. Með aðgerðum sínum sanna þær, að þær telja hlutleysið sér ekki nægja vörn. Tiltölulega hafa þó engar þjóðir miðað við stærð sterkari varnir en einmitt Svíar og Svisslendingar, og á ég þá við hernaðarvarnir. Þeir hafa því vopnum varið hlutleysi, sem við mundum ekki hafa, ef við rækjum varnarliðið úr landi. En þeir láta sér ekki nægja sitt vopnum varða hlutleysi, heldur hafa þeir lagt svo mikið kapp á almannavarnir, að engin þjóð ver hlutfallslega meira til þeirra en Svíar. Og fyrir nokkrum vikum var frá því sagt í fréttum, að Svisslendingar hefðu ákveðið að koma upp byrgjum fyrir alla sína íbúa á næstu 5 eða 6 árum. Þetta sýnir mat þessara hlutlausu þjóða annars vegar á gildi hlutleysisins, ef í hart færi, og skoðun þeirra á því, að það er þó hægt að verjast hinu versta, ef menn eru viðbúnir.

En við skulum engan veginn gera lítið úr hættunni. Við skulum játa, að hún er svo ógnvænleg, að það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir henni. En þess vegna eigum við fyrst og fremst að leggja okkur fram um að gera það, sem við megnum, til þess að forða því, að styrjöld brjótist út. Og okkar framlag til þess að forðast það, að styrjöld brjótist út, er að tryggja, að vissar lágmarksvarnir séu til á Íslandi. Öll reynsla sannar, að valdatómrúm er og verður fyrr eða síðar að óviðráðanlegri freistingu fyrir árásaraðila. Það er þess vegna hugsanlegt, ef ekki líklegt, að varnarleysi Íslands kynni að verða ákvörðunarástæða fyrir árásaraðila til þess að hefja styrjöld, leggja út í ævintýri, sem hann ella léti vera. Ég segi ekki, hvort þetta mundi verða ákvörðunarástæða, hvort slíkt mundi ráða úrslitum eða ekki. En ef það er hugsanlegt, að það geti haft þýðingu í því sambandi, þá ber okkur vissulega vegna íslenzku þjóðarinnar, vegna okkar sjálfra, vegna okkar barna og allra afkomenda að gera okkar til þess að koma í veg fyrir, að slíkur ófögnuður gangi yfir heiminn. Og það er e. t. v. eina og mesta framlagið, sem við getum gert, til þess að menningin og lífið haldist á jörðinni, að við tökum raunsæjum afleiðingum af því hörmulega ástandi, sem er í heiminum, og látum ekki varnarkerfi frjálsræðisins slitna á okkar landi, heldur högum við ætíð okkar framkomu svo í þessum efnum, að við fylgjumst með, að við tökum þann þátt í vörnunum, sem aðstæður og möguleikar okkar þjóðar og lands leyfa hverju sinni og eftir því sem nauðsyn friðarins og frelsisins alltaf krefst.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 6, n. 63 og 85, 103).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl., 4. landsk. þm., hóf framsöguræðu sína hér á því að lýsa mig ósannindamann að þeim ummælum mínum í framsöguræðu minni, að hv. 3. þm. Reykv. og flokksmönnum hans hefði sýnilega snúizt hugur í afstöðu sinni til varnarmálanna frá því 1941, því að þá hefði þeim ekki þótt nægilega langt gengið í því að treysta varnirnar, en nú vilja þeir draga úr öllum vörnum og opna allar gáttir, svo að vinirnir frá austri eigi hægara með að gera innrás í landið og ná þar yfirráðum. Skoraði hann á mig að leggja fram gögn á borðið til sönnunar þessum ummælum og spurði: Hvar er að finna tillögur okkar til þess að draga úr vörnunum? Ég hefði haldið, að jafnskýrum manni og hv. 4. landsk. gæti varla yfirsézt sú staðreynd, að hann í nál. á þskj. 85 leggur sjálfur öll þessi gögn á borðið og undirstrikar síðan þessar tillögur sínar og flokks síns svo að segja í hverju orði í hinni löngu ræðu sinni, sem að vísu var að meginefni til upplestur úr nál., sem nýlega hafði verið útbýtt í d., og það svo, að hæstv. forseta þótti tilefni gefast til þess að minna hv. frsm. á, að það væri hvorki þinglegt né venja hér að lesa upp þskj., sem útbýtt væri og þm. hefðu fyrir framan sig.

En einmitt þetta, að hv. 4. landsk. er það ekki ljóst, hvað hann sjálfur skrifar og talar um í þessu nál., sýnir ljósast, hvernig sefjun að austan er alger og bæði hann persónulega og flokkur hans því algerlega ódómbærir á þessa hluti, enda augu þeirra harðlokuð fyrir þeim hættum, sem landi og þjóð eru búnar, ef fallizt yrði á till. þeirra í varnarmálunum. Í nál. á þskj. 85 segir hv. frsm. minni hl., orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög um almannavarnir, sem væru pappírsgagn eitt, eru verri en ekkert. Slík lagasetning gerir varnarblekkinguna aðeins enn grófari og ódrengilegri.“

Og enn fremur segir í nál.:

„Auk alls þessa er nú augljóst mál, að engin alvara er hjá stjórnarvöldum landsins með framkvæmd almannavarna. Embætti hefur að vísu verið stofnað og ein milljón tekin á fjárlög, en það er líka allt og sumt. Getur nokkur maður talið, að þetta skapi þjóðinni öryggi?“

Ef þessi ummæli hv. frsm. minni hl. væru forsenda fyrir kröfu um meira framlag til varnanna og til betra skipulags á varnarmálunum, eins og auðsætt er að ummæli hv. 3. þm. Reykv. voru, þegar varnarmálin voru til umr. 1941 hér í þessari hv. d., þá væru ummæli mín, sem hv. 4. landsk. vildi mótmæla, ekki á rökum reist. En öllum hv. alþm. hlýtur að vera ljóst, og hv. frsm. minni hl. og flokkur hans er þar engin undantekning, að þessi orð eru ekki forsenda fyrir kröfu um meiri eða traustari varnir, heldur eru þau svo að segja, eins og öll ræða hv. þm. ber vitni um, bein-

línis sögð til þess að reyna að sanna, að frv., sem hér er til umr. og þó gengur miklu lengra í að treysta almannavarnir en gildandi lög, sé pappírsgagn eitt og verra en ekkert, gróf og ódrengileg varnarblekking, eins og hv. þm. orðar það svo smekklega í nál.

Eins og sjá má af till. hv. frsm. minni hl. til rökst. dagskrár á þskj. 85, telur hann og flokkur hans, ef marka má ræðu hv. þm., að eina örugga vörnin sé sú að vísa hernum í burtu frá Keflavíkurflugvelli og það tafarlaust og leggja þar niður allar stöðvar. Þegar þessu sé fullnægt, þurfi engar frekari varnir nema á styrjaldartímum og þá megi framkvæma varnirnar samkv. þeim fyrirmælum, sem í gildi eru. Gerir hv. 4. landsk. sér það ekki ljóst, að ef þessi till. yrði samþykkt óbreytt og hún síðan raunverulega framkvæmd, svo sem til er ætlazt, þá yrði stórlega dregið úr vörnunum? Þá ætti m. a. enginn varnarundirbúningur að fara fram, fyrr en styrjöld væri skollin á. Og þá yrði landið gersamlega varnarlaust fyrir hvers konar innrás, svo sem það var 1939. Eins og málum er komið í dag, er árásarhættan á Íslandi ekki frá vestrænum þjóðum. Ef hún er fyrir hendi, þá er hún aðeins frá Rússlandi og engu öðru heimsveldi. Rökst. dagskráin á þskj. 85 er skýrasta og ótvíræðasta sönnun þess, að ummæli mín um kommúnistana, að þeir vilja opna allar gáttir til þess að auðvelda vinum sínum frá austri innrás og yfirráð á Íslandi, eru hárrétt.

Ég tel það vel farið, að þessi mál séu rædd hér á Alþingi. Ég tel enn fremur, að það sé þjóðarnauðsyn að svipta þeim blekkingarhjúp af, sem kommúnistar og flokkur þeirra hylja nú með takmarkið í stefnu sinni. Það hefur dregizt of lengi að gera róttækar tilraunir til þess að opna augu þjóðarinnar fyrir þessari hættu. Þegar leiðtogar kommúnistaflokksins hér á landi fundu andúð fólksins á þeirri stefnu að innlima Ísland í heimskommúnistasambandið og stuðla þannig að yfirráðum alheimskommúnismans með yfirstjórn í Rússlandi, þá sáu þeir sér ekki annað fært en taka upp annað nafn á flokknum og láta breyta um stefnu. Þá er tekið upp nafnið Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, og er þetta gert til þess að blekkja kjósendur, einkum þá, sem fylgdu Alþfl. að málum. Nú skyldi láta líta svo út, sem flokkurinn hefði að fullu skilið við fyrri stefnu sína og skyldi nú vinna íslenzkri alþýðu allt. Heimskommúnistarnir skyldu kasta fyrir róða og af sér brjóta öll bönd, sem tengdu áður flokkinn við rússneska hagsmuni og rússnesk áhrif. En er fólkið sá, að ekkert af þessu var efnt, og kurr fór að koma í liðið, var enn breytt um nafn. Nú skyldi flokkurinn nefndur Alþýðubandalag. Til tryggingar umskiptingu flokksins í trú og í verki skyldi innlima nokkra Alþfl.-menn, svo sem hv. 4. landsk., gefa þeim forustu í flokknum, skyldu þeir síðan sverja af sér alla samvinnu við heimskommúnismann og sigla gjarnan undir þessu falska flaggi. En hvenær sem hagsmunir Rússlands og heimskommúnismans komu til umr. utan þings eða innan, varð eyrnamarkinu ekki leynt. Skýrast og bezt hefur þetta komið fram, þegar varnir Íslands hafa verið til umr., hvort heldur það hefur farið fram utan þings eða innan. Þá hrópa þeir hver öðrum hærra: Burt með herinn. Fjarlægið frá Keflavík allt, sem getur gefið upplýsingar um ófriðar- og árásarundirbúning Rússa. Opnið allar gáttir fyrir árásum. Burt með allar varnir. Lýsið hvarvetna yfir hlutleysi. Dragið hlutleysisfánann að hún í Keflavík, og hann mun reynast okkur traustari vörn en öll loftvarnabyrgi, hann mun bægja burt allri hættu og öllum ótta.

Eitt af þessum margendurteknu hrópum er að finna á þskj. 85, sem nú er hér til umr. Þarf þó ekki að fletta mörgum blöðum styrjaldarsögunnar til þess að sýna, að hlutleysisyfirlýsingar einar gefa enga vörn. Íslendingar óskuðu þess innilega að halda hlutleysi sínu í síðustu styrjöld. En hvernig fór? Er Bretar sáu sér hag í því að hernema landið, var því ekki slegið á frest. Það var ekki verið að spyrja um okkar vilja í því máli, og hefði landið ekki verið hertekið af þeim, þá hefðu Þjóðverjar hernumið það, svo þýðingarmikil er lega þess.

Þýðing landsins í hernaði er meiri nú en nokkru sinni áður. Vörn þess nú er því þýðingarmeiri en nokkru sinni fyrr. Allt hjal um, að hlutleysisyfirlýsingar bægi hættunum frá, er blekking ein, gersamlega ósamboðin menningarþjóð á borð við Íslendinga. Hlutleysi Norðmanna, Finna, Dana, Hollendinga, Frakka, Belgíumanna, Póllands og Eystrasaltslandanna var alls staðar brotið niður með hervaldi, þrátt fyrir alla friðarsamninga á milli þeirra og árásarríkjanna. Hlutleysi Svíþjóðar var ekki brotið, af því og af því einu, að það var verndað heima fyrir með gnægð vopna og gnægð vopnfærra manna. Og hlutleysi Íslands verður því aðeins verndað í næstu styrjöld, að hér séu nægilega sterkar varnir, sem óvinurinn teldi sig ekki hafa hag af að reyna að brjóta niður.

En dagskrártill. á þskj. 85 miðar sannarlega ekki að því að skapa hér slíkt öryggi. Allt er þetta hv. frsm. minni hl. og flokki hans vel ljóst. Öll ummæli þeirra um hið gagnstæða eru blekking ein, borin fram vísvitandi til þess eins að þóknast vinunum í austri. Það væri bæði mannlegt og drengilegt af þeim að kasta grímunni og játa hreinlega fyrir þjóðinni, að þannig er þetta. En til þess hafa þeir ekki þor, þeim óar við þeirri holskeflu af fyrirlitningu, sem mundi falla yfir þá, ef þeir viðurkenndu þetta fyrir alþjóð. Og þeir eru vissir um, að þeir sjálfir mundu farast í slíkri holskeflu.

Það er sjálfsagt öllum heimilt í lýðfrjálsu landi að hafa sína trú á mönnum og málefnum og það átelur það enginn út af fyrir sig, þótt einhverjir menn telji veröldinni bezt borgið undir stjórn alheimskommúnismans. Hitt er átöluvert, að telja mönnum, sem eru algerlega andvígir slíkri stjórn, trú um, að ákveðnar að-

gerðir feli ekki í sér hættu á slíku einræði, sem sviptir menn sjálfræði, frelsi og oft fjöri, þegar því hefur verið komið á, og hamra svo á því sí og æ, að einmitt þetta sé til þess að treysta varnir gegn slíku ofbeldi. Það kann vel að vera, að sefjun þessara manna sé svo alger, að þeir sjái ekki hættuna, en sé svo, því þyngri skylda hvílir á okkur hinum, sem erum í engum vafa um, hvaða hætta er á ferðum, að berjast fyrir því af alefli að bægja þessari hættu frá.

Að lokinni síðustu heimsstyrjöld ól almenningur allra þjóða í heiminum þá von í brjósti, að nú væri öllum hörmungum styrjaldanna að fullu lokið. Nú skyldi setzt að samningaborði og samið um varanlegan frið á milli þjóðanna. Nú skyldu fangar leystir úr ánauð og sendir heim, hver til síns lands. Nú skyldi frelsi gefið öllum þjóðum, lýðræði verndað og mannréttindi viðurkennd. Nú skyldi stríðshættu bæld niður, hvar sem væri í heiminum, framleiðsla eyðingarvopna stöðvuð og friður tryggður öllum þjóðum. Til þess að koma þessu í framkvæmd fylktu þjóðirnar sér hver eftir aðra undir merki Sameinuðu þjóðanna, stofnunar, sem þær höfðu komið sér saman um að koma upp til þess að tryggja friðinn í heiminum. En hvernig hefur þáttur Rússa reynzt í þessu friðarstarfi? Engin þjóð hefur jafnoft og Rússar beitt neitunarvaldi gegn því að koma fram nauðsynlegum framkvæmdum til eflingar friðnum í heiminum. Engin þjóð hefur sem Rússar brugðizt skyldum sínum um fjárframlög til samtakanna, beinlínis til þess að lama aðstöðu þessarar stofnunar til þess að lægja ófriðaröldurnar. Engin þjóð braut svo skefjalaust mannréttindastefnuskrá Sameinuðu þjóðanna sem Rússar, því að vitað er, að enn halda þeir þúsundum manna í ánauð, sem samkv. mannréttindaskránni ættu að vera frjálsir ferða sinna. Þegar þessi staðreynd liggur fyrir, — og því verður ekki neitað, að hún liggur fyrir, — er þá ekki rétt, að við gerum okkur ljóst, hvers við megum vænta, ef það ætti fyrir okkur að liggja að komast undir yfirráð þessarar voldugu þjóðar. Við höfum reynt hersetu Breta í ófriði og síðan hersetu Bandaríkjamanna. Því neitar enginn, að við höfum orðið fyrir margvíslegum óþægindum, sem beinlínis stöfuðu af hersetunni. En hitt er alveg jafnvíst, að herseta í síðustu styrjöld fór í engu öðru landi jafnmildum höndum um þjóðirnar, sem við það urðu að búa, eins og hersetan hér á landi. Við höfum að styrjöldinni lokinni búið við hervernd Bandaríkjamanna, og þó að þetta hafi skapað nokkurn vanda, þá er sá vandi aðeins brot af þeim hörmungum, sem þær þjóðir verða enn að búa við, sem herseta er í frá Rússum. Enginn Íslendingur, sem ekki er blindur á þessi mál, mundi vilja skipta á þessum kjörum, sem þeir búa við, sem þannig voru settir, og hinum, er við höfum búið við öll þessi ár, sem deilan milli herveldanna hefur staðið. Og það er vegna þessara staðreynda, að Íslendingar vilja fúslega leggja töluvert að sér til þess að fyrirbyggja það, að þjóðir, sem daglega sýna slíka lítilsvirðingu mannréttindum, nái hér yfirráðum, hvorki í friði né í stríði. Allur sá fjöldi, sem er þeirrar skoðunar, krefst þess, að till. um rökst. dagskrána á þskj. 85 verði felld og frv. verði samþykkt.

Herra forseti. Okkur hv. þm. er veittur sá trúnaður að leggja fram hér á Alþingi prentuð þskj., sem öll eru síðan lesin upp í ríkisútvarpinu, svo að fólkið geti fylgzt með því, sem hér er að gerast. Í sumum þessum þskj. er sjálfsagt að finna einhvern keim af auglýsingum og áróðri fyrir ákveðnum stefnum og framgangi ákveðinna mála. En ég hygg, að það sé alveg einsdæmi, að í slíkum þskj. séu beinlínis borin fram bein ósannindi til að ófrægja pólitíska andstæðinga, eða óviðurkvæmileg orð eða setningar um þá, beinlínis til þess að fá þetta birt í útvarpinu, þar sem andstæðingurinn á engin tök á því að leiðrétta slík ummæli. En einnig hér á hv. 4. landsk. þm. met. Í nál. á þskj. 85, bls. 7, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. n. lagði mikið kapp á að hraða afgreiðslu málsins sem allra mest. Var ósk minni um, að hinn nýskipaði almannavarnastjóri, Ágúst Valfells, skyldi kvaddur á fund n. til að gefa upplýsingar um málið, fremur þunglega tekið í fyrstu, en þó var á það fallizt."

Þessi ummæli eru bersýnilega sett fram í nál. til þess, að almenningur, sem á þau hlustar í útvarpi, fái þá skoðun á störfum þingsins, að minni hl. n. sé beittur slíku ofríki og honum sé neitað um upplýsingar í málum, áður en þau eru afgreidd. Nú veit hv. þm., að hann fer hér með algerlega rangt mál. Það voru aldrei borin fram nein mótmæli gegn því að kalla þennan mann á fund við nefndina, enda sýnir það sig, að allur sá fjöldi af spurningum, sem borinn var fram, þær voru ræddar í n. og það var gefinn nægur tími til þess að ræða þær og það alveg sérstaklega ákveðið að hafa tveggja klst. fund til þess að gefa þessum hv. þm. tækifæri til þess að spyrja eftir vild þann mann, sem ráðinn hafði verið.

Þá er einnig sagt á bls. 12 í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem gerir Ísland líklegt skotmark í upphafi kjarnorkustríðs, er Keflavíkurflugvöllur. Um það verður ekki deilt. Það er því hersetan, sem leiðir bráðustu hættuna yfir þjóðina. Þetta vita núverandi valdhafar Íslands mætavel. Og þeir hafa samvizkubit af því að hafa leitt þessa tortímingarhættu yfir land og þjóð. Þess vegna segja þeir nú: Við viljum skapa þjóðinni öryggi. Við viljum setja upp víðtækt almannavarnakerfi. Við setjum lög, sem koma skulu í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni. Við skulum sem sagt sjá ykkur borgið. En hér er farið með viðurstyggilegt fals og blekkingar."

Ég hygg, að hér eigi hv. frsm. met, bæði í ósannsögli og ósmekklegu orðavali í þskj., sem birt er m. a. til þess að lesa upp í útvarpið.

Ég skal ekki eyða tíma hér í þessari hv. d. til þess að ræða eða svara ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Öll ræðan var mjög prúðmann-

leg að undanteknu upphafinu. En það má segja, að hér sannist gamall málsháttur, að „sannleikanum verður sérhver sárreiðastur". Hann hellti sér þar nokkuð yfir mig fyrir að hafa lýst starfsemi foringja kommúnistaflokksins hér á Alþingi, og sé ég ekki ástæðu til að vera að svara því persónulega og mun því ekki eyða tíma þingsins til þess.

Hvað snertir þær brtt., sem liggja fyrir hér, fyrst brtt. á þskj. 103 frá Valtý Guðjónssyni, þá þykir mér rétt að geta þess, að þessar till. voru ræddar í n. Meiri hl. n. vildi ekki fallast á till. nr. 1. Og enn fremur var till. nr. 2 rædd allýtarlega. Það var bent á það við umr., að þetta væri til þess að draga úr vörnunum, að gefa heimild til þess, að borgarstjórinn í Reykjavík skipaði sérstakan framkvæmdastjóra, og meiri hl. n. féllst á, að það væri ekki rétt að gera það. Ég get því ekki lagt til fyrir hönd meiri hl., að þessar till. verði samþ., og sé ekki ástæðu til þess að taka þær aftur til umr. í nefndinni.

Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa fallizt á brtt. nr. 1 á þskj. 63, við 17. gr.

Brtt. nr. 2 var allýtarlega rædd í n., og það var vilji n., að frv. yrði breytt svo sem þar segir, og vildi ég vænta þess, að hv. Alþingi vildi fallast á hana, og þó að hæstv. ráðh. hafi látið þá skoðun í ljós, að hann teldi, að það færi betur að hafa hana á þann veg, sem er í frv., þá muni hann einnig geta fallizt á, að henni verði breytt svo sem þar segir.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar. Ég þykist hafa fært fullar sannanir fyrir því, að ummæli mín hafi ekki verið ofmælt, þau er ég sagði í minni fyrstu ræðu hér, og ég endurtek, að ég tel, að það sé mjög mikil nauðsyn, að þjóðin fái að vita, hvert er takmark kommúnista með öllum þeirra áróðri, sem þeir halda hér uppi fyrir vini sína í austri, og að það sé ekki illa varið þeim tíma þingsins, sem fer í að ræða þau mál opinberlega.

Ég legg svo til fyrir hönd meiri hl. n., að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem hann ber fram á þskj. 63.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Síðan ég hélt ræðu mína í þessu máli, hafa hæstv. dómsmrh. (BBen) og hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) talað um málið, haldið um það langar ræður, og er mér að sjálfsögðu skylt að víkja máli mínu til þeirra í tilefni þeirra ræðuhalda.

Um ræðu hæstv. dómsmrh. hlýt ég að taka það fram strax, að það vekur hina mestu furðu mína, að ráðh., sem fara á með almannavarnir samkv. þessu frv., ef það verður að lögum, lætur ekki svo lítið að svara neinum spurningum, sem beðið hefur verið um svör við í þessum umr., vikur ekki að því orði, hvernig hann hyggist framkvæma hin mýmörgu ákvæði frv. og hinar stórkostlega víðtæku heimildir þess, gerir enga grein fyrir því, um hvað skoðanaágreiningur sé hér í þessu máli, en hann er sá, að ég hef haldið því fram fyrir hönd Alþb., að víðtækar heimildir í frv., í lögum, skulum við segja, en litlar varnaraðgerðir stefni til ófarnaðar að því leyti, að slíkt sé til þess fallið að blekkja þjóðina, gefa henni hugmyndir um, að henni hafi verið séð fyrir öryggi, sem svo hljóti að reynast falsöryggi. Þetta held ég, að hefði verið ástæða til fyrir hæstv. ráðh. að festa athyglina svolítið við, því að það er þetta, sem skoðanaágreiningurinn er um, en ekki um það, hvort hér eigi að stofna til almannavarna á Íslandi eða ekki.

Í þeirri rökst. dagskrá, sem ég hef lagt fram fyrir hönd Alþb., er það tekið fram, að við viljum, að notaðar séu heimildir þeirra laga um almannavarnir, sem fyrir hendi eru. Og það hefði sannarlega verið einnar messu virði fyrir hæstv. ráðh. að gera grein fyrir því, að hvaða leyti gildandi lög séu ófullnægjandi heimildir fyrir hæstv. ríkisstj., miðað við þær fyrirætlanir, sem hún hafi á prjónunum. En hann gerði hvorki grein fyrir þessum skortandi lagaheimildum né heldur þeim fyrirætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hefði á prjónunum. Um það er háttv. þingheimur enn þá jafnóvitandi og áður en hæstv. ráðh. talaði. Til þess hefði hann sannarlega átt erindi í ræðustól á Alþingi að gefa upplýsingar um það, hvernig hann sem æðsti maður almannavarna á Íslandi hygðist framkvæma þær víðtæku lagaheimildir, sem í frv. felast. Það lét hann hins vegar alveg undir höfuð leggjast í sinni löngu ræðu, en talaði um íslenzk stjórnmál enda á milli, vítt og breitt, og jafnt um innanríkismál sem utanríkismál eða utanríkismál sem innanríkismál, um hlutleysisstefnuna og önnur stórpólitísk hugtök o. s. frv., o. s. frv., en kom sér hjá að víkja að málinu sjálfu. Auk þess var hann svo með margs konar útúrsnúninga og rökleysur, sem ég vil fullyrða að sæmi ekki ráðh. að bera fram úr ræðustóli á Alþingi. Og skal ég víkja að þeim síðar og leggja það undir dómgreind þm., hversu háttað er rökræðum hæstv. ráðh., þegar hann kemst í sinn skaphitaham. Og til þess að koma sem minnst að málinu, tókst hæstv. ráðh. á hendur ýmiss konar ferðalög, m. a. til Indlands og Kína, og þar dvaldist hann lengi.

Í upphafi ræðu sinnar sagði hann nú eða mátti á honum heyra, að mín ræða hefði verið í alla staði svo ómerkileg, að hún væri ekki svaraverð. En samt var hún tilefni til nærri tveggja klst. ræðu hjá hæstv. ráðh.

Ráðh. sagði, að það væri nauðsynlegt að mynda samfellt varnarkerfi um allt landið. Já, þetta má vel vera. Ætlar þá hæstv. ráðh. að leggja fram fé, ætlar hæstv. ríkisstj. að leggja fram nægilegt fé til þess að byggja upp samfellt varnarkerfi um allt Ísland? Til þess hrekkur þessi eina millj. ekki, það er alveg gefið. Við hljótum að verða sammála um það, hæstv. ráðh. og ég, að hversu vel sem verður úr henni spilað, þessari einu millj., þá hrekkur hún ekki sem árlegt framlag til þess að byggja upp samfellt varnarkerfi um allt Ísland.

Ráðh. sagði, að ég hefði brugðið á gaman-

mál í minni framsöguræðu og verið með mikinn upplestur úr fskj. með frv. Það er ekki rétt, þetta fyrra, að ég hafi verið með gamansemi mikla í minni framsöguræðu. Ég hélt mér við að útlista þetta málefni og studdist — það er hins vegar alveg rétt — þar mjög mikið við fskj., sem frv. fylgdu á s. l. vetri, þegar það var lagt fyrir Alþingi. Ég dvaldi mjög við þær upplýsingar, sem sérfræðingar ríkisstj. sjálfrar, Holtermann hershöfðingi og læknirinn danski höfðu gefið, einmitt til þess að skýra sjónarmið hæstv. ríkisstj. og til þess að gefa hugmyndir um, hvað gera þyrfti hér á landi að þeirra dómi, til þess að hér væri viðunandi varnarkerfi byggt upp. En það var eins og hæstv. ráðh. færi hjá sér út af ýmsum þeim atriðum, sem þingheimi voru gerð kunn úr þessum fskj. ríkisstj. sjálfrar. Og mig furðar það ekki, því að sumt í þessum umsögnum hinna erlendu sérfræðinga er með svo furðulegum hætti að framsetningu og efnisinnihaldi, að það rísa hár á flestum Íslendingum og snúa öfugt, þegar þeir heyra þau firn. Ég skil það því ósköp vel, að hæstv. ráðh. fari hjá sér, þegar minnt er á þessi fskj. En þau voru lögð fram af hæstv. ríkisstj. til að vera þingheimi og öðrum landslýð til leiðbeiningar um það, hvað hér stæði til að gera.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði verið uppi með ásakanir um það, að hæstv. ríkisstj. virtist ætla að hafa litlar framkvæmdir á hinum víðtæku heimildum frv. Þetta er alveg rétt. Mér finnst, eftir því sem nú er upplýst um aðgerðir ríkisstj., allt benda til þess, að það sé ekki meining ríkisstj. að nota þær heimildir til almannavarna, sem búnar eru að vera í lögum á Íslandi árum saman, hvað þá heldur að þeir þurfi nýjar heimildir í viðbót til þess að hafa hér liggjandi í skúffunni sem pappírsgögn.

Ég ásaka því ríkisstj. fyrir það, að hún hefur ekki hreyft legg eða lið, hönd eða fót til þess að nota þær heimildir, sem í lögum eru, til þess að undirbyggja þær varnaraðgerðir, sem sagt er nauðsynlegt að hefja á friðartímum. Hún hefur gert það eitt að ráða embættismann, stofna nýtt embætti, en honum hefur ekki verið sköpuð starfsaðstaða. Hæstv. ráðh. reyndi að gera gaman að því, að ég hafði minnzt á það sem dæmi, að það var margra daga verk að finna þennan embættismann, hann hafði ekki síma, landssímastöðin gat ekki gefið upp neitt símasamband við hann, og svo fannst hann að síðustu til hliðar við eina af skrifstofum Reykjavíkurbæjar með símasamband í gegnum þessa bæjarskrifstofu. Starfslið sagðist hann ekkert hafa, ekki einu sinni skrifstofustúlku, spurði mig að því, hvort svör sín við spurningum mínum mættu vera handrituð, því að hann hefði ekki enn neina skrifstofustúlku, ekki einu sinni neina skrifstofuaðstöðu. Og ég sagði, að það væri auðvitað sjálfsagt. En af þessu og mörgu öðru, sem maðurinn sagði, var mér fyllilega ljóst, að honum hefur ekki verið sköpuð starfsaðstaða. Og til hvers er þá að stofna embætti, ef ekki er jafnframt sköpuð starfsaðstaða fyrir embættið? Það hefur hæstv. ráðh. ekki gert enn, það þori ég að fullyrða.

Allar þessar aths. mínar bentu auðvitað til þess, alveg í samræmi við það, sem ég hafði túlkað í allri minni ræðu, að heimildirnar væru víðtækar, en aðgerðirnar væru hégómi, og ég benti á algert áhugaleysi og sinnuleysi í þessu máli, og það vítti ég og það er ástæða til að víta það.

Menn segja: En það á að verja einni millj. kr. til almannavarna á árinu 1963. Það stendur í fjárlagafrv. — Mikið rétt. En það verða aðeins sárafáar af heimildum frv., sem hægt verður að framkvæma fyrir þessa einu millj. Það er mér og sjálfsagt flestum hv. þm. fyllilega ljóst. Nú tókum við eftir því, þegar Háskóli Íslands var settur fyrir skömmu, að þá flutti háskólarektor þar þakkarávarp til núv. hæstv. ríkisstj. fyrir það, að það er nú í fyrsta sinn í sögunni, sem það hefur gerzt, að allar óskir háskólans um fjárveitingar hefðu verið uppfylltar. Þetta fannst mér afskaplega fallegur sálmur, mikil lofgjörð, og ef hún væri að verðleikum, þá væri þetta einn af okkar fegurstu sálmum, sem sungnir hefðu verið. Nú hefur það verið upplýst í fjvn. Alþingis, að eðlisfræðistofnunin, sem er deild í Háskóla Íslands, hefði á yfirstandandi ári verið í fjárþröng og væri í mikilli fjárþröng og yrði í enn meiri á næsta ári, en óskum hennar og beiðni um aukið fjármagn hefði verið synjað. Til hvers ætlar nú eðlisfræðistofnunin að verja þessu aukna fé, sem hún segist þurfa? Jú, það hefur verið tekið í mál að fela henni geislunarmælingar í landinu, og annar hvor erlendi sérfræðingurinn, Holtermann eða danski læknirinn, sagði, að það þyrfti að byggja upp mjög víðtækt geislamælingakerfi í landinu með 80—100 mælingarstöðum, en hingað til hafa mælingarnar farið fram á örfáum stöðum. Geta menn nú gert sér í hugarlund, að þetta muni kosta eitthvað aukið fé? Jú, það munu flestir geta það. Og hve mikið fé? Mér er tjáð, að forstjóri eðlisfræðistofnunarinnar, einn af prófessorunum við háskólann, telji, að það muni þurfa um 520 þús. kr. í þetta. Og formaður fjvn. mun hafa upplýst, að það sé ætlunin, að þessi kostnaður við geislunarmælingarnar verði greiddur, ekki af fjárhagsáætlun háskólans eða stofnana hans, heldur af milljóninni, sem ætluð er til almannavarna, þessi eini liður. Ef þetta er rétt, þá eru eftir 480 þús. kr. til allra annarra framkvæmda hinum víðtæku heimildum frv. um almannavarnir. Sjá menn þá, hvort það er ofmælt hjá mér, að hér sé um skollaleik að ræða og tilraun til að blekkja þjóðina með fölskum vonum um öryggi, því að það er engin vörn, hvorki gegn geislunarhættu né öðru, að pappírsgagni eins og þessu frv.

Ég vildi gjarnan fá að vita, hvort þetta er rétt, að þessi deild háskólans eigi að takast á hendur þetta víðtæka grundvallarverkefni,

en ekki fá til þess fjárveitingu og þessi fjárveiting muni þurfa að vera yfir hálfa millj. kr. og það eigi að taka það af þeirri einu millj., sem ætluð er til allra almannavarnaráðstafana í landinu. Ef þessu verður svarað játandi, þá er það jafnframt játning á því, að allar mínar staðhæfingar um lítinn áhugavott, eins og stendur á framkvæmdum í málinu, séu staðreynd, en ekki laust mál, sem ekki sé mark á takandi.

Það er alveg tvímælalaust skoðun mín, að ef nokkra viðleitni á að sýna til þess að framkvæma þetta frv. sem lög, þannig að aukna vörn leiði af fyrir þjóðina, þá þurfi miklu, miklu stórkostlegri fjárveitingar til en nú eru ætlaðar til þeirra hluta. Að öðrum kosti held ég mig við þá skoðun mína, að hér sé um sýndarmál að ræða, sem eigi að gera í framkvæmdinni að hégóma.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég færi með rangt mál, að það væri ósatt hjá mér, að Holtermann hershöfðingi og Toftemark læknir og okkar ungi embættismaður, Ágúst Valfells, héldu því fram eða það mætti sjá það af svörum þeirra og upplýsingum, að Keflavíkurflugvöllur og setuliðið væri háskavaldurinn, — þetta væri alls ekki rétt, og ráðh. kom með þá skýringu til þess að reyna að sanna, að þetta væri rangt hjá mér, að það væri ekki Keflavíkurflugvöllur og herliðið, heldur væri það bara tilvist vallarins, sem væri hættuvaldurinn. Ég held, að öll viðleitni hæstv. ráðh. til þess að gera mig að ósannindamanni út af þessu atriði sé unnin fyrir gýg. Hann vitnaði í svar Ágústs Valfells, sem er að finna á bls. 9 í minu nál. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hættusvæðin eru fyrst og fremst höggog hitaáhrifasvæði sprengna af þeirri stærð, sem þyrfti til að eyðileggja líkleg skotmörk. Keflavíkurflugvöllur er eitt líklegasta skotmarkið hér á landi vegna þeirrar þýðingar, sem hann sökum stærðar og legu hefur fyrir stórar flugvélar."

Keflavíkurflugvöllur, af hverju er hann hættulegur? Af því að hann er herstöð og af því að þar er lið, sem hernaðarþjóðin, Bandaríkin, telur nauðsynlegt til þess að notfæra sér þessa herstöð. Það gerir hann að líklegu skotmarki, eins og sérfræðingurinn orðar það, að hér er herstöð, Keflavíkurflugvöllur, með herliði og hergögnum, sem talin eru nauðsynleg með slíkri stöð. Þetta allt sameiginlega gerir hann að líklegu skotmarki, og þar af leiðandi verða hitaáhrifa- og höggsvæði af sprengjum, sem á hann væri varpað, hættuleg lífsöryggi fólksins þar í kring á margra km svæði eftir upplýsingum þessara sömu sérfræðinga hæstv. ríkisstj. Um það, hvort ég hafi logið þessu á Holtermann hershöfðingja eða ekki, sem mátti þó líka heyra af orðum hæstv. ráðh., þarf ekki að fara í neinar grafgötur, því að Holtermann hershöfðingi segir í alllöngu og þó jafnframt mjög skýru máli, að hætturnar af Keflavíkursvæðinu séu svo miklar, að það þurfi að fjarlægja öll kvikindi af því svæði, ekki bara fólk, heldur allar skepnur líka. Það er ekki bara af hinum dauða Keflavíkurflugvelli, sem þessi hætta stafar. Nei, það er af því, að þarna er umsamin herstöð með herliði og hergögnum og öllu tilheyrandi.

Svona var margt af röksemdafærslum hæstv. ráðh., og það þarf enginn að ætla það, að Bjarni Benediktsson sé svo sneyddur rökfræðilegri hugsun, að þetta geti stafað af þeim sökum. Nei, þarna er hann að leika leik, sem hæstv. ráðh. sæmir ekki að leika. Og þar að auki tókst honum ekki vel upp í hlutverkinu, það mun enginn geta sagt. Ef hér væri ekki herliðið frá Bandaríkjunum, ætli það væri þá svo mjög hættulegt, að það væri eytt stórum sprengjum á auðan og tóman Keflavíkurflugvöllinn? Ég held ekki. Það er vitanlega hernaðarviðbúnaðurinn, sem þar er, sem er hættuvaldurinn. En ráðh. segir: Það er bara tilvist mannvirkjanna, — ég skrifaði það orðrétt eftir honum, — það er bara tilvist mannvirkjanna, sem leiðir hættu yfir okkur. Þess vegna er það rétt, að það þurfi að sprengja hann upp. — Og ætlar þá hæstv. ríkisstj. að láta sprengja hann upp, — mér er spurn, — vill ekki hafa þennan hættuvald, Keflavíkurflugvöllinn sjálfan? Hún lætur sennilega sprengja hann upp þá eða búa til varnarbyrgi fyrir þúsundir manna ella.

Sama var um Hvalfjörð. Þar sagði annar erlendi sérfræðingurinn, að eitt af hættulegustu svæðunum í styrjöld gæti orðið Hvalfjörður og það væri jafnvel ástæða til þess að flytja allt fólk af Hvalfjarðarsvæðinu. Af hverju Hvalfjörður? Jú, af því að hann er líkleg flotahöfn, herskipahöfn í þjónustu Atlantshafsbandalagsins, og af því leiðir hættu. Og þá erum við komnir að þessu, að erlendi sérfræðingurinn nefnir tvo staði sem þá alhættulegustu, sem líkleg skotmörk, Keflavíkurflugvöll með herliði og hergögnum og Hvalfjarðarsvæðið sem hugsanlega flotahöfn og birgðastöð, stórkostlega olíu- og benzínbirgðastöð, sem byggð var vegna síðasta stríðs og er leigð í bili íslenzkum aðilum, en á að vera tiltæk og henni viðhaldið til þess að vera tiltæk birgðastöð í næstu styrjöld. Og þar er setuliðið líka, þar er líka setulið. Þarna eru nefndir tveir staðirnir í landinu, sem hafa hernaðarmannvirki og setulið. Og samt á ég að vera ósannindamaður að því, að það sé eins og hér segir í minu nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessum svörum er í fyrsta lagi ljóst, að ægileg hætta vofir yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni, ef kjarnorkustyrjöld brytist út. Þá er jafnljóst, að bráðasta hættan er bein afleiðing af því, að erlent stórveldi hefur herstöð og herlið í landinu. Þetta kemur berlega í ljós í álitsgerð Holtermanns hershöfðingja, sem ráðleggur brottflutning fólks og fénaðar af Keflavíkursvæðinu og jafnvel úr Hvalfirði, hið sama er og viðurkennt í skýrslugerð Toftemarks yfirlæknis, og enn er þetta sama rækilega staðfest með svörum hins unga embættismanns, almannavarnastjórans, hér að framan. Varnarliðið svokallaða er hættuvaldurinn, hinn

varði hluti Íslands er hættusvæðið, sem ráðgert er að flytja fólkið frá.“

Þetta var mín staðhæfing og mín ályktun af þessum svörum. Það er vitanlega hægt að deila um það, hvort mínar ályktanir af þessum svörum séu réttar. En það er ekki hægt að brigzla mér um það, að ég fari með ósannindi á hendur þessum mönnum, hverra gögn við höfum hér fyrir augunum allir saman.

Þá sagði hæstv. ráðh., og þá tókst honum nú upp í rökleysunum: „Hv. þm. Hannibal Valdimarsson prentar svör Ágústs Valfells.“ Það gerði ég, ég prentaði þau í nál. „Þar með afsannar hann kenninguna um, að litlum vörnum verði við komið.“ M. ö. o.: ef hæstv. ráðh. Bjarni Benediktsson prentar einhverjar skoðanir mínar, þá er þar með sannað, að skoðanir mínar séu réttar. Er nokkur rökþráður í þessu? Ekki vitund. Ég prentaði svör Valfells, en ég lagði engan dóm á, hvort þau væru rétt, þar með sannaði ég ekkert með því að láta prenta þessi svör hans. Í því felst vitanlega engin sönnun. Upplýsingar hans geta verið rangar, alveg eins og þær geta verið réttar. En ég taldi alveg sjálfsagt að taka orði til orðs svör hans við þeim spurningum, sem ég hafði lagt fyrir hann.

Nú getur vel verið, að hinn ungi embættismaður, Ágúst Valfells, sé mjög vel dómbær á þessa hluti. En vitanlega er hann þó ekki óskeikull, og engar fullnægjandi sannanir geta hans skoðanir því verið okkur um það, hvað sé raunverulegt í þessum efnum. Hér er um mikið mál að ræða, sem mikið er umdeilt. Það eru stærri karlar en við og herfróðari en við erum hér, sem eigum sæti á hv. Alþingi, sem deila um það, hvaða varnartæki koma að gagni í algerri atómstyrjöld. Nýlega ritaði öldungurinn brezki og heimspekingurinn frægi, Bertrand Russell, grein, og hann segir þar aðallega frá nýútkominni bók eftir amerískan herfræðing, einn af þeim herfræðingum, sem víðtækasta þekkingu hafi á þessum málum í Bandaríkjunum, hann heitir Richard Fricklund. Russell segir, að þetta sé slík merkisbók, sem allra flestir eigi að lesa og kynna sér efni hennar, því að það er maður, sem hafi einna grundvallaðasta þekkingu allra á þessum málum. Þá víkur hann að því, að í þessari bók Richards Fricklunds sé skýrt frá tveimur hernaðaráætlunum Bandaríkjastjórnar. Það sé í fyrsta lagi gert ráð fyrir, ég tek kaflann alveg orðréttan, með leyfi hæstv. forseta:

Herra Fricklund segir frá tveimur áætlunum, sem bandaríska hermálaráðuneytið lét gera 1960 varðandi hugsanlegan gang kjarnorkustyrjaldar. Þessar áætlanir segir hann að hafi verið gerðar með aðstoð rafmagnsreiknieheila og fullkomnustu sérfræðinga í hermálum. Báðar áætlanirnar eru miðaðar við það, sem vænta megi, ef stríð skylli á 1963. Í hinni fyrri áætlun er gert ráð fyrir, að Rússar geri árás á Bandaríkin án fyrirvara. Niðurstaðan var sú, að af 195 millj. íbúa Bandaríkjanna mundu 150 millj. farast, en í Rússlandi 40 millj., þ. e. 150 millj. mundu farast af 195 millj. Bandaríkjamanna, 40 millj. lifa af þessa árás, sem þeir þarna voru að reyna að reikna út. Í Rússlandi mundu svo farast í þessari eldhríð 40 millj. af 220 millj. Telur höfundur, að þetta mundi vera sigur fyrir Rússland. Hann leggur á það áherzlu, að þessi áætlun sé niðurstaða kaldra, starfrænna útreikninga. Hin áætlunin gengur út frá annarri kenningu, þeirri, að Rússar hefji umfangsmikla árás án kjarnorkuvopna á Vestur-Evrópu og að Bandaríkin svari síðan með kjarnorkuvopnum. Í því tilviki er talið, að 75 millj. mundu farast í Sovétríkjunum og 110 millj. í Bandaríkjunum. Þetta er á bls. 3 og 4 í þessari tilvitnuðu bók. Þess er ekki getið, hvað verða muni um íbúa Vestur-Evrópu, en höfundurinn gefur í skyn, að eftir slíka styrjöld mundu það verða Kínverjar, sem ríkið erfðu. En um áreiðanleik þessarar bókar segir Bertrand Russell heimspekingur þetta: Nýjasta og áreiðanlegasta bókin um bandaríska hermálastefnu, 100 millj. manna lifa, eftir Richard Fricklund, segir hiklaust líkur á kjarnorkustríði hafa ekki minnkað, heldur aukizt.

Nú vita það allir, að hvergi í veröldinni hefur verið lagt annað eins ógrynni fjármagns í það að byggja loftvarnabyrgi, svokölluð öryggisbyrgi, fyrir fólkið og árum saman unnið að því að byggja upp varnir, hervarnir og almannavarnir, eftir fyllstu þekkingu sérfræðinga. Svo sitja sérfræðingarnir sjálfir, þeir færustu, reikna út forsendur, setja síðan sínar forsendur í rafmagnsreikniheila og fá út, að þetta sé varnarmátturinn í kerfinu, sem búið er að byggja upp, að 150 millj. Bandaríkjamanna kunna að farast og aðeins 40 eða svo lifa, eða í hinu tilfellinu 110 millj. og af Rússa hendi 75 millj., þegar byrjunin væri árás á Evrópu án kjarnorkuvopna og Bandaríkin svöruðu með kjarnorkustríði.

Ég hygg, að okkur hæstv. dómsmrh. skorti báða þekkingu til þess að ræða um þessi mál og gera nokkra útreikninga um þetta. En hvað sýnir þetta og sannar? Það sýnir það, að í Bandaríkjunum, sem lengst munu vera komin í að byggja upp almannavarnakerfi, er nú sagt, að meginhluti þjóðarinnar muni farast, ef til kjarnorkustyrjaldar dragi, og þetta eru niðurstöður rafmagnsreikniheila út frá forsendum færustu herfræðinga þeirra. Geta menn nú sagt, að það þurfi lítið annað en samþykkja frv. á Alþingi Íslendinga, sem sagt sé í 1. gr. að eigi að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna? Er það ekki að ganga gegn staðreyndum og faglegum upplýsingum, sem við getum aflað okkur?

Ég hef haldið því fram, að það sé mjög vafasamt, að hvaða gagni varnir komi í algerri kjarnorkustyrjöld. Ég held, að í samræmi við það, sem ég hef nú vitnað til, sé það sízt ofmælt. Bandaríkin eru umfram öll önnur lönd land varnarbyrgjanna. Það fékkst nokkur reynsla af varnarbyrgjum í síðustu heimsstyrjöld, m. a. í Bretlandi, því að þar voru miklar loftárásir gerðar, á London ekki sízt, og þá

var það margur auðmaðurinn í London, sem hafði viðbúnað, mikinn viðbúnað, eftir efnum sínum. Einn af bankastjórum Lundúnabanka ætlaði sannarlega að lifa af loftárás, þó að það kæmi loftárás á hans hús, og bjó út eitt forláta loftvarnabyrgi. Það var gert eftir öllum kúnstarinnar reglum og honum og hans fólki skyldi nú borgið. Það fara ekki sögur af því, að þetta loftvarnabyrgi hafi verið skotið í tætlur og fólkið farizt af þeim sökum. En það gerðist annað, sem hafði ekki verið reiknað með, í sambandi við búnað byrgisins. Það féll sprengja á Lundúnaborg ekki alllangt frá þessum stað, þar sem bankastjórinn hafði búið um sig og sitt fólk, og það gerðist ekki annað merkilegra en það, að það tættist í sundur klóakleiðsla borgarinnar í þessu hverfi, en afleiðingin varð sú, að klóakvökvinn kom upp um byrgi bankastjórans og þar fórst hann með öllu sínu fólki.

Þetta er eitt nokkuð skýrt dæmi, tekið úr reynslunni, alkunnugt dæmi um það, hvernig loftvarnabyrgi gefist, þó að þau sjálf standist það, sem þeim er ætlað að standast.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri enginn kominn til með að segja það, að byrjunin á næsta stríði yrði kjarnorkustyrjöld. Og ég er honum alveg sammála um það, um það vitum við ekkert. Það getur verið, að það verði, og bæði Holtermann og danski læknirinn segja, að það megi fyrst og fremst reikna með því, að það verði alger kjarnorkustyrjöld, ef til styrjaldar dragi. En það má líka vel vera, að það yrði barizt með öðrum vopnum til að byrja með, og hefði þá hæstv. ráðh. rétt fyrir sér í því. En Bertrand Russell er á öðru máli um þetta, því að hann segir, með leyfi hæstv. forseta, í upphafi sinnar greinar, sem ég minntist á áðan:

Mikill fjöldi fólks lítur á hættuna af kjarnorkustríði með kæruleysislegri bjartsýni. Það gerir sér grein fyrir, að kjarnorkustríð mundi verða hræðilegt, og það heldur, að báðir aðilar muni hliðra sér hjá átökum. Ég vildi óska, að ég gæti verið sömu skoðunar. En þeir vitnisburðir sérfræðinga eru nægir fyrir hendi, sem ótvírætt gefa í skyn, að kjarnorkustríð er ekki aðeins mögulegt, heldur líklegt. Það verður að minni hyggju að gera fyrst og fremst ráð fyrir því, að það sé kjarnorkustyrjöld, sem við þurfum að búast til varnar gegn, því að hvað yrði, ef við legðum of fjár í almannavarnir, sem allar miðuðu við aðrar tegundir styrjaldar en kjarnorkustyrjöld? Svo yrði kjarnorkustyrjöld. Þá yrðu allar okkar varnir til einskis.

Ég held því, að menn verði að miða allar varnir sínar við hinar ægilegu, hugsanlegu kjarnorkustyrjaldir, af því að sá möguleiki er sízt af öllu útilokaður, heldur, eins og Bertrand Russell og margir aðrir segja, líklegur, blátt áfram líklegur.

Til þess að styðja þessa skoðun sína, að það væri ekki líklegt, að það yrði kjarnorkustyrjöld, sem við þyrftum að horfast í augu við, brá hæstv. ráðh. sér til Indlands og Kína. Og ekki byrjuðu þeir með kjarnorkustyrjöld, segir hann. Nei, mikið rétt. En hvorug þjóðin, sem þarna á í landamæraskærum og styrjöld, er kjarnorkuveldi. Mundi sú staðreynd vafalaust valda nokkru um, að hvorug sú þjóð, sem þar er stríðsaðili, er kjarnorkuveldi. En er það ekki fyrst og fremst það, sem heimurinn óttast í dag, að það verði kjarnorkuveldin, stórveldin, sem lendi saman í styrjöld? Vitanlega er það það, sem skapar óttann í veröldinni í dag. Það er það, sem fær fólk til þess að taka í mál sitthvað, sem kynni að verða til varnar, flutning burt úr borgum á þúsundum eða milljónum manna, grafa fólk niður í jörðina, höggva byrgi inn í kletta og þar fram eftir götunum, sem þó er engin vissa fyrir að komi að fullu gagni.

Ég held, að hv. þingheimur hefði frekar mátt æskja þess af hæstv. ráðh., að hann hefði útlistað fyrir okkur, hvað hann hefði áformað sem væntanlegur æðsti maður almannavarna á Íslandi að yrði gert til almannavarna, heldur en að fara til Indlands og Kína í þeim tilgangi að reyna að sannfæra okkur um það, að við þyrftum ekki að óttast kjarnorkustyrjöld, því að þannig hefðu þessar þjóðir byrjað að berjast um fjalllendisauðnir á landamærum Indlands og Kína, án þess að beita kjarnorkuvopnum. Þetta eru líka þar að auki ákaflega haldlaus rök, og bendir ákaflega lítið í þá átt, að stórveldin mundu ekki beita kjarnorkuvopnum, ef þeim lenti saman í styrjöld, og það er það, sem við óttumst að gerist. Það eru kjarnorkuveldin með þessi ægilegu vopn í sínum fórum, og það er margt, sem gæti orðið til þess að hleypa slíku af stað. Hér í grein Bertrands Russells er t. d. tekið fram sem hugsanlegar orsakir til þess, að ósköpin færu af stað, með leyfi hæstv. forseta:

1) Þeir, sem fingurna hafa á gikknum, haldi sönsum, og fyrir því er engin vissa. 2) Að engum verði á nein slysni. Fyrir því er heldur engin vissa. 3) Að engar misreiknanir verði um fyrirætlanir óvinarins. 4) Að smástríð magnist ekki síðar í heimsstríð. 5) Að Rússar eigi enga vörn gegn flugskeytum, sem þeir eftir þessu virðast ekki vita um, hvort sé.

Út frá þessu vitnar hann til Fricklunds, höfundar bókarinnar, og segir:

Hann telur ekki trúlegt, að öllum þessum skilyrðum verði fullnægt, og ég held, að við getum verið honum sammála um það.

Nei, ég harma það enn og aftur, að hæstv. ráðh. skuli enn engar upplýsingar hafa fengizt til þess að gefa um það, hvernig hann ætlaði að framkvæma almannavarnir á Íslandi, og láta okkur vita það, ef hann kann ráð til þess að veita þjóðinni öryggi í hugsanlegu kjarnorkustríði með 1 millj. kr. fjárveitingu. Kallaði ég hann gera vel, ef hann getur sýnt nú fram á, að það sé hægt fyrir slíkan smápening, því að þar kemur okkur enn í hug setningin: Hvað er milljónin á okkar dögum?

Vegna þessa, hversu fréttafár hæstv. ráðh. var um framkvæmd almannavarna í okkar landi, en það verður hann, sem þar kemur til

með að stjórna, a. m. k. fyrstu mánuðina, framkvæmdinni á þessum lögum, — vonandi verður það nú ekki miklu lengur, — þá vildi ég líta svo á, að mér mætti leyfast að reyna að kalla hæstv. ráðh. heim frá Kína og heim til okkar lands til þess að hugleiða með mér, hvað hann ætlar að gera.

Ég vil því nú í allri hógværð spyrja hann í fyrsta lagi: Er ætlunin að gera áætlun og hefja annan undirbúning að brottflutningi æðstu stjórnvalda landsins í varnarbyrgi utan Reykjavíkur? Þessi spurning er borin fram í tilefni af þeirri fullyrðingu Holtermanns hershöfðingja, að aðsetur æðstu stjórnvalda sé fyrsta hugsanlega skotmark í hverju landi. Og þess vegna langar mig til að vita, hvort þetta sé ætlunin.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðh.: Er ætlunin að byggja varnarbyrgi á Suðurlandi, Suðurlandsundirlendinu eða annars staðar, vegna hugsanlegra fólksflutninga af Keflavíkursvæðinu, og hvað mundu slík varnarbyrgi þurfa að vera víðtæk og kosta mikið? Að þessu er spurt af því tilefni, að Holtermann hershöfðingi segir, sem raunar liggur í augum uppi: Möguleikarnir til brottflutnings fólks eru alveg háðir því, hvaða skilyrði eru til að koma fólkinu fyrir á nýjum stöðum. — Þess vegna verðum við að fá að vita: Er ætlunin að búa fólkinu af Keflavíkursvæðinu og að einhverju leyti fólkinu í Reykjavíkurborg öryggi með því að byggja byrgi, varnarbyrgi, t. d. einhvers staðar á Suðurlandsundirlendi eða annars staðar í hæfilegri fjarlægð frá þessum hugsanlegu skotmörkum?

Þriðja spurning mín er á þessa leið: Hvað kostar Arnarhólsbyrgið samkv. áætlun verkfræðinga þeirra, sem það verk framkvæmdu? Þessi áætlun á að liggja fyrir, en við höfum ekkert fengið að vita um niðurstöður hennar. Hæstv. ráðh. hlýtur að eiga aðgang að vitneskjunni um það, hverjar eru niðurstöðutölur þessarar áætlunar. Ég spyr um þetta af því, að þessi áætlun er til, það er upplýst í þskj., og það gæfi okkur aðstöðu til þess að gera okkur hugmyndir um, hvað loftvarnabyrgi af ákveðnum stærðum kæmu til með að kosta, einkanlega þegar búið væri að staðfæra þessa áætlun og heimfæra hana við núv. verðlag í landinu.

Í fjórða lagi spyr ég hæstv. dómsmrh.: Hvaða opinber varnarbyrgi eru fyrirhuguð í sjálfri Reykjavík, þ. e. a. s. í miðbænum, hvað mundu þau rúma margt fólk og hvað mundu þau kosta?

Margs annars mætti spyrja. Ég vænti greinargóðra svara um þessi fáu atriði, fjögur atriði. Ætlar hæstv. ráðh. að breyta öllum byggingarsamþykktum í kaupstöðum landsins með tilliti til þess að geta fyrirskipað húsbyggjendum að hafa loftvarnabyrgi af margföldum styrkleika, sem þoli marga andrúmsloftsþrýstinga, og leggja þannig aukinn kostnað á hvern einasta húsbyggjanda í kaupstöðum landsins? Ætlar hann að gera það með reglugerðum?

Ef mér hefur nú tekizt að fá hæstv. ráðh. heim frá Kína, þá vildi ég vænta þess, að hann gæfi sér tóm til að svara þessum spurningum.

Hæstv. ráðh. helgaði svo alllangan kafla í ræðu sinni hugtakinu hlutleysi og taldi þá menn vera mikla afglapa, sem aðhylltust hlutleysisstefnu. En hann komst alltaf að þessari niðurstöðu, að það sýnir sig, að hlutleysi er ekki haldgott, því að Indverjar hafa orðið fyrir árás, þeir hafa orðið fyrir hernaðarárás, þó að þeir hafi lýst yfir hlutleysi. En mundi nú ekki vera hægt að nefna einhverja þjóð gráa fyrir járnum, sem hefur varið allt að því helmingi þjóðarteknanna til hervarna, og hún hafi samt orðið fyrir árás? Ég held það. Ég held, að þau dæmi séu mörg, og mætti þá ekki alveg eins eftir rökfræði hæstv. ráðh. álykta sem svo: Ekki er nú hervæðing merkileg vörn, ekki er mikið hald í hervörnum? — Haldleysi hervarna er sannað, ef einhver hervædd þjóð verður fyrir árás, alveg eins og hann sannar haldleysi hlutleysis með því að nefna þess dæmi, að einhver hlutlaus þjóð hafi orðið fyrir árás. En er reynsla Svía af hlutleysi svo hörmuleg? Er reynsla Svisslendinga af hlutleysi svo hörmuleg? A. m. k. ekki hörmulegri en svo, að hvorug þessara þjóða vill fyrir nokkurn mun víkja frá sinni hlutleysisstefnu.

Ég fer ekkert í grafgötur um það, að Alþb. hefur lýst því yfir, að það vilji, að Ísland verði hlutlaust land utan allra hernaðarbandalaga og telji það æðsta hlutverk sitt að stilla til friðar og leiða til sátta milli stríðandi aðila í heiminum og það er hlutverk, sem væri Íslandi til sæmdar. En það stuðlar ekki að friði í heiminum með því að leigja öðru af kjarnorkuveldum heimsins hernaðaraðstöðu og herstöð í sínu landi.

Það er rétt, að niðurstaða mín er sú, að fjarlæging hersins væri okkar helzta vörn. Mannlaus, yfirgefin herstöð, sem ekki væri lengur herstöð, Keflavíkurflugvöllur, held ég að ekki mundi leiða mikla tortímingarhættu yfir þjóðina, þó að hann væri ekki eyðilagður, þó að hann væri ekki sprengdur upp. Mér er tjáð, að það þurfi líklega ekki annað en að flytja ónýta bíla og annað skran á flugvöll til þess að hann sé gerónýtur og engin flugvél, hvorki hernaðarflugvél né aðrar, geti á hann setzt, það þurfi ekki að vera svo mikið til þess, að flugvöllurinn sé ónothæfur. Og ég held, að það væri miklu nærtækara en að fara í einhverju fáti og fári og stjórnleysisfálmi að sprengja upp okkar flugvelli. En mér lízt ekki á þá kenningu, þótt hæstv. dómsmrh. hafi tekið vel undir hana, það verð ég að segja.

Þá var það einn kafli í ræðu hæstv. ráðh., að samþykkt sú um brottflutning hersins, sem vitnað er til í rökst. dagskránni og gerð var á Alþingi 28. marz 1956, sé dauð og grafin og ekki í gildi. En ég hef haldið því fram, að hún sé enn í fullu gildi. Og röksemdafærsla hæstv. ráðh. var á þá lund: Vinstri stjórnin framkvæmdi ekki þessa ályktun Alþingis, þar með

er hún dauð og grafin. — En ég segi: Þessi ályktun hefur verið gerð á Alþingi, það er vilji Alþingis, og það hefur ekki verið samþykkt önnur ályktun á Alþingi, sem fari í gagnstæða átt. Meðan svo er ekki, er þessi ályktun í gildi sem viljayfirlýsing Alþingis. Og það er ekkert síður skylda hæstv. ráðh. Bjarna Benediktssonar og meðráðh. hans í núv. ríkisstj. að framkvæma þetta, ef þeir telja þannig horfa í heiminum, heldur en það var skylda vinstri stjórnarinnar að gera það. Það var vissulega skylda vinstri stjórnarinnar að gera það, en um það fékkst ekki samkomulag, þegar Eden hóf Súez-ævintýrið, og þá þótti horfa allófriðlega í heiminum um skeið, en afleiðingarnar af því urðu þær, að Eden dó sem stjórnmálamaður og herinn fékk að lafa áfram á Íslandi, því miður. Það má segja, að það hafi e. t. v. fyrst og fremst verið vegna ráðherrabróður míns í ríkisstj., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem enn fer með utanríkismál. Ég vil nú segja, að hann hafi ekki verið nema hálfbróðir minn sem ráðh., því að hans varð sjaldan vart við lausn almennra mála í þeirri ríkisstj., nema þá þegar hann þurfti að taka af skarið fyrir erlenda aðila, eins og í utanríkismálunum að þessu leyti.

Ályktanir, sem Alþingi gerir, falla ekki úr gildi, ef þær eru ótímabundnar, nema því aðeins að Alþingi geri ályktun, sem gangi í þveröfuga átt. Þessi ályktun Alþingis er því enn í fullu gildi.

Það, sem úr sker um niðurlag okkar rökst. dagskrár og um það, hvað við viljum að sé heimilt að gera í almannavarnamálum, það er, að til séu lagaheimildir um hvers konar tiltækar varnaraðgerðir á stríðstímum í þeirri löggjöf, sem nú er í landinu, lögunum, sem voru sett á síðustu styrjaldarárum og að beztu manna yfirsýn viðbætur tvær við þá löggjöf að stríðslokum, síðast 1951. Þá var að beztu manna yfirsýn á Alþingi ekki talin þörf á viðtækari heimildum, og langsamlega minnst af þeim heimildum, sem í þeim lögum felast, hefur verið framkvæmt. Heimildirnar hafa ekki verið notaðar. Það er ekki það, sem hefur vantað, að hér væru heimildir fyrir hendi. Það er því ærið verkefni fram undan, og ég veit, að milljónin mundi ekki hrökkva nándar nærri til að framkvæma þær lagaheimildir, sem eru fyrir hendi um framkvæmd varnanna fyrir okkar þjóð. Til þeirra laga vitnum við, og þær heimildir teljum við að eigi að nota.

Hæstv. ráðh. var að reyna að gera sér mat úr því, að við ráðh. Alþb., þegar varnarsamningurinn við Bandaríkin var framlengdur 1956, hefðum ekki sagt af okkur. Nei, það hefði komið fyrir lítið, þó að við hefðum sagt af okkur, því að það var náttúrlega til að gefa málið alveg á hönd þeirra manna, sem höfðu okkur andstæðar skoðanir í hermálunum. En við áttum líka eftir að afgreiða m. a. annað stórmál, sem Sjálfstfl. var ekki trúandi til að leysa og við áttum því ekki og máttum ekki hlaupa frá. Það var landhelgismálið. Við leystum það, áður en vinstri stjórnin sundraðist, og það var hið ömurlega hlutskipti núv. hæstv. ríkisstj. að skila aftur nokkru af áður fenginni landhelgi Íslands, að hefja undanhald í því máli, sem hæstv. núv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hafði sjálfur látið á þrykk út ganga að Ísland væri búið að sigra í, sem sé landhelgismálinu, þegar við helguðum okkur í því 12 mílur.

Hæstv. ráðh. hermdi upp á vinstri stjórnina svik í sambandi við framkvæmdina á því að láta herinn fara úr landinu. Það er rétt, vissir aðilar í ríkisstj. brugðust þar, og á þeirri stundu, þar sem málið var sérstaklega tekið upp, urðum við að fallast á frestun á framkvæmdinni. En við gáfum málið alls ekki upp. Þeir hafa svikið í þessu máli, sagði dómsmrh., en við svíkjum ekki, við höldum okkar loforð. — Og þá hló ég, og það var þá, sem honum heyrðist að ég ætlaði að segja eitthvað, því að ég hló að þessari firru hæstv. ráðh. Hafi nokkur ríkisstj. á Íslandi svikið stefnu sína, er það auðvitað hæstv. núv. ríkisstj. Hún lofaði bættum lífskjörum. Hvernig eru lífskjörin í dag? Hafa þau stórlega batnað? Hjá nokkrum stóreigna- og hátekjumönnum kannske, en ekki hjá þjóðinni. Nei, hún hefur gersamlega svikið þá stefnu sína að bæta lífskjörin í landinu. En það eru líka vissir menn í núv. hæstv. ríkisstj., sem hafa lofað því og það stendur skjallegt eftir þá og kallar á þá, ýtir við samvizku þeirra: Aldrei her á friðartímum á Íslandi. — Er enginn her á Íslandi? Hafa aldrei verið friðartímar síðan þetta loforð var gefið, eða hefur eitthvað verið svikið? Jú, það hefur eitthvað verið svikið þarna, það er ekkert um það að villast. Og það er einmitt nokkuð nærri höggvið þeim hæstv. ráðh., sem hrópaði upp: Við svíkjum ekki það, sem við lofum.

Ein af röksemdafærslum hæstv. ráðh. í hans löngu ræðu var þetta: Svisslendingar, sem eru hlutlaus þjóð, byggja varnarbyrgi. Þetta sannar haldleysi hlutleysisstefnu. — Gott og vel. Við skulum líta á þessa sönnun. Bandaríkin, sem eru hernaðarþjóð, kjarnorkuveldi og hafna hlutleysisstefnu, byggja öllum öðrum þjóðum meira af varnarbyrgjum. Sýnir þetta ekki haldleysi hervæðingar? Vitanlega. Með sömu röksemdafærslu gerir það það. Varnarbyrgin í Bandaríkjunum sýna greinilega, að Bandaríkin telja sig ekki vera óhult fyrir árásum, þó að þau hafi óvígan her og þótt þau hafi kjarnorkuleyndarmálið í sínum höndum. Ég er fyllilega sammála því, að okkur beri að gera allt, sem unnt sé að gera, til þess að vernda líf og eignir Íslendinga. En þá er miklu haldbetri stefna að minni hyggju röggsamlegar og myndarlegar framkvæmdir og aðgerðir í varnarmálum, þó að heimildir væru ekki eins víðtækar, heldur en víðtækar heimildir með engri eða lélegri og slælegri framkvæmd, því að af hinu síðarnefnda leiðir, að þjóðin gæti verið leidd í andvaraleysi um varnaraðstöðu sína, þegar henni er talin trú um, að það sé ekki mikil hætta á kjarnorkustríði, — það er ein kenning hæstv. ráðh., — og þó að það komi, þá séu varnir til: að flytja fólkið í burtu af hættu-

svæðunum og grafa það í jörð niður í byrgi, sem helzt skulu höggvin í klett. Og þá þarf að liggja fyrir vitneskja um, að þetta ætli ríkisstj. að gera. En þá verður hún að taka á honum stóra sínum, þá verður hún að taka margar millj. kr., en ekki bara nokkur hundruð þúsunda, eins og eftir verða, ef rétt er upplýst, að 520 þús. af 1 millj. eigi nú að fara í geislavarnakerfin.

Ég lýk því þeim þætti ræðu minnar, sem er svör til hæstv. ráðh., með því að óska þess eindregið, að hann bregði nú á það ráð að fræða okkur heldur um áform sín sem æðsta manns almannavarna, hvað hann ætli að gera og hvað hann hyggi að nauðsynlegustu aðgerðir í þeim efnum muni kosta, og læt þar með máli mínu lokið viðvíkjandi honum.

En þá stendur eftir hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), og honum má ekki gleyma, þó að hann standi að baki síns dómsmrh. Honum væri alveg rangt gert til með því. Það mátti ekki gleyma Katli einu sinni að baki Skugga-Sveins.

Það, sem gerði það eðlilegt og æskilegt, að hv. 1. þm. Vestf. kæmi í ræðustól, var það, að hann hafði haft uppi þau gífuryrði hér í sinni framsöguræðu sem frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., að þm. Alþb., eins og hann sagði, — ég skrifaði það upp eftir honum, — krefðust þess, að engar almannavarnir væru hér í landinu. Það var þetta, sem hann átti að sanna. Og hvar eru okkar kröfur um það, að engar almannavarnir skuli vera í landinu? Útlegging hv. þm. af þessari fullyrðingu í okkar garð var svo sú, að við værum sífellt að hugsa um það, að landið væri óvarið, til þess að Rússar gætu ráðizt á það sem auðvelda bráð og lagt það undir sig. Og hann hnykkti enn á og sagði: Þessir menn minnast þess ekki einu sinni, að það rennur íslenzkt blóð í æðum þeirra. — Þjóðsvikarar skyldum við heita út frá þessari fullyrðingu hans, að við krefðumst þess, að engar almannavarnir væru í landinu. Þetta erindi átti hv. þm. í ræðustól, að sanna þessa staðhæfingu sína. Gerði hann það í dag? Onei, hann fór erindisleysu í ræðustólinn til þess. Hann á eftir að sanna þetta enn þá. Og ég sagði, að ef hann kæmi ekki með sönnur á þessa staðhæfingu sína, sem ég skrifaði upp eftir honum, þá væri hann minni maður. Og hann er það enn. Hann hefur ekki stækkað af því yfirklóri, sem hann flutti hér fram í dag, því að það voru engin rök, það var ekki að leggja skjöl á borðið fyrir því, að við hefðum krafizt, að engar almannavarnir skyldu vera á Íslandi. Og meðan hann gerir það ekki, er hann ósannindamaður að þessari staðhæfingu.

Þegar hann var með sitt yfirklór, vitnaði hann í orð mín um, að lög með viðtækum heimildum til varna, en línum framkvæmdum, væru verri en ekki. Er innihald þessarar setningar þess efnis, að ég krefjist, að varnir landsins séu minnkaðar? Onei, það er einmitt þveröfugt, ef maðurinn kann að lesa og skilja það, sem hann les. Það er krafa um meiri framkvæmdir á hinum víðtæku heimildum, því að heimild án framkvæmda taldi ég enga vörn, og það er hún heldur ekki. Síðan vitnaði hann orðrétt í niðurlagið á mínu nál., sem er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk alls þessa er nú augljóst mál, að engin alvara er hjá stjórnvöldum landsins um framkvæmd almannavarna. Embætti hefur að vísu verið stofnað og 1 millj. tekin á fjárlög, en það er líka allt og sumt. Getur nokkur maður talið, að þetta skapi þjóðinni öryggi?“

Er verið að heimta þarna, að dregið sé úr? Er verið að segja, að milljónin sé of mikið? Nei, það er verið að segja, að hún sé of lítil. Það er verið að heimta meiri framkvæmdir og gefa í skyn, að það mættu vera heldur þrengri heimildir samt, án þess að kæmi að tjóni. Þetta dugir hv. þm. engan veginn til að gera þau gífuryrði sín að sannleika, að Alþb.-þm. hafi krafizt þess, að engar almannavarnir séu í landinu.

Í framhaldi af þeim langa lestri um kommúnisma í dag fjasaði svo hv. þm. um allt milli himins og jarðar og sagði, að það væri kominn tími til að gera þjóðinni skiljanlegt, hvílíkir háskamenn kommúnistar væru. Ég hef ekkert á móti því, að hann verji kröftum sínum, það sem hann á eftir ólifað, til þess að gera þjóðinni þetta skiljanlegt, ef Morgunblaðinu hefur ekki tekizt þetta í áratuga baráttu sinni gegn kommúnisma. Ég held, að hann gerði vel í því að gera ekkert annað, það sem hann ætti eftir ólifað, heldur en berjast gegn kommúnisma með svipuðum hætti og hann gerði hér í dag.

Auk þess fór svo hv. þm. inn á það að tala um hervarnirnar. Ég var alls ekki að tala um hervarnir, og þetta frv. er ekki um þær. Það er um almannavarnir, og það er um framkvæmdina á þeim heimildum, sem í þessu frv. felast, sem ég var að tala, og hafði þar lagt orð í belg um, að það hefði þurft að leggja fram meira fé og búa betur að almannavarnastjóranum en enn þá hefur verið gert, svo að hann gæti skapað þjóðinni eitthvert öryggi.

Það var ég, sem hv. þm. átti orðastað við, og í tilefni af því var svo langur kafli í hans ræðu um það að sanna á mig og mína samflokksmenn tengsl við heimskommúnismann. Mundi honum nú vera það auðvelt að taka mörg dæmi og sýna fram á, að við hefðum látið íslenzk sjónarmið víkja í afgreiðslu mála á Alþingi Íslendinga og fylgt fram stefnu Rússa eða annarra erlendra þjóða eða stórvelda? Mundi honum verða það auðvelt? Mundi hann geta komið með mörg dæmi þess? Ef hann getur komið með dæmi, á hann að gera það. Hann talaði um grímu og eyrnamörk á mönnum í þessu sambandi. Ég skora á hv. þm., úr því að hann vill færast það í fang, að sanna með einhverjum haldgóðum rökum tengsl mín við heimskommúnismann eða viðurkenna ella, að hann hafi farið með fjas og fleipur. Ummæli mín öll í mínu nál. sóma sér miklu betur á prenti en þetta fleipur hv. þm., sem áreiðanlega á þó eftir að fara inn í þingtíð-

indin og standa þar á prenti. Brígzl hans um landráð i garð sinna þingbræðra sóma honum ekki.

Svo kom herfræðingurinn Gísli Jónsson og fullyrti: Hernaðarþýðing Íslands er sízt minni nú en nokkru sinni. — Um þetta veit hann auðvitað ekkert. Það er a. m. k. hægt að leiða rök að því, að hernaðarleg þýðing einstakra landa í námunda við almennar flug- og siglingaleiðir var miklu meiri í síðasta stríði, vegna þess að þá þurftu hernaðarþjóðirnar að hafa herbækistöðvar víða um heiminn. En nú, þegar vitað er, að bæði kjarnorkustórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, geta skotið sínum eldflaugum og sínum atómvopnum um heiminn þveran og endilangan, og ekki aðeins um hann allan, heldur til annarra hnatta, þá mætti álíta út frá leikmanns sjónarmiði, að hernaðarleg þýðing einstakra landa væri mun minni en með hinum gamla styrjaldarhætti. En þetta veit Gísli Jónsson, herfræðingurinn Gísli Jónsson, hann fullyrðir: Hernaðarleg þýðing Íslands hefur aldrei verið slík sem hún er nú. — Menn ráða því náttúrlega, eftir því, hvaða trú þeir hafa á herfræðilegri þekkingu hans, hvað mikið þeir leggja upp úr þessu.

Þá tók hann mjög undir kenningu síns ráðh. um það, að hlutleysið væri heimska. Það væri heimska og þjónkun manna við vinina í austri, landráð sem sé einu sinni enn. Það að fylgja hlutleysistefnu, það eru landráð, um það er ekkert að villast, — það er skoðun hv. 1. þm. Vestf. Það er margt um landráðamanninn í Svíþjóð, það er margt um landráðamanninn í Sviss eftir þessu. Heilar þjóðir aðhyllast þessa stefnu. Og ég vil álykta sem svo: Ef það eru landráð á Íslandi, eru það þá ekki landráð í Svíþjóð líka og í Sviss og í öðrum hlutleysislöndum? Kenningin er furðuleg. Vitanlega er hægt að deila um það, hvort smáþjóð sem við Íslendingar eigi að taka hernaðarlega afstöðu milli stórvelda og verða peð á því ægilega taflborði eða hvort þjóðin á að viðurkenna sig ekki bæra um að bera vopn nútímans, því að það erum við ekki. Við völdum ekki vopnum nútímans. Það gera raunar engar þjóðir nema stórveldin. Við segjum þess vegna: Við viljum vera hlutlaus þjóð og ekki taka neinn þátt í hernaðaraðgerðum á hvorugan veg. — Það er ómögulegt að segja annað en það sé hægt að færa fyllstu skynsemisrök undir hlutleysisstefnuna, og það er gert um víða veröld.

Þjóðum Sameinuðu þjóðanna hefur löngum verið skipt í tvær meginfylkingar, hernaðarþjóðirnar og hlutlausu þjóðirnar. Þær voru ekki margar, hlutlausu þjóðirnar, fyrir 10—15 árum í samtökum Sameinuðu þjóðanna. En hefur þeim fækkað? Hvað segja staðreyndir? Hefur þeim fjölgað? Hlutlausu þjóðirnar í félagsskap Sameinuðu þjóðanna eru að verða fjölmennasta blokkin innan þeirra merku alþjóðasamtaka. Svona er vitleysan að skoðun hv. 1. þm. Vestf. að breiða úr sér, og honum hugnast ekki aldeilis að því. Svona er þjónkunin við þá í austri að hertaka heiminn. Hver þjóðin á fætur annarri tekur upp hlutleysisstefnu. Þó er þetta heimska, og þó er það þjónkun við alheimskommúnismann.

Nei, ég held, að það væri sæmst fyrir hv. þm. að venja sig nú á gamalsaldri eitthvað svolítið af sínum svæsnustu gífuryrðum og sínum fáránlegustu fullyrðingum, a. m. k. að fara nú hvað úr hverju að búa sig að því leyti undir eilífðina að bregða ekki þingbræðrum sínum daglega um landráð og þess konar stórglæpi.

Hv. þm. bar mikinn kvíðboga fyrir því, að það skyldi eiga að ganga á þrykk út, það sem stjórnarandstaðan leyfði sér að segja í þskj., nál. og slíku, og það bætti ekki úr, þegar ræður þeirra eiga líka að fara í þingtíðindin. Þetta hefur verið haft svona lengi, og það hefur sitt hvað sézt á prenti í þessum skjölum. En maður heyrir það, að ef hv. þm. mætti ráða, þá yrði hvergi frjálsræði hér á Alþingi til að gefa út nál. nema eftir ritskoðun hans né heldur yrðu prentuð þingtíðindi. Þetta eru hans lýðræðislegu hugmyndir. Andstæðing má ekki leyfa að tjá sig. Þetta er virðing hans fyrir skoðanafrelsinu. Hann sagði, að öll þessi þskj. væru lesin í ríkisútvarpinu. Betur, að satt væri. En það er ekki svo. Og ég verð að segja það nú, að oft hefur kraumað vel um hlutleysi ríkisútvarpsins í framkvæmd, en þó aldrei eins og nú seinustu daga, m. a. í frásögnum af þessu máli. Þegar var verið að skýra frá nál. í þessu máli, þá var lesið nál. hv. meiri hl. nálega frá orði til orðs. Það var að vísu styttra en mitt, og ég get enga kröfu gert um það, að mitt nál. hefði verið lesið allt. En fréttamaðurinn það kvöld tók fram, að nú læsi hann lokakafla í mínu nál. En hann gerði það á þann veg, að án þess að geta þess felldi hann niður setningu á einum stað, og hvort sem það er af tilviljun eða ekki, þá var það þessi setning, sem hann felldi niður í hinu samfellda máli, sem hann sagðist lesa: „Hinn varði hluti Íslands er hættusvæðið, sem ráðgert er að flytja fólkið frá — eða grafa það í jörðu niður. Hinn varði hluti Íslands og varnarliðið svokallaða er hættuvaldurinn.“ Þessi setning var tekin út úr meginmáli í kafla og ekki getið um, að þarna væru felldar setningar úr. Ég tel þetta ekki viðunandi fréttaflutning frá Alþingi. Ég minnist þess, að þegar Helgi Hjörvar annaðist þetta verk t. d., þá sagði hann, ef hann vildi ekki, að það liti út fyrir hlustandanum sem hans skoðun, það sem þm. var að segja, þá skaut hann oft inn í lesmálið: „Segir þingmaðurinn“ — eða eitthvað þess konar, en ef hann felldi úr, þá sagði hann: „Hér er hlaupið yfir og nú les ég aftur.“ En að segjast lesa ákveðinn kafla og taka svo út eina eða tvær setningar, það er ekki hlutlaus lestur. Og ég víti þetta. Ég leyfi mér að halda á rétti mínum sem þm. að víta þetta, og ég vona, að það komi ekki fyrir hann oftar, fyrr en þá tekin er upp regla hv. 1. þm. Vestf. um að hætta að lesa þskj. stjórnarandstæðinga.

Annað í fréttalestri þetta kvöld var þó engu betra og jafnvel verra. Þar voru lesin í belg

og biðu fyrir hlustendum svör almannavarnastjórans, Ágústs Valfells, án þess að gefa hlustendum kost á að vita um spurningarnar. Það var þagað um spurningarnar, en svörin lesin. Hvers konar hlutleysi í fréttaflutningi er það? Ég vil vænta þess drengskapar af hæstv. dómsmrh., að hann láti ríkisútvarpinu berast orð um það, að það sé ekki þjónkun við ríkisstj. að fara svona að, því að vesæl væri sú ríkisstj., sem teldi sig ekki geta hangið við völd, nema skoðanafrelsið væri svívirt og því misþyrmt í ríkisútvarpinu, sem á að gæta hlutleysis. Og ég fullyrði það, að svo vesæl er þessi ríkisstj. ekki, að hún þurfi til slíkra úrræða að grípa. Og það er vafalaust ekki heldur gert með hennar vitorði.

Ég skal svo ekki verja meira máli á þennan hv. þm., sem stendur að baki sínum ráðh., en aðeins víkja örfáum orðum að þeirri till., sem bæði hæstv. ráðh. og þm. gerðu að umtalsefni, þ. e. a. s. 2. brtt. hv. þm. Valtýs Guðjónssonar. Það er till. hans um það, að í stað þess að Reykjavíkurborg sé skylt að stofna embætti og ráða framkvæmdastjóra til að framkvæma almannavarnirnar, þá verði því breytt í heimild. Hæstv. ráðh. féllst á þessa till. Það er væntanlegur húsbóndi almannavarnanna, sem féllst á þetta, sagðist ekki sjá neinn skaða skeðan með því, að þessu væri breytt úr skyldu í heimild. En hv. 1. þm. Vestf. er svo ákafur í sinni þjónustu, að hann sagði: Ég tel, að þetta sé ráðstöfun til þess að draga úr styrk almannavarna, og ég er á móti því og mæli gegn henni.— M. ö. o.: nú hefur hann í þjónustusemi sinni hæstv. dómsmrh., húsbónda sinn, fyrir þeim sökum, að hann vilji draga úr almannavörnum á Íslandi, og þarf ég þá að sjálfsögðu ekki að kveinka mér undan sams konar ásökun hans.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. bar fram til mín nokkrar spurningar, og er rétt, að ég svari þeim nú þegar, og hafði ég þó gert það strax í ræðu minni, þegar málið var hér síðast til umr. Í þeirri ræðu sagði ég m. a.:

„Þessi framkvæmdastjóri, sem ráðinn hefur verið, hefur gert ýtarlega grein fyrir því, að upphaf allra aðgerða er ýtarleg athugun og rannsókn á þeim hættum, sem fyrir hendi eru, og síðan athugun og skipulagning á þeim viðbrögðum, sem að athuguðu máli teljast nauðsynleg gegn þessum hættum. Það er fyrst, þegar þessari athugun er lokið, sem hægt er og skynsamlegt að taka ákvörðun um, hversu umfangsmikil þessi starfsemi eigi að vera."

Þessu lýsti ég yfir í minni fyrri ræðu, og sú yfirlýsing er algerlega tæmandi svar við þeim spurningum, sem hv. þm. bar fram.

Það er fyrst, þegar fyrir liggur sú athugun, sem nú á sér stað, sem tímabært er að gera tillögur um einstakar framkvæmdir og bera fram óskir til Alþingis um hærri fjárveitingar en nú eru veittar á þessum fjárlögum og till. gerð um á næstu fjárlögum. En það er athyglisvert, að hv. þm. fór lofsamlegum orðum um starf þess manns, sem ráðinn hefur verið sem framkvæmdastjóri almannavarnanna. Og þó að ég sé honum ekki sammála um margt í þessu máli, er ég honum fyllilega sammála að þessu leyti. Ég hygg, að það hafi þegar komið fram, m. a. í svörum þeim, sem hann hefur gefið hv. 4. landsk. þm., að þessi starfsmaður hefur á þeim stutta tíma, sem hann hefur haft til umráða, sett sig mjög rækilega inn í þessi málefni og getur nú þegar gefið þingheimi og stjórnarvöldum margvíslegar upplýsingar, sem við áður höfðum ekki aðgang að. Það er því algerlega rangt hjá hv. þm., að ekkert hafi verið aðhafzt í þessum málum. Það hefur verið gert, sem hlaut að verða upphafið, að ráða færan og hæfan starfsmann til þess að verða ráðunautur ríkisstj. og Alþingis í málunum, og framkvæmdastjóri um aðgerðir, þegar þar að kemur. En samræmið hjá hv. þm. um afstöðu sína til þessa góða starfsmanns er eftir öðru, því að á dögunum var hann að hæðast að því, að ég hefði ráðið þennan mann með heimild í rökst. dagskrá, og taldi þá heimild auðsjáanlega ófullnægjandi. (**HV:** Beinist það nú ekki að hæstv. ráðh. heldur en að manninum?) Hann var að hæðast að þeirri ráðstöfun. (**HV:** Já, það var að hæðast að ráðherranum.) Það er nú erfitt að skilja, í hverju háð hv. þm. oft er fólgið, eða yfirleitt hans hugsanagang, en efni málsins var það, að hann var að gefa í skyn, að ekki hefði verið næg heimild til ráðningar þessa starfsmanns og þannig hefði að heimildarlausu verið hafizt handa um upphaf aðgerða í þessum málum. En samtímis því fullyrðir hann, að nú þegar séu nægar heimildir og enga frekari lagaheimild þurfi til. En ef heimildirnar nú þegar eru ekki meiri en svo, að ekki mátti einu sinni ráða starfsmann til þess að vinna jafngott verk og hv. 4. landsk. þm. hefur viðurkennt að þessi starfsmaður hafi þegar unnið, þá er þar í hans eigin málflutningi strax komin fram sönnun fyrir því, að það er ekki rétt, að núgildandi lagaheimildir séu nógu víðtækar, enda vitnaði ég ekki um heimildina til þess að ráða þennan starfsmann í núgildandi lög um loftvarnir eða almannavarnir, heldur í fjárlagaheimildina, sem veitt var, þegar ákveðin var millj. kr. fjárveiting til almannavarna í núgildandi fjárlögum.

Hv. þm. vék svo að því, að ætlað mundi vera að greiða kostnað af rannsóknum um áhrif geislavirkni, — er það ekki kallað það, ég er ekki svo vel að mér í þessum tæknilegu heitum? — að ætlunin væri að greiða kostnað við þær rannsóknir af loftvarnafé. Ég hygg, að á þessu ári verði enginn annmarki á því að fara þannig að, því að kostnaður við framkvæmdir er ekki fyrirsjáanlegur verulegur á þessu ári umfram hálfs árs laun framkvæmdastjóra, og það er upphaf aðgerða í þessu máli að láta nauðsynlegar athuganir og rannsóknir eiga sér stað. Til þess hefur fé verið veitt á Alþingi, og það er fyrst, þegar

rökstuddar till. liggja fyrir, byggðar á þeim athugunum og rannsóknum, sem nú er verið að gera, sem tímabært verður að óska eftir hærri ákveðnum fjárveitingum. Þetta var ljóst tekið fram í minni fyrri ræðu, og er ástæða til þess að ítreka það nú aftur að gefnu þessu tilefni.

Varðandi ummæli hv. þm. um þingfréttaflutning í útvarpinu og afskipti mín af upplestri þingfrétta, þá veit hv. þm. það ósköp vel, að ríkisstj. hefur engin afskipti af upplestri þingfrétta eða ráðningu manns til þess starfs. Ég hef ekki heyrt eða grennslazt eftir því, fyrr en ég heyrði á skotspónum áðan nafn á þeim manni, sem nú les upp þingfréttir. Það er ríkisstj. gersamlega óviðkomandi að öðru leyti en því, sem við höfum okkar þingmannsrétt eins og hverjir aðrir til þess að kvarta undan, ef við teljum á okkur hallað. En mér skilst, að ef þm. telur, að þannig hafi verið með sig farið í þingfréttum, þá sé réttasta boðleiðin að koma kvörtun áleiðis til forseta Alþingis og skrifstofustjóra. Þetta ætti að vera óþarft að leiðbeina hv. þm. með, en vegna þess að hann beindi þessu til mín, er þó ástæða til að taka það fram.

Ég vil ekki segja, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hafi unnið til mikillar velsældar eða umbunar fyrir sín stjórnmálaafskipti. En ég verð þó að segja, að mér finnst helzt til þungur kross á hann lagður að eiga hv. 4. landsk. þm. fyrir málsvara hér á Alþingi, einnig í þessu máli. Það hefur verið sagt stundum, að syndararnir ættu að taka út gjöld sinna synda í öðru lífi, og ég efast ekki um, að hv. þm. eigi að gera það eins og við aðrir. En að menn þurfi strax í þessu lífi að taka út svo ferleg hefndargjöld eins og hv. 3. þm. Reykv. hefur þurft að gera með því að hlusta á ræður hv. 4. landsk., bæði nú og í fyrradag, það er meira en hægt sé að bjóða þolinmæði flestra manna. Og það leyndi sér ekki, að samkomulagið á bænum þeim er ekki harla gott, því að þó að hv. 4. landsk. þm. væri með ýmiss konar skot á mig og hv. 1. þm. Vestf., þá var þó einna harðast skotið á 3. þm. Reykv., því að þá tókst hv. 4. landsk. fyrst upp, þegar hann fór að tala um það óðagot og fjarstæðu, ef ætti að fara að sprengja upp flugvellina í upphafi styrjaldar. En það var einmitt hv. 3. þm. Reykv., sem hafði borið þá till. fram, og verður nú fróðlegt að heyra viðbrögð hv. 3. þm. Reykv., þegar hann fer að svara sínum — ég veit ekki, hvort á að kalla það flokksbróður eða a. m. k. bandalagsbróður í sinni næstu ræðu. E. t. v. verður bandalaginu þá slitið, vegna þess að miklar fregnir berast nú um, að til standi að gefa þessum margnefnda flokki nýtt nafn, m. a. í því skyni að losna við hv. 4. landsk. þm. úr fylkingunni.

En annars verð ég að segja, að það er ákaflega erfitt að rökræða við hv. 4. landsk. þm. Hann vildi halda því fram, að það væri gersamlega að tilefnislausu, að ég hefði lýst það rangt, þegar hann hafði það eftir hinum norska hershöfðingja, danska lækni og Ágústi Valfells, að þeir hefðu sagt, að það væri dvöl hersins eða varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem skapaði árásarhættuna á landið. Hv. þm. fullyrti, að það væri rangt hjá mér, að hann hefði í þessu mishermt. Síðan sagði hann svo alveg í sama orðinu, að ég hefði rétt fyrir mér, þegar hann vitnaði til ummæla Ágústs Valfells orðrétt og skýrði frá ummælum hershöfðingjans. Þær tilvitnanir hv. þm. voru alveg skýlaus sönnun þess, að ég hafði rétt fyrir mér, en hann hafði mishermt, þegar hann sagði, að þeir hefðu sagt, að það væri dvöl herliðsins eða varnarliðsins, sem skapaði árásarhættuna. Hv. þm. sagði svo í öðru orðinu, að það mætti deila um sínar ályktanir af þeirra orðum, en þeirra orð væri ekki hægt að vefengja. Það er alveg rétt, þeirra orð er ekki hægt að vefengja, en þau segja ekkert um það, að dvöl hersins eða varnarliðsins skapi þessa hættu. Orð Ágústs Valfells, þau sem hér hefur verið vitnað til, benda þvert á móti til hins gagnstæða. En það er hv. 4. landsk. þm., sem dregur þessar ályktanir af þeirra orðum. Að sjálfsögðu er honum heimilt að draga sínar ályktanir af orðunum, ef hann, eins og hann gerði áðan í öðru orðinu, tilgreinir rétt það, sem þeir segja, og svo verður hver að meta, hvort hann telur ályktun hv. þm. vera rökrétta afleiðingu af þeirra ummælum. En þetta virðist hann ekki skilja, mismuninn á þessu tvennu, og mann, sem ekki skilur jafnaugljósan hlut, er sannast sagt þýðingarlaust að ætla að rökræða við. Það er hægt að deila við hann, það er hægt að skamma hann og gera gabb að honum og alla mögulega hluti, en rökræður eru gersamlega þýðingarlausar, það er eins og að skvetta vatni á gæs að segja rök við Hannibal.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið á þessu stigi. Ég vil enn vekja athygli á hinum mjög mikla og djúptæka mun, sem er á skoðun hv. 4. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykv., og ég vil nú beina því til hv. 3. þm. Reykv., að hann láti leiðrétta missögn, sem er í hans blaði í morgun. Þar er sagt, að ég hafi gerzt sérstakur talsmaður þess, að það ætti að flytja Reykvíkinga eða flesta Íslendinga burt og láta þá búa — mig minnir sem melrakka í greni. Ég vék ekki einu orði að þessum brottflutningi í ræðu minni hér síðast. Það var einmitt hv. 3. þm. Reykv., sem fór mörgum orðum um nauðsyn brottflutningsins og að hann kynni, næst á eftir sprengingu flugvallanna, sem hv. 4. þm. landsk. fór sem háðulegustum orðum um, að verða helzta úrræðið til bjargar. Af einhverjum ástæðum hafa blaðamenn Þjóðviljans hér villzt á mér og hv. 3. þm. Reykv., og ég veit, að okkur er báðum jafnilla við að vera ruglað saman, svo að ég treysti því, að leiðréttingin birtist í Þjóðviljanum á morgun.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru nokkur atriði, sem fram komu í ræðum hv. 1. þm. Vestf. og hæstv. dómsmrh., sem ég þurfti nokkuð að svara. Hv. 1. þm. Vestf. mun nú vera fjarverandi, en ég verð engu að síður, af því að hann er ekki á landinu, að tala við hann sem væri hann hér. Hæstv. dómsmrh. mun ekki vera inni í augnablikinu, en hann er vanur að vera hér, svo að ég vona, að hann verði kominn, áður en ég kem að honum.

Hv. 1. þm. Vestf. byrjaði með því að tala nokkuð um sefjun, og það er máske rétt, fyrst á annað borð er farið að ræða þessi mál almennt, að það sé farið ofur lítið inn á þá sefjun, sem á sér stað á vissan máta og virðist vera að aukast nokkuð hér á landi. Ég á við þá sefjun, sem ég mundi kalla andkommúnisma, eða þessar ríku tilhneigingar, sem sprottið hafa nú upp aftur, þegar nazisminn er meira farinn að gleymast, til þess að líta svo á, að kommúnisminn eða sósíalisminn sé stefna, sem hin borgaralegu þjóðfélög eigi yfirleitt að hatast við. Það er komið nú svo í allmörgum þjóðfélögum, að þessi andkommúnismi er að verða slík sefjun, að hættulegt er. Það er bókstaflega farið að nota andkommúnismann sem skálkaskjól fyrir hvers konar forheimskun og siðspillingu, sem mönnum dettur í hug. Og það virðist vera orðið nóg, ef einhver t. d. meira eða minna siðspilltur maður kallar sig andkommúnista, þá þykir alveg sjálfsagt að gera þann hinn sama mann helzt hálaunaðan hjá ríkinu til þess að vinna jafnvel kannske að uppfræðslu æskunnar. Það er komið svo í öðrum þjóðfélögum, að andkommúnisminn er notaður beinlínis til þess að framkvæma glæpi. Og í einu ríki heims, Suður-Afríku, gengur þetta nú þegar svo langt, að andkommúnisminn og lög gegn kommúnistum eru þar notuð til þess að viðhalda þrælahaldi og hvers konar svívirðingum, sem allur heimurinn annars er sammála um að fordæma, allt saman undir þessu yfirskini, að það sé verið að vinna gegn kommúnismanum. Þetta er nákvæmlega sama fyrirbrigðið og setti einkenni sitt á áróðurinn á tímabilinu 1930—1940, þegar nazisminn var hvað sterkastur í veröldinni. Og það er vert fyrir alla þá, sem að einhverju leyti höfðu tengzt þeirri stefnu og harma þau tengsl nú í dag, að athuga vel og rækilega, hvert verið er að fara með þeirri stefnu, sem nú er verið að taka upp.

Einn helzti menntamaður og rithöfundur þessarar aldar, Thomas Mann, orðaði það svo eitt sinn, að: „der Antikommunismus sei die Grundtorheit unseres Jahrhunderts" — að andkommúnisminn væri höfuðheimska aldarinnar. Við höfum kynnzt svona fyrirbrigðum áður, við höfum kynnzt þeim í antisemítismanum eða gyðingahatrinu og öðru slíku, þegar reynt er að skapa slíka sefjun hjá almenningi og drýgja í blóra við slíka sefjun ekki aðeins heimskuleg verk og ill verk, heldur hin verstu glæpaverk og hleypa að lokum af stað styrjöldum, sem nú mundu verða enn þá hættulegri en sú styrjöld, sem Hitler hleypti af stað á móti kommúnismanum, eins og hann kallaði það, því að það bandalag, sem hann og Mussolini mynduðu, var, eins og menn vita, bandalagið gegn kommúnisma, það sama og öðru hvoru bregður við í þessum sölum í dag að Atlantshafsbandalgið sé. Þetta vildi ég nú aðeins segja, fyrst á annað borð hv. 1. þm Vestf. fór að minnast á sefjun.

Það er rétt, þó að það sé ekki vani minn, að ég minnist ofur lítið á það við hann, þar sem hann fór að tala um erindreka Rússa, — það er rétt að nota tækifærið til þess að fræða menn ofur lítið í þessum efnum. Það hefur sem sé aldrei komið fyrir í veröldinni, að við sósíalistar hefðum verið skoðaðir af auðvaldsins hálfu sem fulltrúar þeirra, sem við raunverulega erum, sem fulltrúar alþýðunnar í viðkomandi landi. Það hefur aldrei verið haldið öðru fram en við hlytum alltaf að vera erindrekar einhvers ills. Það væri rétt að rifja það upp fyrir hv. 1. þm. Vestf., hverra erindrekar við vorum taldir vera fyrir t. d. 1917, áður en sósíalisminn komst nokkurs staðar til valda í veröldinni. Jú, þeir harðskeyttustu andstæðingar kommúnista voru ekki í neinum vafa um, hvað ætti að telja sósíalistana í heiminum þá. Þeir voru erindrekar djöfulsins, þeir voru bara beinir fulltrúar djöfulsins á jarðríki, og þeir gengu meira að segja svo langt, að ef menn fletta upp í gömlum Suðra frá 1881, þá geta menn fundið þetta sagt um Gest Pálsson, þar sem talað er um, hvernig standi á, að svona menn séu ekki brenndir á báli, og menn geta fundið nokkuð svipað, þegar farið er tala um Þorstein Erlingsson. Þetta voru fulltrúar djöfulsins. Það var að vísu ekki búið að finna upp nein þráðlaus sambönd þá, en ef þau hefðu verið til, þá hefðu þeir vafalaust haft þráðlaust samband beint við helvíti. Og þeir, sem voru eitthvað ofur lítið mildari og vildu ekki telja þá beina erindreka djöfulsins, hvað kölluðu þeir þá? Þegar sósíalistar börðust á móti stríðinu 1914, þegar Karl Liebknecht afhjúpaði Krupp og vopnahringina þýzku í þýzka ríkisþinginu, hvað var Karl Liebknecht þá talinn vera? Hann var talinn vera erindreki franska kapítalismans. Og hvað var Jean Jaurez, foringi franskra sósíalista, talinn vera, þegar hann barðist á móti stríðinu í franska þinginu? Hann var talinn erindreki þýzka keisarans og myrtur síðan. M. ö. o.: af því að sósíalistar hafa barizt fyrir hag alþýðunnar í sínu landi og alþýðunnar í öllum löndum, þá hafa þeir af auðvaldinu alltaf verið taldir erindrekar einhvers þess versta, sem auðvaldið í hverju landi vissi þá. Ef það var sæmilegur friður, voru þeir beinlínis erindrekar djöfulsins, ef það var stríð, voru þeir erindrekar óvinarins. Ég segi þetta nú bara vegna þess, að okkur sósíalistum leiðist það ósköp mikið, að okkar andstæðingar skuli vera svo andlega fátækir, að þeir geti ekki fundið upp á einhverju öðru en aldagömlum lygum til þess að reyna að halda fram á móti okkur. (**Dómsmrh.:** Er

Sovétstjórnin og djöfullinn það sama?) Ég held, að auðvaldið hafi lengst af litið svo á, eða hvað segir hæstv. dómsmrh. um það? Ég er anzi hræddur um, að áróðurinn, sem á sér stað í sambandi við Atlantshafsbandalagið nálgist það ákaflega mikið.

En ef við eigum hins vegar að fara að tala um kölska í öllu þessu sambandi, þá skulum við minna á, hvað það var, sem Einstein sagði í þessum efnum, þegar hann var að tala um kjarnorkusprengjuna, svo að við víkjum nú aftur að alvarlegri efnum. Þess vegna held ég, að það sé bezt fyrir menn, þegar þeir eru að ræða þessi mál, að þeir reyni að halda sér við það, hverjir það eru, sem eigast við í hvert skipti. Það er alþýðan annars vegar, auðvaldið hins vegar, sem eru að berjast. Eftir að alþýðan tekur völd í nokkrum löndum heimsins, breytast þarna ýmsir hlutir, alþýðan verður sterkari, alþýðan hefur ríkisvaldið í sínum höndum og annað slíkt, og það breytist ýmislegt við það hvað snertir valdahlutföllin í veröldinni. En hvað afstöðu sósíalista í ýmsum löndum snertir, þá hefur ekki annað breytzt en það, að sósíalisminn sem heild er sterkari í veröldinni en áður var, en í hverju landi út af fyrir sig eru sósíalistar og þeir, sem með þeim standa, fulltrúar alþýðunnar í viðkomandi landi.

Þá kom hv. 1. þm. Vestf. inn á það, að árásarhættan hér á Íslandi væri bara frá austri, og það liggur svo sem í augum uppi, hvernig í þeirri skilgreiningu hans liggur. Vesturveldin hafa þegar hertekið okkar land og halda því herteknu og eru búin að halda því herteknu nú um áratugi og eru búin að innlima það í sitt herkerfi, þannig að ef vesturveldin og austurveldin taka að stríða, þá er svo sem alveg gefið, hvaða hætta hlýtur að vofa hér yfir.

Svo að síðustu kom hv. 1. þm. Vestf. inn á það, hve ægileg yfirráð alheimskommúnismans væru og hvernig sósíalistar hér á Íslandi væru nú fulltrúar fyrir þennan voðalega alheimskommúnisma. Já, það er bezt að segja það eins og það er. Áhrif þess, sem hann kallar alheimskommúnisma, eða þess, sem við köllum sósíalisma, hafa á einu ákveðnu tímabili hér á Íslandi verið einna sterkust. Og menn hafa fengið forsmekk af því, hvernig sósíalisminn mundi koma til með að líta út, svo framarlega sem sósíalistar væru sterkastir. Það var það tímabil, þegar Sósfl. var í samstjórn með Alþfl. og meiri hl. Sjálfstfl. Það var tímabil, þegar afkoma manna á Íslandi, afkoma allrar alþýðu hefur verið sú bezta, sem hún hefur verið nokkurn tíma. Það var tímabil, þegar sífelldar kauphækkanir hjá almenningi áttu sér stað. Það var tímabil, þegar komið var upp nokkrum vísi af áætlunarráði til þess að skipuleggja nýsköpun atvinnuveganna á Íslandi og þegar ráðizt var í meiri framkvæmdir í sambandi við atvinnumál en gert hefur verið nokkurn tíma ella. Það var tímabil, þegar vísitalan var lögboðin á allt kaupgjald og framkvæmd. Það var tímabil, þegar ríkisrekstur var meiri á Íslandi en hann hefur verið nokkru sinni ella. Það var tímabil, þegar viðskipti við sósíalistísku löndin voru meiri en þau hafa verið nokkurn tíma annars. Það var tímabil, þegar almannatryggingakerfi var gert fullkomnara hér á Íslandi en það hefur nokkurn tíma verið fyrr né síðar. Það var tímabil, þegar sett var löggjöf í húsnæðismálum, þar sem róttækari ákvæði voru sett, ekki aðeins viðvíkjandi útlánum, heldur líka viðvíkjandi vöxtum, heldur en nokkurn tíma hafa annars verið í gildi á Íslandi. Þetta var það tímabil, þegar áhrif sósíalismans, eða eins og hv. 1. þm. Vestf. mundi kalla það, alheimskommúnismans, hafa verið sterkust á Íslandi í samstarfi við meiri hl. Sjálfstfl. og Alþfl. Og ég held, að menn fordæmi yfirleitt ekki það tímabil á Íslandi. En það var ekki nema nokkur forsmekkur af því, hvernig þó mundi vera, ef sósíalisminn væri sterkari á Íslandi en hann reyndist þá. Og hvað gerðist þá í utanríkismálum á Íslandi m. a.? Það gerðist það, að Bandaríki Norður-Ameríku fóru fram á að fá herstöðvar hér til 99 ára. Hvað gerðist? Vafalaust var sumum illa við þetta, það þarf svo sem ekki að spyrja að því, en það, sem var undarlegra, það var, að íslenzka þjóðin og allir stjórnmálaflokkar á Alþingi urðu sammála um að neita þessari kröfu. Þeir urðu sammála um að neita henni út frá þeirri forsendu, sem þáv. forsrh. og núv. einnig orðaði, að við Íslendingar óttuðumst, að ef við fengjum þeim þessar herstöðvar, þá ætti að stjórna okkar gamla landi frá þeirra nýja landi. Og það vildum við ekki láta gera. Það er þess vegna alveg gefið, hvað það mundi verða kallað í dag að neita Bandaríkjunum um herstöðvar til 99 ára á Íslandi. Það mundi verða kallað að reka erindi heimskommúnismans, og það gerðu þá allir stjórnmálaflokkar á Íslandi, allir sammála um að neita þessari kröfu Bandaríkjanna. Ég held, að það væri því rétt af þeim hv. þm., sem hugsa eitthvað svipað og hv. 1. þm. Vestf. gerir, að láta bera sem minnst á þeim hugsunum og a. m. k. segja þær ekki opinberlega. Það er svo fyrir neðan ekki bara velsæmi, heldur líka meðalgreind, að láta í ljós slíkar vitleysur eins og þar koma fram. Það er ákaflega hart, og mér þykir leitt að þurfa að tala við gamlan og roskinn mann eins og hv. 1. þm. Vestf. eins og barn eða æstan ungling, og mér þykir þess þess vegna mjög vænt um að geta rætt við hæstv. dómsmrh. sem fullorðinn mann, þegar ég kem að honum.

Hæstv. dómsmrh. rökræddi þessi mál. Og hann byrjaði með því að segja og raunar kryfja til mergjar, — og í því vil ég gjarnan taka þátt með honum, — hvaðan stafar hættan fyrir okkur. Og ég verð að segja, að mér þykir ákaflega vænt um, ef það er hægt að ræða þessi mál með rökum hér í þinginu, og ég segi það vegna þess, að annaðhvort reynum við að ræða þessi mál með rökum og skyn-

semi nú eða við ræðum þau aldrei, af því að við verðum allir dauðir, þegar afleiðingarnar af því, að við höfum ekkert gert, koma í ljós. Hvaðan stafar hættan? Hæstv. dómsmrh. segir: Hún stafar af hernaðarlegri legu landsins. — Ég skal verða síðastur manna til að bera á móti því, að Ísland hefur hernaðarlega þýðingu og lega landsins hefur hernaðarlega þýðingu. En mér liggur við að spyrja: Hvar á hnettinum mætti Íslandi vera staðsett, til þess að Bandaríkin vildu ekki hafa herstöðvar á því? Ég þekki ekkert land vestan til í Evrópu, sem Bandaríkin vilja ekki gjarnan hafa herstöðvar í. Flyttum við Ísland austur eftir Miðjarðarhafinu, nær Tyrklandi, þá væri sama upp á teningnum. Þótt við vildum skella því niður fyrir sunnan Íran, þá verður sama upp á teningnum. Þó að við flyttum það enn þá austar og einhvers staðar í námunda við Japan, þá verður sama upp á teningnum. Svo að segja hvar sem er, þá virðast Bandaríkin vilja hafa herstöðvar, sérstaklega a. m. k. ef landið er einhvers staðar í námunda við Sovétríkin. Jafnvel þó að við flyttum Ísland inn í Karabíska hafið, settum það við hliðina á Kúbu, skyldu ekki Bandaríkin vilja hafa herstöðvar í því eins og á Kúbu? Hvar á hnettinum gætum við sett Ísland niður, þannig að við værum öruggir um, að Bandaríkin vildu ekki hafa herstöðvar í því? Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um, að það er ekki hernaðarlega legan ein, sem þetta ákvarðar. Það koma huglægir þættir þarna inn í, annars vegar ósk eins ákveðins ríkis, Bandaríkja Norður-Ameríku, eftir því að hafa herstöðvar sem allra víðast, og afstaða valdamanna á Íslandi til að láta herstöðvar í té. Við skulum taka land, sem er ekki mjög langt frá okkur, Irland, sem hefur hernaðarlega legu ekki alveg ólíka okkur, þótt hún sé kannske minni, vegna þess að England stendur til boða fyrir Bandaríkin. Þar hafa valdamennirnir verið á móti því að ljá herstöðvar, og það hefur ekki dregizt inn í Atlantshafsbandalagið eða inn í herstöðvar, þannig að við sjáum, að það er ekki hernaðarlega þýðingin ein eða legan ein, sem þarna er um að ræða. Gangandi samt sem áður út frá, að legan út af fyrir sig hafi gildi, þá hlýtur spurningin að vera sú, sem fyrir manni liggur: Það er tvennt hægt að gera: það er hægt að auka hernaðarlegt gildi landsins og auka þannig á hættuna, og það er hægt hins vegar að reyna með öllu móti að draga úr hernaðarlegu gildi landsins og draga þannig úr hættunni.

Þá skulum við fyrst athuga, hvað mundi verða gert til þess að auka hernaðargildi landsins og þar með hættuna.

Í fyrsta lagi, ef við setjum niður flugvelli hér á Íslandi, þá er alveg óhjákvæmileg afleiðing þar af, að það eykur hættuna, eykur hernaðarlegt gildi og eykur hættuna, og það held ég að við hljótum að geta verið sammála um, jafnvel að maður gæti máske kveðið svo sterkt að orði, að þá sé fyrst fyrir alvöru sköpuð hætta á árásum á landið. Við munum eftir, hvað fyrsta verkið var, sem Bretar gerðu, þegar þeir hertóku Ísland. Hvað var eitt fyrsta verkið? Það var að grafa skurðinn uppi á Sandskeiði. Uppi á Sandskeiði höfðu verið framkvæmdar miklar æfingar áður, meðan Íslendingar sumpart undir leiðsögn þýzkra manna voru að æfa sig í sviffflugi, og Englendingarnir, sem vafalaust hafa fylgzt með því, hafa óttazt, að Þjóðverjar mundu e. t. v. nota Sandskeiðið til að lenda flugvélum, og byrjuðu á því að grafa þar skurði til þess að hindra, að þar væri hægt að lenda. Það var greinilegt, að eitt af því, sem Englendingarnir óttuðust þá, var, að Þjóðverjarnir kynnu e. t. v. að lenda flugvélum á Íslandi, á söndunum hér, og vildu koma í veg fyrir slíkt, þannig að það var greinilegt, að ensk hernaðaryfirvöld gengu út frá því, að flugvellir eða þeir staðir, sem nota mætti sem flugvelli, væru einhver aðalhernaðarhættusvæðin.

Ef við viljum athuga frekar um að auka hernaðargildið og þar með hættuna, þá skulum við taka sem nr. 2 að setja her á flugvellina, þ. e. næst eftir því að hafa flugvelli, sem væru borgaralegir flugvellir, að setja her á flugvellina. Ég held, að við þyrftum að vera sammála um, að það hlyti að auka hernaðargildi landsins og þar með auka hættuna. Segjum, að í sambandi við slíka flugvelli setjum við enn fremur upp mikið radarkerfi, og nýlega var ég einhvers staðar að sjá það, að m. a. til þess, að kafbátar, sem væru m. a. undir ísnum í Norður-Íshafinu, gætu tekið mið, þyrftu þeir að geta haft samband við radarstöðvar, bæði hér á Íslandi og annars staðar. Við skulum segja, að við setjum upp svo og svo mikið af radarstöðvum hér, þá hlýtur það að auka hernaðargildið og auka hættuna.

Við skulum svo segja í þriðja lagi, að við setjum upp flotastöðvar hér, setjum upp t. d. flotastöð í Hvalfirðinum og útbúum þar lægi fyrir kafbáta líka og útbúum jafnvel neðanjarðarbyrgi þar. Ég held, að það sé engin spurning um það, að við hlytum að verða sammála um, að slíkt eykur hernaðargildið og eykur hættuna.

Við skulum svo segja í fjórða lagi, að við komum hér upp kjarnorkuflugvélum, flugvélum, sem bera kjarnorkusprengjur. Það má deila um það, hvort þær væru hugsaðar til árásar eða hugsaðar til varnar, en í öllu falli, ef hér væri kjarnorkuflugvélafloti, þá held ég, að við hlytum að vera sammála um það, að hann yki hernaðargildi landsins og yki hættuna.

Hv. 1. þm. Vestf. var svo róttækur í sinni ræðu, að hann sagði, að hann vildi hafa hér nógu sterkar varnir, sem óvinirnir treystu sér ekki til að reyna að brjóta niður. Ég held, að það litla, sem við höfum hugmynd um varnir nú á tímum, þær hugmyndir segi okkur, að það séu ekki til þær varnir, sem sé ekki hægt að brjóta niður. A. m. k. er okkur sagt, að þegar talað sé um 100 megatonna sprengjurnar, þá séu þær hugsaðar á þær stöðvar,

sem eldflaugunum er skotið frá, og við þykjumst náttúrlega vissir um það, að engir staðir í veröldinni munu af hálfu kjarnorkuveldanna eins vel varðir og einmitt þær stöðvar, sem ætlaðar eru til þess að skjóta frá eldflaugum með kjarnorkuvopnum í. Og 100 megatonna sprengjur væru hugsaðar til þess að eyðileggja slíkar stöðvar, þannig að ef við færum nú að ráðum hv. 1. þm. Vestf., þá þyrftum við að setja hér upp miklu fleiri flugvelli, miklu meiri her og útbúa í þeim herstöðvum kjarnorkueldflaugaflota, m. ö. o. einmitt seiða að okkur þessar sömu 100 megatonna sprengjur, sem forstjóri almannavarna, Ágúst Valfells, sagði einmitt, að ekki mundi verða kastað á Ísland, þótt stríð yrði, vegna þess að það þyrfti ekki svo stórar sprengjur til þess að eyðileggja Keflavíkurflugvöll. M. ö. o.: ef farið væri að till. hv. 1. þm. Vestf., mundum við gera ráðstafanir til þess að seiða að okkur þær sprengjur, sem við vorum að vonast eftir að sleppa við, af því að Keflavíkurflugvöllur væri þó ekki ægilegri en hann er.

Ég hef rakið þetta hér, hvað þessir hlutir mundu þýða, ef farið væri inn á þá stefnu að auka hernaðargildið. Það hlyti að þýða að auka hættuna. Ekkert í því að auka varnirnar mundi skapa okkur aukið öryggi, heldur aðeins skapa okkur örugga tortímingu. Ég held þess vegna, ef við ræðum þá afstöðu gagnvart legu Íslands og hugsanlegu hernaðargildi þess að auka hernaðargildið, þá hljótum við að vera sammála um, að það þýði að auka hættuna og stofna okkar þjóð í enn þá meiri hættu, hennar lífi, hennar tilveru, heldur en ella.

Þá komum við að spurningunni um hina stefnuna: Eigum við að reyna að draga úr hernaðargildi Íslands? Það, sem ég álít að til þess þyrfti að gera og við Alþb.-menn erum sammála um, það er, að til þess ætti að fá herinn í burtu, draga úr hættunni með því að fá herinn í burtu, með því að leggja niður herbúnaðinn, með því að lýsa yfir hlutleysi Íslands. Ég hef áður fært rök að því og þau hafa ekki verið hrakin, að brottflutningur hersins og hergagnanna mundi þýða, að það ætti að vera hægt að forða Íslandi frá því að lenda í kjarnorkustríðinu í byrjun, ef það brytist út. Nú mundi ég segja, að öll mín hugsun í sambandi við hugsanlegt stríð og okkar viðbrögð miðast við það, að í byrjun stríðsins sé ægilegasta hættutímabilið, vegna þess að í byrjun stríðsins sé eldflaugunum skotið beggja vegna frá á öll þau skotmörk, sem andstæðingarnir hvorir um sig álíta hættuleg. Ég held þess vegna, og tek ég þó fram, að ekki er ég herfróður maður, að höfuðatriðið sé fyrir okkur að sleppa út úr þeim skelfingum, sem verða á fyrstu klukkutímum og fyrstu dögum styrjaldarinnar. Þess vegna skaut ég því hér fram persónulega sem hugmynd frá mér, leikmanni í þessum efnum, að við ættum jafnvel ekki að horfa í það, ef við héldum, að það gæti eitthvað bjargað, að vera við því búnir að eyðileggja alla flugvellina, sem við héldum að ófriðaraðilar ella gætu notað. Ég skal vissulega viðurkenna, að slíkt er óyndisúrræði. Við vitum allir, hvað flugvellirnir eru okkur dýrmætir og hvað hart er að þurfa að vera að eyðileggja slík verðmæti, sem eru upp á hundruð milljóna króna, ef ekki meira. Og ég veit, að það er alveg rétt, að það er hægt að hindra flugvélar í því að lenda, eins og bent var hér á af hv. 4. landsk. þm., — það er hægt að hindra flugvélar í að lenda á flugvelli með því að setja t. d. þótt ekki væri meira en benzíntunnur og ýmislegt slíkt skran út á flugvöllinn, — þá er hægt að gera ómögulegt að lenda þar, það hefur oft verið notað. En það, sem er erfiðleikinn í sambandi við slíkt, er, að ef styrjaldaraðilarnir hleypa niður fallhlífaliði á flugvelli eða nærri þeim, þá getur slíkt fallhlífalið á nokkrum klst. sópað öllu slíku skrani burt af viðkomandi flugvelli, og komi síðan flugvélar frá styrjaldaraðila, geta þær lent fyrirhafnarlaust á þessum flugvelli, sem sé nokkrum klukkutímum eftir að við höfum sett þessar benzíntunnur og annað slíkt út á hann. Þess vegna væri það sama hættan fyrir okkur, að hægt væri að taka slíkan flugvöll og hann væri undireins nothæfur fyrir styrjaldaraðila í upphafi styrjaldarinnar, strax jafnvel á fyrsta degi. Hins vegar ef flugvellir eru sprengdir í loft upp og gersamlega eyðilagðir, þá er margra vikna verk a. m. k. að koma þeim í lag á ný, og þó að einhver styrjaldaraðilinn tæki landið, setti niður fallhlífarlið, landher og sjóher og annað slíkt, þá tekur það alltaf nokkrar vikur að koma þessu í lag, þannig að slíkar herstöðvar, sem flugvellir þá yrðu, hefðu aftur það hernaðargildi, að hinum styrjaldaraðilanum fyndist borga sig að fara að setja sprengjur á þá, og þá værum við búnir að vinna þann tíma, sem ég álít dýrmætastan til þess að reyna að bjarga lífi þjóðarinnar, búnir að vinna nokkra daga í byrjun slíks hildarleiks til þess að reyna að flytja okkar fólk burt frá þeim svæðum, sem yrðu hér aðalhættusvæðin. Ég álít líka, að við ættum að reyna að athuga það, hvers konar ráðstafanir við gætum gert í sambandi við Hvalfjörð, hvort við gætum á einhvern hátt eyðilagt það. Ég skal ekki segja, hvort við ættum sjálfir að hugsa það, að leggja þar tundurduflum eða öðru slíku eða gera ráðstafanir til þess, að ekki heldur væri hægt að nota hann þannig í byrjun. En ef við værum sammála um, að við vildum reyna að hindra, að okkar þéttbýli yrði sprengt sundur á fyrstu klukkustundum stríðsins, ættum við beinlínis að reyna að útvega okkur upplýsingar um þetta og ráðgast við — við skulum segja þá Bandaríkjamenn, sem eru herfróðir í þessum efnum. Ef við vildum ekki að öllu leyti treysta þeim, af því að þeir væru annar aðili í slíku, þá gætum við talað við vinaþjóðir, sem við vitum að eru herfróðar mjög, eins og t. d. Svía, og spurt þá beinlínis ráða í þessum efnum.

Ég álít, að við ættum sem sé að reyna að draga úr hernaðargildi Íslands, og okkar fyrstu

ráðstafanir eru að fá herinn burt og hergögnin, vera við því búnir á einn eða annan máta, sem við kæmumst að beztri niðurstöðu um, að draga úr gildi flugvallanna, hindra notkun Hvalfjarðar og reyna svo enn fremur að fá t. d. tryggingu fyrir því, að ekki verði ráðizt á okkar land. Það er alveg rétt, að menn geri sér það í hugarlund, hvort slíkt væri bara fróm ósk eða hvort slíkt væri unnt. Ég vil benda á, að Austurríki hefur alveg nýlega hlotið slíka aðstöðu með samkomulagi milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna og fleiri stórvelda, þ. e. hlutleysi, sem þessi stóru veldi viðurkenna og lofa að virða.

Nú er óhugsandi, vegna þess að Ísland hefur haft svo mikið hernaðargildi, að nokkur aðili af þessum stórveldum gæti fallizt á það að vilja veita Íslandi slíka tryggingu. Maður getur kannske skilið það, og sérstaklega þeir, sem nú þegar hafa Ísland, ættu erfitt með slíkt, ef þeir gera ákaflega mikið úr hernaðargildi þess. Ég vil benda á nokkur atriði í sambandi við þá hlið.

Mér óherfróðum finnst, að hernaðargildi Íslands hafi minnkað á síðustu árum: Í fyrsta lagi vegna þess, að þær eldflaugar, sem nú eru búnar til af aðalkjarnorkustórveldunum, eru orðnar svo miklu langdrægari, að það virðist hafa miklu minni þýðingu fyrir þessa aðila að reyna að koma sínum herstöðvum meira og meira í nánd hvorum við aðrar. Og því langdrægari sem eldflaugarnar verða, því meiri á möguleikinn að verða fyrir okkur hér á Íslandi að sleppa. Í öðru lagi, það er að vísu hrein getgáta hjá mér, en einhvern veginn hef ég fengið þá hugmynd, að Bandaríkjamenn hafi fyrir 4—5 árum tekið þá ákvörðun að hafa þann aðalflugvöll, sem þeir treysti á hér á norðurslóðum, í Grænlandi, og að þeir geri ekki eins mikið úr Keflavíkurflugvelli og þeim og kannske okkur hætti við að gera áður, þannig að hernaðarleg þýðing hans, — öfugt við það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að hernaðarleg þýðing hans væri meiri nú en nokkurn tíma fyrr, — að hernaðarleg þýðing Keflavíkurflugvallar og þar með Íslands væri þess vegna minni en fyrr. Þetta eru atriði, sem við hljótum að geta gengið úr skugga um. Og ekki vil ég ætla hæstv. ríkisstj. annað en það, að þó að hún sé vinveitt Atlantshafsbandalaginu og álíti sig hafa vissar skyldur gagnvart þeim, sem hún skoðar sem sína pólitísku samherja i veröldinni, þá ætla ég henni samt ekki annað en það, að hún mundi vilja, ef hún sæi, að það væri hægt útlátalaust svo að segja fyrir hennar samherja, reyna að koma Íslandi sem mest út úr þeirri styrjaldarhættu, sem yfir vofir.

Allar þessar hugmyndir, sem ég er með í þessu sambandi, byggi ég á því, að aðalatriðið fyrir okkur Íslendinga sé að sleppa í byrjun. Og ég vil vekja athygli á því, sem forsætisráðherra Sovétríkjanna, Krúsjeff, sagði nú nýlega í sambandi við þá hættu, sem skapaðist út af Kúbu-málinu, að heimurinn hefði staðið á barmi kjarnorkustyrjaldar, þar sem strax í byrjun hefði verið barizt með kjarnorkuvopnum, þannig að þessi ægilegi möguleiki er atriði, sem er rétt fyrir okkur að horfast í augu við. Ég held þess vegna, að þó að við værum nú sammála um, að lega landsins hefði visst hernaðarlegt gildi, þá hlyti það að vera stefna okkar sem Íslendinga að draga úr þessu gildi og finna út allar þær ráðstafanir, sem við gætum til þess, en auka ekki á þetta gildi með því að vígbúa Ísland meir og meir.

Þá kom hæstv. dómsmrh. inn á það, að það væri nú ekki víst, að það yrði kjarnorkustyrjöld, sem brytist út, við gætum ef til vill gert okkur von um, að þetta yrði gamaldags styrjöld. Ég er hræddur um og vil aftur benda á þá yfirlýsingu, sem ég var að nefna, eftir forsætisráðherra Sovétríkjanna, að ef um styrjöld væri að ræða á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, þá gætum við ekki gert okkur mikla von um, að það yrði annað en kjarnorkustyrjöld, a. m. k. ef hún brytist út nú bráðlega. Og við vitum, að öll hertækni Bandaríkjanna hefur verið miðuð við það að heyja kjarnorkustyrjöld. Þau ráð voru tekin af Bandaríkjastjórn og þeirra herstjórn, þegar Bandaríkin álitu sig hafa einsömul kjarnorkuvopn í veröldinni. Og þau hafa þess vegna hlaðið upp ákaflega miklu af kjarnorkuvopnum og hafa gengið út frá því að hafa á því sviði yfirburði yfir sína andstæðinga, yfir sína hugsanlegu andstæðinga. Ég held, að herstjórn Bandaríkjanna gangi út frá því, að hún eigi nú til umráða um 35 þús. megatonn, en Sovétríkin muni ekki eiga nema um 15 þús. megatonn. Og enn fremur held ég að herstjórn Bandaríkjanna gangi út frá því, að þetta hlutfall fari versnandi fyrir Bandaríkin, sem mundi þýða, að það væri viss tilhneiging hjá herstjórn Bandaríkjanna, ef þeir álitu hlutfallið fara versnandi, að leggja heldur í stríðið, ef þeir álitu það óhjákvæmilegt, fyrr en síðar. Ég er þess vegna ákaflega hræddur um, að ef Sovétríkin og Bandaríkin færu í stríð, þá yrði það kjarnorkustríð frá upphafi með öllum þeim hættum, sem við erum allir sammála um að því fylgi.

Þá minntist hæstv. dómsmrh. á, að nú þegar væru ýmis ríki í styrjöld sín á milli eða væru að heyja alls konar landamæraskærur, án þess að beitt væri kjarnorkuvopnum. Það, að það skuli hafa verið háðar á undanförnum árum margar styrjaldir, án þess að kjarnorkuvopnum væri beitt, og milli einstakra landa, það sannar ekkert um, ef kjarnorkuveldin legðu í stríðið, að þau beiti ekki frá upphafi kjarnorkuvopnum, því miður.

Þá er einnig annað, sem er rétt fyrir okkur að gera okkur ljóst, ef við erum að gera okkur vonir um að sleppa með, að það verði gamaldags styrjöld, en það er, að hættan vex með hverju árinu sem nú líður á því, að fleiri og fleiri ríki fái kjarnorkuvopn. Það er ótti, sem við erum ekki einir um að bera í brjósti. Kjarnorkuklúbburinn, eins og hann hefur verið kall-

aður, þ. e. Sovétríkin, Bandaríkin og Bretland, kannske Frakkland með, þau bera nákvæmlega þennan sama ótta í brjósti. Öll þessi ríki, svo andstæð sem þau eru innbyrðis á ýmsan veg, þá óttast þau það, að fleiri ríki fái kjarnorkuvopn og þá verði enn þá erfiðara að komast að nokkru samkomulagi um bann við kjarnorkuvopnum. Nehru forsætisráðherra Indlands var nú einhvern daginn að gefa yfirlýsingu um það, að hann áliti, að Kínverjar mundu verða búnir að koma sér upp kjarnorkuvopnum innan tveggja ára. Og ég veit, að sumir álíta, að það muni máske ekki einu sinni líða svo langur tími þangað til, og munu þeir þó ekki fá aðstoð til þess frá þeim, sem ella eru þeirra pólitísku samherjar. Sama hefur gilt um samstarfsríki vesturveldanna, eins og Vestur-Þýzkaland. Það er vitanlegt, að Bandaríki Norður-Ameríku hafa ekki viljað láta vestur-þýzka herinn fá aðgang að kjarnorkuleyndarmálunum, en það er hins vegar líka vitað, að vestur-þýzki herinn hefur haft vissa samvinnu við frönsku stjórnina, við de Gaulle, um þær kjarnorkusprengingar, sem Frakkar hafa framkvæmt í Sahara, og eins framúrskarandi efna- og eðlisfræðingum og Vestur-Þjóðverjar hafa á að skipa, þá getur maður nokkurn veginn gert sér í hugarlund, hve langt þeir muni vera komnir að finna út sjálfir þessa leyndardóma, þótt þeim gefist ekki tækifæri upp á eigin spýtur enn þá að gera tilraunir með þetta og verða jafnvel að reyna að hafa nána samvinnu við Frakka til að láta gera slíkar tilraunir. Og við getum rétt hugsað okkur það, hvernig sem við annars lítum á hin ýmsu ríki, að þegar Vestur-Þýzkaland og Kína og fleiri til væru farin að framleiða kjarnorkuvopn, hvað mikið þyrfti þá til þess að kveikja í heiminum, þannig að ef það hefði ekki tekizt, á meðan þessi 3 eða í hæsta lagi 4 ríki hafa kjarnorkuvopn, sem nú hafa þau, — og raunverulega eru þau ekki nema 3, sem hafa þau í nokkrum verulegum mæli, — þá sjáum við, hvernig við erum raunverulega staddir daglega á yztu brún, á barmi kjarnorkustyrjaldar í þessum efnum. Ég vil aðeins minna á, hve nærri hefur legið, vegna þess að menn hafa séð rangt á þeim radarskermum, sem þeir eiga að fylgjast með flugvélum í, að menn hafa mistekið grágæsahópa fyrir flugvélar og allur kjarnorkufloti Bandaríkjanna hefur verið settur í notkun, — hve tæpt hefur verið, að kjarnorkustyrjöld gæti hlotizt af mistökum. Ég vil benda á samtímis, því að alltaf eru á sveimi kjarnorkuflugvélar frá hálfu Bandaríkjahers með kjarnorkuvopn innbyrðis, að það þarf ekki nema að nokkrir flugmenn, — einn flugmaður mun ekki geta gert það, — nokkrir flugmenn geri samtök innbyrðis í einni flugvél til þess að kasta sprengjum, og slíkt getur orðið til þess að hleypa af stað styrjöld, og við getum hugsað okkur, þegar ofstækið og pólitísk blindni væri farin að verða algeng í einum her, hvað lítið þyrfti til, að þess háttar samtök sköpuðust. Jafnvel þó að æðstu valdamenn viðkomandi ríkis, sem reyna að hafa þetta í höndum sér, hleyptu ekki slíku af stað, þá gætu einstakir menn fundið upp á að gera þetta. Og þó vil ég segja, að mér óar það kapp, sem maður varð var við af hálfu forseta Bandaríkjanna í sambandi við Kúbudeiluna nú nýlega. Það getur verið hættulegt atriði að fara að gera metnaðinn að aðalatriði, þegar líf mannkynsins hangir á veikum þræði. Ég veit, að lífsþreyttir auðmannasynir í Bandaríkjunum iðkuðu þá íþrótt fyrir nokkrum árum að aka sínum fínu bílum á sínum góðu vegum með 150—200 km hraða beint hver á móti öðrum, og sá tapaði, sem vék. M. ö. o.: ef slíkt kapp á að fara að verða þar, sem fengizt er við heimsstjórnmálin, þá erum við komnir út í kjarnorkustyrjöld, áður en við vitum af. Og ég held, að þeir ungu menn, sem falin hefur verið að miklu leyti forsjá Bandaríkjanna nú, megi alvarlega gá að sér. Það kann að vera, að fyrir kosningarnar þar hafi verið kosningaskjálfti í slíkum mönnum. En meira að segja þó að menn vilji henda bombum í kosningum, þá ættu menn að láta sér nægja kosningabombur, en ekki atómbombur. Það er óþarfi að leika sér þannig með örlög heimsins.

Ég held þess vegna, að sú von hæstv. dómsmrh., að við hér á Íslandi gætum kannske sloppið með gamaldags styrjöld, sé því miður ekki á rökum reist. Þjóðir suður í Afríku og Asíu og Suður-Ameríku geta háð gamaldags styrjöld, án þess að hún snerti okkur mikið nema sem manneskjur almennt, svo sorgleg sem styrjöld er. En ef kjarnorkustórveldin fara í stríð, þá held ég, að sú hætta, sem við erum að tala um, vofi yfir okkur.

Þá vildi hæstv. dómsmrh. koma inn á það, að sósialistisk ríki í heiminum væru einu hugsanlegu árásaraðilarnir og auðvaldsríkin í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku væru hins vegar einhverjir englar. Þá erum við komnir inn á annað svið. Það sem af er höfum við rætt um afstöðu okkar lands og okkar þjóðar og hvort við gætum gert okkur vonir um að forða okkar þjóð út úr styrjöld eða undan afleiðingum styrjaldar. Nú hins vegar erum við komnir inn á alheimsstjórnmálin, og það er að vísu velkomið, fyrst farið er að vekja máls á því, að ég ræði þau líka nokkuð, og þá skulum við athuga, hvernig þar stendur.

Hæstv. dómsmrh. hættir við, þegar hann talar um auðvaldsríkin í Vestur-Evrópu, að titla þau venjulega sem lýðræðisríki. Vissulega eru í hópi þeirra ríkja ýmis af lýðræðisríkjum. En þar eru líka ríki, sem fyrst og fremst einkennast af öðru, fyrst og fremst einkennast af því að hafa verið og vera að nokkru leyti enn voldugustu auðmannastórveldi heimsins, stórveldi, sem höfðu um síðustu aldamót skipt veröldinni upp á milli sín. Og við skulum, þegar við ræðum um þetta, gæta þess að gera góðan greinarmun þarna á. Annars vegar eru ákaflega skikkanleg lýðræðisríki, eins og þau ríki, sem okkur standa næst, Norðurlöndin. En hins vegar eru ríki, við skulum taka Bretland, ríki, sem sjálft heima fyrir hefur verið lýð-

ræðis- og jafnvel þingræðisland og jafnvel eitt af þeim, sem rutt hefur braut í þeim efnum í Evrópu, en hefur verið út á við eitthvert harðvítugasta harðstjórnarveldið, sem í heiminum hefur þekkzt, ríki, sem um síðustu aldamót hafði fjórða hluta heimskringlunnar undir sínu valdi og stjórnaði með harðstjórn heiman að, að vísu harðstjórn, sem venjulega var framkvæmd af mjög miklu hyggjuviti og mjög mikilli slægð, og ensk yfirstétt má eiga það, að það hafa fáar yfirstéttir sögunnar verið eins klókar í því að vita, hvenær þær geta ekki lengur haft völd, og kunna þess vegna að láta undan í tíma. Auðveldi Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku höfðu sem sé um síðustu aldamót og eftir þau verið búin að leggja undir sig mestallan heiminn, skipta upp heimsálfum eins og Afríku, búta þau niður í nýlendur, ráðið beint eða óbeint yfir hálfri Asíu, gert hálfa heimsálfu eins og Suður-Ameríku að raunverulegum nýlendum sínum, eins og England, Þýzkaland og seinna meir Bandaríkin höfðu raunverulega gert. Hvað er það svo, sem hefur verið að gerast á síðustu áratugum, og sérstaklega sú þróun, sem gengið hefur hratt fyrir sig eftir stríð? Það, sem hefur verið að gerast, er, að þjóðirnar í öllum þessum löndum heims, í Asíu, í Afríku, í Suður-Ameríku, hafa verið að rísa upp og varpa af sér oki þessara auðmannastétta í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Það, sem maður mundi kalla þjóðernislega byltingu eða sjálfstæðisbyltingu, sem hefur verið að gerast í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku, er það, sem framar öllu hefur einkennt tvo síðustu áratugi. Og þar er nú svo komið, að allur þorrinn af þessum þjóðum er búinn að ná stjórnarfarslegu sjálfstæði. Sem sé, þessar þjóðir, sem áður voru að mestu nýlendur, eru orðnar pólitískt eða stjórnarfarslega sjálfstæð ríki, og viðurkennd sem slík. Hvað hefur gerzt um leið? Það hefur gerzt um leið, að þessi stórveldi í Evrópu hafa í vaxandi mæli farið að því mjög skynsamlega fordæmi Breta, sem þeir sýndu gagnvart Indlandi eftir uppreisnina 1947, að láta undan í tíma og bíða þess ekki, að það yrðu byltingar í þessum löndum, byltingar, sem þá venjulega hefðu ekki aðeins orðið sjálfstæðisbyltingar, heldur máske líka oft stétta- eða þó fyrst og fremst bændabyltingar. Brezka auðvaldið hefur haldið sínum tökum á atvinnulífinu. Brezka auðvaldið hefur haldið sínum tökum á atvinnulífi Afríkunýlendnanna, sem það hefur gefið sjálfstæði. Unilever hefur sín tök á Gullströndinni og öðrum fornum nýlendum Breta, þó að þetta séu nú orðin sjálfstæð ríki, og um leið og eitthvert af þessum ríkjum vill fara að ganga þarna lengra og þjóðnýta eignir þessara voldugu auðhringa, þá er hrópað upp um, að nú sé kommúnisminn að brjóta sér þarna braut. Og ég held, að það sé ákaflega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, að við skiljum aðstöðu þessara þjóða. Við höfum skilið aðstöðu margra þessara þjóða og oft skorið okkur til heiðurs úr, og það gildir líka með núv. stjórnarflokka, þegar t. d. bandamenn okkar í Atlantshafsbandalaginu áttu í hlut. Ísland stóð með Alsír gagnvart Frakklandi, og er þó í sjálfum Atlantshafsbandalagssáttmálanum gengið út frá því, að nýlendur Frakka í Norður-Afríku séu eitt af því, sem Atlantshafsbandalagið eigi að verja, sem nú er búið að gera að sjálfstæðum ríkjum með 7 ára styrjöld, — styrjöld, þar sem Atlantshafsbandalagið hefur lagt til allmikið af þeim her, sem Frakkar hafa beitt.

Við Íslendingar þurfum að skilja þá efnahagslegu byltingu, sem nú er að byrja í þessum löndum Asíu, Afríku og Suður-Ameríku, alveg eins og við höfum skilið þeirra sjálfstæðisbyltingu. Mundum við Íslendingar hafa álitið sjálfstæðisbaráttu okkar lokið, ef danskir aðalsmenn eða danskir stórjarðaeigendur eða danski konungurinn hefði átt meginið af öllum jarðeignum á Íslandi? Nei, við mundum tvímælalaust ekki hafa álitið okkar sjálfstæðisbaráttu lokið. Og það er ástandið, sem allur þorrinn t. d. af Suður-Ameríkuþjóðunum býr við í dag, að útlendir auðhringar eigi meginið af allri jörð síðan. Við Íslendingar mundum ekki heldur hafa álitið okkar sjálfstæðisbaráttu lokið, ef Titan eða önnur erlend auðfélög hefðu átt fossana hér á Íslandi, átt raforkuverin við þessa fossa og stóriðjuverin við þessa fossa. Og ég vil minna á, að 1923 áttu útlend félög alla fossa á Íslandi, sem hugsanlegt var að virkja, nema Sogið. Og það var einungis fyrir ráðstafanir Alþingis þá, að þessi eign útlendinga á öllum dýrmætum fossum á Íslandi, allri Þjórsá, var eyðilögð, sem gerði okkur mögulegt nú fyrir nokkrum árum að geta þess vegna keypt Þjórsá aftur, vatnsmagnið í Þjórsá, fyrir 3 millj. kr. af Titan, ég á við af því félagi, sem það átti. En þetta er aðstaðan, sem þorrinn af þjóðunum í Afríku og víðar á við að búa, að þessar auðlindir þeirra eru eign erlendra auðfélaga. Við Íslendingar mundum ekki heldur hafa álitið sjálfstæðisbaráttu okkar lokið, ef t. d. sænskir eða norskir eða danskir útgerðarmenn hefðu átt verstöðvarnar hérna á Íslandi, síldarbryggjurnar á Siglufirði, eins og sænskir og norskir menn áttu fyrir 1923. Við mundum álíta, að það væri mikið eftir enn þá í okkar sjálfstæðisbaráttu að ná þessu í eigu okkar Íslendinga sjálfra. Þetta er hins vegar það, sem allur þorrinn af þessum þjóðum á enn þá við að búa. Og þegar þeir hlutir gerast eins og gerast t. d. á Kúbu, þá er það vegna þess, að þessir þjóðernissinnar, — liggur mér við að segja, Castro og þeir, sem þar tóku völdin, — það, sem þeir reka sig á, undireins og þeir ætla að fara að ráða yfir atvinnulífi síns lands, eru hótanirnar frá útlendu valdi á móti þeim, þannig að þeir, sem upphaflega höfðu alls ekki ætlað sér að þjóðnýta þetta, verða að fara í það hvert stigið af öðru að taka eignir útlendu hringanna eignarnámi og framkvæma þannig raunar sósíalistíska byltingu í landinu löngu fyrr en þeir höfðu ætlað sér,

bara vegna þess að vald útlendu auðhringanna í viðkomandi löndum er svo mikið, að það er ekki hægt við þá að ráða, ef þeir beita sínu valdi, öðruvísi en að þjóðnýta þeirra eignir. Það, sem við þess vegna megum búast við á *næstunni í öllum þessum heimsálfum*, Ameríku, Afríku, Asíu, það er, að þessar sjálfstæðu þjóðir sæki þennan rétt sinn að ráða sjálfar auðlindum og atvinnulífi síns lands, alveg eins og við Íslendingar mundum hafa gert, ef við hefðum átt þá eitthvað eftir af okkar sjálfstæðisbaráttu.

Ég vil vekja athygli á því, að það eru fáar *þjóðir heims, sem þó hafa verið eins og* við í nýlenduaðstöðu um tíma, sem standa eins og við þannig, að ekkert útlent kapítal, ekkert útlent fjármagn sé í viðkomandi landi. Og þá vil ég einmitt benda hæstv. dómsmrh. á, hver er afstaða þeirra, sem hann kallar lýðræðisríkin í Evrópu, en ég mundi kalla gömlu nýlenduveldin í Evrópu, gagnvart þessari *sjálfsögðu lífsbjargarviðleitni og sjálfstæðisviðleitni* þessara þjóða á verzlunarsviðinu? Jú, afstaðan er sú, að þessi ríki og það einmitt ríki, sem eru í Atlantshafsbandalaginu, hafa á undanförnum árum gerzt sek um að vera árásaraðilar hvert á fætur öðru og verið fordæmd sem slík af sjálfum Sameinuðu þjóðunum. Ég skal minna á Holland með sinni árás á Indónesíu. Holland ræðst á Indónesíu til þess að reyna að viðhalda sínu gamla nýlenduveldi, og eru þó vissulega tök hollenzka auðvaldsins allsterk enn þá þar, og Sameinuðu þjóðirnar fordæma Holland fyrir og Holland er meðlimur í Atlantshafsbandalaginu. Ég vil minna á England og Frakkland. Þau ráðast á Egyptaland, sem hafði verið í raunverulegri *nýlenduafstöðu gagnvart* Englandi, og verða fyrir því sama, fordæmd af Sameinuðu þjóðunum, eru í Atlantshafsbandalaginu. Ég vil minna á Portúgal, sem ég efast jafnvel um að hæstv. dómsmrh. mundi kalla lýðræðisríki og mundi líklega vera sammála mér fyrst og fremst um að einkenna það sem auðmannaveldi og gamalt nýlenduveldi, — ég vil minna á afstöðu Portúgals gagnvart Angóla og gagnvart sínum nýlendum öðrum, sem líka hefur verið fordæmt af Sameinuðu þjóðunum, og Portúgal er eitt af Atlantshafsbandalagsríkjunum. Það hefur því greinilega komið í ljós, að einmitt þessi gömlu nýlenduveldi, eins og Holland, England, Frakkland, Portúgal, eru árásaraðilar, sem ganga svo berlega til verks, að á undanförnum áratugum hafa þau verið fordæmd af Sameinuðu þjóðunum fyrir það. Ég segi þetta aðeins til að minna á, að það er ekki rétt að slá því fram, að einu sjálfsögðu árásaraðilarnir í veröldinni væru hin sósíalistísku ríki.

Ég vil svo benda á, hvað það er, sem er að gerast núna, bara þessa dagana, sem getur orðið til að hleypa heimsstríði af stað. Það er, að Bandaríkin séu að undirbúa árás á Kúbu eða leyfa gagnbyltingarmönnum, sem hafa aðsetur í Bandaríkjunum og í þeim ríkjum, sem Bandaríkin hafa mikil tök á, að undirbúa slíka árás á Kúbu. Og þarna er um að ræða einmitt eitt af þeim fátækustu ríkjum, sem er að losa sig úr nýlenduaðstöðu, taka sínar auðlindir í eigin hendur, en rekst þar á hagsmuni hinna voldugu auðhringa, þannig að eitt af því, sem styrjaldarhættan stafar af enn í dag í heiminum, er einmitt þetta, að þessir gömlu, voldugu auðhringar Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku vilja halda í sín sérréttindi, halda í sitt vald og beita til þess jafnvel því að hleypa af stað styrjöld, ef það dugir ekki öðruvísi.

Ég vil þess vegna, fyrst hæstv. dómsmrh. *lýsti skoðun sinni á* þessum málum, lýsa minni skoðun. Ég álít, að hættan á styrjöld í heiminum í dag stafi af auðvaldinu, stafi af auðmannastéttinni, stafi af þeim, sem eitt sinn voru kallaðir kaupmenn dauðans, þeim ægilegu hergagnahringum, sem samtvinnaðir eru nú með stærstu auðhringum heimsins, þeim aðilum, sem hafa gróða af því að búa þjóðirnar út í stríð og halda jafnvel sjálfir, að þeir geti haft gróða af því enn þá að heyja stríð, þótt það sé mikill misskilningur. En ofstæki og gróðafíkn slíkra auðhringa gæti orðið til þess að fórna mannkyninu á þeirra altari. Ég held þess vegna, hvaða afstöðu sem menn annars taka gagnvart kapítalisma og sósíalisma, þá verði menn að gera sér það ljóst, að þarna liggur ein höfuðhættan á heimsstyrjöld nú.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um, að það væri varnarkeðja frjálsræðisins, sem væri í hættu, ef eitthvað yrði linað með varnirnar svokölluðu á Íslandi. Eigum við nú að vera að nota þessi hátíðlegu orð um þetta? Er það ekki of mikið að segja, að Tyrkland og Portúgal séu óhjákvæmilegir hlekkir í varnarkerfi frjálsræðisins í heiminum? Ég held, að þróunin, sem við þvert á móti sjáum fyrir okkar augum, sé sú hryggilega þróun, að í þessum ríkjum, sem eitt sinn ruddu lýðræðinu í Evrópu braut með byltingum, eins og Frakkland, þar sé nú að komast á meira og meira persónulegt einræði, þingræðið nú þegar afnumið, og enginn veit, hvenær meira eða minna ódulinn fasismi kynni að skella þar yfir. Ég held, að við verðum þvert á móti að horfast í augu við, að innan sjálfra ríkja Atlantshafsbandalagsins sé hættan á, að lýðræðið fari halloka, því miður vaxandi.

Ég veit, að um þetta verðum við hæstv. dómsmrh. vafalaust ekki sammála, þó að við gætum e. t. v. orðið sammála um eitthvað af því, sem ég ræddi fyrr, og það þýðir máske ekki fyrir okkur að eyða löngu máli í að reyna að sannfæra hvor annan um þetta, þó að við hins vegar höfum hvor sína skoðun og lýsum henni. En eitt vil ég taka fram í þessu sambandi. Hagsmunir þess fólks, sem í sósíalistísku ríkjunum býr, geta aldrei verið að leggja út í styrjöld. Hver sá, sem kynnt hefur sér að einhverju leyti t. d. Sovétþjóðirnar, sem á þeim 45 árum, síðan byltingin varð þar, hafa orðið að eyða 20 árum í styrjaldir eða uppbyggingu úr rústum styrjalda, getur varla

efazt um, að þær þjóðir langi ekki í styrjöld á ný, — þjóðir, þar sem svo að segja hver einasta fjölskylda hefur átt um sárt að binda vegna þess, að hún hefur staðið í eins ægilegri styrjöld og styrjöldin við Hitler var. Og við skulum muna það, að í öllum þessum sósíalistísku ríkjum er öll hergagnaframleiðsla þjóðnýtt, þannig að það eru engir einstaklingar, sem hafa þar hagsmuni af hergagnaframleiðslunni. Og mér liggur stundum við að halda, að hergagnaframleiðslan í auðvaldslöndunum mundi ekki vera rekin af því ægilega kappi, sem hún er rekin, svo framarlega sem í þessum löndum væru allar hergagnaverksmiðjurnar þjóðnýttar og enginn auðmaður og ekkert auðfélag græddi neitt á því að framleiða vopn, heldur yrðu aðeins sjálf að borga skattana af því, að ríkisverksmiðjurnar yrðu að framleiða vopnin. Þeir, sem hafa athugað vel sögu styrjaldarinnar 1914—1918, vita, hvernig hergagnaframleiðendurnir beggja vegna víglínunnar höfðu samband sín á milli um það að lengja það stríð, hvernig enskir hergagnaframleiðendur og enska ríkisstj. vissi af því, að sleppt væri í gegn vörum til Þjóðverja, sem þá skorti, þannig að þeir gætu haldið áfram stríðinu. Það eru menn, sem hafa athugað til fullnustu það, sem þar gerðist bak við tjöldin. Þeir vita, hve ægilegt vald hergagnahringarnir eru í auðvaldsheiminum.

Ég efast ekki um, að hæstv. dómsmrh. segir það, sem hann meinar, þegar hann orðaði það svo, að herstöðvar hér væru okkar framlag til þess að reyna að hindra stríð. En þar byggir hann á þeirri trú sinni, á þeirri skoðun sinni, að árásarhættan stafi einvörðungu frá sósíalistísku ríkjunum. Ég held þess vegna, að ef við færum að hugsa þetta, þótt við kæmumst ekki lengra en það, að við færum að slá því föstu, að stríð gæti skollið á, meira að segja fyrir misskilning, slysni eða annað slíkt, þá held ég, að þessi rök, að sósíalistísku ríkin væru svo hrædd við herstöðvarnar hérna á Íslandi, að þau þess vegna þyrðu ekki að leggja í stríð, mættu sín hverfandi lítils. Ég held, að þegar við athugum þau mál ofan í kjölinn, þá mundum við komast að þeirri niðurstöðu, að herstöðvarnar hér dragi aðeins að sér hættuna og að þetta framlag okkar til þess að skelfa sósíalistísku ríkin væri ekki svo mikið, að það réði úrslitum um, að þau færu ekki að hefja styrjöld. Ég held meira að segja, ef við reyndum að kalla til hlutlausa herfræðinga, sem athuguðu, hvernig keðjan er hér í nánd við okkur, England, Færeyjar, Noregur, svo Grænland, að þeir mundu komast að þeirri niðurstöðu, að herstöðvarnar á Íslandi mundu ekki valda slíkum hugsanlegum árásaraðila þeim beyg, að hann aðeins þess vegna hætti við að fara út í styrjöld. Nei, ég held, að það, sem sé aðalatriðið fyrir okkur í þessum efnum, sé að reyna fyrst og fremst að ræða þessi mál niður í kjölinn hér innanlands og út á við að reyna að vera aðili, sem ber sættir á milli, sem reynir að draga úr tortryggni þessara stórvelda hvers gagnvart öðru, af því að enn þá höfum við a. m. k. borið gæfu til þess hér heima að geta talað hverjir við aðra um þessi mál og a. m. k. að einhverju leyti reynt að skilja hver annan.

Þá kom hæstv. dómsmrh. að síðustu að hlutleysi Íslands og minnti þar á, að ég hefði sjálfur oft sýnt fram á það, að hlutleysi, þó að maður vildi því gjarnan viðhalda, gæti orðið lítils eða einskis virði. Það er alveg rétt, og það hef ég aldrei dregið í efa, að það er hægt að gera hlutleysi einskis virði. Það er hægt að gera samninga, og það er hægt að rjúfa þá samninga. Við vitum báðir, að Belgía hafði t. d. slíka ábyrgð 1914, og Þjóðverjar rufu á henni yfirlýsingu um að fara ekki með her þar í gegn. En sýnir það um leið, þótt þetta komi fyrir, að hlutleysi sé þess vegna almennt einskis virði? Svíar hafa nú komizt hjá styrjöldum í Evrópu hátt á aðra öld. Þeir meta sitt hlutleysi mjög hátt, og þeir reyna líka að verja það hlutleysi. Engu að síður mun það álit ríkisstj., að þeir hefðu þó dregizt inn í síðasta stríð, Þjóðverjar hefðu ráðizt á þá, svo fremi sem Sovétstjórnin hefði þá ekki lýst því yfir, að henni væri að mæta, ef ráðizt yrði á Svía. A. m. k. lét Erlander forsrh. þau orð sér um munn fara, að sænska ríkisstj. ætti Sovétstjórninni mjög mikið að þakka í þeim efnum. Engu að síður meta Svíar sitt hlutleysi hátt, og þeir eru viðbúnir að verja það. Svisslendingar hafa nú um allmargar aldir komizt hjá því að lenda í styrjöldum á milli þeirra landa, sem hafa barizt þar hringinn í kringum þá. Þeir reyna líka að verja sitt hlutleysi. Þeir meta það mjög mikils og vilja ekki sleppa því. Austurríki hefur nýlega gengið í hóp þessara hlutlausu landa og er þó þarna í mjög miklum brennipunkti. Þó býst ég varla við, að þeir hafi tiltölulega eins góðar varnir og Svíar eða Svisslendingar, og þeir eru ekki heldur eins einangraðir frá náttúrunnar hendi. En þeir meta þetta hlutleysi, og þeir vilja reyna að viðhalda því.

Vissulega getur skapazt það ástand í veröldinni, að slíkir aðilar risi upp eða nái völdum í einu landi, að hlutleysið verði lítils virði, það verði hætta á, að það sé meira að segja ekki virt. Slík hætta skapaðist t. d. fyrir okkur Íslendinga, eftir að nazisminn komst til valda í Þýzkalandi. Þá komst til valda flokkur, sem engu skeytti um neitt af því, sem mennirnir höfðu álitið að keppa bæri að fram að því, — flokkur, sem strikaði alveg yfir allt, sem lýðræðis- og mannréttindabyltingar Evrópu og Norður-Ameríku höfðu skapað á undanförnum 3—4 öldum. Hæstv. ráðherra minnti á, að ég hefði þá einmitt bent á, í hverri hættu hlutleysi Íslands væri. Og það er alveg rétt. Þótt ég hafi mikla tilhneigingu til að vera bjartsýnn og gera mér góðar vonir, hef ég reynt að vera eins raunsær og ég hef haft þekkingu til á, hvaða hættutímar vofi yfir Íslandi. Og eftir að nazisminn var kominn til valda í Þýzkalandi, þóttist ég sjá, að þar væri risinn upp aðili, sem mundi ekki virða hlutleysi

Íslands. Og ég vil bara minna á 17. marz 1939 hér í þessum sal, þegar þýzk sendinefnd var á leiðinni hingað til þess að semja um að fá lendingarstöðvar hér á Íslandi fyrir flugvélar, Lufthansa, þá vakti ég athygli á því með fsp. til þáv. forsrh., hvaða hætta hér væri á ferðum, og lýsti því nokkuð, hvers konar hætta ég áliti að kynni að stafa af Hitler, og hlaut m. a. frá hálfu Sjálfstfl. þær ásakanir fyrir, að það væru landráð að vera að afhjúpa slíkar fyrirætlanir Hitlers. Hvað hafði ég lagt til á þeim árum, þegar ég sá, að þarna var risið upp veldi, sem mundi ekki virða neina samninga og taka tillit til neins? Mér var falið af hálfu Sósialistaflokksins að tala 1. des. 1938, þegar 20 ára fullveldisafmælisins var minnzt. Og ég sagði, að með þeim hættutímum, sem nú væru orðnir, þ. e. a. s. rétt eftir München-samningana, í desember 1938, München-samningarnir voru gerðir í septemberlok 1938, nýbúið að ofurselja sem sé frelsi Tékkóslóvakíu, þá sagði ég, að ég áliti, að Ísland ætti að reyna að fá fjögur stórveldi í heiminum til þess að taka að sér ábyrgð á hlutleysi Íslands, og nefndi þessi stórveldi, það voru England, Frakkland, Bandaríkin og Sovétríkin, — fjögur stórveldi í heiminum, sem vitað var, að öll voru þá undir niðri á einn eða annan máta andvíg Hitlers-Þýzkalandi. Og það var vitað, að yfirlýsing þessara stórvelda, ef hún væri fáanleg um það, að þeim væri að mæta, svo framarlega sem hlutleysi Íslands væri misboðið, mundi vera ákaflega mikil trygging fyrir okkur Íslendinga. Það voru þessi fjögur stórveldi, sem 3—4 árum seinna áttu eftir að sameinast í það, sem kallað var Sameinuðu þjóðirnar, í heimsstríðinu við Þýzkaland, þannig að óraunsætt var það þó ekki að koma fram með þessa till. Hvað var hins vegar sagt, þegar ég bar þessa till. fram? Jú, það var sagt tvennt. Það var annars vegar reynt að snúa út úr þessu á þann máta, að ég vildi fá einhverjar herstöðvar hér á Íslandi, sem var alveg þveröfugt, — í sambandi við slíkar ábyrgðaryfirlýsingar stórvelda hefur það alls ekki tíðkazt og aldrei verið framkvæmt, að neitt þeirra fengi neinar herstöðvar í viðkomandi landi, enda væri þar um allt annað mál að ræða, — og hins vegar auðvitað, að ég væri að reka erindi Rússa. Þannig var tekið á svona málum, ef reynt var að ræða raunhæft um þessa hluti.

Við Íslendingar höfum sem sé haft þá sérstöðu, meðan við vorum og vildum vera hlutlaust land, að við vorum ekki færir um og var óhugsandi að við værum færir um að verja okkar land á sama máta og t. d. Svisslendingar eða Svíar geta varið sitt. Við hlutum þess vegna að reyna að fá okkur einhverja aðra vernd en vopnavernd. Og sú vernd gat raunverulega aðeins verið sú, ef hægt væri að fá helztu stórveldi heims til að lýsa því yfir, að þetta litla land með þessari fámennu þjóð ætti að fá að vera hlutlaust og friðhelgt og þau, þessi stórveldi, mundu ábyrgjast, að svo væri. Mér hefur aldrei fundizt óhugsandi að fara fram á það við stórveldi heimsins, að þau gæfu svona yfirlýsingu. Og ég er enn þeirrar skoðunar, að jafnvel ef það gæti á annað borð heyrt undir Sameinuðu þjóðirnar að taka að sér slíkt, þá sé Ísland og íslenzk þjóð slík undantekning í allri veröldinni, að það væri þá ekki ástæða til þess með nokkurt land og nokkra þjóð að fara inn á slíkt, að taka ábyrgð á þess friðhelgi. Þetta vildi ég segja út af spurningunni um hlutleysi. Ég held, að hlutleysið sé enn þá bezta og raunhæfasta pólitíkin, sem Ísland getur tekið upp.

Þá spurði hæstv. dómsmrh., hvort það væri virkilega svo, hann sagði það út af rökst. dagskrártill. hv. 4. landsk., að við treystum hæstv. ríkisstj. betur en okkur sjálfum, meira að segja betur en vinstri stjórninni á sínum tíma, til að taka ákvörðun um brottflutning hersins. Ég vil segja það, að ég er svo bjartsýnn maður, að hvenær sem kringumstæður breytast þannig, að þær kringumstæður kalli á breytta afstöðu, þá held ég, að það sé hægt að fá meiri hl. alþm., ef hann fæst til þess að rökræða málin án hleypidóma, til að taka sönsum, til að taka rökum. Ég álít, að svo og svo margir menn úr núv. stjórnarflokkum og líka núv. hæstv. ríkisstj., það mundi vera hugsanlegt, ef þeir sannfærðust um breyttar kringumstæður, að fá þá til að taka upp breytta pólitík. Ég er ekki bölsýnni en þetta á mína andstæðinga. Og ég álít, að eins og þróunin í heiminum er á þessum árum, ekki sízt nú, þegar við nýlega erum búnir að standa á barmi kjarnorkustyrjaldar og getum staðið á barmi hennar aftur eftir nokkra daga, þá held ég, að við hljótum að geta gert þær kröfur hver til annars og verðum að hafa það álit hver á öðrum, að við getum við breyttar kringumstæður breytt um stefnu og breytt um afstöðu.

Þá talaði hæstv. dómsmrh. um, að ef Ísland yrði hlutlaust, þá mundi skapast hér valdatóm og það valdatóm mundi fljótt verða fyllt af einhverju valdi — og mér skildist á honum austrænu valdi. Ef við tölum um þessi mál frá þessu harðvituga diplómatíska sjónarmiði, þá skal ég vissulega viðurkenna, að það eru ekki frá sjónarmiðum stórveldanna mörg valdatóm í veröldinni, og þau eru vön því sín á milli svo að segja að skipta veröldinni upp í áhrifasvæði. Við Íslendingar höfum fengið að vita af því. Við Íslendingar vorum fram til 1941 á valdasvæði eða áhrifasvæði Englands, Stóra-Bretlands, og ég held, að það sé gott, að við minnum á það hérna, og við skulum alveg gera okkur ljóst, hvenær var skipt um áhrifasvæði á Íslandi, og mér þætti satt að segja vænt um, ef hugsanlegt væri að fá staðfestingu þeirra manna, sem þá voru í ríkisstj. og höfðu tækifæri til þess að fylgjast með þeim hlutum. Ég held, að það hafi gerzt, þegar samið var á milli Bandaríkjastjórnar og Bretastjórnar 1941, þegar Bandaríkjamenn vildu láta Breta fá 50 gamla tundurspilla og fengu í staðinn m. a. afhentar sér til handa á leigu allar

herstöðvar Breta í nýlendum þeirra í Vesturheimi til 99 ára. Þá held ég, að Bandaríkin hafi farið fram á að fá afhentar herstöðvar á Íslandi til 99 ára, en Bretarnir eða Churchill hafi sagt: Við getum ekki gert það, því að Ísland er sjálfstætt land, en við skulum reyna að sjá um, að íslenzk ríkisstj. skapi Bandaríkjunum möguleika til þess að ná slíkri aðstöðu. — Það, sem gerist svo eftir þessa samninga, er, að brezk ríkisstjórn segir 24. júní 1941: Nú verðum við að fara með her okkar burt af Íslandi, og við álítum óþægilegt og hættulegt, að hér skapist nokkurt — ég veit ekki, hvort ég má nota orðið valdatóm, — hér skapist aðstaða til þess, að einhverjir stærri aðilar kunni að geta tekið landið. Þess vegna leggjum við til, að þið biðjið Bandaríkin um hervernd. — Og með 24 klukkutíma úrslitakostum er ríkisstj. Íslands 24.—25. júní 1941 gert það að biðja Bandaríkin, eins og stóð í samningnum, af frjálsum vilja um hervernd. Og ameríski herinn er síðan settur á land hér 7. júlí og Alþingi kemur saman 9. júlí til þess að samþykkja þetta á eftir. Ég hafði tækifæri til þess að fylgjast með þessu í Bretlandi. Það var á sama tíma og Bretarnir segja í bréfum, sem síðan voru birt af konsúlnum hér heima, að Bretarnir verði að fara með sinn her burt af Íslandi, þess vegna verði Bandaríkjamenn að koma hingað, þá segir Churchill í sinni ræðu 9. júlí í brezka þinginu: Við áttum ekkert að fara með okkar her af Íslandi. En við getum ekkert haft á móti því, að bandarískur her komi til Íslands, vegna þess að Íslendingar eru sjálfstæð þjóð og hafa sjálfir beðið þá um það. — Ég skildi alveg, hvað gamli Churchill fór. Hann var að tala við sína brezku imperialista, sem fannst það satt að segja hart að verða að afhenda Ísland Bandaríkjunum fyrir 50 gamla tundurspilla og allar herstöðvar sínar í Vesturheimi og fannst Bandaríkin ganga skarplega að sér, þegar þau höfðu tökin á því. Churchill var þess vegna að tala við sína gömlu konservatívu imperialista í þinginu og sýna þeim fram á, að hann hefði ekki átt neins annars kost, af því að Íslendingar hefðu beðið um vernd Bandaríkjanna. En hér heima var það látið heita, að Bretarnir ætluðu sér að fara burt og Bandaríkin væru að koma hér inn. Ég nefni þetta dæmi bara til þess að minna á út frá því, sem hæstv. dómsmrh. talaði um valdatómið, hvernig Ísland var þá notað sem skiptimynt í samningunum á milli Bandaríkjanna og Bretlands og hvernig sú hætta, sem yfir okkur vofir í dag af okkar herstöðvum hér og öðru slíku, stafar síðan af því, að við höfum verið undirorpnir þeim vilja, sem þessi stórveldi hafa haft á því að hagnýta okkar land.

Bandaríkin fóru svo fram á það að fá til 99 ára herstöðvarnar hérna. Það gátu þau ekki fengið. Hins vegar eru þau búin að sitja hér í ein 20 ár á einn eða annan máta og ætla sér auðsjáanlega að sitja lengur, ef þau fá að ráða. Ég held, þó að Ísland yrði nú hlutlaust land, þá held ég þess vegna, að það þyrfti ekki að óttast neitt valdatóm hér frá því sjónarmiði, sem hæstv. dómsmrh. talaði um. Atlantshafsbandalagið heldur sinni víggirðingu hér fyrir austan okkur, Englandi, Færeyjum, Danmörk, Noregi, svo að ég tali ekki um Holland og Belgíu eða Vestur-Þýzkaland, og þeir mundu ekki skapa þar valdatóm, og engin hætta fyrir Atlantshafsbandalagið þannig, ekki frekar en hefur skapazt hætta við það, að Írland hefur haldið sér áfram utan hernaðarbandalaga.

Ég held þess vegna, þegar ég nú hef rakið það, sem hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. Vestf. höfðu mælt út af því, sem ég hafði sagt, að sú niðurstaða standi áfram, sem var þungamiðjan í minni fyrri ræðu hér, að almannavarnir og hervarnir á Íslandi séu ósamræmanlegar. Ef við ætlum að reyna að vernda almenning, forða lífi hans, þurfum við að losa okkur við herstöðvarnar af Íslandi og gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að draga úr hernaðargildi okkar lands. Einmitt herstöðvarnar eru höfuðhættan, sem yfir almenningi vofir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er margt, sem ber á milli mín og hv. 3. þm. Reykv. í þessu máli, og tel ég ástæðu til þess að víkja að sumu af því nú þegar. E. t. v. kemur meginskoðanamunur okkar bezt fram í því atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. vék að snemma í sinni löngu ræðu. Það var, hverjir hefðu komið af stað síðustu heimsstyrjöld. Hv. 3. þm. Reykv. sagði hiklaust og byggði mjög á því allan sinn málflutning, að nazistarnir þýzku hefðu með bandalagi sínu gegn Sovétríkjunum átt höfuðþáttinn í því, að styrjöldin brauzt út. Nú vil ég ekki gera lítið úr sök Hitlers og félaga hans á upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar. Það er rétt, að án þeirra tilkomu og athafna hefði sú styrjöld aldrei brotizt út. En hitt er einnig víst, að þeir áttu sér góða bandamenn í upphafi þeirrar styrjaldar, og það var ekki bandalag andkommúnista, heldur einmitt bandalag nazistanna þýzku og Sovétstjórnarinnar, sem réð því, að styrjöldin brauzt út, bæði hvenær hún brauzt út, með hverjum hætti og sennilega einnig, að hún yfirleitt brauzt út, þó að það verði auðvitað aldrei fullyrt, hvað orðið hefði, ef atvik hefðu verið allt önnur en þau raunverulega voru. En það má ekki þola það mótmælalaust, hvorki á Alþingi Íslendinga né annars staðar, þar sem um þessi mál er rætt, að það sé gengið þegjandi fram hjá þeirri sök, sem Sovétstjórnin átti á upphafi þessarar styrjaldar.

Það var vitað mál, að allt sumarið 1939, frá því um vorið og þangað til í ágúst, voru erindrekar brezku stjórnarinnar staddir í Moskvu og voru að semja um bandalag á milli brezku stjórnarinnar og vesturveldanna við Sovétstjórnina á móti Hitlers-Þýzkalandi. En á meðan þeir samningar stóðu, átti Sovétstjórnin algerlega á laun og án vitundar brezku stjórnarinnar í samningum við Hitlers-Þýzkaland um bandalag á milli Hitlers-Þýzkalands og Sovét-

Rússlands. Og það var fyrst eftir að það bandalag var komið á, sem styrjöldin brauzt út, og það liggur fyrir óvefengjanlega, að Sovétstjórnin vissi ofur vel, til hvers þessir samningar voru gerðir, því að þeir fjölluðu ekki sízt um skiptingu Póllands á milli Hitlers-Þýzkalands og Sovét-Rússlands. Það var með þessum samningum, sem síðari heimsstyrjöldinni var hleypt af stað.

Sök nazistanna þýzku er mikil og geigvænleg, en sök þáv. ráðamanna í Sovét-Rússlandi er vissulega einnig mikil, og segja má, að hún sé þeim mun ófyrirgefanlegri, þar sem þeir vissu ofur vel, við hvílíka misindismenn þeir voru að semja. Þeir höfðu áður farið um þá hörðum orðum og lýst þeim sem böðlum og illvirkismönnum, en engu að síður, þegar á reið og hægt var, að því er mönnum virtist, að stöðva útþenslu nazismans í Evrópu og þar með í heiminum, þá breytti Sovétstjórnin skyndilega um stefnu og gerðist bandamaður þessara sinna fyrri óvina og hleypti af stað þeim mestu ógnum, sem enn hafa yfir þennan heim gengið.

Sovétstjórnin lét sér ekki nægja að hleypa styrjöldinni af stað með þessum hætti, að semja beinlínis um það við nazistastjórnina, að hún skyldi hefja árás gegn Pólverjum, heldur eftir að svo hafði farið, þá níddist Sovétstjórnin á nágrönnum sínum, ekki einungis á Pólverjum, sem voru fyrsta fórnarlambið, en um frelsi þeirra hafði verið samið og ákveðið að eyða því í samningunum milli Hitlers og Stalins, þar sem milligöngumennirnir voru þeir kumpánar Ribbentrop og Molotov, heldur hélt Sovétstjórnin þessum ljóta leik áfram. Og það er alveg sérstök ástæða fyrir okkur Íslendinga til þess að minnast þess, og einmitt hv. 3. þm. Reykv. hefur gefið ríkt tilefni til þess í ummælum sínum, að það sé rifjað upp, að fyrst byrjaði Sovétstjórnin með því að bjóða hinum litlu baltnesku ríkjum, sem svo voru kölluð og eru lítil á alheimsmælikvarða, en stór miðað við okkur, — Sovétstjórnin byrjaði með því að bjóða þessum ríkjum tryggingu fyrir þeirra sjálfstæði og fullveldi og fékk þau til þess að gera við sig gagnkvæman samning, sem átti að vernda þau gegn árás. En síðan voru þessir samningar, þessi ábyrgð Sovétstjórnarinnar á fullveldi þessara sjálfstæðu ríkja, einmitt sú ábyrgð, sem er hliðstæð þeirri ábyrgð, sem hv. 3. þm. Reykv. vill leita hjá Sovétstjórninni á sjálfstæði Íslands, — þessa ábyrgð notaði Sovétstjórnin sem átyllu til þess að ráðast inn í þessi litlu ríki, eyða sjálfstæði þeirra og meira að segja flytja burt mikinn hluta íbúanna, tugum eða hundruðum þúsunda saman, alla leið austur til Síberíu.

Nær Íslendingum var höggvið en þetta, að sjálfstæði þessara þjóða var eytt, en það var einmitt jafngamalt og endurheimt sjálfstæðis Íslands frá 1918, því að um haustið 1939 var einnig af hálfu Sovétstjórnarinnar ráðizt inn í Finnland algerlega að tilefnislausu og Finnar kúgaðir til þess að afsala Sovétstjórninni landi og þegnum.

Þessi þáttur Sovétstjórnarinnar í upphafi heimsstríðsins er vissulega mjög lærdómsríkur fyrir okkur Íslendinga, og ég hygg, að það hafi verið mjög mætur Íslendingur, orðhagur, svo að viðfrægt er, sem þá komst þannig að orði, að sósialistar hefðu sízt ástæðu til þess að harma þessa þróun, því að hún hefði orðið til þess, að tugir milljóna eða réttara sagt, margar milljónir Pólverja hefðu hoppað inn í sósialismann fyrirhafnarlaust. Þá var af hálfu íslenzkra kommúnista eða sósialista, hvað sem þeir vilja kalla sig, ekki verið að harma örlög þessara þjóða, heldur var því beint tekið með fögnuði, að þannig skyldi ráðizt að baki þeirra og þeirra frjálsræði brotið á bak aftur. Og í mörg ár munum við að a. m. k. flokksbræður hv. 3. þm. Reykv. áttu ekki ljótari orð til en tala um Finnagaldurinn svokallaða. Þessi Finnagaldur var sú samúð, sem af sjálfu sér brauzt út hjá íslenzku þjóðinni, jafnskjótt og hér var heyrinkunnugt um árás sovézka stórveldisins á hina finnsku, norrænu þjóð.

Nú kynni hv. 3. þm. Reykv. að halda því fram, að þá hefðu verið vondir menn við völd í Sovét-Rússlandi, það hefði verið mannhundurinn Stalín, fjöldamorðinginn, sem þá stjórnaði, og þess vegna væri ekki að marka, þó að svona hefði þá til tekizt. Nú væru þar við völd aðrir miklu betri og mildari menn, réttvísir, hógværir og vitrir, sem allt öðrum aðferðum mundu beita en Stalín sálugi gerði. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fá vitneskju um það hjá hv. 3. þm. Reykv., hvort hann litur svona á eða ekki. Hv. Alþýðubandalagsmenn hafa yfirleitt reynt að hliðra sér hjá að tala mikið um þær afhjúpanir stórkostlegra glæpa og ofboðslegrar kúgunar, sem átti sér stað í Sovétveldinu á dögum Stalíns. En í jafnumfangsmiklum umr. og hv. 3. þm. Reykv. hefur hér efnt til væri vissulega ástæða til þess fyrir hann að gera okkur grein fyrir, hvort hann telur, að Sovétríkin hafi að þessu leyti breytt um eðli frá því, sem áður var, við valdatöku hinna nýju húsbænda austur þar. Hitt vitum við frá fornu fari, að meðan Stalín var við völd, þá taldi hv. 3. þm. Reykv. og hans skoðanabræður þennan einvaldsherra sízt vera misindismann eða illvirkja, því að óteljandi eru lofgreinarnar og lofkvæðin, sem þá voru birt í málgögnum þess flokks um þennan ofbeldisherra. Og grunur minn er sá, að hv. 3. þm. Reykv. eigi ekki síður þátt í þeirri lofgjörð heldur en ýmsir af hans fylgismönnum.

En þó að fróðlegt væri að heyra álit hv. 3. þm. Reykv. á þessu, þá þurfum við í sjálfu sér ekki að styðjast við hans skoðun á því, hvort eðli kommúnismans hafi breytzt við þau skipti á valdsmönnum, sem orðið hafa í Sovét-Rússlandi. Krúsjeff hafði þegar tekið við völdum í Sovét-Rússlandi, var þar hinn valdamesti maður haustið 1956, þegar ráðizt var að Ungverjum. Og það er einnig mjög íhyglisvert

fyrir okkur Íslendinga að minnast þess, með hverjum atburðum það varð. Svo virtist í fyrstu, eftir að ungverska byltingin var hafin og Sovétleppunum hafði verið steypt af stóli, sem Sovétstjórnin ætlaði að una því, sem orðið væri, láta heri sína annaðhvort vera afskiptalausa eða draga sig í hlé úr Ungverjalandi. En það varð fyrst eftir að ungverska stjórnin hafði lýst yfir því, að hún segði sig úr hernaðarbandalagi við Sovétstjórnina og vildi koma á algeru hlutleysi, afskiptaleysi Ungverjalands í alþjóðadeilum, svipað og þá hafði áður verið samið um varðandi Austurríki, — það var fyrst eftir að ungverska stjórnin hafði gefið þessa yfirlýsingu, sem Sovétstjórnin undir forustu Krúsjeffs ákvað að senda lið sitt til Búdapest á ný og berja byltinguna niður með blóðugri hætti en áður hafði þekkzt, þrátt fyrir margar hörmungar á þessum slóðum, sem skráðar eru á sögunnar spjöld, þannig að við höfum því miður enga ástæðu, hvað þá tryggingu fyrir því, að Sovétstjórnin hafi í þessu breytt um eðli frá því, sem áður var. Við höfum þvert á móti alla ástæðu til þess að ætla, að Sovétstjórnin noti slíkar yfirlýsingar, sem hv. 3. þm. Reykv. sækir eftir að Íslendingar öðlist hjá Sovétstjórninni, sem átyllu fyrir íhlutun, jafnvel í innanlandsmál, og jafnvel gereyðingu frelsis þeirra þjóða, sem af einhverjum ástæðum annaðhvort hafa látið blekkjast eða neyðzt til þess að leita slíkra ábyrgðaryfirlýsinga.

Það er ekki Sovétstjórnin ein, sem þannig hefur farið að, vegna þess að nú einmitt þessa dagana sjáum við, hvernig bræðrastjórn Sovétstjórnarinnar, þeirra andlegu bræður í Kína, kemur fram gegn Indverjum. Það eru ekki ýkja mörg ár síðan kommúnistastjórnin í Kína gaf ásamt Indlandsstjórn út yfirlýsingu um fimm meginreglur, sem ættu að tryggja góða sambúð Kínverja og Indverja, og raunar átti sú yfirlýsing að geta orðið grundvöllur að víðtækara samstarfi margra annarra þjóða. En þrátt fyrir þessa hátíðlegu yfirlýsingu, sem átti mikinn hlut í þeirri ákvörðun Indverja að halda fast við sitt hlutleysi, ráðast Kínverjar nú inn í indverskt land, gersamlega að tilefnislausu, þannig að jafnvel Sovét-Rússland sýnist a. m. k. öðru hverju vera tvístígandi í stuðningi sínum við Kínverja í þessu síðasta ofbeldi þeirra.

Það er þess vegna af þeim dæmum, sem ég hef nú talið, og þau gætu vissulega orðið miklu fleiri, fullkomin ástæða til þess að ætla, að hér sé um sameiginlegan hugsunarhátt, sameiginlegt einkenni á kommúnistiskri stjórn yfirleitt að ræða. Slíkt getur ekki heldur komið á óvart, þegar hugleitt er, að kommúnistar hafa þá trú, að þeir séu boðberar nýrra sanninda, sem muni endast öllu mannkyninu til mikillar blessunar, og að þeir séu eins konar framkvæmendur sögulegrar þróunar, sem hljóti raunar að verða, hvort sem þeir sjálfir hafi sig í frammi til að ýta undir hraða hennar eða ekki. En þeir telja þó, þar sem þeirra stefna eigi framtíðina fyrir sér, að það sé á sér söguleg skylda til þess að ýta undir þróunina, greiða fyrir henni, ryðja brautina þannig, að þetta geti orðið sem skjótast, að allt mannfólkið verði þeirrar blessunar aðnjótandi, sem kommúnistiskri stjórn er samfara að þeirra áliti. Það er einnig vitað, að þeir telja, að venjulegar skuldbindingar, samningar og annað slíkt, sem menn í borgaralegum lýðræðisþjóðfélögum telja að hljóti að eiga að vera undirstaða og uppistaða samlífs manna, allt slíkt sé í raun og veru einskis virði, heldur eigi að notast eingöngu til framdráttar þessum nýju kenningum, þessari alheimsblessun, sem kommúnistar telja að sínu stjórnarfari sé samfara. Það er vegna þessarar meginskoðunar, sem ég og fjölmargir aðrir, bæði hér á landi og annars staðar, telja, að það sé óhjákvæmilegt fyrir þjóðirnar að snúast til varnar og vera því viðbúnar, að okkar þjóðir verði fyrir sams konar ásókn og við höfum dæmin fyrir okkur um Pólverja, um baltnesku þjóðirnar, um Finnland, um Ungverja, um Austur-Þjóðverja, svo að einungis örfá dæmi séu talin. Og það er sannfæring okkar, að það væri ekki einungis þýðingarlaust, heldur hið mesta glapræði, beinlínis til þess að bjóða hættunni heim, er við horfum á þau fordæmi, sem við okkur blasa, ef við leituðum eftir þeirri ábyrgð, sem hv. 3. þm. Reykv. er stöðugt að hampa framan í okkur að Sovétstjórnin muni verða fáanleg til þess að veita á sjálfstæði og öryggi íslenzku þjóðarinnar.

Hv. 3. þm. Reykv. játaði nú, að hann hefði áður fyrr haldið því fram, að hlutleysi Íslands væri lítils virði og raunar úrelt, en vildi telja, að þau rök, sem hann þá færði, og sú skoðun hefði einungis átt við, meðan hætta stafaði frá Hitlers-Þýzkalandi. Það er alveg rétt, að hv. 3. þm. Reykv. miðaði mjög í málflutningi sínum á árunum fyrir 1939 við Hitlers-Þýzkaland. En því fer fjarri, að þær skoðanir, sem hann þá hélt fram, eigi síður við þá hættu, sem heimsfriðnum er búin nú, heldur en þær áttu þá við. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég t. d. minna á, að í Verkalýðsblaðinu 15. maí 1936, — en ég hygg, að hv. 3. þm. Reykv. hafi þá verið ritstjóri þess blaðs, eða er það ekki svo? — þá segir í ritstjórnargrein, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alveg ófyrirgefanlegt að gera ekki allt, sem auðið er, til að ná samningum við lönd eins og Frakkland, Bandaríkin og Norðurlönd til þess að tryggja sjálfstæði landsins, eftir því sem kostur er, og gera þannig aðstöðuna betri til þess að knýja einnig England og Þýzkaland til þess að viðurkenna sjálfstæði landsins.“

Þetta var sagt í Verkalýðsblaðinu 15. maí 1936. Ég hygg, þó að ég þori ekki að ábyrgjast, að hv. 3. þm. Reykv. hafi þá verið ritstjóri blaðsins, eins og ég sagði áðan. Hitt veit ég með vissu, að í febrúar 1939 var hv. þm. ritstjóri Þjóðviljans, en þá segir í ritstjórnargrein þar, á ábyrgð hv. þm., sem ekki fór leynt að hann hafði einnig skrifað, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýsing Roosevelts sýnir og sannar, að

fullur möguleiki er á því, að Bandaríkjastjórn mundi láta ábyrgð á friðhelgi Íslands til sín taka. Það er því fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart sjálfstæði og framtíð íslenzku þjóðarinnar að sinna ekki tillögum vorum.

Við eigum strax að leita tryggingar Bandaríkjanna og annarra ríkja fyrir sjálfstæði voru og friðhelgi, svo að við séum ekki einangraðir og varnarlausir ofurseldir yfirgangi og ágirnd hins nazistíska Þýzkalands."

Þetta sagði hv. 3. þm. Reykv. í febrúar 1939. Ég hygg, að flestir Íslendingar geti tekið undir þetta nú, þeir mundu einungis enda á öðru árásarveldi en hinu nazistíska Þýzkalandi. Hv. þm. veit ofur vel, hvert það veldi er, sem flestir Íslendingar mundu nú telja jafngilda um árásarvilja hinu nazistíska Þýzkalandi.

Hv. þm. minnti á, að hann hefði haldið ræðu 1. des. 1938, skömmu eftir Münchensamninginn. Hinn 7. des. sama ár ítrekar hv. þm. þetta í grein, sem hann skrifaði í Þjóðviljann um utanríkispólitík Íslands, og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar við Íslendingar lýstum yfir fullveldi voru 1918 og hófum fyrstir allra þjóða í veröldinni tilveru sem herlaust og varnarlaust ríki, þá gerðum við það í barnslegri trú á, að aðrar þjóðir viðurkenndu mannréttindi vor sem helgan rétt vorn og engri þjóð dytti í hug að granda sjálfstæði voru sökum virðingar þeirrar, er viðkomandi þjóð sjálf bæri fyrir réttindum hverrar þjóðar til að ráða sér sjálf."

„Aðrir halda, að vopnleysið muni hjálpa okkur. Menn níðist ekki á vopnlausum mönnum. — Ég ætla að biðja menn að vera ekki með drengskaparhugmyndir Íslendingasagnanna um kvenna- og barnamorðingjana í Berlín og Róm," sagði hv. þm.

En hvað um innrásarmennina í Ungverjaland? Hvað um mennina, sem réðust á verkalýðinn 17. júní 1953 í Berlín, nokkrum mánuðum eftir dauða Stalíns, þannig að þau verkalýðsmorð verða ekki lögð á hans syndumhlöðnu herðar?

Hv. þm. segir, að sér hafi verið brugðið um það 1938, að hann vildi koma hér á herstöðvum. Hann neitar því algerlega, að hann hafi nokkurn tíma viljað láta Íslendinga vera kennda við herstöðvar eða vopn.

Hinn 14. okt. 1937 stendur í Þjóðviljanum á ábyrgð hv. þm., með leyfi hæstv. forseta:

„Ísland verður að gera ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði sitt." — Og enn fremur: „Frá því Ísland fékk sjálfstæði sitt 1918, hefur orðið svo stórfelld breyting á alþjóðaháttum, að sú trygging, sem menn þá treystu á að nægja mundi fyrir sjálfstæði smáþjóða eins og Íslendinga: virðing fyrir sjálfstæði þjóðar og drengskapur gegn vopnlausri smáþjóð, er nú horfin."

Hv. þm. segir ekki þarna berum orðum, að við eigum sjálfir að taka upp vopn. En í ræðu, sem hv. þm. hélt 1. maí 1939, segir hann, þar sem hann þakkar þeim Íslendingum, sem tóku þátt í Spánarstyrjöldinni, „að þeir hefðu þrír með því að leggja líf og limi í hættu bjargað alþjóðlegum heiðri íslenzku verkalýðshreyfingarinnar." Þarna beinlínis telur hann, að íslenzka verkalýðshreyfingin hefði glatað sínum heiðri, ef menn úr henni hefðu ekki farið suður til Spánar til þess að berjast þar. En hvað telur hann þá um varnir síns eigin lands?

En hv. þm. hefur skrifað svo margt um þetta, að það verður allt seinlesið. Ég skal að lokum minna á eina af hans till. Hún er skrifuð 20. okt. 1938, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðnámsstefnan til þess að fyrirbyggja heimsstyrjöld er of vel kunn til þess, að það þurfi að lýsa henni út í æsar. Hún er blátt áfram sú, að öll ríki heimsins, er það vilja, að árásarríkjunum þremur undanskildum, að öllu óbreyttu, gangi í allsherjarbandalag, þar sem ábyrgðin á sjálfstæði ríkjanna sé gagnkvæm og altæk í senn. Þá mundu árásarríkin komast að raun um, að vörn væri að mæta frá varnarbandalagi allra þjóða heims til viðhalds friðnum, ef þau gerðu árás."

Það er einmitt slíkt bandalag, sem Íslendingar hafa nú gerzt aðilar að og vel hefur reynzt, sem sagt Atlantshafsbandalagið. Og það hefur sannazt, að eftir að þetta bandalag var myndað, þá hefur hinn kommúnistíski árásarhugur ekki þorað með sama hætti og áður að láta á sér kræla í þeim heimshluta, þar sem þetta varnarbandalag tekur til. Ég hef vitnað í þessi ummæli hv. 3. þm. Reykv. til þess að sýna fram á, að hann hefur manna fyrstur og manna skeleggast bent á, hvernig Íslendingar ættu að snúast við árásarhættu, sem vera kynni fyrir hendi. Og þess vegna getur hann ekki með neinu móti borið á móti því, að út frá þeim forsendum, sem við höfum um, hvaðan árásarhættan sé, þá fylgjum við rökréttum afleiðingum. Við fylgjum þeim sömu kenningum og hann setti fram og reyndust vera réttar 1939 og 1945 gegn þeim árásaraðila, sem þá var mestur voði af. En eins og ég sagði áðan, þá náði sá árásaraðili sér niðri á þeim, sem hv. 3. þm. Reykv. þá taldi m. a. að við ættum að leita verndar hjá og nú enn ítrekar að eigi að verða okkar skjöldur og skjól.

Hér er þess vegna í raun og veru skoðanamunurinn um það eitt, hvort árásarhætta sé nú til í heiminum og þá hvaðan hún komi. Allar kenningar hv. 3. þm. Reykv. og hans flokksbræðra um, að það sé þýðingarlaust, út í bláinn eða verra en það að ganga í bandalög og leita sér verndar, þær eru fluttar þvert ofan í þeirra fyrri boðskap, þvert ofan í það, sem þessir menn vita að er rétt. Þeirra eina vörn er sú að halda því fram, að ekki geti komið til greina árás frá þeim, sem þeir aðhyllast og hafa mesta samúð með. En eins og ég sýndi fram á í upphafi máls míns, þá er árásarhættan, sem nú vofir yfir, einmitt fyrst og fremst frá þessum aðila, og það eru einungis örfáir dagar síðan enn sannaðist, hvernig árás og viðbrögðum frá þessum aðila er

bezt svarað og hvaða mál það er, sem hann virðist helzt skilja.

Kúbumálið er vissulega þess vert, að Íslendingar geri sér grein fyrir þeim lærdómum, sem af því má draga. Það verður þó ekki rakið að sinni. En ég vil einungis leggja áherzlu á, að það er fyrst, þegar Sovétríkin eða þess stjórnendur sannfærast um, að nógu mikill styrkur er settur á móti þeirra áformum, þeim undirbúningi til árásar, sem verið var að gera í Kúbu, sem þau hörfa undan og breyta algerlega um stefnu. Það má að vissu leyti segja, að það sé og hafi verið mikilmannlegt af Krúsjeff að sjá, að hann var þarna kominn of langt, hafði hætt sér lengra en óhætt var fyrir öryggi hans eigin þjóðar, svo að um heimsfriðinn sé ekki talað. Það þarf vissulega mikinn styrk og að vissu leyti viðsýni til þess að láta svo gersamlega í minni pokann sem Krúsjeff hefur hér gert fyrir Kennedy Bandaríkjaforseta. En þó að þetta sé viðurkennt, þá haggar það ekki því, að það er fyrst, þegar ljóst er, að það muni skerast í odda, að það muni ekki verða látið undan, án þess að til hinna alvarlegustu átaka komi, sem Sovétstjórnin tekur sína kúvendingu. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að sér hefði mislíkað, að Kennedy hefði verið að hælast um yfir einhverju í þessu máli. Ég skoða mig ekki á sama hátt verjanda Kennedys og hv. 3. þm. Reykv. telur sér skylt að verja allt, sem Sovétveldin gera, en ég vil þó aðeins minna á, að nú er upplýst, að Kennedy beinlínis beindi þeirri áskorun til bandarískra blaða að gera sem minnst úr ósigri Krúsjeffs og fara um hann vægilegum höndum, e. t. v. vegna þess, að hinn stjórnmálalegi sigur Bandaríkjanna var svo augljós, að ástæðulaust var að fjölyrða mikið um eða hælast yfir, en e. t. v. einnig vegna þess, sem allir gera sér nú grein fyrir, að Krúsjeff hefur ekki áorkað þeirri stefnubreytingu, sem varð hjá Sovétstjórninni, nema með mjög miklu átaki og við mjög miklar deilur í sínu heimalandi.

Það er að vísu rétt, að enn er ekki lýðum ljóst nema lítið af því, sem þarna hefur skeð. En svo mikið er þó ljóst nú þegar, að þarna hafa orðið mikil átök, ekki eingöngu í Moskvu sjálfri, heldur einnig í allri hinni kommúnistísku fjölskyldu. Við þurfum ekki annað en að lesa hina litlu útgáfu málgagns Sovétríkjanna á Íslandi, Þjóðviljann, til þess að sjá þá miklu breytingu, sem varð frá því, að fullyrt var, að Sovétríkin mundu snúast til varnar gegn íhlutun Bandaríkjamanna um siglingar til Kúbu, til þess, þegar Þjóðviljinn nú er farinn að halda því fram, að það sé mikill sigur fyrir Sovétríkin, að bandarískir sjóliðar fá að koma um borð í sovézk flutningaskip og skoða þar farm og er jafnvel fengin vodkahressing til þess að halda upp á þessi vissulega mjög einstæðu tíðindi.

En það er ekki einungis fróðlegt að athuga og fylgjast með hinum mjög breytilegu skrifum í Þjóðviljanum. Það er einnig ljóst, að á milli kínverskra kommúnista og Sovét-Rússlands er mjög mikill ágreiningur í þessum efnum, að kommúnistar í Kína fordæma mjög það hyggilega undanhald, sem Krúsjeff ákvað að taka upp, eftir að hann sá framan í mátt Bandaríkjanna. Og það skyldi þá aldrei vera svo, að sú breyting, sem nú er komin fram, að Sovétstjórnin hefur ákveðið að senda hernaðarflugvélar til Indlands þrátt fyrir allt, eigi að einhverju leyti rætur sínar að rekja til þess mikla ágreinings, sem á sér stað einmitt í herbúðum kommúnista af þessu tilefni.

En út af orðum hv. 3. þm. Reykv. áðan, þegar hann sagði, að það væri víst, að Sovétstjórnin mundi ekki láta Kommúnista-Kína í té atómvopn, þá spyr ég: Hvaðan kemur honum sú vitneskja? Hvernig veit hann, að það mundi ekki ske? Er það e. t. v. vegna þess, að hann telji ágreining þessara ríkja og e. t. v. einmitt sérstaklega nú vegna þessa undanhalds Krúsjeffs vera svo mikinn, að þetta komi ekki til greina? En þá spyr ég, ef hann getur fullvissað okkur um þetta, hvernig stendur á því, að valdamennirnir í Kreml skuli bera þeim mun minna traust til sinna bræðra austur í Kína, að ekki komi til mála, að þeir láti þá fá atómvopn, þegar sannað er, að þeir voru að reisa slíka stöð á Kúbu. Eða var það þá alls ekki svo, að þeir ætluðu að láta Kúbuverjum í té þessi vopn sér til varnar, eins og kommúnistar hafa haldið fram, heldur hafi í þessu fólgizt, að Rússar hafi þarna raunverulega verið að koma upp sinni eigin herstöð, eins og þeirra andstæðingar hafa haldið fram? Hv. þm. tjáir ekki að koma hér og fullyrða, að Sovétstjórnin sé ekki reiðubúin eða aldrei geti til þess komið, að hún láti kínverska kommúnista fá þessi drápstæki í sínar hendur, án þess jafnframt að gera okkur nánari grein fyrir þessu ævintýri, sem gerðist vestur á Kúbu og hann hefur manna beztan aðgang að að segja okkur eitthvað af innri sögunni um.

Hæstv. forseti. Ég er enn ekki búinn að ljúka máli mínu og er bundinn eftir kl. 5, svo að ég vildi óska þess að mega halda ræðu minni áfram á næsta fundi, á fimmtudaginn.— [Frh.]

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., 15. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um sjálft frv. til l. um almannavarnir, vil aðeins taka fram, að ég er fylgjandi frv. og mun greiða því atkv. Jafnframt er ég mótfallinn hinni rökst. dagskrá hv. minni hl. heilbr.- og félmn. og mun greiða atkv. gegn henni.

Í greinargerð minni hl. fyrir hinni rökst. dagskrá úir og grúir af missögnum og rangfærslum, sem leiðréttar hafa verið undir umr., eftir því sem ástæða hefur þótt til, og skal ég ekki fara út í það mál. Hin rökstudda dagskrá sjálf er í tveimur mgr. Í fyrri mgr. hennar

eru færð fram þau almennu rök minni hl. heilbr.- og félmn. fyrir frávísuninni. Ég er að vísu ósammála öllu því, sem fram er fært í fyrri málsgr. hinnar rökstuddu dagskrár, en þar er þó um almennar hugleiðingar að ræða, sem hv. minni hl. hefur að sjálfsögðu fullan rétt á að atkv. gangi um. Um síðari mgr. hinnar rökstuddu dagskrár gegnir allt öðru máli. Þar er farið með beinar rangfærslur um gildi samþykktar Alþingis frá 1956, sem óhjákvæmilegt er að leiðrétta, áður en sjálf rökstudda dagskráin er borin undir atkv.

Minni hl. heilbr.- og félmn. fullyrðir, að samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956 um endurskoðun varnarsamningsins sé enn í fullu gildi. Þetta er rangt. Samkv. orðalagi sínu, efni og forsendum er síðari hluti ályktunarinnar frá 28. marz 1956 tvímælalaust fallinn úr gildi og verður ekki beitt sem grundvelli endurskoðunar varnarsamningsins, nema til komi ný ályktun Alþingis. 2. mgr. ályktunarinnar frá 28. marz 1956 hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsingar um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins."

Lengri er ályktunin ekki. Greinilega er þar tekið fram, að ákvörðunin um endurskoðun varnarsamningsins og uppsögn hans er byggð á breyttum viðhorfum frá því 1951. Í ræðum flm. þáltill. kemur skýrt fram, að þeir telja, að friðarhorfur í heiminum hafi 1956 aukizt svo mjög frá 1951, að jafna megi við ástandið 1949, er við gerðumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu og ekki var talin þörf varnarliðs á Íslandi. Vitnað var til ummæla forseta Bandaríkjanna um, að styrjöld væri næstum því óhugsanleg, og talað var um friðarandann frá Genf.

Á grundvelli ályktunarinnar frá 28. marz 1956 fóru fram viðræður við ríkisstj. Bandaríkjanna um endurskoðun varnarsamningsins haustið 1956. Innrásin í Egyptaland stóð þá yfir og blóðbaðið í Ungverjalandi ógnaði heimsfriðnum. Mönnum var þá ljóst, að ófriðarhættan var orðin meiri, alvarlegri og bráðari en nokkru sinni fyrr frá stofnun Atlantshafsbandalagsins. Friðarhorfurnar, sem voru grundvöllur ályktunarinnar frá 28. marz 1956, voru ekki lengur til staðar. Vonirnar höfðu reynzt tálvonir. Þáv. ríkisstj., sem naut stuðnings Alþfl., Alþb. og Framsfl., samtals 33 þm., virti þessa staðreynd og ákvað að halda ekki áfram um sinn umr. um endurskoðun varnarsamningsins og brottför varnarliðsins frá Íslandi. Þegar ríkisstj. flutti Alþingi skýrslu um þessa ákvörðun í desember 1956, lét stjórnarandstaðan, sjálfstæðismenn, í ljós ánægju sína. Það má því segja, að í desember 1956 hafi ríkisstj., studd af 33 alþm., og stjórnarandstaðan, 19 sjálfstæðismenn, verið á einu máli um, að forsendur þær, sem þál. frá 28. marz 1956 var byggð á, væru óumdeilanlega hrundar og ekki væri þá grundvöllur fyrir endurskoðun varnarsamningsins eða kröfunni um brottför varnarliðsins. Eftir þetta gat endurskoðun varnarsamningsins að sjálfsögðu aldrei farið fram á þeim grundvelli, sem ályktunin frá 28. marz 1956 byggðist á. Ætti að taka endurskoðun varnarsamningsins og kröfuna um brottför varnarliðsins upp síðar, urðu ný og breytt viðhorf að koma til og ný ályktun Alþingis um, að þau réttlættu uppsögn samningsins.

Síðan þetta gerðist, eru liðin 6 ár. Á þessum árum hafa þm. Alþb. hvað eftir annað borið fram á Alþ. till. um brottför varnarliðsins. Þessar till. hafa engan stuðning hlotið í neinum hinna flokkanna. Sýnir þetta, að Alþb. telur þörf nýrrar ályktunar, ef krefjast á brottfarar varnarliðsins, þar eð ályktunin frá 28. marz 1956 sé ekki í fullu gildi, og að till. um slíka ályktun nýtur einskis stuðnings utan Alþb. Fullyrðing síðari mgr. hinnar rökst. dagskrár um, að ályktunin frá 28. marz 1956 sé enn í fullu gildi, er því röng. Grundvöllur ályktunarinnar hrundi haustið 1956 að mati þáv. stjórnarflokka, studdu af stjórnarandstöðunni, og engin ríkisstjórn getur borið þessa ályktun fyrir sig sem vilja Alþingis nema ný ályktun komi til. Ég tel ekki rétt, að til atkv. komi till. á Alþingi, sem felur í sér slíka rangfærslu á fyrri ályktun þingsins, og tel því nauðsynlegt, að þingið sjálft leiðrétti rangfærslu tillögumanns með því að fella niður úr síðari mgr. hinnar rökst. dagskrár orðin „samkv. skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn er í fullu gildi." Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. um þetta efni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson) [frh.]: Virðulegi forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég gat ekki verið viðstaddur, þegar að mér var komið nú, vegna þess að ég var bundinn við störf í Ed. Þar var einungis á dagskrá eitt mál, sem ég þurfti stuttlega að gera grein fyrir.

Ég rakti það í fyrri hluta ræðu minnar, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) gerðist fyrstur og skeleggastur talsmaður þess á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina, að hlutleysi Íslands væri einskisvert og það væri barnaskapur einber að halda, að það nægði Íslendingum til varna. En með þessum ummælum sínum sannaði hv. þm. ekki einungis, að hlutleysið væri orðið úrelt, heldur byggðist allur hans rökstuðningur á því, að mikil hætta vofði yfir landinu. Þess vegna taldi hann, að eitthvað annað þyrfti að koma til til öryggis og varnar heldur en hið úrelta hlutleysi. Og það er einmitt rik ástæða til þess að gera sér grein fyrir þessu nú, að hv. 3. þm. Reykv. og skoðanabræður hans sáu það strax fyrir 1939, að Ísland mundi verða í hættu í ófriði.

Nú heldur hv. 4. landsk. þm. (HV) því ein-

dregið fram, að hættan, sem yfir landinu vofi, sé vegna varnarliðsins, sem hér dveljist. Hv. 3. þm. Reykv. er að vísu ósammála þessu, að það sé einungis hættan af varnarliðinu. Hann telur, að hættan af flugvöllunum sé einnig mikil, hvað sem varnarliðinu líði, og játar og, að sjálf lega landsins skapi því hernaðarþýðingu, enda á hv. 3. þm. Reykv. örðugt með að halda öðru fram, þegar það er rifjað upp, að fyrir 1939 var hvorki neitt herlið hér á landi né neinn flugvöllur. Engu að síður barðist hv. 3. þm. Reykv. og hans skoðanabræður þá fyrir því, að Ísland þyrfti að ganga í varnarbandalög með öðrum þjóðum til þess að forða landi og þjóð frá yfirvofandi hættu. Þeir gerðu sér sem sagt þá ljósa grein fyrir því, að lega landsins og aðstaða í heiminum var það, sem hættuna skapaði, en hvorki varnarlið í landinu né flugvellir, sem hvorugt var þá fyrir höndum.

Nú er á það að líta, að styrjöld, sem líklegt var að kynni að brjótast út á árunum fyrir 1939, eða menn á þeim árum óttuðust, var fyrst og fremst styrjöld milli Hitlers-Þýzkalands og nágrannaríkja þess og þá einkanlega nágrannaríkja þess í vestri. Það var, miðað við allar aðstæður, harla ólíklegt, að í slíkri takmarkaðri styrjöld mundi Ísland hafa ýkjamikla hernaðarþýðingu. En þó reyndist það svo, að hv. 3. þm. Reykv. og hans skoðanabræður reyndust í þessu sannspárri en flestir höfðu fyrir fram ætlað. Það var að vísu ekki fyrr en styrjöldin hafði snúizt á töluvert annan veg en flestir menn höfðu búizt við að komið gæti fyrir, sem í ljós kom, hverja úrslitaþýðingu Ísland kynni að hafa. Það var sem sé ekki fyrr en eftir að Hitlers-Þýzkalandi hafði tekizt að leggja undir sig bæði Danmörku og meginhluta Noregs. Þá töldu Bretar ástandið svo ískyggilegt og Þjóðverja hafa fengið þvílíka aðstöðu til siglinga á heimshöfunum, að þeir töldu öryggis sjálfs sín vegna nauðsynlegt að hernema Ísland, eins og við öll vitum. En við sjáum af þessu, að jafnvel í styrjöld, sem þá var enn staðbundin að segja má við vesturhluta Evrópu, hafði Ísland slíka þýðingu, að nú er komið í ljós, að báðir stríðsaðilar kepptust eftir því að ná hér fótfestu, og var þá, eins og ég segi, engu líði fyrir að fara á landinu og engir flugvellir, sem væru sem agn til árásar.

En úr því að Ísland hafði slíka þýðingu í staðbundinni styrjöld í Vestur-Evrópu, þá gefur auga leið, hversu miklu meiri þýðingu Ísland kynni að hafa í nýrri stórstyrjöld, ef svo hörmulega skyldi til takast, að hún brytist út. Allar líkur eru til, að hún mundi fyrst og fremst verða á milli Sovét-Rússlands og Bandaríkjanna og þeirra bandamanna á báða bóga. Þess vegna tel ég þessi tvö stórveldi, að þau eru forusturíkin hvort innan síns bandamannahóps, en ekki vegna þess, að ég telji, að þarna sé fyrst og fremst um stórveldaátök að ræða, heldur miklu frekar um átök tveggja heimsskoðana, þar sem annar aðilinn er haldinn árásarhug, eins og ég gerði rækilega grein fyrir í fyrri hluta ræðu minnar. En af þessu er ljóst, að svo mikil sem hernaðarþýðing Íslands reyndist í fyrri heimsstyrjöld og svo réttir sem spádómar hv. 3. þm. Reykv. á árunum fyrir þá heimsstyrjöld reyndust um hernaðarþýðingu landsins, þá er þó enn og miklu auðsærra, hvílíka þýðingu landið hefur, ef til nýrra stórátaka kynni að koma, sem við vissulega verðum að gera okkar til þess að reyna að koma í veg fyrir, að að höndum geti borið.

Það verður þess vegna ekki með nokkru móti um það deilt, að það er lega landsins og aðstaða og atvik að þeim átökum, sem menn óttast, sem skapa þá hættu, sem yfir landinu vofir, en hvorki dvöl varnarliðs hér né heldur tilvera flugvallanna, þó að þeir út af fyrir sig geri það enn girnilegra fyrir árásaraðila að ná hér tökum í skyndi, ef landið væri varnarlaust og árásaraðili gæti hremmt landið með þeim án fyrirhafnar og áhættu.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt enn fast við kenningu sína um nauðsyn þess að sprengja flugvellina í loft upp, ef til styrjaldar drægi, og er þar enn sem fyrr í algerri mótsetningu við sinn talsmann hér, hv. 4. landsk. þm., og fór meira að segja óvirðulegum orðum um ráðagerðir hv. 4. landsk. þm. um það að eyða hættunni af flugvöllunum, eins og hv. 3. þm. Reykv. komst að orði, með því að draga skran saman á flugvöllunum, sem auðvelt væri fyrir fallhlífahersveitir eða aðra að taka í skyndi brott. Ég er hv. 3. þm. Reykv. alveg sammála um þá gagnrýni á fullyrðingu hv. 4. landsk. þm., þó að ég taki undir það með hv. 4. landsk. þm., að þessi hugmynd um að sprengja flugvellina í loft upp er ærið óraunsæ og er í raun og veru ekkert annað en viðurkenning hv. 3. þm. Reykv., sem vænta mátti, á því, að hann gerir sér grein fyrir, að það er tilvera flugvallanna ásamt legu landsins, sem hér ræður úrslitum, en alls ekki dvöl varnarliðsins, sem að sjálfsögðu dregur úr hættunni, en eykur hana ekki.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi þó halda því fram, að tilvist árásarvopna og e. t. v. kjarnorkuvopna á flugvöllum hér mundi auka á hættuna. Af þessu tilefni og raunar einnig vegna ummæla hv. 4. landsk. þm. þykir mér rétt, að það komi hér alveg ótvírætt fram, sem raunar hefur áður verið lýst yfir, að hér á landi eru engin kjarnorkuvopn geymd. Og þó að það sé rétt, sem vikið var að fyrr á þessu þingi, að á Keflavíkurflugvelli séu nú staðsettar nokkrar orustuþotur, sem gætu borið kjarnorkuhleðslur flaugar eða skeyti, þá eru engar slíkar flaugar eða skeyti nú geymd hér, svo sem hæstv. utanrrh. tók fram að gefnu tilefni fyrr á þinginu. En það er ekki nóg með það, heldur einnig rétt, að fram komi, að þær nýjustu flugvélar, sem á Keflavíkurflugvelli eru og reynt hefur verið að gera tortryggilegar í þessu sambandi, bæði hér á Alþingi og í sumum blaðaskrifum, þessar flugvélar eru ekki þess

eðlis, að þær séu þess megnugar að fara með kjarnorkuhlaðin skeyti eða flaugar til árása á önnur lönd. Þessar flugvélar eru ákveðin tegund orustuflugvéla, orustuþotur af tegundinni F-102, sem svo eru kallaðar. Þær hafa einungis 960 km flugradíus, þ. e. a. s. fram og til baka. Og þær geta þess vegna ekki flogið héðan til neins annars lands og komið hingað aftur á völlinn, nema til Grænlands, og geta menn gert sér hugmynd um, hvort líklegt sé, að þar séu nokkur þau skotmörk, sem geri þessar orustuflugvélar því landi hættulegar. Og jafnvel þó að ekki væri ráðgert, að þær ættu að fljúga til baka, þá hafa þær ekki flugþol til þess að fljúga héðan t. d. til Rússlands, svo að það er algerlega ástæðulaust og einungis lagað til þess að skapa tortryggni og illvilja í garð Íslands, þegar því hefur verið haldið fram, að með vist þessara flugvéla hér væri verið að skapa möguleika til árása á Sovét-Rússland, svo sem þó hefur verið haldið fram.

Þessar flugvélar eru yfirleitt ekki ætlaðar til þess eða þannig lagaðar, að þær beri flaugar eða flugskeyti, sem beint sé gegn skotmörkum á landi. Þær hafa ekki burðarþol til þess að fara með þær sprengjur eða skeyti, sem nú eru tiðkuð til slíkra árása. Þær eru þvert á móti ætlaðar til þess að fást við aðrar flugvélar, sem sendar eru til árása. Þeim er sem sagt ætlað að senda skeyti sín til eyðingar árásarflugvéla, sem eru með við skulum segja kjarnorkusprengju innanborðs, þannig að tryggt sé, að sprengjan eyðileggist í lofti og geti ekki sprungið um leið og vélin fellur til jarðar. Þetta er sá útbúnaður, sem á þessum vélum er, ætlaður til að gera. En vélarnar eru alls ekki þeirrar tegundar, að þær séu lagaðar til árása á önnur lönd.

Hér er allt öðru máli að gegna en um þær árásarflugvélar, sem nú er deilt um á Kúbu, sem hafa flugþol allt að 1600 km og geta borið miklu þyngri sprengjur. Má sjá muninn af því, að talið er, að slíkar flugvélar, sem á Kúbu eru, geti borið allt að 8 megatonna sprengjur, en flugvélarnar, sem staðsettar eru á Keflavíkurflugvelli, eru lagaðar til að bera sprengjur, sem í megatonnum eru 0.002, og sjá menn þá stærðarmuninn og hve ólíkur tilgangur muni vera ætlaður þessum tveim vopnategundum.

Þessar upplýsingar hefur forstjóri almannavarnanna látið mér í té og efast ég ekki um, að þær séu réttar. En af þessum upplýsingum sést, hvílíkt skaðræðisverk það er, þegar t. d. Þjóðviljinn hefur hvað eftir annað blákalt haldið því fram, að vera þessara orustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli sé sama eðlis og vist árásarflugvélanna á Kúbu, þeirra flugvéla, sem geta borið margfalt meiri styrkleika af sprengiefni, flogið miklu lengri vegalengdir og eru staðsettar alveg við bæjardyr Bandaríkjanna, ef svo má segja. Þeir menn, sem halda slíkum fjarstæðum fram, eru vissulega að gera þjóð sinni lítið gagn. Þeir eru fyrir fram að skapa afsökun fyrir árásaraðila til þess að níðast á Íslendingum, ef þeim býður svo við að horfa.

Ég geri engan veginn lítið úr þeim hættum, sem kjarnorkustyrjöld eru samfara, og vitanlega verðum við að leggja okkur fram til þess, að slík styrjöld geti aldrei brotizt út. En vegna þess, að ekki sízt hv. 4. þm. landsk. hefur látið svo sem ráðagerðir um almannavarnir, er að gagni gætu komið í nútímastyrjöld, og þá á hann við kjarnorkustyrjöld, séu einungis ætlaðar til þess að blekkja almenning og skapa hjá honum falska öryggistilfinningu, þá er rétt, að það komi fram, að samkv. upplýsingum, sem fyrir hendi eru, þá er ætlað, að Sovétríkin hafi eytt á s. l. 10 árum um 3000 millj. dollara í almannavarnir og eyði nú á ári hverju 500 millj. dollara í því skyni. Og síðan 1955 hafa þar verið skyldunámskeið um almannavarnir fyrir karlmenn á aldrinum 16—60 ára og kvenfólk á aldrinum 16—55 ára, og er þá miðað við, að hvert námskeið taki 64 klukkustundir. Hv. þm. getur ekki haldið því fram, að sú tilraun, sem gerð er með þessu frv., sem hér er til umr., sé gerð til þess að blekkja menn og skapa hjá þeim falska öryggistilfinningu, þegar sannað er, að allar þjóðir, jafnt vestan járntjalds sem austan, gera sitt til að koma upp almannavörnum og búa menn til þess mesta fáanlega öryggis, sem fyrir hendi yrði, ef til slíkra óskapa kæmi, að ný stórstyrjöld brytist út.

Hitt er svo allt annað mál, og það skiptir vitanlega langsamlega mestu máli, að við verðum, eins og ég hef margoft tekið fram, að leggja okkar litla lóð á vogarskálina til þess að forða því, að til slíkrar styrjaldar komi. Það gerum við bezt með því að halda við vörnum í landinu, þannig að Ísland verði ekki sá hlekkurinn, sem bilar, sá bitinn, sem e. t. v. ráði úrslitum um það, hvort ný stórstyrjöld brýzt út eða ekki. Hv. 3. þm. Reykv. gerði að vísu, að því er mér virtist, hálfgert gabb að því, að við ætluðum, að Sovétherrarnir tækju það mark á vörnum hér, að það gæti ráðið úrslitum um þeirra ákvörðun í þessum efnum. Ég játa, að um það getur enginn sagt. E. t. v. er mesta hættan á styrjöld sú, að hún verði ekki ákveðin eftir skynsamlega íhugun, heldur af mönnum, sem hugsi með allt öðrum hætti en venjulegir vitibornir menn.

Fyrir þessu verðum við að gera okkur grein. En jafnframt verðum við að játa, að Ísland hefur enn mikla hernaðarþýðingu. Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að landið hefði nú fyrir Atlantshafsbandalagið minni þýðingu en áður, eftir að hinar langdrægu eldflaugar eru til komnar. Ég játa það, að Ísland hefur varðandi árásir á aðrar þjóðir miklu minni þýðingu nú en fyrr.

Það gildir jafnt um Bandaríkin sem um Sovét-Rússland. Eftir að eldflaugarnar eru til komnar, þarf miklu síður á að halda flugvöllum fyrir árásarflugvélar heldur en fyrr. En Ísland hefur heldur aldrei verið ætlað til árása. Ef einhver skyldi hugsa sér árásarflugvelli á Sovét-Rússland, þá er það víst, að

þeir eru margir til miklu nær og miklu hentugri en flugvellir hér á landi. Það er þess vegna ástæðulaust fyrir okkur að tala um hernaðarþýðingu landsins sérstaklega í því sambandi. Og það á einnig við, að Sovét-Rússland þarf áreiðanlega ekki á Íslandi að halda til þess að nota flugvellina til árása héðan á Bandaríkin. Þess langdrægu skeyti nægja, þó að þeim sé ekki komið fyrir á Íslandi, skulum við gera ráð fyrir.

En þýðing Íslands hafði í síðustu styrjöld og hefur enn meiri, ef ný stórstyrjöld kynni að brjótast út, hvort sem það yrði kjarnorkustyrjöld eða ekki, áhrif í allt öðru sambandi. Ég hygg, að þegar hv. 3. þm. Reykv. var á árunum fyrir 1939 að skrifa sem mest um hættuna, sem vofði yfir Íslandi, þá hafi hann ekki miðað við, að Ísland væri í árásarhættu vegna þess, að hér yrði komið upp flugstöðvum til árása á aðra. Nei, hann miðaði við allt annað. Það var sú þýðing, sem Ísland þá hafði varðandi kafbáta. Og raunar er rétt, að það komi hér fram, að bollaleggingar hv. 3. þm. Reykv. voru í þessu efni ekki eingöngu frá honum sjálfum sprottnar, heldur er fullyrt, að Lenin hafi á kommúnistaþingi um 1920 þegar talað um þá þýðingu, sem Ísland kynni að hafa sem kafbátastöð eða fyrir kafbáta í hugsanlegri stórstyrjöld. Það var einnig svo, að aðalþýðing Íslands í síðustu styrjöld var sem millilendingarstöð á milli Bandaríkjanna og Bretlands og síðan í baráttunni við þýzku kafbátana. Og við höfum yfirlýsingar frá brezkum sjóliðsforingjum, sem hér dvöldu, m. a. um það, að þeir töldu, að kafbátahættunni hefði ekki sízt verið bægt frá og eytt vegna þeirrar aðstöðu, sem bandamenn þá höfðu á Íslandi.

Enn er það svo, að í hugsanlegri nýrri stórstyrjöld verður eitt aðalvopnið kafbátar, og það er vitað, að Sovét-Rússland á nú þegar margfalt stærri kafbátaflota en Þýzkaland átti í upphafi styrjaldarinnar 1939. Og það er einnig vitað, að aðstaða á Íslandi mundi verða ómetanleg fyrir þann, sem ætlaði að nota það heljarvopn að nýju til eyðingar siglingum yfir Atlantshaf, alveg eins og aðstaða á Íslandi kann að ráða úrslitum um það, hvort hægt sé að stöðva siglingar þessara drápstækja út á úthafið hér fyrir sunnan landið. Og ég hygg, að það sé einmitt að þessu leyti, sem Ísland hafi nú hernaðarþýðingu, og það sé nú sem fyrr meginþýðing Íslands í þessu sambandi. Og þá er ljóst, að að svo miklu leyti sem það kynni að vera rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., — það eru hans orð, en ekki mín, — að úr hernaðarþýðingu Íslands hafi dregið fyrir Atlantshafsbandalagið, þá hefur hernaðarþýðing landsins að sama skapi aukizt fyrir þann aðila, sem ætlar sér að eyða siglingum um Atlantshaf með því að senda kafbáta út á það um hafsvæðin austan eða vestan megin við Ísland.

Þetta eru staðreyndir, sem er engin ástæða til þess að fara hljótt með. Menn verða að gera sér grein fyrir, hvað er hér um að ræða, og ræða það alveg hiklaust, í hverju þýðing landsins er fólgin, og þess vegna hvernig við eigi að bregðast þeim vanda, sem við erum frammi fyrir settir. En aðalhættan kemur auðvitað af því, að enn skuli vera í heiminum til sá árásarhugur, sem á sínum tíma varð til þess, að Atlantshafsbandalagið var myndað í því skyni að stöðva hann, enda hefur tekizt að stöðva framgang ofbeldisins í Vestur-Evrópu síðan.

Það hörmulega er, að jafnágætur maður og í eðli sínu velviljaður eins og hv. 3. þm. Reykv. skuli enn vera ánetjaður þessum sínum bernskudraumum, sem fengu hann til þess að trúa því, að þessi árásarhugur væri sá, sem ætti að frelsa heiminn og koma á öðrum og nýrri háttum fyrir mannkynið. Ég efast ekki um, að hv. 3. þm. Reykv. vildi þá og vill nú vel, en hann ætti sem roskinn og reyndur maður að vera búinn að sjá, hvílíka bölvun kommúnisminn hefur leitt yfir heiminn, og hann væri sjálfur á sama veg meiri maður, — eins og Krúsjeff varð meiri maður við það að hverfa frá ævintýrinu á Kúbu, — ef hann hefði manndóm í sér til að hrista af sér hlekkina og játa, hversu illilega honum missýndist og hversu mjög hann hefur misnotað sína góðu krafta.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa undrun minni yfir þeim umr., sem hér hafa farið fram um það mál, sem hér er á dagskrá, frv. til l. um almannavarnir, og alveg sérstaklega um þær löngu umr., sem hér hafa átt sér stað af hálfu þeirra aðila, sem standa fyrir flutningi þessa frv. Hér hefur hæstv. dómsmrh., sem stendur að flutningi frv., haldið langar ræður, með því lengsta, sem hér hefur verið haldið í þinginu, dag eftir dag, og allajafna varazt mjög að ræða um það mál, sem á dagskrá var, en hins vegar hefur hann skárað alla heimsbyggðina fram og til baka, rætt um Kína og Indland, farið í gegnum meginhlutann af styrjaldarsögunni síðustu og að sjálfsögðu lesið upp heilmikið af því, sem birzt hefur í Verkalýðsblaðinu frá 1936, Þjóðviljanum frá 1938—39 og þar fram eftir götunum. Þetta hefur allt átt að vera innlegg frá hans hálfu sem aðalflutningsmanns að þessu frv. hér, frv. um almannavarnir, eins og nú væri háttað málum fyrir Íslendinga. Inn í þetta allt saman hefur svo auðvitað það tvinnazt, að frsm. meiri hl., þeirra aðila, sem vilja láta samþykkja frv., hv. 1. þm. Vestf., hefur auðvitað talið sér skylt að taka þátt í þessum leik og haldið hér skrifaðar ræður og til þeirra vandað talsvert, auðvitað um alheimskommúnismann. Hafi svo þeir, sem hér hafa tekið þátt í umr., leyft sér að ræða beinlínis um frv. og um þau gögn, sem fylgja frv., hafi menn vitnað í fylgiskjöl málsins, þá hafa þeir fengið frá hæstv. dómsmrh. ákúrur fyrir slíkt. Það hefur verið talið hreinlega óþarfi að vera að minnast á hinn erlenda hershöfðingja, sem gefið hefur umsagnir sínar í fskj. með þessu frv. um málið. Það hefur verið talið

lítið viðeigandi að vera að minnast á það, sem hann segir, og enn þá síður viðeigandi að vera að lesa hér upp fyrirspurnir, sem lagðar voru fyrir sérfræðing ríkisstj. í þessum málum, forstjóra almannavarna, að vera að lesa hér upp fyrirspurnir, sem voru lagðar fyrir hann, og lesa upp svör hans hér aftur á móti. Slíkt hefur verið talið til þess, að hér væri verið að þæfa málið að óþörfu. Ég hlýt að vekja athygli á þessum vinnubrögðum, eins og þau koma fyrir. Og ég ætla enda, að þegar menn íhuga málið betur, sjái þeir samhengið í þessu; finni, að tilgangurinn er allt annar með flutningi þessa frv. en í upphafi var látið í veðri vaka. Hér er ætlunin að hafa uppi mikinn áróður um alls óskyld málefni og reyna að þvo af sér vissar ávirðingar, sem er vitað að á þeim hvíla einmitt í sambandi við þá hættu, sem steðjar að þjóðinni einmitt vegna þeirra samþykkta m. a., sem hæstv. dómsmrh. stendur að, og þeirra framkvæmda, sem hann stendur að í okkar landi.

Það hlýtur auðvitað að vekja athygli, að þegar hæstv. dómsmrh. er um það spurður hér í umr., hvað raunverulega standi til að gera í almannavörnum nú á næstunni, hvað t. d. sé fyrirhugað að byggja af byrgjum, loftvarnabyrgjum, mönnum til varnar, og hvort t. d. ætlunin sé að beita þeim heimildum, sem ráðgerðar eru í frv., að hægt sé að skylda alla húsbyggjendur til að breyta húsum sínum þannig, að í hverjum kjallara verði sérstök byrgi, sem eigi að geta orðið mönnum til varnar, ef til stríðs komi, — við slíkum spurningum sem þessum hefur hæstv. ráðh. ekkert að segja annað en það, að hann segir, að þetta verði allt að athugast, um þetta viti hann ekki neitt. Nú er það svo, að það er liðið heilt ár síðan undirbúningur þessa máls var tekinn upp skv. upplýsingum, sem hér liggja fyrir að nýju, síðan farið var að halda allmarga fundi um þetta mál og ráðgera, hvað gera skyldi. Það er alllangt síðan forstöðumaður var ráðinn fyrir almannavarnir. Og því verður varla trúað, að hæstv. ríkisstj. hafi talið brýna þörf á því að fá frv. um þetta efni samþykkt á síðasta Alþingi og leggi nú aftur fyrir frv. á þessu Alþingi, án þess að hún hafi gert sér grein fyrir því, hvað eigi að ráðast í í sambandi við almannavarnir, a. m. k. í fyrstu lotu. En það hefur sem sagt komið í ljós, að hæstv. dómsmrh. verður að játa það hér í þessum ræðustól, að um þetta viti hann ekki neitt, hreinlega ekki neitt, hann viti aðeins það, að ráðgert sé að verja í þessu skyni 1 millj. kr. á næsta ári, og henni muni verða varið sumpart til þess að kosta þær mælingar, sem fram hafa farið til þessa af Eðlisfræðistofnun ríkisins, og að öðru leyti til þess að borga laun forstöðumanns almannavarna, sem áfram eigi, að manni helzt skilst, að vera einn og símalaus og aðstoðarlaus og halda áfram að kanna málið. Allur þessi undirbúningur er með þeim hætti, að það hlýtur að vekja athygli. Þegar svo þessar umr. allar bætast ofan á, sem hér hafa farið fram, þá hygg ég, að fleirum en mér fari að koma til hugar, að lítill hugur fylgi máli hjá hæstv. ríkisstj. um raunverulegar almannavarnir og það sé fremur eitthvað annað, sem liggur á bak við flutning þessa máls hér inn á Alþingi. Það bætist svo einnig við í þessum efnum, sem horfir til nýlundu hér á Alþingi, að það skuli eiga sér stað, að langir útdrættir skuli vera birtir úr ræðum, sem hafa verið fluttar hér á Alþingi, kvöld eftir kvöld í ríkisútvarpinu, þar sem einkum og sérstaklega er haft eftir hæstv. dómsmrh. úr ræðum hans um öll heimsstjórnmálin, sem hann hefur verið að ræða hér um í sambandi við þetta mál. Ég kannast a. m. k. við það, að hér hafa farið fram umr. á Alþingi og það allmiklar um þau málefni, sem eru á dagskrá, sem varða allmikið oft og tíðum, og það hefur ekki unnizt tími til að segja frá þeim umr. í ríkisútvarpinu. Ég get vel skilið, að það væri ekki tími til að segja frá öllu því, sem fram fer á Alþingi, en það virðist vera nægur tími til þess nú í sambandi við þetta mál að lesa upp langa útdrætti úr þessum líka merkilegu umr., sem hér hafa farið fram, m. a. frá hæstv. dómsmrh. um upphafsmenn að síðustu styrjöld, hverjir hafi þar átt aðalhlut að máli.

Það er alveg greinilegt, að upphafið að þessum einkennilegu umr. er það, þegar menn ræddu hér fyrst um þetta mál út frá efnishlið málsins, þegar menn ræddu hér um það, hvernig raunverulega ætti að bregðast við í almannavörnum, ef til stríðs kæmi, hvað þá væri raunverulega helzt til varnar. Og þegar það stóð svo í þeim umr., að mönnum varð ljóst, að það mundi vera harla lítið fyrir okkur Íslendinga hér að gera til varnar, ef svo ógæfulega vildi til, að kjarnorkusprengju yrði varpað, t. d. á þéttustu byggðina hér suðvestanlands, þegar menn stóðu frammi fyrir þessu hér í umr., að þetta mundi vera svo og þetta væri einnig álit erlendra sérfræðinga, að það væri harla lítið til varnar, a. m. k. á því svæði, þá beindust umr. auðvitað nokkuð inn á þá braut að íhuga það, hvernig væri raunverulega hægt að koma sér undan þessari hættu, hvað væri hægt að gera af okkar hálfu til þess að forða okkur frá því, að hér félli nokkurn tíma nokkur sprengja.

Ég hygg, að öllum þeim, sem fylgdust með þessum umr., hafi litizt svo á eftir þær upplýsingar, sem hér voru gefnar, að það mundi vera til harla lítils að búa til nokkur loftvarnabyrgi, að það yrði til lítils gagns til að bjarga þjóðinni undan kjarnorkusprengju. En þá kom sem sagt hin spurningin upp, hvort það væri ekki til einhver leið hjá okkur til að fjarlægja frá okkur sjálfa hættuna, til að draga úr þeirri hættu, að hér gæti fallið kjarnorkusprengja. Og í beinu framhaldi af þessu kom það auðvitað, að menn fóru að tala um, hver væri hinn raunverulegi hættuvaldur, hvað það væri, sem drægi að sér kjarnorkusprengjuna hér.

Hinir erlendu sérfræðingar höfðu kveðið upp þann dóm alveg hispurslaust, að ef til styrjaldar kæmi, þá væri aðalhættusvæðið hér á

Íslandi í kringum Keflavíkurflugvöll og byggðina hér í kringum Reykjavík og jafnvel í kringum Hvalfjörð.

Minni hluti heilbr.- og félmn., hv. 4. landsk. þm., hafði leyft sér að draga þá ályktun af þessu og gera hér tillögu í þá átt, að það, sem við þyrftum að gera, væri að reyna að fjarlægja úr landinu herstöðvarnar, sem fyrir væru í landinu, losa okkur við hinn erlenda her, og það gæti orðið til þess að draga úr hættunni. En þegar þetta var nefnt, þá rauk auðvitað hæstv. dómsmrh. upp og mótmælti þessu harðlega. Hann neitaði því, að það gæti verið herstöðin, sem drægi að sér hættuna, og hinn erlendi her, en vildi reyna að sanna, að það væri landið sjálft, lega þess í heiminum, sem ylli því, að við værum á hættusvæðinu. Hann reyndi að færa fram rök fyrir þessari skoðun, en ósköp tókst honum það báglega. Og ég er sannfærður um, að það hefur hann fundið sjálfur.

Mig langar til að fara um þetta örfáum orðum og leggja fyrir hæstv. ráðh. nokkrar spurningar í sambandi við þetta atriði.

Ef því væri nú slegið föstu, eins og hæstv. ráðh. gerir, að það væri lega landsins, sem hér réði úrslitum um hættuna, en ekki neinar herstöðvar, ekki neinn erlendur her, sem í landinu er, hvernig stendur þá á því, að það frv., sem hann leggur hér fram, gerir einmitt ráð fyrir því, að það eigi að flytja fólk til á landinu sjálfu, það eigi að flytja menn frá vissum svæðum á landinu til annarra svæða á landinu? Hvernig stendur á því, að það þarf endilega að gera ráð fyrir því að flytja menn frá Keflavíkursvæðinu og til annarra staða á Íslandi? Auðvitað er það vegna þess, að því er slegið föstu, að aðalhættusvæðið sé í kringum herstöðina á Keflavíkurflugvelli.

Þá vill hæstv. ráðh. halda því fram, að það sé ekki herstöðin, heldur sé það flugvöllurinn suður í Miðnesheiði, sem hér ráði meginúrslitum, það sé tilvera flugvallarins þar suður frá, sem sé hættuvaldurinn, ef það sé ekki beinlínis lega landsins, þá sé það flugvöllurinn. Nú er þetta alveg augljóslega röng skoðun, vegna þess að það eru auðvitað til mörg svæði, bæði hér á Íslandi, sem áður er upplýst um, og reyndar í mörgum öðrum löndum, þar sem auðvelt er fyrir flugflota að athafna sig, án þess að slík svæði skapi þessa sérstöku hættu. Það er alkunna, að hér á landi er á þó nokkrum stöðum á landinu, þar sem ekki eru einu sinni viðurkenndir flugvellir enn, mjög auðveld aðstaða fyrir heilan flugflota að athafna sig á, og það eru til margir góðir flugvellir, nokkrir hér á landi og víða í löndum, sem ekki er talið að dragi að sér neina sérstaka hættu. Nei, flugvöllur er nefnilega allt annað út af fyrir sig heldur en herstöð. Það er hægt að breyta flugvelli í herstöð með því að útbúa það svæði með sérstökum hætti. Það er fyrst, þegar Keflavíkurflugvelli eða því svæði var breytt í herstöð, þegar þar var búið að koma upp allmiklum vopnageymslum, ýmiss konar tækniútbúnaði, sem leiðbeindi á marga vegu, ef til styrjaldar kæmi, margs konar mannvirkjum, sem nú hefur verið unnið að um margra ára skeið og kostað hefur milljarða króna að koma upp, — það er uppbygging þessarar herstöðvar, en ekki flugvöllurinn, sem gerir það að verkum, að það er þetta svæði, sem dregur hættuna að sér.

Nákvæmlega sama er að segja um ráðgerða flotastöð í Hvalfirði. Hvalfjörður er út af fyrir sig góður fjörður, skapar mikla möguleika. Þeir eru miklu fleiri til á Íslandi en Hvalfjörður, sem mundu veita ósköp svipaða aðstöðu, en sá er bara munurinn, að í Hvalfirði hefur þegar verið komið fyrir allþýðingarmiklum mannvirkjum, sem gefa honum annað gildi fyrir hernaðaraðila heldur en margir aðrir firðir á Íslandi geta gefið nú. Og það er þegar búið að efna til ýmiss konar framkvæmda í sambandi við Hvalfjörð, sem gera hann kannske eina fjörðinn á Íslandi, eins og sakir standa nú, sem vissir hernaðaraðilar geta haft full not af fyrir kafbátaflota sinn. Það er vegna ýmiss konar mælinga, sem þar hafa farið fram. Það eru vitanlega þessar aðgerðir, sem miða að því að breyta Miðnesheiði í herstöð og miða að því að breyta Hvalfirði einnig í kafbátastöð, sem draga hættuna sérstaklega að þessum svæðum, enda fer það ekkert dult, að það er ráðgert að breyta Hvalfirði í almenna flotastöð, ef á þurfi að halda. Annar af hinum erlendu sérfræðingum, sem leggur greinargerð fram með þessu frv., gerir beinlínis ráð fyrir þessu, orðar það alveg beinum orðum.

Ég veit, að hæstv. dómsmrh. þekkir það líka, eins og við allir hinir, að aðrar þjóðir haga sér þannig í þessum efnum, að þær gera hér mikinn mun á, hvort þær hafa í landi sínu erlendan her eða ekki, hvort þær láta byggja út tiltekna staði í landi sínu sem herstöð eða hvort þar eru aðeins almennir flugvellir. Það er engin tilviljun, að Norðmenn hafa ekki viljað taka erlendan her til sín inn á viss svæði hjá sér. Þeir hafa algerlega neitað að taka þar við erlendum her. Það er heldur engin tilviljun, að þeir hafa alveg neitað að taka til geymslu í sínu landi ákveðin vopn. Það er vegna þess, að þó að þeir hefðu flugvelli á þessum svæðum, þá vissu þeir, að engin veruleg hætta var af því út af fyrir sig, en það stórjókst hættan fyrir þá, ef þeir létu koma upp herstöð, útbúinni herstöð, í sínu landi, og það jafnvel með erlendu herliði. Á þessu gerðu þeir auðvitað mikinn mun, og það er það, sem auðvitað ræður úrslitum hjá okkur, að hættusvæðið er óumdeilanlega suðvestanlands, það er sú ameríska herstöð, sem hefur verið byggð upp suður á Miðnesheiði, og það er sá erlendi her, sem þar dvelst. Ég skil fyrir mitt leyti, að hæstv. dómsmrh. kunni illa við, að umr. um þetta mál berist mjög að hinum erlenda her, sem dvelst í okkar landi, og að þeirri herstöð, sem hefur verið byggð upp með hans samþykki allan tímann þar suður frá. Hæstv. ráðh.

er minnugur þess, að á sínum tíma lýsti hann því yfir mjög hátíðlega, þá sem ráðh. hér, eftir að hafa farið til Bandaríkjanna og rætt þessi mál við æðstu menn þar í landi, þá gaf hann þá yfirlýsingu, þegar hann kom aftur, en það var 22. marz 1949, að það skyldi aldrei vera her á friðartímum hér á Íslandi eða herstöðvar hér í okkar landi. Það var þá, sem hæstv. ráðh. sagði orðrétt það, sem ég skal nú lesa hér upp: „Við munum aldrei samþykkja," sagði ráðh., „að erlendur her eða herstöðvar væru í landi okkar á friðartímum. Er því allur ótti um það, að fram á slíkt verði farið við okkur, ef við göngum í bandalagið, gersamlega ástæðulaus," Þetta sagði núv. hæstv. dómsmrh. 22. marz 1949, einmitt um það leyti, sem var verið að leggja grundvöllinn að því að byggja hér upp herstöð á Íslandi og fá erlendan her hingað inn í landið. Það er mjög skiljanlegt, að þeim manni, sem hefur viðhaft þessi orð og lofað þjóð sinni jafnákveðið tilteknum atriðum, eins og hann gerði í þessu tilfelli, líki ekki allt of vel, að umr. snúist um uppbyggingu herstöðvarinnar og á það sé bent, að sú hætta, sem steðjar að okkur nú, ef til styrjaldar dræegi, stafar fyrst og fremst af uppbyggingu þessarar herstöðvar, sem var hreinlega svikin inn á Íslendinga.

Í þessu sambandi reynir svo hæstv. dómsmrh. að verja sig með því, að reynslan hafi sýnt, að hlutleysisstefnan sé orðin löngu úrelt, hún sé orðin gagnslaus, og því sé ekki um annað að gera en að treysta á hernaðarlegar varnir og síðan almannavarnir þar á eftir til að bjarga því, sem sleppur lifandi út úr sjálfri stórorustunni. Og þegar hann reynir að sanna þessa kenningu sína, að hlutleysisstefnan sé orðin úrelt, þá er það, sem hann gripur til þess að ræða um landamærastyrjöld þá, sem nú geisar milli Kína og Indlands. Það er alkunna, að Indland er einmitt eitt af þeim löndum, sem hallazt hefur að hlutleysisstefnunni. En nú hefur það skeð, að Indland hefur lent í styrjaldarátökum við nágranna sinn, Kína. Og þá er hæstv. dómsmrh. ekki lengi að draga ályktanir. Hann segir: Þar sem það liggur nú fyrir, að ráðizt hefur verið á Indland, — Indland var hlutlaust land, — þá er það alveg sannað mál, að hlutleysið er gagnslaust. Af þessum ástæðum getum við hætt að hugsa um hlutleysi, og þá er varla annað til bragðs en að byggja upp sem allra sterkastar hervarnir. Alveg á sama hátt gæti ég tekið aftur dæmi af landi, sem liggur nær okkur. Ég gæti bent á Svíþjóð og sagt, að Svíþjóð hefði fylgt hlutleysisstefnu, m. a. í síðustu styrjöld, og reynslan varð sú, að Svíar sluppu við það að dragast inn í styrjöldina. Og það hefur ekki verið ráðizt á Svíþjóð enn, og af því er hægt að draga þá ályktun, að hlutleysisstefnan dugi. Þetta eru út af fyrir sig ekki ýkja merkileg rök. En ég ætla líka, að hæstv. dómsmrh. megi viðurkenna það, að hans rök séu ekki ýkja þung á metaskálunum. Indland heldur því enn fram, að þrátt fyrir þau landamæraátök, sem fara fram á milli Kína og Indlands, þá muni Indland halda sér við hlutleysisstefnuna. Forustumenn þar í landi hafa ekki breytt skoðun sinni á þeirri stefnu, þrátt fyrir þau styrjaldarátök, sem þarna fara fram. Og það er ekki vitað til þess, að neitt af hinum almennu hlutleysisríkjum hafi skipt um skoðun á hlutleysisstefnunni, þrátt fyrir einstaka árekstra, sem kunna að verða í heiminum. En hitt er vitað, að stórveldin hafa einmitt nú hvað eftir annað orðið að leysa vandamál sín á milli, þar sem varla hefur verið annað sjáanlegt en að það væri að brjótast út styrjöld, — þau hafa orðið að leysa þessi vandamál sín einmitt með því að viðurkenna hlutleysið. Síðasta dæmið í þessu er frá Laos, þar sem leit út fyrir, að ætlaði jafnvel að verða tilefni til stórstyrjaldar á milli stórveldanna. Þá var helzta útgönguleiðin einmitt sú að koma sér saman um að gera landið að hlutlausu landi, og þau öfl náðu undirtökunum þar í landi, sem hölluðust á þá sveifina. Forustumaður hlutleysisstefnunnar þar í landi myndaði stjórn í landinu, og það var síðan yfirlýst stefna þess lands. Þar var það almannadómur, að það, sem bezt mundi tryggja frið, væri einmitt að halla sér að hlutleysisstefnu. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hættan er miklum mun meiri fyrir þær þjóðir, sem hafa skipað sér í aðra hvora höfuðsveitina, sem mest hættan er á að kunni að takast á í styrjöld, að það er auðvitað yfirgnæfandi hætta á því, að þau löndin, sem hafa skipað sér ákveðið í aðra hvora sveitina, að það verði þau, sem dragist inn í þau styrjaldarátök, fremur en þau löndin, sem hafa ákveðið að standa hlutlaus utan við. En það dettur auðvitað engum manni í hug að halda því fram, að það sé orðið fullkomið öryggi að skipa sér í sveit hinna hlutlausu landa. Það getur vissulega farið svo, að annar hvor styrjaldaraðilinn telji sér henta að brjóta hlutleysið og ráðast inn í hið hlutlausa land. Við játum það, þeir sem aðhyllast hlutleysisstefnuna, að hún veitir ekkert fullnaðaröryggi. En ég ætla, að allir geti viðurkennt það, sem hleypidómalaust fást til að ræða málið, að líkurnar eru miklu meiri til þess, að þeim löndum takist að halda sér fyrir utan ófögnuðinn, sem hafa ekki látið draga sig beinlínis í dilk annars hvors aðilans, sem mestar líkur eru til að kunni að eigast við í styrjöld. Ég held því, að allur bægslagangur hæstv. dómsmrh. gegn hlutleysisstefnunni í þessum efnum hafi lítið að segja, hann bjargi út af fyrir sig litlu, sá bægslagangur bjargi ekki því, að hann geti haldið fullri sæmd sinni í sambandi við þá stefnu, sem hann hefur rekið hér með því að vinna að því að draga Ísland í dilk með annarri hernaðarblökkinni.

Þá er eitt atriði enn, sem mig langar til að víkja nokkuð að í þessu sambandi við þessar almennu umr., sem aðalflm. málsins hafa fitjað hér upp á, en það er kenning hæstv. dómsmrh. um það, að samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956 um brottför hersins sé raunverulega dauð og grafin eða hún sé fallin úr

gildi. Það var greinilegt í umr. nú fyrir nokkrum dögum, þegar þetta mál var rætt, að hæstv. dómsmrh. vildi leggja mikla áherzlu á að reyna að sanna þetta. Honum var ekkert um að sjá það hér á þskj., að því væri slegið föstu, að samþykkt Alþingis í þessum efnum frá 28. marz 1956 stæði enn í fullu gildi. Hæstv. ráðh. hefur auðvitað munað eftir þeim orðaskiptum, sem fram fóru hér á Alþingi í desembermánuði 1956, þegar nokkur þáttaskil urðu í þessum málum, þegar ákveðið var af þáv. ríkisstj. og tilkynning birt um það hér á Alþingi að fresta þeim samningaviðræðum, sem þá höfðu verið hafnar við Bandaríkin um brottflutning hersins. En það var einmitt þá, sem það gerðist, að tveir af stjórnarflokkunum, Framsfl. og Alþfl., stóðu að því að ákveða, að það væri óhjákvæmilegt, miðað við það ástand, sem þá var í heiminum, að láta niður falla um sinn, eins og það var orðað, þær endurskoðunarviðræður, sem þá höfðu staðið yfir við Bandaríkin. En þriðji stjórnarflokkurinn, sem var Alþb., gaf þá yfirlýsingu hér á Alþingi, að þó að hann út af fyrir sig teldi enga ástæðu til þess að hika við að halda fram þeirri yfirlýstu stefnu, sem átti að vera hjá ríkisstj., en það var að vinna að því, að herinn yrði látinn fara úr landinu, þá gæti hann út af fyrir sig fallizt á það, þar sem samstarfsflokkar hans virtust ekki viðbúnir að standa við þessa samþykkt, að málinu yrði frestað um skeið. Þegar þetta gerðist hér á Alþingi, talaði núv. hæstv. dómsmrh. nokkrum sinnum um málið og gekk mjög fast eftir því að fá þeirri spurningu svarað, hvort það væri rétt, sem fram hefði komið í ræðu Hannibals Valdimarssonar þá, að það, sem gerzt hefði í málinu, væri það, að aðgerðum væri frestað um 2—3 mánaða skeið, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það þá. Og hann margspurði þáv. utanrrh., Guðmund Í. Guðmundsson, um það, hvort hér væri um frestun að ræða eða hvort hér væri raunverulega fallið frá þeirri samþykkt, sem Alþ. hafði áður gert í málinu. Og sömu spurningu beindi núv. hæstv. dómsmrh. að forsrh., sem þá var, Hermanni Jónassyni, hvort hér væri um frestun að ræða eða hvort samþykktin frá 1956 væri niður fallin. Hann spurði ekki um þetta einu sinni og ekki í einni ræðu, heldur í mörgum ræðum og varð vondur og því verri, eftir því sem ræðurnar urðu fleiri. En hann fékk auðvitað alltaf það svar, þegar honum var svarað, að það, sem gerzt hefði í málinu, væri það, að ákveðið væri að láta umr. við Bandaríkin falla niður um skeið, það hefði verið ákveðið. Hæstv. forsrh., sem þá var, Hermann Jónasson, viðhafði orðið frestun, en sagðist ekki geta sagt um það, hvað málinu yrði frestað lengi, því að það yrði að fara eftir því, hvenær flokkar ríkisstj. teldu heimsástandið hafa breytzt svo mikið, að þeir teldu tiltækilegt að taka málið upp á ný. Þessum umr. lauk auðvitað þannig í þetta skipti, að núv. hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, sat uppi með spurningar sínar, vildi að vísu endilega fá það fram, að fallið hefði verið frá samþykkt Alþingis frá 1956, en fékk engan til að taka undir það með sér, og enginn hafði mótmælt því í þessum umr., sem Hannibal Valdimarsson sagði þá, að hér væri um hreinan frest að ræða, enda var það mjög greinilegt samkv. því samkomulagi, er þá var gert, að hér var aðeins um frest að ræða.

En svo gerðist það á þessum fundi, að það var greinilegt, að það hafði orðið nokkur breyting á frá 1956. Nú gat núv. hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, talað við utanrrh., sem nú er og þá var, Guðmund Í. Guðmundsson, með allt öðrum hætti en hann gat 1956. Nú gat hann látið hann tala. Nú gat hann látið hann gefa þá yfirlýsingu, sem hann þurfti á að halda og hefur viljað fá. Það leyndi sér ekki, hver var orðinn húsbóndi nú. Fyrir nokkrum dögum sem sagt kvað dómsmrh. upp í umr. þann dóm, að samþykktin frá 1956 væri fallin niður. Síðan var honum bent á það í umr., að hann gæti ekki fært eina einustu samþykkt Alþingis fram, sem benti til þess, að Alþingi hafi fallið frá þessari yfirlýsingu sinni. Og þá vék hann sér að hæstv. utanrrh. og sagði honum, að hér yrði hann að gera það, sem hann neitaði að gera 1956, nú yrði hann að koma hér upp í stólinn og skrifta og lýsa því yfir umbúðalaust, helzt flytja till. um það, að samþykkt Alþingis frá 1956 væri niður fallin. Þessi leikur allur sýnir, að hæstv. dómsmrh. hefur séð, að samþykkt Alþingis frá 1956, eins og segir í dagskrártill. hv. 4. landsk. þm., stendur í fullu gildi. En hann ætlar sér að fá breytingu nú á þessu þingi á þessari samþykkt með beinni atkvgr., og það má vel vera, að honum takist að fá það fram. Það er staðreynd, sem við höfum staðið frammi fyrir, að Sjálfstfl. ráði öllum gerðum Alþfl. Það má vel vera, að hann geti nú látið hvern einn og einasta þm. Alþfl. falla frá þessari samþykkt og samþykkja nú, að þessi yfirlýsing Alþ. skuli hér með niður falla. Það má vel vera, reynslan ein sker úr um það. En umr. frá 1956 um þessi mál skera alveg ótvírætt úr um, að það, sem gerðist í desembermánuði 1956 hér á Alþingi í þessu máli, var aðeins það, að því, sem heitið hafði verið að gera, til þess að samningunum við Bandaríkin yrði breytt með það fyrir augum, að herinn færi úr landi, var þá frestað, en aðeins frestað. Það er svo í þessu sambandi alveg augljóst mál, að orð hæstv. dómsmrh. í garð okkar Alþb.-manna um það, að við höfum ekki hirt um að taka þetta mál um brottför hersins upp á þinglegan hátt, á meðan við vorum í ríkisstj., eftir þá atburði, sem gerðust í málinu í desember 1956, að þessi ummæli hans eru auðvitað út í loftið. Við höfðum enga ástæðu til þess að taka málið upp þann tíma, sem við vorum í ríkisstj., eins og hann segir, á þinglegan hátt, vegna þess að Alþingi hafði talað í málinu. Og það, sem gerzt hafði, var aðeins það, að þeim samningum, sem lofað hafði verið, var aðeins frestað. Við gengum eftir því með þremur bréfum og mörgum sannanlegum við-

tölum við samstarfsráðh. okkar á tímabilinu frá desember 1956, þar til ríkisstj. var slitið haustið 1958, að það yrði staðið við þessa samþykkt og þau loforð, sem gefin voru í sambandi við myndun stjórnarinnar, og að viðræður yrðu teknar upp aftur með það fyrir augum, að herinn yrði látinn fara. En við gátum auðvitað ekki fengið því ráðið sem minni hl. í ríkisstj., þegar hinir flokkarnir tveir, Framsfl. og Alþfl., neituðu að verða við þessum kröfum okkar. Það er því fullkomlega út í hött hjá hæstv. dómsmrh. að tala um það, að við höfum unnið óeðlilega að þessu máli með því að taka það ekki upp á þessum tíma sem sérstakt þingmál. Tillöguflutningur okkar um þetta mál síðan sannar ekki heldur, eins og hæstv. utanrrh. vildi segja í sinni ræðu, það, að við hefðum álitið, að samþykktin frá því í marz 1956 væri niður fallin, því að allar okkar tillögur, sem fluttar voru á Alþingi síðan um málið, voru í þá átt að krefjast þess, að staðið yrði við yfirlýsingar Alþingis frá 28. marz 1956.

Þegar hæstv. dómsmrh. ræddi um þetta atriði málsins, sagði hann, að við Alþb.-menn gerðum þá kröfu til hans og núv. ríkisstj., að staðið yrði við þessa samþykkt, og hann skildi það ekki, af hverju við beindum þessum kröfum til ríkisstj., spurði um það, hvort við tryðum núv. stjórn betur en þeirri stjórn, sem við vorum í sjálfir, og sagði svo, að hann vissi, að við hefðum auðvitað ástæðu til að treysta því, að hann og þeir, sem með honum væru nú í ríkisstj., stæðu alltaf við öll sín loforð, en það hefði verið meira en hægt hefði verið að segja um vinstri stjórnina. Ég hef minnt hæstv. ráðh. á það fyrr í minni ræðu, hvernig hann stóð við það loforð, sem hann gaf þjóðinni 22. marz 1949 um, að í landinu skyldi aldrei verða erlendur her og hér skyldu aldrei verða erlendar herstöðvar á friðartímum. Miklu fleiri atriði mætti þar til nefna um það, hversu vel hann og sú ríkisstj., sem hann er í, hefur staðið við sín loforð. Ég dreg enga dul á það, að sú ríkisstj., sem ég var í, stóð ekki við þetta loforð. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af minni hálfu og okkar ráðh. Alþb. tókst okkur ekki að fá ríkisstj. til að standa við þetta loforð. En það er vitanlega hin mesta fjarstæða hjá hæstv. dómsmrh. að ætla að skella sökinni af því, að svo fór, á okkur, sem gengum sannanlega eftir því, að staðið yrði við þessa samþykkt Alþingis.

Ég hef nú rætt þetta mál á nokkuð breiðum grundvelli, að gefnu tilefni. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að ég var ekki upphafsmaður að því, að þessar umr. fóru út á þennan vettvang, sem þær hafa farið, og við Alþb.-menn áttum ekki hlut að því, heldur höfum við haldið okkur fyrst og fremst við eðli þessa máls, sem hér liggur fyrir, við almannavarnirnar, hvað hægt væri að gera í þeim efnum, og um hættuna, sem okkar staðsetning beinlínis af herstöðinni, sem er í landinu, og hvernig árangursríkast væri fyrir okkur til að tryggja líf og limi borgaranna í landinu að fjarlægja hinn erlenda her úr landinu og leggja niður herstöðvarnar. Það var um þetta, sem við ræddum. En það vorum ekki við, sem byrjuðum á því að draga inn heimspólitíkina almennt í umr.

Mig langar svo að lokum að víkja nokkru nánar að efni frv. sjálfs, nokkrum atriðum þess.

Þegar þetta mál var rætt á síðasta þingi, talaði ég nokkuð um málið. Ég benti þá á, að í frv., eins og það var lagt fyrir, væri um að ræða eina grundvallarbreytingu frá því, sem verið hefði í eldri lögum um sama efni hér hjá okkur, og að þessi breyting væri hreint ekki lítil. Þetta frv. er byggt upp á þeirri meginreglu, að það sé ríkisstj. sjálf, sem á að hafa frumkvæði um það, sem gert er í almannavarnamálum. Það skuli vera á valdi ríkisstj. og fyrst og fremst þess ráðh., sem fer með þessi mál, að ákveða um það hverju sinni, hvað skuli gert í almannavarnamálum. Og í beinu framhaldi af þessu eru hæstv. ráðh. gefnar mjög viðtækar heimildir, heimildir, sem ná jafnvel svo langt, að hann getur með einfaldri ákvörðun ákveðið að láta kalla til æfinga í landinu alla menn, sem eru á aldrinum frá 18—65 ára, til æfinga, sem í öllum meginatriðum geta orðið svipaðar eða eins og heræfingar eru t. d. hér á Norðurlöndum. En mjög verulegur hluti þeirra æfinga er einmitt um þau efni, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En í eldri löggjöf um þetta sama efni var þetta byggt upp á allt annan veg. Þá var gert ráð fyrir því, að valdið væri í höndum bæjar- og sveitarstjórnanna í landinu að ákveða það, út í hvaða ráðstafanir væri lagt. Bæjarstjórn Reykjavíkur gat ákveðið að efna til þar tiltekinna ráðstafana. Hún stóð auðvitað í nánustum tengslum við borgara síns bæjarfélags, og þeir gátu þá auðveldlega talað við sín borgaryfirvöld. Og reynslan af þessu varð auðvitað sú, að það var gætt mjög hófs hjá flestöllum sveitarfélögum í landinu í því, hvað gert var, bæði miðað við getu og allar aðstæður. En með þessu frv. er ákveðið að skipta hér algerlega um. Bæjar- og sveitarstjórnirnar eiga hér ekki að ráða, hvað gert er, heldur er það ráðh., sem fær í sínar hendur allt þetta vald og getur fyrirskipað það, sem heimildir laganna gera ráð fyrir. Og með því er einnig ákveðið, að ríkisvaldið getur tekið til að byggja hér upp allkostnaðarsama yfirstjórn þessara mála.

Ég fyrir mitt leyti álít, að þessi uppbygging í sambandi við almannavarnir sé mjög hæpin, a. m. k. á þeim grundvelli, sem er lagður í þessu frv., því þó að þetta sé ákveðið, þá er því haldið áfram, að það eiga að vera bæjar- og sveitarfélögin, sem eiga að standa undir kostnaði við framkvæmdirnar að mjög miklu leyti. Ef ríkisstj. vill fá allt þetta vald í sínar hendur, á hún líka að leggja til um leið, að allur kostnaður af þessum framkvæmdum verði að vera ríkisins. Það er tilgangslaust að ákveða það með stjórnskipun, að hin einstöku sveitarfélög skuli koma upp sérstökum öryggis-

sjúkrahúsum, að verulegu leyti á sinn kostnað, til þess að halda þeim fulltilbúnum með öllum nauðsynlegum útbúnaði vegna hugsanlegs hættuástands, á sama tíma og svo háttar til, að flest sveitarfélög í landinu geta ekki einu sinni að fullu lokið við þau sjúkrahús, sem þau hafa með að gera nú, og haldið rekstri þeirra uppi með eðlilegum hætti, m. a. vegna þess, að ríkið greiðir ekki einu sinni það hlutfall til þeirra, sem ríkið á að gera samkv. lögum, og skuldar þar stóra fjárhæð. Það er ekki einu sinni hægt að sinna þeim sjúku og veiku í dag, eins og lög og reglur standa til. Ef ríkisstj. telur, að sú pólitík, sem hún hefur staðið fyrir, leiði yfir okkur slíka hættu, að við verðum að ráðast hér í tugmilljóna eða hundraða milljóna kr. framkvæmdir á hverju ári til öryggis borgurunum í landinu, ef til styrjaldar kæmi, þá á líka ríkisstj. að játa það, að hún verður að sjá um að útvega það fjármagn, sem þarf til þess að koma nauðsynlegum öryggisákvæðum fram, en skjóta sér ekki undan vandanum á þennan hátt.

Það, sem við Alþb.-menn höfum gert í þessu máli, er, að við höfum lýst því hér yfir allir, sem rætt höfum málið, að við erum ekki á móti almannavörnum. Við viljum gjarnan styðja almannavarnir. Við viðurkennum, að það steðjar hætta að þjóðinni, ef til styrjaldar kæmi. Og við viljum ekkert draga úr því, að þjóðin sé viðbúin. En við segjum: Við viljum ekki taka þátt í þeim ljóta leik að reyna að telja þjóðinni trú um það, að hún sé úr mestri eða allri hættu, ef löggjöf eins og þessi sé samþykkt og nógu mikið sé talað um það að grafa að innan Arnarhól og búa þar til eitt stórt byrgi eða breyta flestum kjöllurum í húsum í landinu í sérstök loftvarnabyrgi. Við viljum ekki taka þátt í því að blekkja almenning í landinu á þennan hátt, því að það væri illa gert og það væri hættulegt. Við álítum, að það eigi að draga réttar ályktanir í sambandi við þá hættu, sem allir virðast vera sammála um að þjóðin stendur frammi fyrir, ef til styrjaldar kæmi, og viðurkenna, hvað er aðalhættuvaldurinn, hvað það er, sem veldur mestri hættu fyrir íslenzku þjóðina í þessum efnum, og reyna að draga úr hættunni. Við álítum, að það ætti að draga úr hættunni með því að láta herinn víkja úr landinu og með því að leggja niður herstöðina sem herstöð. Það er líka auðvitað alger blekking að ætla að hanga í því, að vegna þess að það er til stór og mikill flugvöllur, sem hefur verið byggður upp meira og minna sem hernaðarflugvöllur suður í Miðnesheiði, að af því að aðeins flugvöllurinn sé til, þá vofi hættan yfir okkur og það sé ekki hægt að gera neitt við því. Það er auðvitað tiltölulega auðvelt verk að eyðileggja einn flugvöll eða gera hann þannig, að hann verði ekki þýðingarmikill hernaðarlega séð, og það þarf ekki einu sinni að nota svo stór orð í þeim efnum að tala um að sprengja eitthvað í loft upp. Það er hægt með tiltölulega litlum aðgerðum að eyðileggja einn flugvöll, þannig að það þurfi svo að segja að byggja hann upp að nýju. Það er hægt að gera hann þannig, að stærstu og hættulegustu hernaðartækin geti ekki notað völlinn. Spurningin er bara sú: Vill maður hallast að þeirri skoðun, sem við Alþb.-menn höfum, að orsökin sé herstöðin, hernaðaraðstaðan öll með hinum erlenda her, að hættan liggi í þessu, eða eru menn á hinni skoðuninni, sem hæstv. dómsmrh. túlkar hér, að við getum ekkert gert til þess að draga úr hættunni annað en það að hafa sem sterkastar hernaðarvarnir fyrir í landinu? Þeir, sem eru á þeirri skoðun, vilja auðvitað moka að sér hergögnum og hermönnum og halda, að hættan verði þeim mun minni sem hervarnirnar séu sterkari. En ég er ósköp hræddur um það, að áframhaldið af þeirri stefnu leiði til þess, að það þurfi að byggja byrgi um allt Ísland og það þurfi svo að segja að geyma alla Íslendinga undir jarðarskorpunni einhvers staðar, ef á að láta þá vera sæmilega örugga.

Við Alþb.-menn erum enn sömu skoðunar og við vorum 28. marz 1956. Við álítum, að það eigi að standa við þá yfirlýsingu, sem Alþingi gerði þá, það eigi að vinna að því, að herinn fari úr landinu. Við teljum, að með því væri stigið stórt skref í rétta átt, einmitt í þágu almannavarna. Og það er auðvitað alveg tilgangslaust fyrir hæstv. dómsmrh. að tala um það hér í einhverri vonzku, að kommúnistar vilji þetta og vilji hitt og það séu aðeins kommúnistar, sem séu á móti því, að nokkuð sé gert í þessum málum. Hæstv. ráðh. veit mætavel, að það er meiri hl. Íslendinga, sem óskar eftir því í dag, að herinn fari úr landinu. Hann veit, að það hefur verið leitað álits víða um land, til manna úr öllum flokkum, um það, hvort þeir vildu beinlínis tjá það á skriflegan hátt, hvort þeir væru með því, að herinn færi úr landi, eða ekki. Og það hefur komið í ljós, að í hverju kjördæminu af öðru tjáir sig alveg ákveðinn í þessu máli meiri hl. kjósenda. En það er auðvitað hægt í þessu máli eins og öðru að berja höfðinu í steinvegginn allan tímann og neita staðreyndum og segja eins og svo oft áður er sagt: Það eru bara vondir menn, sem halda þessu fram. Þetta eru bara kommúnistar, og af því þarf ekki að taka neitt mark á því.

Ég vil nú skora enn einu sinni á hæstv. dómsmrh., sem stendur að flutningi þessa frv., að hann geri Alþingi grein fyrir því, áður en þetta mál er afgreitt út úr deildinni, hvað það er, sem hann hugsar sér að framkvæma samkv. þessum væntanlegu lögum í fyrstu lotu, t. d. á næsta ári. Ég trúi því alls ekki, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, á hverju eigi að byrja. Ég vil alveg sérstaklega spyrja hann um það, hvort t. d. sé meiningin að byrja nú á næsta ári á því að grafa eitt mikið byrgi í Arnarhól. Það er vitað, að það mál er búið að vera lengi í athugun og það er búið að mæla og teikna og reikna heil-

mikið út og menn vita allmikið um verkið. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur ekki hann, sem hefur mikinn áhuga á þessu máli og þá ekki síst fyrir því að bjarga Reykvíkingum, úr því sem komið er, myndað sér skoðun á því, hvort þarna eigi að byrja að grafa á næsta ári? Og hvað álítur hann þá að þurfi að áætla mikla fjárhæð í þessu skyni? Það væri auðvitað einnig mjög fróðlegt að fá að vita um það, hvernig á að afla fjárins, því að það hefur viljað við brenna, a. m. k. þegar við stjórnarandstæðingar leggjum eitthvað til á Alþingi, að varið skuli einhverri upphæð til gagnlegra framkvæmda, að þá höfum við verið spurðir um það, hvar eigi að taka tekjurnar. Ég vildi gjarnan fá að vita um það beint frá hæstv. ráðh., hvað ráðgert er í þessum efnum. Ég efast ekkert um, að þeir fjölmörgu menn í landinu, sem nú standa í húsbyggingum, sem nú standa frammi fyrir því að horfa á útreikninga hins opinbera um það, að meðalstór íbúð, eins og hún er talin vera í landinu nú, kosti um 560 þús. kr. í byggingarkostnaði, og eiga alls ekki kost á því að fá meira lán en 150 þús. kr. til þessara framkvæmda, — ég býst við því, að þeir menn, sem standa í þess háttar framkvæmdum, vildu gjarnan fá að vita um það, hvort það er ætlun hæstv. ríkisstj. að skylda þá alla til þess að breyta kjöllurum í væntanlegum húsum sínum á þann hátt, að í hverjum kjallara sé loftvarnabyrgi, sem telja megi til einhvers gagns, ef til styrjaldar drægi. Það er gert ráð fyrir þessu í frv., og það er sennilega ekki ótrúlegt, að þetta yrði eitt af því fyrsta, sem gripið yrði til. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur hann ekki kynnt sér þessa hlið málsins? Og ráðgerir hann, að hafizt verði handa í þessum efnum samkv. þeim heimildum, sem hann óskar að fá í sínar hendur til ákvarðana í þessum efnum?

Ég veit, að hæstv. dómsmrh. sér og viðurkennir, að það er svar út í hött við þessum spurningum og ekki sæmilegt í sambandi við þetta mál að segja, að þetta verði nú allt athugað, sérfræðingar verði látnir skoða málið og það sé fyrst að athugun þeirra lokinni, sem eitthvað sé hægt að segja um það, hvað skuli gera. Það hefur ekki þótt sæmilegt hér á Alþingi áður að fara fram á svona víðtækar heimildir, án þess að mönnum sé gerð grein fyrir því, hvað stendur til, a. m. k. í fyrstu lotu. Eða er hitt kannske meiningin, eins og umr. hér óneitanlega bera mjög vott um, að aðaltilgangurinn sé sá að hefja upp mikinn áróður og halda margar réttlætingarræður hér af hálfu ríkisstj. um, að það sé nauðsynlegt að hafa hér sem mestar hervarnir, það sé nauðsynlegt að afneita hlutleysisstefnunni, það sé nauðsynlegt að afneita þeirri stefnu, sem Alþingi hefur lýst yfir áður, að það beri að stefna að því, að herinn fari úr landinu? Er þetta tilgangurinn með málinu, að flytja áróðursræður um þetta, og svo til viðbótar almennar skammir um kommúnista, um Rússa og aðra vonda menn, og í krafti þess, hvað þeir séu óskaplega vondir, megi halda áfram að hervæða landið?

Ég segi, að mér finnst, eins og umr. hafa verið hér, að það bendi óneitanlega margt og mikið til þess, að tilgangurinn með flutningi málsins hér inn í þingið sé þessi. En ég vil nú vænta þess, að jafnhliða því, sem skýrt verður í stjórnarblöðunum og væntanlega einnig í útvarpinu frá hinum gagnmerku ræðum hæstv. dómsmrh. um heimspólitíkina almennt og alheimskommúnismann og síðustu styrjöld o. s. frv., þá verði ekkert undan dregið af því heldur, hver sé afstaða og stefna okkar Alþb.-manna til þessa máls. Ég hygg, að hún hafi komið hér alveg greinilega fram. Við erum ekki á neinn hátt á móti almannavörnum. En við þorum að horfast í augu við veruleikann og við vekjum alveg hiklaust athygli á því, hvaðan hættan stafar og hvað hægt er að gera til þess að bægja hættunni frá.

Ég mun ekki í þessum umr. taka þátt í kappræðum um það, hvernig síðustu styrjöld bar að og að hve miklu leyti megi draga úr sök þýzku nazistanna í sambandi við styrjöldina. Ég nenni satt að segja ekki, a. m. k. á þessu stigi málsins, að fara í slíkar umr., sé ekki, að það kalli mikil þörf á það. Hins vegar er auðvitað ekkert við því að segja, þó að hæstv. dómsmrh. haldi áfram slíkum ræðuhöldum hér, ef hann óskar eftir og telur það til gagns þessu máli, sem hér liggur fyrir. En ég held nú samt, að nær væri honum, heldur en að halda hér öllu lengra á þeirri braut, að fást til að ræða við okkur óbreytta þm. um efni þessa máls, sem hér liggur fyrir, og svara okkar fsp. hér beint um áætlaðar framkvæmdir í málinu.

Það er nú komið að fundarlokum, og ég skal ekki ræða þetta mál öllu lengur nú. Að vísu var brtt. sú, sem hæstv. utanrrh. flutti hér, með mjög sérkennilegum hætti. Ég hafði vikið nokkuð að henni áður, en ég ætla, að framkoma hennar og efni sé með þeim hætti, að það sé ekki mikil þörf á því að ræða hana út af fyrir sig. Ég held, að það sýni sig mjög ljóslega, að hún sé flutt samkv. fyrirskipun, og það skilur maður mætavel, hvað á bak við liggur. Ætlunin er að knýja nú fram stefnubreytingu af hálfu Alþingis varðandi herinn og slá helzt af öllu fastri þeirri stefnu, sem hefur verið stefna núv. hæstv. dómsmrh. um langa hríð, að við eigum að stefna að því að hafa hér her í landinu á öllum tímum. Það má vel vera, eins og ég sagði, að hæstv. dómsmrh. takist að fá fram slíka samþykkt nú á þessu þingi. En vonandi stendur sú samþykkt ekki lengur en fram yfir næstu kosningar, að Alþingi verði þannig skipað áfram að meiri hl. til, að það kjósi að slá því föstu, að það skuli vera her, erlendur her og erlendar herstöðvar, í landi okkar á öllum tímum.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 6, n. 63 og 85, 103, 117).

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. hélt hér mjög langan og fróðlegan fyrirlestur í mannkynssögu, og það, sem raunverulega stóð eftir af hans röksemdum fyrir hervörnunum svokölluðu á Íslandi, var, að það væri svo mikill árásarhugur í Sovétríkjunum, að þaðan mætti alltaf við árásum búast, og þess vegna yrðum við hér á Íslandi að hafa hervarnir og draga að okkur alla þá hættu, sem í sambandi við þær væri.

Mér kom í hug, þegar hæstv. dómsmrh. var að tala allt sitt langa mál, að anzi væri hart að hafa ekki meira en athugasemdartíma til þess að taka þetta fyrir. Mér lá við að segja við hann: Nýtur þess Bjarni, að nú er ég dauður. — En það verður kannske tækifæri til þess í staðinn einhvern tíma seinna. En á meðan mun ég reyna á þolinmæði hæstv. forseta, hve löng athugasemdin verður, án þess samt að misnota það tækifæri, sem mér er gefið.

Ég held, að það sé mjög nytsamlegt, að við ræðum þetta mál, ef við getum, ofan í kjölinn, vegna þess að það er greinilegt í sambandi við þá miklu deilu, sem hér stendur um nytsemi almannavarna og um hættuna af herstöðvunum, að þessi spurning einmitt um ímyndaða árásarhættu frá Sovétríkjunum er vafalaust ekki aðeins hjá hæstv. dómsmrh., heldur líka hjá mörgum af hans fylgismönnum höfuðröksemd þeirra fyrir því, að við verðum að hafa hér svokölluðu hervarnirnar og draga þannig að okkur, að okkar áliti, hætturnar af kjarnorkustyrjöld. Og nú síðast var svo komið, að í staðinn fyrir, að menn hafa hingað til haldið því fram, að hér þyrfti að staðsetja flugvélar, til þess að þær gætu varizt hugsanlegum árásum á landið, þá er því nú lýst yfir, að höfuðatriðið hér á Íslandi frá sjónarmiði Bandaríkjanna sé orðið kafbátastöð, og engum dettur í hug að ætla hana eða kafbátana hér sem einhverja sérstaka vörn fyrir fólkið á Íslandi. Það er m. ö. o. orðið alveg greinilegt, að með þeim herstöðvum, sem hér eru, ekki sízt kafbátastöðvunum, sem verið er að undirbúa, er gildi Íslands fyrst og fremst orðið hernaðarlegt gildi fyrir Bandaríkin í þeirra hugsanlegu stríði, en ekki hervarnir fyrir Íslendinga. Það getur víst engum dottið í hug, að kafbátastöð hér á Íslandi eigi að draga úr hættunni, sem hins vegar hæstv. dómsmrh. fannst að herstöðvar á Keflavíkurflugvelli og flugvélar jafnvel með kjarnorkuskeytum þar mundu gera.

Svo að ég hverfi svolítið að sögunni, sem hæstv. ráðh. kom inn á, vil ég minna á, að við höfum áður deilt hér um sögu í þessu sambandi. Hann spurði mig einu sinni að því, hvort ég gæti bent á nokkurt lýðræðisríki, sem hefði gerzt árásarríki, og ég rakti fyrir hann alla sögu 19. aldarinnar um, hvernig einmitt þessi frægustu og beztu lýðræðisríki Vestur-Evrópu hefðu verið harðvítugustu árásarríki heimsins, sem lagt hefðu undir sig meginhlutann af jörðinni og haldið því í byrjun þessarar aldar. Ég skal ekki fara að rifja það nú upp. En hæstv. ráðh. viðurkenndi, að kenningar mínar 1939 og 1940 hefðu reynzt réttar, — þær kenningar, að hlutleysi og friðhelgi Íslands ættum við að reyna að fá styrkt með því móti að fá þau stórveldi, sem síðan urðu að Sameinuðu þjóðunum, til þess að viðurkenna þetta hlutleysi og þessa friðhelgi og ábyrgjast það með yfirlýsingum, sameiginlegum yfirlýsingum þessara stórvelda, sem seinna meir áttu eftir að standa saman og verða kjarninn í hinum Sameinuðu þjóðum. Það er rétt, að sagan hefur sýnt, að ég hafði á réttu að standa þá. En hvað var sagt um mig þá? Hvað var sagt um þessar kenningar mínar þá? Þá var sagt, að þetta væri allt saman þjónkun við Rússa. Og ég vil nú spyrja hæstv. dómsmrh. og hv. þm., sem honum fylgja: Er nú ekki tími til kominn, að þið lærið eitthvað af þessu? Nú viðurkennið þið, að ég hafi haft á réttu að standa þá. Nú hef ég tillögur að gera í þessum málum og hef gert og hef sýnt fram á, hve nauðsynlegt væri, að Ísland héldi sínu hlutleysi og friðhelgi og reyndi að tryggja sig, t. d. með ábyrgð stórveldanna og yfirlýsingu þeirra um, að þau virði þetta á sama hátt og þau hafa gert, er þau viðurkenndu Austurríki. Ég efast ekki um, að ég hef rétt fyrir mér í þessu í dag, og mér þykir leiðinlegt, ef það þurfa að líða 20 ár, þangað til menn sjá það, eða kannske enginn okkar lifi það af að sjá, að ég hef haft á réttu að standa. En ég hafði á réttu að standa í fleiru en hvað snerti okkar innanríkismál og öryggi Íslands þá. Ég hafði líka á réttu að standa um mína skilgreiningu á alþjóðamálum. Hvernig var afstaða mín þá, þegar München-samningurinn var gerður og þegar einmitt allar þessar umr. fóru fram? Hann var gerður í sept. 1938. Hvað var München-samningurinn, og hvernig skilgreindi ég hann þá? Ég skilgreindi hann sem samsæri helztu auðvaldsríkjanna í Evrópu, Þýzkalands og Ítalíu, Englands og Frakklands, samsæri þeirra gegn Sovétríkjunum og smáríkjunum í Evrópu, samsæri þeirra um, eftir að hafa fórnað Austurríki, ákveðið að fórna Tékkóslóvakíu og fórna Spáni, samsæri þessara miklu auðvelda á móti lýðræðinu og sósíalismanum í Evrópu. Og hvernig skilgreindi ég þá Chamberlain og hans framkomu í sambandi við München? Ég skilgreindi hana sem rýtingsstungu í bakið á lýðræðinu í Evrópu. Ég skilgreindi hann sem Júdas gagnvart lýðræðinu í Evrópu. Hvernig tók Morgunblaðið Chamberlain þá og München? Morgunblaðið fagnaði. Það fagnaði þessu, og það gekk svo langt, að það líkti Chamberlain næstum því við Jesú Krist og hélt því fram, að með þessu illvirki, sem þýddi það að ofurselja eitt sterkasta lýðræðisríkið í Evrópu, Tékkóslóvakíu, væri verið að tryggja friðinn. Hvert er álit sögunnar og allra sagnaritara í dag á því, hvað München var? München er orðið mesta skammaryrði sögunnar í dag. Og Chamberlain, já, aumingja Chamberlain, það er víst enginn, sem dettur í hug að þakka honum neitt í dag.

Hvernig stóðu hlutirnir þá? Hlutirnir stóðu þá þannig, að Sovétríkin buðust til þess, er München-samningurinn var gerður, við forseta Tékkóslóvakíu að standa með Tékkóslóvakíu í stríði á móti Hitler. Og þetta haust, 1938, var Tékkóslóvakía eitt bezt vigbúna landið í Evrópu, og þá var Hitler og hans þýzki her ekki reiðubúinn, eins og hans herforingjar hafa staðfest seinna, til þess að byrja heimsstríð, þannig að hefði þá verið lagt til stríðs, þá hefði Þýzkaland undireins beðið ósigur. Það, sem skorti á þá, var, að forseti og stjórn Tékkóslóvakíu þorðu ekki að leggja í það að berjast við hliðina á Sovétríkjunum einum á móti Hitlers-Þýzkalandi, vegna þess að þeir, sem lengst stóðu til hægri í Tékkóslóvakíu, sögðust þá mundu gera uppreisn og standa í stríði með Hitler, svo framarlega sem Tékkóslóvakía og Sovétríkin ættu ein að standa í styrjöld, eftir að vesturveldin hefðu svikið þau. En eins og kunnugt er, hafði Frakkland tekið ábyrgð á Tékkóslóvakíu og sveik þá ábyrgð í München-samningnum, en Sovétríkin höfðu tekið ábyrgð líka, en buðust til að standa við hana. Og það nákvæmlega sama, sem ég sagði þá, var líka það, sem Winston Churchill hélt fram í brezka þinginu, og það, sem síðar meir var viðurkennt að hefði verið rétt. Hver var hins vegar skoðun Morgunblaðsins hér á Íslandi þá? Hún var, að það hefði verið alveg sjálfsagt að fórna Austurríki, sjálfsagt að fórna Tékkóslóvakíu. Og hvernig var litið á lýðræðið á Spáni? Hvað voru lýðræðissinnarnir á Spáni kallaðir í Morgunblaðinu allan þennan tíma? Þeir voru kallaðir rauðliðar, og samúðin var öll með Franco, með fasismanum.

Síðan fór hæstv. dómsmrh. að rekja, hvað hefði gerzt 1939. Við skulum átta okkur á því, og það gera flestir sagnaritarar nútímans, að örlögin um stríðið voru ákveðin í München. Það, sem gerðist þá, var, að auðvald Evrópu sameinaðist á móti lýðræðinu og sósialismanum, á sama hátt og það er að reyna að sameinast í Atlantshafsbandalaginu í dag. Hver var þá bardagaaðferð Sovétríkjanna? Nú skulum við muna eftir því, að Sovétríkin höfðu 20 árum áður staðið á móti öllum þessum ríkjum sameinuðum. Þau höfðu öllsömun 1918—1919 ráðizt inn í Sovétríkin til þess að reyna að slá byltinguna niður. Bardagaaðferð Sovétríkjanna var þess vegna eðlilega sú að reyna að kljúfa þessa andstæðinga sína til þess seinna meir að ná samstarfi við lýðræðisríkin í Vestur-Evrópu. Og það, sem gerðist sumarið 1939, var, — og það væri kannske þægilegast að vitna einmitt í Churchill til þess að sýna fram á, hvað þá var að gerast, — það voru sýndarsamningar, sem Chamberlain og þeir náðu við Sovétríkin þá. Það voru sendir menn af lægri gráðum úr ráðuneytunum brezku til þess að semja um það, sem átti að vera, að því er talað var um, samningar um varnarbandalag, og það var aldrei af hálfu vesturveldanna lýst yfir neinum vilja til að taka þátt í því að standa með Sovétríkjunum, ef Hitler réðist á þau. (**Forseti:** Ég vil minna hv. þm. á, að það var aðeins aths., sem hann átti rétt á að gera hér, og hann man væntanlega eftir þeirri grein þingskapa, þar sem segir, að heimilt sé að gera stutta aths. um atkvgr., um gæzlu þingskapa eða bera af sér sakir.) Já, ég skal sjá um það. Ég er víst búinn að vera 10 mínútur.

Það er alveg greinilegt, að það verður ekki tækifæri til þess, eftir að maður er dauður, að rekja allt það, sem hæstv. dómsmrh. gat sagt, og kannske gefst tækifæri til þess seinna. Ég ætla þó aðeins að lokum að minna hann á, að það, sem var aðferð auðvaldsins í Vestur-Evrópu þá, var að reyna að siga Hitler á Sovétríkin og láta þessum tveim aðilum blæða út í styrjöld. Og hann man kannske eftir, hvað Truman Bandaríkjaforseti, sem síðar var, lýsti yfir í júlí 1941, þegar hann var spurður um stríðið á milli Þjóðverja og Rússa. Þá lýsti hann yfir þeirri afstöðu sinni, að það væri bezt að láta þá tvo eigast við og hjálpa síðan þeim, sem ætlaði að verða undir. Hæstv. dómsmrh. verður að muna, að aðferð auðvaldsins í Vestur-Evrópu var að siga Hitler á Sovétríkin og ætlast til þess, að hann berði þau niður. Þeim varð ekki að von sinni. Þeir biðu með að koma upp öðrum vígstöðvum, sem þeir höfðu þó lofað. Þeir gerðu það ekki 1942. Þeir gerðu það ekki 1943. Þeir gerðu það ekki fyrr en þeir sáu, að Rauði herinn var að sigra Hitler, sem þeir höfðu ekki búizt við. Kalda stríðið byrjaði raunverulega strax 1942 með því, að það var svikizt um að koma upp tvennum vígstöðvum, og kalda stríðið hélt áfram, þegar atómsprengjunni var kastað á Japan. Það var til þess að sýna einokun Bandaríkjanna á þessu voðavopni. Og kalda stríðið á rót sína að rekja til þess, að auðvald Vestur-Evrópu hefur alltaf sett mótsetningarnar milli auðvalds og sósialisma hærra en alla möguleika á því að verja lýðræðið, líka lýðræði Vestur-Evrópu. Þess vegna gafst franska stjórnin upp fyrir Hitler og fórnaði lýðræðinu í Frakklandi, af því að hún var aldrei að hugsa um að verja það, heldur aðeins auðvaldið í Evrópu. Og þess vegna stóð Chamberlain eins og hann stóð, að hann setti hagsmuni alþjóðaauðvaldsins upp fyrir hagsmuni brezka imperíalismans. Og það, sem var munurinn á hans afstöðu og afstöðu Churchills, var, að Churchill hafði þó manndáð í sér til þess að verja England, enska imperíalismann, en fórna því ekki fyrir alþjóðaauðvaldið.

Ég veit, að það þýðir ekki að ætla að fara að nota þennan litla aths.-tíma, og ég mun ekki misnota þolinmæði forseta, til þess að rekja þetta allt saman, og verð þess vegna að láta mér nægja það litla, sem ég nú hef sagt, og nota þá kannske tækifæri betur til þess síðar. En greinilegt er orðið, að það að uppræta þennan ótta og þennan misskilning og þessa ímyndun hjá hæstv. dómsmrh., hvaðan árásarhættan stafi, það er grundvöllurinn fyrir því að fá þá til þess að skilja, að okkur Ís-

lendingum er nauðsynlegt til þess að tryggja líf okkar þjóðar einmitt að fjarlægja þær herstöðvar, sem draga að okkur hættuna, en hins vegar engin vernd er í.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 117 samþ. með 20:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JR, MÁM, ÓTh, SÁ, SI, DÓ, AGb, PP, BF, BK, BBen, JPálm, EmJ, RH.

nei: KGuðj, LJós, EOl, GeirG.

GíslG, HÁ, HS, VK, JSk, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EystJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (GJóh, HV, JP, PS, EðS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eysteinn Jónsson: Ég tel ekki máli skipta, hvort þessi orð, sem brtt. gerir ráð fyrir að fella burt úr dagskránni, standa þar eða ekki, og þessa atkvgr. engin áhrif hafa á aðstöðuna til þess að segja upp varnarsamningnum samkv. ákvæðum hans, þegar það þætti tímabært. Ég greiði því ekki atkvæði.

Rökst. dagskrá á þskj. 85 felld með 31:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, KGuðj, LJós, EOl.

nei: EmJ, EystJ, GíslG, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, HÁ, HS, IngJ, VK, JSk, JR, MÁM, ÓTh, SÁ, SI, SkG, ÞÞ, DÓ, AGb, ÁÞ, PP, BF, BK, BBen, BFB, BP, JPálm, RH.

5 þm. (GJóh, HV, JP, PS, EðS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 103,1 felld með 20:11 atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 103,2 felld með 19:11 atkv.
8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 63,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 63,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 132).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Eins og allir hv. þm. munu vera sammála um, er hér um að ræða eitt af þeim þýðingarmestu málum, sem við höfum rætt, enda hafa umr., sem um málið hafa orðið, borið þess vott, að mönnum er ljóst, hve mikið getur verið í húfi, svo framarlega sem ekki er höfð hér sú gát, sem nauðsynleg er. Það, sem höfuðágreiningur hefur verið um í sambandi við þetta mál, er gildi þeirra svokölluðu hervarna, sem eru nú á Íslandi. Og það virðist vera ákaflega djúpsettur ágreiningur, — ágreiningur, sem hins vegar, ef þessi mál eru rædd hleypidómalaust og með rökum, ætti að vera hægt að jafna.

Við höfum haldið því fram, fulltrúar Alþb., að af hervörnum, sem hér eru á Íslandi nú, stafi okkur fyrst og fremst hætta. Og við höfum bent á, að það eru algerlega úreltar hugmyndir, sem margir þm. ganga hér með, þegar þeir eru að tala um, að það sé hætta á einhverri innrás í landið, að einhverjir taki landið, eða annað þess háttar, þar sem hættan í sambandi við kjarnorkustyrjöld er, að það sé skotið á landið kjarnorkusprengjum, og gegn því sé raunverulega engin vörn, og þessar almannavarnir, sem hérna er talað um og enn þá eru að mestu leyti sniðnar við það sama og loftvarnirnar voru 1941, verða okkur að tiltölulega litlu gagni, þótt sjálfsagt sé að reyna að gera það, sem hægt sé.

Það kom sérstaklega greinilega fram hjá þeim hæstv. ráðh., sem þetta mál flytur, hæstv. dómsmrh., að hans ótti í sambandi við hugsanlega kjarnorkustyrjöld virtist fyrst og fremst stafa af því, að það væru vondir menn til í veröldinni, sem vildu setja slíka styrjöld af stað. Þegar ég las Morgunblaðið í gær, miðvikudaginn 21. nóv., þótti mér sýnt, að þeir menn, sem annars sitja hér á þingbekkjum hjá okkur og líka hafa skipað forsæti þessarar hv. d., þeir menn, sem eru dálítið nær þeim stöðvum, þar sem þeir finna betur hættuna, sem yfir vofir, þeir virðast hugsa þó nokkuð öðruvísi um þetta mál. Ég á við grein, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, eftir Sigurð Bjarnason, sem nú mun vera fulltrúi íslenzku ríkisstjórnarinnar hjá Sameinuðu þjóðunum, sem heitir: „Styrjaldaróttinn í blöðum og bókmenntum.“ Það er alveg greinilegt, að maðurinn, sem skrifar þessa grein, er gagntekinn af þeim ótta, sem mun hafa gripið menn í Bandaríkjunum, þegar við lá, að kjarnorkustyrjöld hæfist hér á dögunum út af Kúbu. Og í þessari grein lýsir hann mjög skilmerkilega og Morgunblaðið birtir í einum þrem dálkum útdrátt úr einni bók, sem er nýkomin út í Bandaríkjunum eftir Eugene Burdick og Harvey Wheeler og heitir Fail-Safe, og hann þýðir það: „Öryggi, sem brást“, þar sem tveir menn, sem kunnir eru af stjórnmálaritum í Bandaríkjunum, lýsa því, hvernig kjarnorkustyrjöld geti verið að brjótast út. Og hann undirstrikar það, þessi fyrrv. forseti okkar hv. d., hve litlu geti munað. Ég man eftir, að hér við 2. umr. málsins minntist ég á það, að allur

kjarnorkusprengjufloti Bandaríkjanna hafði verið settur af stað, vegna þess að á ratsjám hefði komið í ljós eitthvað, sem var að fljúga og menn héldu að mundi vera rússneski flugflotinn, en reyndist vera grágæsahópar, en allur kjarnorkuflotinn var kominn af stað, flugflotinn, til þess að hefja árásir á Sovétríkin. Og þessir menn lýsa því í þessari bók, og Morgunblaðið skýrir frá því, að það sé einmitt svona, sem kjarnorkustyrjöld geti byrjað, það hafi í viðvörunarkerfi Bandaríkjanna komið fram, að það sé flugfloti á leiðinni, og allur flugfloti Bandaríkjanna settur af stað, og síðan verða menn varir við, að þetta er rangt, tæknitækin hafa gefið þarna út falska viðvörun, og forseti Bandaríkjanna lætur afturkalla þetta, en af einhverjum óviðráðanlegum, tæknilegum mistökum nær ekki viðvörunin um afturköllunina til einnar flugsveitar Bandaríkjanna, sem heldur áfram til að bombardera Moskvu. Það er allt í óðagoti. Forseti Bandaríkjanna tekur upp beint samband við forsætisráðherra Sovétríkjanna til þess að láta vita af þessum hryggilegu mistökum, svo að þeir geti ekki afstýrt því, að það verði gerð loftárás á Moskvu, og forseti Bandaríkjanna ákveður síðan, til þess að reyna að sannfæra Sovétríkin um, að þetta sé ekki allt saman bara blekking, að ameríski flugflotinn skuli bombardera New York með jafnmiklu af sprengjum og kastað verði á Moskvu.

Sigurður Bjarnason segir í þessari grein, þegar hann er búinn að lýsa þessu, hvað allt hafi verið þarna tæpt, með leyfi hæstv. forseta:

„En bak við hugmyndaflug höfunda hennar hillir undir ógnþrungna aðvörun við skelfilegan veruleika. Hver treystir sér til þess að fullyrða, að þeir atburðir geti ekki gerzt, sem Fail-Safe snýst um? Það hefur hent stundum áður, að byssurnar hafa byrjað sjálfar að skjóta, þegar vígbúnaðarkapphlaupið hefur verið orðið nægilega tryllt og óviðráðanlegt, svo að leiðtogar þjóðanna hafa misst tökin á atburðarásinni og ógæfan hefur dunið yfir."

Það er greinilegt, að það þarf ekki meira en slys til, — slys, sem menn eru meira og meira farnir að tala um, og slys, sem hafa allt að því hent, til þess að kjarnorkustyrjöld brjótist út, kjarnorkustyrjöld, sem m. a. mundi hafa þær afleiðingar fyrir okkur, að líklega yrði meir en helmingnum af Íslendingum eytt, en mundi hafa máske þær afleiðingar fyrir veröldina, að mannkyninu sem slíku yrði að miklu leyti eytt og komandi kynslóðir stórskemmdar með afleiðingum geislaverkunar, svo framarlega sem einhverjir lifðu af. Það virðist þess vegna vera alveg ljóst, að okkur mönnunum fer eins og galdramanninum forðum, við ráðum vart við andana, sem við höfum sært fram. Þegar við erum farnir að geta sprengt frumeindir efnisins, erum við komnir í þá aðstöðu að geta sprengt jörðina undir okkur, geta breytt henni í stjörnu, þar sem enginn möguleiki væri fyrir líf að þróast, fyrr en máske einhvern tíma, þegar milljónir ára væru liðnar. M. ö. o.: sú gífurlega tæknilega þekking, sem við nú höfum, mennirnir, og gæti orðið grundvöllur að allsnægtum á jörðinni, getur líka orðið, jafnvel fyrir svona slysni, eins og Morgunblaðið er hér að skýra frá, til þess að sprengja hana upp. Það getur verið þess vegna spursmál um líf eða dauða, ekki aðeins Íslendinga, heldur þorra mannkyns, hvort það sé hægt, áður en svona slys verða, að koma vitinu fyrir þá, sem ráða hjá mannkyninu, hvort það sé hægt að fá þá menn, sem eru ákaflega andstæðrar skoðunar, til þess að talast við, búa friðsamlega saman á jörðinni og koma í veg fyrir, að svona slys séu hugsanleg. Og spurningin stendur um að skapa það andrúmsloft, sem gerir slíka friðsamlega sambúð mögulega. Og það andrúmsloft verður ekki skapað með því, að menn í sífellu segi sem svo: Það er aðeins þessi aðili hérna, sem ber sökina. — Við verðum að athuga, hvernig ástandið er báðum megin.

Hæstv. dómsmrh., sá maðurinn, sem nú hefur máske mest valdið í þessum málum, virtist eftir ræðu, sem hann hélt hér við 2. umr. þessa máls, vera haldinn af þeim ótta, að það væru vondir menn á jörðinni, kommúnistar, sem undirbyggju stríð til þess að leggja heiminn undir sig, og af þessu stafaði öll hættan. Og látlaust er reynt að koma svona hugmynd inn hjá allmiklum þorra íslenzku þjóðarinnar. Þessi söngur, þessi Rússagrýla, þessi andkommúnismi, er kveðinn dag eftir dag af þeim blöðum, sem auðmannastéttin í landinu gefur út og voldugust eru og áhrifaríkust, og með því móti að skýra þannig aðeins frá þessari ákaflegu röngu skoðun er smám saman verið að byrgja andlegu útsýnina fyrir stórum hluta íslenzku þjóðarinnar. Það er ekki til neins að reyna að mála svona svart og hvítt.

Ég rakti það nokkuð við 2. umr. og reyndi nokkuð að skýra hæstv. dómsmrh. frá, hvernig ég áliti, að þeim þjóðum væri innanbrjósts, og ég þekki að nokkru Sovétþjóðirnar, sem hafa orðið fyrir tveim ægilegum styrjöldum á þessari öld, sem enn hafa ekki að fullu náð sér eftir þá síðari, þar sem hver einasta fjölskylda í því landi átti um sárt að binda eftir þá styrjöld, þá ægilegustu, sem mannkynið enn þá hefur háð. Ég minnti hann á, hvernig kalda stríðið hefði hafizt, strax í miðri síðustu styrjöld vegna þeirrar grundvallarmótsetningar, sem er á milli sósíalisma og auðvalds í heiminum. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, en ég ætla, vegna þess að hann virtist líta á Atlantshafsbandalagið og alla þá, sem að því stæðu, sem hvíta engla í þessu sambandi og þaðan þyrfti enginn hjá mannkyninu að vænta sér neins ills, þá ætla ég aðeins að rifja upp fyrir honum, bregða upp smáspegilmynd fyrir honum af því, hvað Atlantshafsbandalagið í raun og veru er. Þótt nokkrar lýðræðisþjóðir í Evrópu tækju þátt í því bandalagi, þ. á m. við, þá verður það ekki af því bandalagi skafið, að það er fyrst og fremst bandalag nýlenduveldanna og stórveldanna í heiminum,

bandalag þeirra stórvelda auðsins, sem hafa ráðið meginhluta heimsins á þessari öld og réðu honum mestöllum í byrjun þessarar aldar. Ég hafði áður minnt hann á það, að þetta bandalag væri á sinn máta eins og í byrjun 19. aldarinnar bandalagið helga, bandalag konunganna og afturhaldsins þá, að móti þeirri framsæknu borgarastétt var þetta Atlantshafsbandalag myndað, á móti sókn verkalýðsins og nýlenduþjóðanna í heiminum, til þess að reyna að halda þeim niðri eða sigrast á þeim. Og ég hafði minnt hann á, hvernig meira að segja þátttökuþjóðir í þessu bandalagi, sem talað er um að eigi að vera varnarbandalag, hafa orðið svo kunnar að árásarhug — og ekki aðeins að árásarhug, heldur líka berar að árásum, að meira að segja Sameinuðu þjóðirnar höfðu neyðzt til þess að fordæma þær, og var þar nefnt til Holland fyrir árásina á Indónesíu, Frakkland og England fyrir árásina á Egyptaland og nú síðast fordæming Sameinuðu þjóðanna á Portúgal fyrir aðfarir þeirra gagnvart Angóla og öðrum nýlendum sínum. Ég vil minna hæstv. dómsmrh. á, að þetta sama Atlantshafsbandalag og eitt höfuðríki þess, Frakkland, hefur nú í 7 undanfarin ár verið að reyna að berja niður frelsishreyfingu þjóðarinnar í Alsír, hefur beitt þar pyntingum, sem gefa ekki í neinu eftir því, sem nazistarnir beittu forðum daga, og nú loks, þegar þessi þjóð sigrar, skilur Frakkland við hana í því hörmungarástandi, að börn og konur svelta, að fjöldi manna deyr af hungri, og arfurinn, sem Frakkland lætur eftir sig eftir 130 ára nýlendustjórn, er blóð og tár einmitt þeirra, sem saklausastir voru í þessum efnum. Ég gæti brugðið upp fyrir hæstv. dómsmrh. myndinni af öðru Atlantshafsbandalagsríki, Grikklandi, þar sem búið er að beita þúsundir fanga hryllilegum aðferðum og drepa fjölda þeirra, þar sem sá maður, sem var þjóðhetja Grikklands í baráttunni á móti nazismanum, sá, sem skar niður hakakrossfánann á Akropolis 1941, hefur nú setið í fangelsi, þótt hann sé þm. í gríska þinginu, og aldrei verið dæmdur að lögum. Ég gæti brugðið upp fyrir honum myndinni af Atlantshafsbandalagsríkinu Portúgal, þar sem tugir þúsunda manna hafa verið myrtir á undanförnum árum, þar sem landið hefur verið svo að segja lokað, á meðan þessar skelfingar hafa farið fram, þangað til loks nú á þessum síðustu tveim árum, að heimurinn hefur fengið að vita um þau hryðjuverk, sem hafa verið unnin þarna með NATO-vopnum af einu helzta ríki Atlantshafsbandalagsins. Og ég gæti brugðið upp fyrir honum myndinni af Íran, af kúgun keisarans þar, af bændunum og menntamönnunum, sem þar sitja tugum þúsunda saman í fangelsi og hafa verið drepnir svo að skiptir hundruðum á undanförnum árum. Ég gæti brugðið upp fyrir honum myndinni af Suður-Ameríku og aðferðunum, sem Bandaríkjaauðvaldið hefur beitt þar, ef ég þætti ekki fara of langt út fyrir umr. í þessum málum, sem þegar hafa teygzt langt út í sögu mannanna á 20. öldinni, og átti ég þó ekki höfuðfrumkvæðið að því. Við skulum því ekki láta okkur detta það í hug, þótt margar sakir sé hægt að bera fram á báða bóga, að Atlantshafsbandalagið sé eitthvað hvítt og engilhreint, heldur þvert á móti, það er eins og auðveldi og stórveldi atað í blóði og tárum. Sekt þess er mikil. En engu að síður, við Atlantshafsbandalagið ætti samt að mega tala eins og hvert annað bandalag um að reyna að afstýra því, að gagnkvæm tortryggni þjóða í milli yrði til þess í misskilningi að tortíma mannkyninu.

Hæstv. dómsmrh. virtist meta það alveg sérstaklega við Atlantshafsbandalagið, að síðan það kom til, hefði ótti hinna vondu kommúnista orðið svo mikill í heiminum, að þeir hefðu ekki lagt nein ný lönd undir sig, og vildi með því móti sýna fram á, að þessi ægilegu árásaröfl í veröldinni, sem hann hélt að kommnúistar væru, óttuðust aðeins eitt og það væri vopnavald Atlantshafsbandalagsins, og þess vegna hefði framsókn kommúnismans, eins og hann kallaði það, í þann veginn stöðvazt, eftir að Atlantshafsbandalagið var myndað.

Atlantshafsbandalagið var myndað 4. apríl 1949. Og síðan það gerðist, hafa stærstu sigrar sósíalismans og þjóðfrelsisbyltingarinnar í heiminum verið unnir. Síðan hefur auðvaldið í veröldinni misst meira tak á heimsálfunum og hraðar en nokkru sinni fyrr. Strax á því sama ári gerðist það, í október 1949, að kínverska byltingin sigrar, alþýðubyltingin í Kína, og fjórði hluti mannkynsins kemst undir kommúnistíska stjórn, eins og þeir mundu orða það, Atlantshafsbandalagsmenn. Og ég veit, að hæstv. dómsmrh. mun hafa kynnt sér þá skýrslu, sem Bandaríkjastjórn gaf út um kínversku byltinguna, þar sem fulltrúar Bandaríkjastjórnar, — gott, ef Marshall var ekki einn aðalskýrslugjafinn, — sýndu fram á, að það hefði ekki verið neitt afl, sem hægt hefði verið að beita til þess að stöðva þá byltingu. Þetta var í senn bylting stærstu bændaþjóðar veraldarinnar og frelsisbylting þjóðar, sem hafði verið gerð að hálfgerðri nýlendu, alræmdri nýlendu evrópska auðvaldsins. Þeir menn, sem skynsamastir voru í stjórn Bandaríkjanna þá, sáu, að hér var um viðburð að ræða, sem var eins og hver annar — svo að segja náttúruviðburður, það var lögmál mannkynssögunnar sjálft, það var þróunarlögmál, sem þarna var að verki, jafnóstöðvandi og sókn borgarastéttarinnar á móti aðlinum og einvöldunum á sínum tíma.

Og síðan byltingin í Kína gerðist, hefur hvert landið á fætur öðru í Asíu og Afríku öðlazt sitt sjálfstæði. Þjóðfrelsisbyltingin hefur farið um. Sums staðar hafa þær orðið að berjast og gera uppreisnir, þessar milljónaþjóðir, sem hafa verið kúgaðar af evrópska auðvaldinu áratugum og öldum saman. Sums staðar hefur sérstaklega brezki hlutinn af auðvaldinu haft vit á því, eins og oft áður, að láta undan í tíma og gefa þeim þjóðum sjálfstæði, sem

ella hefðu tekið sér það. Allar fjölmennustu þjóðir veraldarinnar, eins og Indónesar, hafa öðlazt sitt pólitíska sjálfstæði og eru að afla sér síns efnahagslega sjálfstæðis. Alsírbúar hafa með 7 ára styrjöld knúið það fram. Áður höfðu þjóðirnar í því, sem einu sinni var kallað Indó-Kína, knúið slíkt fram með uppreisnum og byltingu.

Stórkostlegasta breytingin næst á eftir Asíu var í Afríku. Þar voru, ef ég man rétt, um það bil, sem Atlantshafsbandalagið var stofnað, 4 sjálfstæð ríki. Nú eru þau orðin 32. Þjóðfrelsisbyltingin hefur sigrað. Þessar þjóðir, sem áður voru undirokaðar nýlendur, eru orðnar sjálfstæðar þjóðir. Og næsta skrefið hjá þeim verður tvímælalaust að verða efnahagslega sjálfstæðar líka, eignast sjálfar sína jörð, sín tæki og ráða sínum auðlindum, eins og við Íslendingar gerðum, þegar við öðluðumst okkar pólitíska sjálfstæði.

En það er ekki nóg með það. Á þessum árum hefur það líka gerzt, nú 1959—1960, að land rétt við bæjardyr ameríska auðvaldsins, Kúba, hefur orðið sósíalistískt land.

M. ö. o.: það var meiningin með Atlantshafsbandalaginu að reyna að viðhalda valdi auðmannastéttanna og nýlendustórveldanna í heiminum. Það hefur brugðizt svo hrapallega, að hver heimsálfan á fætur annarri, Asía, síðan Afríka, er að hrökkva undan valdi auðmannastéttanna í Evrópu, og við bæjardyrnar hjá bandaríska auðvaldinu, voldugasta auðvaldi heims, hefur þjóð Kúbu sjálf tekið örlög sín í sínar hendur og þjóðnýtt meginið af atvinnufyrirtækjum eyjarinnar. Jafnvel þótt öðru hverju hafi verið einhver taugatitringur, eins og t. d. hjá Bandaríkjunum gagnvart Kúbu, jafnvel innrásir framdar, þá hefur þróunin samt sem áður orðið þessi. Þetta er sama þróunin og var á svipuðu tímabili á 19. öldinni, þegar Bandalagið helga smám saman var að missa tökin á Evrópu og borgarastéttir Evrópu voru að hrinda aðlinum og einvöldunum af stóli. Það gat ekki stöðvað útbreiðslu þeirra hugsjóna og þeirra hagsmuna, sem þær stéttir börðust fyrir, sem þá voru að skapa Evrópu 19. aldarinnar, þá borgaralegu Evrópu. Og á sama hátt gerist það nú í heiminum, að jafnvel þótt annað bandalag sé stofnað, Atlantshafsbandalagið, og talið af sumum einhvers konar heilagt bandalag, engilhreint, þá megna engin hernaðarbandalög að halda niðri krafti hugsjónanna og hagsmunum vinnandi og framsæknu stéttanna í heiminum. Þær þjóðir og þær stéttir, sem eru að berjast fyrir sínu frelsi, munu sækja fram, og þeirra baráttа verður ekki stöðvuð með vopnavaldi.

Hæstv. dómsmrh. virtist út frá þessum hugmyndum, að það væri styrkleikurinn, aflið, valdið, valdið gegn kommúnismanum, eins og hann talaði um, sem hlyti að vera aðalatriðið til þess að tryggja friðinn í heiminum, halda, að það hefði verið ótti við þetta vald Atlantshafsbandalagsins, sem olli því, að ekki varð styrjöld milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna út af Kúbu. Ég held, að við ættum ekki, sízt af öllu við hér, þessi litla þjóð, að leggja þennan mælikvarða á, þegar risarnir í heiminum eigast við, eins og Bandaríkin og Sovétríkin. Ég held, að það sé fyrst og fremst okkar að fagna yfir því, hvenær sem þeirra forustumenn láta forsjá ráða meira en kapp. Og við ættum ekki að fylla þá blokk, sem reynir að eggja þá hvorn um sig, heldur fylla þann flokkinn, sem segir þeim: Reynið að talast við, áður en ameríski flugvélaflotinn er af misskilningi kominn inn yfir Moskvu, þannig að ameríski flugvélaflotinn verður að bombardera New York líka til þess að sannfæra Sovétríkin um, að þeir séu raunverulega ekki að hefja kjarnorkustyrjöld af ásettu ráði. Það, sem Kúba vill, eins og við og aðrar smáþjóðir, er að fá að vera í friði. Það hefur ein innrás verið gerð frá Bandaríkjunum á Kúbu. Hún hefur verið barin niður. Og það er vitanlegt, að það var önnur í undirbúningi og hún gat orðið tilefni til styrjaldar. Það var gott, að þeir tveir menn, sem hafa forustuna sem stendur hjá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, báru gæfu til að afstýra því, að heimsstyrjöld yrði úr. Það, sem er höfuðatriði fyrir þjóð Kúbu, er að fá að vera í friði og fá að byggja upp sitt land. Það má gjarnan flytja burt allar þær eldflaugar og sprengjuflugvélar og allt, sem þar er, mín vegna. En eitt skulum við gera okkur ljóst. Talað var um og heimtað af ýmsum þeim, sem gerðu Kennedy Bandaríkjaforseta máske dálítið taugaæstan fyrir kosningarnar, að á Kúbu yrði þurrkað burt það, sem þeir kölluðu kommúnista á Kúbu. En af hverju? Af því að Kúba er eins og andleg eldflaugastöð fyrir Suður-Ameríku. Það, sem kúbanska þjóðin er að gera, vekur fögnuð í allri Suður-Ameríku. Þegar menn hafa séð, að ein þjóð gat risið upp, þjóð í eigu ameríska auðhringanna, eignazt sjálf sína jörð, þá vakna tilhneigingar um alla Suður-Ameríku að gera það sama, það sama og við Íslendingar höfum upplifað, eignast sjálfir okkar jörð, ráða sjálfir okkar fossum, ráða sjálfir okkar landhelgi, eiga sjálfir okkar atvinnutæki. Og þegar þjóðir Suður-Ameríku vilja þetta og heimta þetta, eru völd ameríska auðvaldsins yfir Suður-Ameríku búin að vera. Það er þetta fordæmi, sem smitar. 1954 var það svo, þegar róttæk stjórn komst til valda í Guatemala í Suður-Ameríku, að þegar United Fruit Company, ávaxtahringurinn ameríski, sem á meginið af öllu landinu og ræður með einræðisherrum sínum, var hræddur um, að hans miklu ekrur yrðu þjóðnýttar, þá kipptist hann við, og Bandaríkjastjórn lét framkvæma innrás í landið og steypa stjórninni, sem var þar. Þannig hefur það gerzt með hverja stjórnina á fætur annarri í Mið- og Suður-Ameríku, þangað til Kúba tók sér fyrst þjóðfrelsi og byrjaði sína þjóðnýtingu. Þá var ástandið orðið þannig í veröldinni, að nú kostar það heimsstyrjöld, ef á að ráðast á Kúbu og eyðileggja það þjóðfrelsi, sem sú þjóð hefur aflað sér.

Þegar trygging Kennedys var gefin fyrir friðhelgi Kúbu, var allt fengið, sem þurfti. Það, sem þarf, er einmitt, að Kúba fái að vera í friði, fái að sýna þá yfirburði, sem hennar þjóðfrelsi gefur, þjóðum í Suður-Ameríku, sem eiga til að feta í fótspor hennar, og þá skulum við einmitt reyna að sjá um, að friður fái að haldast, til þess að þjóðirnar í Suður-Ameríku ráði sjálfar, hvað þær gera, hvaða þjóðfélagsskipulag þær taka upp.

Hæstv. dómsmrh. talaði í sínum sögulega fyrirlestri við 2. umr. málsins mikið um árásarhug. Ef við tækjum nú þetta lögfræðilega og spyrðum: Hvaða þjóðir eru það í Evrópu, sem gera kröfur til landa annarra þjóða og eru þess vegna það, sem kallað hefði verið á 19. öldinni í árásarhug? Það er fyrst og fremst ein þjóð í Evrópu, sem slíkt gerir, og það er Vestur-Þýzkaland. Það er aðeins ein þjóð í Evrópu, sem er uppi með landakröfur á hendur öðrum ríkjum, og það er Vestur-Þýzkaland. Þar eru valdhafar, sem vilja breyta núv. landamærum Evrópu. Þar eru valdhafar, sem halda því fram, að það verði jafnvel að gera leifturárás í Austur-Þýzkaland eða Pólland eða Tékkóslóvakíu, og þar er verið að magna upp sveitir, sem eru reiðubúnar til slíkra innrása, þannig að þó að við tækjum þetta hreint lögfræðilega séð þannig og brygðum okkur út fyrir þau miklu reikningsskil á milli sósíalisma annars vegar og auðvalds hins vegar, þá er þarna um það land að ræða, sem bein hætta stafar af. Og það er land, sem þegar hefur tvívegis á þessari öld hafið styrjöld. Enn eru það sömu mennirnir, sem ráða því landi, eins og réðu því þá, Krupp og hans fjölskylda, stálhringurinn þýzki, IGF, allir þessir voldugu auðhringar ráða enn Vestur-Þýzkalandi, þeir sömu hringar, sem dæmt var eftir styrjöldina að skyldu leystir upp, þeir sömu auðjöfrar, sem þjóðnýta skyldi samkv. ákvörðunum, sem Sameinuðu þjóðirnar gerðu eftir stríðið. Í Vestur-Þýzkalandi er nú gamli fasisminn að reisa sig aftur. Og það þarf ekki annað en sjá, — þó að það sjáist sjaldan í borgaralegum blöðum hér, þá kom í Tímanum nýlega þýðing á grein í Politiken, — þá má sjá oft í skandinavísku blöðunum, hvaða ótti er uppi við þann árásarhug, sem er að vaxa upp í Vestur-Þýzkalandi. Það er gamla svívirðilega yfirstéttin, sem þar ræður enn þá. Það er gamla þrónin, eins og átti sér stað í Weimar-lýðveldinu, sem á sér stað þar enn. Aðfarirnar gagnvart Spiegel núna undanfarið bregða nokkru ljósi á það, hvernig fasisminn er að grafa um sig í Þýzkalandi aftur. Það er sama gamla, harðvítuga, spillta ríkisvaldið, það eru sömu mútuðu dómararnir, það er sama æsta herforingjaklíkan, sem þarna ræður. Mennirnir, sem voru herforingjar Hitlers á stríðsárunum, eru núna með leiðandi mönnum, jafnvel í sjálfu herforingjaráði Atlantshafsbandalagsins. Og hver var yfirlýsing Strauss, þess ráðh. Þýzkalands, sem nú er mest deilt um fyrir hans fasistísku aðferðir? Hans yfirlýsing var sú, að Vestur-Þýzkaland skyldi vera búið að fá atómvopn fyrir árslok 1962. Halda menn nú, að t. d. Sovétþjóðirnar eða Tékkóslóvakía eða Pólland, þær þjóðir, sem hafa orðið verst fyrir barðinu á þýzka auðvaldinu á undanförnum áratugum, halda menn, að þær horfi á þessa þróun með jafnaðargeði? Halda menn, að þeir, sem hafa misst, eins og þessar þrjár þjóðir, yfir 30 millj. manna í síðustu styrjöld af völdum nazismans, halda menn, að þessar þjóðir bíði eftir því að vera leiddar á höggstokkinn aftur? Nei, menn verða að reyna, ef menn vilja dæma í svona málum, að setja sig ofur lítið inn í aðstöðu þeirra, sem orðið hafa fyrir barðinu á vestur-þýzka auðvaldinu og vestur-þýzka hervaldinu, og skilja, að þeir ætla ekki að láta fara eins með sig og þá. Þess vegna, ef lögfræðilega séð nokkurs staðar er ótvíræður árásarhugur hjá einni ríkisstj. um að breyta núverandi landamærum Evrópu, þá er hann í Vestur-Þýzkalandi. Hvað hitt snertir, þá djúpstæðu grundvallarmótsetningu milli sósíalisma og kapítalisma, þá er um að gera, að sú mótsetning verði ekki leyst með styrjöld á milli þessara andstæðu þjóðfélagsskipulaga, heldur að það geti gengið eins og það gekk á sínum tíma að miklu leyti, þegar kapítalisminn var að leysa gamla lénsskipulagið af. Það getur gerzt án heimsstyrjalda á milli þjóðskipulaganna.

Þá beindi hæstv. dómsmrh. til mín fsp. út af því, hvort ég vissi um það, sem annars væri heiminum ókunnugt, hvort Sovétríkin hefðu látið Kína fá leyndarmál kjarnorkusprengjunnar. Ég hafði sagt í minni ræðu um Kínverjana eitthvað á þá leið: Munu þeir þó ekki hafa fengið aðstoð til slíks. — Það er opinbert leydarmál, menn geta lesið jafnt um það hjá Walter Lippmann sem annars staðar, að það er gengið út frá því, að bandamenn bæði Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, m. a. Kína annars vegar og Vestur-Þýzkaland hins vegar, hafi farið fram á það við þessi atómstórveldi, að þau fengju aðgang að leyndarmáli kjarnorkusprengjunnar. Og það er almennt álitið í heiminum, og við það studdist ég og það hygg ég að sé rétt, að þessi miklu kjarnorkustórveldi hafi ekki orðið við þessum óskum bandamanna sinna. Við munum alveg sérstaklega eftir, hvað Kennedy hefur a. m. k. fram á síðustu daga verið varfærinn um spurninguna meira að segja, hvort Atlantshafsbandalagið fengi kjarnorkuvopn, öðruvísi en að Bandaríkjamenn réðu þeim einir. Og það er alveg greinilegt, að í þessu hefur birzt frá hálfu Bandaríkjanna, Englands og Sovétríkjanna aðgát sú, sem þessi kjarnorkustórveldi vilja að sé höfð um kjarnorkusprengingar, vegna þess að þau óttast, m. a. kannske vegna þess, að þau finna sjálf, hvað litlu kynni að muna, að þau sjálf færu að hagnýta þetta hvert á móti öðru, jafnvel af misskilningi, og þeir menn, sem ráða þeim, sýna þá ábyrgðartilfinningu, að þeir finna, að því fleiri, sem hafa þetta með höndum, því meiri hætta sé á, að styrjöld geti brotizt út. En gagnvart þessu

stöndum við frammi fyrir því, að þessar þjóðir, sem sjálfar hafa mikið af sérfræðingum í sinni þjónustu, þjóðir eins og Vestur-Þjóðverjar og Kínverjar, eru náttúrlega sjálfar með sínar tilraunir, og enginn veit, hve langt þeir eru komnir. Jafnvel segja sumir, að á þessu eða næsta ári kunni þær að vera búnar að finna þetta út.

Hæstv. dómsmrh. fór að spyrja mig út í Kína og Indland. Við vorum komnir anzi langt í þessum umr. okkar. Ég vil nú segja honum, að ef heimurinn tæki t. d. upp á því að fela okkur tveimur að eiga að fara að gera út um þetta, þá held ég, að ég mundi a. m. k. reyna að læra það af honum sem lögfræðiprófessor fyrrv. að byrja á því fyrst að rannsaka, áður en ég dæmi, og hlýða á báða málsaðila, áður en ég dæmi. Og ég mundi ekki telja mig færan um að kveða upp dóm í þeim efnum, fyrr en ég hefði gert slíkt. Nú verð ég að segja, að þessar þjóðir virðast ekki vera í styrjöld, þótt þær berjist. Stjórnmálasamband heldur áfram á milli þeirra, og hvorug hefur slitið stjórnmálasambandi við hina, þannig að lögfræðilega séð sýnist mér þarna ekki vera styrjöld, heldur mjög harðvítugar landamæraskærur. Kínverjar segja, að Indverjar hafi ráðizt á sig, og Indverjar segja, að Kína hafi ráðizt á sig, klögumálin ganga á víxl. Hvað snertir staðhæfingu kínversku ríkisstj., Pekingstjórnarinnar, halda þeir því fram, að Indverjar hafi tekið land, sem þeir telja kínverskt land, og svo mikið veit ég, að alþýðustjórnin í Kína mun ekki vera ein um þessa skoðun. Ég held, að ég viti það rétt, að um það bil 1950 eða hvenær sem það nú gerðist, að indverska stjórnin tók upp stjórnmálasamband við Pekingstjórnina og sleit stjórnmálasambandi við Chang-kaj-Chek, þá var síðasta verkið, sem ambassador Chang-kaj-Cheks hafði gert í Nýju-Delhi, að mótmæla því, að Indverjar hefðu lagt undir sig þau héruð, sem þarna er deilt um, þannig að þarna virðist jafnt kínverska alþýðustjórnin sem sú stjórn, sem sat að völdum á undan henni í Kína og enn er viðurkennd af Bandaríkjunum, halda því fram, að Indverjar hafi fyrir 12 árum lagt undir sig land, sem raunverulega ætti að tilheyra Kína og alltaf hafi verið haldið fram af kínversku keisurunum og slíkum, að Kína hafi tilheyrt, þannig að þeir miklu andstæðingar Mao-tse-Tung og Chang-kaj-Chek virðast jafnvel vera sammála að þessu leyti. Indverjar hins vegar halda því fram, að Kínverjar hafi ráðizt á þá. Og það er ekki aðeins indverska ríkisstj., sem heldur þessu fram, indverski kommúnistaflokkurinn heldur þessu fram líka. Hann er á sömu skoðun og stjórn Nehrús, þannig að fyrsta hugmyndin, sem maður fær með því að reyna að kynna sér eitthvað frá báðum hliðum í þessum efnum, er, að þarna sé um að ræða þjóðernislega deilu um ákveðin landamæri.

Ef við hæstv. dómsmrh. ættum að fara að reyna að leysa svona deilu, mundum við vafalaust fyrst og fremst athuga svona hlut frá því sjónarmiði, hverjir búa þar, hverrar þjóðar eru þeir menn, sem búa þarna, að svo miklu leyti sem þessi svæði eru byggð. Þeir menn, sem búa þarna, eru Tíbet-búar. Ég mundi þess vegna segja: Um svona mál er bezt að reyna að rannsaka þetta, hlýða á alla aðila, athuga málsskjöl og reyna síðan að kveða upp dóm, en ekki byrja bara með því að segja: Þarna eru vondir kommúnistar, þeir eru auðvitað árásarmenn. Þar með er málið leyst. — Svona einföld eru ekki deilumálin í heiminum. Það eru vafalaust þarna í Asíu ótal óglögg landamæri og ótal deilur á milli aðila, sem annars væru kannske mjög vinsamlegir hvor öðrum. Og það er sorglegt, þegar það þarf að koma til þess, að slíkir aðilar fari að beita vopnum. Þess vegna skulum við ekki vera svona fljótir að lýsa bara því yfir, hvar sem barizt sé, að það séu vondir kommúnistar, sem að því standi, og það sé eina vandamálið, sem við sé að etja í heiminum nú.

Nei, vandamálið í heiminum er allt, allt annað. Fyrir utan allar þær þjóðlegar mótsetningar, sem kunna að vera á milli einstakra þjóða, stórra eða smárra, eru sjálfar stéttamótsetningarnar í heiminum og mótsetningarnar á milli þjóðfélagskerfanna í heiminum. Það hefur hvert þjóðfélagskerfið tekið við af öðru í veröldinni á undanförnum öldum, án þess að tilvera mannkynsins hafi verið í hættu. Borgarastéttin og hennar skipulag, kapítalisminn, tók við og flutti mannkyninu þær miklu framfarir, sem kapítalisminn hefur skapað því. Hann varð að berjast öldum saman við gamla lénsskipulagið, kollvarpa því, stundum með byltingum, stundum jafnvel með stríðum og stundum friðsamlega. Ef svo á að fara í veröldinni, að það verði sósíalisminn, sem leysir kapítalismann af, þá er bezt, að slíkt gerist friðsamlega. Og það, sem við ættum að reyna að koma okkur saman um, er, að þjóðirnar í hverju landi fái sjálfar að ráða þessu, en þau miklu stórveldi, sem forustuna hafa sitt hvorum megin í þessum herbúðum sósíalismans annars vegar og kapítalismans hins vegar, fari ekki að skipta sér af þessari baráttu á þann hátt að fara út í heimsstyrjöld sín á milli. Þetta held ég, að hljóti að vera það, sem við hér í okkar landi, sem höfum komið á allmiklu lýðræði hér hjá okkur og álítum, að okkar þjóð eigi sjálf með atkvgr. að fá að ráða, hvaða þjóðfélagsskipulag hún hefur, — þetta held ég, að við ættum að geta verið sammála um að slá föstu sem grundvallaratriðum: að sú þróun, sem fái að gerast í veröldinni, fái að gerast friðsamlega. Hættan er hins vegar sú, af því að vopnin, sem mennirnir hafa nú, eru geigvænlegri en þau, sem þeir hafa haft nokkurn tíma fyrr, þá er það meira spursmál nú, það er jafnvel spursmál um líf eða dauða mannkynsins, að til þessara vopna verði ekki gripið til þess að útkljá þessa deilu.

Þróunin mætti frá mínu sjónarmiði ganga

miklu seinna í veröldinni, sósíalisminn sigraði miklu seinna, ef það mætti aðeins ganga svo, að yfir mannkynið yrði ekki leidd sú hörmung sem heimsstyrjöld. Og ég held, að það, sem við verðum að einbeita okkar kröftum að, sé að leggja fram okkar skerf til þess, að slíkum skelfingum verði afstýrt. Við höfum látið ginnast inn í bandalag, sem að mínu áliti er bandalag auðveldanna og stórveldanna í heiminum, bandalag, sem mörg ríkin í hafa þegar sýnt sig opinberlega að árásum á aðrar þjóðir, og það sem enn þá verra er, við höfum látið blekkjast til að koma hér upp allmiklum herstöðvum í þeirri trú þeirra, sem að því hafa staðið, að það væri til þess að tryggja líf okkar þjóðar betur. Þetta er okkar harmsaga í þessum efnum. Þeir menn, sem ráðið hafa þessu, hafa ekki áttað sig á því enn, að þessar herstöðvar eru okkar þjóð ekki nein vernd, ef til styrjaldar kemur, heldur draga þær að okkur sprengjurnar, valda okkur hættu. Þær eru ekki heldur sú ógn gagnvart vondum kommúnistum, sem hræðir þá frá því að leggja út í heimsstyrjöld. Þeir hafa jafnlítinn hug á heimsstyrjöld og við Íslendingar. Þjóðir, sem komu sundurflakandi í sárum út úr síðustu styrjöld, langar sannarlega ekki í nýja heimsstyrjöld. Þjóðir, sem loksins eftir aldaáþján og eymd eru að vinna bug á sinni fátækt og lyfta sér upp á það iðnaðarstig, sem þjóðir Vestur-Evrópu standa á, þær hafa fyrst og fremst löngun til þess að fá að lifa í friði og þróa sitt þjóðfélag í friði. Ég held, að það, sem við þurfum á að halda og ættum að skoða sem okkar verkefni, sé að bera hug sáttar og skilnings á milli þessara stórvelda. Við erum sjálfir ekki svo stórir í heiminum, að við getum talað við hvern sem er og reynt að skýra fyrir þeim, og það skoðar það enginn sem neina minnkun frá okkur, þó að við reynum að tala svo að segja eins og börnin, sem vilja ekki, að fullorðnir séu að slást. Við vitum, hvað metnaðurinn er óskaplegur þáttur og óskapleg hætta, sem í honum felst, ef stórveldin eiga í hlut. Við, smáþjóðin, þurfum ekki að óttast neitt slíkt. Við eigum að geta talað bara eins og menn, sem bera hag okkar litlu þjóðar og hag mannanna yfirleitt fyrir brjósti. Þess vegna vildi ég mega vonast til þess, að enn yrðu þessi mál athuguð betur og rædd.

Það var svo við 2. umr. þessa máls, að frsm. heilbr.- og félmn., hv. 4. landsk., hafði kvatt sér hljóðs og var síðan forfallaður frá því að geta talað, þegar það mál var afgreitt. Ég vil aðeins skjóta því til forseta, hvort ekki mundi vera viðkunnanlegt, að þessu máli væri frestað eða ekki lokið umr. um það nú, ef frsm. minni hl. heilbr.- og félmn. hefði kjörið að koma fram með brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, eftir að hans rökst. dagskrá var felld. Ég þykist að mínu leyti hafa gert nokkra grein fyrir því, sem er langstærsta atriðið í þessu máli, sumpart að gefnu tilefni, og vildi mega vona, að það gæti orðið til þess, að við íhuguðum þessi mál af meiri skilningi og minna kappi en okkur hefur kannske öllum annars hætt við að gera.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. er það að koma á fastari og öruggari almannavörnum í landinu, en áður hafa verið ráðgerðar. En það var skv. lögum frá 1941 og síðari breyt. á þeim lögum frá 1951, sem fjölluðu um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

Með þessu frv. er ætlazt til þess, að ríkið taki að sér meiri forustu í þessum efnum en hingað til og þá einnig ríkari þátt í kostnaði en verið hefur. Þetta eru meginbreytingar frv., auk annarra reglna, sem eiga að leiða til fastari skipunar málanna en hingað til hefur átt sér stað. En skv. gildandi lögum er ætlazt til þess, að sveitarstjórnir hafi forustu í þessum málum, að vísu með þátttöku ríkisins í kostnaði. En nú í nokkuð mörg ár hefur ríkið ekki sinnt þessum málum. Felld var niður fjárveiting í því skyni af fjárlögum, svo að þær sveitarstjórnir, sem höfðu gert ráðstafanir í þessu skyni, urðu að standa undir kostnaðinum einar. Það má raunar deila um, hvort þessi niðurfelling á greiðslum úr ríkissjóði hafi stuðzt við gildandi lög. Um það skal ég ekki ræða á þessu stigi málsins. En aðalatriðið er, að með þessu lagafrv. á að vera bætt úr þeirri deilu, sem á sínum tíma reis um þetta. Og frv. er að öðru leyti samið með hliðsjón af þeim reglum, sem gilda bæði í Danmörku og Noregi og þar hafa reynzt vel, vitanlega miðaðar við íslenzka staðhætti, svo að þar er einungis um hliðsjón, en ekki beina fyrirmynd að ræða.

Þetta mál var allmikið rætt í Nd., en engu að síður var það samþ. þar að lokum mótatkvæðalaust, bæði við 2. og 3. umr. Vonast ég til þess, að málið fái greiðan framgang hér í hv. deild.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það á þessu stigi og leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, liggur hér fyrir frv. til l. um almannavarnir. Þetta frv. á að koma í staðinn fyrir gildandi lög um sama efni, lögin um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, en þau lög voru, eins og hæstv. ráðh. tók fram, samþ. 1941, en síðan aukin 1942 og aftur 1951.

Lögin, sem nú eru í gildi um þetta efni, lögin um almannavarnir, eru ekki ýkjalöng

eða fyrirferðarmikil. Þau eru aðeins í 7 greinum. Hins vegar er það frv., sem hér liggur fyrir til laga um almannavarnir, í 28 greinum. En þegar að er gáð, er efnisinnihald frv. ekki mjög miklu meira en laganna, sem nú eru í gildi. Hæstv. ráðh. lýsti réttilega þeim tveim meginbreytingum, sem felast í frv. frá gildandi lögum. Það er í fyrsta lagi, að hér eftir skal ríkisstj. hafa heimild til að gera hvers konar ráðstafanir til almannavarna í samráði við sveitarstjórnir. En í lögunum, sem nú gilda, er þetta öfugt. Þar er sveitarstjórnum heimilað að gera í samráði við ríkisstj. hvers konar ráðstafanir til almannavarna. Þetta er vissulega veruleg breyt. En hvort hún er til góðs og að hvað miklu leyti hún er til góðs, skal ég ekki um deila.

Það kann vel að vera, að það sé hentugra frá sjónarmiði framkvæmda og skipulags, að þetta sé í höndum ríkisstj., að ríkisstj. hafi frumkvæðið. En það er annað, sem mér er ekki eins vel við í þessu sambandi, og það er það, að hér er verið að taka gamlan rétt, taka ákvörðunarrétt af sveitarfélögunum og leggja hann í hendur ríkisvaldinu.

Mér finnst of mikið hafa verið gert að því á undanförnum árum, sumpart að taka rétt af sveitarfélögunum og leggja hann í hendur ríkisins og sumpart að auka fjárhagsbyrðar og aðrar byrðar á herðum sveitarfélaganna, án þess að verulegt komi þar á móti.

Önnur breytingin, sem er á þessu frv. frá gildandi lögum, er hvað snertir fjárhaginn, eins og hæstv. ráðh. tók fram, þar sem nú á eftirleiðis að greiða kostnað við almannavarnir að 2/3 úr ríkissjóði, það skal verða meginreglan, en hefur hingað til verið þannig, að kostnaður við slíkar varnir hefur átt að greiðast að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af sveitarstjórnum. Þetta er að mínum dómi kostur, þessi breyting.

Um aðrar veigamiklar breytingar er ekki að ræða í þessu frv. frá gömlu lögunum, svo að þess er vart að vænta, að um þetta frv. verði mjög harðar deilur. Hér er ekki svo mikið af nýmælum á ferðinni.

Ég vildi þó aðeins fara um þetta frv. nokkrum orðum þegar við 1. umr., tala lítils háttar um það efni, sem frv. fjallar um, en mun ekki snúa mér að þessu sinni að einstökum atriðum frv. Væntanlega fæ ég tækifæri til þess síðar, því að ég sé þegar nokkra galla á frv., sem að mínum dómi ættu að falla burt, áður en það endanlega verður afgreitt héðan.

Eins og tekið hefur verið fram, hafa lög um almannavarnir verið í gildi síðan á stríðsárunum. En hvað er að segja um framkvæmd þessara laga? Ég held, að það sé í stuttu máli þetta: Síðan stríði lauk, hefur svo að segja ekkert verið gert á þessu sviði. Í Reykjavík starfaði að vísu loftvarnanefnd í nokkur ár, en nú um allmargra ára skeið hefur hún sofið svefni hinna réttlátu. Eitthvað sinnti þessi loftvarnanefnd Reykjavíkur minni háttar verkefnum á þessu sviði, en þau stóru verkefni, sem máli skipta, réðst hún aldrei í. Og ég tek ekkert til þess, því að þessi nefnd hafði aldrei yfir neinum teljandi fjármunum að ráða til sinna þarfa. Þetta er allt og sumt, sem sagt verður um framkvæmd gildandi laga um almannavarnir. Ekkert annað sveitarfélag í landinu, ekki einu sinni neitt sveitarfélag á Suðurnesjum, þar sem hættan hefur verið talin mest, ef til styrjaldar kæmi, hefur á neinn hátt notfært sér heimild laganna. Og þannig hafa þessi lög frá stríðslokum verið hreinasta pappírsgagn. En hvers vegna hafa þessi lög orðið að pappírsgagni einu saman? Ég held, að það sé ekki um að kenna einhverjum ákveðnum ágöllum laganna, t. d. því, að sveitarstjórnirnar áttu að hafa forgönguna. Ég held, að sökin liggi ekki í því. Og ég sé ekki neina ágalla aðra á gildandi lögum, ágalla, sem nú virðist eiga að bæta úr með þessu frv. En staðreyndin er þessi: Lögin hafa frá stríðslokum verið pappírsgagnið eitt.

Nú á að breyta til, það á að samþykkja langtum viðameiri og stærri lög um sama efni í stað þeirra gömlu. En verða þau ekki einnig pappírslög eins og þau gömlu? Verði svo eða sé það þannig hugsað, þá þarf sannarlega ekki að taka þetta frv. hátíðlega, sem hér liggur fyrir, þó að sjálft málefnið sé sannarlega athyglisvert. Ég held ekki, að framkvæmdaleysið á þessu sviði sé gömlu lögunum að kenna. Og ég held ekki, að athafnaleysið á sviði almannavarna á undanförnum árum geti afsakazt með því, að ráðstafanir hafi gerzt óþarfar á undanförnum árum vegna friðar og öryggis í heiminum. Þvert á móti hefur friður jafnan þótt ótryggur á undanförnum áratugum. Kalt stríð svokallað er háð að staðaldri í heiminum og af kappi, og oft og víða hefur komið til beinna hernaðarátaka. Stríðið í Kóreu, Berlínardeilan, uppreisnin í Ungverjalandi, stríð Breta og Frakka á hendur Egyptum, Berlínarmúrinn og margt og margt fleira hefur orðið til þess að gera friðarhorfurnar í heiminum tvísýnar. Þrátt fyrir þetta höfum við hér á Íslandi haldið að okkur höndum hvað snertir allar varúðarráðstafanir, sem lög hafa gert ráð fyrir. Þrátt fyrir það að stórstyrjöld hafi oft virzt vera á næsta leiti, hafa almannavarnir engar verið til á Íslandi fram á þennan dag. Mér finnst, að það verði ekki hjá því komizt í sambandi við umr. um þetta frv. að minnast á þetta eftirtakanlega og raunar átakanlega sinnuleysi íslenzkra stjórnarvalda um hag og heill borgaranna, ef til heimsstyrjaldar kæmi. Þetta sinnuleysi er sérstaklega áberandi fyrir þá sök, að stjórnarvöldin hafa vitandi vits kallað yfir þjóðina hinar geigvænlegustu árásarhættur með því að lána landið undir herstöðvar og herafla stórveldis, sem á svipstundu verður stríðsaðili, ef til hernaðarátaka kemur. Með þessum fríðindum stórveldinu til handa hafa stjórnarherrar okkar kallað yfir sig þunga ábyrgð. En hins vegar virðast þeir allt fram á síðustu tíma ekki hafa verið sér meðvitandi um þessa miklu áhættu. Á það getur a. m. k. bent skeytingarleysi yfirvaldanna um lífsöryggi íslenzkra borgara.

Þrátt fyrir lagaheimild allan þennan tíma hafa okkar vísu feður engan áhuga sýnt almannavörnum. Og þrátt fyrir stöðuga styrjaldarhættu hafa þeir tæpast í öll þessi ár svo mikið sem imprað á ráðstöfunum til verndar þegnunum, auk heldur meira. Hver getur verið skýringin á þessu sinnuleysi eða þessu skeytingarleysi? Ég vil strax taka það fram sem mína skoðun, að hér kemur ekki til greina mannvonzka eða mannfyrirlitning, síður en svo. Sönnu nær væri líklega að tala um úrræðaleysi leiðtoganna. Þeir sjá blátt áfram ekki fram úr þessum vanda. Þeir skynja hina gífurlegu hættu, sem þjóðinni er búin, sérstaklega vegna herstöðvanna í landinu, en þeir kunna engin nýtileg ráð til að draga úr þeirri hættu. Ætli þetta sé ekki sannleikurinn í þessu máli? Ég skal taka það fram einnig, að ég lái ekki íslenzkum stjórnarvöldum þetta úrræðaleysi svo mjög. Það er á allra vitorði, að það verður ekki auðvelt um vik að vernda mannslíf í kjarnorkustyrjöld. Fjöldi manna, sem þekkja til nútíma stríðstækni, álíta, að í slíkri styrjöld séu yfirleitt engar almannavarnir, þær séu ekki til. Þetta álit er ekki til komið allra síðustu árin. Margir höfðu þessa skoðun þegar fyrir 10 árum. En þeir eru enn fleiri í dag, eftir því sem árásartækninni fleygir fram. Til eru þeir og þeir allmargir, sem telja, að verndarráðstafanir geti að vísu við vissar aðstæður komið að gagni og mjög takmörkuðu þó. Í því sambandi hefur sérstaklega verið rætt um brottflutning fólks af hættusvæðum og um byggingu öflugra neðanjarðarbyrgja. Aðrar leiðir til verndar í stórstyrjöld virðast ekki vera til af þessu tagi. Allt annað, sem kynni að vera gert, er aukaatriði eða þá kák.

Fyrir þessum tveimur ráðstöfunum, brottflutningi fólks og öryggisbyrgjum, er að sjálfsögðu engin reynsla fengin enn. Og það kann að fara svo, að báðar reynist gagnslitlar. En hitt er víst og vitað, að hvor þessara ráðstafana um sig og þá ekki síður báðar til samans kosta þjóðfélagið of fjár og mikinn undirbúning. Okkur Íslendinga mundu þær vafalaust kosta hundruð millj. kr.

Skilningur íslenzkra valdhafa á þessum efnum undanfarin ár hefur sennilega verið eitthvað á þessa leið: Líklega eru engin ráð til verndar borgurunum í árásarstyrjöld eða þá svo vafasöm og hæpin, að ekki er í þau leggjandi óhemjulegs kostnaðar vegna. — Mér þykir líklegast, að það sé þetta, sem mótað hefur afstöðu ráðandi manna hér á landi til almannavarna síðasta áratuginn eða síðan stríði lauk. Og ég get satt að segja, eins og ég hef tekið fram, ekki áfellzt þá svo mjög fyrir þessa afstöðu.

Þetta virðist vera afstaða íslenzkra stjórnarvalda eða virtist vera a. m. k. allt fram að árinu 1961. En þá er sem hæstv. ríkisstj. vendi snögglega sínu kvæði í kross, og þá upphefst fyrir hennar tilverknað mikill áróður fyrir almannavörnum. Það er ekki óeðlilegt, að spurt sé: Hvað var að gerast?

Í grg., sem fylgdi frv. hæstv. ríkisstj. á þinginu í fyrra, lýsti hæstv. ríkisstj. þessum sinnaskiptum sínum með þessum orðum, eins og stendur á bls. 7 í þessari grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Um þetta leyti síðla hausts 1961 hófust umr. um það innan ríkisstj., að óverjandi væri að gera ekki gangskör að því að hefja hér rannsóknir og undirbúning almannavarna, miðað við aðstæður hér og reynslu annarra í þessum efnum.“

Síðla hausts 1961 kemst hæstv. ríkisstj. loks að því, að það sé óverjandi að gera enga gangskör til almannavarna.

Ég var nýbúinn að eyða allmörgum orðum í það að afsaka sinnuleysi eða skeytingarleysi yfirvalda okkar á undanförnum áratugum. Hér kemur hæstv. ríkisstj. fram 1961 og segir, að þetta skeytingarleysi og sinnuleysi sé óverjandi. Hvað skyldi hafa valdið þessum snöggu sinnaskiptum hæstv. ríkisstj. haustdagana 1961? Sjálf reynir hæstv. ríkisstj. í grg. sinni, sem ég nefndi áðan, að skýra þessi sinnaskipti fyrir almenningi. Hún talar um alvarleg átök og óvissu hér og hvar, í Kongó, á Kúbu, í Laos, Vietnam og víðar. Hún talar um ófriðarbliku og aukna spennu og um atómsprengingar Rússa. Allt er þetta rétt. Þetta eru sannmæli — og þó? Verkar þetta sannfærandi sem skýring á þessum snöggu sinnaskiptum síðla hausts 1961? Þessir atburðir eða aðrir ámóta hafa verið að gerast í heiminum nú á annan áratug, og allan þann tíma hefur oltið á ýmsu um friðarhorfur, eins og hverjum manni er kunnugt. Nei, mér finnst skýring hæstv. ríkisstj. á þessum skyndilega áhuga fyrir almannavörnum ekki verka sannfærandi. Hér hlýtur eitthvað að fara á milli mála. Mér þykir líka vert að athuga þetta nánar og aðgæta, hvort ekki sé finnanleg sú rétta skýring á þessari vakningu hæstv. ríkisstj. haustið 1961. Hvers vegna vaknaði hún svona óvænt og snögglega til meðvitundar um, að óverjandi sé að gera ekki ráðstafanir til að bjarga lífi íslenzkra þegna í kjarnorkustríði? Ég minni á það enn einu sinni, að þessi stórmerka vakning greip hæstv. ríkisstj. síðla hausts 1961, að hennar eigin sögn. Hvað skyldi hafa gerzt um líkt leyti annars staðar í heiminum og þá fyrst og fremst á höfuðbólinu okkar, í sjálfum Bandaríkjunum? Ég skal nú greina örlitið frá, hvað gerist í því stóra landi í þessum efnum, enda tel ég vafalaust, að þangað megi rekja orsakir til þess fjörkipps, sem íslenzk stjórnarvöld tóku á s. l. ári.

Í júlímánuði 1961 bar það til í Bandaríkjunum, að forsetinn fór þess á leit við þingið, að fjárveiting til hernaðarþarfa yrði stóraukin, og jafnframt gerði hann þá ráð fyrir verulegri hækkun fjár til almannavarna þar í landi. Við þetta tækifæri flutti forsetinn ræðu, þar sem hann fullyrti, að kominn væri tími til að gera eitthvað til varnar borgurum landsins. Bandaríkjaforseti orðaði það þannig, að kominn væri tími til að gera eitthvað til varnar borgurum landsins. Okkar hæstv. ríkisstj. orðaði það eilítið öðruvísi, „að óverjandi væri að

gera ekki gangskör að.“ Forsetinn lét þá skoðun í ljós við þetta tækifæri, að með byggingu neðanjarðarbyrgja mætti bjarga mannslífum í kjarnorkustríði. Loks kvað hann það von sína að geta innan fárra mánaða tilkynnt borgurum landsins, hvað þeir gætu strax gert til að vernda líf fjölskyldu sinnar, ef til árásar kæmi.

Þessi ræða Bandaríkjaforseta vakti mikinn úlfaþyt í Bandaríkjunum og raunar um heim allan. A. m. k. barst bergmál þessarar ræðu víða um heim. En blöðin í Bandaríkjunum ræddu næstu mánuði á eftir almannavarnir frá öllum hliðum og af mjög miklu kappi. Og eins og við höfum heyrt, tóku um sama leyti ameriskir framleiðendur að auglýsa nýjustu fjölskyldubyrgi og kosti þeirra af ekki minna kappi. Í Bandaríkjunum var um það deilt sumarið og haustið 1961, hver hefði verið hinn sanni tilgangur með þessari ræðu forsetans. Menn voru alls ekki þar í landi á einu máli um, hver hefði verið hinn sanni tilgangur Bandaríkjaforsetans með ræðunni um almannavarnir. Þeir, sem kunnugastir þóttust málum, litu flestir á þetta tiltæki, almannavarnirnar eða umr. um almannavarnirnar, sem einn þáttinn í kalda stríðinu. Það væri ekki um að ræða umhyggju fyrir borgurunum, heldur væri hér um að ræða einn þáttinn í kalda stríðinu. Með aukningu almannavarna skyldi Rússum sýnt og sannað, að Bandaríkin væru við öllu búin og mundu hvergi hopa, jafnvel þó að kjarnorkustyrjöld væri í aðsigi. Ekki voru allir á þessu máli. Aðrir töldu, að þetta ætti að vera ráð gegn vaxandi vonleysi og uppgjöf borgaranna heima fyrir. Með ráðstöfunum til almannavarna ætti að smeygja því inn hjá fólki, að sérfræðingar teldu þrátt fyrir allt vonir um, að bjarga mætti lífi borgaranna í kjarnorkustríði. Þannig ræddu menn þetta mál fram og aftur síðla sumars og hausts 1961 í Bandaríkjunum. Þar urðu margir til þess opinberlega að gagnrýna af fullri einurð allt þetta skraf um almannavarnir. Þeir bentu á, að áhrif þess sem eins þáttar í kalda stríðinu gætu orðið ögrun og aukin styrjaldarhætta, en hjá landsfólkinu gæti það ýmist skapað falska öryggistilfinningu og andvaraleysi eða aukinn ótta og vonleysi. Það var einnig á það bent opinberlega í Bandaríkjunum um þetta leyti, að með þessu brambolti öllu saman væri verið að fá almenning til að sætta sig við tilhugsunina um, að stríð væri óhjákvæmilegt. En slík uppgjöf almennings er talin heimsfriðnum einmitt mjög hættuleg.

Ég skal ekki rekja þessa sögu miklu frekar. En frá Bandaríkjastjórn heyrðist ekkert um þetta mál næstu mánuðina, og hafði þó verið látið í veðri vaka í ræðu forsetans, að mikið væri í húfi og mikið lægi við. Það var ekki fyrr en í nóv. 1961, að Kennedy forseti hóf aftur máls á efninu. Í þeirri ræðu lagði hann höfuðáherzluna á, að hið opinbera þyrfti að koma upp loftvarnabyrgjum. Hins vegar hefði stjórnin aldrei hugsað sér, sagði hann, að öryggisbyrgi yrði byggt í hverju einstöku húsi. Allar þessar ráðagerðir um almannavarnir í Bandaríkjunum voru sagðar hafa komið talsvert miklu róti á hugi manna þar. Hins vegar kom flestum saman um, að jákvæð áhrif hefðu orðið mjög takmörkuð. Ég hef heyrt um könnun, sem fram fór haustið 1961 í Bandaríkjunum varðandi þessi áhrif. Hún sýndi, að 1% hafði þá þegar undirbúið að byggja sér byrgi og að 4% hygðust gera það einhvern tíma. Meiri voru nú ekki undirtektirnar þar skv. þessari könnun þrátt fyrir allan úlfaþytinn og fjaðrafokið í sambandi við þetta mál.

Ég vil líka benda á það, sem kom fram í opinberum umr. í Bandaríkjunum, því að það skiptir okkur líka máli. Þar heyrðust raddir, sem blátt áfram vöruðu við öllu þessu almannavarnastússi. Þær sögðu: Þær kosta of fjár, þessar ráðstafanir. Því fé væri miklu betur varið til byggingar íbúða, skóla og sjúkrahúsa. — Aðrir bentu á, að með almannavörnunum væri verið að flytja stríðsundirbúninginn alla leið inn á heimilin, og þeir fordæmdu það. Það var á það bent, að með þessu almannavarnastússi væri stríðsæsingamönnum þar í landi gefið allt of gott tækifæri til að blanda sér í málefni borgaranna. Það væri ekki á það bætandi, því að nægur væri hernaðarandinn í landinu fyrir. Það kom líka fram í skrifum blaða í Bandaríkjunum haustið 1961, að eina raunhæfa vörnin gegn kjarnorkustyrjöld væri að bægja styrjaldarhættu frá, koma í veg fyrir styrjöld. Var þetta þá sögð skoðun æ fleiri manna í Bandaríkjunum og umr. hefðu leitt það jákvætt af sér, að þær hefðu opnað augu manna fyrir þeim hættulega leik valdhafanna að stríðsvoðanum, sem gengið hefur undanfarinn áratug. Dæmi munu hafa verið til þess, að menn hafi hafnað þeirri hugmynd í Bandaríkjunum að gera sjálfum sér öryggisbyrgi, þótt þeir hafi efni á því, en tjáð sig fúsa til þess að láta í staðinn eitthvað af mörkum til eflingar friðarins í heiminum, t. d. hafa menn sent fé til Sameinuðu þjóðanna.

Ég hef haft svona mörg orð um þetta, sem gerðist í Bandaríkjunum sumarið og haustið 1961, af því að ég tel það á margan hátt fróðlegt fyrir okkur Íslendinga. En af því, sem ég hef nú sagt, má ráða, að áhugi núv. stjórnar á Íslandi fyrir almannavörnum er innfluttur varningur. Auðvitað þarf hann ekkert að vera neitt lakari fyrir það út af fyrir sig. En hafi áhuginn fyrir almannavörnunum sjálfum verið eitthvað blendinn í Bandaríkjunum, eins og margir álíta, þá er hann það einnig hingað kominn og ekki síður. Það er áberandi, að hæstv. ríkisstj. talar um óverjandi aðgerðaleysi í almannavarnamálum fyrir rúmu ári. En fram að þeim tíma hafði hún þó sofið vært í þessu efni frá sinni fæðingu. Eftir að hún vaknaði svona hastarlega síðla hausts 1961, fór hún að undirbúa frv. til l. um almannavarnir. Þetta frv. lagði hún fram seint á síðasta þingi. En hvað gerðist? Lá mikið á? Var hún full af áhuga? Lagði hún dag við nótt hér í þinginu til að fá frv. samþ.? Nei, ekki aldeilis. Að hennar eigin fyrirlagi var þessu

frv. vísað frá í fyrra. Meira lá ekki á en þetta. Nú flytur hún sama frv. aftur og í óbreyttri mynd. Og sjálfsagt ætlast hæstv. ríkisstj. til þess, að það verði samþ. á þessu þingi, eða ég veit ekki annað. En það er óhætt að segja, að enginn segir: flýttu þér, hvað framkvæmdir í þessu máli snertir, enn sem komið er. Það sést bezt á fjárlagafrv. fyrir 1963. Þar mun ætluð úr ríkissjóði 1 millj. kr. til þessara mála, svo að það á augsýnilega hvorki á þessu ári, 1962, né á næsta ári, 1963, að hefjast handa um neinar framkvæmdir á sviði almannavarna. Ég á við framkvæmdir, sem hugsanlegt sé að gætu komið borgurum landsins að minnsta gagni sem vernd gegn hernaðarárás.

Þetta seinlæti, sem ég nú hef bent á, sýnir ekki, að mikill hugur fylgi máli frá hæstv. ríkisstj. 1 millj. kr. eða líðlega það á að verja til almannavarna á árinu 1963. Það fé nægir rétt til þess að gera borgurunum ýmiss konar fyrirhöfn og ónæði. Það nægir kannske til þess að koma af stað einhverjum kröfum hins opinbera á hendur einstaklingunum og rekistefnum, en um hugsanlega, raunverulega vernd verður enga að ræða, verði framhaldið svipað og byrjuninni er augsýnilega ætlað að vera. Ef stuðzt er við fyrri reynslu í þessum efnum, verður sjálfsagt einhverjum fjármunum, nokkrum millj., varið til framkvæmda á kákráðstöfunum til almannavarna. Þetta er gömul reynsla, og það er allt útlit fyrir, að hið sama ætli að endurtaka sig. Síðan dettur allt niður og nýju lögin í 28 greinum verða sama sýndarplaggið og gömlu lögin með sín 7 greinum hafa verið alla tíð, allt frá því að stríði lauk.

Ég hygg ekki óeðlilegt að spyrja líkt og ýmsir spurðu í Bandaríkjunum sumarið 1961: Væri ekki milljóninni betur varið til þess að efla friðarmálin í heiminum? Væri ekki nær t. d. að senda íslenzka embættismenn utan til þess að vinna að friði á alþjóðavettvangi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar, í stað þess að gera eins og við nú gerum, senda embættismenn okkar á vit hernaðarbandalags? Ég fullyrði, að slíkt væri ólíkt meira í ætt við almannavarnir en sá stríðsáróður, sem íslenzk yfirvöld sýknt og heilagt bergmála erlendis frá. En þessa leið vilja okkar forráðamenn áreiðanlega ekki fara. Þeir vilja heldur kyrja stríðssönginn og halda áfram að lofa borgurunum vernd í ófriði, lofa því upp í ermina á sér.

Ég hef ekki minnzt á þá ráðstöfun til almannavarna, sem vafalaust er öruggust allra ráðstafana hérlendis. Ég hef ekki minnzt á hana, enda er hún fjarlægari hæstv. ríkisstj. en allt annað í heimi hér. Í landinu eru hernaðarmannvirki ýmiss konar og herafli annars aðilans, sem berst um heimsyfirráðin, Bandaríkjanna. Frá þessum mannvirkjum stafar þjóðinni vitanlega mesta hættan, ef til styrjaldar dregur. Frá þessum mannvirkjum stafar henni geigvænleg hætta og geigvænlegri en frá nokkru öðru. Tilvist þessarar erlendu stöðvar má segja að bjóði árásarmönnum heim í ófriði. Og það vill svo til, að við getum án mikils tilkostnaðar numið burt orsök þessarar hættu. Engin ráðstöfun er til, sem öruggari væri til árangurs en sú að losa þjóðina við þá ógnun, sem fólgin er i hinum erlendu herstöðvum í landinu. En þetta fæst hæstv. ríkisstj. áreiðanlega ekki til að hlusta á. Það hentar ekki hennar ráðagerðum. Af því leiðir, að það er engu líkara en ætlunin sé sú framvegis eins og verið hefur, að almannavarnir hér í landi verði kákið eitt. Herstöðvarnar ættu að leggjast niður og herinn að fara burt. Ég vil líkja erlendum herstöðvum í landi lítillar, vopnlausrar þjóðar við farsótt, sem yfirvöldin leyfa að berist til landsins í þeirri fánýtu von, að þau geti þá síðan á einhvern yfirnáttúrlegan hátt heft útbreiðslu hennar með einhverjum og einhverjum kákaðgerðum, sem ætti að nefna sóttvarnir. Mér finnst þessi líking eiga bezt við afstöðu hæstv. ríkisstj. til þessa máls og ráðstafanir hennar í þessu vandamáli.

Ég skal láta mínu máli lokið um þetta nú. Eins og ég tók fram í byrjun ræðu minnar, vænti ég þess að geta síðar fengið tækifæri til að ræða þetta frv. lítils háttar í einstökum atriðum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef nú reynt að hlusta á hv. ræðumann, en ef til vill er það vegna skorts á athyglisgáfu, að ég er litlu nær eftir en áður, hvort hann er með þessu frv. eða ekki. Hann fór mjög víða, en hann sagði furðanlega lítið um það, hvort hann teldi, að þetta frv. ætti að samþ., fella eða hvort hann ætlaði að sitja hjá við afgreiðslu þess eins og hans flokksbræður í Nd. Væntanlega gefst honum tækifæri til þess að gera grein fyrir því síðar, vegna þess að hann boðaði síðari ræðuhöld sín um málið.

Hv. þm. talaði mikið um stríðssöng af hálfu stjórnarsinna. Ég hef nú sjaldan heyrt heimsástandi öllu ömurlegar lýst en einkanlega í fyrri hluta ræðu hv. þm. og skal þó játa, að hann fór þar að mestu leyti með rétt mál. Ástandið hefur verið mjög iskyggilegt í alþjóðamálum og er enn, og greinir okkur ekki á um það.

Í fyrri hluta ræðu sinnar vildi hv. þm. nota pennann sinn í stríðssöng til þess að ásaka núv. ríkisstj. fyrir það, að hún hefði verið aðgerðalítil í þessum málum, þangað til haustið 1961, og var þá með ýmiss konar skýringar á hvötum ríkisstj. til þess að breyta þá til og hefja þann undirbúning, sem þetta frv. er ávöxtur af.

Ég hygg, að enginn geti neitað því, að þeir atburðir gerðust haustið 1961, sem færðu vitundina um hættu af nýrri stórstyrjöld miklu nær Íslendingum en oft áður, og þarf ekki að rifja það upp fyrir mönnum, hvílík áhrif kjarnorkutilraunasprengingar Rússa í norðurhöfum höfðu í þeim efnum. Ef nokkurt eitt atvik eða nokkr-

ir einir atburðir réðu úrslitum í þessum efnum, er það áreiðanlega rétt, að það voru þessar tilraunir með öllu því, sem þeim fylgdi, og aðdragandanum að þeim. Hitt má vel vera, að það hafi verið vanræksla að hafa ekki hafizt handa áður, vegna þess að ástandið hafi verið fullískyggilegt fyrr, eins og hv. þm. vitnaði til. En ég hygg, að það hefði veitt okkur áreiðanlegri upplýsingar, ef hann hefði látið vera getgátur um hvatir annarra, en nokkru nánar gert grein fyrir sinni eigin afstöðu í málinu fyrr og síðar og þeim hvötum, sem eru henni til skýringar. Ég hygg sem sagt, að það sé staðreynd, að hv. þm. hafi fyrr og síðar beitt áhrifum sínum í bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að gera þar tortryggilegar þær ráðstafanir, sem af bæjarstjórnarinnar hálfu voru hafðar uppi til almannavarna. Og hv. þm. leiðréttir, ef ég fer rangt með, að hann hafi átt þátt í tilraunum til þess að fá numdar burt allar fjárveitingar í þessu skyni og haldið uppi látlausum árásum á loftvarnanefnd og yfirvöld borgarinnar fyrir það að gera þær ráðstafanir, sem að vísu voru ekki mjög víðtækar, en gátu þó komið að verulegu gagni, ef í harðbakka hefði slegið. Við þurfum ekki heldur að fara út fyrir Alþingi til þess að rifja upp, að hv. þm. átti að sínum hluta þátt í því, að Alþingi felldi á vinstristjórnarárunum niður alla fjárveitingu úr fjárlögum til almannavarna, og var það þó beinlínis gegn gildandi ákvæðum laga, og eins og ég gat um í ræðu minni áðan, mjög hæpið, að Alþingi gæti án þess að fella loftvarnalögin úr gildi þannig skotið sér undan skuldbindingum gagnvart sveitarstjórnum, sem þær höfðu tekið á sig og ríkissjóðinn með heimild í gildandi lögum. Mér er nær að halda, að það hafi einmitt verið flokkur hv. þm., sem beitti sér fyrir því, að páv. meiri hl. fór þannig að.

Hv. þm. getur ekki fært sér til afsökunar, að stríðshættan hafi þá verið minni en bæði á undan og eftir, vegna þess að hv. þm. og umboðsmenn hans í ríkisstj. tóku beinlínis á sig ábyrgð á áframhaldandi dvöl varnarliðs í landinu haustið 1956 vegna þess, að ófriðarhættan væri þá svo mikil, eins og raunar hv. þm. einnig minnti á hér áðan með tilvitnun sinni til Ungverjalandsuppreisnarinnar og ófriðarins við Súez. Og að svo miklu leyti sem hv. þm. telur, að hættan hér á landi stafi fyrst og fremst og eingöngu af því, að erlent herlið sé haft í landinu, og líkir því við eins konar farsótt, sem hafi verið stefnt inn í landið af stjórnarvöldunum, þá hlýtur hv. þm. að verða spurður um það, af hverju hann hafi ekki beitt sínum áhrifum, meðan hann hafði þau, á stjórn landsins til þess að fá þessari farsótt að hans áliti eytt. Nei, hv. þm. gerði það ekki eða hans flokksbræður. Þeir tóku á sig stjórnskipulega ábyrgð á dvöl varnarliðsins, og þeir hreyfðu því ekki á þinglegan hátt, fyrr en þeir voru farnir úr ríkisstj., þeirra áhrif úr sögunni, að varnarliðið skyldi verða látið hverfa á brott. Úr því að hv. þm. tekur upp að ræða málið með þessum hætti, þá er honum miklu nær að gera grein fyrir þeim hvötum, sem hafa legið til hans mjög einkennilegu afstöðu til þessa máls fyrr og síðar, heldur en vera með getsakir í annarra garð. En fyrst og fremst ber honum að skýra þingheimi frá því, hvort hann sé með þessu frv. eða á móti og hvort hann sé með almannavörnum eða á móti. Ef hann telur almannavarnir vera hégómann einberan, þá á hann ekki heldur að vera að ávíta fyrri ríkisstj. eða núv. ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi í þessum efnum. Hann verður að segja af eða á, hver hans skoðun er í þessum efnum. En trú mín er sú, að þó að við vafalaust eigum eftir að heyra mjög langar ræður hjá hv. þm. um þetta, þá eigum við erfitt með að fá svör við þessum einföldu spurningum, eins og spá mín er sú, að hv. þm. eigi eftir að tala mjög lengi, en láta mjög lítið fara fyrir atkv. sínu um þetta mál.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. dómsmrh. vék að því í ræðu sinni nú, að ég mundi í bæjarstjórn Reykjavíkur á sínum tíma hafa gert mitt til þess að gera aðgerðir loftvarnanefndar Reykjavíkur tortryggilegar. Ég held, að þetta sé ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að ég hafi gert þetta. Hins vegar get ég vel afsakað misskilning hans í þessu efni. Þess er ekki að vænta, að hann geti fylgzt svo vel með öllum málum.

Sannleikurinn er sá, að það skeði 1957, að ég held, að fjárveiting Alþingis til loftvarnanefndar eða loftvarna var lögð niður. Af því leiddi svo, að loftvarnanefnd Reykjavíkur fékk a. m. k. helmingi minna fé en hún hafði áður haft til umráða. Afleiðingin varð sú af því aftur, að hún var óstarfhæf, gat ekki starfað næstu árin vegna fjárskorts. Þá kom ég með till. um það, að þessi nefnd, sem var hætt að starfa þá fyrir nokkrum árum, yrði hreinlega lögð niður, því að ég taldi betra að hafa enga loftvarnanefnd heldur en loftvarnanefnd, sem starfaði ekki. Þetta var minn þáttur í þessu máli og annað ekki. Yfirleitt held ég, að ég hafi ekki að ófyrirsynju ráðizt neitt á loftvarnanefnd Reykjavíkur í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvorki fyrr né síðar, nema ef þetta ætti að teljast það.

Fjárveiting ríkisins til loftvarna var felld niður í tíð vinstri stjórnarinnar, það er alveg rétt. Ég hygg, að ég hafi fylgt ríkisstj. í því. Mín afsökun er sú, að á þeim tíma treysti ég því staðfastlega þrátt fyrir allt, að herinn yrði látinn fara í burtu af landinu eða ráðstöfun gerð til þess réttara sagt, þetta mundi verða gert, áður en vinstri stjórnin væri öll. Þessu treysti ég fram á síðustu tíma. Og ef staðið hefði verið við gefin heit í þessu efni, gefin heit í sáttmála þeim, sem gerður var, þegar vinstri stjórnin var sett á laggirnar, þar henni að gera ráðstafanir til þess, að herinn færi í burtu, áður en hennar starfstíma lyki. Og eins og ég tók fram í minni ræðu, tel ég

enga ráðstöfun til almannavarna jafnast á við þá ráðstöfun að láta herinn fara burt úr landinu og leggja hernaðarmannvirkin niður.

Hæstv. ráðh. talaði um, að honum væri ekki orðið það ljóst, hver afstaða mín væri til þessa frv. Ég held þó, að hann hefði átt að geta rennt grun í það eftir að hafa hlustað á það, sem ég sagði. Ég benti á, að hér eru lög í gildi um almannavarnir. Ég benti einnig á, að þetta frv., sem hér er á ferðinni, er í raun og veru ekki nein nýjung. Ég gat þess, að gildandi lög um almannavarnir væru pappírsgagn. Og ég lét í það skína, að ég óttaðist, að nýju lögin yrðu ekkert annað en pappírsgagn eitt. Með þessa skoðun er ekki að undra, þótt ég taki að svo stöddu enga beinharða afstöðu með eða móti frv. Ég benti líka á það og sagði, að ég sæi nokkra agnúa á frv., sem ég mundi síðar ræða. Þá gæti einnig farið um mína afstöðu nokkuð eftir undirtektum um að fá þá agnúa numda burt. Af þessum sökum get ég ekki að svo stöddu lýst því yfir, hver endanleg afstaða mín til frv. verður. En hitt get ég sagt strax, að ég sé enga stórkostlega kosti í þessu frv. fram yfir það, sem er í þeim lögum, sem nú gilda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 162 og 163, 158).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar það frv., sem hér er til umr. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason, skilar séráliti, en aðrir nm. leggja til, að frv. verði samþ. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, áskildi sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. og skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Hann hefur flutt brtt. við frv. á þskj. 158, og eru þær brtt. samhljóða brtt., sem hv. þm. Framsfl., Valtýr Guðjónsson, flutti við frv., þegar það var til umr. í hv. Nd. þingsins, en náðu þar þá ekki samþykki.

Þetta frv. er mun ýtarlegra og yfirgripsmeira en eldri lög um loftvarnir og aðrar varnir gegn hættu af hernaðaraðgerðum, og það er byggt á töluvert annarri skipan en þau. Má þar aðallega nefna það til, að samkv. frv. er forusta og frumkvæði um almannavarnir í höndum ríkisstj. og hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði af varnaraðgerðum er stórlega aukin.

Þegar frv. var til 1. umr. í þessari hv. þd., fylgdi hæstv. dómsmrh. því úr hlaði með nokkrum orðum, en frv. fylgdi í fyrra, þegar það fyrst var lagt fram hér á Alþingi, ýtarleg grg. Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstök ákvæði frv. eða víkja að fram komnum till., fyrr en flm. hafa gert fyrir þeim grein.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Við síðustu umr. ræddi ég lítið eitt þetta frv. almennt og skal ekki að þessu sinni hafa um það efni mörg orð. Ég vil þó aðeins vekja á því athygli, að almannavarnir hafa verið á dagskrá hérlendis fyrr en nú. Öðru hverju hefur verið hafinn áróður fyrir almannavörnum, en jafnharðan hefur allt lagzt í dá, og fram til þessa dags eða síðan stríði lauk hefur bókstaflega ekkert verið gert til almannavarna. Við minnumst þess gauragangs, sem varð hér fyrir rúmu ári í sambandi við mikinn áróður stjórnarvalda um almannavarnir. Þegar kom fram á veturinn, lognaðist áhuginn út af og sjálf hæstv. ríkisstj. dró frv. sitt til baka hér á þingi, kvað það geta beðið síðari tíma samþykktar, ekkert lægi á.

Ég er ekki að fagna þessu. Ég bendi aðeins á þetta. Raunverulegur áhugi fyrir almannavörnum virðist ekki vera mikill, hvorki hjá stjórnarvöldum né öðrum. Af einhverjum ástæðum er þó talið henta að hafa uppi áróður um málið. En það er aðeins áróður og annað ekki. Framkvæmdir eru engar, og það er spá mín, að svo fari nú að þessu sinni sem fyrr. Mér finnst ekki ósvipað því, sem þetta óneitanlega stóra og viðkvæma mál sé öðru hverju sett á svið af ráðnum hug, en í annarlegum tilgangi. Ég skal ekki ráða í, hver sá annarlegi tilgangur er, en mér finnst bera einkennilega mikið á, að samfara þessum áróðri um almannavarnir er hafður uppi hatursfullur áróður til annarra þjóða. Og spurningin er sú: Er þetta nokkuð annað af hendi stjórnarvalda en þáttur í kalda stríðinu, framlag íslenzkra stjórnarvalda til kalda stríðsins?

Sé þetta svo, er það auðvitað stórvítavert, því að almannavarnir eru alvarlegt mál, mál, sem stjórnarvöld og allir ábyrgir menn í landinu ættu að taka hátíðlega. Og af því að ég er einn af þeim, sem vilja taka það mál hátíðlega, vil ég enn einu sinni minna á mikilvægustu ráðstöfunina til almannavarna. Hún er sú að nema brott þá hættu, sem við vitum um, herstöðvarnar, hernaðarmannvirkin á Keflavíkurvelli og hernaðarmannvirkin hér á landi yfirleitt. Þar vitum við um þörf ráðstöfunar, þegar um almannavarnir er að ræða. Við eigum að krefjast þess, að þessi mannvirki verði gerð ónothæf, og með því leggjum við fram drýgsta þáttinn til almannavarna.

Þegar sérfræðingar hæstv. ríkisstj. eru að rannsaka þörf ráðstafana um almannavarnir, þegar þeir athuga þörf einstakra ráðstafana, þegar þeir gera kostnaðaráætlun um framkvæmd þessara ráðstafana, þá er ævinlega við það miðað, að herstöðvarnar verði hér til frambúðar. Það er miðað við, að ægilegasta hættan, sem um er að ræða í þessu efni, verði hér til frambúðar, að hún sé óumflýjanleg. En þetta er hinn mesti misskilningur. Við eigum að minnast þess, að það er á valdi okkar Íslendinga að leggja þessi hernaðarmannvirki niður og vísa hernum í burtu, hvenær sem okkur sýnist. Sé nú einhver alvara

á bak við allt skrafið um almannavarnir, ber að líta á þetta fyrst og fremst. Það fer ekki á milli mála, að sérfræðingar eru í mestu vandræðum með lausn almannavarnamálsins. Þetta er mikið vandamál og allt að því að vera óleysanlegt, sumpart vegna þess, að varnir í kjarnorkustyrjöld eru litlar, og sumpart vegna þess, að þær ráðstafanir, sem helzt eru taldar koma til greina, eru frámunalega kostnaðarsamar.

Ég skal nefna sem dæmi, að forstöðumaður almannavarna, sem mætti á nefndarfundi með okkur um daginn, tjáði n., að gerður hefði verið kostnaðarútreikningur varðandi öryggisbyrgi í Arnarhóli. Sá kostnaður er áætlaður 20 millj. kr. Er þetta öryggisbyrgi nóg fyrir Reykvíkinga? Nei, svaraði forstöðumaðurinn. Það má gera ráð fyrir, að það þurfi 4 eða 5 slík byrgi í Reykjavík. Þessi liður einn gerir þá í Reykjavík allt að 100 millj. kr., og þetta er aðeins brot úr þeim framkvæmdum, sem gera þarf, ef nokkuð á að gera að gagni í almannavarnamálinu.

Ég sting upp á því, að þetta mál verði athugað betur, og umfram allt, að þetta mál verði athugað á breiðari grundvelli. Ég vil láta rannsaka málið, og rannsókn tekur enn alla vega langan tíma. Ég vil láta rannsaka málið, eins og það er gert nú, á grundvelli þess, að hér verði herstöðvar áfram, hvað þarf að gera þá og hvað það kostar. En ég vil jafnhliða og samtímis láta rannsaka, hvað þarf að gera í almannavörnum og hve mikið það kostar, ef ekki eru herstöðvar í landinu. Mér þykir bæði sanngjarnt og eðlilegt, að hæstv. ríkisstj., að Alþingi, að almenningur vilji gjarnan fá þennan samanburð. Hvers vegna þá að neita um það? Hví ekki gera þennan samanburð? Hví ekki gera áætlunina í tvennu lagi, úr því að það er á valdi okkar að segja hernum upp, að leggja niður mannvirkin, ef okkur þóknast svo? Á þetta vil ég leggja megináherzlu nú að þessu sinni. Eins og það lá ekkert á að samþykkja þetta frv. á þinginu í fyrra að dómi hæstv. ríkisstj., eins liggur ekkert á að samþykkja það nú. Við eigum lög um almannavarnir. Þau duga okkur enn um hríð. Það virðist langt í land, að til framkvæmda komi í almannavarnamálinu. Eins og forstöðumaður almannavarna segir, þetta vandamál er flókið og krefst vandlegs og mikils undirbúnings. Ég vil aðeins útfæra þennan undirbúning og þessa athugun á þann veg, sem ég lýsti, að hann verði gerður í tvennu lagi, þannig að hægt sé að bera saman möguleika og kosti.

Ég legg því til, að þetta frv. verði afgreitt nú á þessu þingi með rökst. dagskrá, og ég vil lesa upp till., með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að þær athuganir, sem fram hafa farið varðandi væntanlega tilhögun almannavarna á Íslandi, eru allar miðaðar við, að í landinu verði hernaðarmannvirki og erlendur her til frambúðar, og með því að það er á valdi Alþingis að ákveða, að þessi herbúnaður skuli ekki vera hér framvegis, þá æskir deildin þess, að nefndum athugunum verði fram haldið á grundvelli samanburðar, þannig, að unnt verði að meta þörf einstakra ráðstafana til almannavarna svo og að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun í þeim tilvikum báðum: a) að hér verði herstöðvar áfram, og b) að herinn verði látinn fara og hernaðarmannvirkin gerð ónothæf. Í trausti þess, að ríkisstj. verði við þessari ósk, að hún láti hraða athugunum eftir föngum og leggi síðan fyrir Alþingi till. sínar ásamt grg., þar sem nefndur samanburður kemur fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er aðaltill. minni hl. heilbr.- og félmn. Fari svo, að þessi till. verði ekki samþ., hef ég til vara borið fram nokkrar brtt. við frv. í einstökum atriðum, og ég vil nú leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum.

Þetta frv. virðist satt að segja ekki vel úr garði gert. Þetta frv. er ekki mikið unnið. Það er kastað til þess höndunum. Fyrirmynd þessa frv. er sótt í ákveðna átt, aðeins til eins lands, og lausn þessara mála annaðhvort ekki athuguð í öðrum löndum eða ekkert tillit til hennar tekið. Það, sem einkennir þetta frv. sérstaklega, er, hve mjög er gengið á persónulegt frelsi landsmanna með ýmsum ákvæðum þess. Það er ekki aðeins, að það sé gert að borgaralegri skyldu að starfa í þágu almannavarna, það læt ég allt vera, heldur er á margan annan hátt og í ýmsum greinum frv. gengið inn á helgan rétt borgarans fram yfir það, sem mér þykir góðu hófi gegna. Í Noregi munu samsvarandi lög vera nokkuð svipuð og þetta frv. Aftur á móti í Danmörku eru þau allt öðruvísi. Mér er tjáð af sjálfum forstöðumanni almannavarna hér, að þar sé það ekki borgaraleg skylda að gegna án endurgjalds starfi í þjónustu almannavarna, þau störf séu unnin af sjálfboðaliðum. En um þetta atriði geri ég samt ekki ágreining. Það eru nokkur önnur atriði, sem ég legg til að gerð verði breyting á.

Í 7. gr. segir: „Ráðstafanir til almannavarna samkv. 10. gr. skal hefja þar, sem ríkisstj. ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn og sýslunefnd." Hér er hlutunum snúið við frá því, sem nú er í gildi. Í gildandi lögum er það sveitarstjórnarinnar að ákveða ráðstafanir til almannavarna í samráði við ríkisstj. En nú skal ríkisstj. ákveða þær í samráði við sveitarstjórnirnar. Ég tel hér vera of langt gengið í þessu efni, sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna skertur um of. Við skulum aðeins minnast þess, að sveitarfélögin eiga svo sannarlega að fara að taka þátt í kostnaði við almannavarnir. Og hvers vegna skyldu þau þá ekkert hafa um það að segja, í hvaða framkvæmdir ráðizt verður í þessum efnum? Vitanlega á hvert einasta sveitarfélag að hafa sitt að segja um það. Því legg ég til, að þetta ákvæði verði orðað á þann hátt, að ráðstafanir til almannavarna skuli hefja þar, sem ríkisstj. ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar. Ég vara einnig við því, sem í þessari breytingu felst,

eins og hún er í frv., að ganga um of á rétt sveitarfélaganna. Það hefur alltaf verið tilhneiging hjá ríkisstj. að gera þetta, en þetta er varhugavert. Sjálfstæði sveitarfélaganna er mjög mikilsvert atriði í lýðfrjálsu landi. Og það á ekki að gera mikið að því að taka réttinn af sveitarfélögunum og leggja undir ríkisvaldið. Ríkisvaldið er nógu sterkt fyrir því.

Í 9. gr. er um það rætt, hvað almannavarnanefndum skuli falið að gera, en almannavarnanefndir skulu vera í hverju sveitarfélagi. Meðal þess, sem almannavarnanefnd er ætlað að gera, er að hafa eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og vera til leiðbeininga á því sviði. Það er eins og ég sagði áðan, það er nokkuð langt gengið í afskiptaseminni í þessu frv. Nú á almannavarnanefnd að hafa eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum. Hér er einnig of langt gengið. Það á ekki að veita hinum og þessum mönnum, sem fyrir einhverjar sakir veljast í almannavarnanefnd, rétt til að vaða inn í íbúðir manna til eftirlits. Þetta eru engir embættismenn hins opinbera í raun og veru og verða aldrei. Hér er of langt gengið, og ég legg til, að því verði alveg sleppt úr gr., að almannavarnanefndir skuli hafa eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum. Þær geta þá eftir sem áður haft eftirlit með einkavörnum atvinnufyrirtækja og stofnana. Það er fyrir sig.

Þriðja aths., sem ég vil gera, snertir 10. gr. frv. Þar segir, að það skuli vera borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna án endurgjalds starfi í þágu almannavarna í því umdæmi, þar sem þeir dveljast. Það er borgaraleg skylda að gegna störfum í þágu almannavarna, skylda allra á aldrinum 18—65 ára. Þetta er alveg furðulegt ákvæði. Menn eiga fram á elliár að vera skyldugir til þess að gegna störfum í þágu almannavarna, jafnvel menn yfir 65 ára eiga að fá að gera þetta, ef þeir óska þess sjálfir. Ef elliær gamalmenni koma, skal þeim veittur réttur til starfa í þágu almannavarna.

Hér er allt of langt gengið, vegna þess að eins og 9. gr. ber með sér, er um að ræða mjög erfið líkamleg störf innan um og saman við. Á að fela það sextugum eða 65 ára manni? Það nær engri átt. Ég vil láta lækka þessa herskyldu ofan í a. m. k. 40 eða 45 ár. Það er það minnsta. Og ég er satt að segja mjög hissa á þessu aldurshámarki og þætti fróðlegt að heyra, hvaðan þetta kæmi.

Fjórða brtt. mín snertir 13. gr. Þar er ákvæði um það, að ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, skuli hann eiga rétt á bótum. Þetta er sanngjarnt. Ég geri engar aths. við það, en vildi aðeins bæta við einum málslið þess efnis, að sá maður, sem sannanlega verður fyrir tekjumissi vegna undirbúningsstarfa í þágu almannavarna, skuli fá það tap bætt. Það mætti orða það eitthvað á þessa leið: „Sömuleiðis á hann rétt til bóta, ef hann verður fyrir tekjumissi vegna undirbúningsstarfa í þágu almannavarna.“ Við skulum hugsa okkur verkamann, sem vinnur tímavinnu frá kl. 8 á morgnana til 6—7 á kvöldin. Hann er síðdegis kallaður til starfa í þágu almannavarna og verður að yfirgefa sína tímavinnu. Hann missir laun sín um leið. Þetta verður að bæta þessum manni upp að sjálfsögðu.

Í 21. gr. er rætt um brottflutning af hættusvæði, og þar segir, að eftir að ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um slíkan brottflutning, skuli öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytjast á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður, enn fremur, að enginn megi hreyfa sig úr stað, þar sem hann hefur verið settur, nema að fengnu leyfi. Hér er enn eitt ákvæði, sem sýnir tillitsleysi til réttar og frelsis einstaklingsins. Hver einasti maður, sem um það fær skipun að flytja brott úr átthögum sínum, frá heimili sínu á hættustundu, hann skal gera það, að viðlagðri refsingu samkv. lögum, ef hann óhlýðnast. Hér er allt of langt gengið. Ef ríkisstj. væri alvitur forsjón, væri öðru máli að gegna. En þegar til þess kæmi að gefa fyrirskipun um brottflutning fólks í stórum stíl vegna yfirvofandi hættu eða áskollinnar styrjaldar, þá er hér um svo vandamikið mál að ræða og vafasamar ráðstafanir, að það er ekki hægt að skylda nokkurn borgara til að fara eftir þeim. Það er hægt að gefa fólki kost á því, en ekki heldur meir.

Þegar ríkisstj. tæki ákvörðun um brottflutning fólks af hættusvæði, er hún vitanlega að gera það í beztu meiningu og að beztu manna yfirsýn. En allt þetta gæti brugðizt. Allir útreikningar gætu brugðizt, og það gæti svo farið, að þeir, sem flyttu brott, lentu í mestu hættunni, lentu jafnvel í mestu hörmungunum, en þeir, sem sætu kyrrir, slyppu. Svo óútreiknanlegir eru þessir hlutir, eins og okkur öllum er ljóst. Þess vegna nær engri átt að skylda einstaklingana. Hitt er jafnsjálfsagt að gefa þeim kost á því. Gamalt fólk, lasburða, getur óskað eftir því, að það fái að vera kyrrt, fái að deyja á heimili sínu. Það er ekkert við því að segja, það á að leyfa það. Það getur líka kostað lasburða fólk lífið að flytjast á slíkri stundu burt. Þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem mér finnst vera feikilega vanhugsuð í þessu máli.

Þá er það loks síðasta brtt. mín, en hún snertir 24. gr. Þar segir, að ákveða megi með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laganna, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerð kveður á um.

Hér gildir það sama, þótt í öðru efni sé. Það er gengið of langt í því að skuldbinda einstaklingana eða gefa ríkisstj. rétt til þess að skuldbinda einstaklingana. Hlutur eins og þessi, hvort húsbyggjandi byggir sér öryggisbyrgi í húsi sínu eða ekki, á að vera algerlega á hans valdi og hans eins. Ríkisvaldið á ekkert að hafa með þetta að gera og ekk-

ert að skipta sér af því annað en að gefa viðkomandi manni leiðbeiningar, ef hann óskar þess. Og ég vil benda á, að í því góða landi, Bandaríkjunum, er þetta gert. Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í ræðu í nóvember 1961, fyrir einu ári, að stjórn hans mundi ekki gera kröfur um slíkt, mundi ekki gera kröfur til húsbyggjenda eða einstaklinga, að þeir kæmu sér upp öryggisbyrgjum. Þetta hefur líka mikinn kostnað í för með sér. Það er áætlað, að slíkt byrgi hér í Reykjavík fyrir eina meðalstóra íbúð mundi kosta 20—30 þús. kr. Og það er skildingur ofan á allan annan byggingarkostnað. Þetta ætti að nema í burtu úr frv., svo framarlega sem það verður samþ. á annað borð á þingi að þessu sinni. En eins og ég tók fram, legg ég til, að það verði ekki gert, heldur að því verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar og endurskoðunar.

Ég lýk svo máli mínu, en vil endurtaka það, að ég er ákaflega hissa á vinnubrögðunum við samningu þessa frv. Þetta er hroðvirkni að sækja fyrirmyndina í eina einustu átt, láta einn einasta erlendan hershöfðingja ákveða hlutina fyrir okkur í okkar landi. Frv. ber þetta með sér. Hér er allt undir heraga ríkisstj. Þetta er illt. Og ég víti harðlega þau vinnubrögð.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef fallizt á að mæla með frv. þessu í aðalatriðum, af því að ég tel það stefna í rétta átt. Þó að við hér úti á Íslandi eigum bágt með að trúa því, að til þess háttar styrjaldar dragi, að friðsömum almenningi hér verði af lífshætta búin, er ekki skynsamlegt að fulltreysta því. Þó að atómstyrjöld væri vissulega fullkomin vitfirring, er framleiðsla atómvopnanna staðreynd, sem ber vitni um, að vitfirringin býr um sig, hvort sem hún brýzt út eða ekki í styrjöld, og hvert sem litið er búast þjóðir um til að verjast eftir föngum slíkum eyðingarmætti. Hví skyldum við ekki líka reyna að gera það?

Ég játa hiklaust, að ég ber ekki skyn á, hvaða varnir mættu helzt að gagni koma fyrir almenning hérlendis, ef til stórfelldrar styrjaldar kæmi, er heilsuvá og lífsháska leiddi yfir land okkar. Um þekkingu á því sviði erum við sennilega flest, er sæti eigum á Alþingi, líkt á vegi stödd. Hins vegar hefur þetta frv. um almenningsvarnir verið samið af mönnum, sem falið var hvort tveggja að kynna sér fræðilega, hvað um er að ræða í þessum efnum, og leita upplýsinga um það, sem aðrar þjóðir gera helzt til almannavarna hjá sér og okkur gæti hentað til fyrirmyndar. Ég tortryggi ekki sérstaklega þessa menn um að hafa ekki gert sitt bezta við samningu frv. Ég mæli með frv. í trausti þess, að tillögur þeirra, að því er veit að hinum fræðilegri og flóknari hliðum þessara mála, hafi verið vandlega hugsaðar af þeim eftir föngum og það vel, að um þær verði a. m. k. varla bætt af alþm., sem enga sérþekkingu hafa á þessum málum eða aðstöðu til að afla sér slíkrar þekkingar. Í mörgum atriðum, jafnvel flestum, er vitanlega mest undir framkvæmd laganna komið, að hún verði í höndum þeirra, sem eiga að stjórna, skynsamleg og hvorki kák né öfgaverk. Af þeirri ástæðu flyt ég á þskj. 158 tvær brtt.

Sú fyrri er við 7. gr., um, að þar sem ríkisstj. ákveður, að hefja skuli varnarráðstafanir skv. 9. gr., skuli þær gerðar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Ég tel ekki nægilegt, að ríkisstj. leiti aðeins samráðs við sveitarstjórnina og ráði athöfnum, ef ágreiningur verður. Ég tel, að samþykki sveitarstjórnarinnar eigi að þurfa að koma til. Ég tel, að ekki megi minna vera en stjórn sveitarinnar hafi neitunarvald á umráðasvæði sínu í þessum efnum. Ég tel það fyrst og fremst stjórnskipulega rétt, og þar að auki álít ég það skynsamlegra málefnanna vegna, að sveitarstjórnin hafi þennan rétt, af því að hún hlýtur venjulega að vera kunnugri í sinni byggð en sá eða þeir, sem koma fram f. h. ríkisstjórnarinnar. Ekki væri undarlegt, þó að skelfing gripi um sig í þéttbýlinu eins og hér, þar sem stjórnarstöðvar varnarmálanna eru ef sýnt þætti t. d., að yfir vofði atómstyrjöld. Og þá mætti vel hugsa sér, að nokkuð fljótfærnislegar og fumkenndar kynnu að verða fyrirskipanir, er gefnar yrðu frá þessum stöðvum, t. d. vestur til Ísafjarðar, norður til Akureyrar, austur til Seyðisfjarðar eða til annarra fjarlægra staða, og í þeim öfgar, sem heimamenn kynnu betur að meta. Ég held, að þá mundi verða bæði sanngjarnara og heilbrigðara, að sveitarstjórn viðkomandi staðar yrði að gjalda samþykki sitt til framkvæmdanna. Ég held, að með því yrðu ráðstafanirnar betur og rólegar athugaðar. Auk þess ber á það að líta, að sveitarstjórnum ber að greiða 1/3 og stundum helming af meginkostnaði á hverjum stað, sbr. 25. gr. frv. Ég tel þannig, að öll meginrök hnígi að því, að eðlilegt sé og skylt að áskilja í lögum þessum hlutaðeigandi sveitarstjórnum það vald, sem felst í því, að samþykki þeirra þurfi til meiri háttar ráðstafana á hverjum stað. Ég geri ráð fyrir, að einhver haldi því fram, að bezt muni til að tryggja tafarlausar aðgerðir, að ríkisstj. eða fulltrúar hennar ráði aðgerðum, og þyki, eins og höfundum frv., nóg, að þeim verði gert skylt að hafa samráð við sveitarstjórnir. Ég hef ekki trú á því, að það þurfi að tefja, þótt samþykki sveitarstjórnar sé áskilið. Sveitarstjórnir munu engu síður verða ábyrgar í framkvæmdum þessum en toppmennirnir, ef til kemur, og ekki hafa tilhneigingu til að valda slysum heima fyrir hjá sér með töfum. Ég tel þess vegna rangt að víkja sveitarstjórnum til hliðar, eins og frv. ætlast til. Ég er á móti einræði á þessu sviði.

Önnur brtt. mín er sama eðlis og sú fyrri. Hún er um, að borgarstjórn Rvíkur ráði því sjálf, hvort eða hvenær hún skipar almannavarnanefndinni hjá sér sérstakan framkvæmdastjóra. Legg ég til, að beinni skipun verði þarna breytt í heimild.

Frv. þetta var á síðasta þingi sent Sambandi íslenzkra sveitarfélaga til umsagnar. Fulltrúaráð sveitarfélaganna mælti með frv., en tók fram jafnframt, að það treysti því, að ríkisstj. hafi nána samvinnu við sveitarstjórnir, ef stofna skal til ráðstafana á kostnað sveitarsjóðanna. Þessar brtt. mínar báðar eru í anda meðmæla fulltrúaráðs sveitarfélaganna og fyrirvarans, sem fulltrúaráðið hafði. Mér finnst þess vegna eðlilegt, að hv. þdm. fallist á tillögurnar.

Minni hl. hv. heilbr.- og félmn. hefur lagt fram till. og gert grein fyrir þeim. Ég get ekki fallizt á aðaltill., dagskrártill. Ég tel, að varnarliðsmálið sé annað mál. Varnarliðið er hér samkv. samningi, sem hefur sinn tímabundna fyrirvara. Mér virðist dagskrártill. byggð á trúnni á, að algert hlutleysi bægi öllum hættum frá. Ég hef ekki þá trú. Málin eru ekki svo einföld, því miður. Stríðsæði, ef af stað fer, virðir ekki hlutleysi, því miður. Um varatill. get ég að sjálfsögðu sagt það, að fyrsta till. er samhljóða fyrri till. minni, og er ég henni fullkomlega samþykkur. Um aðrar till. er það að segja, að ég sé ekki ástæðu til að styðja þær.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frsm. hafa nú gert grein fyrir till. sínum. Ég vil þá fyrst víkja nokkrum orðum að till. hv. 1. þm. Norðurl. e. Hann flytur á þskj. 158 brtt. við frv.

Um fyrri brtt., sem er við 2. mgr. 7. gr. frv., vil ég segja þetta: Frv. byggist á því, að almannavarnir varði hagsmuni allra landsmanna, en séu ekki sérmál einstakra sveitarfélaga, og því er ríkisstj. samkv. frv. ætlað að hafa frumkvæði og forustu um almannavarnir í landinu og m. a. að samræma aðgerðir einstakra sveitarfélaga eftir því, sem þörf þykir á. Og í 7. gr. frv. er beinlínis tekið fram, að ríkisstj. skuli hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir, áður en ákvörðun er tekin um að hefja ráðstafanir til almannavarna. Ég skil vel, að hv. 1. þm. Norðurl e., sem á sér langan feril í sveitarstjórnarmálum og þekkir m. a. það, hvert viðfangsefni sveitarstjórnum eru að öllum jafnaði fjármálin, vilji fara að öllu með gát, þegar um er að ræða annars vegar fjárútlát fyrir sveitarfélögin. Ég held nú, að í þessu sambandi hljótum við að geta orðið sammála um það, að ætla megi, að það, að ríkissjóði sé ætlað samkv. frv. að bera bróðurpartinn af útgjöldum við almannavarnir, ætti að veita ríkisstj. á hverjum tíma sterkt aðhald um að gæta varúðar í öllum kröfum um tilkostnað, innan þeirra marka að sjálfsögðu, sem talið er að nauðsyn krefji. Í grg. með frv. er m. a. vikið að því, að það geti reynzt nauðsynlegt, að hafizt verði handa um sérstakar öryggisráðstafanir í öllum landshlutum, og naumast verði til þess ætlazt, að sveitarstjórnir hafi hver um sig aðstöðu til þess að meta, hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi. Það að setja sveitarfélögum algerlega í sjálfsvald, hvort þau hafa uppi ráðstafanir til almannavarna, snertir ekki eingöngu íbúa þess sveitarfélags, heldur getur það orðið til verulegs óhagræðis og truflana beinlínis fyrir almannavarnir nágrannasveita. Hv. þm. sagði, að það væri ekki ástæða til þess að ætla, að sveitarstjórnir sýndu minni ábyrgðartilfinningu í sambandi við almannavarnir heldur en ríkisstj. hefðu til að bera. Það er auðvitað enginn kominn til þess að segja það, að ekki gætu fyrirfundizt þær sveitarstjórnir, sem vildu ekki sinna slíkum málum. Það er hugsanlegur möguleiki, og við vitum a. m. k., að það hefur komið í ljós í umr. um almannavarnir, að það er til fólk, sem vill, að sem minnst sé að gert í þeim efnum eða ekkert. Og slíkt fólk getur auðvitað bæði setið í sveitarstjórnum og ríkisstjórnum. En ef á að byggja upp almannavarnakerfi fyrir landið í heild, heildarkerfi fyrir landið, þá er það óneitanlega nokkurt gat í löggjöf um slíkt, ef á að vera algerlega á sjálfsvaldi sveitarstjórnanna, hvort þær vilja vera með í uppbyggingu slíks kerfis, ef til kemur.

Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um áðan, var frv. í fyrravor sent til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Umsögn fulltrúafundar sambandsins, sem samþ. var einróma, er prentuð sem fskj. með nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. Nd., en fundurinn lýsti stuðningi við frv., og hann lagði ekki til breytingu í þá átt, sem hér er lagt til. En eins og einnig kom fram hjá hv. þm., lagði fundurinn hins vegar áherzlu á það, að ríkisstj. hefði náið samráð við sveitarstjórnir, áður en ákveðið yrði, að þær skyldu hefja ráðstafanir til almannavarna. Að þessu athuguðu verður ekki hægt að fallast á brtt. þessa. Og ég held, að það sé rétt, að í nágrannalöndum okkar, sem hafa almannavarnakerfi áþekkt því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., muni ekki vera algerlega undir geðþótta sveitarfélaganna komið, hvort þau vilja hafa með höndum almannavarnir eða ekki.

Síðari brtt. hv. þm. er sú, að í stað þess, að samkv. frv. á borgarstjórn Reykjavíkur að skipa almannavarnanefndinni þar sérstakan framkvæmdastjóra, verði aðeins um að ræða heimild til handa borgarstjórn til að gera það. Það má öllum ljóst vera, að með því hlutverki, sem almannavarnanefndum er ætlað samkv. frv., hlýtur starf n. hér í Reykjavík að vera svo umsvifamikið, að engum er ætlandi að hafa framkvæmdastjórn á hendi í hjáverkum. Það má að vísu segja, að það skaði ekki, þótt eingöngu sé um heimild að ræða, því að hún verði hvort sem er notuð, meðan ábyrgur meiri hl., sem telur sér skylt að sinna öryggismálum borgarbúa, ef til hernaðarátaka kynni að koma, fer með stjórn á málefnum borgarinnar. Í umr. í Nd. kom fram, að þetta atriði hafði verið sérstaklega rætt í heilbr.- og félmn. þeirrar hv. þd., og var meiri hl. n. andvígur þessari breytingu, sem mundi að vissu leyti draga úr þeirri áherzlu, sem á

það er lögð, að störfum almannavarnanefndar sé sinnt eins og til er ætlazt samkv. frv. Með tilliti til þessa svo og þess, að ákvæði frv. þetta varðandi er í fullu samræmi við það, sem vitað er að hlýtur að útheimtast, verður ekki heldur á þessa brtt. fallizt.

Þegar frv. var til 1. umr. hér í þessari hv. þd., flutti hv. 9. þm. Reykv. alllangt mál, án þess þó að tjá sig um afstöðu sína til frv., kvað ekki vera hægt til þess að ætlast, að hann tæki beinharða — ég held, að hann hafi orðað það þannig — afstöðu á stundinni til svo mikils máls. Hv. þm. hafði að vísu haft tíma til þess að móta sér skoðun um málið allt síðan í vor, þegar frv. var fyrst lagt fram hér á Alþingi. Nú hefur hv. þm. tekið sína væntanlega beinhörðu afstöðu og skilað nál. og till., sem hann hefur gert grein fyrir. Hann kom víða við í þeim ræðum, sem hann flutti hér við 1. umr. málsins, og kom aftur að ýmsu því sama í ræðu þeirri, sem hann flutti hér áðan. Ég get ekki verið að elta ólar við allt það, sem hv. þm. sagði, en þó vil ég benda á eitt. Hann talaði um, að í Danmörku væru störf óbreyttra borgara í þágu almannavarna sjálfboðavinna. Ég vil benda honum á, að í grg. með frv. er beinlínis frá því sagt, að í Danmörku sé meira reiknað með sjálfboðaliðum, en til öryggis sé ákveðinn hluti þeirra manna, sem kvaddir eru til herþjónustu á hverjum tíma, skipaður til starfs í þágu almannavarna og þeir fái sérstaka þjálfun í hinum ýmsu greinum líknar- og björgunarstarfa allan sinn herskyldutíma. Þetta hefði hv. þm. átt að láta fylgja með, því að það má öllum vera ljóst, að þetta er atriði, sem gerir mjög mikinn mun.

Túlkun hv. þm. á ýmsum ákvæðum frv. virðist vera — fljótfærnisleg er of vægt að orði kveðið, en hún er a. m. k. ekki slík, að það sé verið að eltast við að fylgja sannleikanum eða réttu máli nákvæmlega. Hann segir t. d., þegar hann talar um, að aldursmark sé sett allt of hátt, aldursmark fyrir því, að kveðja megi menn til að gegna störfum í þágu almannavarna, og síðan sagði hann: Og jafnvel ef elliær gamalmenni, sem orðin eru meira en 65 ára, koma og vilja starfa við almannavarnir, þá skal veita þeim þann rétt. — Í frv. stendur í 2. mgr. 10. gr.: „Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir."

Aðaltill. hv. 9. þm. Reykv. er sú að slá málinu á frest með rökstuddri dagskrá, en til vara flytur hann brtt. við frv. Eins og fram kemur í nál., lætur hv. þm. frv. verða sér tilefni til að halda á loft þeirri skoðun sinni, eins og hann hefur reyndar oft gert áður við önnur tækifæri, að Íslendingum beri að segja sig úr varnarbandalagi vestrænna þjóða. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram, að þar erum við hv. þm. á öndverðum meiði. En um sjálfa dagskrártill. vil ég segja það, að hún er á misskilningi byggð. Undirbúningur þessa máls svo og frv. miðast við það, að Ísland er hernaðarlega mikilvægt vegna hnattstöðu sinnar, hvað sem líður varnarliði eða ekki varnarliði. Og það er staðreynd, sem ekki tjóar fyrir okkur annað en horfast í augu við.

Ég legg því til, að dagskrártill. verði felld, enda miðar hún eins og fleira hjá hv. þm. að því að drepa málinu á dreif, án þess að hann beint treysti sér til þess að ganga á móti því.

1. brtt. hv. 9. þm. Reykv. er samhljóða þeirri brtt., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. flytur við 2. mgr. 7. gr. frv. Ég hef ekki ástæðu til að ætla, að fyrir hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi vakað annað en varfærni í hugsanlegum fjárútlátum sveitarfélaganna og það að standa á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna. En um hv. 9. þm. Reykv. hlýt ég að álíta nokkuð annað. Hv. þm. hefur hvað eftir annað sem bæjarfulltrúi í Reykjavík haft tækifæri til að láta uppi hug sinn til almannavarna við atkvgr. í bæjarstjórn um fjárveitingu til ráðstafana vegna ófriðarhættu, þ. e. a. s. fjárveitingar þær, sem loftvarnanefnd fékk til ráðstöfunar. Eftir að hann sneri baki við sínum gamla flokki, Alþfl., og gerðist dyggur fylgisveinn kommúnistanna í bæjarstjórn, þá held ég, — og hann leiðréttir mig þá, ef ég fer þar ekki rétt með, — ég held, að hann hafi eftir það aldrei gengið á móti þessum bandamönnum sínum við atkvgr. um þennan lið á fjárhagsáætlun. En sósialistar hafa allt síðan árið 1953 greitt atkv. gegn þessari fjárveitingu og flest árin flutt sérstaka till. um, að liðurinn verði felldur niður. Og samherjar hv. þm. í borgarstjórn hafa löngum reynt að gera starf loftvarnanefndar tortryggilegt í augum almennings, kallað það kák og m. a. skrípaleik, sem vinstri stjórnin hafi neitað að taka þátt í því og fellt niður af fjárlögum fjárveitingar til ráðstafana vegna ófriðarhættu. Það keyrði þó um þverbak við bæjarstjórnarkosningarnar 1958, þegar einn ræðumaður Alþb. í útvarpsumr. fyrir kosningarnar bar meðlimi loftvarnanefndar og framkvstj. n. slíkum ærumeiðingum og brigzlum, m. a. um misnotkun á því fé, sem n. hafði til ráðstöfunar, að úr því varð dómstólamál, og var þessi ræðumaður dæmdur í sektir og ummæli hans dæmd dauð og ómerk.

Við 1. umr. þessa máls hér í d. kvaðst hv. þm. engan þátt hafa átt í því að ala á tortryggni í garð loftvarnanefndar. Ég held nú, að það sé erfitt fyrir hann að sleppa við, að á hann falli blettur af framferði samherja hans í garð loftvarnanefndar. Eftir að fellt hafði verið niður á fjárlögum framlag til loftvarnarnefndar, hélt þó Reykjavíkurbær áfram óbreyttri fjárveitingu um skeið. En þegar sýnt var, að fjárveitingin yrði ekki aftur tekin upp á fjárlög, lækkaði Reykjavík framlag sitt, svo að það miðaðist við nauðsynlegt viðhald og vörzlu þeirra verðmæta, sem n. hafði undir höndum. Þegar svo var komið, flutti hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason bæjarfull-

trúi, till. um það í bæjarstjórninni í nóvember 1958, að loftvarnanefnd yrði leyst frá störfum, þar sem n. sem heild mundi ekki vera starfandi lengur. Þar með skyldi rekið smiðshöggið á það verk, sem hann og samherjar hans höfðu unnið dyggilega að í bæjarstjórninni og á Alþingi. Svo kemur þessi sami hv. þm. og lýsir því yfir hér á dögunum, að hann telji, að ámælisvert sleifarlag hafi verið á almannavörnum hér á landi á undanförnum árum þrátt fyrir uggvænlegt ástand í heiminum. Ég verð að segja, að ég er hrædd um, að heilindin séu vandfundin í slíkum málflutningi.

Þessari 1. brtt. hv. þm. hef ég þegar lýst mig mótfallna.

2. brtt. á þskj. 162 er um það, að orðið „íbúðarhúsum" í 3. tölul. 9. gr. falli niður. Þessi grein stendur m. a. í sambandi við 6. brtt. á sama þskj., en hún er um það, að niður falli 24. gr. frv. Ef ætlazt er til þess, eins og gert er í frv., að menn viðhafi einkavarnir í íbúðarhúsum, er ekki nema eðlilegt, að eitthvert eftirlit sé með því, að slíku sé framfylgt. Hv. þm. talar um, að heimilið sé friðhelgt og það eigi ekki að leyfa mönnum að vaða þar inn, til þess, — ég man nú ekki, hvernig hann orðaði það, — og heimilin eigi að vera laus við rask og rekistefnu þessara nefnda, sem skipaðar verða svo til af handahófi. Ég held nú, að það sé engin ástæða fyrir hv. þm. til þess að verða hræddur um, að þetta ákvæði þurfi að vera til þess að spilla heimilishelgi. Ég er hrædd um, eins og einhver hafði á orði í n., þegar við vorum þar á fundi, að hv. þm. hafi í huga allt önnur lönd, ríki, þar sem þegnarnir geti átt von á heimsóknum á nóttu sem degi og það heimsóknum, sem eru töluvert óþægilegri en það, ef ætti að líta eftir því, hvort einkaalmannavarnir væru í lagi í íbúðarhúsum. Þessari brtt. á þskj. 162 er ég einnig andvíg.

Þá kemur næst brtt. við 10. gr., að aldursmark sé lækkað úr 65 niður í 45 ára aldur. Þetta aldursmark mun vera nokkurn veginn í samræmi við það, sem tíðkast í okkar nágrannalöndum. Hv. þm. taldi, að mönnum væri ofboðið, einkum mönnum, sem væntanlega eru komnir yfir 45 ára aldur, með því að kveðja þá til starfa í þágu almannavarna, vegna þess að þau störf mundu að öðrum þræði vera líkamlega erfið. Ég geri ráð fyrir því, að ýmis af þeim störfum geti orðið líkamlega erfið, en hitt held ég, að sé mjög líklegt, að ýmis þeirra séu það ekki, ýmis þeirra útheimti aftur reynslu eða kunnáttu á einhverjum sviðum, og ég sé ekki neina ástæðu til að fara að lækka þetta aldursmark.

Þá vildi hv. þm. láta fella burt 2. mgr. 10. gr., þar sem er heimildin til þess að kveðja menn til starfa, sem falla utan þess ramma, utan þeirra aldursmarka, sem tiltekin eru í 1. mgr. Þarna er eingöngu um að ræða heimild, þótt hv. þm. léti nokkuð í annað skína í ræðu sinni áðan, og ég sé enga ástæðu til, að þessi mgr. fái ekki að standa áfram í frv., og legg því á móti brtt.

4. brtt. á þskj. 162 er um það, að menn skuli eiga rétt til bóta, ef þeir verða fyrir tekjumissi vegna undirbúningsstarfa í þágu almannavarna. Þessari brtt. er ég einnig andvíg. Ef það á að vera borgaraleg skylda að gegna þessum störfum, þá held ég, að það verði að ganga út frá því, að það skuli gert án endurgjalds, eins og í fleiri tilvikum, sem mönnum er gert að taka á sig vissar kvaðir.

5. brtt. er um, að 21. gr. falli burt. Það er um þá grein að segja, að þegar á annað borð er ráð fyrir því gert í frv., að efnt sé til brottflutnings fólks af hugsanlegum hættusvæðum, þá verður þó að vera hægt að skipuleggja það þannig, að ekki leiði til ýmiss konar árekstra og óþæginda og truflana, og ég held, að 21. gr. eigi því ekki að fella niður úr frv. Ég veit ekki, hvort það er ástæða til að ætla, að henni verði beitt af slíkri hörku, að hún leiði til hreinnar ósanngirni. Ég er því andvíg þessari brtt. hv. þm.

6. brtt. hans er um, að 24. gr. falli burt. Í þeirri gr. felst heimild til þess að ákveða, að í húsum af tiltekinni stærð, sem byggð eru eftir að lögin taki gildi, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Þetta er nýmæli. En eins og fram kemur í aths. eða skýringum við gr., munu samsvarandi ákvæði hafa gilt um árabil í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, og þar eru þau miðuð við fjölbýlishús og 10 manna vinnustaði og fjölmennari. Í fskj. III, sem frv. fylgir, er áætlað, að kostnaður við að koma upp þeim byrgjum, sem þar um ræðir, nemi 1—2% af byggingarverði hússins. Á því hef ég enga sérþekkingu eða aðstöðu til að kveða upp neinn úrskurð um það, hve réttmætt sé það mat. Ég heyrði, að hv. þm. var hér áðan með allt aðrar tölur. Ég veit ekki heldur, á hverju hann hefur byggt þær. En ég er andvíg þessari brtt. og tel, að 24. gr. eigi fyllsta rétt á sér og hana eigi ekki að nema burt úr frv.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í ræðum hv. frsm., sem ég hef ástæðu til að svara.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í þessu frv. er svo fyrir mælt, að gerðar skuli margs konar ráðstafanir til þess að vernda líf og heilsu Íslendinga vegna hugsanlegra hernaðaraðgerða. Hér er um allverulegar breytingar að ræða frá gildandi löggjöf um almannavarnir.

Svo mikið er búið að tala og rita um hugsanlega styrjöld milli stórvelda heimsins, að það leikur víst ekki á tveimur tungum, að slíkur hildarleikur verði kjarnorkustyrjöld. Sjálfsagt getum við Íslendingar ekki gert okkur neina grein fyrir því, hvað kjarnorkustyrjöld er, en þeir, sem meira vita, kalla það gereyðingarstyrjöld. Hvort nokkrar varnir koma að liði og þ. á m. þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., það vitum við ekkert um. En ég tel þó sjálfsagt og að ekki geti verið skiptar

skoðanir um, að það beri að bjarga því, sem bjargað verður, hversu lítið sem það er. Og með tilliti til þess vil ég styðja að því, að þetta frv. verði samþ., og mun greiða því atkv.

Hitt á ég erfitt með að skilja, hversu sáralitlu fé á að verja til þessara varna á næsta ári. Eins og hv. þm. er kunnugt, er lagt til í fjárlfrv., að 1 millj. kr. eigi að verja í þessu skyni á næsta ári. Mér virðist, að sú upphæð muni ekki hrökkva fyrir meira en fremur lítilli skrifstofu, og ekki bjargar hún neinum ein út af fyrir sig.

Það hafa miklar umr. orðið um þetta mál í hv. Nd., og er það ekki óeðlilegt. M. a. hefur þar borið á góma hinn erlenda her á Keflavíkurflugvelli. Það er kunnugt, að mikil andstaða hefur verið frá upphafi hér innanlands gegn erlendri hersetu, og mun svo sjálfsagt verða, meðan hún er við lýði. Þeir, sem andvígir henni eru, hafa sýnt fram á, að erlendur her í landinu er þjóðinni á marga vegu viðsjárverður og hættulegur. Hættan af erlendri hersetu í landinu er fyrst og fremst hin menningarlega og þjóðernislega hætta. En svo kemur til sú líkamlega hætta, sem kann af þessari hersetu að stafa á styrjaldartímum. Hin menningarlega hætta liggur fyrst og fremst í sífelldum samskiptum og sambúð við hinn erlenda her, ekki síst æskufólks. Þar má nefna hermannaútvarp, sem glymur daglega á íslenzkum heimilum um land allt. Hún liggur í áhrifum frá erlendu hermannasjónvarpi, því eina sjónvarpi, sem starfrækt er á Íslandi og nú nær sífellt til fleiri og fleiri manna í þéttbýlasta hluta landsins. Meðvitundin um áframhaldandi hersetu í landinu og sífelld samskipti við hinn erlenda her verður í huga æskufólksins sem sjálfsagður og eðlilegur þáttur í daglegu lífi og sljóvgar hæfileikann til að skilja, hvað er íslenzkt og hvað er ekki íslenzkt. En jafnframt þessu vex æskulýðurinn upp við það að sjá og heyra daglega þær kenningar, að þessir erlendu hermenn séu skjól og skjöldur landsmanna, sem verji líf þeirra og limi og skapi þjóðinni frið og öryggi. Allt þetta og margt fleira örvar þá tilfinningu unga fólksins, að til erlendrar hersetu verði það að sækja þau andlegu verðmæti, sem þjóðin er ekki megnug að veita því. Gegn öllu þessu og mörgu fleira af sama tagi hafa málsvarar erlendrar hersetu í landinu venjulegast þau svör, að allt þetta geti Íslendingar sjálfir forðazt, ef þeir bara vilji. Engum af þessum áhrifum sé þröngvað upp á neinn, enginn sé tilneyddur að hlusta á hermannaútvarp né horfa á hermannasjónvarp, engum sé skipað að sækja gleðisamkomur á Keflavíkurflugvelli, þótt honum sé þangað boðið. Ef hér sé eitthvað viðsjárvert á ferðinni fyrir íslenzk ungmenni, þá sé það þeirra sjálfra að gæta sín. En við hinn erlenda her sé ekki um neitt að sakast.

Ef þessi svör væru á rökum reist, mætti með sama rétti segja, að neyzla deyfilyfja sé alveg saklaus og skaðlaus. Enginn þyrfti að neyta þeirra, ef hann vildi það ekki sjálfur. Það væri því sök neytandans, ef tjón hlytist af neyzlunni, en ekki lyfjanna. Sjálf deyfilyfin ættu enga sök á því tjóni, er af þeim hlytist. En þrátt fyrir þetta eru menn samt sammála um, að engum skuli heimilað að leyfa neyzlu deyfilyfja nema sérfræðingum og það leyfi skuli vera háð ströngu eftirliti heilbrigðisyfirvaldanna. Þau svör, sem ég nefndi og málsvörum hersetunnar eru tiltækust, sýnist mér því vera harla fányt.

Menn verða að gera það upp við sig, að annaðhvort er erlend herseta í landinu skaðleg eða hún er skaðlaus. Ef áhrif af erlendri hersetu eru óskaðleg eða jafnvel eftirsóknarverð, vinna menn að sjálfsögðu ekki gegn þeim, vilja jafnvel miklu frekar greiða götu þeirra. Ef þau eru skaðleg, þá eiga menn að vinna gegn þeim.

Það eru að vísu til menn, sem eru öfgaminni en þetta og viðurkenna, að erlend herseta í landinu sé viðsjárverð fyrir þjóðina, en hins vegar sé þjóðin í svo mikilli árásarhættu, að ekki verði komizt hjá að sjá henni fyrir vernd og öryggi með erlendum her. Ekki mun þessi árásarhætta talin stafa af því, að Íslendingar eigi einhverja þá óvini í heiminum, sem líklegir séu til þess að ráðast á landið. Hér er auðvitað átt við það, að Sovétríkin séu líkleg til þess að ráðast á vesturveldin og í þeim hildarleik sé Ísland svo hernaðarlega mikilvægt, að Rússar mundu hertaka það sér í hag, ef það væri óvarið.

Um árásarfyrirætlanir Rússa skal ég ekki dæma, enda mun varla einn vera öðrum fróðari um þá hluti hér á landi. En jafnvel þó að rétt sé til getið um árásarhugleiðingar þeirra, er vitneskja manna þó enn þá minni um hitt, á hvaða lönd eða á hvaða staði í heiminum yrði ráðizt í hugsanlegri styrjöld. Allt eru þetta spádómar og ágizkanir, sem um þetta hefur verið sagt, og þar sem hernaðarsérfræðingar vita harla lítið um þessa hluti, má nærri geta, hversu vitneskja íslenzkra manna nær þarna langt.

Því hefur mjög verið haldið á loft, enda berum orðum sagt í hinum svokallaða varnarsamningi, að varnarlið á Íslandi sé ekki aðeins Íslendingum til varnar, heldur löndum Norður-Atlantshafsbandalagsins. Ef svo er, þá hlýtur það að vekja nokkra eftirtekt, hverjum er fengið það vald í hendur að ákveða, hvort nokkurt varnarlið skuli vera hér eða ekki. Ef varnarlið á Íslandi er hernaðarlega mikilvægt til öryggis NATO-ríkjunum yfirleitt, hvernig stendur þá á því, að þeirri þjóð, Íslendingum, sem ekkert vit hefur á hernaði, er fengið allt vald í hendur til þess að ákveða, hvort þessar varnir séu viðhafðar eða ekki öðrum NATO-ríkjum til öryggis? Þessi ákvæði varnarsamningsins benda óneitanlega til þess, að NATO-ríkjunum þyki lítið hernaðarlegt öryggi fyrir sig vera í herliðinu á Keflavíkurflugvelli. Annars mundu þau ekki láta öryggismál sín í hendur hernaðarlega fávísum mönnum. En það hafa þau gert með samningnum frá 1951,

því að samkv. honum ráða Íslendingar því algerlega sjálfir, hvort hér skuli vera erlendur her eða ekki.

En hvaða líkur eru svo til þess, að Rússar ráðist á Ísland, því að ekki er eftir neinu öðru að fara en aðeins líkum, þegar meta skal, í hversu mikilli árásarhættu Ísland er?

Svo er að sjá, að hernaðarþjóðir telji mesta hættu stafa af þeim herstöðvum andstæðinga sinna, sem eru þeim næstar. Þannig leit Kennedy Bandaríkjaforseti á, þegar kjarnorkuvopnum hafði verið komið til Kúbu, og þannig leit Krúsjeff á, þegar hann krafðist þess, að Bandaríkjamenn flyttu kjarnorkuvopn sín frá Tyrklandi. En eins og menn vita, liggur Kúba um 150 km undan ströndum Bandaríkjanna, en Tyrkland og Sovétríkin hafa sameiginleg landamæri. Ekki er þessu til að dreifa um Ísland. Það er ekki í neinu líku nábýli við Sovétríkin og enga herstöð að óttast hér, ef hún er hér engin.

Það má einnig telja líklegt, að styrjaldaraðili reyni fyrst og fremst að eyðileggja þær bækistöðvar óvina sinna, sem hann telur sér hættulegastar. Sennilegt er, að Rússar telji nú einhverjar herstöðvar í heiminum sér hættulegri en Keflavíkurflugvöll, ef þar er enginn her. Líkurnar fyrir rússneskri árás á Ísland eru því ekki sterkar, hvað sem kann að líða árásarhugmyndum þeirra að öðru leyti, ef hér er ekki herstöð.

Þeirri kenningu hefur lengi verið haldið á loft hér á landi, að árásaraðilinn, hver sem hann er, ráðist jafnan á garðinn, þar sem hann er lægstur. Sé þessi kenning rétt, má segja, að Ísland gæti orðið framarlega í röðinni sem árásarmark. En ekki hafa Rússar verið þessarar skoðunar, þegar þeir voru að flytja kjarnorkuvopnin til Kúbu, því að varla hafa þeir talið, að í Bandaríkjunum væri garðurinn lægstur til þess að ráðast á.

Það er náttúrlega erfitt fyrir menn ófróða hernaði að dæma um slíkar kenningar sem þessar, að ráðizt verði á garðinn, þar sem hann er lægstur. En ég held, að það sé þó enn þá erfiðara fyrir slíka menn að rökstyðja réttmæti slíkrar kenningar.

En hafa þá forsvarsmenn íslenzku þjóðarinnar í raun og veru óttazt rússneska árás á Ísland á undanförnum árum? Það eina, sem bendir til þess, að svo hafi verið, er það, að hernum hefur verið haldið kyrrum í landinu og haldið hefur verið uppi skrifum um árásarhættuna. Það er annað, sem bendir hins vegar til þess, að forsvarsmenn þjóðarinnar hafi ekki óttazt neina árás á undanförnum árum. Það er það, að þau 11 ár, sem liðin eru síðan varnarsamningurinn var gerður, hefur enginn íslenzkur valdsmaður hreyft hönd eða fót til þess að vernda líf eða limi Íslendinga í slíkri árás. Varnirnar hafa engar verið og eru ekki enn. Eða hver trúir því, að forsvarsmenn þjóðarinnar hafi búizt við þessari árás í 11 ár eða lengur og ekkert gert, hvorki til að vernda sjálfa sig né aðra, þar til nú er loksins flutt frv. um mjög auknar varnarráðstafanir? Og þegar svo frv. er flutt, þá á ekki að verja svo að segja neinu fé til varnanna. Ég hef reyndar heyrt menn segja sem svo, að varnirnar gegn slysa- og lífstjóni í árás hafi alla tíð verið fólgnar í sjálfu varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. En sé það svo, að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafi getað algerlega komið í veg fyrir árás og þar af leiðandi þær afleiðingar, sem árás hefur fyrir líf og heilsu manna, hvernig stendur þá á því, að nú þarf að setja miklu fullkomnari ákvæði um almannavarnir en hafa verið að undanförnu? Ef erlendur her hefur verið þetta öryggi Íslendingum í undanfarin 11 ár, af hverju er hann það þá ekki áfram, fyrst hann á að vera kyrr?

Það er skylt að hugleiða rækilega annars vegar, hvort herinn á Keflavíkurflugvelli getur komið í veg fyrir árás og þá um leið verndað Íslendinga gegn því tjóni á lífi og heilsu manna, sem af árás hlyti að leiða, og hins vegar, hvort herinn eykur árásarhættuna.

Það er kunnugt, að bæði Bandaríkjamenn og Rússar hafa skotið eldflaugum mörg þúsund km vegalengd og hæft það mark, sem þeir hafa sett sér. Ef Rússar teldu sér nauðsynlegt að eyðileggja herstöðina á Keflavíkurflugvelli, er mjög líklegt, að þeir gætu skotið eldflaug með kjarnorkusprengju heiman frá sér á herstöðina. Hvaða varnir eru á Keflavíkurflugvelli gegn þessu? Það er einnig kunnugt, að bæði Bandaríkjamenn og Rússar eiga kafbáta búna eldflaugum með kjarnorkusprengjum. Þessir kafbátar fara um heimshöfin án þess að gera boð á undan sér. Ætli Rússum yrði það ofvaxið, ef þeir teldu mikið liggja við, að senda slíkan kafbát upp undir Reykjanesið og skjóta eldflaug með sprengju á Keflavíkurflugvöll? Hvaða varnir er yfirleitt um að tala á Íslandi í kjarnorkuárás? Kennedy Bandaríkjaforseti taldi, að eldflaugarnar á Kúbu ógnuðu flestum ríkjum Vesturheims. Þeim mætti skjóta allt norður til Hudsonflóa og suður til Perú. Hvað þá um Ísland? Mér sýnist það vera augljóst hverjum manni, að í hernum á Keflavíkurflugvelli er engin vörn og hefur aldrei verið nein vörn gegn kjarnorkuárás á Ísland.

En getur það verið, að þessi herstöð auki á árásarhættuna? Í því efni segja menn, að það skipti höfuðmáli, hvort herstöð sé gerð til árása á Rússa eða aðeins í varnarskyni fyrir vesturveldin. Ekki er því að neita, að á þessu tvennu er reginmunur. Íslendingar þurfa ekki að vera í neinum vafa um það, að herstöðin á Keflavíkurflugvelli er ekki gerð í neinu árásarskyni. Vesturveldin hafa ekki í huga neinar árásir á eitt eða neitt land. Meginkjarni Sameinuðu þjóðanna er uppbyggður af lýðræðisríkjum hins vestræna heims. Höfuðtilgangur þeirra hefur verið og verður að vernda friðinn í heiminum, og það hefur þeim tekizt fram á þennan dag. Sameinuðu þjóðirnar hafa stöðvað styrjaldarátök milli einstakra ríkja í heiminum hvað eftir annað, og þær hafa komið í veg fyrir, að til

styrjaldarátaka kæmi milli annarra ríkja. En þótt við Íslendingar vitum það nægilega vel, að á Íslandi er engin árásarherstöð, þá vitum við ekkert um það, hvernig Rússar kynnu að líta á þessa herstöð, ef til ófriðar drægi milli þeirra og vesturveldanna. Ef þeir trúa því, að þarna sé um árásarherstöð að ræða eða henni megi í skyndi breyta í slíka stöð, þá haga þeir sér sjálfsagt samkv. því. Þannig gæti Keflavíkurflugvöllur orðið fyrir sams konar eyðileggingu og hver önnur herstöð, sem nota má til árásar, þótt ekki sé um neina árásarherstöð að ræða.

Þá dregur það ekki úr tortryggni Rússa gegn þessari herstöð, að hæstv. ríkisstj. hefur nú leyft Bandaríkjamönnum að flytja hingað hernaðarflugvélar, sem nota má fyrir kjarnorkusprengjur. Þetta virðist mér auka mjög á árásarhættuna, ef til styrjaldar drægi.

Meðan friður helzt milli stórveldanna, sé ég ekki, að um neina árásarhættu sé að ræða, hvort sem hér er erlent herlið eða ekki. Hins vegar sitjum við með áhrifin af hinum erlenda her, meðan hann er, sem við værum lausir við, ef hann væri ekki. Ef til styrjaldarátaka kæmi milli þessara stórvelda, erum við varnarlausir gegn kjarnorkuárás þrátt fyrir hinn erlenda her og þar af leiðandi í mikilli hættu. En án herstöðva værum við a. m. k. í miklu minni hættu, því að líklegt má telja, að fyrstu árásir yrðu gerðar á herstöðvar, en ekki á óvopnað land.

Það hefur mjög verið rætt um, að hlutleysisstefna gæti verið Íslendingum mikil vörn, ef til styrjaldar drægi. Það auki hins vegar á árásarhættu, að Íslendingar hafi gengið í hernaðarbandalag og tengzt þannig fyrir fram ákveðnum hernaðaraðilum. Óneitanlega er það andstætt íslenzkum hugsunarhætti að ganga í hernaðarbandalag, þar sem um óvopnaða þjóð er að ræða, sem aldrei hefur haft her og ætlar sér ekki að hafa her. Hitt er annað mál, hvort hlutleysisstefna annars vegar eða þátttaka í hernaðarbandalagi hins vegar veitir nokkra vörn. Svo sem kunnugt er, er lega Íslands á hnettinum þannig, að það liggur svo að segja inn á milli vestrænna stórvelda og er á siglingaleiðum. Landið hefur því mikla hernaðarlega þýðingu á styrjaldartímum, eins og bezt sýndi sig í síðustu styrjöld. Ef til styrjaldar kynni að draga, t. d. milli Rússa og vesturveldanna, mundu vesturveldin hagnýta sér Ísland þegar í styrjaldarbyrjun, hvort sem Íslendingar vildu eða vildu það ekki. Til þess hefðu þau margfalt auðveldari skilyrði en Rússar vegna legu landsins. Undir slíkum kringumstæðum yrði ekkert spurt um hlutleysisstefnu eða þátttöku í hernaðarbandalagi. Það var ekki heldur gert 1940, þegar Bretar hertóku Ísland í upphafi þeirrar styrjaldar. Hvort tveggja er að mínum dómi jafnþýðingarlaust til varnar þjóðinni á styrjaldartímum, hlutleysisstefna og þátttaka í hernaðarbandalagi. Það er lega landsins, sem ræður mestu, og sem betur fer er hún hinum vestrænu ríkjum í hag. Í þessu tel ég að sé skýringin á því, að með varnarsamningnum eru Íslendingar látnir hafa fult vald til þess að ákveða, hvort hér á landi skuli vera erlent herlið eða ekki.

Í fáum orðum sagt sýnist mér, að aðalatriðin í þessu máli séu þessi: Erlend herseta á Íslandi er menningu þjóðarinnar hættuleg. Þess vegna á herinn að hverfa á brott. Íslendingar hafa ekki búizt við neinni árás á landið á undanförnum árum og þurfa ekki frekar að búast við henni nú. Þess vegna þarf hér engan her. Ef til styrjaldar dregur milli Rússa og vesturveldanna, er Íslendingum miklu hættara við rússneskri árás í upphafi styrjaldarinnar, ef hér er herstöð, en ef hún er engin. Sú hætta er enn þá meiri fyrir það, að hingað eru komnar hernaðarflugvélar, sem beitt gætu kjarnorkusprengjum. Hlutleysisstefna er engin vörn og ekki heldur þátttaka í hernaðarbandalagi, því að þegar stórveldastyrjöld hefur brotizt út, mun sá aðilinn, sem betri aðstöðuna hefur, taka undir sig landið, hvað sem Íslendingar segja eða hafa áður sagt í þeim efnum. Í hugsanlegum hernaðarátökum á milli Rússa og vesturveldanna eiga Íslendingar samstöðu með vesturveldunum, en þá samstöðu tryggir bezt lega landsins og í raun og veru ekkert annað, engir samningar, engar yfirlýsingar eða neitt af því tagi. Von Íslendinga sem annarra þjóða hlýtur að byggjast fyrst og fremst á því, að Sameinuðu þjóðunum auðnist að vernda friðinn í heiminum, eins og þeim hefur tekizt hingað til.

Ég vil endurtaka það, að þó að margt megi að þessu frv. finna og vandséð sé, hvort nokkrar raunverulegar varnir á að framkvæma samkv. frv. eða ekki, þá mun ég greiða því atkv.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Mér skildist á ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., að hann vildi telja varnarliðið allt annað mál en það, sem hér er til umr. Hér get ég því miður ekki verið honum sammála, eins og ég hef raunar greinilega lýst í mínum fyrri ræðum. Ég tel einmitt varnarliðið á Íslandi skipta höfuðmáli, þegar um almannavarnir á Íslandi er að ræða. Og ég held, að engum geti blandazt hugur um það við nána athugun. Meira að segja ráðunautur hæstv. ríkisstj. í almannavörnum segir hiklaust, að líklegustu skotmörkin séu þar syðra. Ef þessi skotmörk, herstöðvar og hernaðarflugvöllur, yrðu gerð ónothæf, eru líklegustu skotmörkin úr sögunni. Þetta skiptir líka máli, þegar verið er að ræða um og athuga ráðstafanir til almannavarna.

Eins og sakir standa, er hættan langmest við sunnanverðan Faxaflóa, einmitt vegna hernaðarmannvirkjanna, sem þar eru. Ef þau væru í burtu, væri hættan að vísu til eftir sem áður, en margfaldlega miklu minni. Hættan yrði þá svipuð um allt land, og hún yrði þá svipuð og þar sem hún er minnst talin á

landinu, og þó öllu frekar minni en þar, sem hún nú er minnst. Þess vegna er ómögulegt að ræða um almannavarnir í alvöru án þess að gera sér grein fyrir herstöðvunum. Eiga þær að vera hér áfram eða eiga þær ekki að vera hér áfram?

Hv. 2. þm. Reykv. beindi nokkrum orðum til mín. Hún gat þess, að ég hefði sagt í ræðu minni áðan, að í Danmörku væri ekki borgaraleg skylda að gegna þjónustu í þágu almannavarna. Ég sagði þetta, og ég hafði mína heimild fyrst og fremst frá forstöðumanni almannavarna, sem átti viðtal við hv. heilbr.- og félmn. nýlega. En hv. þm. staðfesti þetta með því að lesa upp úr grg. frv. Svona er þetta í Danmörku. Það er ekki borgaraleg skylda að gegna störfum í þágu almannavarna þar.

Hv. 2. þm. Reykv. lét orð falla um það, að ég teldi nauðsynlegt, að Ísland segði sig úr varnarbandalagi vestrænna þjóða til þess að firra okkur hættu. Þetta sagði ég raunar ekki. Ég tel ekki nauðsyn á því brýnasta, að Ísland segi sig úr varnarbandalagi vestrænna þjóða. Ég tel brýnustu nauðsyn vera á því að leggja herstöðvarnar niður, gera hernaðarmannvirkin á Suðurnesjum ónothæf. En þetta er allt annað. Við getum prýðilega sagt upp varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna og verið þó eftir sem áður í NATO.

Þá gat hv. 2. þm. Reykv. þess, að ég hefði fyrir nokkrum árum flutt um það till. í bæjarstjórn Reykjavíkur, að loftvarnanefnd Reykjavíkur yrði lögð niður. Og hv. þm. gat þess, með hvaða röksemd ég hefði flutt þessa till. Hún var á þá leið, að n. skyldi lögð niður, þar sem hún hefði ekki starfað síðustu árin. Út úr þessu er ekki hægt að lesa neinn fjandskap minn við almannavarnir yfirleitt og kannske síður en svo. Ég vildi láta leggja loftvarnanefnd Reykjavíkur niður, af því að hún starfaði ekki og eingöngu þess vegna. Hv. þm. gat ekki alls, sem stóð í þessari till. Ég sagði ekki aðeins, að ég vildi láta leggja n. niður, vegna þess að hún starfaði ekki, heldur kom fram í till. ósk um, að n. skilaði skýrslu um störf sín og till. varðandi tilhögun þessara mála í framtíðinni. Er þetta neikvætt? Ég held, að þetta sé ekki neikvætt. Þetta er einmitt jákvætt. Nefnd, sem starfar ekki, á að leggja niður. Og ég lagði til, að hún skilaði till. sínum um það, hvernig þessum málum yrði bezt hagað í Reykjavík í framtíðinni.

Þá hafði hv. þm. orð á því, að ég hefði sagt í ræðu, að ég vildi ekki hafa rekistefnu ótíndra manna inn á einkaheimilin í sambandi við almannavarnir og eftirlit. Þetta er alveg rétt, ég sagði þetta. Hv. þm. gizkaði á, að ég mundi hafa haft í huga viss lönd, þar sem fólk gæti átt von á óþægilegum heimsóknum á nóttu sem degi. Þetta er alveg rétt. Ég hafði í huga slíkt ástand. Þau lönd hafa verið mörg til og eru enn í dag mörg til. M. a. er eitt af okkar bandalagslöndum, NATO-landið Portúgal, þar er stjórnarfari þannig háttað, að þar geta menn búizt við sliku. En það er þetta, sem ég vil forða okkar landi, okkar þjóð frá, og þess vegna andmæli ég ýmsum ákvæðum í þessu frv., sem mér finnst vera allt of mikil ábending um og aðvörun við því ástandi, sem sums staðar annars staðar tíðkast, en er ekki æskilegt hér.

Ég hafði orð um það áðan, að ég væri ekki andvígur almannavörnum. En ég er andvígur öllum leikaraskap um þessi mál og sviðsetningu í einhverjum annarlegum tilgangi.

Úr því að ég minntist á bæjarstjórn Reykjavíkur í sambandi við almannavarnir, vil ég aðeins minna á það, að fyrir ári var þar gerð samþykkt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna yfirvofandi geislunarhættu og ófriðarhættu felur bæjarstjórn Reykjavíkur loftvarnanefnd í samráði við heilbrigðisnefnd að undirbúa og gera ráðstafanir til almannavarna."

Það er heilt ár síðan þessi samþykkt var gerð. Ég á sæti í borgarstjórn. Ég hef ekki orðið þess var, að nokkur minnsti hlutur hafi verið framkvæmdur í samræmi við þessa samþykkt bæjarstjórnarinnar. Það kann að vera, að eitthvað hafi verið gert, en ég hef ekki orðið var við það. Það er þá svo lítilfjörlegt, svo ómerkilegt, að fáir einir vita um það. Þannig er heilt ár látið líða, og þó er talað um í samþykktinni „vegna yfirvofandi geislunarhættu og ófriðarhættu". Samt er ekkert gert. Það er látið líða heilt ár. Og sennilega verða þau 2, 3, 4, 5 o. s. frv. Það er þetta, sem ég er mótfallinn. Það er þetta, sem gerir fyrst og fremst, að ég lít dálítið efablandinn á alla tilburði hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna yfirleitt í almannavarnamálum. Ég er hræddur um og ég hef grun um, að þar sé ekki mikil alvara á bak við. En þetta dæmi, sem ég nefndi frá bæjarstjórn Reykjavíkur, samþykktin frá í fyrra, er mér enn eitt dæmi um þann yfirborðshátt og þá sýndarmennsku, sem viðhöfð er af ábyrgum aðilum í þessu alvarlega máli, sem almannavarnirnar eru.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. minntist hér á samþykkt, sem hefði verið gerð í bæjarstjórn Reykjavíkur í fyrra, og þetta hefði verið sýndartill. og loftvarnanefnd ekkert í því máli gert. Síðan hefur það gerzt, að einmitt formaður loftvarnanefndar og framkvstj. hennar ásamt borgarlækninum í Reykjavík hafa unnið að því að semja þetta frv., sem hér liggur fyrir, hvort sem hv. þm. vill kalla sjálft frv. sýndarmennsku. Ég býst varla við því. Hann sagði, þegar hann flutti till. sína um að leysa n. frá störfum, að hún hefði ekkert starfað árum saman. Hann tók þannig til orða. Ég vil benda á, að í fskj. II með frv., í bréfi loftvarnanefndar Reykjavíkur, dags. 4. okt. 1961, skýrir n. frá störfum sínum síðasta árið og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárveiting til loftvarnamála var engin á fjárlögum fyrir 1957, eins og áður segir. Loftvarnanefnd hélt þó allmarga fundi á því ári

og vann áfram að ýmsum málum, sem byrjað hefur verið á.“

Svo eru þar nokkur atriði talin upp. Þá heldur áfram í bréfi loftvarnanefndar, og segir þar frá því, að í júlímánuði kom hingað til lands Sir John Hodsoll, aðalráðunautur NATO í loftvarnamálum. Hann kynnti sér það, sem hér hefði verið gert, sat fundi loftvarnanefndar, og hann átti viðræður við þáv. ríkisstj., eða forsrh., utanrrh. og tvo af starfsmönnum utanrrn. Loftvarnanefnd fékk ekki vitneskju um niðurstöður þeirra viðræðna og beið eftir, að einhverjar orðsendingar bærust henni frá ríkisstj. En þegar komið var að áramótum 1958 og ekki höfðu borizt neinar ábendingar til n. um, að stjórnvöldin hefðu áhuga fyrir áframhaldandi starfi n., og ekkert fé var veitt á fjárlögum til loftvarna, þá töldu nm. sig ekki geta unnið að frekari framkvæmdum. Þá var sýnt, að um áframhaldandi starf hjá n. gat raunar ekki verið að ræða eða var ekki útlit fyrir að yrði að ræða í bráð, og síðan, eins og í bréfinu segir, hélt hún ekki fundi, en framkvstj. sá í samráði við formann n. um varðveizlu á þeim verðmætum, sem n. hafði undir höndum.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í ræðu hv. þm., sem ég sé ástæðu til að svara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá og brtt. á þskj. 162 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 158,1 felld með 9:5 atkv.
7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 158,2 felld með 9:5 atkv.
8.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
23.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 132, 162).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 162 felld með 14:1 atkv.

Brtt. 162,1 kom ekki til atkv.
— 162,2 felld með 13:1 atkv.
— 162,3 felld með 13:1 atkv.
— 162,4 felld með 14:1 atkv.
— 162,5 felld með 14:1 atkv.
— 162,6 felld með 14:1 atkv.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 206).

---

8. Ríkisreikningurinn 1961.

Á 6. fundi í Ed., 22. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961 [46. mál] (stjfrv., A. 46).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisreikningurinn fyrir 1961 hefur nú verið prentaður og lagður fram á Alþ. Frv. til l. um samþykkt á honum liggur hér fyrir til 1. umr. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, þeir sem kosnir eru af Alþingi, hafa gert athugasemdir við reikninginn. Eru þær prentaðar aftan við hann ásamt svörum við þeim athugasemdum, og að lokum koma till. yfirskoðunarmanna Alþingis við ríkisreikninginn. Þessar athugasemdir eru 28 að tölu. Telja þeir, að ýmsum aths. sé fullnægt með svörunum, aðrar séu til athugunar framvegis, en þeir hafa engar talið þess eðlis, að ástæða sé til að vísa þeim til aðgerða Alþingis, eins og alloft hefur verið.

Varðandi greiðslujöfnuð ríkissjóðs á árinu 1961 er gerð sérstaklega grein fyrir honum í reikningnum á bls. XXXIII. Þar er vikið að því, sem stundum hefur áður verið gert að umtalsefni, að reglur um það, hvernig skuli reikna greiðslujöfnuð ríkissjóðs, — greiðsluafgang eða greiðsluhalla, — hafa verið nokkuð á reiki, og enn er engin föst regla viðurkennd í þessu efni. Þegar notaðar eru þær reglur, sem ríkisbókhaldið hefur fylgt allmörg undanfarin ár, telst greiðsluafgangur ríkissjóðs fyrir árið 1961 vera 57 millj. kr. Seðlabanki Íslands og ýmsar alþjóðlegar fjármálastofnanir hafa nokkuð annan hátt á við útreikning á greiðslujöfnuði. Þegar þær reglur eru notaðar, sem m. a. koma fram í Fjármálatíðindum, er Seðlabanki Íslands gefur út, verður tekjuafgangurinn á árinu 1961 72.4 millj. kr., í stað 57 millj. kr. eftir reglum ríkisbókhaldsins. Ég vil benda á það, að sú tala, sem kölluð er „mismunur“ aftast í þessu frv., sýnir ekki greiðslujöfnuðinn.

Ýtarlegur undirbúningur undir setningu nýrrar löggjafar um ríkisbókhald og endurskoðun hefur farið fram, og hefur þá verið fyrirhugað að koma á verulegum breytingum á uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og meira samræmi þar á milli. Einnig hefur verið lögð áherzla á að reyna að komast að niðurstöðu um fastar reglur, sem gilda skuli um útreikning á greiðslujöfnuði ríkissjóðs. Væntanlega yrðu þær reglur lögfestar, svo að fullkomið samræmi yrði frá ári til árs. Það er mjög mikil vinna, sem liggur í þessum undirbúningi, og ekki er hægt á þessu stigi að segja, hvenær honum verði lokið, svo að unnt verði að leggja frv. fyrir Alþingi um þetta efni.

Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi til að fara fleiri orðum um ríkisreikninginn, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 92).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961, og svo sem nál. á þskj. 92 ber með sér, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Svo sem ríkisreikningurinn ber með sér, eru aths. við hann í þetta sinn tiltölulega fáar, og engri þeirra aths. er, eins og stundum hefur verið orðað af yfirskoðunarmönnum, vísað til aðgerða Alþingis. Flestar aths. virðast eftir till. yfirskoðunarmanna hafa verið afgreiddar á viðunandi hátt með svörum rn.
Það er ástæða til að nefna það sérstaklega og fagna því, að eftir aths. yfirskoðunarmanna að dæma hefur miðað mjög til hins betra með hina umboðslegu endurskoðun, þannig að frá því að síðasti ríkisreikningur lá hér fyrir á síðasta þingi, hefur eftir aths. að dæma mjög þokað í þá átt, að umboðslegu endurskoðuninni miði betur áfram. Svo sem áður hefur verið vikið að hér í umr., var það eðlilegt, eftir að farið var að hraða ríkisreikningi svo mjög sem raun ber vitni um, að það yrðu nokkur vanhöld á því, að hin umboðslega endurskoðun gæti verið tilbúin með allar sínar athuganir á reikningum ríkisstofnana í tæka tíð, og á s. l. ári vantaði mjög á það, að allir reikningar væru tilbúnir. Nú virðist sem sagt, að þetta sé æ meira að færast í það horf, að endurskoðunin sé að ná þessum aukna hraða við afgreiðslu ríkisreiknings.
Það ber vissulega að fagna því, að ríkisreikningur er tilbúinn það tímanlega, svo sem hér er, að við erum að afgreiða ríkisreikning fyrir s. l. ár. Meðan ríkisreikningur var mörg ár á eftir áætlun, hafði það nánast sögulega þýðingu að vera að stúdera hann, en það er sennilegt, að athuganir á ríkisreikningnum geti orðið raunhæfari og lifrænni, ef reikningurinn, sem verið er að fjalla um, er ekki mjög gamall. En niðurstaða fjhn. er sem sagt sú, að hún hefur engar sérstakar aths. við frv. að gera, það hefur tölulega verið borið saman og ekkert reynzt við það að athuga, og leggur n. til einróma, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1961 hefur gengið í gegnum hv. Ed. og var samþ. þar athugasemdalaust.
Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þessu máli nú, sérstaklega vegna þess, að það var gert mjög ýtarlega við 1. umr. fjárl. nú nýskeð.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 188 og 197).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. deildar hefur haft til meðferðar frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961. Nefndin hefur yfirfarið frv. og borið saman tölur þess við ríkisreikninginn og ekkert fundið athugavert. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til fjárl. fyrir 1961 var lagt fram hér á Alþingi í byrjun þings haustið 1960, og 1. umr. um það fór fram 24. okt. þ. á. Þá lét hæstv. fjmrh. þess getið, að við undirbúning fjárlaganna hefði verið reynt að færa gjöldin niður og sú viðleitni hefði borið þann ávöxt, að 10 af 14 gjaldagreinum fjárlaganna væru nú lægri en árið áður. Það var látið mjög vel af þessu í aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar. Þar var látin uppi ánægja mikil yfir því, að nú hefði orðið allmikil lækkun útgjalda flestra gjaldagreina fjárlaganna, og blaðið taldi það mikilsvert, að horfið væri frá hinum sífelldu útgjaldahækkunum og þenslu ríkisbáknsins, eins og það var orðað þar í ritstjórnargrein.
En margt fer öðruvísi en ætlað er. Nú liggur fyrir ríkisreikningurinn fyrir árið 1961, og hann segir aðra sögu. Skv. ríkisreikningnum eru það aðeins 3 gjaldagreinar, sem hafa orðið lægri en árið áður, árið 1960. Það er í fyrsta lagi 9. gr., þar er færður kostnaður við Alþingi. Þau gjöld hafa orðið nokkru

lægri 1961 en árið áður. Munurinn er 1 millj. 436 þús. kr., og stafar þetta af því, að þing stóð skemmri tíma síðara árið en hið fyrra. Þá er það 15. gr., sem er kostnaður við kirkjumál. Þau gjöld hafa orðið 102 þús. kr. minni árið 1961 en 1960. Og loks er það 16. gr. Við samanburð á henni sést, að árið 1961 hefur verið varið til landbúnaðarmála 1 millj. 497 þús. kr. lægri fjárhæð en árið áður og til raforkumála rúmum 4 millj. 182 þús. kr. minna en árið áður. Aftur hafa aðrir liðir á 16. gr. orðið nokkru hærri árið 1961 en 1960, svo að í heild er niðurstaðan sú, að gjöld á þeirri gr. eru 3 millj. 394 þús. kr. lægri en þau voru næsta ár á undan. En allar aðrar útgjaldagreinar á ríkisreikningi 1961 en þær 3, sem hér hafa verið nefndar, eru hærri en þær voru 1960. Og alls eru gjöldin á rekstrarreikningi ríkissjóðs 1961 um 177 millj. kr. hærri en þau voru 1960.

Það hefur komið fram við athugun á þessu máli, að það vantar tæpar 8 millj. kr. inn á þennan ríkisreikning gjaldamegin. Í árslok 1961 var búið að verja til nýja Keflavíkurvegarins 7821922.47 kr. En þessi upphæð sést ekki á ríkisreikningnum, og virðist mér því gjöldin vera vantalin sem því nemur. Þá var einnig búið að taka lán til þessarar vegargerðar hjá Seðlabanka Íslands rúmlega 3.8 millj. og hjá Framkvæmdabanka Íslands 3.7 millj. kr. Ég get ekki séð, að þessar skuldir séu heldur færðar á ríkisreikninginn 1961.

Ég hef gefið út sérstakt nál. um þetta frv. á þskj. 197. Þar með fylgir grg. frá ríkisendurskoðuninni um, hvað eftir er að endurskoða af reikningum ríkisstofnana og fleira hinn 19. nóv. s. l. Þessi listi er prentaður með nál. mínu, og kemur þar fram, að það er allmikið óendurskoðað enn af þeim reikningum, sem ríkisreikningurinn byggist á. Af þeirri ástæðu tel ég ekki tímabært að afgreiða frv. að svo stöddu, heldur vil ég leggja til, herra forseti, að málið verði tekið út af dagskrá og ekki tekið fyrir fyrr en á framhaldsþinginu síðar í vetur. Þá mætti fá nýjar upplýsingar frá endurskoðunardeild fjmrn. um, hvað endurskoðuninni líði, og mætti þá ganga frá frv. og samþ. það á framhaldsþinginu, ef endurskoðuninni væri þá lokið.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru tvær af athugasemdum hv. 1. þm. Norðurl. v., sem ég skal gera hér að umtalsefni.

Önnur er sú, að upphæð, sem notuð hafi verið til Keflavíkurvegarins, sé ekki færð til gjalda á ríkisreikningi 1961. Hv. þm. hafði spurzt fyrir um þetta sama í fjhn., og var óskað eftir skýringu frá fjmrn., og var svar ráðuneytisstjórans á þessa leið:

„Þetta lán kom ekki fram á reikningum vegagerðarinnar fyrir árið 1961, og hefur sennilega verið litið á það sem bráðabirgðalán svipuð þeim, sem oft eru tekin til vegaframkvæmda, en ekki talin til gjalda, fyrr en annaðhvort þau eru gerð að föstum lánum eða fjárveiting veitt til endurgreiðslu á þeim. Vegagerðin mun í þessu efni telja sig hafa fylgt þeim venjum, sem hún hafi áður haft um þessi efni, og sé þar engin breyting á."

Þá er í öðru lagi. Hv. þm. leggur til, að afgreiðslu þessa máls sé frestað þar til síðar á þessu þingi, vegna þess að hinni umboðslegu endurskoðun sé ekki að fullu lokið fyrir árið 1961. Það hefur jafnan verið svo um hina umboðslegu endurskoðun, að hún er í sumum efnum nokkrum árum á eftir, og vil ég taka það sérstaklega fram, að þó hefur miðað betur áfram um hina umboðslegu endurskoðun hjá ríkisendurskoðuninni nú en áður. Eins og ég tók fram í umr. um ríkisreikning í fyrra, er að því stefnt, að öll endurskoðun á vegum ríkisins fari fram jafnóðum. Það er þegar gert við nokkrar stofnanir. En það tekur tíma að breyta því skipulagi og þeim vinnubrögðum og krefst óhjákvæmilega nokkru meiri starfskrafta en ríkisendurskoðunin hefur yfir að ráða nú. En það eru ekki rök til þess að fresta samþykkt frv. um ríkisreikninginn fyrir 1961, þó að hinni umboðslegu endurskoðun sé ekki að fullu lokið hjá öllum stofnunum, vegna þess að þær athugasemdir, sem fram kynnu að koma hjá ríkisendurskoðuninni, breyta engu og geta engu breytt um ríkisreikninginn 1961, sem búið er að gera upp og liggur endanlega fyrir. Ef ríkisendurskoðunin finnur eitthvað athugavert og telur, að breyta þurfi greiðslum, kemur það að sjálfsögðu alltaf fram á ríkisreikningi árið eftir. Þess vegna er það misskilningur hjá hv. þm., að þetta sé ástæða til að fresta samþykkt reikningsins.

Ég tel ekki ástæðu til að fara út í athugasemdir hv. þm. frekar, að öðru leyti en því, að þegar hann telur, að rekstrarútgjöld ríkisins árið 1961 hafi reynzt nokkru hærri en árið 1960, þá hefði hann kannske mátt geta þess, að á miðju ári 1961 urðu hér verulegar kauphækkanir, sem m. a. hann og hans flokkur áttu drjúgan þátt í að koma fram, og þessar kauphækkanir, sem urðu almennar í landinu, leiddu svo óhjákvæmilega til gengisbreytingarinnar á árinu 1961, en hvort tveggja olli því, að útgjöld urðu í ýmsum efnum hærri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum og hærri en árið á undan.

Ég legg svo til, að frv. verði tekið til afgreiðslu nú, en get ekki fallizt á þau rök, sem hv. þm. færir fram fyrir frestun frv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Út af mínum athugasemdum um lánið, sem búið var að taka í árslok 1961 til Keflavíkurvegarins, segir hæstv. ráðh., að það muni vera svipað bráðabirgðalánum, sem oft hafa verið tekin til vegagerðar. Mér er ekki kunnugt um það, að slík lán hafi verið tekin áður til vegagerðar, án þess að þau hafi verið færð á ríkisreikninginn. Það mun oft koma fyrir að vísu, að úr einstökum héruðum er lagt fram nokkurt fé til að flýta vegagerðum. En það eru ekki lán, sem ríkið tekur. Ríkið borgar enga vexti af þeim og gefur

ekki út skuldabréf fyrir slíkum lánum. En þarna mun óumdeilanlega vera um ríkislán að ræða, sem ríkið á að standa straum af og á þá vitanlega að telja með skuldum ríkissjóðs.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi jafnan verið svo, að umboðsleg endurskoðun hafi verið nokkuð á eftir. Hann segir, að það sé stefnt að því, að öll endurskoðun fari fram jafnóðum. Það er ágætt að heyra, ef svo er. En ég tel, að það eigi að haga þessu þannig, að það eigi alls ekki að afgreiða ríkisreikninginn frá þinginu, fyrr en endurskoðun er að fullu lokið. Engin sýslunefnd afgreiðir frá sér hreppsreikninga, fyrr en endurskoðun þeirra er að fullu lokið, og ég tel, að hér ætti að fylgja sömu reglu með ríkisreikninginn. Og vilji hæstv. ráðh. fá ríkisreikninginn samþ. fyrr en oft hefur verið áður, þá á hann að vinna að því, að endurskoðunardeildin í fjmrn. ljúki sínu starfi fyrr en áður hefur verið, þannig að hægt sé að leggja reikninginn fram fullendurskoðaðan.

Ég tel, að hinir þingkjörnu endurskoðunarmenn, sem verða að byggja sína umsögn um ríkisreikninginn að verulegu leyti á endurskoðunarskýrslum frá fjmrn., ættu ekki að afgreiða reikninginn til Alþingis, fyrr en þeir eru búnir að fullvissa sig um það, að endurskoðun þeirri, sem endurskoðunardeild fjmrn. hefur með höndum, sé að fullu lokið. En úr því að þeir hafa gert það að þessu sinni, án þess að þessu verki væri lokið, þá tel ég, eins og áður segir, að það sé rétt af þinginu að fresta afgreiðslu málsins þar til síðar í vetur.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi orðið kauphækkanir hér árið 1961 og því muni gjöldin hafa orðið hærri á ríkisreikningi en upphaflega var gert ráð fyrir. Það var nú svo, að í meðförum Alþingis seint á árinu 1960 hækkuðu gjöld á fjárlögunum frá því, sem þau voru upphaflega í frv., þegar hæstv. ráðh. lagði það fyrir, svo að það urðu ekki 10 gjaldagreinar lægri en áður, um það er afgreiðslu fjárlaga lauk. En út af því, sem hann segir um kauphækkanirnar 1961, vil ég benda á, að hæstv. ráðh. mun hafa fengið þar nokkuð á móti. Ríkisstj. breytti genginu á því ári og fékk af þeirri ástæðu meiri tolltekjur síðari hluta ársins, og hún bætti sér í búi með því að gera upptækar hjá útvegsmönnum verulegar upphæðir af gengishagnaði og sýndi því betri útkomu á ríkisreikningi þess vegna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins út af einu atriði, sem borizt hefur í tal við þessa umr. og hefur raunar borizt í tal áður á Alþingi oftar en einu sinni. Það er í sambandi við lántökur ríkisins til Keflavíkurvegar.

Eins og menn vita, hefur verið áhugi fyrir því undanfarin missiri hér í þinginu að taka lán til vega, og ýmsar till. hafa verið fluttar hér varðandi þau efni, bæði til vegagerða á Austurlandi og Vesturlandi og til Strákavegarins. Ég man eftir þessum þremur dæmum. En þessi mál hafa ekki fengið afgreiðslu. Þeim hefur verið vísað frá eða komið á einhvern hátt fyrir kattarnef á hv. Alþingi af meiri hlutanum.

Á hinn bóginn fréttist það svo, að hæstv. ríkisstj. væri farin að láta leggja veg til Keflavíkur fyrir lánsfé, en þetta mál hafði aldrei verið lagt fyrir hv. Alþingi á einn eða annan hátt. Eins og kunnugt er, er þó óheimilt að taka lán fyrir ríkissjóð nema samkv. lánsheimild. Nú hefur það komið fram hér hvað eftir annað, að yfirleitt eru allir þeir, sem um það hafa talað, sammála um, að þessi vegagerð til Keflavíkur sé ákaflega nauðsynleg. Og ég segi fyrir mig, að ég hefði óhikað greitt atkvæði með lánsheimild til vegarins hér á hv. Alþingi. Mér er ekki kunnugt um, að það sé nein andstaða gegn vegagerðinni, þvert á móti.

Það hefur vakið ákaflega mikla undrun, að hæstv. ríkisstj. hefur valið þá leið að fara algerlega á bak við Alþingi með þessa stórkostlega miklu framkvæmd og ríkislántöku í því skyni. Og menn hafa velt því fyrir sér, hvernig á því gæti staðið, að hæstv. ríkisstj. skyldi velja þessa leið, þar sem hún átti alveg opna leið að leggja málið fyrir á venjulegan hátt. Það hefur ekki fundizt á þessu nokkur skýring önnur en sú ein, sem ég hef leyft mér að halda fram áður og ég vil enn benda á, og henni hefur ekki verið mótmælt, að hæstv. ríkisstj. hafi kviðið fyrir því að koma öðrum vegagerðarlántökuheimildum fyrir kattarnef í þinginu á sama tíma sem hún fengi samþ. lánsheimildina til Keflavíkurvegarins. Þess vegna hafi hún valið þessa furðulegu aðferð, að fara algerlega á bak við Alþingi með þessa vegagerð.

Í þessu sambandi kemur það svo fram, að þegar ríkisreikningurinn fyrir 1961 kemur, þá er sleppt að færa á reikninginn þá skuld, sem ríkið stendur í vegna vegarins. Það er hreinlega hafður rangur reikningurinn, til þess að þessi skuld sé ekki talin með, og þá vitanlega líka ríkisútgjöldin rangt tilgreind. Þegar fjárlagafrv. kom svo fyrir næsta ár, þá er ekki heldur gert ráð fyrir greiðslu vaxta og afborgana af ríkisláni, sem tekið hefur verið til vegarins. Og ekki nóg með þetta, heldur er leikurinn slíkur feluleikur með þetta mál, að í stað þess að fjmrh. skrifar yfirleitt undir öll ríkislán, þá er þessu komið þannig fyrir, að það er vegamálastjóri, sem skrifar undir þetta ríkislán, sem tekið er til vegarins, en samt vitanlega eftir ráðherrafyrirlagi. Auðvitað er ekkert um það að efast, að þetta er ríkisskuldbinding alveg nákvæmlega eins fyrir því. Það er skuldbinding, sem ríkissjóður hefur tekið á sig, því að engum dettur í hug, að vegamálastjóri eigi að borga persónulega þetta lán, og enginn eyrir er til á vegum vegagerðarinnar, hún er engin stofnun í því tilliti. Hún hefur engan einasta eyri umfram það, sem henni er ávísað hreint og beint úr

ríkissjóði. Það er þess vegna enginn munur á láni, sem vegamálastjóri skrifar undir fyrir ríkisstjórnarinnar hönd, og þeim, sem fjmrh. skrifar sjálfur undir. Samt sem áður er sá háttur hafður á þessu, að þetta ríkislán er ekki fært í ríkisreikninginn, því er haldið utan við hann.

Ef svona hlutir geta gengið óátalið af hv. Alþingi, þá er hægt að leika þann leik að láta embættismenn ríkisins taka slík lán ótakmarkað, halda þeim utan við ríkisreikninginn, þó að þetta séu alveg óumdeilanlega skuldbindingar ríkissjóðs og hann verði að greiða þær, koma svo, þegar á Alþingi er spurt um þetta, með vífilengjur, eins og t. d. þær, að þetta sé að einhverju leyti hliðstætt lánum, sem sveitarfélög og bæjarfélög taka til vega og standa sjálf undir og koma ríkissjóði ekkert við. Það eru hreinar vífilengjur að blanda þessu tvennu saman: annars vegar hreinni ríkisskuldbindingu, sem er undirskrifuð f. h. ríkisstj. af einum embættismanni ríkisstj. og verður að greiðast úr ríkissjóði, og hins vegar lántökum, sem einstök bæjar- eða sveitarfélög standa að, greiða sjálf vextina af og standa skil á, jafnóðum og þau fá fjárveitingar úr ríkissjóði til að annast þær vegagerðir, sem greiddar eru með lánunum.

Þetta er ósæmilegur feluleikur með þetta mál allt saman, sem ég veit að hæstv. ríkisstj. gerir sér grein fyrir. En það er full ástæða til þess að benda skýrt á þetta, eins og gert hefur verið áður og eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert í sambandi við þetta mál, ríkisreikninginn, því að hvar endar þetta, ef svona hlutir geta gerzt óátalið? Líka þarf að sýna hæstv. ríkisstj., að hún getur ekki komizt upp með svona hluti. Hún verður auðvitað að hætta þessu. Hún verður að hætta því að taka lán í heimildarleysi og halda lánum utan við sjálfan ríkisreikninginn. Það er t. d. ekki hægt að halda þessu utan við ríkisreikninginn, þegar á að fara að borga af láninu, — eða hvernig ætlar hæstv. ráðh. að fara þá að? Þá kemur allt í einu inn í reikninginn og ríkisbókhaldið ávísun, sem heitir: greiðsla af láni teknu vegna Keflavíkurvegarins. Þá er ekki hægt að komast lengur undan þessu, — eða ætla ráðherrarnir að borga þetta úr eigin vasa? Þá er ekki lengur hægt að komast fram hjá þessu, þá kemur þetta inn í ríkisbókhaldið, og þá sýnir það, að þetta hefur allt verið blekking. Þessi skuld er til, og hún á að færast í bækurnar eins og aðrar skuldir.

Halda ráðherrarnir, að það sé hægt að segja þm., að hér sé rétt með farið? Á Alþingi er veraldarvant fólk, sem veit, að hér er um hreina ríkisskuld að ræða, sem á að koma annaðhvort beint inn á sjálfan ríkisreikninginn eða, ef menn vilja feluleik, sem skuld vegagerðarinnar. En þá verður hún að koma inn á heildarreikning ríkisins allt að einu. Kemur það allt að einu þar inn í gegnum bókhald vegagerðarinnar.

Hingað til hefur það aldrei tíðkazt, að stofnanir eins og Vegagerð ríkisins tækju milljónatuga lán á sínum vegum, enda er þetta lán vitanlega á vegum ríkissjóðs.

En allt er þetta alveg vafalaust til komið vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur fremur kinokað sér við að láta koma fyrir kattarnef sanngjörnum till. þm. um lán til annarra vegagerða í landinu, ef þetta mál fengi þinglega meðferð, og er ástæða til að finna mjög að slíku.

Nú býst ég ekki við, að hæstv. fjmrh. sé fáanlegur til að leiðrétta landsreikninginn fyrir 1961. En það, sem hér hefur komið fram um þetta efni, ætti þó að vera algerlega nægilegt til þess að sýna fram á, að hér hafa orðið stórkostleg mistök. Þetta er stórkostlega hættulegt fordæmi. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. láti gera ráðstafanir til þess að færa ríkisreikninginn á yfirstandandi ári rétt og láti setja í hann útgjöld vegna þessarar vegagerðar og lántökur vegna hennar. Enn fremur væri hægt að láta leiðrétta fjárlfrv. að þessu leyti, því að ég hygg ég megi fullyrða, að í fjárlfrv. séu ekki greiðslur færðar af þessum lánum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ), sem voru uppistaðan í ádeilum hans. Annað var það, að lagaheimild hafi skort til að taka þau lán, sem tekin hafa verið til Keflavíkurvegarins, og hitt, að ríkisstj. hafi fyrirskipað að fela þessar greiðslur og taka þær ekki með í ríkisreikninginn.

Varðandi fyrra atriðið vil ég taka það fram, að samgmrn., sem hefur séð um þessa lántöku til vegagerðarinnar, lítur svo á og hefur tekið saman um það ýtarlega grg., að fullkomin lagaheimild hafi verið til þessarar lántöku. Mér finnst sjálfsagt, að sú grg. komi á framfæri fyrir Alþingi og almenning. Samgmrn. hefur því ekki talið, að það þyrfti nýja eða viðbótarheimild.

Út af hinu atriðinu, að ríkisstj. eða einstakir ráðh. hafi ákveðið að fela þessar greiðslur, þá er þetta auðvitað hugarburður einn, sjúklegur hugarburður hjá hv. þm. Það er vegamálastjóri einn, sem hefur ákveðið, hvernig með þetta skuli fara, og eins og kemur fram í grg. ráðuneytisstjóra fjmrn., segir hann: Þetta lán kom ekki fram í reikningum vegagerðarinnar árið 1961. Hefur verið litið á það sem bráðabirgðalán svipuð þeim, sem oft eru tekin til vegaframkvæmda, en ekki talin til gjalda, fyrr en þau eru annaðhvort gerð föstum lánum eða fjárveiting veitt til endurgreiðslu á þeim.

Ég er þess fullviss, að enginn af ráðh. hefur nokkurn tíma gefið vegamálastjóra nokkur fyrirmæli um það að fela þessar greiðslur. Eins og ég tók fram, er það vegamálastjóri, sem gengur frá reikningum vegagerðarinnar til ríkisbókhaldsins, og þannig voru þessir reikningar, þegar þeir komu frá honum. Þetta er því allt saman eintómur hugarburður hjá hv. þm. En að því leyti sem hann ber fram harðorðar ádeilur út af þessu, telur, að hér

sé um stórkostleg mistök að ræða, þá er það ádeila á forstjóra vegagerðarinnar, vegamálastjóra.

Það er ekki ástæða til að lengja þessar umr. meira af minni hálfu. Hefur komið skýrt fram, hvernig á þetta er litið af þeim embættismönnum, sem fjalla um málið. En ég vil endurtaka það, að því fer fjarri, að nokkur ráðh. hafi gefið nokkur fyrirmæli um að hafa þessar greiðslur ekki með í reikningi 1961. Auðvitað koma þær í ríkisreikninginn 1962. En ástæðurnar, sem færðar eru fram fyrir þessu, eru þær, sem þegar hafa verið teknar fram.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. segir, að samgmrn. líti svo á, að fullkomin lagaheimild hafi verið fyrir ríkislántöku í Keflavíkurveg og hafi útbúið grg. um það. En hefði ekki verið meiri ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh. að segja, hvert álit fjmrn. er á því? Heyra ekki lántökur ríkisins undir fjmrn.? Ég hygg, að það sé algerlega ljóst, að lántökur ríkisins heyri undir fjmrn. Ég vil því fá að heyra grg. hæstv. fjmrh. fyrir því, hvar í lögum sé heimildin til þess að taka lán í þennan veg. Það gæti verið fróðlegt fyrir okkur, sem höfum verið að flytja hér frv. og till. um lántökur til annarra vega, ef einhver slík leyniheimild til lántöku í vegagerðir er allt í einu til í lögum.

Ég vildi því óska þess, að hæstv. fjmrh. gerði okkur grein fyrir þessu, því að þessum lántökum í Keflavíkurveg hefur verið haldið áfram á þessu ári og búið er að leggja marga milljónatugi í þennan veg, sem vafalítið hefur nærri því allt, ef ekki allt, verið tekið að láni.

Hæstv. samgmrh. hefur hvergi neinar heimildir til þess að taka lán fyrir ríkið. Ríkislántökurnar heyra undir fjmrn. En hér hefur verið farið fram hjá öllum lögum, líka í því, að samgmrn. mun hafa verið látið ganga fram hjá fjmrn. og auðvitað viljandi, og einn af embættismönnum ríkisins hefur verið látinn skrifa undir lánið, sem er þó algerlega skuldbinding ríkisins og ríkissjóðs.

Ég spyr því hæstv. fjmrh. og vil, að hann svari því greinilega: Telur hann ekki, að þessi lán, sem tekin hafa verið til Keflavíkurvegarins, séu skuldbindingar ríkissjóðs? Er það ekki alveg ljóst, að þetta séu skuldbindingar ríkissjóðs? Í því sambandi duga ekki sams konar vífilengjur og í fyrra, þegar talað var um, að þetta væru skuldbindingar vegagerðarinnar. Getur vegagerðin tekið milljónatugi að láni? Og hver á að borga það? Auðvitað ríkissjóður. Vill ekki hæstv. ráðh. gera það alveg ljóst, segja okkur skoðun sína á því, hvort nokkur vafi sé á því, að hér sé um lán að ræða, sem ríkissjóður verður að standa skil á? Og þá er hér um ríkislántöku að ræða, sem ég endurtek að ekki hefur verið lagaheimild til, svo að nokkrum þm. sé kunnugt um, sem ég hef borið þetta í tal við.

Ég tek það enn fram, að það er málsmeðferðin, sem er fyrir neðan allar hellur og óhugsandi er fyrir hæstv. ráðh. að verja, svo að nokkru gagni komi, en ekki lagning Keflavíkurvegarins.

Ég endurtek: Vill ekki hæstv. fjmrh. skýrt og skilmerkilega, því að undir hann heyra lántökur ríkisins, gera okkur grein fyrir því, hvar lagaheimildin er fyrir því að taka þetta lán?

Hæstv. ráðh. er að reyna á mjög ómyndarlegan hátt að skjóta sér á bak við embættismenn ríkisins í þessu máli. Hann var eitthvað að lesa hér áðan í hálfum hljóðum, sem mér skildist hann hafa eftir ráðuneytisstjóranum í fjmrn. Og síðan er hann að vitna í vegamálastjóra í þessu sambandi. Það er ekki þessara embættismanna að ákveða, hvernig fara skuli með ríkislántökur. Og mér er kunnugt um, að vegamálastjóri skrifaði undir þetta lán eftir fyrirmælum frá hæstv. samgmrh. Það er orðið eitthvað undarlega starfað á vegum hæstv. fjmrh., ef honum er gersamlega ókunnugt um slíkar lántökur, enda vitum við, að honum er vel kunnugt um þær. Og hann getur ekki skotið sér á bak við neina undirmenn sína í þessu efni eða komið nokkurri sök yfir á þá, því að þeir eru ekki í neinni sök.

Það er hans skylda, hæstv. fjmrh., að sjá um, að ríkislán séu rétt tekin og talin fram og ekki leikinn með þau feluleikur á vegum annarra ráðuneyta, eins og manni virðist ráðherrann gefa í skyn um samgmrn. í þessu sambandi.

Það vita allir, að vegamálastjóri hefur auðvitað ekkert í þessu gert annað en fara eftir fyrirmælum frá sínum yfirmönnum, og það dettur engum manni í hug að lá honum það. En þá eiga ekki heldur yfirmenn hans að vera að reyna að skjóta sér á bak við hann á einn eða annan hátt í þessu efni, heldur taka karlmannlega afleiðingunum af því, sem þeir hafa raunverulega gert.

Hingað til hefur það ekki verið siður ráðh. að skjóta sér á bak við einstaka embættismenn varðandi hápólitísk mál, eins og þetta er allt saman, því að þetta er til komið og allt sett á leiksvið á þennan hátt til þess að fara á bak við Alþingi, til þess að komast fram hjá Alþingi.

Ef það var ekki meiningin, var hægt að fara með þetta á eðlilegan hátt, leita sér lánsheimildar, sem vafalaust hefði verið samþykkt. Fjmrn. hefði getað tekið lánið, eins og það á að gera samkv. stjórnskipuninni, því að ríkislántökurnar heyra þar undir, og fært það strax og blátt áfram í ríkisreikninginn. Í staðinn er leikinn allur þessi feluleikur og allur þessi skollaleikur, aðeins til þess að komast fram hjá Alþingi og ekki af neinum öðrum ástæðum.

Svo vil ég að lokum benda á að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh., að það eru ekki færðar afborganir og vextir af þessu láni í fjárlagafrv. Kannske það sé líka vegamálastjóra að kenna? Kannske vegamálastjóri hafi gert

fjárlfrv. eða átt að sjá um það að þessu leyti? Kannske hæstv. fjmrh. ætli að segja okkur, að honum hafi verið algerlega ókunnugt um þetta mál, sem ofan á allt annað hefur hvað eftir annað borizt í tal hér á Alþingi. En hæstv. ráðh. hefur ekki svarað öðru en hálfgerðum útúrsnúningi og vífilengjum um þetta, eins og t. d. í fyrra, þegar ég spurði um lántökur ríkisins hér í hv. Alþingi, þá tók hæstv. ráðh. þetta lán á lánalistann, en þegar ég spurði hann um heimildir og annað í því sambandi, þá sagði ráðh., að þetta lán væri nokkuð sérstakt, það væri tekið á vegum vegagerðarinnar.

Það var eins og vegagerðin væri allt í einu orðin eitthvert sjálfstætt ríki, sem hefði tekið þetta lán, og þá gefið í skyn, að þetta væri óviðkomandi fjármálum og fjárhag ríkissjóðs. Þetta kalla ég vífilengjur, vegna þess að það vita allir, að vegagerðin er ekkert annað en skrifstofa, sem sér um vegamálin, hefur engar sjálfstæðar tekjur, og lán, sem hún tekur eftir fyrirmælum ríkisstj., eru hrein ríkislán og heyra undir hæstv. fjmrh., og hann á að sjá um, að þau komi í ríkisreikninginn eins og önnur ríkislán. Það er ekki skylda vegamálastjóra að semja ríkisreikninginn og ekki heldur fjárlög.

Það er ljóst mál, að greiðslur af þessu láni eru ekki færðar í fjárl., og þó er lán til Keflavíkurvegarins nú orðið miklu, miklu hærra heldur en nemur þeirri fjárhæð, sem tekin var 1961, því að það hefur verið lagt stórfé í veginn á þessu ári. Samt sem áður er ekkert í fjárl. vegna lánanna.

Ég spurði ráðh., hvort hann vildi halda því fram, að það væri vafi á því, að ríkissjóður yrði að standa skil á þessu láni. Hann svaraði því engu. Auðvitað er enginn vafi á því, þannig að við þurfum ekkert svar frá honum í því efni.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um ríkisreikninginn, en í tilefni af því, að hér hefur verið minnzt á samgmrn. og hlut þess í sambandi við Keflavíkurveginn, þykir mér rétt að segja hér aðeins frá því, að ráðuneytisstjórinn í samgmrn. hefur tekið saman skýrslu varðandi lánsheimildina.

Ég var undrandi, þegar ég heyrði það fullyrt í útvarpinu af hv. 1. þm. Austf. (EystJ), að lán til Keflavíkurvegar hefði verið tekið í heimildarleysi. Minntist ég þess þá, að í fyrra, þegar lán var tekið til vegarins af svokölluðu PL-láni gegnum Framkvæmdabanka Íslands, þá var athugað nákvæmlega, hvort nauðsyn bæri til að leita heimildar fyrir lántökunni. Niðurstaðan varð sú, að það væri heimild fyrir hendi og þyrfti þess ekki með.

Þegar ég daginn eftir að þessar umr. fóru fram, þar sem hv. 1. þm. Austf. viðhafði fullyrðinguna, fór að tala við ráðuneytisstjórann um þetta mál, sagði hann og reyndar fleiri, sem ég hafði rætt við: Hann hefur aðeins sagt þetta í hita dagsins óhugsað, og þetta verður tæplega endurtekið. — Ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi hugsað eitthvað svipað og þess vegna ekki fundizt taka því að svara þessum ásökunum.

Ég bað ráðuneytisstjórann um að taka saman grg. um þetta, svo að hún væri til, ef svo ólíklega skyldi ske, að enn væri haldið áfram að fullyrða, að hér væri um lögleysur að ræða.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að lántökur heyra ekki undir samgmrh. og þess vegna mætti hann láta sig einu skipta, hvað fullyrt væri í þessu efni. Það væri hæstv. fjmrh., sem ætti að bera af sér sakir. En ég ætla, að ég hafi gefið nokkra skýringu á því, hvers vegna hann hefur ekki gert það. En þá geta menn spurt: Hvers vegna getur þú þá ekki einnig litið svo á, að þessi fullyrðing sé ekki svaraverð? Ég hygg, að það sé vegna þess, að ég er ekki lögfróður maður og tel þess vegna dálítið miklu skipta að hafa þetta á blaði, staðfest af færum lögfræðingi. Hæstv. fjmrh. er hins vegar lögfróður maður og telur, að þegar hv. 1. þm. Austf. er með fullyrðingar eins og þessar, þá sé tæplega ómaksins vert að vera að hrekja þær. En það, sem ráðuneytisstjórinn tók saman í sambandi við lánið, er sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 17 1953, 1. gr., er Framkvæmdabanki Íslands sjálfstæð stofnun í eign ríkisins. Skv. 9. gr. sömu l. er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast erlend lán bankans, allt að 80 millj. kr., sem síðan var hækkað með l. nr. 39 14. apríl 1954 í 225 millj. kr., með l. nr. 35 29. maí 1957 um 150 millj. þessu til viðbótar eða í 375 millj. kr. alls, með l. nr. 13 29. marz 1961 var ábyrgðarheimildin loks hækkuð í 600 millj. kr., reiknað á því gengi, er var í gildi, er til skuldar var stofnað. Í fjárl. fyrir árið 1961, 22. gr., er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lán, jafnvirði allt að 1 millj. 388 þús. Bandaríkjadollara, sem Framkvæmdabanki Íslands tekur af lánsfé því, sem til fellur skv. samningi um kaup á landbúnaðarvörum, PL-480, sem undirritaður var milli ríkisstj. Íslands og Bandaríkjanna 6. apríl 1960. Skv. samningi 14. júní 1961 milli ICA, Framkvæmdabanka Íslands og Vegagerðar ríkisins var ákveðið, að Framkvæmdabanki Íslands tæki skv. síðarnefndri heimild af PL-480 fé 10 millj. kr. lán, sem endurlána skyldi Vegagerð ríkisins til lagningar Keflavíkurvegar. Gengið var frá lánssamningi um þetta fé 7. des. 1961 milli Framkvæmdabanka Íslands og Vegagerðar ríkisins. Eru þar ákvæði um endurgreiðslu lánsins, lánstíma, vaxtakjör og 1% lántökugjald til Framkvæmdabanka Íslands. Skuldabréf fyrir framangreindri upphæð gaf lántakandi, Vegagerð ríkisins, út 11. júlí 1962 til lánveitanda, Framkvæmdabanka Íslands. Er tilgreint í bréfinu, að þessir aðilar séu lántakandi og lánveitandi.

Heimild Framkvæmdabanka Íslands til lántöku og ábyrgðarheimild ríkissjóðs skv. 22. gr. fjárl. 1961 hefur ekki verið vefengd. Lítið hefur verið svo á, að ekki þyrfti sérstaka lagaheimild til þess, að ríkisstofnun, Vegagerð ríkisins, mætti taka lán sem þetta hjá annarri ríkisstofnun, Framkvæmdabanka Íslands, enda ljóst, að ríkissjóður er þegar skuldbundinn með ábyrgð á hinu erlenda láni, er Framkvæmdabankinn tekur það, og skuldbinding ríkissjóðs eykst ekki, þótt fé þetta sé endurlánað annarri ríkisstofnun.

Um skuld þá, sem getið er um í nál. minni hl. við Seðlabankann, er það að segja, að það var aðeins bráðabirgðalán, sem gerðar hafa verið ráðstafanir til að væri greitt og greiðist af láni, sem fer í gegnum Framkvæmdabankann."

Ég hef ekki meira um þetta að segja. Ég ætla, að fleiri lögfræðingar en ráðuneytisstjórinn í samgmrn. hafi séð þetta plagg og ekki haft við það að athuga. Ég var ekki inni, þegar hv. 1. þm. Austf. var að tala áðan, en það mun þó hafa komið fram hjá honum, að öll meðferð á lagningu Keflavíkurvegar væri nokkurs konar feluleikur, að vegamálastjóra hafi verið sagt að láta þetta ekki koma fram í ríkisreikningunum o. s. frv. Þetta er náttúrlega reginmisskilningur og alls ekki rétt að vera að drótta því að vegamálastjóra, að hann láti nota sig þannig, sem væri þá sama sem að falsa reikninga, enda þótt það þætti boðlegt að bera það á ráðuneytið.

En það þarf enginn feluleikur með þetta að vera og hefur ekki verið. Lánin, sem hafa verið tekin til vegarins, hafa verið tekin skv. heimildum, og Keflavíkurvegurinn, eins og sagt var hér áðan, kemur vitanlega fram í ríkisreikningnum fyrir árið 1962.

Menn eru stundum að velta því fyrir sér, hvers vegna hv. 1. þm. Austf. endurtekur þessar fjarstæður. Ég hefði vel getað fyrirgefið honum, þótt hann hefði sagt þetta einu sinni í hita dagsins óvart. En að endurtaka þetta æ ofan í æ og prenta þetta í víðlesnu blaði, skrökva þannig vísvitandi að öllum landslýð, það er nokkuð, sem er ekki sæmilegt.

Eysteinn Jónsson: Ég er búinn að tala tvisvar og hef ekki nema aths., og ég skal reyna að misnota ekki leyfi hæstv. forseta, þótt raunar væri full ástæða til þess að segja eitt og annað út af þessari síðustu ræðu.

Nú hefur hæstv. fjmrh. útvegað sér skjaldsvein og hann ekki af verra taginu, þar sem hann sendi hæstv. samgmrh. til að útskýra það, hvernig lántökur ríkisins ættu og gætu verið réttilega framkvæmdar.

Fyrst vil ég segja, að hæstv. samgmrh. var að dylgja hér um það, að ég hefði verið að bera það á vegamálastjóra, að hann hefði átt þátt í því að blekkja í þessu efni eða koma fram á þann hátt, sem samsvaraði fölsun ríkisreikninganna, sagði hæstv. ráðh.

Það vita allir þeir, sem hafa heyrt þessar umr., hver það var, sem bar fyrir sig vegamálastjóra. Það var hæstv. fjmrh. Mér hefur aldrei dottið í hug að bera eitt eða annað á hann í þessu sambandi. Mér dettur ekki í hug, að hann hafi gert nokkuð annað í þessu en það, sem fyrir hann hefur verið lagt af hans yfirboðurum. Mér dettur það ekki í hug. Og það er mjög lítilmannlegt af hæstv. ráðherrum að vera að reyna að koma því á vegamálastjóra, að hann eigi hlut í því, að skuldir ríkissjóðs eru ekki allar taldar á ríkisreikningunum.

Nú höfum við fengið upplýst, að lán til Keflavíkurvegarins hafi verið löglega tekið og fyrir því hafi verið lánsheimild, og útskýringarnar, sem hæstv. ráðherrar bera fyrir sig, eru sagðar frá lögfræðingi í stjórnarráðinu. En það segir sitt um málflutninginn, að ráðh. sagði, að það mundi ekki vera talin ástæða til að gera mikið veður út af því, þó að ég fyndi að þessu, þar sem ég væri ekki lögfróður maður, — mundi varla ómaksins vert að ræða það hér á Alþ., hvort ég hefði rétt fyrir mér í þessu efni, þar sem ég væri ekki lögfróður!

En nú hefur ráðherrann skýrslu um þetta efni, sem hefur verið samin í rn., og enn er reynt að skjóta sér í þessu efni á bak við embættismennina.

En hver er svo hugsanagangur ráðuneytisins í þessu, þ. e. hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórnar? Hann er þessi: Framkvæmdabankinn hefur fengið lánsheimild í lögum, og ríkisstj. hefur fengið heimild í l. til að ábyrgjast lán fyrir Framkvæmdabankann, bæði í fjárl. og sérstökum l. Síðan er haldið áfram og sagt: Þar sem Framkvæmdabankinn hefur fengið heimild til að taka lán og hann er ríkisstofnun og þar sem ríkisstj. hefur fengið heimild til að ábyrgjast lán fyrir Framkvæmdabankann, þá getur hvaða ríkisstofnun sem er án heimildar tekið aftur lán út úr Framkvæmdabankanum í hvað sem henni sýnist. — Þetta er hugsanagangurinn í þessum útskýringum hæstv. ráðh. Sá, sem semur þessa grg., segir, að Framkvæmdabankinn hafi lánsheimildir, ríkisstj. hafi heimildir til að ábyrgjast lán fyrir Framkvæmdabankann, og svo er bætt við: Litið hefur verið svo á, að ein ríkisstofnun þurfi ekki sérstakar lánsheimildir til þess að taka lán hjá annarri.

Þetta er rökstuðningur hæstv. ríkisstj. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Er þetta skilningur hans á löggjöf þeirri, sem í gildi er um lántökur? Getur t. d. ríkisstj. tekið hjá Seðlabankanum, sem er líka ríkisstofnun, hvaða lán sem henni sýnist, án þess að spyrja Alþingi, og varið lánsfénu til hvers sem vera skal? En það væri beint framhald af þessum hugsanagangi, sem kom fram í því, sem hér var lesið áðan og haldið fram.

Er það skilningur hæstv. fjmrh., sem sér um lántökur ríkissjóðs, að t. d. ríkisstj. geti tekið lán ekki bara hjá Framkvæmdabankanum, heldur líka hjá Seðlabankanum og ríkisbönkunum yfirleitt, eins og henni sýnist og í hvað sem er, ef hægt væri að grafa

það einhvers staðar upp í lögum, að þessar stofnanir, Seðlabankinn, Framkvæmdabankinn, og aðrar slíkar stofnanir, hefðu lánsheimildir í lögum handa sér og ríkisstj. hefði heimildir til þess að ábyrgjast fyrir þessar stofnanir lánin?

Vitanlega dettur ekki nokkrum þm. í hug að fallast á svona fjarstæðu. Þetta er hreint og beint yfirklór út af láni, sem er, eins og áður hefur verið greint frá, tekið í heimildarleysi.

Síðan sagði hæstv. ráðh.: Það eykur ekkert skuldbindingar ríkisins. — Er það þá sams konar skuldbinding ríkissjóðs að ábyrgjast lán fyrir sjálfstæða bankastofnun eins og Framkvæmdabankann, sem hann stendur straum af sjálfur, og að taka beinlínis ríkislán í ákveðna framkvæmd, sem ríkið á síðan að borga vexti og afborganir af? Okkur er boðið upp á svona málflutning hér á hv. Alþingi!

Það er ekki að furða, þótt fjmrh. vildi heldur, að hæstv. samgmrh. færi hérna í stólinn til að segja þetta. Ég get vel skilið það. En ég álít, að hv. þm. hafi alveg fullan rétt á því að fá útskýringar á því, hvort hæstv. fjmrh. lítur líka svona á, hvort hann lítur þannig á, að hann hafi fulla heimild til þess að taka lán úr ríkisbönkunum í hvað sem honum sýnist og skuldbinda ríkissjóð þannig, og byggir það á því, að bankarnir hafi lánsheimildir handa sér og ríkisstj. heimildir til þess að ábyrgjast lán handa bönkunum, sem þeir standa straum af.

Okkur er öllum ljóst, hvernig þessi löggjöf er og hvernig þetta er vaxið. Það er þannig, að Framkvæmdabankinn hefur heimild til þess að taka þessi lán. En ríkisstj. getur ekki látið stofnanir sínar taka eða sjálf tekið þau lán í það, sem henni sýnist. Hún þarf að hafa heimildir Alþingis til þess, og þeirra hefur hún svikizt um að afla sér í þessu tilfelli. Hún hefur ekki leitað sér þeirrar heimildar, og það er gert af ásettu ráði, til þess að fara bak við Alþingi. Og það er ekki látið duga, heldur hefur hún hugsað sér að láta ekki fyrr en í síðustu lög setja þessa skuld inn í sjálfan ríkisreikninginn og ekki einu sinni greiðslur af henni inn í fjárl. Eða hvernig vill hæstv. fjmrh. útskýra það, að við erum hér með fjárlfrv., þar sem ekki er gert ráð fyrir greiðslunum af þessu láni, sem þó er vitanlega ríkislán, eins og ég hef margsinnis tekið hér fram?

Afborganir og vextir af því verða að greiðast úr ríkissjóði. Þeir eiga að koma á fjárl. og hljóta að koma á ríkisreikninginn, þegar þar að kemur.

Það var þó ágætt, að það tókst loksins að svæla hæstv. stjórn út í þessu sambandi. Nú er nokkuð ljóst, hvernig þetta mál liggur fyrir, og sést þá, eins og vitað var, að það er rétt, sem fram hefur verið haldið um þetta.

Það kann vel að vera, að hæstv. stjórn finnist það bara hégómi að vera að tala um, hvort farið er fram hjá Alþingi varðandi lántökur ríkissjóðs eða ekki. En það er samt enginn hégómi, vegna þess að lántökumálin eru meðal hinna stærstu mála, sem Alþingi fjallar um, vegna þess að lántökurnar eru líka fjárveitingar. Það er verið að veita fé fram fyrir sig. Þær koma jafnóðum inn í ríkisreikninginn sem útgjöld, þegar afborganir og vextir eru greiddir, og það er einmitt þess vegna, sem það er tekið fram í stjórnarskránni, að það skuli leita heimildar Alþingis fyrir lántökunum.

Nú heyrum við þessa nýstárlegu kenningu, að ef ríkisbanki hefur fengið lántökuheimild og ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast fyrir þann banka lántökuheimildina, þá geti ríkisstj. tekið fé að láni úr þeirri bankastofnun án þess að spyrja Alþingi nokkurn skapaðan hlut um. Alþingi komi ekkert við þær ríkislántökur, sem teknar séu hjá ríkisstofnunum. Inn á slíkan skilning gengur vitanlega enginn alþm., enda er augljóst, að þetta er ekkert annað en vandræða yfirklór.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 211).

---

9. Norðurlandasamningur um innheimtu meðlaga.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og segir í aths. við þetta lagafrv., hefur á undanförnum árum farið fram endurskoðun á samningi Norðurlandanna um innheimtu meðlaga, er gerður var árið 1931 og lögfestur hér sama ár, og var síðan gerð breyting á árið 1953, sem lögfest var hér 1954.

Þessi samningur og þessi endurskoðun leiddi til samnings, sem undirritaður var 23. marz 1962. Breytingarnar, sem gerðar voru frá gildandi reglum, varða fyrst og fremst framkvæmdaatriði og miða að því að gera framkvæmd innheimtunnar einfaldari en verið hefur.

Ég sé enga ástæðu til að rekja þetta í einstökum atriðum. Hér er um tæknileg atriði að ræða. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og n., mundi ætla, að annaðhvort allshn. eða heilbr.- og félmn. fengi málið til meðferðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 64).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 7, kveður svo á, að ríkisstj. sé heimilt að auglýsa í Stjórnartíðindum um samning þann, sem undirritaður var í Osló 23. marz 1962 á milli allra Norðurlandanna um innheimtu meðlaga, að hann skuli öðlast gildi. Sjálfur samningurinn er birtur með frv.

Dómsmrn. Norðurlandanna hafa á undanförnum árum endurskoðað fyrri samninga um þetta efni, komið sér saman um samninginn, eins og hann er birtur hér með. Þykir ekki ástæða til þess að rekja hér innihald sjálfs samningsins.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á einum fundi, kynnt sér innihald samningsins ásamt aths., sem fylgja því til skýringar. Leggur n. til einróma, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 13. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í rúm 30 ár hefur verið í gildi samningur milli Norðurlandanna um innheimtu meðlaga, og var sá samningur löggiltur hér árið 1931 og nokkuð breytt árið 1953. Þessi samningur hefur nú verið endurskoðaður á vegum dómsmrn. allra Norðurlanda, og var hann undirritaður 23. marz 1962 í Osló. Breytingar, sem gerðar voru, varða fyrst og fremst framkvæmdaratriði, og miða þær að því að gera framkvæmdir til innheimtunnar einfaldari en verið hefur. Mál þetta, sem fjallar um staðfestingu á Oslóarsamningnum frá því í marz í vetur, hefur þegar verið til meðferðar í Nd. og hlaut þar einróma samþykki, og vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 201).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um að heimila ríkisstj. að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló 23. marz 1962 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, og prentaður er sem fskj. með frv., skuli öðlast gildi. Eldri samningur um þetta atriði var í meginatriðum frá árinu 1931, en sá samningur hefur nú verið endurskoðaður, og af þeirri endurskoðun hefur leitt hinn nýja samning, sem hér er prentaður sem fskj.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 213).

10. Skemmtanaskattsviðauki 1963.

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963 [63. mál] (stjfrv., A. 65).

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það eitt, að heimilt skuli á næsta ári að innheimta skemmtanaskatt með sama álagi og gert hefur verið nú um langt árabil. Sú venja hefur skapazt, að Alþingi samþ. lög um þetta efni til eins árs í senn, og gerir frv. ráð fyrir, að sú venja haldist. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 165).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar eingöngu um það að framlengja þá skipan skemmtanaskatts, sem verið hefur, en hún er jafnan heimiluð til eins árs í senn. Menntmn. er einróma sammála um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 200).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta um heimild til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka á árinu 1963 er að efni til samhljóða frv., sem flutt hafa verið um árabil, en sú venja hefur skapazt, að Alþingi hafi samþ. slíka heimild til eins árs í senn. Menntmn. hefur haft frv. til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 214).

---

11. Ráðstafanir vegna ákvörðunar um nýtt gengi.

Á 30. fundi í Nd., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu [121. mál] (stjfrv., A. 203).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar l. nr. 28 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, voru sett, var gert ráð fyrir því, að þriðjungurinn af meginhluta útflutningsgjaldsins rynni til fiskveiðasjóðs, annar þriðjungurinn til stofnlánadeildar sjávarútvegsins og þriðji hlutinn til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Auk þess voru svo minni háttar greiðslur aðrar. Þá var það einnig ákveðið með lögunum, að árin 1961 og 1962 skyldi stofnlánadeildarhlutinn notaður til greiðslu vátryggingariðgjaldsins einnig, þannig að 62% af útflutningsgjaldinu voru til greiðslu vátryggingariðgjaldanna. Þá var gert ráð fyrir því, að endurskoðun á tryggingarkerfi fiskiskipanna yrði lokið fyrir árslok 1962, og raunverulega er af hálfu ráðuneytisins þessari endurskoðun lokið fyrir alllöngu, en það hefur dregizt að ná samkomulagi við L.Í.Ú. um afgreiðslu málsins, svo að ekki fæst endanleg

afgreiðsla þess fyrr en einhvern tíma á næsta ári, — ég vil vona snemma á næsta ári. En sem sagt, hún liggur ekki fyrir nú. Þess vegna er nauðsynlegt, að stofnlánadeildarhlutinn verði einnig árið 1963 notaður til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipanna, eins og gert hefur verið árin 1961 og 1962.

Þetta frv. fer fram á það að heimila, að stofnlánadeildarhlutinn árið 1963 verði einnig notaður í þessu skyni, og annað er ekki í frv. Mér þykir leitt, að þetta frv. hefur ekki komið fyrr fram. Það hafa orðið nokkur mistök í sambandi við afgreiðslu þess, og þess vegna er mjög naumur tími til stefnu, ef frv. á að fást afgr., áður en þingi verður frestað nú eftir 1, 2 eða 3 daga. Ég vildi því mega fara þess á leit, að frv. yrði vísað til 2. umr., án þess að þurfa að ganga til n. Málið er ákaflega einfalt, og ég vænti, að allir hv. alþm. geti á augnablikinu gert sér ljóst, um hvað er að ræða, og geti einnig léð því sitt samþykki. En ef afgreiðsla málsins á að fást, áður en til þingfrestunar kemur, er nauðsynlegt, að þessi háttur verði hafður á.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar l. nr. 28 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, voru sett, var gert ráð fyrir því, að útflutningsgjaldinu, sem lagt var á útfluttar sjávarafurðir, skyldi að meginhluta skipt á milli 3 aðila, þ. e. a. s. milli fiskveiðasjóðs, stofnlánadeildar sjávarútvegsins og til greiðslu vátryggingariðgjalda fyrir fiskiskip. Þó var sú undanþága gerð, að árin 1961 og 1962 var gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildarhlutinn rynni til greiðslu iðgjalda af vátryggingu fiskiskipa. Þá var ráð fyrir því gert, að nýrri skipan yrði komið á um tryggingar skipanna og sú nýja skipan gæti komið til framkvæmda fyrir árslok 1962.

Nú voru að vísu þessi frv., sem gert er ráð fyrir að semja um tryggingariðgjöld fiskiskipa, tilbúin frá sjútvmrn. fyrir þennan tíma. En það hefur ekki tekizt að ná um þau enn samkomulagi við L.Í.Ú., og hafa frv. því legið hjá forráðamönnum þess síðan seinni hluta þess árs. Ég ætla, að þeir hafi fengið þau til umsagnar í septembermánuði, en þeir gera ekki ráð fyrir því, að þeir geti afgreitt þau frá sér fyrr en á næsta ári, þó væntanlega nokkuð snemma. En það er ekki talið eðlilegt né rétt að fara út í þessa löggjöf, nema samkomulag náist við landssambandið. Það hefur þess vegna borizt ósk frá því um það, að sami háttur verði látinn gilda fyrir árið 1963 og fyrir 1961 og 1962, að stofnlánadeildarhluti útflutningsgjaldsins verði næsta ár, 1963, einnig látinn renna til iðgjaldagreiðslnanna.

Í frv. felst ekkert annað en það, að þau ákvæði, sem giltu fyrir 1961 og 1962, verði einnig látin gilda fyrir 1963.

Mér þykir leitt, að þetta frv. er svona seint fram komið, þannig að lítill tími er til afgreiðslu, þar til þingi verður frestað. En ég vildi leggja á það áherzlu, ef mögulegt væri, að það yrði hægt að koma því fram, áður en þingfrestun á sér stað. Í hv. Nd. var frv. til umr. nú fyrir stuttu og var þar samþ. nefndarlaust við 3 umr. og afgreitt til þessarar hv. deildar. Ég vildi því leyfa mér að fara þess á leit, að frv. mætti fara til 2. umr. nú og það mætti ganga áfram nefndarlaust. Það er svo augljóst, að það á ekki að þurfa nefndarmeðhöndlun, og er ekki að efni til annað en þetta, sem ég hef lýst. Og ég vænti, að hv. þdm. geti hér á það fallizt eins og í hv. Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 217).

12. Fjárlög 1963.

Á 1. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1963 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Samkvæmt þingsköpum fer þessi umræða þannig fram, að fyrst flytur hæstv. fjmrh. fjárlagaræðu, og er ræðutími hans ekki takmarkaður, síðan tala fulltrúar þingflokka og hafa 30 mín. ræðutíma og að lokum hefur hæstv. fjmrh. 15 mín. til andsvara. Að þessu sinni verður röð flokkanna þannig að lokinni framsöguræðu hæstv. fjmrh.: Alþýðubandalag, ræðumaður Lúðvík Jósefsson, Alþýðuflokkur, ræðumaður Birgir Finnsson, Framsóknarflokkur, ræðumaður Eysteinn Jónsson. Hefst nú umræðan, og tekur hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, til máls.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1963 liggur hér fyrir til 1. umr. Rétt er að gera fyrst grein fyrir afkomu ríkissjóðs á s. l. ári.

Þegar ríkisbókhaldið hefur lokið uppgjöri ríkisreiknings, en það var nú á öndverðu sumri, fara yfirskoðunarmenn Alþingis yfir reikninginn og gera athugasemdir sínar. Af hálfu fjmrn. eru samin svör og skýringar í sambandi við þær aths., og að því loknu gera yfirskoðunarmenn tillögur um, hvernig með skuli fara. Reikningurinn er síðan prentaður með aths., svörum og tillögum, og samkv. stjórnarskránni ber að leggja frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir Alþingi. Þessu er nú lokið, og var frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1961 lagt fyrir Ed. Alþingis í gær, tekið þar fyrir til 1. umr. og vísað til 2. umr. og fjhn. Mun það vera í fyrsta sinn, sem fullgerður reikningur fyrir næstliðið ár ásamt frv. um samþykkt á honum er lagt fyrir Alþingi, áður en 1. umr. fjárlaga fer fram.

Yfirskoðunarmenn gera að þessu sinni 28 aths. við ríkisreikninginn, og er það með fæsta móti. Till. þeirra, að svörum fengnum, hafa samkv. venju verið ýmist á þá leið, að þeir telja aths. fullnægt með svarinu eða málið sé upplýst, eða þeir telja, að svo búið megi standa, að aths. sé til athugunar eða eftirbreytni framvegis, og loks, að þeir vísa málinu til aðgerða Alþingis, ef þeim þykir sérstök ástæða til. Í þetta sinn var ekkert atriði, sem yfirskoðunarmenn töldu ástæðu til að vísa til aðgerða Alþingis.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að breyta þurfi þeirri venju, sem hér hafði tíðkazt um langan aldur um endanlega samþykkt ríkisreikninga á Alþingi, að þeir væru ekki lagðir fyrir Alþingi til samþykktar, fyrr en þeir eru orðnir 2—4 ára gamlir. En þessi ósiður hafði viðgengizt lengi. Nú hefur þessu verið breytt. Ríkisreikningar fyrir árin 1959, 1960 og nú fyrir 1961 hafa verið lagðir fyrir Alþingi til samþykktar strax á næsta ári eftir reikningslok. Var að því stefnt varðandi hina tvo fyrri reikninga, að unnt væri að afgreiða þá endanlega á Alþingi fyrir áramót, en sú regla þarf að komast á. En stjórnarandstæðingar lögðu á það mikið kapp, bæði á þingi 1960 og 1961, að koma í veg fyrir, að þessi umbót kæmist í framkvæmd, og tókst að tefja málið í bæði skiptin. En allt er þegar þrennt er, og nú er hin þriðja tilraun gerð til þess að fá ríkisreikninginn endanlega samþykktan fyrir áramót, og vænti ég þess fastlega, að hv. stjórnarandstæðingar láti sér nægja þá gleði að hafa tafið þessa umbót í 2 ár og allir hv. alþm. telji nú tímabært að koma á þessari sjálfsögðu reglusemi í ríkisbúskapnum.

Skal nú gefið hér yfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1961. Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar í fjárlögum 1589 millj. kr., en urðu 1672 millj. og fóru þannig 83 millj. fram úr áætlun. Liggja til þess aðallega tvær ástæður. Tekju- og eignarskattur fór verulega fram úr áætlun. Það stafar einkum af réttari framtölum, sem eiga rót sína að rekja til umbóta á skatta- og útsvarslögum. Og tekjur ríkissjóðs af innflutningi, sem miðast við hundraðstölu af verðmæti innfluttra vara, urðu meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á hinn bóginn urðu tekjur af rekstri ríkisstofnana, — en þar er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins stærsti liðurinn — um 19 millj. minni en fjárlög áætluðu.

Útgjöld ríkisins eru í fjárlögum greind sundur í rekstrarútgjöld samkv. 7.—19. gr. og eignahreyfingar samkv. 20. gr.

Rekstrarútgjöldin, sem voru áætluð 1476.4 millj., reyndust 1509.8 millj., eða 33.4 millj. umfram áætlun. Nemur það um 2.3%. Til samanburðar má geta þess, að á árunum 1946—1958 voru umframgreiðslur á rekstrarreikningi að meðaltali tæplega 11%. Árið 1959 urðu þær 0.8%. 1960 urðu rekstrargjöldin lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, eða 3.7% undir áætlun. Þessar umframgreiðslur árið 1961 stafa einkum af hækkuðu kaupgjaldi á miðju ári og gengisbreytingunni, sem kom í kjölfar þeirra. Launahækkun opinberra starfsmanna um 13.8% frá 1. júlí 1961 mun hafa valdið um 25 millj. kr. hækkun ríkisútgjaldanna á árinu og gengisbreytingin sjálf um 10 millj. kr. hækkun. — Þetta voru rekstrargjöldin.

Útgjöldin samkv. 20. gr. fjárlaga voru áætluð 111.9 millj., en urðu 77.1 millj. eða 34.8 millj. undir áætlun. Flestir liðir 20. gr. fylgdu áætlun, en vegna stofnunar ríkisábyrgðasjóðs samkv. lögum frá síðasta Alþingi þurfi ekki að greiða úr ríkissjóði 38 millj. kr., sem áætlað hafði verið í 20. gr. fjárlaga, vegna áfallinna ríkisábyrgða. Í ríkisábyrgðasjóðinn var ákveðið að rynni verulegur hluti af gengishagnaði útflutningsbirgða í ágúst 1961.

Heildarútgjöld ríkissjóðs samkv. fjárlögum, þ. e. bæði rekstrargjöld og útgjöld samkv. 20. gr. fjárlaga, voru áætluð rúmar 1588 millj., urðu tæpar 1587 millj., eða rúmlega 1 millj. undir áætlun.

Þar sem ríkisreikningurinn og frv. um samþykkt á honum liggur nú fyrir Alþingi, get ég verið stuttorðari en ella um einstök atriði hans. Auk tekna og gjalda samkv. fjárlagaliðum eru ýmsar útborganir og innborganir hjá ríkissjóði, sem hafa áhrif á greiðslujöfnuðinn. Eru það einkum breytingar geymslufjár, veitt lán, aukið rekstrarfé ríkisstofnana, fyrirframgreiðslur vegna fjárlaga næsta árs o. fl.

Þegar finna skal greiðslujöfnuð ríkissjóðs, þ. e. a. s. greiðsluafgang hans eða halla, hafa fleiri reglur en ein verið viðhafðar. Í ríkisreikningnum fyrir 1961 hefur nú eins og 1960 verið tekin upp grg. um greiðslujöfnuðinn, en slíka grg. hefur ekki verið að finna áður í ríkisreikningum. Í þeim skýringum kemur það m. a. fram, að sú aðferð, sem ríkisbókhaldið hefur haft, er nokkuð frábrugðin þeim reglum, sem Seðlabanki Íslands notar. Þessi munur liggur m. a. í því, hvernig telja skuli breytingar á geymslufé, fyrningar o. fl. Samkv. aðferð ríkisbókhaldsins varð greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1961 um 57 millj. kr. Seðlabanki Íslands hefur um nokkurra ára skeið notað aðra reikningsaðferð við ákvörðun greiðslujafnaðar ríkissjóðs, og hefur það komið fram í tímariti bankans, Fjármálatíðindum. Seðlabankinn notar hér svipaða aðferð og ýmsar alþjóðlegar fjármálastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Alþjóðabankinn og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Í stuttu máli er hún fólgin í því, að reiknuð er sú breyting, sem orðið hefur á árinu á sjóði, bankainnstæðum og lausaskuldum ríkissjóðs. Ef breytingin á þessu þrennu samanlagt er jákvæð, hefur orðið greiðsluafgangur, sem því nemur, ef hún er neikvæð, er greiðsluhalli. Samkv. þessum reglum, sem nú hafa hlotið allalmenna viðurkenningu, var greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1961 72.4 millj. Þessi regla Seðlabankans og alþjóðlegra fjármálastofnana er einföld í notkun, gefur glögga mynd af afkomu ríkissjóðs og gerir auðvelt að átta sig á áhrifum afkomu ríkissjóðs á efnahagslífið. Til fróðleiks skal hér getið um greiðslujöfnuð ríkissjóðs árið 1950 og síðan samkv. þessari aðferð Seðlabanka Íslands.

1950 var greiðsluafgangur 23.9 millj. 1951 var greiðsluhalli 9.1 millj., 1952 greiðsluhalli 38 millj., 1953 greiðsluafgangur 7.2 millj., 1954 greiðsluafgangur 15.5 millj., 1955 greiðsluhalli 5 millj., 1956 greiðsluhalli 28.4 millj., árið 1957 greiðsluhalli 36.8 millj., árið 1958 greiðsluafgangur 52.7 millj., árið 1959 greiðsluafgangur 13.2 millj., árið 1960 greiðsluafgangur 35.4 millj. og árið 1961 greiðsluafgangur 72.4 millj. Þetta eru tölurnar samkv. þeim reglum, sem Seðlabankinn og alþjóðlegar fjármálastofnanir nota.

Nú munu menn spyrja: Þarf að ríkja einhver óvissa um það, hvernig reikna skuli raunverulega afkomu ríkissjóðs á hverju ári? Er ekki hægt að setja um það fastar reglur og skapa samræmi frá ári til árs? Svarið er, að að þessu er einmitt unnið. Nú hefur á annað ár verið undirbúin ný löggjöf um ríkisbókhald og endurskoðun. Er gert ráð fyrir verulegri breytingu á gerð fjárlaga og ríkisreiknings til þess að fá glögga mynd af afkomu ríkissjóðs og gott samræmi milli fjárlaga og ríkisreiknings. En eins og hv. alþm. er kunnugt, skortir mjög á, að svo sé nú. Oft er örðugt um samanburð á fjárlögum, ríkisreikningi og frv. til laga um samþykkt á honum. Með undirbúningi þessarar nýju löggjafar er m. a. að því stefnt að fá slegið fastri reglu um það, hvernig reikna skuli greiðslujöfnuð, greiðsluafgang eða halla ríkissjóðs, sú regla verði lögfest og þar með tryggt samræmi milli ára, svo að um þetta þurfi ekki að deila. Drög að slíku frv. og ýtarleg grg. hafa verið samin og eru nú til athugunar hjá ýmsum sérfræðingum um þessi efni. En hér er um að ræða mjög nauðsynlega umbót í ríkisrekstrinum, sem þarf að koma í framkvæmd sem fyrst, en jafnframt verður að vanda mjög allan undirbúning þeirrar umbótar.

Skuldir ríkissjóðs eru í árslok 1961 taldar um 995 millj. kr. Þær hafa lækkað um 348 millj. á árinu, en sú skuldalækkun liggur fyrst og fremst í því, að Seðlabankinn hefur með samningi við fjmrn. tekið að sér skuldir við Alþjóðabankann og Gjaldeyrissjóðinn. Það er nýmæli í skuldamálum ríkissjóðs, að tekjuafgangi ársins var nú fyrst og fremst ráðstafað til að greiða upp lausaskuldir ríkisins. Þær voru í ársbyrjun 1961 42.8 millj. kr., en voru greiddar að fullu á árinu. Í lok 1961 voru því engar lausaskuldir hjá ríkissjóði. En lausaskuldir ríkissjóðs hafa undanfarin ár verið sem hér segir miðað við árslok: 1950 91.9 millj., 1951 84.4 millj., 1952 80.5 millj., 1953 72.8 millj., 1954 69.2 millj., 1955 105 millj., 1956 31.5 millj., 1957 89.5 millj., 1958 voru þær 60.8 millj., árið 1959 voru þær 28.1 millj., árið 1960 42.8 millj. og í lok ársins 1961 engar.

Eignir ríkisins umfram skuldir, — það, sem kallað er skuldlausar eignir, — eru nú taldar 1292.4 millj. kr. og höfðu aukizt um 1.4 millj. á árinu.

Varðandi horfur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1962 er þess að geta, að rekstrartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar í fjárlögum 1748.8 millj. og rekstrarútgjöld 1637.7 millj. 30. sept. s. l. voru rekstrartekjur orðnar 1347 millj. og

rekstrarútgjöld 1293.8 millj. Tekjur af innflutningi munu reynast nokkru meiri en ráðgert var, bæði sökum vaxandi magns innfluttra vara svo og þess, að samsetningur innflutningsins virðist færast í það horf, að tolltekjur af hverri krónu verði meiri. Enn fremur má búast við, að tekju- og eignarskattur verði hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Á hinn bóginn munu verða umframgreiðslur á liðnum til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands og til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Enn fremur munu launabætur þær, er veittar hafa verið á árinu, óhjákvæmilega valda umframgreiðslum. Eins og nú horfir, er rétt að gera ráð fyrir greiðsluafgangi hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári, en ógerlegt er að svo komnu að nefna tölur um það efni.

Heildarútgjöld fjárlaga fyrir yfirstandandi ár voru áætluð 1748.7 millj. kr. Heildarútgjöld fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem hér liggur fyrir, eru áætluð um 2113.4 millj., og er það hækkun um 364.7 millj. kr. Sú upphæð skiptist þannig, að áætlun um rekstrarútgjöld hækkar um 347.5 millj., en útgjöld vegna eignahreyfinga á 20. gr. um 17.2 millj. Í frv. er gert ráð fyrir greiðsluafgangi á næsta ári, sem nemur um 12.8 millj. kr.

Ástæður til þeirra hækkana, sem eru á þessu fjárlagafrv. frá gildandi fjárlögum, eru einkum þær, sem nú skal greina:

1) Vegna fólksfjölgunar í landinu hækka ýmsir liðir óhjákvæmilega frá ári til árs. Má þar nefna sem dæmi kostnað við kennslumál vegna fjölgunar barna og unglinga við nám. Á rekstrarreikningi hækkar kostnaður við skólamálin um 18.4 millj., og á 20. gr. hækka framlög til byggingar menntaskóla og kennaraskóla um 2 millj. Kostnaður við kennslumálin hækkar þannig um rúmar 20 millj. kr.

2) Framlög til félagsmála hækka um 85.9 millj. Framlagið til atvinnuleysistryggingasjóðs er að upphæð 32.9 millj. á næsta ári. Í gildandi fjárlögum var gert ráð fyrir, að framlagið fyrir þetta ár yrði greitt á nokkrum árum. Hefur nú verið ákveðið, að það greiðist á næstu 4 árum, og er fyrsta fjárveitingin vegna framlags fyrir árið 1962 tekin upp í fjárlagafrv. nú, en það eru 6 millj. og 875 þús. kr. Þá má vænta breytinga á lögum um almannatryggingar, en heildarendurskoðun á þeim lögum stendur nú yfir. Má gera ráð fyrir nokkrum breytingum, er hafa í för með sér aukin útgjöld, m. a. þeirri breytingu, að allt landið verði nú gert að einu verðlagssvæði. Í frv. er áætlað framlag vegna væntanlegra breytinga á lögum um almannatryggingar 20 millj. kr. Þá hækka einnig framlög til byggingarsjóðs verkamanna, til sjúkratrygginga og kostnaður við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

3) Vegna endurreisnar í stofnlánamálum landbúnaðarins með lögum frá síðasta þingi hækka framlög ríkissjóðs um 9 millj. kr.

4) Vegna laga um aflatryggingasjóð hækka framlög ríkissjóðs um 9 millj. kr.

5) Niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 130 millj. frá núgildandi fjárlögum. Þegar áætlun varð gerð um þennan lið í fjárlögum þessa árs, stóð yfir athugun og endurskoðun á niðurgreiðslukerfinu í heild með það fyrir augum, að draga mætti úr þessum kostnaði. Niðurstaðan af þeirri athugun varð sú, að hætt var við niðurgreiðslu á kartöflum, en aðrar breytingar reyndist ekki unnt að gera. Í þessu sambandi er rétt að benda á þá staðreynd, að neyzla hinna niðurgreiddu vara vex mjög ört. Neyzla landsmanna á kjöti, mjólk, smjöri og fleiri landbúnaðarvörum eykst um 10% á ári, á sama tíma sem fólkinu í landinu fjölgar aðeins um 2%. Ástæður þessarar miklu neyzluaukningar, að neyzlan eykst fimmfalt á við fólksfjölgunina, eru væntanlega einkum tvær: önnur batnandi afkoma landsmanna, hin, að hið niðurgreidda verð er lægra hlutfallslega en annað verðlag í landinu, og þessar ástæður kalla á aukna neyzlu. Þessa staðreynd er rétt að hafa í huga í sambandi við niðurgreiðslur í framtíðinni á nauðsynjavörum. Heildarfjárhæð til niðurgreiðslu á vöruverði og til uppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur er áætluð 430 millj. í stað 300 millj. í gildandi fjárlögum. Á grundvelli þess magns af landbúnaðarvörum, sem seldist innanlands 1961, eru útgjöld til niðurgreiðslu áætluð 352 millj., en til uppbóta á útfluttar afurðir 60 millj. Samkv. fenginni reynslu þótti svo rétt að hækka þessa áætlun um ca. 5% vegna meiri söluaukningar en gert er ráð fyrir í þessum áætlunartölum.

6) Í september s. l. var samkv. hinum nýju lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samið um 7% launahækkun til handa ríkisstarfsmönnum. Undirbúningi fjárlaga var þá svo langt komið, að ekki þótti gerlegt að endurreikna launaliði í frv. vegna þessarar uppbótar. Þess vegna er uppbótin áætluð í einu lagi á 19. gr. Á. s. l. vori var ákveðið að greiða kennurum sérstaka kaupuppbót vegna aukastarfa, sem ekki eru önnur ákvæði um, hvernig greiða skuli, og samsvarar þóknunin greiðslu fyrir 4 stundir á viku þann tíma, sem skóli starfar. Hefur þótt rétt að fá fjárveitingu fyrir þessari launauppbót fyrir árin 1962 og 1963. Framangreindar launauppbætur til ríkisstarfsmanna og séruppbætur til kennara eru áætlaðar 65 millj. kr.

7) Framlög til ýmissa verklegra framkvæmda eru hækkuð. Þannig hækka framlög til flugvallagerðar úr 10.7 millj. upp í 12.7 millj., eða um 2 millj. Framlag til vegaviðhalds hækkar um 5 millj., úr 78 í 83 millj. Framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækka um 3.2 millj., úr 13.8 upp í 17 millj. Til aukningar landhelgisgæzlu er fjárveiting hækkuð um 3.4 millj., upp í 8.4, og er það bæði vegna greiðslu afborgana og vaxta af kaupverði varðskipsins Óðins og vegna kaupa á gæzluflugvélinni Sif. Þá er nýr liður, 3½ millj., til smíði tveggja nýrra flóabáta, Djúpbáts og Stykkishólmsbáts. Áætlaður byggingarkostnaður hvors báts er 7 millj., og mun ríkissjóður greiða helming smíða-

kostnaðar. Gert er ráð fyrir, að greiða þurfi 1 millj. af framlagi ríkissjóðs til hvors báts við undirritun smíðasamnings og 750 þús. að auki til hvors þeirra á árinu 1963. Þess vegna nemur fjárlagaliðurinn nú 3½ millj. Síðan er gert ráð fyrir 250 þús. kr. árlegri fjárveitingu til greiðslu hluta ríkissjóðs, unz greiddur hefur verið helmingur byggingarkostnaðar.

Hér hefur verið getið stærstu liðanna, sem valda hækkun á gjaldahlið fjárl., og sést af þeim, í hverju meginhluti hækkunar fjárlfrv. er fólginn.

Ég skal þá vikja að tekjuáætlun frv.

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar á næsta ári 2126.2 millj., og er það hækkun um 374.2 millj. frá gildandi fjárl., án þses að skatt- eða tollstigar séu hækkaðir eða nýjar álögur upp teknar. Þessar ástæður valda aðallega auknu ríkisteknanna:

1) Vaxandi innflutningur, sem skilar að óbreyttum tollstigum um 270 millj. kr. hærri tekjum en fjárlög nú gera ráð fyrir. Þá er miðað við innflutning, sem nemi um 3500 millj. á næsta ári. Hinn vaxandi innflutningur stafar af aukinni framleiðslu, vaxandi kaupgetu og frjálsari innflutningi.

2) Vaxandi velta innanlands, enda er gert ráð fyrir, að 3% söluskatturinn skili 247.6 millj., eða 32.6 millj. meira en í gildandi fjárlögum.

3) Hækkandi tekjur landsmanna bæði vegna almennra kauphækkana og aukinnar framleiðslu, einkum síldveiði. Tekju- og eignarskattur er áætlaður 155 millj. eða 60 millj. hærri en í gildandi fjárlögum. Koma hér einnig til áhrif skattalaga, sem óvefengjanlega valda réttari framtölum.

Þessir þrír liðir, sem ég gat um sérstaklega, nema um 360 millj. kr. áætluðum tekjuauka. Auk þess hækka nokkrir smærri liðir, og vísa ég til grg. fjárlfrv. um þau atriði.

Ég skal þessu næst víkja í stórum dráttum að helztu gjaldaliðum fjárlfrv.

Í 7. gr. fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að vaxtagreiðslur nemi 10.6 millj. kr. Það er hækkun um 1.4 millj. frá gildandi fjárl. og stafar aðallega af kaupum á húseigninni Borgartúni 7, sem ég mun koma nánar að í öðru sambandi.

8. gr. er kostnaður við æðstu stjórn landsins, 1.6 millj.

9. gr. er til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga, 12.6 millj.

10. gr., til ríkisstj., en þar er innifalinn allur kostnaður við utanríkisþjónustuna, er 50.6 millj. kr.

11. gr. er í þrem liðum. Það er fyrst A, dómgæzla og lögreglustjórn, sem er áætlað að kosti 96.1 millj., en í því er innifalinn kostnaður við landhelgisgæzluna, 11. gr. B, kostnaður við innheimtu tolla og skatta, 32.1 millj., og C, sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur, 2.2 millj. kr.

12. gr. fjallar um læknaskipun og heilbrigðismál, og er kostnaður samkvæmt henni 66.1 millj. kr.

13. gr. skiptist í nokkra undirkafla. Eru þar fyrst vegamál, en til þeirra á að verja 114.2 millj. kr. Þá eru samgöngur á sjó 17.6 millj., vitamál og hafnargerðir 34.1 millj., flugmál 12,2 millj. Ég vil geta þess í sambandi við flugmálin, að þetta er aðeins rekstur flugvallanna, en hins vegar er annar liður, sem er nokkru hærri en þetta, á 20. gr. til nýrra flugvalla. Þá er veðurþjónusta 5.2 millj. og ýmis mál, m. a. ferðaskrifstofa ríkisins, ferðamál, land- og sjómælingar o. fl., 6.5 millj.

14. gr. skiptist í tvo undirliði. Það er A, kennslumál, og er gert ráð fyrir, að þau kosti 241.4 millj. kr. B er til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi, 15.5 millj.

15. gr. er um kirkjumál, og eru veittar til þeirra 16.5 millj.

16. gr. skiptist í fimm undirliði. Eru þar fyrst landbúnaðarmál 95.2 millj., þá sjávarútvegsmál 36.7 millj., þá iðnaðarmál 5.8 millj., þá raforkumál 31.8 millj. og loks rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl. 12.7 millj.

17. gr. fjallar um félagsmál, þar með framlög til almannatrygginga, og nema þau í fjárlfrv. fyrir næsta ár 504.4 millj. kr.

18. gr. er til eftirlauna og styrktarfjár, 42.3 millj.

19. gr., sem heitir: til óvissra útgjalda o. fl., er 521 millj., en þar er aðalliðurinn að sjálfsögðu 430 millj., sem ætlaðar eru til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem samkvæmt gamalli venju eru hafðar á 19. gr. Á þessari 19. gr. er einnig sá liður, sem ég gat um hér áðan, til launauppbóta, 65 millj. kr.

Þetta voru útgjöldin samkvæmt rekstrarreikningi fjárl., þ. e. skv. 7.—19. gr.

Í 20. gr. fjárl., sem kölluð er: eignahreyfingar, eru útgjöldin áætluð 128.1 millj. Þar af eru stærstu liðirnir afborganir lána ríkissjóðs 20.1 millj., framlag til ríkisábyrgðasjóðs 38 millj., til bygginga ríkisspítalanna 7.2 millj., til flugvalla 12.7 millj., til ýmissa skólabygginga á vegum ríkisins 8.4 millj., til byggingar lögreglustöðvar 3 millj., og skal ég ekki rekja það hér lengur. En þó vildi ég af sérstöku tilefni minnast á einn lið í 20. gr., sem er hækkaður nú frá gildandi fjárl., og það er til byggingar menntaskólans í Reykjavík. Í gildandi fjárl. voru veittar 2 millj., og sú fjárveiting er nú hækkuð upp í 3 millj. Á undanförnum árum hefur safnazt saman nokkurt fé, sem veitt hefur verið til byggingar menntaskóla, og er nú eftir af fyrri fjárveitingum ónotað um 5.2 millj. kr. Húsnæðismál menntaskólans eru eitt af hinum mestu nauðsynjamálum, sem vinda þarf bráðan bug að því að hrinda í framkvæmd. Það er aðkallandi að ákveða, hvert stefna skuli í þeim málum, hvort það á að byggja nýtt menntaskólahús og þá væntanlega á þeim grunni, sem grafinn var fyrir nokkrum árum í Hlíðum suður, eða hvort á að byggja viðbótarbyggingar austanvert við núverandi menntaskóla eða gera hvort tveggja, og tel ég það æskilegast. Gamli menntaskólinn, sem þar hefur starfað

í yfir eitt hundrað ár, á að starfa áfram. Slíkar minningar eru tengdar við það hús, að því verður að halda við, svo lengi sem kostur er. Það er ekki aðeins vegna skólahaldsins sjálfs, heldur var þar Þjóðfundurinn haldinn, Alþingi í mörg ár, þar sat Jón Sigurðsson öll sín þing, því að alþingishúsið, sem við nú erum í, var ekki byggt fyrr en að honum látnum. Ég ætla, að það sé mjög aðkallandi að taka sem fyrst ákvarðanir um, hvert stefna skuli í byggingarmálum menntaskólans, og afla samþykkis skipulags- og byggingaryfirvalda í þeim efnum. Þegar þetta liggur fyrir, sem ég vona að verði áður en langt um líður, á ekki að standa á fé til þessara nauðsynlegu framkvæmda. 5.2 millj. eru sem sagt geymslufé og 3 millj. er gert ráð fyrir að veita í fjárlfrv. fyrir 1963. Og um leið og hafizt verður handa af myndarskap og röggsemi, verður að hækka fjárframlögin frá ríkinu og auk þess að útvega lánsfé, eftir því sem nauðsyn er, því að í þessum málum má enginn dráttur lengur verða, svo mikið er í húfi fyrir æsku Reykjavíkur og æsku alls landsins, auk þess sem hér er þjóðarmetnaður á bak við.

Í sambandi við þessa grg. fyrir einstökum tekju- og útgjaldagreinum fjárl. og þeim hækkunum, sem af ýmsum ástæðum hljóta að verða á tekjum og gjöldum ríkisins, þykir mér rétt að minnast hér nokkuð á sum þau atriði, sem starfað hefur verið að varðandi hagsýslu, hagræðingu og sparnað í vinnubrögðum á vegum ríkisins.

Í síðustu fjárlagaræðu gat ég um nokkur þau atriði í þessum efnum, sem ýmist væru komin til framkvæmda eða á undirbúningsstigi. M. a. gat ég þess þá, að í vegaframkvæmdum hefði orðið veruleg umbót, einkum í því efni, að við skiptingu vegafjár hefði verið farið inn á nýjar brautir. Það var öllum mönnum orðið ljóst, að með því að skipta vegafénu á mjög marga staði, þannig að aðeins lítið kom í hlut hvers, var verið að kasta peningum á glæ, því að oft fór meginhluti fjárveitingar til tiltekins vegar fyrst og fremst í það að flytja mannskap og verkfæri og vélar á staðinn og þaðan aftur. Í fjárl. 1959 var vegafénu skipt niður á 219 staði. Í fjárl. fyrir 1960, 1961 og 1962 var snúið við á þessari braut og fækkað þeim vinnustöðum, sem ætti að vinna að hverju sinni, en fjárveitingin aukin að sama skapi, þannig að á yfirstandandi ári hafa þeir staðir, sem fjárveitingarnar hafa farið í, verið 132, í staðinn fyrir 219 árið 1959. Á því er enginn vafi, að af þessari fækkun vinnustaða og þá hækkun fjárveitingar í hvern stað leiðir betri nýtingu fjárins, og sparast þannig mikið fé, sem kemur landsmönnum til góða í því, að þeir fá meiri vegagerð fyrir sama fé.

Sameining á innheimtu þinggjalda, útsvars, fasteignagjalda til borgarsjóðs Reykjavíkur og sjúkrasamlagsiðgjalda til Sjúkrasamlags Reykjavíkur er nú komin í kring, og hóf innheimtustofnunin nýja starfsemi sína 1. sept. s. l. undir nafninu Gjaldheimtan. Þess er að vænta, að skattborgurum þyki hagkvæmara að geta greitt öll sín gjöld á einum stað í stað þriggja eða fleiri áður. Nú þegar Gjaldheimtan er komin á stofn, virðist áætlunin um kostnað við hana hafa verið nærri lagi, og má vænta þess, að fyrir ríkissjóð verði af þessari endurskipulagningu sparnaður, sem nemi eigi minna en 2½ millj. kr. á ári, en auk þess mikill sparnaður fyrir aðra þá aðila, sem að innheimtustofnuninni standa. Þessi framkvæmd er einn þáttur í breyttu skipulagi við álagningu og innheimtu skatta og tolla í ríkissjóð, og meðan við þennan þátt var unnið, hafa aðrir þættir verið látnir bíða, enda var beðið eftir breytingunni á skattalögunum, sem gerð var nú í ár, áður en lengra yrði haldið. Nú er ný tollskrá einnig í undirbúningi. Verður nú haldið áfram undirbúningi þess hvors tveggja að koma á sparnaði og bættum vinnubrögðum við álagningu og innheimtu skatta og tolla í ríkissjóð, en á því er enginn vafi, að eins og sparnaður verður mikill við gjaldheimtuna, sem ég nefndi, þá er einnig hægt að spara mikið fé varðandi þessi atriði.

Eins og minnzt var á í fyrra, hefur verið til athugunar kostnaður við bifreiðar og vinnuvélar ríkisins. Sú athugun er komin töluvert áleiðis og svo langt, að nú þegar má sjá, að mjög mikils sparnaðar er að vænta með skynsamlegri endurnýjun á bifreiða- og vélakosti. Það er auðséð, að tugir milljóna fara árlega í súginn vegna þess, hve lélegar og viðgerðarfrekar flestar bifreiðar og vinnuvélar ríkis og ríkisstofnana eru. Það er ljóst, að endurnýjun getur ekki dregizt lengur og að verja þarf miklu fé til hennar á næstu árum. Sparnaður í viðgerðum á að verða mjög mikill, auk þess sem betri nýting á hverju einstöku hinna nýju tækja þýðir, að fækka má tækjum og halda þó sömu afköstum og áður.

Undanfarið hafa t. d. ríkisstofnanir, sem hafa haft mikið af gömlum bifreiðum og vinnuvélum í notkun, neyðzt til að koma sér upp miklum varahlutabirgðum til að tryggja sig gegn því, að tæki þeirra stöðvuðust hvað eftir annað vegna varahlutaskorts. Slíkar varahlutabirgðir draga til sín óhemju fé, og nema vextir af því fé, sem liggur í samantöldum varahlutabirgðum ríkisstofnana, nú nokkrum milljónum. Sem dæmi má geta þess, að varahlutabirgðir Vegagerðar ríkisins einnar munu nú nema um 22 millj. kr. Ef endurnýjun tækjanna fer mátulega ört fram, losnar þetta fé að miklu leyti, og jafnframt verður að reyna að samræma og sameina hinar ýmsu varahlutabirgðir ríkisstofnana. Sú athugun, sem fram hefur farið í þessu efni, hefur einkum snert nokkrar ríkisstofnanir, og urðu eftirtaldar stofnanir fyrir valinu, vegna þess að þar er um mestan véla- og birgðakost að ræða samkvæmt eðli málsins. Það er vegagerð ríkisins, póst- og símamálastjórn, vita- og hafnarmálastjórn, vélasjóður ríkisins, rafmagnsveitur ríkisins, landnám ríkisins og flugmálastjórn. Við

þá athugun, sem þegar hefur farið fram og ekki er lokið að fullu, hefur það m. a. komið í ljós, að tegundafjöldi hjá þessum stofnunum er 25. Það eru 25 tegundir véla og bifreiða hjá þessum stofnunum og af ýmsum árgerðum og stærðum. Bifreiðar þessara stofnana eru 213 talsins, þegar sú skýrsla var gerð, sem ég hef hér fyrir framan mig, og meðalaldur þessara bifreiða er um 12 ár, þar af eru 15 sendibifreiðar 10 ára og eldri og 37 vörubifreiðar 15 ára og eldri. Mikill hluti bifreiðanna var keyptur hjá sölunefnd varnarliðseigna og aldur þá oft nálægt 20 árum. Varahlutir í ýmsar þessar bifreiðar fást ekki lengur. Af þessu sést, hversu erfitt er og kostnaðarsamt að fá varahluti í þennan gamla, sundurleita og úrelta flota. Fyrir viðgerðir og varahluti voru á s. l. ári greiddar 9.4 millj., og rekstrarkostnaður alls hjá þessum stofnunum á bifreiðum og vélum varð um 18 millj. kr. Í till., sem liggja fyrir um þetta efni, segir m. a.: „Ef tegundum yrði fækkað niður í 5—8 jafnframt endurnýjun tækjanna, sést, hver reginmunur yrði á fjárfestingu vegna varahluta, þar sem vitað er, að notkun þeirra er hverfandi lítil, ef bifreiðarnar eru endurnýjaðar á 3—5 ára fresti.“ Gert hefur verið yfirlit um endurnýjun á 35 jeppum, sem ríkisstofnanir þær, sem hér voru taldar, hafa, og það er gert ráð fyrir því, að ef þeir væru endurnýjaðir, mundi mega spara um 1 millj. kr. á ári í rekstrarkostnaði, þó að í útgjöldum sé gert ráð fyrir afskriftum og vöxtum af útlögðu stofnfé, sem þessi endurnýjun krefst. Og ef hið sama ætti að gera um aðra bifreiðaeign þessara stofnana, má því gera sér í hugarlund, að þar yrði sparnaður, sem næmi mörgum millj. kr.

Þetta mál hefur fengið rækilega athugun, og verða á næstunni tilbúnar till. til framkvæmda í því efni. Á því er enginn vafi, að rétt er og hagkvæmt að ráðast í þessa miklu aðgerð, að endurnýja þennan gamla og úrelta flota eins og tök eru á. En að sjálfsögðu kostar það töluvert stofnfé, meðan verið er að koma því í framkvæmd, en það mun skila sér fljótt.

Í húsnæðismálum ríkisstofnana hefur það m. a. gerzt, að keypt var húseignin Borgartún 7 í Reykjavík, þar sem margar ríkisstofnanir hafa lengi verið til húsa í leiguhúsnæði. Nú er verið að ljúka undirbúningi undir það, að aðrar ríkisstofnanir, sem hafa verið í leiguhúsnæði, flytjist þangað, en eftir athugun á þessu máli kom í ljós, að það væri mjög hagkvæmt fyrir ríkissjóð að festa kaup á þessu húsi, sem margar ríkisstofnanir, eins og ég gat um, voru í leiguhúsnæði í, og er ætlunin að stækka þetta hús, m. a. byggja ofan á hluta þess, en slík bygging yrði töluvert ódýrari en nýbygging, þar sem allar undirstöður eru fyrir hendi. Í fjárlagafrv. er komið inn á þetta mál, bæði þar sem æskt er heimildar í 22. gr. og auk þess kemur þetta fram í vaxtagreiðslum og afborgana á frv. Til skýringar má geta þess, að í þessu húsi eru nú m. a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, embætti fræðslumálastjóra, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins, bifreiðaeftirlit, en gert er ráð fyrir, að fleiri ríkisstofnanir og skrifstofur geti þangað flutt. En til þess að gefa mönnum nokkra hugmynd um þær leigugreiðslur, sem ríkissjóður þarf að inna af hendi, má geta þess, að á s. l. ári námu greiðslur ríkis og ríkisstofnana fyrir leiguhúsnæði 9.4 millj. kr. Með öflun eigin húsnæðis á vegum ríkisins má spara þarna stórar fúlgur.

Ríkissjóður á, þótt hann þurfi að hafa starfsemi sína í margvíslegu og dýru leiguhúsnæði, fjölda húseigna, sem dreifðar eru um allt land. Það eru húseignir á ríkisjörðum, prestsseturshús, aðrir embættisbústaðir og ýmis önnur hús, sem notuð eru í ýmsu skyni. Það er eins með þessar eignir sem bifreiðar og vinnuvélar ríkisins, sem áðan var á minnzt, að mikið fé kann að fara í súginn, ef viðhald er ekki framkvæmt í tæka tíð eða jafnvel alls ekki. Nú er í athugun skipulagning á eftirliti með húseignum þessum og jafnframt á þeim fjölda skólahúsa, sem einnig eru dreifð um land allt, að vísu ekki að nafninu til í eigu ríkissjóðs nema sum, en þó jafnmikið í mun, að haldið sé eðlilega við, af því að ríkissjóður greiðir stóran hluta af stofn- og rekstrarkostnaði skóla. Hér leikur á mjög miklum fjárhæðum, og er gleggst að sjá það á því, hve mikið fé er áætlað í fjárlagafrv. til viðhalds skólahúsanna einna saman. En á því er enginn vafi, að miklu fé þarf að verja á næstu árum til viðgerða og viðhalds á mörgum þessum húsum ríkisins, sem því miður hafa lent í allt of mikilli niðurníðslu.

Í sambandi við þessa starfsemi á sviði hagsýslu, hagræðingar og sparnaðar vildi ég enn nefna árangurinn, sem þegar er sýnilegur af lögunum um ríkisábyrgðir og stofnun ríkisábyrgðasjóðs. Ég skal ekki rekja það mál að öðru leyti en því, að flestum ætla ég að hafi verið ljóst orðið, að hér var stefnt í óefni með ríkisábyrgðirnar, enda fann Alþingi sig knúið til þess fyrir fáum árum að samþykkja þál. um að æskja gagngerðrar endurskoðunar og lagasetningar um þessi mál. Það er einkum ein breyting, sem gerð var með hinum nýju lögum um ríkisábyrgðir, sem þegar er farin að sýna áhrif sín í sparnaðarátt. Áður fyrr var það aðalreglan, að þegar ríkið gekk í ábyrgð, var það sjálfskuldarábyrgð, sem þýðir, að ef skuldari greiddi ekki á réttum gjalddaga, gat lánveitandinn snúið sér beint til ríkissjóðs án þess að reyna innheimtu hjá skuldaranum. Með hinum nýju lögum var breytt til gagngert, þannig að hér eftir skyldi meginreglan vera einföld ábyrgð, en það þýðir, að þegar ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir einhvern aðila og ekki er greitt á réttum gjalddaga, verður lánveitandinn fyrst að reyna innheimtu hjá sjálfum skuldaranum og kanna til þrautar, hvort hann er borgunarmaður fyrir, áður en hann snýr sér að ríkissjóði.

Nú er það svo, að frá þeim tíma, í marzlok 1961, sem lögin voru afgreidd frá Alþingi,

hefur þessari reglu verið fylgt að veita einfaldar ábyrgðir. Nú er að sjálfsögðu nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að halda áfram veitingu ríkisábyrgða í mjög mörgum tilfellum til þess að greiða fyrir margvíslegum nauðsynlegum framkvæmdum, bæði sveitarfélaga og annarra aðila. Og síðan lögin öðluðust gildi, hafa verið veitt lán með einfaldri ábyrgð að upphæð 145.6 millj. kr. Nú er komið hálft annað ár síðan, og að sjálfsögðu hefur nokkuð af vöxtum og afborgunum fallið í gjalddaga á þessu tímabili, en ríkissjóður hefur ekki þurft að greiða enn þá einn einasta eyri af þessum ábyrgðalánum. Að sjálfsögðu mun það verða svo á næstunni, að mikið af eldri sjálfskuldarábyrgðum er í gildi og heldur gildi um margra ára skeið, þær sem búið var að gangast undir áður, og þess vegna er viðbúið, að töluverðar greiðslur falli á ríkið eða ríkisábyrgðasjóð á næstu árum. En sú litla reynsla, sem þegar er fengin af breytingunni í einfalda ábyrgð, boðar vissulega gott og sýnir, að hér var farið inn á rétta braut.

Að lokum vil ég segja það, að auk hins beina sparnaðarárangurs, sem leitt hefur af hagsýsluaðgerðum síðustu ára, er þegar farið að bera á því, að forstöðumenn ríkisstofnana og aðrir starfsmenn þeirra séu farnir að fá og sýna meiri áhuga fyrir skipulagsbreytingum og hagræðingu í sparnaðarátt en áður var, og hraðvaxandi skilningi virðist vera að mæta í þessum efnum.

Núv. ríkisstj. hefur nú haldið um stjórnvölinn í nærfellt þrjú ár. Í tíð hennar hafa þrenn fjárlög verið samin og þau fjórðu nú lögð fyrir Alþingi. Þegar litið er yfir heildarsvip fjármála ríkisins á þessu tímabili, blasa við augum m. a. þessar myndir:

1) Einn þáttur í viðreisnaraðgerðunum í febrúar 1960 var breyting á tekjuöflunarkerfi ríkisins, m. a. með lögfestingu söluskatts og lækkun tekjuskatts. Síðan hafa verið sett saman og lögð fyrir Alþingi fjárlagafrv. fyrir árin 1961, 1962 og 1963 án þess að hækka nokkra skatta, tolla eða aðrar álögur.

2) Hallalaus fjárlög hafa verið lögð fyrir þing og afgreidd fyrir fjárhagsárin 1960, 1961 og 1962, og svo er einnig um frv. fyrir 1963, sem hér liggur fyrir.

3) Bæði árin 1960 og 1961 varð einnig hallalaus ríkisbúskapur í reynd, en ekki aðeins í fjárlögunum. Greiðsluafgangur varð bæði árin, og svo verður einnig á því ári, sem nú er að líða.

4) Gagnger endurskoðun hefur farið fram og verið lögfest á skattalögum, að frátöldum lækkunum fyrir allan almenning, og heilbrigt skattakerfi skapað fyrir atvinnureksturinn.

5) Tollar voru lækkaðir verulega í nóvember 1961 á ýmsum hátollavörum, þannig að verð lækkaði á mörgum vörutegundum, svo að mjög hefur dregið úr smygli, og ríkissjóður hefur fengið meiri tolltekjur af þessum vörum en áður, eins og kemur fram í því, að á fyrstu sex mánuðum yfirstandandi árs urðu tolltekjur um 17½ millj. meiri en á fyrstu sex mánuðum ársins 1961 af þessum sömu vörum, sem tollar voru lækkaðir á s. l. haust.

6) Allt tollakerfið hefur verið endurskoðað, og ný tollskrá verður lögð fyrir þetta þing með samræmingu tollakerfisins og enn nýrri lækkum aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

7) Unnið er að hagsýslu, hagræðingu á fjölmörgum sviðum ríkisstarfseminnar, til þess að lagfæra skipulag og vinnubrögð, spara ríkisfé og bæta þjónustu. Þessi starfsemi hefur þegar sparað ríkinu stórfé og á eftir að skila enn meiri árangri, áður en langt um líður.

8) Með nýrri löggjöf og framkvæmd varðandi ríkisábyrgðir og stofnun ríkisábyrgðasjóðs erum við nú á góðri leið að losna úr því öngþveiti og þeirri óreiðu, sem fyrirhyggjulitlar ríkisábyrgðir höfðu leitt út í. Hér munar fljótlega tugum milljóna fyrir ríkissjóð.

Og í níunda lagi og ekki síst hafa almannatryggingar verið stórauknar á þessu tímabili, svo að tryggingar á Íslandi eru nú mörgum öðrum þjóðum til fyrirmyndar.

Herra forseti. Ég vildi í lok máls míns bregða upp þessum myndum af fjármálastarfsemi ríkisins á þessu tímabili. Ég hef haldið mig við fjárlögin sjálf og fjármál ríkisins, en ekki farið út í önnur mál, eins og efnahagsmál þjóðarinnar almennt. Ég hef ekki séð ástæðu til í þessari framsöguræðu, sem á að fjalla um fjárlagafrv. fyrir 1963, að hefja almennar umr. um þjóðmál, enda gera þingsköp ekki ráð fyrir því, að 1. umr. fjárlaganna sé gerð að eldhúsdegi. Ef aðrir ræðumenn gefa tilefni til, verður að sjálfsögðu reynt að svara og gefa upplýsingar um önnur mál, eftir því sem efni gefast til.

Ég vil svo að lokum leggja til, að frv. til fjárlaga fyrir árið 1963 verði vísað til hv. fjvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er fjórða fjárlagafrv. núv. ríkisstj. Það fyrsta var fjárlagafrv. fyrir árið 1960. Það er því komin nokkur reynsla á fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. og þá fjármála- og efnahagsmálastefnu, sem hún tók upp og gaf sjálf nafnið viðreisn.

Það var ekkert smáræði, sem átti að gera með hinni nýju fjármálastefnu, sem þjóðinni var boðuð á öndverðu ári 1960. Þá gerðist sá atburður hér á Alþ., sem hafði ekki áður gerzt, að fjárlfrv., sem lagt hafði verið fram, var kastað í ruslakörfuna sem gersamlega ónothæfu plaggi, en nýtt frv., fjárlfrv. viðreisnarinnar, fyrir árið 1960 lagt fram í staðinn. Það var að hefjast nýtt tímabil í sögu þjóðarinnar, sögðu þeir viðreisnarmenn. Það þurfti því nýtt frv. með nýjum tölum og nýjum fyrirheitum í stað hins gamla og úrelta.

Það átti mikið að gerast með hinni nýju viðreisnarstefnu. Mörgu var lofað. Dýrtíðarskriðan skyldi stöðvuð, ekki með neinum bráðabirgðaráðstöfunum, heldur með varanlegum

ráðum. Verðgildi peninganna átti að tryggja í stað sífellt minnkandi krónu áður. Styrkjakerfið skyldi afnema og þar með afleggja það hvimleiða kerfi að greiða uppbætur og styrki til atvinnuveganna. Skattalækkun var lofað. Og síðast, en ekki síst, var því heitið, að umtalsverður sparnaður skyldi gerður í rekstri ríkisins. Mörgu fleira var lofað við upphaf viðreisnarinnar, sem hér er ekki tími til að ræða. En það er ekki alls ófróðlegt að íhuga nokkuð þau loforð, sem hér hafa verið nefnd, og sjá, hvernig þau hafa verið efnd.

Athugum þá fyrst dýrtíðarmálin.

Nokkru áður en viðreisnarstefnan hófst, höfðu núverandi stjórnarflokkar samþykkt að taka upp nýja verðlagsvisitölu. Vísitalan var því 100 í byrjun viðreisnartímabilsins. Þann 1. okt. s. l., eftir tæplega 3 ára viðreisnarstjórn, var svo komið samkvæmt útreikningum hagstofunnar, að vísitalan fyrir vörur og þjónustu var orðin 141 stig eða hafði hækkað um 41%, eða m. ö. o.: meðaltalsverðhækkun á öllum vörum og allri þjónustu, sem vísitöluheimilið er talið þurfa, hefur orðið 41% á tæpum 3 árum. 41 vísitölustig í nýju vísitölunni jafngilda 82 stigum í þeirri vísitölu, sem áður gilti, og geta menn því með einföldum samanburði við það, sem áður var, séð, hvílík gífurleg verðhækkun hefur átt sér stað. Þær matvörur vísitölufjölskyldunnar, sem fyrir viðreisn kostuðu 23 þús. kr., kostuðu 1. okt. s. l. 32 þús. kr. Hiti og rafmagn, sem kostaði fyrir viðreisn 3900 kr., kostaði nú 5300 kr. Þannig eru verðbreytingarnar. Þannig hefur loforðið um stöðvun dýrtíðarskriðunnar orðið í framkvæmd.

Og hvað hefur orðið um verðgildi peninganna, sem viðreisnarstjórnin lofaði að tryggja? Það segir sig auðvitað sjálft, að í slíkri dýrtíðarskriðu sem hér hefur gengið yfir hefur verðgildi peninganna farið síminnkandi. Árið 1957 kostaði t. d. 320 rúmmetra íbúð 350400 kr. samkvæmt Hagtíðindum. Árið 1962 kostaði slík íbúð 521987 kr., eða hafði hækkað í verði um rúmlega 170 þús. kr. Hækkunin ein nemur hærri fjárhæð en hámarkslán húsnæðismálastjórnar, og segir það sína sögu um stuðning viðreisnarinnar við íbúðabyggjendur. Fyrir viðreisn kostaði meðalstór vetrarvertíðarfiskibátur um 3 millj. kr. Nú kostar slíkur bátur um 6 millj. kr. Þannig hefur verðgildi krónunnar breytzt. Þannig hefur þetta loforð viðreisnarinnar orðið í framkvæmd.

Hvað um uppbætur og styrki, sem áttu að afleggjast með öllu? Samkvæmt fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir uppbótar- og niðurgreiðslum, sem nema 430 millj. kr., á árinu 1963. Greiðslur þessar eru uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og niðurgreiðslur á vöruverði innanlands. En auk þessa greiðir ríkið svo um 150 millj. kr. í vátryggingariðgjöld báta- og togaraflotans. Og enn til viðbótar er svo ákveðið með lögum að greiða togaraflotanum í styrki, beint og óbeint, um 60 millj. kr. Á yfirstandandi ári munu uppbótar- og styrkjagreiðslur þessar varla vera undir 640 millj. kr. Styrkjakerfið hefur því ekki verið afnumið í framkvæmd, því fer víðs fjarri.

En hafa skattar þá ekki verið lækkaðir, eins og viðreisnarstjórnin lofaði? Nei, þeir hafa þvert á móti stórhækkað, þegar litið er á heildarskattheimtuna. Það er að vísu rétt, að einn af skattstofnum ríkisins hefur verið lækkaður. Tekjuskatturinn hefur lækkað. En aðrir skattstofnar hafa hækkað á sama tíma um miklu hærri fjárhæðir en sem nemur lækkun tekjuskattsins.

Samkvæmt nýútkomnum skýrslum Framkvæmdabankans kemur í ljós, að heildarskattheimta ríkisins var 600 millj. kr. meiri árið 1960 en árið 1958. Sé samanburður gerður á fyrsta fjárlfrv. viðreisnarinnar 1960 og því frv., sem hér liggur fyrir, kemur í ljós, að á þessum tíma hækka tollar og skattar á þjóðinni um 563 millj. kr. Og séu fjárlög yfirstandandi árs borin saman við frv. fyrir næsta ár, kemur í ljós, að hækka á tolla og skatta á þjóðinni um 354 millj. kr. frá árinu 1962 til 1963. Þannig heldur skattheimtan áfram að aukast ár frá ári. Lækkun tekjuskattsins breytir hér engu um, því að hann var alltaf lítill hluti af heildarskattheimtunni. Það, sem gerzt hefur í skattheimtumálunum, er því í fáum orðum sagt þetta:

Tekju- og eignarskatturinn, sem var um 9% af heildarskattheimtu ríkisins árið 1958, hefur verið lækkaður nokkuð, en jafnframt hafa þeir skattar og tollar, sem námu 91% af heildarskattheimtunni 1958, verið hækkaðir stórkostlega, fyrst með tveimur gengislækkunum og síðan með nýjum og hækkuðum sölusköttum.

Ég kem þá að loforðinu um sparnað í rekstri ríkisins. Heldur hefur farið lítið fyrir því loforði í framkvæmdinni. Að vísu hefur ríkisstj. gert nokkrar lagfæringar í sparnaðarátt, en skammt ná þær í samanburði við aukin útgjöld á öðrum sviðum. Þannig má nefna sem dæmi, að árið 1959 var varið til ríkisstj., til rekstrar ráðuneytanna og skyldra útgjalda 30.6 millj. kr. Á því fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, er áætlað að verja til hins sama 50.6 millj. kr., eða 20 millj. kr. hærri fjárhæð en þá var. Auðvitað stafar nokkuð af þessari hækkun af breyttu verðgildi peninga, en auk þess koma nú til ný ráðuneyti og mörg ný embætti, sem til hefur verið stofnað. Kostnaður af ferðalögum ráðherra, veizluhöldum, bílarekstri, vinnu, sem ráðherrarnir veita flokksmönnum sínum fyrir athugun og undirbúning mála, og fleira þess háttar hefur farið stórhækkandi. Um sparnað í ríkisrekstrinum, þegar á heildina er litið, hefur því ekki verið að ræða.

Þannig hafa loforð viðreisnarstefnunnar rokið út í vindinn eitt af öðru. Dýrtíðarskriðan heldur áfram að falla. Verðgildi peninganna heldur áfram að minnka. Uppbótar- og styrkjakerfið er enn í fullum blóma. Skattar og tollar

fara hækkandi. Og sparnaður hefur ekki orðið í ríkisrekstrinum, heldur þvert á móti aukin eyðsla.

Auðvitað var aldrei ætlun þeirra, sem að viðreisnarstefnunni stóðu, að lækka skatta til þess að auka kaupmátt launa eða bæta kjör. Þeirra ætlan var ekki heldur sú að tryggja verðgildi peninga gagnvart eignum. Grundvallarstefnumið viðreisnarinnar var einmitt að lækka kaupmátt launa, að draga úr ásókn í framkvæmdir. Því var blátt áfram haldið fram, að þjóðin hefði lifað um efni fram, að of miklu hefði verið eytt í ýmiss konar framkvæmdir. Þessu átti að snúa við, og því hefur viðreisnarstefnan miðað að.

Tvær gengislækkanir hafa verið samþykktar á tæpum þremur árum og nýir söluskattar lagðir á. Afleiðingarnar hafa orðið vaxandi dýrtíð og minnkandi kaupmáttur launa. Þannig hafði kaupmáttur tímakaups verkamanna fallið úr 99 stigum 1959 í 83 stig sumarið 1961, þegar verkalýðssamtökin skárust í leikinn og knúðu fram nokkra kauphækkun.

Afstaða ríkisstj. til launþega hefur öll mótazt af sérstökum fjandskap. Glöggt dæmi um það er gengislækkunin, sem ákveðin var með brbl. í ágúst 1961, og brbl. og gerðardómurinn í sjómannadeilunni s. l. sumar.

Stefna viðreisnarinnar að draga úr ásókn í framkvæmdir hefur einnig verið í fullum gangi. Tvær gengislækkanir torvelduðu auðvitað mikið í þeim efnum. En auk gengislækkananna lét stjórnin samþykkja hækkun vaxta og styttingu lánstíma á stofnlánum landbúnaðar og sjávarútvegs og hækkun vaxta á íbúðabyggingarlánum. Strangar útlánareglur voru settar og sparifé bundið í Seðlabankanum. Allt var þetta gert til þess að draga úr framkvæmdum, og auðvitað hafa þessar reglur haft sín áhrif. Íbúðabyggingar hafa stórlega dregizt saman. Árið 1957 var byrjað á byggingu 1610 íbúða í landinu, en árið 1961 var aðeins byrjað á 770 íbúðum. Eftir að viðreisnarlöggjöfin gekk í gildi í febrúarmánuði 1960, tók svo að segja alveg fyrir kaup á nýjum fiskiskipum frá útlöndum. Árin 1960 og 1961 voru aðeins gerðir örfáir samningar um smíði nýrra fiskiskipa erlendis. Nýju fiskiskipin, sem komu til landsins 1960 og 1961, voru svo að segja öll smíðuð samkvæmt samningum, sem gerðir voru, áður en viðreisnarstefnan var ákveðin á Alþingi.

Því er haldið fram af stuðningsmönnum ríkisstj., að viðreisnin hafi þó ráðið úrslitum um það, að álitlegur gjaldeyrisvarasjóður hafi myndazt, sparifé aukizt verulega og atvinna sé mikil um allt land. Segja má, að þetta sé eina haldreipi þeirra, sem enn reyna að verja viðreisnarpólitík ríkisstj. En hvað er rétt í þessu máli? Hvað er það, sem raunverulega hefur verið að gerast í gjaldeyris- og sparifjármálum þjóðarinnar? Tölur þær, sem stjórnarblöðin hafa birt um gjaldeyrisforðann, eru mjög villandi. Það er ekki rétt, að raunverulegur gjaldeyrisforði sé nú 860 millj. kr. og gjaldeyrisstaðan hafi batnað um 1000 millj. í tíð núv. ríkisstj. Frá þessum tölum ber að draga 850 millj. kr. vegna vörukaupalána, sem myndazt hafa vegna innflutnings á vörum, sem komnar eru til landsins og í mörgum tilfellum búið að nota í landinu. Sú regla gilti áður, að greiða varð allar vörur, þegar þær komu til landsins, en nú er annar háttur hafður á. Þá ber einnig að taka tillit til þess, að af gjaldeyriseign bankanna nú eru 170 millj. kr. gjafafé frá Ameríku. Og síðast, en ekki sízt, ber að hafa það í huga, að gjaldeyriseignin er nú mæld í miklu verðminni krónum en áður. En eigi að síður er það rétt, að gjaldeyrisstaðan hefur batnað. Það er rétt. Og sparifjáraukning hefur einnig orðið talsvert meiri en áður. En hvað er það, sem valdið hefur breytingum? Skýringarnar eru augljósar. Í fyrsta lagi var áður, t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar, ráðizt í gjaldeyrisdýrar framkvæmdir. Þá var t. d. nýja Sogsvirkjunin byggð. Í tíð núv. ríkisstj. hefur engin virkjun verið gerð á Íslandi. Í tíð vinstri stjórnarinnar var sementsverksmiðjan að mestu byggð. Nú hefur engin slík verksmiðja tekið til sín gjaldeyri. Áður voru byggðar dýrar fiskvinnslustöðvar og verksmiðjur víða um land, en nú því sem næst engar slíkar stöðvar byggðar. Áður var gjaldeyrinum ráðstafað til gagnlegra framkvæmda. En nú er peningum safnað. Og í öðru lagi kemur svo það til og skiptir hér mestu máli, að nú hefur einstakt góðæri fært í þjóðarbúið nokkur hundruð millj. umfram það, sem áður þekktist. Nýtt úthaldstímabil hefur komið til sögunnar, sem er vetrarsíldveiði, og hefur það fært hundruð milljóna í þjóðarbúið. Og s. l. sumar urðu gjaldeyristekjur af síldveiðum 350 millj. kr. meiri en þær hafa mestar orðið áður á sumarsíldveiðum. Þetta eru skýringarnar á batnandi gjaldeyrisstöðu og um leið á auknu sparifé og mikilli atvinnu, því að mikil atvinna er jafnan, þegar mikill afli er í landinu.

Stefna ríkisstj. hefur verið fjandsamleg launastéttum landsins. Hún hefur einnig verið fjandsamleg aðalatvinnuvegum landsins, sjávarútvegi og landbúnaði. Sérfræðingar viðreisnarinnar hafa hvað eftir annað lýst yfir því, að þjóðin mætti ekki treysta á þessa gömlu atvinnuvegi sína, eins og gert hefur verið. Tillögur þeirra hafa í vaxandi mæli miðazt við það að byggja upp nýja atvinnuvegi, sem meir væru í samræmi við þarfir þess efnahagsheims, sem þeir hafa einblínt á að koma mundi. Því er haldið fram, að búið sé að festa of mikið fé í íslenzkum landbúnaði og svipað sé ástatt um sjávarútveginn. Sérfræðingar viðreisnarinnar slá því föstu, að framleiðsluverðmæti sjávaraflans geti ekki aukizt um meir en 4—4.5% að meðaltali á ári næstu árin og af þeim ástæðum verði að leita eftir erlendu fjármagni í stóriðju, til þess að lífskjör þjóðarinnar geti orðið viðunandi í framtíðinni. Stjórnarstefnan gagnvart sjávarútveginum hefur verið mörkuð af fádæma skilningsleysi. Í flestum löndum nýt-

ur útflutningsframleiðslan ýmiss konar fyrirgreiðslu og hlunninda. Vextir slíkrar framleiðslu eru oft lægri en ella. Í mörgum tilfellum tryggja ríkisstjórnir útflutningsframleiðendum hagstæð lán, svo að hægt sé að selja vöruna út úr landinu með greiðslufresti. Útflutningstollar þekkjast yfirleitt ekki. Hér er þessu algerlega snúið við. Viðreisnarstjórnin hefur stórhækkað útflutningsgjöld á sjávarafurðum, þannig að nú eru þau 7.4% af öllum útfluttum sjávarafurðum. Á þessu ári munu útflutningsgjöldin nema talsvert á þriðja hundrað millj. kr. Slíkur útflutningsskattur þekkist hvergi annars staðar í heiminum. Hér verður útflutningsframleiðslan að greiða 7—9% vexti af framleiðslulánum eða miklu hærri vexti en annars staðar þekkjast. Hér eru há innflutningsgjöld á nauðsynjum útgerðarinnar. Innflutningsgjöld af nýrri vél í meðalstóran fiskibát munu t. d. nema á milli 300 og 400 þús. kr. Beztu markaðir sjávarútvegsins erlendis hafa verið brotnir niður með rangri viðskiptastefnu, sem stjórnin hefur tekið upp. Skilningsleysi ríkisstj. á málefnum landbúnaðarins er svipað og gagnvart sjávarútveginum. Ríkisstj. neitar innlendum kornframleiðendum um jafnrétti á við erlenda. Hún hækkar sérstaklega vexti á stofnlánum landbúnaðarins og leggur aukaskatt á bændur, þegar hagur þeirra er bágbornari en hann hefur lengi verið.

Hin nýja efnahagsmálastefna stjórnarinnar hefur nú verið reynd í nærfellt 3 ár. Reynslan hefur orðið dýr. En niðurstaðan ætti að liggja ljóslega fyrir. Í launamálum og verðlagsmálum má segja, að stjórnin hefur nú misst allt úr böndunum. Stærstu verkalýðsfélögin í landinu hafa enn á ný orðið að segja upp kaupgjaldssamningum sínum vegna látlausra verðhækkana. Dagsbrún hefur nýlega sagt upp sínum samningum. Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar hefur einnig sagt upp. Hlíf í Hafnarfirði hefur sagt upp. Mörg önnur félög og þar með einnig þau verkalýðsfélög í landinu, sem ýmsir stuðningsmenn ríkisstj. veita forstöðu, hafa einnig sagt upp sínum samningum. Og opinberir starfsmenn hafa lagt fram nýjar launakröfur, sem fjmrh. segir að jafngildi 100% hækkun á gildandi kaupi þeirra. Fjmrh. hefur nýlega játað í opinberri blaðagrein, að kauphækkun til opinberra starfsmanna sé réttmæt. Hann hefur þó ekki gert ráð fyrir neinum útgjöldum í fjárlagafrv. vegna kauphækkana til þeirra. Óánægja launastéttanna með þróun kaupgjalds- og verðlagsmálanna er orðin meiri en hún hefur verið um langan tíma. Læknar í þjónustu ríkisins hafa hótað að ganga út úr sjúkrahúsunum um næstu mánaðamót, fái þeir ekki launabætur. Hvert mannsbarn í landinu sér nú, að stórfelldar kauphækkanir hljóta að verða á næstu mánuðum, ef ekki á til stórtíðinda að draga. Hvernig ætti líka annað að vera, eins og þróunin hefur verið í verðlagsmálum? En þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir stendur ríkisstj. á bak við kröfur útgerðarmanna um það, að enn skuli lækkað kaup sjómanna á síldveiðum. S. l. sumar sömdu mörg stéttarfélög um nokkra kauphækkun og sum um allverulega hækkun. Á sama tíma þótti sjútvmrh., formanni Alþfl., ástæða vera til þess að knýja fram kauplækkun sjómanna með brbl. Hækkandi dýrtíð bitnar þó á sjómannaheimilunum í landinu engu síður en öðrum. Og nú er allur síldveiðiflotinn bundinn í höfn, af því að sjómenn vilja ekki semja yfir sig kauplækkun, þegar allir aðrir eru að fá kauphækkun.

Augljóst er, að ýmsir Alþfl.-menn, sem stutt hafa ríkisstj., eru orðnir dauðhræddir við það ástand, sem er að skapast í launamálum. Þeir Benedikt Gröndal og Björgvin Guðmundsson segja opinskátt í Alþýðublaðinu, að ríkisstj. hafi gersamlega mistekizt í kaupgjaldsmálunum. Sjómannasamband Jóns Sigurðssonar og Samband ungra jafnaðarmanna mótmæla gerðardómslögunum yfir síldveiðisjómenn. Og Alþýðusamband Vestfjarða undir forustu Alþfl.-manna þar mótmælir gerðardómi Emils og segir, að þróunin í efnahagsmálunum sé andstæð hagsmunum verkafólks. Jafnvel hæstv. ráðh. Gylfi Þ. Gíslason verður svo hræddur við ástandið, að hann lýsir því yfir, að gengislækkun verði ekki framkvæmd og nokkur kauphækkun til verkamanna sé eðlileg. Þannig má segja, að allt gangi nú í sundur hjá ríkisstj. í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Kauplækkunar- og kjaraskerðingarstefna viðreisnarinnar er þannig að hrynja til grunna. Á sama hátt er þróunin að brjóta niður allar hömlur viðreisnarinnar, sem settar höfðu verið gegn eðlilegum framkvæmdum í atvinnulífi landsins.

Frá fyrstu dögum viðreisnarstefnunnar hafa sérfræðingar hennar unnið markvisst að því að sveigja íslenzkt viðskipta- og efnahagslíf inn á þær brautir, sem liggja til inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu. Krafan um lágt kaupgjald hefur beinlínis verið rökstudd með því, að það ætti að örva erlent fjármagn til þátttöku í atvinnurekstri hér. Áróðurinn um það, að hinir gömlu atvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, geti ekki lengur dugað sem aðalatvinnuvegir, þar sem vaxtarmöguleikar þeirra séu senn á þrotum, er af sama toga spunninn. Tillögurnar um erlenda stóriðju, um alúmíníumiðjuver í eigu erlendra auðfyrirtækja, eru liður í þeirri áætlun að innlima Ísland í efnahagssamsteypu Vestur-Evrópu. Stefnan í viðskiptamálum hefur öll verið miðuð við þessa áætlun. Viðskiptin við beztu markaðslönd okkar hafa dregizt saman, en innkaupin til landsins tillitslaust verið flutt til þeirra landa, sem lítið vilja þó kaupa af okkar vörum. Samhliða þessum ráðstöfunum heldur svo ríkisstj. uppi látlausum áróðri fyrir þátttöku Íslands í Efnahagsbandalagi Evrópu. Það er því ekkert um að villast, að hverju er stefnt í þessum málum. Ríkisstj. hikar að vísu nokkuð með beinar framkvæmdir í málinu nú af ótta við almenningsálitið í landinu og almennar kosningar, sem fram eiga að fara á næsta sumri. Nú gengur hún á eftir for-

ingjum Framsfl. og vill fá þá til samstöðu við sig um samþykkt á einhvers konar aðild að bandalaginu.

Efnahagsmálastefna ríkisstj. er að hrynja til grunna. Kjaraskerðingarstefnan fær ekki staðizt. Launþegarnir munu rétta sinn hlut. Framkvæmda- og framfarahugur þjóðarinnar verður ekki heldur stöðvaður lengur. Eftir næstu alþingiskosningar má telja fullvíst, að núv. stjórnarflokkar hafi ekki lengur meirihlutavald á Alþingi til þess að framkvæma viðreisnarstefnu sína. Og þá eiga þeir einnig að missa vald sitt til þess að samþykkja, að Ísland gangi í Efnahagsbandalagið.

Stefna Alþb. hefur alltaf verið skýr og ótvíræð í þeim málum, sem viðreisnarpólitíkin raunverulega snýst um. Alþb. hefur alltaf staðið vörð um launakjör vinnandi fólks. Það neitaði kröfu Framsfl. í vinstri stjórninni 1958 um lækkun á umsömdu kaupi, en það leiddi síðan til þess, að Framsfl. sleit stjórnarsamstarfinu. Alþb. stóð eitt gegn löggjöf Sjálfstfl. og Alþfl. í janúar 1959 um beina lækkun á kaupi verkafólks og bænda. En því miður fékkst Framsfl. þá ekki til þess að stöðva það mál, sem hann þó gat. Og Alþb.-menn hafa alltaf síðan viðreisnarstjórnin hóf sína kjaraskerðingarherferð haft forustu fyrir viðnámi verkalýðshreyfingarinnar og síðan sókn hennar fyrir bættum kjörum. Á sama hátt hefur stefna Alþb. alltaf verið skýr og ákveðin með uppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Í vinstri stjórninni hafði Alþb. forustu í framkvæmdamálum sjávarútvegsins og réð mestu um endurnýjun fiskiskipaflotans og útfærslu landhelginnar.

Afstaða Alþb. til hersetunnar hefur alltaf verið skýr. Það hefur ekki, eins og Framsfl. og Alþfl., ýmist samþykkt, að herinn skuli vera eða fara, heldur hefur það allan tímann krafizt þess, að herinn yrði látinn fara úr landinu. Á sama hátt hefur stefna Alþb. verið ákveðin í efnahagsbandalagsmálinu. Það hefur varað við allri aðild, jafnt aukaaðild sem fullri aðild, og brýnt fyrir öllum landsmönnum alvöru þess máls. Afstaða Framsóknar er enn óljós í þessu stórmáli. Enn segja foringjar flokksins, að þeirra afstaða sé að bíða.

Að afloknum næstu alþingiskosningum geta vinstri menn í landinu efalaust stöðvað framhald viðreisnarstefnunnar. Þeir geta stöðvað kjaraskerðingarstefnuna. Þeir geta brotið niður þá stefnu, sem lagt hefur hömlur á eðlilega atvinnuuppbyggingu. En þá verða þeir líka að stöðva allar áætlanir um beina eða óbeina innlimun Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu. Þá verða þeir að koma í veg fyrir það, að íslenzk landhelgi lendi í höndum útlendinga. Þá verða þeir að koma í veg fyrir það, að erlendir aðilar leggi undir sig atvinnuvegi landsins. Þá verða þeir að koma í veg fyrir stórfellda innflutning erlends vinnuafls til landsins. Og þá verða þeir að tryggja, að Íslendingar fái sjálfir að ráða málum sínum. Eina örugga leiðin fyrir vinstri menn á Íslandi til þess að tryggja það, að vel og örugglega verði haldið á þessum málum eftir næstu kosningar, er að efla Alþb. sem mest í þeim kosningum. Það er einnig leiðin til þess að tryggja vinstri afstöðu Framsfl.

Það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, segir út af fyrir sig ekki mikið. Tölur þess boða að vísu hækkandi skatta og tolla og raunverulega minnkandi verklegar framkvæmdir. Þær minna okkur á það, að við verðum að greiða fast árlegt framlag til hernaðarbandalagsins NATO, og á það, að við þurfum að halda uppi fjölmennri og kostnaðarsamri lögreglu á Keflavíkurflugvelli. Tölur fjárlagafrv. segja okkur líka, að verja eigi einni millj. kr. í kostnað við almannavarnir eða til þess að forða 100 þús. Íslendingum, sem heima eiga hér í Reykjavík og nágrenni, frá lífsháska kjarnorkusprengingar, ef til ófriðar dregur. Tölur fjárlagafrv. segja auðvitað ekki nema hálfa sögu. Það, sem máli skiptir, er sú stefna, sem á bak við er, heildarstefnan í fjárhags- og efnahagsmálum, viðreisnarstefnan, sú stefna, sem hefur að markmiði að innlima Ísland í efnahagskerfi auðhringanna í Vestur-Evrópu og byggist á því að halda Íslandi í hernaðarbandalagi.

Einmitt þessa dagana erum við að fá alvarlega áminningu um það, út á hvers konar háskabraut við erum komin í sjálfstæðis- og öryggismálum þjóðarinnar. Nú hriktir í heimsfriðnum. Bandaríki Norður-Ameríku, sem hælt hafa sér af því að eiga orðið 270 herstöðvar í yfir 70 löndum utan heimalands síns og þ. á m. fyrir að hafa komið sér upp herstöðvakraga allt í kringum Sovétríkin, þykjast nú hafa grun um það, að Rússar eigi orðið herstöðvar á Kúbu, eins og þau eiga þar sjálf. Nú eru Bandaríkjamenn felmtri lostnir, vegna þess að þeir telja, að á Kúbu kunni að vera flugvélar, sem geti flutt kjarnorkusprengjur. En hér hafa þeir slíkar flugvélar svífandi yfir höfðum okkar Íslendinga, tilbúnar til þess að hefja leikinn með kjarnorkusprengjur. Í dag trúir því enginn Íslendingur, að ríkisstjórn Íslands viti nokkurn skapaðan hlut um það, hvort hér á landi eru geymd kjarnorkuvopn, né um það, hvenær þeim verður beitt. Hér gilda lög og reglur Bandaríkjamanna, þegar um hernaðarmálefni er að ræða. Það er afleiðing hersetu þeirra í okkar landi. Grunur Bandaríkjamanna um það, hvað sé að gerast á Kúbu, er þeim í dag tilefni til þess að hafa að engu alþjóðalög um frjálsar siglingar og bjóða raunverulega öðrum þjóðum til styrjaldarátaka. Það er hætt við því, að það verði stutt í fjárveitingum okkar til bjargar meiri hluta Íslendinga héðan frá herstöðvasvæðinu, héðan frá hættusvæðinu, ef illa tekst til, þó að við áætlum eina milljón króna í því skyni. Í dag hljóta því kröfur Íslendinga um breytta heildarstefnu, um breytta stefnu í hernámsmálunum og um breytta stefnu frá öllum fyrirætlunum um innlimun Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu að aukast um allan helming. Slík stefnubreyting er lífsnauðsynleg til öryggis þjóðinni í nútíð og framtíð. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fáum þjóðum heims fjölgar jafnört og íslenzku þjóðinni. Í lok þessa árs mun mannfjöldi á landinu verða um 184 þús., og á næstu árum mun þjóðinni fjölga um 3400—3500 árlega. Sú tala fer síðan hækkandi á síðari hluta áratugsins, þannig að árið 1970 er fjölgunin áætluð rúmlega 4 þús. fæddir umfram dána. Í lok þess árs verður íbúatala landsins orðin um 214 þús. Samkvæmt þessu verður fólksfjölgunin á árunum 1960—70 21% eða um 2% á ári. Svipuð fjölgun hefur átt sér stað undanfarin ár. Þessi öri vöxtur þjóðarinnar skapar ýmis vandamál. Það þarf fleiri skóla fyrir æskuna, en menntun hennar er einhver sú allra bezta fjárfesting, sem lagt er í. Það þarf ný og fullkomnari atvinnutæki fyrir vinnufært fólk. Aldraðir og sjúkir þurfa meiri umönnun, sem m. a. kemur fram í aukinni þörf fyrir sjúkrahús og elliheimili eða hjúkrunarheimili. Loks þarf að auka íbúðabyggingar. Og er þá fátt talið af því, sem hinn öri vöxtur útheimtir. Fólksfjölgunin og aukin athafnasemi þýðir svo m. a. það, að stöðugt eru gerðar auknar kröfur til ríkisins og stofnana þess um ýmiss konar þjónustu og fyrirgreiðslu, eins og sést af því, að niðurstöðutölur fjárlaga fara hækkandi ár frá ári.

Rekstraryfirlit þess fjárlfrv. fyrir næsta ár, sem hér liggur fyrir til umr., hefur niðurstöðutölurnar 2123 millj. kr. Ef þessu væri á annan veg farið, þannig að fjárlögin hækkuðu ekki þrátt fyrir fólksfjölgunina, heldur stæðu í stað, þá væri um raunverulegan samdrátt að ræða á ríkisbúinu. Og þótt menn hafi það oft á orði, að þeim finnist nóg um útgjaldaaukninguna hjá ríkissjóði frá ári til árs, komast flestir að þeirri niðurstöðu, er þeir kryfja málið til mergjar, að á mörgum sviðum sé ekki nóg að gert. Vissulega væri æskilegt og nauðsynlegt, að ríkið gæti á ýmsum sviðum veitt meiri þjónustu og fyrirgreiðslu en það gerir. Þannig erum við t. d. á eftir með byggingu skóla og sjúkrahúsa, og til atvinnumála, samgangna og rannsókna í þágu atvinnuveganna er stöðugt talin þörf á meiri fjárveitingum en hægt er að fullnægja. Sama er að segja um margt fleira, sem í sjálfu sér eru góðir og gagnlegir hlutir. Þessi þörf kemur í ljós í hvert skipti, sem fjárlög eru afgreidd, í aragrúa erinda, sem fjvn. berast, þar sem beðið er um aukin framlög ríkisins. Stjórnarandstaðan notfærir sér þessa þörf á sinn hátt með því að flytja yfirboðs- og sýndartillögur um gjöldin og óraunhæfar tillögur um auknar tekjur. Það er svo aftur fátítt, að fjvn. berist erindi eða vel rökstuddar till. um lækkun gjaldanna. Í því efni veltur mest á því, að sá meiri hl., sem tekizt hefur á hendur ábyrgð á fjárl., sýni í verki fullan vilja til að stjórna af hagsýni, og á þessu kjörtímabili hefur margt áunnizt í því efni, eins og hæstv. fjmrh. rakti í ræðu sinni áðan.

Mesti vandinn fyrir þann þingmeirihluta og þá ríkisstj., sem hverju sinni fer með stjórn ríkisbúsins, er sá að halda útgjöldunum innan þeirra takmarka, sem tekjuöfluninni eru sett, þannig að hvort tveggja sé, að ríkisbúskapurinn sé rekinn hallalaus og án þess að þjóðinni sé íþyngt úr hófi fram með sköttum. Slíkt jafnvægi milli tekna og gjalda ríkissjóðs er ákaflega mikilvægt fyrir þjóðarbúið í heild, og er ánægjulegt til þess að vita, að á ríkisstjórnarári Alþfl. 1959 tókst að skapa þetta jafnvægi, og einnig, að á fyrstu þrem árum þessa kjörtímabils mun slíkt jafnvægi nást. Jafnframt hefur verið unnt að lækka tekjuskatt stórlega og draga verulega úr tollum.

Þeirri jákvæðu stefnu að hafa jafnvægi milli tekna og gjalda ríkisins er enn fylgt í því frv., sem hér liggur fyrir, því að á sjóðsyfirliti er greiðslujöfnuður áætlaður 12.7 millj. kr., og er þess að vænta, að frv. verði afgreitt án þess, að víkja þurfi frá þeirri stefnu.

Ég gat þess áðan, að fjárl. hlytu jafnan að fara hækkandi vegna vaxtar þjóðarinnar, og er augljóst, að slík hækkun mundi eiga sér stað, jafnvel þótt verðlag héldist óbreytt frá ári til árs. Þetta kemur t. d. glöggt fram, ef athuguð eru útgjöld til menntamála og heilbrigðismála og að nokkru leyti útgjöldin til félagsmála. Heilbrigðismálin hækka að þessu sinni samanborið við s. l. ár um 1.8 millj. kr., menntamálin hækka um 19.3 millj. kr., félagsmálin, þ. e. a. s. almannatryggingarnar, hækka um 85.7 millj. kr.

Í skýringum með frv. kemur fram, að gert er ráð fyrir 27 nýjum kennurum til almennrar barnafræðslu, 29 nýjum kennurum í gagnfræðaskólum, og í öðrum skólum á kennurum að fjölga um 6. Eiga þannig á næsta ári að bætast við 62 nýir kennarar á launaskrá hjá ríkinu, en fyrir munu vera um 1600 fastráðnir kennarar og skólastjórar. Heildarútgjöldin til menntamálanna verða samkvæmt frv. um 257 millj. kr., eða um 12% af heildarupphæð fjárlaganna.

Þá er einnig ráðgert skv. frv., að stækkun barnadeildar landsspítalans komi til framkvæmda á næsta ári, og sú viðbót við þá merku stofnun hefur það í för með sér, að starfsfólkinu fjölgar um 25 manns. Kostnaður við heilbrigðismálin er alls áætlaður 66.1 millj. kr., þ. e. a. s. mismunur á tekjum og gjöldum sjúkrahúsanna og annað, sem ríkissjóður þarf að greiða í sambandi við rekstur þeirra og læknaskipunina. Byggingarframlag er til viðbótar þessu áætlað 7.1 millj. kr., eða alls til heilbrigðismála um 3.4% af heildarupphæð fjárlaga. Nú er starfslið landsspítalans og fæðingardeildarinnar samkvæmt launaskrá 319 manns, en þegar viðbætur þær, sem nú eru í smíðum við spítalann, komast allar í notkun, þannig að þar verði alls um 400 sjúkrarúm, mun ekki ofætlað, að starfsliðið þurfi að vera 500—600 manns.

Til félagsmála er alls áætlað að varið verði 504.4 millj. kr., en það eru rúmlega 23% af fjárlagaupphæðinni. Þar munar langsamlega mest um almannatryggingarnar, sem kosta

ríkissjóð samkvæmt frv. 334 millj. kr. á næsta ári, og er verulegur hluti hækkunarinnar milli ára vegna fólksfjölgunar.

Þessi þróun verður hvorki stöðvuð né umflúin, og í skóla- og heilbrigðismálum eru verkefnin fram undan meiri að vöxtum en svarar til eðlilegrar þróunar, vegna þess að á liðnum árum hefur ekki verið haldið nægilega vel í horfinu í byggingu skóla og sjúkrahúsa.

En það er fleira en eðlilegur vöxtur þjóðarinnar, sem veldur árlegri hækkun fjárlaga. Þar koma ekki síður við sögu almennar hækkanir verðlags og launa, sem alltaf fela í sér þá hættu, að efnahagskerfi þjóðarinnar verði ofboðið. Stjórnarflokkunum tókst að stöðva þessar hækkanir framan af kjörtímabilinu, og árangurinn sagði fljótt til sín í bættri gjaldeyrisstöðu og auknum sparnaði og enn fremur í því, að á fjárlögum ársins 1961 var unnt að lækka tíu útgjaldaliði frá því, sem verið hafði árið áður. S. l. ár hófust svo kaup- og verðhækkanir á ný fyrir aðgerðir þeirra afla, sem vilja stjórnina og stefnu hennar feiga, og árangurinn af því sýndi sig í fjárl. þessa árs í óhjákvæmilegum hækkunum útgjalda. Hefðu þessar hækkanir ekki komið til, hefði verið hægt að halda áfram á þeirri braut að lækka bæði útgjöld ríkisins og skattana í enn ríkara mæli en gert hefur verið. Það er sú kjarabót, sem launþegar glata af völdum kaupgjalds- og verðlagshækkunar.

Þegar dýrtíðin vex, hefur það nákvæmlega sömu áhrif á ríkisbúskapinn og á búskap einstaklinga. Ríkið þarf fleiri krónur, sem það aflar sér með sköttum og tollum, og þjónustustofnanir þess verða að hækka gjöld fyrir veitta þjónustu. Sá, sem fengið hefur launahækkun, kannske eftir langt verkfall, verður þannig að borga verulegan hluta af hækkuninni sjálfur. Þetta er ein af veigamestu ástæðunum fyrir því, að kauphækkanir í krónutölu eru ekki einhlítar til raunhæfra kjarabóta.

Meðal þeirra áhrifa, sem almennar launahækkanir hafa á búskap ríkisins, er aukinn kostnaður við starfsmannahald þess. Ríkið er stærsti vinnuveitandinn í landinu með um 5000 manns í þjónustu sinni, og það getur að sjálfsögðu ekki til lengdar boðið starfsfólki sínu lakari kjör en aðrir bjóða. Opinberir starfsmenn hafa nú fengið samningsrétt, og búast má við miklum breytingum á launum þeirra á næsta ári. Hjá þeim breytingum verður ekki komizt, m. a. til þess að ríkið og stofnanir þess geti tryggt sér starfskrafta hæfustu manna, sem völ er á hverju sinni, í sem flestum starfsgreinum á þess vegum. Launagreiðslur ríkisins munu nú nema alls um 500 millj. kr. á ári, ef miðað er við fjárlagafrv., eins og það er nú. Ég skal engu spá um, hver útkoman verður af samningunum við opinbera starfsmennina á næsta ári, en talið er, að óskir þeirra, ef að þeim verði gengið, muni þýða aðrar 500 millj. kr. Í frv. er 7% almenn hækkun til opinberra starfsmanna og launauppbót kennara samtals áætlað 65 millj. kr. Af þessum háu tölum geta menn nokkuð ráðið, hversu gífurlegrar kröfugerðar aðrir launþegar en opinberir starfsmenn stofna til á sjálfa sig með því að spenna eigið kaup upp ár eftir ár, því að sjálfir fá þeir að borga hækkunina til starfsmanna ríkisins og stofnana þess.

Þessi áhrif almennra kauphækkana á ríkisbúskapinn eru hliðstæð við áhrifin á verðlagið almennt. Hækkanirnar elta hver aðra á víxl og valda hættulegri röskun í efnahagslífinu. Þjóðin hefur enn á ný látið berast inn í þennan vítahring, og mesta vandamálið fram undan er stöðvun þeirrar þróunar. Jafnframt þarf að koma í veg fyrir, að það, sem þegar hefur skeð, verði til þess að eyðileggja þann mikla árangur, sem orðið hefur af hinu jákvæða viðreisnarstarfi stjórnarflokkanna í efnahagsmálunum.

Því er ekki að neita, að nú um þessar mundir eru ýmsar blikur á lofti í sambandi við kaupgjalds- og verðlagsmálin. Á síðastliðnu ári urðu almennar kauphækkanir 13—19%. Var það meiri hækkun en svaraði til aukningar þjóðarframleiðslunnar á árunum 1960—61 og leiddi óhjákvæmilega til gengisbreytingar. Verðhækkanir, sem á eftir fylgdu, urðu þó minni en meðalkauphækkunin, og er talið, að raunveruleg laun hafi hækkað um 3—4% á s. l. ári. Á þessu ári hafa einnig orðið kauphækkanir, sem sumpart eiga rót sína að rekja til mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli og til þess, að margir vinnuveitendur bjóða hærra kaup en umsamið er. Þessar kauphækkanir eru líklega nálægt 12% að meðaltali og hafa valdið mikilli röskun á verðlagi, sem síðan gerir þær minna virði en ella fyrir launþega, þótt engin gengisbreyting verði gerð. Aðstaðan til þess að greiða hærra kaup er hins vegar mun betri á þessu ári en var í fyrra vegna vaxandi þjóðarframleiðslu og hækkaðs verðs á útflutningsafurðum okkar. Bætt gjaldeyrisstaða og aukin sparifjáreign koma nú einnig í góðar þarfir. Er vonandi, að á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið með viðreisnarstefnu stjórnarflokkanna, verði hægt að varðveita jafnvægi í efnahagsmálunum og tryggja þjóðinni bætt lífskjör í samræmi við aukna framleiðslu og hagnýtari vinnubrögð. En engu að síður er rík ástæða til að vara við afleiðingum þess, ef kaupkröfurnar eru meiri en svarar til eðlilegrar aukningar framleiðslunnar. Reynum heldur að varðveita það, sem unnizt hefur. Vil ég í því sambandi benda á, að þrátt fyrir þau truflandi áhrif, sem kaupskrúfan hefur haft á hina efnahagslegu viðreisn, má gera ráð fyrir, að raunverulegt kaup verði í lok þessa árs 4—5% hærra en það var í ársbyrjun 1960, þegar framkvæmd viðreisnarstefnunnar hófst. Má telja það eftir atvikum góðan árangur, þótt hins vegar megi fullyrða, að betri árangur hefði náðst, ef öðruvísi hefði verið farið að í kaupgjaldsmálunum.

Í næsta mánuði halda stærstu launþegasamtök í landinu, Alþýðusamband Íslands, þing sitt, og er von, að menn spyrji: Ætla þau samtök að taka upp aðra og hyggilegri

stefnu í launamálum en þau hafa fylgt að undanförnu, stefnu, sem væri líklegri til þess að tryggja launþegum varanlegar kjarabætur? Ég hygg, að það sé talið láta nærri, að 5% framleiðsluaukning árlega geti tryggt um 3% raunverulegar kjarabætur. Þetta er það takmark, sem fjöldi þjóða hefur sett sér á þeim áratug, sem nú er að líða og helgaður hefur verið fjárhagslegum framförum af Sameinuðu þjóðunum og stofnunum á þeirra vegum. Með þessu er talið, að markið sé sett hátt, því að fjöldi þjóða mun ekki geta náð því og fáar farið fram úr því. Við Íslendingar verðum að gera okkur ljóst, að við erum ekki í neinum sérflokki að þessu leyti, og það mundi á okkar visu vera talið vel af sér vikið, ef við gætum náð því marki að bæta lífskjör okkar um 30% á 10 árum.

Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um þessi mál í sambandi við það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, vegna þess, hve víðtæk áhrif kaupgjald og verðlag hafa á ríkisbúskapinn, og ég tel nauðsynlegt, að menn geri sér sem ljósasta grein fyrir samhenginu þar á milli.

Ég vil vegna ummæla Lúðvíks Jósefssonar, sem talaði hér á undan mér um gerðardóminn í síldveiðideilunni í sumar, segja þetta: Þegar svo er komið með atvinnuveg eins og síldveiðarnar, að öruggt má telja, að hann geti gefið bæði útgerðarmönnum og sjómönnum góðan arð, þá liggur beinast við, að þessir aðilar komi sér sjálfir saman um skiptingu aflans milli skips og áhafnar. Aðrir ættu þá ekki að þurfa að koma þar nærri. En þegar aðilarnir setja hvor um sig fram mun hærri kröfur en þeir hugsa sér að ganga að síðar og sitja síðan við samningaborð viku eftir viku og mánuð eftir mánuð án þess að gera sig líklega til samkomulags, þá verður einhvern veginn að höggva á þann hnút. Þetta var gert í sumar með bráðabirgðalögum, sem kváðu svo á, að síldveiðiflotinn skyldi láta úr höfn, enda var síldin komin á miðin. Lögin gerðu síðan ráð fyrir, að deiluaðilar hefðu allt að hálfum mánuði til samninga, en tækjust þeir ekki, skyldi málinu skotið til gerðardóms. Deiluaðilarnir voru svo ákveðnir í því hvor fyrir sig að semja ekki, að það eina, sem þeir komu sér saman um, strax eftir að lögin voru sett, var það að skjóta málinu til dómsins. Enginn, hvorki ráðherrann, sem lögin setti, né aðrir, gat vitað fyrir fram, hver niðurstaða dómsins yrði. Mun það hafa komið flestum á óvart, að dómurinn var algerlega öðrum aðilanum í vil skv. niðurstöðu meiri hluta dómenda. Hygg ég, að flestir hafi búizt við einhverri millileið, eins og þeirri, sem Jón Þorsteinsson alþm. lagði til, og hefðu menn þá eftir atvikum unað við niðurstöðuna. Skal ég ekki ræða þetta frekar. En hitt vil ég undirstrika, að með þrátefli sínu í samningunum kölluðu deiluaðilarnir yfir sig hinn umdeilda dóm, en setning bráðabirgðalaganna forðaði þeim samt frá því gífurlega tjóni, sem þeir hefðu beðið, ef síldveiðiflotinn hefði legið lengur bundinn.

Lærdómurinn, sem mér finnst að útgerðarmenn og sjómenn eigi að draga af þessu í sambandi við þá nýju deilu, sem stofnað hefur verið til um kjörin á vetrarsíldveiðunum, er þessi: Við skulum setjast að samningaborðinu með þeim eindregna ásetningi að semja og ekki standa upp, fyrr en það hefur tekizt. — Annað er ekki samboðið mönnum, sem árum saman hafa beðið eftir góðum möguleikum til tekjuöflunar og hafa nú vissulega hreppt það hnoss.

Þegar fjárlög eru til umr., eru jafnan einhverjir utan þings og innan, sem hafa þá dægradvöl að reikna út, að þessi eða hinn útgjaldaliðurinn hafi fyrr á árum verið svo og svo mörg prósent af heildarupphæð fjárlaga, en sé nú miklu lægri hlutfallslega en áður var. Þeim, sem leggja þessa reikningslist fyrir sig, láist þá að geta þess, að gegnum árin verða ýmsar breytingar á fjárlögum, þannig, að þau eru alls ekki sambærileg á þennan hátt, jafnvel ekki frá ári til árs. Það bætast stöðugt nýir gjaldaliðir við, og aðrir eru hækkaðir með lagabreytingu. Ég hef nýlega séð í blaði útreikning af þessu tagi eftir einn af hv. þm. Framsfl. Hann miðar við fjárlögin 1958 og býr sér til á þennan hátt hækkunartöluna 138% og reiknar út frá henni, hvað framlög til samgöngumála, atvinnumála, raforkumála o. s. frv. ættu að hækka mikið í frv. því, sem nú er verið að ræða. Hins vegar þegir reiknimeistarinn vandlega um þá liði fjárlaga, sem mest hafa hækkað síðan 1958, eins og t. d. félagsmál og niðurgreiðslur skv. 19. gr. Félagsmálin ein hafa hækkað síðan 1958 vegna aukningar almannatrygginganna úr 106 millj. kr. í 504 millj. kr., þ. e. a. s. um 398 millj. kr. eða nálægt 480%. Á 19. gr. voru 1958 40 millj. til dýrtíðarráðstafana. Nú eru á sömu gr. áætlaðar niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 430 millj. kr. og til launauppbóta 65 millj. kr., eða samtals til dýrtíðarráðstafana 495 millj. kr. Er það 455 millj. kr. hærri tala en 1958, og nemur hækkunin um 1200%. Núna fær jöfnunarsjóður sveitarfélaga 101.4 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs. Sá liður var ekki til í fjárlögum 1958. Til landbúnaðarsjóðanna er nú áætlað framlag að upphæð 8½ millj. kr., sem þekktist ekki áður. Til aflatryggingasjóðs er nú áætlað 8½ millj. kr. framlag, sem ákveðið var á síðasta þingi. Einnig fær byggingarsjóður verkamanna nú í fyrsta skipti 3.2 millj. kr. Allt þetta gerir það að verkum, að niðurstöðutölur fjárlaga nú, í hlutfalli við einstaka gjaldaliði, eru algerlega ósambærilegar við sömu þætti í fjárlögum 1958. Réttan samanburð er að sjálfsögðu hægt að gera, t. d. með því að bera saman sambærilega liði hvern fyrir sig hvort árið og athuga síðan breytinguna, t. d. með hliðsjón af vísitölu byggingarkostnaðar, þar sem það á við. Sú aðferð stríðir á móti meginreglu áróðursstjóranna hjá Framsókn, sem er sú að beita blekkingum, þegar staðreyndir eru ekki að þeirra skapi.

Þegar Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., flutti

síðustu fjárlagaræðu sína, komst hann m. a. að orði á þessa leið, eftir að hann hafði skýrt þingheimi frá miklum erlendum lántökum, sem hann sjálfur kallar „óvenjulega stórfelldar", — Eysteinn Jónsson sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Rifjast upp í þessu sambandi okkar aðaláhyggjuefni og höfuðhætta í efnahagsmálum, hin litla fjármagnsmyndun innanlands. Kemur þar margt til greina. Fólk vill ekki leggja fyrir fjármuni sína vegna verðbólguhættunnar, en vill festa allt fé strax í því, sem kallað er raunveruleg verðmæti. Sé ég ekki annað en að við verðum í vaxandi mæli að fara inn á þá braut að verðtryggja sparifé, ef ekki næst samkomulag um að hverfa frá vísitölukerfinu í kaupgjalds- og afurðamálum. Yrði þá líka að setja vísitöluákvæði á lánsfé, a. m. k. á lánsfé til langs tíma."

Þannig talaði Eysteinn Jónsson 13. okt. 1958, og fæ ég ekki betur skilið en sú „verðtrygging sparifjár" og „vísitöluákvæði á lánsfé," sem hann talar um, jafngildi hækkun innlánsog útlánsvaxta. Það hefur síðan komið í annarra hlut að framkvæma þá vaxtahækkun, sem Eysteinn Jónsson taldi þannig nauðsynlega, og síðan hún kom til framkvæmda, 20. okt. 1960, hefur hún m. a. gefið sparifjáreigendum 171 millj. kr. í aðra hönd umfram það, sem þeir hefðu fengið, ef vaxtafótur hefði haldizt óbreyttur. Sparifé, sem fyrrv. fjmrh. taldi ónógt og hafði með réttu áhyggjur af haustið 1958, var í lok sept. s. l. 3501 millj. kr., og mundi fjmrh. haustið 1958 vafalaust hafa fagnað slíkri upphæð og gert sér far um að auka hana fremur en rýra. Með því að áætla meðalinnstæðu sparifjárins á næsta ári 3900 millj. kr. má reikna með, að hagnaður sparifjáreigenda með núgildandi vöxtum nemi 78 millj. kr. En hvað skeður nú? Nú leggja framsóknarmenn til, undir forustu Eysteins Jónssonar, að vextir, þ. á m. innlánsvextir, verði lækkaðir niður í það sama og þeir voru áður. Þannig er umhyggja Framsóknar fyrir sparifjármyndun og sparifjáreigendum rokin út í veður og vind. Það er engin furða, þó að viðskmrh. hafi átt bágt með að þekkja Eystein Jónsson fyrir sama mann og áður, þegar þeir á dögunum leiddu saman hesta sína um vaxtalækkunarfrv. Framsóknar í þessum sal. Við það tækifæri gaf viðskmrh. að marggefnu tilefni m. a. upplýsingar um bundið fé í Seðlabankanum. Heildarupphæðin var í septemberlok 389 millj. 108 þús. kr. og skiptist þannig: Frá Reykjavík 341 millj. 961 þús. kr., frá útibúum bankanna 74 millj. 600 þús. kr., frá sparisjóðum 65 millj. 719 þús. kr., frá innlánsdeildum kaupfélaga 6 millj. 828 þús. kr. Hann upplýsti einnig, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hefði í lok september verið 816 millj. kr. og að fé það, sem Seðlabankinn hefur til umráða, sé að upphæð 1650 millj. kr. Það skiptist í stórum dráttum þannig: seðlavelta 600 millj. kr., eigið fé 200 millj. kr., mótvirðisfé 350 millj. kr., sparifé 500 millj. kr., samtals 1650 millj. kr. Af þessu fé Seðlabankans eru 258 millj. kr. í útlánum hjá landbúnaði og 563 millj. kr. í útlánum hjá sjávarútvegi, og gjaldeyrisforðinn er, eins og ég áðan nefndi, 816 millj. kr.

Af þessum upplýsingum verður ljóst, hversu fráleit sú kenning framsóknarmanna er, að sparifé landsmanna sé fryst og komi engum að gagni. Það er þvert á móti ýmist notað til útlána hjá atvinnuvegunum eða til þess að tryggja það, að viðskipti okkar út á við geti gengið með eðlilegum hætti. Nú reyna framsóknarmenn, eins og viðskmrh. benti rækilega á, að telja mönnum trú um, að það sé hægt að nota sömu peningana tvisvar. Þeir veifa bundnu innstæðunum framan í lánsfjárþurfandi menn og segja, að sjálfsagt sé að lána þetta fé til fjárfestingar, án þess að gera grein fyrir, hvort þeir ætla þá að draga úr lánveitingum til atvinnuveganna eða eyða gjaldeyrisvaraasjóðnum. Í umræðunum á dögunum lét Eysteinn Jónsson að vísu í það skína, að hann mundi kjósa síðari kostinn, ef hann fengi ráðið, því að óhætt væri að sigla djarft, eins og hann orðaði það, og nota upp þann gjaldeyrisforða, sem til væri hverju sinni. Ég skildi þessi ummæli á þann veg, að Eysteinn Jónsson vildi gera gjaldeyrisskortinn aftur að skömmtunarstjóra. En það eru áreiðanlega ekki margir, sem eru honum sammála um, að æskilegt sé að hverfa aftur til þess tíma, jafnvel ekki flokksmenn hans sjálfs.

Það, sem ég hef nú rakið, lýsir vel baráttu framsóknarmanna um þessar mundir. Þeir gera hverja tilraunina á fætur annarri til að rífa niður þann jákvæða árangur, sem orðið hefur af viðreisninni. Þeir reyna með öllum ráðum að koma af stað svo mikilli verðbólgu, að ekki verði við neitt ráðið. Allt er reynt: að skrúfa upp kaupið, lækka vextina, auka útlánin og rýra sparifjárauknginguna og ýta sem mest undir þau öfl, sem eru þjóðfélaginu hættulegust. Það er áreiðanlegt, að fleiri en viðskmrh. gengur erfiðlega að þekkja Eystein Jónsson fyrir sama mann og hann áður var, og á það sama raunar einnig við um flokk hans.

Að endingu vil ég segja þetta: Efnahagsmálin voru í tíð vinstri stjórnarinnar komin í slíka flækju, að þar var ekki samstaða um nein úrræði, og taldi þáv. forsrh. það ástand fullkomið tilefni til stjórnarslita. Var þá engum blöðum um það að fletta, að fram undan var stórkostlegt efnahagslegt hrun og atvinnuleysi, ef ekkert yrði að gert. Stjórn Alþfl. undir forustu Emils Jónssonar tók við vandanum og gerði þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru til þess að bægja mestu hættunni frá. Síðan komu þrír flokkanna sér saman um að gera tímabæra kjördæmabreytingu, og eftir síðustu kosningar var stofnað til þess stjórnarsamstarfs, sem síðan hefur haldizt og mun örugglega haldast út kjörtímabilið. Það út af fyrir sig sýnir þann árangur af samstarfi stjórnarflokkanna, að meiri festa hefur komizt í stjórnmálin en áður var, því að langt mun síðan ein og sama stjórn hefur setið heilt kjörtíma-

bil. Alþfl. hefur gengið að þessu samstarfi heill og óskiptur, og hann hefur ávallt stefnt að því, sem hann taldi umbjóðendum sínum fyrir beztu. Var fyrsti liðurinn í því starfi sá að hindra stöðvun og atvinnuleysi, sem er versta böl hverrar þjóðar og bitnar harðast á lægst launuðu stéttunum. Þetta hefur tekizt, og má segja, að hver vinnandi hönd hafi haft nóg að starfa síðustu árin, og nú er svo komið, að í ýmsum greinum skortir vinnuafl. Jafnframt þurfti að koma fótum undir atvinnuvegina, til þess að hægt væri að halda í horfinu með eðlilega framleiðsluaukningu, sem er höfuðskilyrði þess, að hægt sé að bæta lífskjörin og halda áfram opinberum framkvæmdum, eins og byggingu hafna, vega, brúa, skóla, flugvalla, lagningu rafmagns o. s. frv. Allt þetta byggist á því, að atvinnuvegirnir standi traustum fótum og gefi þjóðinni góðar tekjur. Þetta hefur líka tekizt. Og jafnframt hefur verið hægt að auka stórkostlega framlög til félagsmála, eins og ég gat um áðan, en með auknum almannatryggingum er í rauninni framkvæmd mikil tekjujöfnun í þjóðfélaginu milli þeirra betur stæðu og hinna, sem minnst mega sín. Nú stendur fyrir dyrum að ganga lengra á þessari braut, m. a. með því að afnema skiptingu landsins í verðlagssvæði hjá tryggingunum. Áður var búið að afnema skerðingarákvæðin. Niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem nú eru áætlaðar 430 millj., eru einnig á sinn hátt tekjujöfnun og aðstoð við helzta atvinnuveg okkar, sem annars stæði enn þá verr að vígi í samkeppni við aðrar atvinnugreinar. Mikla þýðingu hefur sú ákvörðun að fá sveitarfélögunum nýja tekjustofna, hluta af söluskatti og landsútsvör, en sá tekjustofn þeirra verður á næsta ári um 130 millj. kr. Lán til íbúðabygginga hafa verið hækkuð og meira fé útvegað til þeirra en nokkru sinni fyrr, þótt ekki hafi tekizt að fullnægja allri eftirspurn eftir íbúðarhúsalánum. Það mun samt vera svo, að við séum nú nær því en oft áður að geta afgreitt allar umsóknir um slík lán. Viðskiptahömlur hafa verið afnumdar, og gjaldeyrisskortur er nú næstum því gleymt fyrirbæri. Tekjuskattur og útsvör hafa verið lækkuð og gerðar mikilvægar breytingar á lögum um þau efni, sem eru gjaldendum til stórra hagsbóta.

Hef ég nú talið fátt eitt af því, sem áunnizt hefur í stjórnarsamstarfinu, en allt þetta — og margt annað — tel ég vera til mikilla hagsbóta fyrir umbjóðendur Alþfl. Hann getur þess vegna gengið til kosninganna að vori með góðri samvizku, en á þingi flokksins, sem hefst 15. n. m., verður mörkuð stefna hans í framtíðinni. Veit ég, að flokkurinn mun hér eftir sem hingað til miða starf sitt við heill og hag landsmanna og það, að þeir geti lifað við mannsæmandi kjör í landinu og notið frelsis og menntunar til jafns við það, sem bezt gerist meðal annarra þjóða. Um þetta markmið veit ég, að flokkurinn verður reiðubúinn til samstarfs við aðra, en aldrei hefur riðið meira á því en einmitt nú, á þeim háskatímum, sem við lifum, að lítil þjóð snúi bökum saman. — Ég þakka þeim, sem hlýtt hafa. Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Gott kvöld, góðir hlustendur. Fjmrh. minntist hér á reikningsskil ríkissjóðs. Þau eru ekkert fyrr á ferð en áður, og fékk Alþingi ekki einu sinni bráðabirgðayfirlit, áður en því sleit s. l. vor. En samþykkt ríkisreikninganna sjálfra á Alþingi hefur á hinn bóginn verið hraðað með því að knýja hana fram, þótt endurskoðun reikninganna, sem ríkisreikningurinn byggist á, væri ekki nándar nærri lokið, eins og aths. endurskoðenda sýna.

Út af því, sem Birgir Finnsson sagði hér um sparifjáreigendur, vil ég aðeins segja, að þeir hafa orðið fyrir stórfelldu tjóni af ráðstöfunum ríkisstj., og sýnir það, að háir vextir eru ekki einhlítur gróðavegur fyrir þá, því að þeir hafa aldrei orðið fyrir verri búsifjum en síðan viðreisnin kom til sögunnar.

Á árinu 1961 urðu ríkistekjur 1672 millj. og fóru 83 millj. fram úr áætlun. Ekki dugðu þó þessar tekjur, þótt þær væru 760 millj. kr. meiri en fyrir þremur árum, fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Greip ráðh. þá til þess örþrifaráðs til að forða frá halla í búskapnum í fyrra að taka eignarnámi af sjávarútveginum á síðasta ári verðhækkun útflutningsvörubirgðanna. Voru rúmlega 70 millj. af ríkisgjöldunum greiddar af þessu fé, sem eftir mikla vafninga og sjónhverfingar hlaut nafnið ríkisábyrgðasjóður að lokum, en upptekna féð nam miklu á annað hundrað millj. Þegar þessum rúmlega 70 millj. frá sjávarútveginum hafði verið bætt við þennan eina milljarð og 672 millj., hafði hallinn breytzt í greiðsluafgang upp á 57 millj. Þetta þykir afrek á heimili stjórnarinnar.

Á fjárlagafrv. því fyrir 1963, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, eru heildarútgjöldin komin upp í 2 milljarða og 114 millj. Hafa útgjöldin á einu ári hækkað um 370 millj. u. þ. b., og síðan 1958 hafa fjárlögin hækkað um einn milljarð og 244 millj., og er þá talið með útgjöldum 1958 það, sem þá var varið utan fjárlaga til niðurgreiðslu á vöruverði, og tölurnar með því gerðar alveg sambærilegar. Þýðingarlaust er fyrir fjmrh. að reyna að rugla menn í þessu, sem hann gerir þó oft tilraun til, með því að telja útflutningsuppbætur áður með ríkisútgjöldum þá og segja, að fjárlögin hafi þannig verið tvískipt. Ef þetta væri rétt hjá ráðh., yrði að telja núna með ríkisútgjöldum alla verðhækkun á innkomnum erlendum gjaldeyri vegna tveggja gengislækkana. Sjá allir, hvílík fjarstæða það er.

En það sýnir öngþveitið, að fjárlögin hækka núna á einu ári sem svarar samanlögðum 20 ára heildarútgjöldum ríkisins fyrir stríð. Skattar og tollar samanbornir með sama hætti, niðurgreiðslur utan fjárlaga taldar með, verða þannig, að skattaálögur og tollaálögur í fjárl.

eru nú 1 milljarður 785 millj., en voru 698. Hækkun skatta og tolla til ríkissjóðs á 3 árum nemur 1 milljarði og 87 millj. Þessi tveggja milljarða fjárlög eru fjárlög þeirra, sem sögðust ætla að stöðva dýrtíðina, koma á stöðugu verðlagi og stöðugu verðgildi peninga.

En hvað hefur gerzt? Gengið hefur verið lækkað tvisvar, án þess að slakað hafi verið á verðtollstöxtum nema á örfáum vörutegundum í fyrrahaust í áróðursskyni aðallega, sem jafngildir dropanum í hafið, þegar litið er á þær óhemjufúlgur, sem inn er sópað með nýjum tollahækkunum. En þetta var ekki látið nægja. Nýr innflutningstollur, söluskattur í tolli, var lagður á, nýr söluskattur innanlands á nær undantekningarlaust allar vörur og þjónustu, sem gefur margfalt á við þann, sem fyrir var og felldur var niður. Sérstök innflutningsgjöld, sem notuð voru í útflutningsbætur, voru látin standa og sópað í ríkissjóð þrátt fyrir gengisfellinguna. Hefur verið svo ósleitilega fram gengið, að óbeinar álögur, tollar og skattar hafa hækkað um 222% síðan 1958. Beinir skattar hafa verið lækkaðir, þótt litið dragi á móti því, sem lögfest hefur verið af nýjum tollum og neyzlusköttum. En það segir sína sögu um áhrif alls þessa á afkomu manna, að samkv. Hagtíðindum hefur byrði vísitöluheimilisins í beinum sköttum einnig aukizt verulega og hækkað vísitöluna um 2.3 stig. Þetta þýðir, að beinir skattar á þær tekjur, sem vísitöluheimilið þarf núna að hafa til að geta lifað sem áður, hafa aukizt, en ekki lækkað.

Ekki er annað að sjá en ríkisstj. hafi verið haldin hreinu skattæði, því að ofan á allar þessar álögur hefur hún beitt sér fyrir sérsköttum á einstakar stéttir. Hún lét lögleiða sérskatt á bændur, sem jafngildir 2% af persónulegum tekjum þeirra, því að bannað er að taka skattinn með í framleiðslukostnað og bændum einum með því ætlað að leggja fé til opinberra lánasjóða af starfslaunum sínum. Er þetta gert á sama tíma sem ríkisstj. státar af fjársöfnun alls staðar og greiðsluafgangi og hundrað milljóna af sparifjáraukningu þjóðarinnar er tekið úr umferð og fryst í Seðlabankanum til þess að minnka innflutninginn, segja þeir nú í sinni túlkun. Það eru þeirra innflutningshöft.

Útflutningsgjöld á sjávarafurðir voru hækkuð stórkostlega, en fyrir baráttu L. Í. Ú. og stjórnarandstæðinga fékkst það gjald til baka í bili inn í reksturinn beint með því, að ríkisstj. var knúin til að nota það til greiðslu vátryggingariðgjalda flotans.

Það er því ekki að furða, þegar á allt þetta er litið, að úr stjórnarherbúðunum heyrist stundum talað um afreksverk við lækkun skatta og tolla. Ég sagði: ekki furða, og hef þá í huga þá sorglegu tízku að snúa staðreyndunum alveg við.

Margur spyr, hvort þessar gífurlegu nýju álögur fari ekki til að stórauka verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins og auka framlög til stuðnings uppbyggingu atvinnuveganna. En það er nú öðru nær. Ár frá ári fer hlutfallslega minna af ríkistekjunum til verklegra framkvæmda, og í mörgum dæmum hafa framlög til verklegra framkvæmda, sem mestu skipta, stórlækkað miðað við notagildi fjárins, en það eitt skiptir hér máli. Ég nefni aðeins dæmi.

Ekkert fjármagn hefur að mínu viti aukið jafnmikið framleiðsluna og þjóðartekjurnar og atvinnuaukningarféð. Fyrir viðreisnina var það komið upp í 13½—15 millj. Þetta var stórfé þá. Hvert sjávarplássið af öðru fékk þá svo að um munaði til skipakaupa og fleiri framkvæmda af þessu fé, og margir vaskir sjómenn urðu báta- og skipaeigendur vegna þess, að þetta fé kom til. Nú er ekki hægt að láta í þetta að dómi stjórnarinnar nema 10 millj. af 2 milljörðum og framlagið er að notagildi ekki yfir þriðjung á við það, sem áður var. Segja má, að eins og dýrtíðin er nú orðin óðfluga, þá sé verið að gera þessa lánastarfsemi til uppbyggingar sjávarplássunum greinilega að engu.

Ástandið í vegamálunum er orðið óþolandi. Um það ber öllum saman. Vegunum hefur ekki verið haldið við. Á stórum svæðum hafa vegirnir, sem fyrir voru, drabbazt niður í stað þess, að áður var þó fremur hægt að bæta vegina af viðhaldsfénu. Kostnaðurinn hefur hækkað svo gífurlega, að nokkuð auknar fjárveitingar í krónutölu hafa hvergi hrokkið til að halda í horfinu. 10% hækkun á viðhaldsfé, sem ráðgerð er í þessu frv., nær alls ekki einu sinni til þess að mæta hækkuðum kostnaði frá ári til árs, — hvergi nærri, hvað þá meira.

Vélakostur vegagerðarinnar er orðinn svo knappur og lélegur, að stórtjóni veldur, og sums staðar svo komið, að vegavinna fæst ekki unnin vegna tækjaskorts fyrr en seint á haustinu, þegar allra veðra er von, og veldur stórtjóni. Ráðh. hélt svo áðan snotran ræðustúf um tækjaskortinn. En þar við situr líka, því að ekki er aukið fé til tækjakaupanna, ekki hægt að fá það af hinum tveimur milljörðum. Fé til nýlagningar er svo skorið við nögl miðað við aukinn kostnað, að víða fer minnkandi það, sem hægt er að framkvæma. Í örvæntingu reyna menn að sporna gegn þessari öfugþróun með því að taka lán með okurvöxtum á kostnað byggðarlaganna sjálfra, og sums staðar er farið að taka slík lán, sem nema margra ára framlögum í viðkomandi vegi. En ekki verður komizt langt til lengdar með því að éta þannig út vegaféð fyrir fram.

Það segir meira en mörg orð, að í þessu fjárlagafrv., sem er yfir 2 milljarða og hækkar um 378 millj. á einu ári, ætlar ríkisstj. ekki einni krónu meira í nýja vegi en á gildandi fjárlögum, ekki heldur til brúa, og það sem meira er, það er jafnhá fjárhæð til brúargerða á fjárl. núna og notuð var til brúargerða af ríkissjóðsfé 1958.

Framsfl. hefur tekið upp baráttu á Alþingi fyrir því að rífa vega- og brúargerðamálin út úr þeirri sjálfheldu, sem þau eru nú í komin, með því að láta samgöngubætur á landi,

vegi og brýr, njóta tekna af umferðinni. Sú barátta varð til þess, að nefnd var sett í málið og stjórnin hefur eitthvað rumskað, enda veit hún, hvað fram undan er næsta vor. Ekki fékkst þó mþn., eins og sjálfsagt hefði verið um annað eins mál og samgöngur á landi, og er þar á ferð sú nýstárlega stefna stjórnarinnar að loka fulltrúa stjórnarandstöðunnar vendilega úti frá endurskoðun allra mála í nefndum. En barátta Framsfl. fyrir endurbótum í þessum málum mun halda áfram og vafalaust bera árangur.

Ég nefni atvinnuaukningarféð og vega- og brúamálin sem dæmi um, hvert stefnir. En það mætti nefna mörg dæmi. T. d. er lægri fjárhæð veitt til nýrra framkvæmda í raforkumálum á þessu 2 milljarða frv. en veitt var 1957—58.

Þótt ríkisútgjöldin vaxi um hundruð milljóna á hverju ári, segist hæstv. fjmrh. alltaf vera að gera ráðstafanir til að lækka ríkisútgjöldin með hagsýslu og aukinni ráðdeild. Það er kannske ekkert skrýtið, þótt ráðh. verði tíðrætt um þetta, þegar þess er gætt, að mönnum telst svo til, að ráðh. og meiri hl. hans í fjvn. hafi gefið út 59 sparnaðarheit eða sparnaðaráform samtals. Ráðh. er því skiljanlega nokkuð í mun, að svo líti út sem eitthvað af þessu verði efnt. Gyllir ráðh. talsvert einstakar ráðstafanir til breytingar á ríkisrekstrinum, sem hann hefur beitt sér fyrir. Út af þessu vil ég segja örfá orð.

Ráðh. fullyrðir, að æðimikill sparnaður verði fyrir ríkissjóð af því að fela nýrri stofnun innheimtu ríkisskattanna, og nefnir tölur í því sambandi. Ég fullyrði, að engin reynsla er komin á það, hvað hin nýja stofnun kostar ríkissjóð, og því engar tölur hægt að nefna í því sambandi.

Ráðh. gaf á sínum tíma fyrirheit um mikinn sparnað á kostnaði við álagningu beinna skatta með því að leggja niður margar skattanefndir. Nú er ráðh. að koma á þessu nýja kerfi, þótt hann minntist raunar ekkert á það áðan, og enginn, sem til þekkir, dregur í efa, að þetta nýja kerfi stórhækkar þennan kostnað, þegar það er komið í fulla framkvæmd. Það er kominn ríkisskattstjóri, skattstjórar í hverju kjördæmi, sem í reyndinni eiga að vera yfirskattstjórar, og undirskattstjórar í hverjum kaupstað og hverju kauptúni, sem heita umboðsmenn skattstjóra og munu fá skrifstofur og aðstoðarfólk, og svo verða umboðsmenn í öllum sveitum líka, sem taka við störfum af skattanefndunum. Úr þessu verður feiknalegt skrifstofubákn og stóraukinn kostnaður, áður en varir. En fyrirkomulagsbreytingar þessar hefur ráðh. svo notað til að hrekja úrvalsmenn úr störfum með ruddalegum hætti til að setja óvana menn í staðinn í ýmsum dæmum.

Hagsýslu- og ráðdeildartal hæstv. ráðh. gefur mér tilefni til að minnast á nokkur sýnishorn í því sambandi, sem ráðh. hefur ekki séð ástæðu til að nefna. Ráðh. hefur mikið talað um að fækka nefndum og spara með því. En 1960 brá svo við, að nefndir á 19. gr. voru taldar helmingi fleiri en 1958 og höfðu kostað tvöfalt. Nú hefur ráðh. aftur á móti fundið ráðið, sem dugir til að fækka nefndum á 19. gr. Þær eru komnar niður í 20 allt í einu. En sé nánar að gáð, er maðkur í mysunni og hér á ferðinni sparnaðarráðstafanir mjög einkennandi fyrir hæstv. ráðh. Nefndir heita ekki nefndir lengur nema fáar útvaldar. Margar slíkar, sem í fyrra báru nefndarnafn með réttu, heita nú kostnaður við athugun á skipun mála og kostnaður við undirbúning á þessu eða hinu. Nefndanöfnin eru horfin, en ekki nefndirnar, og nýjar nefndir hafa fæðzt, en þær eru ekki nefndar þeim nöfnum á reikningunum. Þetta er orðið eins og þegar ekki mátti nefna búrhval á sjó. Það er kannske hægt að komast eitthvað með svona sjónhverfingum, en þetta vekur ekki traust.

Og hver er svo útkoman?

Kostnaður við nefndir og athuganir á 19. gr. varð í fyrra nærfellt 1 millj. hærri en 1958. Kostnaður við undirbúning laga og reglugerða hefur þar að auki hækkað úr 318 þús. í 661 þús., ýmis kostnaður úr 135 í 581 þús., ferðakostnaður erlendis úr 41 þús. í 756 þús., kostnaður við hagsýslu ráðh. er dreifður víða, en 5 liðir á 19. gr. nema 730 þús. Annar kostnaður stjórnarráðsins hefur hækkað úr 2.3 millj. í 3.5 og liðurinn aðrir starfsmenn allmikið. Þetta er allt miðað við 1958 annars vegar. Ótal fleiri dæmi mætti nefna. Alþm. var fjölgað um 8, tveimur bankastjórum bætt við, fjórum mönnum í bankaráð ríkisbankanna, tveimur í sementsverksmiðjustjórnina, tveimur í síldarútvegsnefndina, saksóknaraembætti stofnað með nýju starfsliði, efnahagsmálaráðuneyti, sem nú er orðið að nýrri stofnun, efnahagsstofnuninni. Þetta eru aðeins örfá dæmi. En það eru engin stóryrði, þótt sagt sé, að ráðdeildin sé með minnsta móti og standi í öfugu hlutfalli við yfirlýsingar hæstv. ráðh. Menn beri þetta svo saman við verklegu framkvæmdirnar.

Það vekur sérstaka athygli, að ekki er minnzt á Keflavíkurveginn í fjárlagafrv. En þennan veg er verið að leggja fyrir ríkisfé, og tekið hefur verið ríkislán til hans, án þess að lánsheimildar hafi verið leitað frá Alþingi, eins og skylt er að gera samkv. stjórnarskránni. Vegurinn er sem sagt lagður án fjárveitingar og án lánsheimildar, og hvorugur liður er í þessu fjárlagafrv. og ekki einu sinni fjárveiting í frv. til að standa undir því ríkisláni, sem þegar hefur verið tekið til vegarins. Hvað á þetta að þýða? spyrja menn hver annan hér á Alþingi. Ekki getur ríkisstj. gert þetta af ótta við andstöðu við Keflavíkurveginn, því að til hennar spyrst ekki hér á Alþingi. Hvers vegna er þá traðkað á þingræði og lög brotin til að ganga fram hjá Alþingi í þessu máli? Það er ekki til nema ein skýring á þessu. Ríkisstj. hefur verið önnum kafin við að koma fyrir kattarnef á Alþingi ýmsum till. þm. um að fá lánsfé í vegi, t. d. austanlands og vestan, Siglufjarðarjarðgöngin, svo að dæmi séu nefnd. Öllu slíku hefur verið synjað, og út af því

sýnist samvizkan svo slæm, að gripið er til þess að taka lán í Keflavíkurveginn heimildarlaust í kyrrþey og fara á bak við Alþingi með málið af ótta við, að ríkisstj. ráði ekki við að láta fella sem fyrr lántökur í aðra vegi, ef lántakan í Keflavíkurveginn fær þinglega meðferð. Svona er framkvæmd þingræðisins í höndum núv. ríkisstj. Svona eru málin dregin úr höndum Alþingis, til þess að þrýstingurinn frá þm. vegna framfaramálanna verði stjórnarherrunum ekki of þungur í skauti. En hvað segja menn um þvílík vinnubrögð, hvar í flokki sem þeir standa?

Þetta fjárlfrv. ráðgerir rúmlega tveggja milljarða útgjöld og tekjur á næsta ári. En ekki er það öll sagan, og er sannarlega dökkt í álinn fram undan. Nú er svo komið, að ekki einu sinni þessir rúmlega 2 milljarðar hrökkva til, að hægt sé að áætla grænan eyri fyrir stórfelldum kauphækkunum opinberra starfsmanna, sem koma til á miðju næsta ári, því að launakerfi opinberra starfsmanna er algerlega brostið, eins og allir vita. Ekki hrökkva þessir 2 milljarðar heldur til að halda í horfinu með verklegar framkvæmdir, og gera verður í vaxandi mæli ár frá ári ráð fyrir lántökum til skólabygginga ríkisins t. d. og nú til lögreglustöðvar og annarra hliðstæðra framkvæmda, sem engar tekjur gefa til að standa undir lánunum. Er það táknrænt, að slíkar byggingar hafa yfirleitt áður verið greiddar af ríkistekjunum, en ekki velt á framtíðina til viðbótar þeim verkefnum, sem þá þarf að leysa. Þetta eru ömurlegar staðreyndir og vottur þess, hvernig stjórnarstefnan hefur leikið ríkisbúskapinn og í hvílíka sjálfheldu þar er komið, að svona skuli horfa um framkvæmdir ríkisins þrátt fyrir tveggja milljarða kr. álögur. Það gefur auga leið um þetta, að heildarfjárveitingar til samgöngumála og atvinnumála t. d. þyrftu að hækka um 180 millj., til þess að þau mál fengju jafnmikið af ríkistekjunum og til þeirra fór 1958, — samgöngumál og framlög til atvinnumála.

Ríkisstj. hefur sagt upp á síðkastið, að allra meina bót mundi verða af svokallaðri 5 ára framkvæmdaáætlun, sem ætti að koma út í vetur, en upphaflega raunar í fyrravetur. Með henni ættu að koma síauknar framkvæmdir, stórfelldar framkvæmdir og framfarir á öllum sviðum. Skilst manni, að hún ætti að byrja að koma til framkvæmda á næsta ári, þ. e. a. s. árið, sem þessi fjárlög eiga að gilda fyrir. Mörgum brá undarlega við, þegar þeir sáu þetta fjárlfrv. og minntust þess, sem tilkynnt hefur verið um þessa framkvæmdaáætlun. Menn höfðu búizt við, að í fjárlagafrv. væru ákvæði um framlög ríkisbúskaparins til þeirrar stórsóknar í framkvæmdum, sem boðuð hafði verið og sett yrði í framkvæmdaáætlunina. En það vottar ekki fyrir slíku. Þvert á móti, það sígur enn á ógæfuhlið með þátttöku ríkissjóðs í lífsnauðsynlegri uppbyggingu og framkvæmdum. Hvernig samrýmist þetta hinni nýju framkvæmdaáætlun? Ráðh. minntist ekki á þetta mál einu einasta orði. Er kannske ætlunin að umsteypa fjárlfrv. í vetur til samræmis við framkvæmdaáætlunina nýju? Æskilegt væri að heyra grg. hæstv. fjmrh. strax í kvöld um þetta og svar hans við þessu. Eða á þessi nýja framkvæmdaáætlun bara að verða ný blá bók?

Það er ekki hægt að ræða fjárlögin eða ríkisbúskapinn án þess að skoða samhengið við þjóðarbúskapinn og efnahagsmálastefnuna. Þetta fjárlagafrv. mótast af efnahagsmálastefnu stjórnarinnar. Í byrjun árs 1960 hófst þingmeirihlutinn handa, og markmiðið var jafnvægi í efnahagsmálunum. Því átti að ná með gengislækkun, álagningu nýrra tolla og söluskatta, en jafnhliða skyldi kaup og afurðaverð standa óbreytt. Samtímis voru svo gerðar ráðstafanir til þess að draga úr peningaumferð með því að loka inni hluta af sparifénu og minnka lán út á afurðir og með öllu móti gera sem torveldast að ná í peninga til fjárfestingar. Með þessu átti að leiðum samdráttar og kjaraskerðingar að tryggja jafnvægi og stöðugt verðlag.

Framsóknarmenn bentu á það strax, að af þessum ráðstöfunum leiddi svo gífurlegan vöxt dýrtíðarinnar, að þær fengju með engu móti staðizt. Hlytu þær að verða upphaf að óstöðvandi dýrtíðarflóði og ölduróti í efnahagslífi landsins, sem enginn sæi fyrir endann á. Var bent á, að verðhækkunaráhrif þessara ráðstafana námu sýnilega ríflega einum milljarði í fyrstu umferð og það í þjóðarbúi, þar sem þjóðartekjur voru þá ekki taldar nema 5½—6 milljarðar. En á þetta var ekki hlustað. En hvað hefur svo gerzt og hvernig er ástatt? Efnahagsráðstafanir ríkisstj. áttu m. a. og ekki sízt að minnka eftirspurn eftir vinnuafli, til þess að hægara væri að halda niðri kaupinu og láta menn taka á sig kjaraskerðinguna. Þessi liður í samdráttarplaninu mistókst að vísu, og þar með brast stór hlekkur í kerfinu. Atvinna minnkaði fyrst, en hefur verið mikil upp á síðkastið þrátt fyrir margvíslegar samdráttarráðstafanir ríkisstj. Það liggur því fyrir, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að draga svo úr eftirspurn eftir vinnu, eins og það heitir á því fagmáli, sem þar er notað, sem hún vildi og lagði grundvöll að, enda þótt margar þýðingarmestu framkvæmdir hafi dregizt stórlega saman.

En hér kemur til sú óhemju framleiðsluaukning og atvinnu, sem leitt hefur af útfærslu landhelginnar og þeirri stórfelldu uppbyggingu, sem búið var að koma í framkvæmd, áður en breytt var um stefnu. Skoðum, á hverju hin mikla atvinnu- og framleiðsluaukning byggist. Á útfærslu landhelginnar, sem búið var að gera, — Ísland er eins og annað land, síðan landhelgin var færð út, — á stórkostlegri uppbyggingu í sjávarplássunum, sem búið var að gera ráðstafanir til fyrir þáttaskilin, en síðan ekki haldið í horfinu, á stórfelldri uppbyggingu í landbúnaði, sem búið var að framkvæma, en nú hefur verið lömuð, á nýrri tækni í síldveiðum, sem því aðeins var hægt að notfæra sér, að búið var að afla til landsins

hinna glæsilegu fiskiskipa og byggja verksmiðjur, sem taldar voru vottur um pólitíska spillingu, á aukningu iðnaðar í mörgum greinum, þ. á m. nýrri áburðarverksmiðju og nýrri sementsverksmiðju, og á nýjum raforkuaflstöðvum, sem búið var að koma upp, en engar hliðstæðar framkvæmdir gerðar síðan. Það eru þessar framkvæmdir og fleiri slíkar, sem núv. valdhafar í áróðri sínum hafa kallað halla á viðskiptunum við útlönd, það eru þær, sem hafa forðað frá þeim atvinnusamdrætti, sem talinn var og talinn er nauðsynlegur liður í hinu nýja hagkerfi.

En ýmsar ráðstafanir ríkisstj. hafa á hinn bóginn valdið rekstrarfjárskorti og stórfelldum rekstrarstöðvunum og dregið úr framleiðslunni með margvíslegum hætti. Ríkisstj. horfði á það afskiptalaust, að togaraflotinn lá mánuðum saman. Ríkisstj. bannaði að semja við járnsmiðina í vor, þótt sýnilegt væri, að það hlyti að valda stórtjóni í sambandi við síldveiðarnar, svo sem sannarlega varð, og hlaut svo að láta semja um meiri hækkun en hún stöðvaði. Ríkisstj. hefur verið tómlát í framkvæmdum til að bæta móttökuskilyrði síldarinnar og þannig valdið stórtjóni. Og ríkisstj. hefur vanrækt að leysa síldveiðideiluna núna, sem unnt er að leysa með auðveldu móti og nægilegir fjármunir eru til þess að leysa án nokkurra nýrra álaga og án þess að brjóta nokkurt prinsip, sbr. það stórkostlega uppbótakerfi, sem nú er haft í gangi. Og ríkisstj. vanrækir þetta, sem hún gæti gert, ef vilji væri til þess. Ekki einu sinni síldarleitinni er forsvaranlega haldið uppi og borið við peningaskorti. Til þess finnst ekki fé af þeim 2 milljörðum, sem innheimtir eru af þjóðinni, eða þeim greiðsluafgangi, sem hæstv. fjmrh. boðaði.

Tvö afbragðs síldarsumur hafa nú komið í röð og þar að auki moksíldveiði allan fyrravetur fyrir Suðvesturlandi. Í sumar veiddust tíu sinnum fleiri mál og tunnur síldar en að meðaltali árin 1949—1958 og fjórum sinnum fleiri en árin 1950—1958 — og vetrarsíldin þar að auki. Ríkisstj. lætur svo guma af því, að eitthvað betri staða sé á gjaldeyrisreikningum bankanna en þau árin, sem nálega engin síldveiði var. Ég held satt að segja, að engum þyki það stórfréttir, þótt svo væri við slík skilyrði.

Við skulum vona, að svona uppgripagóðæri við sjóinn skilji eitthvað eftir. En eitt er víst, að verði svo, þá er það þrátt fyrir það, en ekki vegna þess, sem núv. þingmeirihluti hefur aðhafzt.

Meginmarkmiðið átti að vera að koma á jafnvægi í efnahagsmálum, stöðugu verðlagi og verðgildi peninga. Lítum nú aðeins betur á, hvernig þetta hefur heppnazt. Við erum búin að skoða, hvernig þessi stefna hefur leikið ríkisbúskapinn. Það sést á þessu fjárlfrv. En lítum á aðra þætti. Það hefur farið eins og fyrirsjáanlegt var og sagt var í byrjun: ráðstafanir ríkisstj. til að magna dýrtíðina með gengislækkunum, tollaálögum, vaxtahækkunum og öðrum ráðstöfunum hafa reist í landinu óviðráðanlegar dýrtíðaröldur og orsakað algera upplausn í verðlags- og kaupgjaldsmálum.

Sumarið 1961 fékk ríkisstj. upp í hendurnar tækifæri til að fikra sig inn á heppilegri leiðir, þegar verkalýðsfélögin og samvinnufélögin höfðu forustu um svo hóflegar breytingar á kaupgjaldi, að auðvelt var fyrir þjóðarbúið og atvinnureksturinn að þola þær. En ríkisstj. sló á útréttar hendur þessara almannasamtaka og eyðilagði þetta starf með því að framkvæma nýja gengislækkun ofan á allt, sem komið var, en þjóðin stóð agndofa af undrun. Með þessu ætlaði stjórnin að beygja menn og sýna, að hún yrði að ráða. En afleiðing þessa ofan á allt, sem komið var, hefur orðið ný stórfelld verðhækkunaralda, sem enn er þó alls ekki risin í fulla hæð. Bera öll afskipti ríkisstj. ljósan vott um þá ringulreið, sem orðin er. En meginhugsunin núna virðist vera orðin sú að fljóta einhvern veginn fram yfir kosningar í vor, en ná sér niðri á eftir, ef þingfylgi lofar, reisa þá viðreisnina við með enn öflugri ráðstöfunum í þá átt, sem menn nú hafa fengið smjörþefinn af. En það mun ekki takast.

Nokkur dæmi væri viðeigandi að nefna um ástandið, sem skýra frá, hvernig viðreisnin hefur heppnazt, eins og það er orðað í stjórnarblöðunum, hvers konar jafnvægi það er, sem hefur myndazt. Vísitalan fyrir vörur og þjónustu hefur hækkað um 41 stig. 330 rúmmetra íbúð er nú skv. Hagtíðindunum talin kosta um 540 þús. kr. og hækkar þó ört, hefur hækkað síðan 1958 um 160 þús. kr., eða sem svarar því, sem á að fást að láni á næstunni úr íbúðalánakerfinu. Þegar háu vextirnir eru teknir með í dæmið, kostar ekki undir 50 þús. á ári að búa í svona íbúð. Skv. Hagtíðindunum þurfti vísitölufjölskyldan, miðað við 1. okt., 68 þús. kr. til þess að greiða nauðsynjar sínar. Þetta þýðir, að sú fjölskylda þarf yfir 100 þús. kr. í tekjur til að standast, ef hún býr í nýrri íbúð. Það sjá svo allir, hvernig þetta kemur heim við launakerfið og tekjur bænda og hvers konar jafnvægi hér hefur verið náð.

Ég tók dæmi um íbúðir og framfærslukostnað, en ekki tekur betra við, ef litið er á fjárfestingarkostnað í landbúnaði og þær tekjur, sem núverandi afurðaverð getur gefið, eða kostnað við að eignast skip og báta, ef menn eiga ekki slík tæki fyrir. Bezt sést, hvers konar jafnvægi það er, sem myndazt hefur í þjóðarbúskapnum, þegar borin er saman aðstaða unga fólksins í landinu annars vegar, sem nú þarf að koma sér upp húsnæði eða framleiðslutækjum, og hins vegar aðstaða hinna, sem búnir voru að koma sér fyrir, áður en núverandi stefna ríkisstj. kom til framkvæmda. Það dylst engum, að þetta fær alls ekki staðizt, og breytir engu, þó að ríkisstj. þykist ánægð með þetta. Það geta ekki allir lifað á því að hafa komið undir sig fótum fyrir 1960, að yfir skall fyrir alvöru. Unga fólkið þarf líka

að lifa og hafa tekjur til að standa undir lífsnauðsynlegri fjárfestingu með nýja viðreisnarverðinu, bæði íbúðum og fjárfestingu í atvinnurekstri til lands og sjávar.

Fram undan eru því nýjar hækkunaröldur. Það er eins víst og dagur fylgir nótt. Í þessari sjálfheldu standa málin ekki stundinni lengur. Spurningin er á hinn bóginn sú, hvernig eigi að mæta afleiðingum þess ósamræmis og öngþveitis, sem á er skollið. Það ríður mest á því að taka upp kröftuga uppbyggingar- og framleiðslustefnu, mæta hækkunaröldunni, draga úr dýrtíðarflóðinu með aukinni framleiðslu og framleiðni og taka hiklaust til hjálpar alla hugsanlega nýjustu tækni, vélvæðingu og beztu aðferðir til að auka tekjurnar. Er því þýðingarmest af öllu að leysa úr læðingi einstaklings- og félagsframtak hinna mörgu, sem stjórnarstefnan hefur lamað. Til þess þarf að breyta um stefnu. Ég nefni í því sambandi: Taka upp nýja lánapólitík. Allt fjárfestingarlánakerfið verður að endurskoða frá rótum, miðað við hið nýja verðlag í landinu, því að hér hefur orðið bylting í þeim efnum. Auka lánveitingar til fjárfestingarframkvæmda og þá ekki síst til aukinnar vélvæðingar og meiri framleiðni á sem flestum sviðum. Hafa sparifé í umferð og hætta að frysta hluta af aukningu þess í Seðlabankanum, lána það, sem myndast í landinu, dugmiklu athafnafólki í atvinnurekstur til að auka afköst og afrakstur. Fáist þetta ekki fram, verður að auka því meir erlendar lántökur í þessu skyni, en erlendar lántökur til arðgæfra framkvæmda hljóta alltaf að verða einn liður í þeirri stefnu til aukinnar framleiðslu og framleiðni, sem fylgja þarf. Lækka þyrfti vextina, sem hafa stóraukið dýrtíðina og hvíla eins og mara á atvinnurekstrinum. Auka fjárframlög til útlána í sjávarpláss landsins til atvinnuuppbyggingar. Endurskoða alla löggjöf varðandi stuðning við uppbyggingu í landbúnaði og auka hana á ný. Beina fjármagni til þeirra framkvæmda í iðnaði, sem mestra afkasta er af að vænta að vel athuguðu máli, og gleyma ekki í því sambandi úrvinnslu eigin hráefna, svo sem móttöku og vinnslu síldar og vinnslu úr hráefnum landbúnaðarins. Virkja vatns- og hitaorkuna. Auka mjög lánveitingar til íbúðabygginga, til þess að almenningi verði aftur kleift að eignast þak yfir höfuð sér, en húsnæðismálin eru nú orðin að stórfelldu vandamáli í mörgum byggðarlögum. Koma raforkunni út um landið. Hér eru aðeins fáir, stórir drættir nefndir og bent í áttina. Menn verða að gera sér ljóst, að efnahagskerfinu hefur verið umturnað þannig undanfarin 3 ár, að endurskoða verður þessa meginþætti og aðra fleiri, ef hér á að geta orðið sú framleiðsluaukning á vegum almennings í landinu, sem lífsnauðsynleg er, og einnig ef koma á í veg fyrir, að ýmsir meginþættir íslenzks atvinnu- og efnahagslífs lendi í höndum þeirra einna, sem hafa fullar hendur fjár, og það jafnvel útlendinga.

Stuðningur ríkisvaldsins við framtak dugmikils vinnandi fólks og félagsskapar þess hefur verið aðalsmerki íslenzks þjóðarbúskapar og eitt af séreinkennum hans, þangað til núverandi þingmeirihluti tók sér fyrir hendur að breyta þjóðarbúskapnum í grundvallaratriðum og stefna að auknum yfirráðum þeirra fjársterkustu. En íslenzka efnahagsmálastefnu ber að miða við íslenzka staðhætti, en alls ekki við innlimun í efnahagskerfi annarra þjóða, t. d. í Efnahagsbandalagi Evrópu, sem á ekki að koma til mála.

Það liggur nú hverjum manni í augum uppi, að mistekizt hefur alveg að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum með þeim aðferðum, sem ríkisstj. valdi. Þess í stað hafa komið upp geigvænleg vandamál, sem mörgum hrýs hugur við, enda efnahagskerfið holgrafið orðið og óðaverðbólga í landinu. Örðugt verður við þetta að fást og ekki úr leyst í einu vetfangi, það er bezt að gera sér ljóst. En þeim mun fremur verða þessi vandkvæði yfirunnin, sem fyrr verður hægt að beita nýjum aðferðum. — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, taldi, að ríkisreikningurinn og frv. um samþykkt á honum væri ekki fyrr á ferð nú en áður. Hver er nú sannleikurinn í þessari fullyrðingu? Ríkisreikningurinn fyrir s. l. ár, 1961, var lagður fram í gær, 22. okt. árið eftir. Hvernig var þetta í tíð Eysteins Jónssonar sem fjmrh.? Ég sé t. d. hér fyrir framan mig, að ríkisreikningurinn fyrir árið 1953, þegar hann fór með fjármálin, var ekki lagður fram eins og nú í október næsta ár á eftir, hann var ekki lagður fram á árinu 1954 og ekki á árinu 1955, heldur kom frv. um hann fyrst 22. febr. 1956, á þriðja ári eftir reikningslok. Og nákvæmlega sama sagan var um reikninga ríkisins næstu ár á eftir. Reikningurinn fyrir 1954 kom í apríl árið 1957. Reikningurinn fyrir 1955 kom í marz 1958. Frv. um reikninginn fyrir 1956 kom í febr. 1959. Fleiri orð þarf ekki að hafa um þessa staðhæfingu hv. þm.

Hann sagði enn fremur, að nú hefði verið hraðað óeðlilega framlagningu frv., með því að endurskoðun væri ekki lokið. Þetta er rangfærsla. Yfirskoðunarmenn höfðu að fullu lokið sinni endurskoðun. Það, sem hann átti við, var það, að hinni umboðslegu endurskoðun hjá ríkisendurskoðuninni er ekki að öllu lokið og hefur aldrei verið, þegar ríkisreikningurinn hefur verið lagður fram. Ýmsar stofnanir eru endurskoðaðar þar nokkru seinna, og kemur ekki að sök, því að ef um leiðréttingu er að ræða, kemur það þá í næsta reikningi á eftir. Þessu verður ekki kippt að fullu í lag, fyrr en endurskoðun fer fram jafnóðum, og að því er unnið. En að þessu leyti er engin breyting frá því, sem var í ráðherratíð Eysteins.

Þá segir hv. þm., að ég hafi vanrækt á síðasta þingi að gefa bráðabirgðayfirlit um af-

komu ríkissjóðs. Manni skilst, að það hafi verið einhver venja, sem út af var brugðið. Ég hef athugað, hvernig er með hans hátterni í þeim efnum, og ég sé, að á þinginu 1956 gaf hann ekkert bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs, á þinginu 1957 ekki heldur og á síðasta þinginu, sem hann var fjmrh., ekki heldur. Er því af heldur litlu að státa í þessu efni.

Hv. þm. víkur að skattamálunum og segir, að þannig sé nú í raun og veru með skattalækkanir, sem um hafi verið talað, að skattliðurinn í vísitölunni hafi hækkað hvorki meira né minna en um 2.33 stig skv. útreikningum kauplagsnefndar. Hér er mjög málum blandað eins og í fleiru. Það er að vísu rétt, að útsvarið hefur hækkað nokkuð vísitöluliðinn, en hins vegar hefur tekjuskattur til ríkisins hækkað um 0.09 stig. Það er allt og sumt, sem kauplagsnefnd hefur talið rétt að hann ætti að hækka, og er það þó ekki byggt á raunverulegum greiðslum tekjuskatts, heldur útreiknuðum tekjuskatti, sem miðaður er við heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar. En sem sagt, það er 0.09 úr stigi, sem þar er um að ræða varðandi ríkisskattinn.

Hv. þm. báðum, hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, hefur orðið mjög tíðrætt um það m. a., að útgjöld ríkisins skv. þessu fjárlagafrv. hafi hækkað stórkostlega frá því, þegar þeir voru og hétu í vinstri stjórninni, eða árið 1958. Ég hef athugað nokkuð, hvernig þessum tölum er farið. Tölur Eysteins Jónssonar eru þar ekki alls kostar nákvæmar í þessum samanburði. Það er að sjálfsögðu rétt að reikna með í útgjöldum fyrir 1958 framlög til niðurgreiðslna og uppbóta á landbúnaðarvörum, en hins vegar hef ég ekki talið ástæðu til að taka með einnig uppbótagreiðslur vegna sjávarútvegs, vegna þess að það er ekki sambærilegt við frv. nú. Hins vegar fer hann villur vegar að því leyti, að hann ber saman fjárlögin fyrir 1958, í stað þess að auðvitað á að taka ríkisreikninginn fyrir 1958 og tilsvarandi greiðslur úr útflutningssjóði fyrir það ár. Það, sem skiptir máli, er, hvað greiðslurnar urðu á þessu ári, en ekki, hvað hann áætlaði þær í fjárlögum, sérstaklega þegar maður hefur það í huga, hversu umframgreiðslur urðu oft verulegar fram yfir fjárlög í hans tíð. Þegar þessar tölur eru þannig rétt hafðar, kemur í ljós, að á þessum 5 árum, frá 1958 til fjárlagafrv. fyrir 1963, hækka útgjöld ríkissjóðs um 1029 millj. kr., þegar rétt er saman borið. En það er lítið farið út í það af þessum hv. ræðumönnum, í hvað þessir peningar hafa farið. Það er ekki nóg að slá því föstu, að útgjöld ríkissjóðs hækki á þessum 5 árum um rúman milljarð, þegar því er svo alveg sleppt að skýra það, í hvað þetta hafi farið. En við skulum nú athuga það nánar.

Af þessari upphæð hafa farið tæpar 400 millj. kr., eða nánar tiltekið 396 millj., í auknar almannatryggingar og félagsmál. Er það þetta, sem Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson eru andvígir? Vilja þeir draga úr framlögum ríkissjóðs til almannatrygginga eða til félagsmála, til ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, eða hvað er það af þessum tæpum 400 millj. kr., sem þeir vilja skera niður? Það væri gott við tækifæri að fá svör við því.

Í öðru lagi hafa framlög til lækkunar á vöruverði eða niðurgreiðslu á vöruverði vaxið um 282 millj. kr. Vilja þessir tveir þm. draga úr niðurgreiðslum og þar með hækka vöruverð til almennings? Maður skyldi ekki ætla það eftir ræðum þeirra hér og sérstaklega eftir ummælum Lúðvíks Jósefssonar og hans hneykslunarorðum á því, hvað vöruverð hefði hækkað. Um 282 millj. kr. hafa því aukizt greiðslurnar til að halda niðri vöruverði til almennings.

Í þriðja lagi hafa framlög til kennslumála hækkað um 114 millj. kr. Vilja þessir hv. þm. draga úr skólahaldi í landinu? Vilja þeir fækka skólaárunum, eða hvað vilja þeir gera?

Í fjórða lagi eru framlög til vegamála og hafnarmála, sem þessir þm. hneykslast nú mest á að hafi hækkað of lítið. Framlög til vega, hafna, til landbúnaðar og sjávarútvegs hafa hækkað um 95 millj. kr.

Og loks vildi ég nefna í fimmta lagi framlög nú á þessu frv. til launabóta, bæði handa opinberum starfsmönnum almennt og sérbætur handa kennurum, sem hækka um 65 millj.

Þessir liðir fimm, sem ég hef nú nefnt, nema 952 millj. kr. Þá eru eftir af þessari hækkun frá árinu 1958 um 77 millj. til allra annarra útgjalda en þeirra, sem ég hef nú nefnt. Og nú vil ég enn beina þeirri spurningu til þeirra hv. þm., — ég veit, að þeir geta ekki svarað þeirri spurningu hér í kvöld, en ég vænti þess að fá að heyra það frá þeim síðar: Hvað er það af þessum 952 millj., sem þeir hneykslast á og vilja draga úr? Eru það framlögin til almannatrygginganna? Eru það niðurgreiðslur á vöruverði? Eru það framlögin til skóla og kennslumála? Eru það framlögin til vega, hafna, landbúnaðar og sjávarútvegs? Eru það launabætur til kennara og annarra opinberra starfsmanna?

Í sambandi við útgjöld ríkissjóðs og hækkun útgjalda nefndi hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, nokkrar tölur um gífurlega hækkun og nefndi þar sérstaklega til kostnað við stjórnarráðið, sem hefði hækkað mjög. Hann ætti nú að vita það, eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, að í þessum lið er allur kostnaður við sendiráðin og utanríkisþjónustuna. En það mætti þá kannske að gefnu tilefni frá þessum hv. þm. minnast á það, að á þessum árum, frá 1958 og þangað til nú, hefur kostnaður við sendiráðið í Moskvuborg hækkað úr 990 þús. kr. upp í 2 millj. 369 þús., sem mun vera sem næst 140%. Ég ætla, að þessi hv. þm. geti ekki með fullum rökum sakað okkur um það í núv. ríkisstj., þó að þessi kostnaður hafi hækkað, því að eitthvað kemur þar fleira til um kostnað við líf og framfærslu þar ytra.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, segir, að í rauninni hafi orðið greiðsluhalli hjá ríkissjóði á s. l. ári og til þess að rétta við þennan halla hafi ríkisstj. tekið eignarnámi af sjávarútveginum gengisgróða, sem hann átti og hafi numið um 70 millj. á s. l. ári, en nokkuð á annað hundrað millj. samtals. Það er oft búið að staglast á þessu með gengisgróðann, og ég vil því fara hér örfáum orðum um það mál.

Þegar genginu var breytt í fyrra, 4. ágúst, var til í landinu mikið magn af íslenzkum afurðum, sem voru tilbúnar til útflutnings. Þær voru að mestu framleiddar við því kaupgjaldi og verðlagi, sem hér gilti, áður en hækkanirnar urðu sumarið 1961. Þegar svo þessar vörubirgðir voru seldar og fluttar úr landi, fengust fyrir þær 13% fleiri íslenzkar krónur en áður vegna gengisbreytingarinnar. Hver átti þennan gengishagnað, sem er áætlað að nemi, þegar allt kemur til alls, væntanlega um 140—150 millj. kr.? Ef engin lagaákvæði hefðu verið sett um ráðstöfun þessa gengisgróða, hefðu þeir aðilar, sem voru eigendur útflutningsvaranna 4. ágúst í fyrra, fengið þessa fúlgu. Í mörgum tilfellum var það algerri tilviljun háð, hver var orðinn löglegur eigandi útflutningsvöru 4. ágúst. Sjaldan munu það hafa verið sjómenn. Stundum hafa það verið útgerðarmenn, frystihús, síldarverksmiðjur, stundum útflutningsfyrirtæki, ýmis sölusamtök, hlutafélög eða einstaklingar. Hefði sú regla verið látin ráða, sem virðist vera skoðun hv. þm. Eysteins Jónssonar, að sá, sem var eigandi vörunnar 4. ágúst, hefði átt að eignast gengisgróðann, hefði það valdið réttlátri gagnrýni. Vörurnar voru að mestu framleiddar með eldra kaupgjaldi og kostnaði, en oft hefðu það ekki verið framleiðendur, sem hagnaðinn hlutu, heldur útflytjendur. Misrétti hefði skapazt milli framleiðenda innbyrðis, einn var e. t. v. nýbúinn að selja framleiðsluna við gamla genginu, annar seldi fáum dögum seinna og fékk þá 13% hærra verð, þó að vara beggja væri framleidd á sama tíma og framleiðslukostnaður sá sami. Ef ríkisstj. hefði látið það afskiptalaust, hvert þessi gengishagnaður rynni, mundi ýmsum aðilum hafa fallið í skaut gróði að ástæðulausu og misrétti og ójöfnuður skapazt á milli manna. Að öllu þessu athuguðu þótti ríkisstj. rétt að ráðstafa gengisgróðanum þannig, að hann kæmi atvinnuvegunum, fyrst og fremst útgerðinni, að góðu gagni. Og stjórnin lagði því til að ráðstafa meginhluta gengishagnaðarins á þann veg í þágu atvinnuveganna, að hann rynni til að greiða áfallnar ábyrgðarskuldir vegna þeirra, sem fyrst og fremst voru vegna kaupa og smíði á togurum, bátum, fiskvinnslustöðvum og annarra fyrirtækja í þágu sjávarútvegsins sjálfs.

Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði m. a., að tölur fjárlfrv. boði hækkandi tolla og skatta, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að tollar og skattar hækkuðu um yfir 350 millj. frá fjárlögum í ár. Þetta er ákaflega glöggt dæmi um villandi málflutning og brenglun hugmynda. Hvað þýðir hækkun tolla og skatta? Hvað heitir það í mæltu máli íslenzku? Það hefur hingað til aldrei verið talin hækkun tolla og skatta, ef toll- og skattstigar eru óbreyttir, þó að heildarupphæð sú, sem í ríkissjóð kemur af þessum tekjustofnum, hækki. Ég skal skýra þetta með dæmi. Við skulum segja, að á tiltekinni vörutegund sé 50% tollur. Innflutningurinn hefur verið 10 millj., þetta gefur þá 5 millj. kr. í ríkissjóð. Ef innflutningurinn vex á þessari sömu vörutegund vegna aukinna þarfa eða eftirspurnar upp í 12 millj., en tollurinn er sá sami, 50%, þá gefur þetta 6 millj. eða 1 millj. meira í ríkissjóð en áður. Heitir þetta á íslenzku tollahækkun, þegar tollurinn er 50% eins og hann var áður? Nei, það er hrein fölsun og blekking að beita því nafni. Tollurinn er óbreyttur, hann hækkar ekki, en vegna aukins innflutnings vaxa tekjur ríkissjóðs af þessum sökum. Það má nefna annað enn skýrara dæmi. Í nóv. s. l. samþykkti Alþingi að lækka tolla á mörgum vörutegundum og það verulega. Reynslan sýnir svo, að þessi tollalækkun gefur fleiri krónur, svo að milljónum skiptir, í ríkissjóð. Á máli Lúðvíks Jósefssonar mundi tollalækkunin í nóvember í fyrra því heita tollahækkun. Tollalækkunarfrv. frá í nóvember heitir á máli Lúðvíks Jósefssonar tollahækkun, vegna þess að hún gefur í heild meira í ríkissjóð. Svona er ekki boðlegt að brengla hugmyndum frammi fyrir íslenzkri þjóð.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, hafa engir tollstigar eða skattstigar hækkað nú frá því, sem áður hefur verið. Og það hefur tekizt með óbreyttum tollstigum og skattstigum að koma saman nú í þriðja skipti fjárlögum án þess að grípa til nokkurra nýrra álaga. Svona blekkingar er ekki rétt að hafa hér í frammi, að kalla slíkt tolla- og skattahækkanir, þegar stigarnir eru óbreyttir.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hneykslaðist mjög á því, að framlög til vega- og brúamála hefðu í rauninni stórlækkað miðað við notagildi fjárins. Út í þessi mál skal ég ekki fara hér, m. a. vegna þess, að nú er, ekki að tilhlutun Framsfl., heldur eftir till. þm. Sjálfstfl. starfandi nefnd í vega- og brúamálum, sem hefur það verkefni að benda á nýja tekjustofna til þessara mála, og skulum við vona, að tillögur um það efni, m. a. um stóraukið fé í þessu efni og þar með stórauknar vega- og brúaframkvæmdir, verði lagðar fyrir þetta þing. En þegar hv. þm., Eysteinn Jónsson, viðhefur þessi orð, þá er rétt að minna aðeins á eitt, að þegar hann leggur fram fjárlfrv. fyrir 1959, það síðasta, sem hann lagði fram, hafði verið nýlega framkvæmd gengislækkun í stórum stíl af vinstri stjórninni með 55% yfirfærslugjaldinu. Maður skyldi ætla, að hann hefði þá hækkað í fjárlfrv. allar tillögur um framlög til verklegra framkvæmda. En það var nú ekki aldeilis. Í þessu frv., eftir að 55% yfirfærslugjaldið er komið til fram-

kvæmda, lagði hann til, að óbreyttar væru í krónutölu fjárveitingar til nýbyggingar vega, brúa, hafna og sjúkrahúsbygginga.

Sami hv. þm. taldi, að breytingin á skattakerfinu mundi ekki verða til sparnaðar. Um það skal ég ekki deila hér, úr því mun reynslan skera, hvort sú skipulagsbreyting verður til sparnaðar. En hv. þm. leyfði sér að viðhafa þau ummæli, að ég hefði notað þessa fyrirkomulagsbreytingu til að hrekja úrvalsmenn úr stöðum. Hvað er það, sem hv. þm. á við? Það er rétt að virða fyrir sér það mál. Áður en nýju skattalögin komu í gildi, voru hér tíu skattstjórar í landinu. Af þeim hafði hv. þm., Eysteinn Jónsson, skipað níu. Einn hafði hann ekki skipað. Þessir níu skattstjórar, sem hann hafði skipað sem fjmrh., eru allir með tölu að sjálfsögðu eindregnir flokksmenn hans. Þar höfðu aldrei neinir komið til greina aðrir. Nýju skattalögin fækkuðu skattstjórunum um einn, ákváðu, að þeir skyldu vera níu að tölu. Og nýju skattalögin ákváðu enn fremur, að til þess að verða skattstjóri, skyldi krafizt sérstakra prófa eða undirbúningsþekkingar. Sá maður, sem ætti að skipa skattstjóra, þyrfti annaðhvort að vera hagfræðingur, viðskiptafræðingur, lögfræðingur eða löggiltur endurskoðandi. Nú fór það þannig, að ekki reyndist unnt að fá menn með þessum prófum eða undirbúningsmenntun í allar þessar stöður nú, þegar ég í sumar átti að skipa í þessar stöður. Og hver var niðurstaðan? Það tókst að fá menn, sem fullnægðu skilyrðum laganna og þar með kröfum Alþingis, í 5 af þessum stöðum. Af þessum 5, sem voru skipaðir í þessar stöður, eru 2 lögfræðingar, 2 viðskiptafræðingar og 1 hagfræðingur, en hinir fjórir eru sömu skattstjórar og voru áður. Hvernig þessum hv. þm., bæði með sína eigin fortíð og þegar maður lítur á lögin, eins og þau voru afgreidd frá Alþingi, og þær kröfur, sem Alþingi með lögunum gerði, dettur í hug að viðhafa slík svigurmæli, er mér óskiljanlegt. Þessir fjórir, sem áfram gegna skattstjórastöðunum og voru áður í þeim, voru skipaðir samkv. undanþáguheimild í lögunum um það, að þeim, sem gegnt hefðu skattstjórastarfi áður, mátti fela áfram að gegna starfi, þótt þeir fullnægðu ekki þessum þekkingarskilyrðum. Og ég vil bæta því við, að sumir þessara manna, sem halda áfram, hafa langa reynslu í störfum sem skattstjórar og hafa reynzt prýðilega.

Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, hafði þau orð hér, þegar hann var að lýsa eymdarástandinu á Íslandi, að nú í tíð þessarar stjórnar væru engar verksmiðjur byggðar, engin virkjun gerð, það væri munur eða áður var. Hv. þm., sem er þingmaður Austurlands, ætti m. a. að vita um þær framkvæmdir, sem hafa átt sér stað á þessu ári á Austurlandi varðandi stækkun síldarverksmiðja og nýbyggingar, og hann ætti að vera nokkuð kunnugur einnig þeim miklu framkvæmdum, sem ýmist eru komnar á veg eða í undirbúningi hér sunnanlands varðandi síldarverksmiðjur. En þegar hann stærir sig af því, að vinstri stjórnin hafi beitt sér fyrir Sogsvirkjuninni, en núv. stjórn sjái enga virkjun, þá skal ég aðeins geta þess, að nú er í undirbúningi og hefur verið undirbúið og búið að afla fjár til þess að bæta nýrri vélasamstæðu í Írafossvirkjunina í Sogi, og þessi vélasamstæða er hvorki meira né minna en 15500 kw., og þegar það er athugað, að allar vatnsaflsstöðvar á Íslandi samtals aðrar en Sogsvirkjunin hafa 33000 kw. afl, þá sést, að þessi nýja Írafossstöð, sem við erum að setja í gang nú, er hvorki meira né minna en nærri helmingur af öllum þessum vatnsaflsstöðvum utan Sogsins til samans. Það er búið að bjóða út þetta verk og tryggja fé til þess og er að hefjast. Og í sambandi við virkjanir þarf ekki annað en benda á hinar geysimiklu hitaveitufram kvæmdir í Reykjavík, og skal ekki fleiri orðum um þetta fara.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson talaði hér um mikla hækkun á vöruverði og leit aðeins á vissan hluta vísitölunnar, en sleppti náttúrlega að nokkru til þess að segja, eins og honum því miður er nokkuð títt, aðeins hálfan sannleikann. Og hann segir, að kaupmáttur launa hafi lækkað úr 99 stigum árið 1959 niður í 83 stig á miðju ári 1961. Hvað þýðir nú þessi kaupmáttur launa? Hann þýðir í rauninni einn hluta af vísitölunni. Og það sýnir fyrirlitningu þessa hv. þm. fyrir öllum almannatryggingum, að hann sleppir alveg áhrifum almannatrygginganna, fjölskyldubóta og annarra hækkana á almannatryggingum, úr þessum upplýsingum sínum. Vitanlega er þetta ekki rétt mynd af kjörum almennings, 99 stig árið 1959 og 83 stig á miðju síðasta ári. Til þess einmitt að mæta þeirri hækkun, sem varð á vöruverðinu, var m. a. ákveðið að hækka stórlega fjölskyldubætur og aðrar almannatryggingar og lækka tekjuskatt og útsvar.

Herra forseti. Ræðutími minn mun nú vera á enda, og tími hefur ekki unnizt til þess að svara hér neitt að ráði þeim almennu hugleiðingum þessara tveggja hv. þm. um efnahagsmálin almennt. En það vil ég þó segja að lokum, að ein aðalhrakspá stjórnarandstæðinga, þegar viðreisnin hófst, var sú, að hún mundi leiða til allsherjar atvinnuleysis í landinu. Þetta hefur reynzt hrakspá. Hér í landi er og hefur verið full atvinna. Atvinnuleysis hefur, sem betur fer, ekki orðið vart, enda er það eitt grundvallaratriðið í allri viðreisninni einmitt að tryggja fulla atvinnu, tryggja öllum landsins börnum góða atvinnu, og þess væntum við vissulega, að vofa atvinnuleysis þurfi aldrei framar að sýna sig á Íslandi.

Það kom hins vegar glöggt í ljós í ræðu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, að hann er alveg reiðubúinn til þess að brjóta flest þau einföldustu lögmál efnahagslífsins, sem ekki aðeins flestir, sem skyn bera á þessi mál, viðurkenna, heldur einnig hann viðurkenndi og barðist fyrir fyrir nokkrum árum. Út í það er ekki hægt að fara hér. En það sýna

ummæli hans bæði um sparifjármálin, um vextina, um lánsfjármálin og yfirleitt um verðbólguna, því að það ætti hann að vita af eigin reynslu, að náið samband er milli vaxta, milli sparifjáraukningar og möguleika til þess að veita nauðsynleg lán í nauðsynlegar framkvæmdir. Sú stefna, sem hann fylgir nú, hlýtur í rauninni óhjákvæmilega að leiða til nákvæmlega þess sama ástands, sem var hér, þegar hann lét af stjórnarstörfum í des. 1958. Þá var ástandið þannig, að við blasti hækkun visitölunnar á næstu mánuðum um hvorki meira né minna en 70 stig. Sú stefna, sem þá hafði verið fylgt, hafði sem sagt þegar leitt yfir landið verðbólgu með slíkum hætti, og af þessum sökum gafst hann og félagar hans upp. En í rauninni er það, sem hann nú er að halda fram, sú stjórnarstefna, sem fyrst og fremst varð vinstri stjórninni að falli og hleypti yfir okkur þeirri verðbólgu, sem þá var byrjuð, en sem betur fer tókst að hindra með sameiginlegum átökum núv. stjórnarflokka.

Ég þakka svo þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 53 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Við þessa umr. sér fjvn. ekki ástæðu til þess að gera aths. við frv., en leggur til, að því sé að lokinni umr. vísað til 2. umr.

Forseti (FS): Allmörg undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður um afgreiðslu fjárlaga, að hin almenna umr., eldhúsdagsumr., sem samkv. þingsköpum á að fara fram við framhald 1. umr., hefur farið fram síðar á þinginu. Ég mun nú bera það undir atkv. hv. þm., hvort sami háttur skuli enn hafður.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun almennra umræðna (útvarpsumr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 180, 182 og 184, 175, 176, 181, 183, 189).

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Frv. var vísað til fjvn. 24. okt. s. l. N. hóf þó fundi til undirbúnings afgreiðslu þess nokkru fyrr, eða 17. okt. Hún hefur haldið 42 reglulega fundi um frv. og rætt einstaka þætti þess við forstöðumenn flestra þeirra ríkisstofnana, sem mestu máli skipta um afgreiðslu þess, eins og venja er til, auk þess við eins marga aðra, sem óskuðu eftir viðtali, sem frekast var unnt án þess að tefja störfin, og fjölda viðtala og athugana utan funda. Þá ræddi n. og athugaði að þessu sinni nokkuð á 7. hundrað bréfa og erinda, sem til hennar bárust frá ráðuneytum, samtökum, ýmsum stofnunum, félögum og einstaklingum. Ég vil leyfa mér að þakka nm. fyrir þeirra mikla starf, en þó alveg sérstaklega fyrir það, hve samstarfið hefur verið ágætt, og hefur það án efa orðið til þess að flýta störfunum og létta þau.

Nú verður ekki lengur um það deilt, að efnahagur þjóðarinnar sé traustari en hann hefur verið um langt skeið, enda njótum við nú trausts bæði hér heima og erlendis. Almenningur leggur fé sitt á vöxtu, svo að sparifjáreignin er hærri og vex hraðar en áður. Erlendis getum við fengið lán á frjálsum lánamarkaði. Og að lokum það, sem þeir, sem til þekktu á því sviði áður, eiga nærri því bágt með að trúa: við getum farið í banka erlendis og skipt íslenzkum peningum á réttu gengi gegn smávægilegum ómakslaunum. Þessa breytta viðhorfs gætir einnig mjög með vaxandi stórhug og bjartsýni um allar framkvæmdir. Þetta hefur einnig komið greinilega fram í þeim erindum, sem komið hafa til fjvn. Hitt er svo ekki að undra í landi, þar sem svo margt er ógert og er á frumstigi, þótt ekki verði allt gert í einu.

Hæstv. fjmrh. gerði svo ljósa grein fyrir þeim hækkunum, sem nauðsynlegar hafa reynzt á frv. frá því í fyrra, að ég tel ekki ástæðu til að rekja það hér, en vil aðeins geta þess, að athugun á frv. sýnir, að enn er gætt fyllsta sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess, og þeir áfangar, sem þegar hafa náðst á því sviði, hafa reynzt vel. Það sýnir, að sú stefna að breyta ekki til fyrr en að lokinni vandlegri athugun er rétt og gefur vonir um beztan árangur til frambúðar.

Um till. n. í heild er það að segja, að hækkanir tekjuliða eru gerðar í samráði við forstöðumann Efnahagsstofnunar ríkisins með hliðsjón af reynslu ársins í ár. Samtals eru tekjuliðir hækkaðir um tæpar 72 millj. kr. í till. n. Er það nokkru meira en lagt er til að gjaldaliðir hækki, en vitað er um nokkra gjaldaliði, sem bíða 3. umr. að venju, svo sem endurskoðun 18. gr. og styrki til flóabáta og vöruflutninga. Auk þess eru nokkur mál enn óafgreidd hjá n. og í nánari athugun. Má þar nefna mál atvinnudeildar háskólans og nokkur fleiri mál raunar. Gjaldaliðir eiga því enn eftir að hækka nokkuð frá þeim till., sem nú liggja fyrir.

Gjaldahlið frv. er í þessum till. hækkuð um tæpar 65 millj. kr. Þar eru þessir liðir stærstir: Til verklegra framkvæmda, vega, brúa, hafna og skóla, er lagt til að verði hækkað um rúmar 30 millj. Auk þess eru verklegar framkvæmdir á nokkrum öðrum liðum, t. d. á 20.

gr., sem síðar segir frá, hækkaðar verulega. Og til atvinnumála, þ. e. til aflatryggingasjóðs vegna aflabrests togara, er lagt til að verði veittar 15 millj. kr. Aukið fé til verklegra framkvæmda og atvinnumála mun því vera nálægt 50 millj. kr., eins og lagt er til að frv. verði að lokinni 2. umr.

Þá mun ég víkja að einstökum greinum frv. og brtt. við þær.

Eru þá fyrst tekjuliðir 2. gr. Tekju- og eignarskattur hækki um 10 millj. kr., verðtollur um 10 millj., gjald af innlendum tollvörum um 1 millj., bifreiðaskattur um 1 millj., aukatekjur um 1 millj., stimpilgjöld um 2 millj., söluskattur að frádregnu gjaldi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 17.4 millj., innflutningsgjald um 10 millj., gjöld af bifreiðum og bifhjólum um 8 millj. og hluti af umboðsþóknun gjaldeyrisbankanna hækki um 5 millj.

3. gr. A. 2. Tekjur Áfengis- og tóbaksverzlunar hækki um 10 millj., en frá dregst ½ millj. kr. hækkun á framlagi til gæzluvistarsjóðs, sem þannig verði 2½ millj., þannig að nettóhækkunin verður 9½ millj.

Þá er það 3. gr. A. 1, póstur og sími. Samkv. nýrri áætlun frá póst- og símamálastjórninni er áætlað, að tekjur hækki um samtals 24.2 millj. kr., og gjöldin er áætlað að hækki um nákvæmlega sömu upphæð. Gjöldin hækka aðallega vegna launahækkana, eftir að fyrri áætlun var samin, en tekjurnar sumpart af aukinni notkun og fjölgun síma, en auk þess er gert ráð fyrir lítils háttar hækkunum gjalda til þess að mæta því, sem á vantar til þess að mæta nauðsynlegri hækkun útgjalda.

Næst kemur breyt. við 10. gr. Það er kostnaður við sendiráðið í París, hækkun um 78400 kr. vegna nauðsynlegrar aukningar á starfsliði.

Á 11. gr. er hækkun til áfengisvarnaráðs og Stórstúku Íslands um 50 þús. kr. til hvors aðila. Það er aðallega vegna þess, að þessir aðilar telja sér báðir nauðsynlegt að auka nokkuð erindrekstur sinn, og er þessi hækkun ætluð til þess að mæta hluta af þeim aukna kostnaði.

Til fangahjálpar er lagt til að hækki um 40 þús. kr. Það er vegna félagsins Verndar, sem talið er að hafi orðið að verulegu gagni, en verið fjárvant.

Þá er næst borgardómaraembættið. Þar er hækkun um 109266 kr. vegna fjölgunar dómara.

Nýr liður á þessari gr. er til kaupa á asdictækjum til landhelgisgæzlunnar, 150 þús. kr. Þetta eru tvö notuð tæki, sem ætlunin er að kaupa. Þau eru talin hentug til síldarleitar, og það, sem gerir enn þá æskilegra að kaupa þau, er það, að þau eru sömu tegundar og tæki í Ægi, og er þess vegna mjög hentugt vegna varahluta að kaupa þessi tæki.

12. gr. IV. A. hækkar um 150 þús. kr. Það er hluti af kostnaði vegna endurbóta á loftræstingarkerfi á röntgendeild landsspítalans.

B-liður á sömu gr. hækkar um 300 þús. kr. Það er vegna hluta kostnaðar af holræsagerð á Vífilsstöðum. Annar kostnaður á þessum lið lækkar um 120 þús. kr., en það er hluti sá, sem átti að ganga af þeim kostnaði til þessarar sömu holræsagerðar.

IV. F., geðveikrahælið að Kleppi, þar hækkar annar kostnaður um 100 þús. kr.

VI. liðurinn, til rekstrarstyrks sjúkrahúsa, hækkar um 250 þús. kr. Það er vegna fjölgunar legudaga á þeim sjúkrahúsum, sem þessi styrkur nær til.

XXVIII, byggingarstyrkur til Náttúrulækningafélags Íslands, heilsuhælis þess í Hveragerði, er lagt til að hækki um 100 þús. kr. Það er eina gigtlækningahælið í landinu, og er ætlunin að bæta við húsnæði, þannig að betri aðstaða verði fyrir sjúkraleikfimi og önnur aðstaða til þess að veita öðrum sjúklingum betri þjónustu en nú er fært vegna þrengsla.

Nýr liður á þessari grein eru 65 þús. kr. til vírusrannsókna. Það er aðallega til rannsókna á inflúensuvírus, sem hafa farið fram í stofnuninni á Keldum.

Þá er enn nýr liður á þessari sömu gr., 350 þús. kr. Það er vegna stofnkostnaðar rannsókna á geislavirkni í matvælum.

Og enn er nýr liður, 200 þús. kr. til kaupa á lækningatækjum í fámennum læknishéruðum samkv. lögum, sem samþ. voru á síðasta þingi, en þessi liður hafði af vangá fallið niður úr frv.

Þá kemur næst 13. gr. A. Framlagi til nýrra akvega er skipt á einstaka vegi. Þar er farið að langmestu leyti og hér um bil eingöngu að till. vegamálastjóra. Þó hefur í örfáum tilfellum verið fært til eftir óskum þm. í einstaka kjördæmum milli vega í sama kjördæmi.

II. e., til samgöngubóta á landi, hækkar um 4 millj. kr. Því fé hefur enn ekki verið skipt á einstaka vegi.

III. liður er óbreyttur að öðru leyti en því, að sá hlutinn, sem ætlaður er til smábrúa, er hækkaður um 1 millj. kr. Þessi hækkun er nauðsynleg að dómi vegamálastjóra, svo að unnt sé að byggja smábrýr, um leið og fjárlagabrú er byggð á sama vegi. Það stendur t. d. til að byggja eina fjárlagabrú á Sunnudalsá í Arnarfirði, en hún kemur ekki að fullum notum, nema smábrýrnar á sama vegi séu byggðar um leið, enda eru það hagkvæmari vinnubrögð. Verður þannig ódýrast að byggja brýrnar, að þær séu byggðar af sama vinnuflokki, sem kominn er á staðinn hvort sem er. Enn fremur er ætlazt til, að Eyrará í Kollafirði sé brúuð um leið.

Þá kemur V. liður, fjallvegir. Sá liður er hækkaður um 375 þús. kr.

XIII. liður, styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn, hækkar um 30 þús. kr., vegna þess að ætlazt er til, að bætt sé við stöðum, þar sem þetta er talið nauðsynlegt.

XIV. liður, til fyrrv. vegaverkstjóra, hækkar um 232 þús. kr. Þetta er samkv. áætlun skrifstofu vegamálastjóra. Hækkun þessi hefði samkv. venju annars komið á 18. gr. En upp-

hæðin er sú sama eða jafnhá og samkv. þeim reglum, sem nú hafa verið settar og aðallega er farið eftir við ákvörðun upphæða þeirra, sem fara á 18. gr.

Nýir liðir á þessari grein eru: Vegna öryggisþjónustu með snjóbifreiðum 20 þús. kr. Það er ætlazt til, að þessi liður fari til Guðmundar Jónassonar, sem hefur haft tvær snjóbifreiðar í gangi undanfarin ár í þessu skyni, en fyrir utan það, sem þær eru notaðar til öryggisþjónustu, eru þær sáralitið eða ekki notaðar. Þykir því eðlilegt að styrkja þessa starfsemi nokkuð. — Aðrir nýir liðir eru: Ferjubryggjur 200 þús. kr. Mér hefur verið bent á, að það væri raunar eðlilegra, að þessi liður væri á 13. gr. C., og er það til athugunar fyrir 3. umr. — Nýr liður, til endurbóta veitingaskálans við Gullfoss 100 þús. kr. — Og enn nýr liður, til að koma á síma- eða talstöðvasambandi við sæluhús 200 þús. kr. Athugun hefur leitt í ljós, að í flestum tilfellum er mun ódýrara að koma á talstöðvasambandi en símasambandi, og póst- og símamálastjóri tjáði n., að vonir séu til þess, að það gæti orðið fullnægjandi með nýjum transistortækjum, sem nú eru komin á markaðinn. Við teljum, að það sé alveg sjálfsagt, að þetta sé reynt. Það er svo mikilsvert að koma talsambandi á frá sæluhúsum, að það er sjálfsagt að láta einskis ófreistað til þess, að það megi takast.

Þá kemur 13. gr. C. Framlagi er skipt á einstakar hafnir að till. vita- og hafnarmálastjóra, nema þar sem þm. kjördæmis hafa komið sér saman um annað í einstaka tilfellum, mjög fáum. — VIII. liður, til hafnarbótasjóðs, hækkar um 3.3 millj. kr. 2 millj. af því eru vegna skemmda í óveðrum samkv. áætlun vitamálastjóra. — Nýr liður, til greiðslu á eftirstöðvum lögboðins framlags ríkissjóðs, er 4 millj. kr.

Svo kemur 13. gr. D., E. og F. Fyrst er alþjóðaflugþjónustan og veðurþjónusta á Grænlandi og lóranstöð í Færeyjum. Þetta eru leiðréttingar til samræmis við alþjóðasamninga. Liðirnir hækka um 55136 kr. samtals. — Tveir gjaldaliðir Veðurstofunnar eru líka á þessari gr., sem hækka um samtals 55 þús. kr. Það er vegna aukinnar veðurþjónustu og vegna leigu á fjarskiptarás. Veðurstofustjóri telur, að það væri réttara, að þessir liðir kæmu á B. 3 og B. 4 í frv., og er það til athugunar fyrir 3. umr. — Nýir liðir undir F eru til kaupa á prentvél til sjókortagerðar, 100 þús. kr., — það er byrjunarframlag, vélin kostar mun meira en þetta, — og til jarðfræðikortagerðar 20 þús. kr.

Þá kemur 14. gr. A. IV. k-liður. Það er menntaskólinn í Reykjavík. Kostnaður hækkar um rúmar 500 þús. kr. Verulegur hluti þessarar hækkunar stafar, að því er rektor tjáir okkur, af húsnæðisleysi skólans og því, að vegna þess að ekki var byggt viðbótarhúsnæði við hann, eins og gert hafði verið ráð fyrir í fyrra, hefur reynzt nauðsynlegt að leigja óhentugt húsnæði til bráðabirgða, og leiðir af því kostnað, bæði af leigunni og upphitun á því húsnæði, auk þess sem kennslustofur í þessu nýja húsnæði eru miklu minni en verið hefði í hinu nýja húsnæði, sem skólanum var ætlað, og leiðir af því, að bekkjardeildir þurfa að vera fleiri, sem aftur veldur því, að fleiri kennara þarf til að geta annað kennslunni.

VII. liður, handíðadeild kennaraskólans, hækkar um 60 þús. kr. Það er vegna nauðsynlegra áhaldakaupa, sem eru að nokkru leyti í sambandi við það, að deildin hefur fengið rýmra húsnæði til afnota við það, að hún hefur flutzt í gamla kennaraskólahúsið. Þetta er þó ekki nema hluti af þeim kostnaði, sem hin nýju áhöld kosta, en nokkurn hluta kostnaðarins hyggjast þeir fá með því að selja eldri áhöld, sem henta ekki lengur.

X. 33, til byggingar barnaskóla og skólastjóraíbúða, hækkar um 8 millj. 615 þús. kr. — XI. 31, bygging gagnfræða- og héraðsskóla, hækkar um 4 millj. 244 þús. kr. — Og XI. liður 36, kostnaður við landspróf, hækkar um 22500 kr. Það er vegna launahækkana þeirra, sem við það starfa.

Nýir liðir á þessari grein eru: Til skolpleiðslu skólanna á Laugarvatni 500 þús. kr. Þetta er ekki nema hluti af þeim kostnaði, aðeins byrjunarframlag til þeirrar veitu, en ástandið þar í þessum málum er talið mjög slæmt og alveg óhjákvæmilegt að ráðast í þessa framkvæmd. — Þá er nýr liður á þessari gr., til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur, en mér er í raun og veru tjáð, að samkv. því, sem venja er erlendis, þar sem veitt er fé til slíks úr ríkissjóði, þá muni það vera venja að hafa það undir landbúnaðareða atvinnumálum. Má vera, að réttara sé að hafa það svo hér. Enn fremur nýr liður, til skólastjóramóts, 30 þús. kr. til hvors liðar.

Þá er XV. 2, framlag til íþróttasjóðs. Er lagt til, að það hækki um 750 þús. kr. Það er talið mjög nauðsynlegt að hækka framlagið til íþróttasjóðs. Íþróttamannvirki hafa verið byggð mörg undanfarið og eru í byggingu, og vantar mikið á, að íþróttasjóður hafi getað greitt hlutfallslega eins og heimilt er til þessara mannvirkja.

Þá er XV. 7, til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar og enn fremur til skólans í Reykjadal. Er lagt til, að fjárveitingar til þeirra hækki um samtals 45 þús. kr. Framlagið til skóla Sigurðar Greipssonar er rekstrarstyrkur, en framlagið til íþróttaskólans í Reykjadal er til bygginga.

Þá er enn fremur hækkun á 11. lið og umorðun á liðnum. Fjárveitingin renni til utanferða og námskeiða íþróttamanna, og er lagt til, að hún hækki um 70 þús. kr.

Nýr liður á þessari grein: til ólympíufarar íþróttamanna 250 þús. kr.

XVIII. liður, barnaverndarráð, er lagt til að hækki um 20 þús. kr., og XXIII. liðurinn, til Skáksambands Íslands, er lagt til að hækki um 25 þús. kr.

Þá kemur næst 14. gr. B. I. 2, bókakaup landsbókasafns o. fl. — Er lagt til, að fjárveiting hækki um 100 þús. kr. Þessi liður hefur undanfarið reynzt of lágur að sögn landsbókavarðar, og hefur verið svo naumt um fjárráð

safnsins, að ekki hefur einu sinni verið hægt að fullnægja því að binda inn bækur safnsins undanfarið, að hann segir.

Þá kemur nýr liður: ljósritun kirkjubóka 25 þús. kr. Það er talið nauðsynlegt vegna þess, að ætlazt er til, að fæðingarvottorð og ýmsar fleiri vottorðagjafir fáist framvegis hjá þjóðskránni, en ekki í þjóðskjalasafni, eins og verið hefur, en til þess þarf þjóðskráin að fá eintak eða eftirrit af kirkjubókum.

Þá er B. III. 13, vegna aldarafmælis þjóðminjasafns, liðurinn hækki um 25 þús. kr.

Nýr liður: til skólaminjasafns (stofnkostnaður) 25 þús. kr. Það mun vera til nokkuð af munum, sem ætlunin er að fari til þessa safns, og talið er hætt við, að þeir glatist, ef ekki er stofnað safnið. Nú vill svo vel til, að húsnæði er auðfengið í nýja kennaraskólanum, og er ætlunin að setja þetta safn upp þar.

V. 8, náttúrugripasafn, hækkun um 15 þús. kr. Það er leiðrétting nánast, prentvilla, sem orðið hafði þarna, hafði lækkað frá fyrra ári, án þess að breyting hefði orðið á kostnaði.

Þá kemur XI. liður, fræðslumyndasafn ríkisins. Er lagt til, að það hækki um 200 þús. kr. Þetta er einkum til þess að gera safninu fært að kaupa fleiri kvikmyndir um starfsháttu, sem eru að hverfa. Safnið hefur verið svo heppið að geta keypt nokkuð af þeim myndum, sem teknar hafa verið af starfsháttum, sem nú eru að hverfa úr þjóðlífinu, og hafa fengið þær með mjög miklu tækifærisverði, að mér er sagt. Þeir hafa keypt nokkuð af myndum, sem Ósvaldur Knudsen hefur tekið, og fengið þær á 6 þús. kr., myndir, sem kostar margfalt meira að taka, en hann mun hafa haft nokkuð af kostnaði upp með því að sýna þessar myndir og selt þær síðan safninu, eftir að hann var búinn að fá upp nokkuð af kostnaðinum þannig. En þó að safnið hafi fengið þessar myndir svona ódýrt, segja forstöðumenn þess mér, að þeir hafi ekki einu sinni haft fé til þess nú undanfarið að kaupa allar þær myndir, sem þeir teldu mjög æskilegt að kaupa á þessu lága verði, og er þessi hækkun að nokkru ætluð til að bæta úr því. En einnig er talið mjög mikilsvert, að þá fæst væntanlega úr því skorið um leið, hvað til er af slíkum myndum og hvað helzt vantar að kvikmynda af starfsháttum, sem nú eru að glatast. — Í öðru lagi er þetta fé ætlað til að efla litskuggamyndakost safnsins, en litskuggamyndirnar eru sagðar mjög vinsælar og mikil eftirspurn eftir þeim, bæði hér heima í ýmsum skólum og einnig hefur verið nokkuð spurt eftir þeim erlendis frá, og hefur stjórn safnsins mikinn áhuga á að auka þetta safn. Þeir eru reyndar svo bjartsýnir, að þeir búast jafnvel við, að þessi þáttur starfseminnar gæti að nokkru staðið undir sér, ef þeir aðeins fá þann stofnkostnað, sem nauðsynlegur er til þess að gera þessa starfsemi eins myndarlega og þeir telja nauðsynlegt.

Þá er enn fremur nýr liður, 5 þús. kr., til þess að kaupa íslenzkar bækur fyrir norrænt bókasafn í París.

Nokkrir liðir eru enn á þessari grein. Það er Vísindafélag Íslendinga, Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, Íslendingafélagið þar, þátttaka í útgáfu menningarsögu Norðurlanda. Þessir liðir hækka samtals um 73 þús. kr. Nýir liðir eru: Til útgáfu manntalsins 1890 30 þús. kr. Þessi útgáfa er talin mjög nauðsynleg. Af manntalinu er aðeins til eitt eintak, en það er mikið notað af fræðimönnum, og er því hætt við skemmdum, ef ekki er úr bætt, og er talið, að það sé fullnægjandi að gera af því þessa ljósritun, sem ætlunin er að gera, og talið mjög heppilegt og verður að teljast tiltölulega ódýrt. — Þá er enn fremur nýr liður: til Jóns Dúasonar, hefur að vísu verið áður á fjárlögum, 60 þús. kr., en er nú tekið upp aftur. — Nýr liður: til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfu bókar hennar um vefnað. — Og enn nýr liður: Til íslenzks Linguaphone-námskeiðs 50 þús. kr. — Til útgáfu íslenzkra bókmennta á ensku er einnig nýr liður, 50 þús. kr. Þetta er þáttur í útgáfustarfsemi, sem hafin hefur verið að frumkvæði Norðurlandaráðs, að þýða úrvalsbækur norrænar á enska tungu til þess að útbreiða þannig þekkingu á bókmenntum Norðurlandaþjóðanna. — Og nýr liður: Til Ingvars Brynjólfssonar til íslenzk-þýzkrar orðabókar, 25 þús. kr. Þessi liður hefur raunar áður verið á fjárlögum, en var þá bundinn við ákveðið árabil. Nú hefur það reynzt svo í framkvæmd, að þessi orðabók hefur verið meira verk eða stærri en í upphafi var ætlað, og er því nauðsynlegt að halda enn áfram að styrkja hana, ef á að geta komið að gagni það mikla starf, sem þar er búið að vinna, og bókin komið út. — Þá er XIII. liður, til skálda, rithöfunda og listamanna. Er lagt til, að hann hækki um 300 þús. kr. Það er til þess, að þessir styrkir geti hækkað í svipuðu hlutfalli og laun hækka á þessu ári. — Nýr liður enn: Vegna norrænnar listsýningar í París, til greiðslu á skuld, 49840 kr. — Þá er XLII. liður, rómverskur, til leikstarfsemi. Er lagt til, að hann hækki um 192 þús. kr. Að mestu er það vegna margra nýrra umsókna. Er lagt til, að styrkir eftir þessum lið séu veittir gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annars staðar að, enda skili hlutaðeigandi félög fullnægjandi starfsskýrslum til menntmrn. — Þá kemur 14. gr. B. XLIV, til tónlistarskóla. Þessir liðir hækka samtals um 260 þús. kr. að till n., sem menntmrn. skipaði í haust í samráði við skólastjóra tónlistarskólanna, sem þá voru hér á fundi. Síðar mun von á till. frá n. um framtíðarskipun þessara mála. — Enn fremur er lagt til, að tvær lúðrasveitir á þessum lið hækki um samtals 20 þús. kr.

Nýir liðir á þessari gr. eru: Til Maríu Markan Östlund 10 þús. kr. til söngkennslu og til Ketils Ingólfssonar til náms í píanóleik 8 þús. kr. Það þykir sérstök ástæða til að styðja hann til þess, en hann stundar jafnframt háskólanám á öðru sviði. En samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hann, stundar hann þetta hvort tveggja af jafnmiklu kappi og með góðum árangri. — Þá er til Jóns Sig-

urðssonar vegna framlags til atvinnusögu sjávarútvegsins 10 þús. kr. — Þá er liður LXXV, endurbætur á Þingvöllum, tveir undirliðir. Er lagt til, að þeir hækki um 160 þús. kr. — Nýr liður á þessari gr.: Zontaklúbbur Akureyrar 50 þús. kr. Það er vegna lóðarkaupa fyrir Nonnahús.

15. gr.: Nýr liður: til byggingar sumarbúða við Vestmannsvatn 100 þús. kr.

16. gr. A.: Búnaðarfélagið er lagt til, að hækki um 400 þús. kr. Það er aðallega vegna aukinnar húsaleigu. Það er flutt í rýmri húsakynni en það áður hafði, eins og kunnugt er, og er nokkur kostnaður, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af þeim flutningi.

7. liður, verkfæranefnd, er lagt til að hækki um 100 þús. kr. — 9. liður a. 2: verðlaun á nautgripasýningum, er lagt til að hækki um 30 þús. kr. — Og 9. liður e hækkar um 214 þús. kr. vegna tveggja nýrra stöðva, sem verið er að byggja og taka í notkun á næsta ári.

17. liður á þessari grein, fyrirhleðslur, hækkar um 355 þús. kr. Það eru nokkrir nýir staðir, þar sem nauðsynlegt er talið að bæta við vegna skemmda, sem orðið hafa. Enn fremur eru á einstaka lið hækkanir, vegna þess að framkvæmdir hafa reynzt dýrari en áætlað var.

18. liður, sjóvarnargarðar, er lagt til að hækki um 50 þús. kr., vegna þess að tveir nýir staðir bætast við.

Þá er 19. liður á þessari grein, sandgræðsla. Er lagt til, að hann hækki um 250 þús. kr., aðallega vegna flugvélarkaupa til sáningar og áburðardreifingar úr lofti. Það hefur farið mjög mikið í vöxt að nota flugvél til þeirra hluta, og eftirspurn eftir þeirri einu flugvél, sem til hefur verið til þeirra nota í landinu, hefur farið mjög vaxandi og ekki verið hægt að anna henni. Telur forstöðumaður sandgræðslunnar óhjákvæmilegt að kaupa aðra vél, bæði til að fullnægja eftirspurninni og eins til þess, að það sé þó til meira en ein vél í landinu til þessara hluta. En kostnað af sjálfu verkinu bera að nokkru þeir, sem óska eftir aðstoð sandgræðslunnar til þessa starfs.

25. liður, veiðimálaskrifstofan, er lagt til að hækki um 71231 kr. Það er vegna þess, að talið er óhjákvæmilegt að auka nokkuð starfskrafta þeirrar skrifstofu vegna sívaxandi starfa við eftirlit og leiðbeiningar um veiðimál.

28. liður c, styrkur til að stunda dýralækningar, er lagt til að hækki um 13400 kr. Það er vegna þess, að talið er óhjákvæmilegt vegna skorts á dýralæknum í landinu að styrkja nokkru fleiri menn til að stunda þessi störf en til þessa hafa haft styrk til þess.

32. liður b, sauðfjársjúkdómavarnir, er lagt til að hækki um 200 þús. kr. vegna niðurskurðar. Sauðfjársjúkdómanefnd fór að vísu fram á nokkru hærri upphæð, en það var áætlunarupphæð og verður þá að bæta það upp seinna, ef kostnaður reynist hærri en þessu nemur.

40. liður, b. 1, Hvanneyri, hækki um 81600 kr. vegna vélfræðikennslu, sem tekin hefur verið upp við skólann og er talin alveg óhjákvæmileg, sérstaklega með tilliti til vaxandi vélanotkunar bænda. — 7. liður, til tilrauna, hækkar um 40 þús. kr.

41. liður, til húsmæðraskóla utan kaupstaða, hækki um 167 þús. kr. vegna aukins viðhalds á þessum skólum. Framlag til byggingar húsmæðraskóla, þessara sömu skóla, er lagt til að hækki um 510 þús. kr.

43. liður, Kvenfélagasamband Íslands, er lagt til að hækki um 60 þús. kr. Það er vegna fyrirhugaðrar aukningar á starfsemi sambandsins. Sambandið telur, að mjög mikið sé óskað eftir, að ráðunautarstarf sambandsins sé aukið, og hyggst það verja til þess því fé, sem það kann að fá til viðbótar við það, sem það hefur haft.

47. liður, til landþurrkunar, er ætlað að hækki um 60 þús. kr.

Þá kemur 16. gr. B. 1. liður, Fiskifélag Íslands, er lagt til að hækki um 250 þús. kr. vegna rannsóknarstofu og leiðbeininga í niðursuðuiðnaði. Þetta var sá liður, sem Fiskifélagið lagði langmesta áherzlu á að fá hækkaðan. Það er, eins og kunnugt er, verið að verja milljónatugum til þess að reisa og hefja starfsemi í niðursuðuiðnaði hér á landi, og er talið mjög nauðsynlegt, að þegar frá upphafi sé fylgzt mjög vel með þeirri starfsemi, gerðar prófanir fyrir verksmiðjurnar, og enn fremur hefur rannsóknarstofa Fiskifélagsins þegar hafið nokkra leiðbeiningastarfsemi fyrir þá, sem starfa í þessum verksmiðjum.

Þá er lagt til, að 5. liður, fiskirannsóknir, hækki um 500 þús. kr. Það er talið alveg nauðsynlegt vegna þátttöku í alþjóðarannsóknum á hrygningarstöðvum þorsks og karfa, sem þegar mun raunar hafa verið samið um að Íslendingar tækju þátt í að sínum hluta, en þær eiga að fara fram hér á hafinu milli Íslands og Grænlands.

8. liður, til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna, er lagt til að hækki um 2 millj. kr. Það hefur komið í ljós undanfarið, að það er æ meiri nauðsyn á að halda uppi fiskileit og flotinn byggir æ meira á því að vera aðstoðaður við veiðiskapinn, en þetta er mjög dýr starfsemi, og því er talið alveg óhjákvæmilegt að hækka þennan lið um 2 millj. kr.

Þá kemur nýr liður á þessari gr. Það eru 15 millj. kr. til aflatryggingasjóðs vegna aflabrests togara.

12. liður hækkar um 100 þús. kr. vegna aukins kostnaðar við fiskmatið.

16. gr. C. 5, iðnfræðsluráð, er lagt til að hækki um 46 þús. kr. Það var komið svo þar, að það var ómögulegt að fá iðnfulltrúa til starfa vegna þeirrar lágu greiðslu, sem þeir fengu fyrir störf sín, og var talið, að kaupið væri orðið svo lágt, að þeir hefðu beinan kostnað af störfunum, fyrir utan það, að þeir fengju ekkert fyrir sjálft starfið. Er þess vegna talið alveg óhjákvæmilegt að hækka þennan lið um þessar 46 þús. kr.

16. gr. D. X, jarðhitasjóður, hækki um 200 þús. kr., en liðurinn jarðboranir að Lýsuhóli

falli niður í staðinn. Nettóhækkunin verður þó þarna 125 þús. kr.

16. gr. E.: Nýir liðir: Til kornræktartilrauna er lagt til að verði 200 þús. kr. Endurnýjun bifreiða rannsóknaráðs 55 þús. kr. — IV. 1, til Verzlunarskóla Íslands, er lagt til að hækki um 230 þús. kr. Það er vegna fjölgunar nemenda í skólanum og aukins kostnaðar vegna nokkuð hækkaðra launa kennara. — Liðurinn IV. 2, Samvinnuskólinn, er lagt til að hækki um 100 þús. kr. Það er vegna aukins kostnaðar, aðallega vegna hækkunar launa kennara.

Þá kemur 17. gr. Nýir liðir eru um vatnsöflun á tilteknum stöðum, 100 þús. kr. Það er til samræmis við það, sem hefur verið gert í líkum tilfellum á undanförnum árum. Annar nýr liður, kortagerð af ræktunarlandi á Suðurlandi 40 þús. kr. Þessi kortagerð mun raunar þegar hafa farið fram, en farið nokkuð fram úr áætlun. Bændur þeir, sem þarna eiga hlut að máli, hafa þegar greitt sinn hluta, en það er nauðsynlegt að styrkja þetta með framlagi úr ríkissjóði. Þá er enn fremur nýr liður, skipulag miðbæjar Akureyrar. Það er hluti kostnaðar, 100 þús. kr. Það er til samræmis við það, sem gert hefur verið á undanförnum árum, bæði til skipulags Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Þá kemur III. 5, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Er lagt til, að það hækki um 25 þús. kr.

V. 3. b: Elliheimilum hefur fjölgað um eitt, og er því talið nauðsynlegt að hækka styrkinn sem því svarar eða um 40 þús. kr. — Þá kemur V. 8. a. Barnavinafélagið Sumargjöf. Er lagt til, að styrkur til þess hækki um 85 þús. kr. — Nýr liður: til byggingar fjögurra dagheimila, er lagt til að verði 240 þús. kr. — V. liður 14. b, bækur á blindraletri, það er lagt til, að sá styrkur hækki um 37 þús. kr. — Nýr liður, til félagsmálastofnunar, er 25 þús. kr. — V. liður 16, styrkur til Dýraverndunarfélags Íslands, er lagt til að hækki um 15 þús. kr. — Og V. 17. a, Ungmennafélag Íslands, er lagt til að hækki um 75 þús. kr. — V. 17. c, til Bandalags skáta, er lagt til að hækki um 100 þús. kr. — Þá kemur nýr liður á þessari gr.: til Skátafélagsins Hraunbúa 25 þús. kr. Það er vegna kaupa á sporhundi, sem ætlunin er að nota til þess að leita að týndu fólki.

Þá kemur 20. gr.: III, til byggingar stjórnarráðshúss, er lagt til að hækki um 1 millj. kr.

Nýr liður: til byggingar og endurbóta að Kristnesi er lagt til að verði veittar 400 þús. kr. Það hefur farið fram nokkur endurskipulagning á heilsuhælinu í Kristnesi. Þar er fullt af sjúklingum núna, að vísu ekki berklasjúklingum, heldur hefur það tekið við langlegusjúklingum til þess að létta á öðrum sjúkrahúsum, og hefur það gefizt mjög vel. En þar sem sjúkrahúsið er nú fullskipað, eru nauðsynlegar á því nokkrar endurbætur, og það er ætlunin, að þessar 400 þús. kr. fari til þess, að unnt verði að byrja á þeim nú í sumar, en til viðbótar við þær mun hælið hafa í sjóði einar 700 þús. kr., sem það gæti fengið lánaðar a. m. k. til bráðabirgða og hafið þær byggingar, sem nauðsynlegt er talið að byggja þegar í sumar. Þetta var sjóður, sem safnað hafði verið og var ætlunin að verja að nokkru leyti til jarðborana fyrir hælið. En nú eru líkur til, að það mál verði kannske leyst á annan hátt, og er þessi sjóður a. m. k. í svipinn tiltækur til þessara hluta.

Þá er X, til bygginga á Keldum, hækki um 300 þús. kr. Það er talið, að með því að hækka liðinn um þessar 300 þús. kr. sé hægt að ná áfanga þarna á Keldum, taka í notkun eina hæð í húsinu, sem verið er að byggja fyrir stofnunina, og er það talið stofnuninni mjög mikils virði.

Þá kemur XI. liður 8, Hvanneyri. Er lagt til, að hann hækki um 900 þús. kr. Það er til bygginga á Hvanneyri. Heimavistin á Hvanneyri er orðin mjög gömul og ófullnægjandi. Það eru nauðsynlegar á henni endurbætur og talið alveg nauðsynlegt að byrja að byggja þar viðbót, og er von n., að það muni takast með þessari fjárveitingu.

Nýr liður: Íþróttakennaraskóli Íslands, heimavist 500 þús. kr. Upphæðin er miðuð við nýja teikningu eða endurskoðun þeirrar, sem fyrir liggur. En húsnæðismál heimavistar Íþróttakennaraskóla Íslands eru mjög slæm. Nemendurnir sofa, að mér er sagt, í gömlum skúr, sem upphaflega var ekki einu sinni ætlaður til íbúðar, a. m. k. ekki að vetrarlagi, og er því talið alveg óhjákvæmilegt að byrja á byggingu heimavistar við skólann.

Þá kemur XII. liður, til bygginga á prestssetrum. Hann óskast tekinn aftur til 3. umr. til frekari athugunar. — XV. liður er lagt til að hækki um 500 þús. kr. Það er til bústaða héraðsdómara. — XVII., ríkisfangelsi, er lagt til að hækki um 1 millj. kr.

XVIII. liður orðist svo: „Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, er ríkisrafveitur ná ekki til“ — og er lagt til, að liðurinn hækki um 500 þús. kr. Það framlag, sem áður var á þessum lið, var einungis til byggingar dísilrafstöðva á þessum svæðum, en nú er sýnt, að ýmsir staðir á landinu eru þannig settir, að það er ekki von til þess, að rafveitur ríkisins nái til þeirra á næstunni, en hins vegar eru þar sums staðar ákjósanleg skilyrði til rafvirkjunar fyrir jafnvel heila hreppa. Ég veit, að svo hagar til t. d. á Snæfjallaströnd, að þar hafa þeir hafið mikinn undirbúning að því að virkja eina á fyrir allan hreppinn. Þetta eru framkvæmdir, sem verða nokkuð dýrar og verða þeim sennilega um megn, nema hægt sé að styrkja þá á svipaðan hátt og aðra til slíkra framkvæmda, og í því skyni er þessi hækkun um 500 þús. kr. gerð, til þess að það sé mögulegt.

XXIII. liður, til embættisbústaða dýralækna, er lagt til að hækki um 100 þús. kr.

Þá er nýr liður: til að lána til landkaupa í kauptúnum 2 millj. kr.

Þá kemur 22. gr.: III. Er lagt til, að símum

fyrir blinda fjölgi um fimm. — XXV. Orðalagið verði þannig, að Krabbameinsfélag Íslands geti fengið 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka, sem ætlazt var til að yrði með merki félagsins, en tæknilegir örðugleikar komu í ljós, þannig að ekki var unnt að setja merki félagsins á pakkana að þessu sinni.

Nýir liðir: Að gefa sveitarsjóði Höfðahrepps eftir greiðslu tveggja skuldabréfa. — Að ábyrgjast 970 þúsund þýzkra marka lán fyrir Guðmund Jörundsson útgerðarmann, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. Það mun ætlun Guðmundar að setja hraðfrystitæki til þess að heilfrysta fisk í hinn nýja togara sinn og freista þess, hvort ekki er unnt með því móti að gera reksturinn hagkvæmari en reynzt hefur til þessa. — Að festa kaup á listaverki handa Bernarsambandinu í Genf, allt að 50 þús. kr. Það er ætlunin að gefa þetta listaverk til byggingar þeirrar, sem Bernarsambandið er að koma sér upp í Genf. — Enn fremur heimild til að greiða Sigurði Ólafssyni flugmanni 200 þús. kr. vegna flugvélakaupa. — Enn fremur heimild til að selja gamalt pósthús o. fl. í Hafnarfirði. — Þar næst kemur heimild til að gefa Slysavarnafélagi Íslands eftir lán, að upphæð 600 þús. kr., sem varið var til flugvélakaupa. Í n. kom fram sú skoðun, að eðlilegt væri, að Slysavarnafélagið leysti ríkið, um leið og lánið yrði eftir gefið, frá leigusamningi um Sæbjörgu, sem fullnægir ekki lengur þeim kröfum, sem gerðar eru til slíkra skipa, vegna þess að aðstæður eru gerbreyttar, frá því að skipið var byggt. — Enn fremur heimild til að kaupa plöntusafn Eyþórs Einarssonar. — Að kaupa grasasafn Helga Jónassonar. — Að taka allt að 3 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna. — Að taka allt að 1 millj. kr. lán til byggingar fyrir rannsóknarstofu háskólans við Barónsstíg. — Að ábyrgjast lán allt að 35 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum. — Að greiða úr ríkissjóði hluta af halla Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þá er þessum brtt. lokið.

Að lokum legg ég til, að frv. með þeim breytingum, sem á því verða gerðar, verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það fjárlfrv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er hið fjórða, sem núv. ríkisstj. leggur fram, og segja mætti nú kannske, að það væri það fimmta, því að eitt hefur hún tekið aftur, og kom það ekki til afgreiðslu. En með því að fjárl. sýna það jafnan, hvað er að gerast í fjármálum þjóðarinnar, og þegar ein og sama ríkisstj. er að enda sitt kjörtímabil og hefur gert árlegar áætlanir um tekjur og gjöld ríkisins um þetta langt árabil eftir ákveðnum reglum, sem hún kveður sig fara eftir í efnahagsmálum, þá verður að telja, að komið sé í ljós, hvert stefnir, og ég tel, að vart sé hægt að skila svo áliti um væntanlega fjárlagaafgreiðslu, að ekki sé lítillega að því hugað, á hvaða leið við erum um fjármál ríkisins.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. hefur hér í ræðu drepið á það, að lánstraust Íslendinga erlendis hafi farið vaxandi á síðustu árum, og eigi það m. a. að sanna sérstaklega, hve fjárhagur íslenzka ríkisins sé traustur. Því skal á engan hátt neitað, að ríkið hefur tekið til sín svo stórar summur fjár af þegnunum á undanförnum árum, að það býr ekki við neina fátækt í dag. En það væri alrangt, ef menn héldu, að þetta sama ætti við um íslenzka þegna yfirleitt. Þar hefur verið sveigt til meiri fátæktar á tímabili núv. ríkisstj. en áður var, þótt ríkisstj. sjálf hafi tekið til sín svo mikið fé, að ekki eru dæmi til neins svipaðs áður í sögu landsins.

Síðasta árið, áður en þessi ríkisstj. tók við völdum, hljóðuðu fjárlög upp á 1 milljarð og 33 millj. kr., 1033 millj. kr. Það voru fjárlög ársins 1959. Seint á því ári tók núv. ríkisstj. við og hefur ráðið ferðinni síðan, og heildarupphæðir fjárl. hafa breytzt í samræmi við fjármálastjórn núv. ríkisstj., þannig að árið 1960 var heildarupphæð fjárl. komin í 1501 millj., 1961 var hún komin í 1588 millj., 1962 var hún komin í 1752 millj., og ekki er annað sýnna en þau fjárl., sem hér eru til afgreiðslu, verði að heildarupphæð mjög nálægt 2200 millj., þ. e. a. s. fjárl. verði upp á 2.2 milljarða.

Ef við lítum á þá tölu, 2.2 milljarða, sem er líkleg endatala á þeim fjárl., sem hér eru til afgreiðslu, og svo aftur á endatölu þeirra fjárl., sem samþykkt voru næst fyrir viðreisn, sem var 1033 millj., þá sjáum við, að upphæð fjárlaganna hefur á þessu eina kjörtímabili meira en tvöfaldazt, hún hefur vaxið um því sem næst 112%. Þetta mun vera Íslandsmet, og reyndar hygg ég, að slíkar ofsahækkanir á fjárl. séu algerlega umtalsvert afrek, þótt á heimsmælikvarða væri lagt.

Það er þess vegna ekki furða, þótt íslenzka ríkisstj. búi ekki við sárustu fátækt að því er ríkissjóð varðar. Á hinn bóginn er það jafnaugljóst, að þróunin hefur alls ekki orðið svona hjá fólkinu í landinu almennt. Ég hef í nál. mínu gert svolítinn samanburð á tekjuauka þeim, sem ríkisstj. taldi sér nauðsynlegan á þessu tímabili, sem reynist vera 112% hækkun, og þeim tekjuauka, sem orðið hefur hjá almennum launamanni í landinu, og legg þar til grundvallar tímakaup Dagsbrúnarverkamanns og miða við desembermánuð ár hvert, því að þótt dálítið beri af, í hvaða mánuði fjárl. eru samþykkt, er það þó algengasta reglan, að þau eru samþykkt í desembermánuði næst á undan því ári, sem þau eiga að gilda fyrir.

Í desembermánuði 1958, þ. e. a. s. á því tímabili, sem eðlilegt hefði verið að samþykkt hefðu verið fjárl. fyrir árið 1959, síðustu fjárl. fyrir viðreisn, var Dagsbrúnarkaup kr. 23.86 um klukkutímann. Síðan kom fram á því mikil lækkun, og í desembermánuði 1959 og 1960 var kaup Dagsbrúnarverkamanns kr. 20.67. Í desembermánuði 1961, þ. e. a. s. þegar yfirstandandi fjárl. voru samþ., var kaup Dags-

brúnarverkamanns kr. 22.74. Og nú í dag, þegar verið er að samþykkja 2.2 milljarða fjárl., er kaup Dagsbrúnarverkamanns kr. 24.80 um tímann. Á sama tímabili, sem fjárl. hækkuðu um 112%, úr 1033 millj. í 2200 millj., hefur tímakaup fyrir einn unninn tíma hjá Dagsbrúnarverkamanni hækkað úr kr. 23.86 í kr. 24.80. Þetta er hækkun, sem nemur 4%.

Þetta eru blákaldar staðreyndir og breytast ekki við það, þótt margir landsmenn hafi á þessu tímabili tekið að sér að vinna fleiri klukkustundir á hverjum degi en áður tíðkaðist og getað nokkuð hamlað á móti þeirri kjararýrnun, sem þessi þróun óumdeilanlega vitnar um.

En þótt þetta hafi nú þróazt með þessum hætti, að ríkisstj. tekur til sín 112% tekjuhækkun, á meðan almennur verkamaður fær ekki kauphækkun nema sem nemur 4%, þá telur ríkisstj., að því er ég bezt veit, enn í dag það vera næstum því heilaga skyldu sína að berjast með oddi og egg og beita ríkisvaldinu og dómsvaldinu til þess, eftir því sem hún fær við komið, að hindra það, að samið sé um kaupbreytingar til hækkunar, og hefur reyndar sannað það í verki, svo að ekki verður um deilt.

Í þessum samanburði, sem ég hér hef gert, er aðeins miðað við tölur fjárl. Þær eru þó ekki fullnægjandi samanburður, vegna þess að þrátt fyrir það, sem í fjárl. hefur staðið, hefur ríkisstj. öll árin tekið til sín hærri upphæðir í tekjur en fjárl. gerðu ráð fyrir. Ef hún hefur verið, þegar á árið tók að líða, hrædd um, að tekjurnar ætluðu ekki að fara neitt verulega fram úr áætlun, hefur hún beitt til þess hinni mestu hörku, að þær skyldu gera það samt, og má í því sambandi minna á gengisfellinguna, sem ríkisstj. framkvæmdi í ágústmánuði 1961, og auðvitað stórjók hún tekjur ríkissjóðs. Fjmrh. hæstv. hefur reyndar ekki viljað við það kannast hér á Alþingi, að svo hafi verið, heldur talið gengisbreytinguna ríkissjóði á engan hátt hagkvæma. En hvað sem um það má segja, breytir það þó ekki því, að með þeim tekjum, sem af þessu sköpuðust, voru greiddar milljónatuga fjárhæðir, sem ríkið annars hefði orðið að greiða, svo að það kemur gersamlega út á eitt, hvernig þetta er fært í bókhaldinu, — gengisfellingin færði mjög mikinn tekjuauka, sem ríkið fékk til ráðstöfunar, jafnvel þótt þær tekjur hafi ekki allar farið beint í gegnum ríkissjóðinn sjálfan.

Það mætti nú ætla, að með allri þessari tekjuaukningu, sem ríkissjóður hefur náð til sín á þessu tímabili, hefði hann gerzt umsvifamikill í þeim framkvæmdum, sem hann á ýmist einn og sjálfur eða að hluta til að standa straum af. En því miður er sú raunin ekki á. Framlög ríkissjóðs til mannvirkja eins og t. d. vega, brúa, hafna, flugvalla hafa ekki vaxið í sama hlutfalli og fjárl. hafa aukizt og hvergi nærri. Sum þessara framlaga hafa meira að segja staðið gersamlega í stað á öllum þeim fjárl., sem ríkisstj. hefur staðið að samþykkt á. Auðvitað þýðir þetta það, að í hinni stórvaxandi dýrtíð í landinu hafa ýmsar þessar framkvæmdir hlotið að dragast stórlega saman. Þær hafa líka gert það. Vegamálaskrifstofan tekur árlega saman reikninga og byggir á staðreyndum um það, hvað kostar að byggja brýr, hver brúargerðarkostnaðurinn í landinu er, og vegamálaskrifstofan hefur útbúið sér vísitölu um þetta. Hún miðar við verðlagið í septembermánuði ár hvert, og brúargerðarvísitalan hefur hreyfzt með þeim hætti, sem nú skal greina: Ef vísitalan er miðuð við 100 í septembermánuði 1949, þá var hún orðin 280 1958. 1959 var hún orðin 282. Og svo taka viðreisnaráhrifin að segja til sín: Árið 1960 er hún ekki lengur 282, heldur 347. Árið 1961 er hún 396. Og árið 1962, þ. e. a. s. á yfirstandandi ári í septembermánuði, er vísitala brúargerðarkostnaðar komin upp í 443 stig.

Ég hef í nál. mínu gert dálítinn samanburð á því, hverjar fjárlagatölurnar hefðu átt að vera ár hvert, í fyrsta lagi, ef þær hefðu verið miðaðar við verðlag næstliðins árs á undan og framkvæmdir verið jafnar og þær voru 1959. Og í öðru lagi hef ég sýnt í mínu nál., hvert fjárlagaframlagið hefði þurft að vera, hefði fjárlagaframlag til brúa átt að hækka þannig, að það héldi hlutfalli sínu við heildarniðurstöðu fjárl. Og í þriðja lagi sýni ég í þessu sama nál., hvað brúargerðaframlagið var á fjárl. eða er í fjárlfrv., sem nú liggur frammi. Það sýnir sig af þessum tölum, að miðað við það, að brúargerðaframlagið hefði verið við það miðað að halda sömu framkvæmdum, ekki meiri, heldur bara sömu framkvæmdum og voru, miðað við framlag 1959, þá hefði í ár þurft að leggja til brúargerðanna 15.8 millj., en ef þetta framlag hefði átt að vaxa í hlutfalli við hækkun fjárl. að heildarniðurstöðu, þá hefði brúargerðaframlagið átt að vera í ár, þ. e. a. s. á fjárl. 1963, 21.6 millj. kr., en það er í frv. 11.3 millj.

Af þessu verður auðvitað ljóst, að hér hefur verið stefnt til stórkostlegs samdráttar í framkvæmdum, og sá samdráttur hefur þegar orðið. Hitt er svo annað mál, að það er ekkert notalegt fyrir ríkisstjórn Íslands, það get ég skilið, að uppgötva þann veruleika, sem hún hingað til hefur verið að reyna að halda duldum fyrir sjálfri sér, að hér væri ekki allt með felldu, og nú virðist hún hafa rumskað og séð, að það þýddi ekki annað eða það var ekkert vit í öðru en bæta hér um og leggja meira til framkvæmdanna en verið hefur og reyna nú að sperra sig og halda hlutfallinu til þess að láta ekki á sannast, að í þessum efnum sem og svo mörgum öðrum máske væri ríkisstj. mikill eftirbátur sinna fyrirrennara margra.

Og hvert er þá ráðið? Hefur hún þá ekki fullar hendur fjár til þess að leggja til þess arna? Ekki telur hún það sjálf, því að hún telur nefnilega flest önnur framlög og eyðslu vera þarfari, réttmætari og sjálfsagðari en að auka fjárframlag til framkvæmdaliða svipaðra þeim, sem ég hér hef nefnt. Nei, ríkisstj. taldi sig ekkert teljandi fé hafa til þess arna, þrátt fyrir alla

tekjuaukninguna, sem hún hefur til sín tekið. Hún sendir fjmrh. sinn hæstv. suður til Lundúnaborgar til þess að selja þar skuldabréf, og það hefur verið gert, og ríkisstj. hefur þannig til þess að reyna að geta staðið sig eitthvað betur í framkvæmdum nú en mörg undanfarin ár tekið 240 millj. kr. lán úti í Bretlandi. Og þegar málið er skoðað í því ljósi, sem það hlýtur að standa í, verður það ærið vafasöm skrautfjöður, sem nú er þó sem slíkri mjög hampað af ríkisstj. sjálfri og talsmönnum hennar, að það beri vott um velgengni á Íslandi, að hún skuli fá þetta lán.

Ég held, að eftir þá fjármálastjórn, sem leiðir til þeirrar lántöku, sem hér hefur verið framkvæmd, þar sem ekki á að leggja fé í nein stórvirki, að því er virðist, heldur fyrst og fremst í þær almennu framkvæmdir, sem dregizt hafa aftur úr og trassaðar hafa verið á undanförnum árum, þá sé lántakan ekki fjármálastjórn landsins til neins sóma. Á hinn bóginn verð ég að láta í ljós ánægju mína yfir því, að ríkisstj. skuli þó nú hafa uppgötvað þau sannindi, sem við stjórnarandstæðingar höfum verið að reyna að segja henni hér á þingi allan tímann, að hér hafi verið of lítið framkvæmt, hér hafi verið of lítið aðhafzt á vegum ríkisins á undanförnum árum, og jafnvel þótt svo sé komið, að mitt í þeim góðærum, sem nú ganga yfir land og þjóð, treystist ríkisstj. ekki til þess að leggja fé til hinna nauðsynlegustu framkvæmda af eigin aflafé, heldur sæki það á lánamarkað í útlöndum, þá tel ég samt, að það horfi til bóta, að nú á þó að vinna verkin að einhverju leyti a. m. k.

Þessi erlendu lán, sem tekin hafa verið, eitthvað yfir 240 millj. kr., eiga síðar að koma til úthlutunar og sumpart til endurlána. Því er yfirlýst af ríkisstjórninni, að að hluta til eigi þau að fara til vegagerðar, að hluta til eigi þau að fara til hafnargerða, og fleiri framkvæmdaliðir hafa verið nefndir. Nú þegar lánið er tekið og komið á reikning íslenzka ríkisins, hefði ekki verið úr vegi, að samhliða fjárl. hefði það verið lagt fyrir fjvn., sem lögum skv. á að fjalla um þetta mál jafnhliða fjárlögunum, og hefði þá mátt við afgreiðslu fjárl. hafa hliðsjón af því að nokkru, hverjar framkvæmdir áttu þess von að fá lán og hverjar ekki, en þrátt fyrir fsp. í fjvn. hefur ekki fengizt nein skýrsla um það, til hverra framkvæmda lánið sé fyrirhugað, og hefur í fjvn. verið upplýst, að slík áætlun sé ekki til frá ríkisstj. hálfu enn sem komið er.

En í sambandi við þessa lántöku hlýtur að vakna spurning, sem er á þessa leið: Er frekar hægt að borga upp lán á næstu árum, lán til vega, lán til hafna, sem ríkið á ýmist að öllu eða nokkru að borga úr sínum sjóði, heldur en að auka ríkisframlagið verulega til þessara hluta? Ég sé ekki, að ef ekki er hægt að auka framlagið verulega og miklu meira en þinglið ríkisstj. í fjvn. hefur gert till. um, þá sé heldur hægt að borga af stórum lánum í framtíðinni af fé úr ríkissjóði. Þess vegna hlýtur að vakna sá grunur, að í uppsiglingu sé hjá ríkisstj. að leggja á nýja skatta til þess að standa undir greiðslum af þessum lánum. Það hefur af hennar hálfu og hennar talsmanna verið lögð á það allmikil áherzla, bæði við framlagningu fjárlagafrumvarpsins og æ síðan, að hér séu á leiðinni fjárlög, sem ekki samanstandi af neinum nýjum sköttum eða tollum. Það er rétt, það eru ekki nein ný nöfn á sköttum eða tollum í þessu frumvarpi. Hins vegar gefa þeir skattstofnar, sem ríkisstj. hefur nú tekið sér — og framlengir endalaust líka þá, sem áttu bara að vera til bráðabirgða, þeir gefa miklu meiri tekjur en Alþingi hafði upplýsingar um fyrir fram. En engu að síður er nú svo komið, að við afgreiðslu fjárlaga og með hliðsjón af þeim lánum, sem tekin hafa verið, virðist nýr skattur vera í uppsiglingu, sem máske verður þá með eitthvað minni lofgerðarrollum af ríkisstj. hálfu laumað inn í löggjöf landsins að fjárlögum afgreiddum og að þögnuðum ræðuhöldunum um það, að hér séu fjárlög án nýrra tolla eða skatta á ferðinni.

Í skemmstu máli blasir það við að þessum hlutum athuguðum, að í fyrsta lagi er það einkenni núverandi fjármálastjórnar í landinu, að verðgildi íslenzkra peninga fer stöðugt rýrnandi og dýrtíð stöðugt vaxandi. Í öðru lagi: skattþungi sá, sem ríkið leggur á herðar sínum þegnum, fer vaxandi, hraðari skrefum en dæmi eru til um áður, og gildir einu, hvort þyngjast gamlir skattstofnar eða ný nöfn eru gefin. Í þriðja lagi: ríkisvaldið grípur í vaxandi mæli inn í gerð almennra kaupsamninga til að hindra kaupbreytingar til samræmis við verðlag. Hið fjórða, sem ég vildi telja sem sérstakt einkenni á fjármálastjórn landsins, eins og hún er nú, er það, að framkvæmdir á vegum ríkisins hafa dregizt verulega saman þrátt fyrir tekjuauka. Í fimmta lagi: þegar nauðsyn þykir til þess vegna kosninga að halda í horfinu um framkvæmdir, þá finnast ekki til þess önnur úrræði en að taka lán í útlöndum, svo að nemur hundruðum milljóna. Í sjötta lagi: þó að skattar eða tollar með nýjum nöfnum séu ekki í þeim fjárlögum, sem hér á að afgreiða, virðist fjármálastjórnin stefna að því, að þeir skattar eða tollar séu samt í uppsiglingu. Í sjöunda lagi einkennist sú fjárlagaafgreiðsla, sem hér fer fram, og þar með fjármálastjórn ríkisins á okkar dögum af því, að þar fer stöðugt fram feluleikur um það, hvað er að gerast. Nú er það á allra manna vitorði, að ríkisstj. áformar og viðurkennir, jafnvel lofar með beinum eða óbeinum hætti verulegum kaupbreytingum hjá starfsmönnum ríkisins. Á þessum loforðum ætlar hún að fleyta sér fram yfir kosningar. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir þeim útgjöldum að einu eða neinu leyti í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, en það mun vera ætlun hennar, ef hún má hér ráða málum að kosningum loknum, að borga með nýrri gengisfellingu. Það er hennar leið, það hefur hún margsannað.

Ég held, að ég hafi hér undirstrikað þá helztu þætti, sem almennt koma fram við at-

hugun þeirrar fjárlagaafgreiðslu, sem hér er fyrirhuguð. Fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, er að niðurstöðu til upp á 2126 millj. kr. Fjvn. eða meiri hluti fjvn. hefur lagt til 72 millj. kr. hækkun á því, og er þá sýnilegt, að frv. kemst í 2198 millj. kr. hæð, og gæti auðvitað vel farið svo, að það færi í eða yfir 2200 millj., eins og ég hef hér sett fram sem áætlunartölu og aldrei mun láta fjarri.

Varðandi þær tillögur fjvn., sem hækka frv. um þessar 70 millj., sem ég hér hef minnzt á, eða u. þ. b., þá lýsi ég því yfir f. h. Alþb., að það styður flestar þær tillögur, en áskilur sér að öðru leyti óbundna afstöðu um einstakar þeirra.

Samstarfið í fjvn. hefur verið gott og alger samstaða um afgreiðslu fjölmargra erinda, þótt mikið beri á milli um skoðanir 1. minni hl. og stuðningsmanna ríkisstj. í nefndinni um fjármálastjórn landsins yfirleitt og þar með um afgreiðslu fjárlaga.

Þessu nál., sem ég hér skila, fylgja nokkrar brtt. við fjárlögin. Þær eru í 38 liðum, samtals til hækkunar um nálægt 60.2 millj. kr., en einnig til lækkunar um nálægt 8.2 millj., og fylgja því þessu nál. tillögur um 52 millj. kr. hækkun á fjárlögunum, þó þannig, að verulegur hluti af þeirri upphæð fellur saman við þær brtt., sem fjvn. í heild hefur gert. Ég hef með þessu nál. ekki gert till. um breyt. á tekjuliðum frv., en það er mín skoðun og okkar Alþb.-manna, að hækkun á móti þeim tillögum, sem hér eru gerðar, rúmist vel á þeirri tekjuáætlun, sem ástæða er til að gera um að núverandi skattstofnar ríkisins gefi, og mun ég þess vegna við 3. umr. málsins gera till. til breyt. á tekjuliðum frv. að því leyti, sem samþykktir á tillögum okkar Alþb.-manna kunna að gefa tilefni til, því að það er ekki ætlun okkar Alþb.-manna, að hér eigi að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla.

Vil ég því næst fara fáeinum orðum um þær till., sem þessu nál. fylgja. Þær eru á þskj. 176.

Við 10. gr. fjárlaganna, sem fjallar um fjárveitingar til ríkisstj. og þeirra stofnana, sem henni heyra, eru gerðar hér nokkrar tillögur til breytinga til sparnaðar.

Fyrsta tillagan fjallar um varnarmáladeild utanrrn. Þessi svokallaða varnarmáladeild er skrifstofa, sem rekin er einhvers staðar á vegum utanrrn. og er svo dýr í rekstri, að hún kostar meira en ½ millj. kr. Er það reyndar hærri fjárhæð en sum ráðuneytin hafa sjálf til sinna þarfa, en hins vegar hefur a. m. k. þeim þingmönnum, sem sæti eiga í fjvn., orðið það ærið kunnugt, að þeir Íslendingar, sem til þessarar deildar leita með fyrirgreiðslu og leiðréttingu sinna mála, fá þar oft harla litlar undirtektir undir mál sín, og gagnsemi skrifstofu varnarmáladeildar utanrrn. er harla vafasöm í marga staði. Og þótt ég sé sannfærður um það, að hún fengi of mikla fjárveitingu í hlutfalli við gagn það, sem hún kynni að gera, þótt farið væri eftir minni tillögu, þá hef ég lagt til, að framlag til hennar yrði lækkað um helming, úr 539 þús. í 269 þús. kr.

Ég sleppi hér að lesa nánari útfærslu á lægri fjárhæðum. Í fjárlagafrv. má sjá, að kostnaður við sendiferðir á snærum ríkisstj. í útlönd er ærið hár. Það eru ekki færri en 3 liðir á fjárlagafrv. og á gildandi fjárlögum, sem um þessi mál fjalla. Einn þeirra heitir: kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn. Annar heitir: kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanrrn. Og sá þriðji heitir: kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn. Þessir liðir eru samtals nokkuð á 4. millj. kr., en í mínum brtt. við fjárlögin er lagt til, að kostnaður verði lækkaður um þriðjung á öllum þessum liðum, og gæfi Alþingi með samþykkt þeirra tillagna til kynna, að því finnst þegar of langt gengið í eyðslusemi á þessu sviði og vill stilla þeim málum meira í hóf en gert er.

Það er gamalt áform ríkisstj., sem oft hefur borið á góma í þessum ræðustól, að hægt væri að spara verulega sendiráðskostnað Íslendinga. Það hefur verið talað um, að það mundi vera nóg fyrir Íslendinga að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum. Þetta er samhljóða áliti okkar Alþb.-manna, og höfum við gert tillögur um þetta á mörgum undanförnum árum. Það verður ekki sagt, að tillögum þeim hafi verið illa tekið, að öðru leyti en því, að þær hafa að vísu verið felldar. En í umr. hefur komið fram, að það finnst fleiri en okkur Alþb.-mönnum, að hér sé um rétt og sjálfsagt mál að ræða. Ríkisstj. hefur hins vegar öll sín tilveruár haldið því fram, að enn væru málin ekki nægilega undirbúin til þess, að hægt væri að gera samþykktir um þetta. En nú hefur hún haft góðan tíma til að undirbúa málin, svo að enn flytjum við Alþb.-menn hér þá till., að lögð verði niður sendiráðin í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Osló og upp verði sett í einhverri þeirri Norðurlandaborg, sem ríkisstj. ákvæði, eitt íslenzkt sendiráð, sem ætti að ná til allra þessara landa.

Þá hef ég leyft mér að gera till. um nokkra lækkun á fjárframlögum til sendiráðs Íslands í París. Ef maður reiknar með, að við það bætist þær till., sem í fjvn. hafa verið samþ., þá er sendiráðið í París eitt allra íslenzkra sendiráða með kostnað yfir 3 millj. kr. Það er mitt álit, að slíkar fjárhæðir séu stærri en við Íslendingar eigum að leyfa okkur. Ég álít, að við höfum skyldu til að gæta meira hófs í fjárframlögum til sendiráðanna en við höfum að undanförnu gert, og hef miðað mínar till. við það, að 2½ millj. kr. yrði hámarksframlag af Íslands hálfu til þeirra sendiráða, sem það rekur í ýmsum löndum. Enda er það mála sannast, að ég hygg, að sendiráðin gætu öll sinnt fullkomlega sínum hlutverkum, þótt fjárframlög til þeirra yrðu að hámarki bundin við 2½ millj.

Á 11. gr. fjárl. eru tveir fjárlagaliðir, sem ég hef leyft mér að gera brtt. við.

Annar sá liður fjallar um ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli. Samkvæmt fjárlagafrv. eru

ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli ætlaðar til sinna þarfa 4 millj. 564 þús. kr. Þetta er lögregla, sem starfar innan við girðingu á því svæði, sem í íslenzku stjórnarkerfi er nánast flokkað undir útlönd og látið heyra undir utanrrn. Það hljóta að vera meira en lítið óspekta- og lagaleysumenn, sem þar dveljast, ef hér er ekki um óhófsupphæð að ræða til löggæzlu. Til samanburðar má geta þess, að áætlunarupphæðin um ríkislögreglu alla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar nær ekki alveg 1 millj. í fjárl. Það þýðir, að til ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli er ætlað 4—5 sinnum meira framlag en til allrar þeirrar ríkislögreglu, sem kostuð er utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Með tilliti til alls þessa þá tel ég, að hér sé um óhóf að ræða, og þótt ég teldi, að einfaldast í þessu máli væri það að láta rýma Keflavíkurflugstöðina og spara íslenzka ríkinu þennan kostnað, þá hef ég í sambandi við fjárlagaafgreiðslu að sjálfsögðu viðurkennt þá staðreynd, að þarna er þessi herstöð og þarna er sjálfsagt óhjákvæmilegt að halda uppi einhverri löggæzlu af hálfu íslenzka ríkisins, en ég hef gert tillögu um það, að ekki verði meira fé varið til þessa lögregluhalds en 2 millj. kr.

Þá hef ég gert till. um það, að niður verði felldur úr fjárl. liðurinn til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju. Sú stofnun er rekin af Reykjavíkurbæ, og út frá því sjónarmiði einu saman, að ríkið eigi að borga svo að millj. skipti tugthúshald fyrir eitt byggðarlag landsins, þá er málið að sjálfsögðu mjög óréttlátt. En það, sem þó er aðalatriðið, er hitt, að ég leyfi mér að draga í efa, að þetta fangelsishald, sem er hreint skuldafangelsi, eigi sér stoð í því réttarfari, sem á Íslandi á að ríkja, en þar er ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að hneppa menn í skuldafangelsi. Ég hef því lagt til, að þessi liður verði felldur burt af fjárlagafrv.

Sparnaðartill. þær, sem ég hef hér lýst, við 10. og 11. gr. fjárlaganna, nema, eins og ég áður hef tekið fram, röskleg 8 millj. kr., ef samþ. yrðu.

Við 12. gr. fjárl. hef ég leyft mér að gera tvær brtt.

Ég hef leyft mér að flytja till. um það, að rekstrarstyrkur sá, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum, sem bæjar- eða sveitarfélög reka, verði að þessu sinni með tilliti til þess, hvernig komið er okkar dýrtíðarmálum, borgaður ekki einasta eftir lögum þar um, heldur með 50% álagi og verði hækkaður úr áætlunarupphæðinni 5 millj. í 7 millj. og 500 þús.

Þá hef ég leyft mér að leggja til, að byggingarstyrkur sjúkrahúsa verði hækkaður úr 7 í 10 millj. kr. Það er alkunnugt, að víða á landinu eru í byggingu mjög dýr og vönduð sjúkrahús, sem ríkið er þátttökuskylt í kostnaði við, en ríkið stendur illa í skilum um að greiða sitt framlag og greiðir ekki fyrr en löngu eftir á. Það er einnig vitað, að á fjölmörgum stöðum á landinu er hin mesta nauðsyn á því, að hafin verði sjúkrahúsbygging, en á þeim byrjunarframkvæmdum er af ríkisins hálfu setið fastar en eðlilegt getur talizt, og ríkið dregur sem sagt, eftir því sem það getur, úr því, að slíkar sjúkrahúsbyggingar geti hafizt, þótt þörfin sé óumdeilanleg. Það væri nokkuð hægt að bæta hér úr og rýmka um með því að hækka framlagið eins og hér er lagt til. En engan veginn er þó víst, að hægt verði að ganga svo langt í þessum efnum sem nauðsyn krefði, þótt framlagið yrði fært í 10 millj. kr., sem ég tel nokkurn veginn lágmark þess, að hægt sé að standa með skaplegum hætti við skuldbindingar ríkisins í þessum efnum.

Á 13. gr. fjárl., samgöngumálagr., eru af minni hálfu gerðar nokkrar till. Þær eru byggðar á því, að eins og þau rök hníga að, sem ég hef fyrr vikið að í minni ræðu, þá hafa þessar framkvæmdir dregizt mjög aftur úr á síðustu árum. Það væri máske eðlilegt að gera till. um það, að allir þessir liðir hækkuðu um svo sem eins og 112% frá því, sem þeir voru árið 1959, til þess að halda hlut sínum á fjárl. Af hófsemi minni hef ég þó miðað till. mínar við það að tvöfalda fjárframlögin til þessara samgöngumálaþátta frá því, sem þau voru í fjárl. fyrir árið 1959. Ég hef einnig að því er vegina varðar dregið frá þeirri upphæð, sem út úr tvöföldun fjárlagaupphæðar til vega árið 1959 kom, 5.4 millj. kr., sem samkvæmt till. fjvn. eru nú ætlaðar til samgöngubóta á landinu. Það orkar að sjálfsögðu tvímælis, hvort átt hefði að draga alla þessa upphæð frá vegunum, hvort ekki hefði átt að skipta henni, þannig að eitthvað af henni kæmi þá á till. um brýr, en allt slíkt væri að sjálfsögðu auðvelt að gera nýjar áætlanir um, ef meginkjarni málsins fengi hér þær undirtektir, sem ég leyfi mér að vona.

Í samræmi við þetta hef ég lagt til, að framlag til nýrra akvega hækki úr 20 millj. 480 þús., eins og það er í fjárlfrv., í 26 millj. 260 þús.; að endurbygging þjóðvega hækki úr 800 þús. kr. í 1.6 millj.; að framlag til brúargerða hækki úr 11 millj. 280 þús. í 19 millj. 910 þús.; að framlag til endurbyggingar gamalla brúa hækki úr 1 millj. 425 þús. kr. í 3 millj.; að framlag til fjallvega hækki úr 1 millj. í 1.6 millj. En síðan hef ég gert till. um, að einn þáttur á samgöngumálagrein breytist eftir allt öðrum reglum en ég nú hef hér talið. Það hefur sem sagt lengi staðið í fjárl. 100 þús. kr. fjárveiting til malbikunar eða steypu á þjóðvegum í bæjum og þorpum. Síðar var þessi fjárlagaliður lækkaður í 95 þús., og þannig hefur hann staðið í fjárl. á hinum síðustu árum. Allir, sem eitthvert hugboð hafa um kostnað við varanlega gatnagerð, hljóta auðvitað að sjá, að það er alveg nákvæmlega sama, hvort þessi upphæð stendur á fjárl. eða alls engin upphæð til þátttöku í þessum kostnaði, og hef ég þess vegna leyft mér að leggja til, að þessi upphæð verði hækkuð í 2 millj. kr. Þá er hugsanlegt, að hún geti verkað sem hvatning til einhverra þorpa eða bæja til þess að framkvæma eitthvað af þeim nauðsynjum,

sem fyrir liggja í flestum bæjum um varanlega gatnagerð.

Ég hef einnig leyft mér að flytja till. um framlag til hafnargerða og lendingarbóta, sem byggð er á sömu hugsun og ég hér hef lýst áður, þ. e. tvöföldun á framlagi ársins 1959, og hef lagt til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækki úr 17 millj. í 24 millj. 410 þús. En því er svo varið um hafnir landsins, að ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við byggingu þeirra eftir vissum reglum, ýmist að hálfu eða að 2/5 hlutum, og hefur gengið svo mörg undanfarin ár, að ríkið hefur ekki lagt fram nægilegt fé á fjárlögum ár hvert til þess að standa við þær skuldbindingar, sem mynduðust árlega, og hefur þess vegna í höfnunum safnazt nokkur skuldahali, sem fjvn. góðu heilli hefur nú gert till. um að greiddur verði upp, að vísu ekki með fjárlagagreiðslum á einum fjárl., heldur verði þeirri uppborgun skipt á fleiri ár. Nú hefur verið lagt til, að 4 millj. kr. verði til þessa notaðar, og er það allra góðra gjalda vert, þótt ekki sé það fullnægjandi á nokkurn hátt, og vafasamt er og reyndar ólíklegt, að þær 4 millj. verði nægilegar til þess að vega upp á móti þeim skuldahala, sem líklegur er til að myndast á árinu 1963. Af því má sjá, þótt viðleitnin sé góðra gjalda verð, að hún er langt frá því að vera fullnægjandi. Ef ríkissjóður ætlaði á n. k. ári að greiða hlut sinn að fullu í þeim hafnarframkvæmdum, sem þegar hafa verið gerðar, og hinum, sem vitamálaskrifstofan telur einsýnt að gerðar verði á næsta ári, þá mundi þurfa að áætla á fjárl. til hafnarmannvirkja og lendingarbóta fé, sem næmi u. þ. b. 50 millj. kr.

Kem ég þá að 14. gr. fjárl., sem fjallar um mennta- og menningarmál, en við þá gr. hef ég gert till. um það, að framlög, sem ríkið á að nokkru lögum samkv. að leggja til ýmiss konar mannvirkjagerða, sem varða skólahald í landinu, íþróttamannnvirki o. s. frv., þau framlög verði öll hækkuð nokkuð, en á undanförnum árum hefur byggingarkostnaðurinn, eins og alkunnugt er, risið svo hátt, að í raun inni hefur alls ekki verið neitt nálægt því, að ríkið héldi í horfinu eða legði fram það fé, sem ýmist er lögbundið, að ríkið eigi að leggja til, eða sanngjarnt hlýtur að teljast, að það leggi fram sem byggingarstyrki.

Ég hef í fyrsta lagi lagt til, að framlag til byggingar barnaskólanna hækki úr 25.9 millj., eins og það er í fjárlagafrv., í 30 millj. kr. Með því að hækka framlagið þannig, væri hægt að leyfa upphaf á skólabyggingum á nokkrum þeim stöðum, þar sem óumdeilanlega er hin brýnasta þörf fyrir að svo verði gert, þar sem héruðin hafa einnig áhuga á því og nokkurt fjármagn til að byrja, en geta ekki byrjað vegna lagaákvæða um það, að ríkissjóður er ekki framlagsskyldur til skólabygginga fyrr en framlag hefur verið ákveðið til viðkomandi skóla á fjárlögum. Það má nefna í rauninni fjölmarga staði, sem telja verður óumdeilanlegt að hafi sannað þörf sína fyrir að fá að hefjast handa um skólabyggingar nú, en fá það ekki samkv. þeim till., sem fram eru komnar, enda þótt lofsvert sé, og mér er kunnugt um það, að ýmsir hv. samnm. mínir, einnig í stuðningsliði ríkisstj., hafa lagt sig fram um það að ná samkomulagi við stjórnarvöld landsins um að fá hækkun á þessum lið og hafa náð nokkrum árangri í því, þótt ófullnægjandi sé.

Ég hef lagt til, að framlag ríkissjóðs til íþróttasjóðs verði hækkað frá því að vera 2 millj. 250 þús., eins og það er nú í fjárlagafrv., í 5 millj. kr. Íþróttasjóður er sá sjóðurinn, sem greiða á vissan hluta af byggingarkostnaði íþróttamannvirkja, en stöðugt hefur safnað á sig skuldum og hvergi nærri haldið í horfinu. Ríkisframlög til hans hafa að vísu verið aukin næstum árlega á undanförnum árum, en því miður hvergi nærri til samræmis við þarfirnar, og er það lágmark þess, sem sýnilegt er að til þarf, ef íþróttasjóðurinn á ekki beinlínis að sökkva í sínum eigin skuldum, að veita honum 5 millj. kr. framlag úr ríkissjóði á n. k. ári.

Byggðasöfn og bygging bókasafna eiga að njóta framlags úr ríkissjóði, og er það viðurkennt á fjárlögum með 100 þús. kr. fjárveitingu til byggðasafna og með 166 þús. kr. framlagi til bókasafnsbygginga. Þessar fjárhæðir sem styrkur til bygginga, sem allir vita að þurfa að vera veglegar og dýrar, eru auðvitað eins og dropi í hafið, og hef ég því lagt til, að sýnd verði nokkur viðleitni til þess að koma með dálítið raunhæfari hætti til móts við þarfirnar, sem fyrir liggja í þessu efni, með því að hækka hvorn þessara liða í ½ millj. kr.

Við 16. gr. fjárl., þar sem fjallað er um atvinnumál, hef ég lagt fram brtt. nokkrar. Ég hef leyft mér að flytja till. um það, að fjárhæð sú, sem lögð verði fram úr ríkissjóði til mjólkurbúa og smjörsamlaga, byggingarstyrkur, verði hækkuð úr ½ millj., eins og nú er á fjárlagafrv., í 2 millj. Það er sömu sögu að segja um þennan lið og alla þá liði yfirleitt, sem standa undir byggingarkostnaði, að þar hefur dýrtíðin vaxið öllum fjárframlögum ríkissjóðs langt yfir höfuð, og til þess að ríkissjóður ætti með sómasamlegum hætti að standa við sínar skuldbindingar í þessum efnum, mundi ekki veita af 2 millj. kr. framlagi.

Þá hef ég lagt til, að á B-lið 16. gr., sem fjallar um sjávarútvegsmál, verði ákveðið að taka inn á fjárlög 250 þús. kr. til þess að greiða þann kostnað, sem líklegt er að myndaðist við það, ef tekið væri upp kerfi til þess að fylgjast frá landstöðvum með ferðum íslenzkra fiskiskipa. En það er hin brýnasta öryggisráðstöfun, enda liggur hér fyrir Alþingi nú till. um, að svo verði gert. Auðvitað geta allir menn sagt sér það sjálfir, að slíku verður ekki á komið nema af því hljótist einhver kostnaður, og hygg ég, að það væri erfiðara að forsvara marga þá útgjaldaliði, sem á ríkissjóði hvíla, heldur en þann að verja 250 þús. kr., sem er áætlunarupphæð, og yrði að sjálf-

sögðu að verja því, sem liðurinn kostaði, til þess að reyna að auka á öryggi íslenzkra sjómanna á fiskiskipaflotanum við strendur landsins — og raunar bara ekki við strendur landsins, því að svo sem alkunnugt er, hefur fiskveiði landsmanna nú færzt á dýpri mið á undanförnum árum og kallar að sjálfsögðu á fullkomnara og betra eftirlit til öryggis. En þessi liður hefur ekki verið í fjárlögum hingað til. Ég legg til, að hann verði tekinn upp sem nýr liður undir sjávarútvegsmálalið fjárlaga.

Þá hef ég einnig lagt til, að ríkissjóður leggi fram 2 millj. kr. til byggingarkostnaðar á fiskirannsóknarskipi, en um byggingu þess skips hefur lengi verið rætt hér í Alþingi. Til byggingar þess hafa verið lagðir tekjustofnar, sem ég hefði haldið að óreyndu að gætu nægt til þess, að bygging slíks skips þyrfti ekki svo mjög úr hömlu að dragast sem raun er á. En það er till. mín, að Alþingi segi sitt orð í þessu máli með því að leggja fram eða bjóða fram úr ríkissjóði 2 millj. kr. sem stofnkostnað þessa skips, ef verða mætti til þess, að þeir, sem fyrir þeim málum ráða að byggja fiskirannsóknarskip fyrir Íslendinga, megi gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að ekki dragist lengur en orðið er að koma því nauðsynjamáli, sem hér um ræðir, í framkvæmd. Það hefur þegar of lengi dregizt.

Við 17. gr. fjárl., sem fjallar um félagsmál, hef ég leyft mér að gera nokkrar brtt.

Það er í fyrsta lagi, að ég hef leyft mér að leggja til, að þar verði tekinn upp nýr liður: til skolpveitna eftir ráðstöfun félmrn. ½ millj. kr. Ríkisvaldið hefur talið sér skylt að reyna að greiða fyrir því, að hin sjálfsögðustu mál, eins og t. d. vatnsveitur og aðrar sambærilegar félagslegar þarfir, gætu notið nokkurrar fyrirgreiðslu frá ríkissjóði, þar sem þarfir kalla mjög á, að framkvæmdir séu hafnar. Víða er það svo, að sérstökum erfiðleikum er að mæta við gerð slíkra mannvirkja sem skolpveitur eru, og teldi ég því eðlilegt, að félmrn. gæti hlaupið undir bagga, þar sem þörfin er slík, að ekki verður hjá komizt að framkvæma slík verk, enda þótt viðkomandi sveitarsjóður sé ekki það sterkur í sínum fjárhag, að hann geti framkvæmt þau verk eins fljótt og örugglega og heilbrigðisleg nauðsyn kallar eftir.

Þá hef ég lagt til, að framlag til byggingarsjóðs verkamanna, þ. e. a. s. framlag til verkamannabústaða, verði hækkað úr 7 millj. í 10 millj. kr. Þegar ég gerði mínar fjárlagatill., var mér ekki kunnugt um, að sá sjóður hefði að nokkru getað sinnt þeim lánveitingum, sem samþykkt var hér á Alþ. í fyrra að hækka að hámarki. Ég hef að vísu lesið í blöðunum í dag, að nú hafi sjóðurinn framkvæmt nokkrar lánveitingar, en meginþátturinn í þeim lánveitingum er sá, að þessi sjóður hefur fengið lán, mest hjá atvinnuleysistryggingasjóði, mest af þeirri eign, sem verkalýðssamtökin sjálf hafa skapað og eiga. En það kemur auðvitað að skuldadögum í því, og auk þess er mér mjög til efs, að þörfunum sé á nokkurn hátt fullnægt þrátt fyrir nokkra fjárveitingu, sem þarna hefur farið fram, og hygg ég því, að sú till., sem ég hér flyt um hækkun á þessum lið, sé öldungis tímabær og nauðsynleg.

Ég hef einnig lagt til, að upp verði tekinn á 17. gr. fjárl. nýr liður, framlag til félagsheimilasjóðs, og legg til, að honum verði ætlaðar 2 millj. kr. Félagsheimilasjóður hefur hingað til haft sínar tekjur utan fjárl. og ekki verið með sérstök ríkisframlög. Hann hefur haft hluta af skemmtanaskatti að tekjustofni. Nú hafa þær aðrar stofnanir, sem þess styrks eiga að njóta, kvartað mjög undan því, að sá skattur skili sér illa og verr en áætlað var. Veldur þar um mestu, að hér í höfuðborg landsins hafa þeir, sem ætlað var að greiða þennan skatt, fundið ráð til þess að komast hjá honum að verulegu leyti með því að selja ógjarnan aðgang að skemmtunum, en leggja heldur það, sem annars hefði komið inn í aðgangseyri að skemmtunum, ofan á verðlag veitinganna, en af þeim er ekki borgaður neinn slíkur skattur, ekki neinn skemmtanaskattur. Þannig hefur þessi tekjustofn að verulegu leyti brostið, og hefur fjvn. fengið erindi um það annars staðar frá. Félagsheimilasjóður hefur hins vegar gert mikið gagn, en er einn þeirra sjóða, sem nú eru svo sokknir í skuldir, að þeir eru langt frá því að geta innt sínar greiðslur af höndum á þeim tíma, sem til ætti eða mætti ætlast. Legg ég þess vegna til, að það verði tekið upp til félagsheimilasjóðs beint framlag á fjárl., 2 millj. kr. að þessu sinni.

Þá hef ég lagt til, að styrkur til A. S. Í., sem verið hefur 150 þús. kr. og er það á fjárlagafrv., verði hækkaður um 100 þús. Dómstólar landsins hafa gert þessu sambandi að auka mjög félagatölu sína, og er það augljóst mál, að af svo stórkostlegri fjölgun sem í Alþýðusambandinu er orðin hlýtur að leiða mjög mikinn kostnaðarauka á rekstri sambandsins. Ég teldi þess vegna eðlilegt, að ríkissjóður hækkaði framlag sitt til A. S. Í. um 100 þús. kr.

Þá hef ég einnig lagt til, að liðurinn: til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna — verði á fjárl. hækkaður frá frv., þar sem hann er 475 þús., í 1 millj. kr. Verkalýðssamtökin eða A. S. Í. hefur haft það í undirbúningi að undanförnu að byggja orlofsdvalarheimili fyrir verkafólk, og hygg ég, að ég megi fullyrða, að þeim undirbúningi sé svo langt komið, að hafizt verði handa um byggingu slíks orlofsdvalarheimilis á komandi ári. Það leiðir af sjálfu sér, að eftir því sem vinnudagur er lengri, þá er þörf verkafólks fyrir hvíld í orlofi að sjálfsögðu meiri. Nú fer það ekki á milli mála, að vinnudagur íslenzka verkafólksins hefur aukizt, hefur lengzt á undanförnum árum, og verður þörfin fyrir orlofsheimili þeim mun brýnni, og hygg ég því, að hér sé eingöngu fram á sanngirni farið, að ríkið vilji taka sinn þátt í að mæta hinum auknu þörfum í þessu efni með því að hækka framlagið í 1 millj. kr.

Það hefur verið reynt að sinna fjölmörgum erindum, sem virðast á sanngirni byggð, frá

félagssamtökum um einhvern stuðning af hálfu ríkisins. Til þessa hefur þó ekki verið sinnt erindi frá Menningar- og friðarsamtökum kvenna, sem sótt hafa um nokkurn styrk til sinnar starfsemi. Hér er um að ræða landssamband, sem hefur allmikla og umsvifamikla starfsemi í sínum höndum, og þætti mér eðlilegt, að orðið yrði við beiðni þess um fjárstyrk, og hef lagt til, að því verði ætlaðar 30 þús. kr. á fjárlögum.

Á framkvæmdagrein fjárl., þ. e. a. s. á þeirri framkvæmdagrein, sem ríkið hefur sjálft með höndum á sínum eignum, 20. gr., hef ég lagt til, að fé til flugvallagerða verði hækkað úr 12 millj. 720 þús., eins og það er í frv., í 15 millj. kr., og vitna til þess, sem ég hef áður sagt hér um framkvæmdaliði ríkisins, og þess til viðbótar, að flugið er yngsti þáttur okkar samgöngumála og í þeim efnum hefur landið verið lítt numið til þessa. Flugmálastjórnin hefur sýnt lofsverðan áhuga um það að koma upp kerfi flugvalla um landið, en í þeim efnum getur að sjálfsögðu ekki miðað nema ofur hægt, nema því aðeins að ríkið sýni nokkurn myndarskap í því að leggja fram fé til þessara þarfa.

Þá hef ég leyft mér að flytja till. um, að inn komi á heimildagr. fjárl., 22. gr., nýr liður, að heimila ríkisstj. að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 60% af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins. Þessi till. liggur fyrir hér í þinginu í sérstöku frv., sem hv. 3. þm. Sunnl. hefur flutt. Það hefur farið í gegnum eina umr. í Nd. og liggur nú í n. þar. Með því að mér sýnist, að eðli sínu samkv. sé málið beinlínis fjárlagamál og mörg hliðstæð mál hafa fyrr og síðar verið afgr. sem fjárlagamál, teldi ég rétt, að þetta mál yrði afgreitt samhliða fjárl. og tekið inn í þau.

Ég vil svo að lokum þakka öllum hv. meðnm. mínum og ekki síst formanni fjvn. fyrir góða samvinnu og vænti þess, að svo megi haldast við alla afgreiðslu fjárl., sem að sjálfsögðu er ekki lokið, þótt til 2. umr. séu lögð þau skilríki og till., sem fram eru komnar.

Frsm. 2. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir þakkir til samnefndarmanna okkar fyrir störfin í fjvn., bæði til formanns n. og annarra nm., og tel, að samkv. eðli málsins hafi það samkomulag verið með ágætum.

Eins og fram er tekið í nál. okkar, er aðild okkar að till., sem meiri hl. hefur gert grein fyrir, eins og fyrr með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um einstakar till., en um flestar þeirra er það að segja, að við stóðum að samþykkt þeirra, þótt við vildum í einstaka tilfellum láta ganga lengra en þar var gert.

Í einstaka þætti var lögð mikil vinna og öll störf n. yfirleitt, og þó að það hafi ekki tekizt sem skyldi, var það ekki af því að viljann skorti til þess að leysa úr, heldur dæmið erfitt á marga vegu. Mun ég svo láta þetta nægja almennt um störf nefndarinnar.

Þegar hæstv. fjmrh. lagði fjárlagafrv. fyrir á s. l. hausti, gat hann þess, sem kunnugt er, að þetta væri síðasta fjárlfrv. kjörtímabilsins, og vék þess vegna nokkuð almennt að kjörtímabilinu. Ég mun í því, sem ég segi hér á eftir, einnig halda mig aðallega við þetta.

Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að þegar valdasamsteypa þessi varð til á haustmánuðum 1958, höfðu þeir áður lýst nokkuð viðhorfi sínu til fjárlagaafgreiðslu og þróunar í fjármálum ríkisins. Þetta kom mjög greinilega fram við 1. umr. fjárl. 1958, þegar núv. formaður Alþfl. sagði, að sú þróun væri uggvænleg og stefndi hreinlega í óefni, að fjárlög hækkuðu ár frá ári, og frsm. Sjálfstfl. við þá umr. lýsti því, að mikið mætti spara í ríkisrekstrinum, ef ekki skorti áræði og kjark. Nú hafa þessir tveir flokkar, sem svo lýstu sínu viðhorfi til fjárlagaafgreiðslu, farið með fjármálastjórnina í fimm ár, þegar þetta fjárlagafrv. er tekið með. Ég vil einnig minna á það, að þegar þeir gengu til kosninga haustið 1959, var stöðvunarstefnan sú stefna, sem þeir börðust fyrir, töldu sig hafa sýnt það í verki 1959 og þeirri stefnu yrði áfram haldið, ef þeir mættu ráða. Þessar yfirlýsingar er að finna í boðskap þeirra við kosningarnar, og út á þennan boðskap fengu þeir þann meiri hl., sem þeir hafa haft hér á hv. Alþingi síðan.

Í framhaldi af þessu vil ég nú gera samanburð á þróun fjármála á þessu tímabili. Ég vil taka það fram, að þegar ég vitna hér til niðurstöðutalna fjárl., bæði fyrir 1958 og 1959, þá er það tekið með, sem útflutningssjóður greiddi vegna niðurgreiðslna, svo að niðurstöðutölur fjárl. eru miðaðar við það í heild, sem nú er um þau efni.

1958 voru niðurstöðutölur fjárl. 882 millj. kr. Fjárlög hafa því hækkað á tímabilinu frá 1958 til þess, sem nú er að verða, þar sem þau verða hart nær 2 milljarðar og 200 millj., um nærri 150%, eða nákvæmlega um 145—146%. Hér með er ekki öll sagan sögð, því að ef gerður er samanburður á fjárl. hæstv. núv. ríkisstj., kemur í ljós, að þau hafa hækkað allverulega í tíð hennar. Þegar fyrstu fjárlög núv. ríkisstj. voru lögð fyrir hér á hv. Alþ., fjárlögin 1960, var greinilegt, þegar þau voru athuguð, að stefna hæstv. ríkisstj. var sú, að fjárlög þessi skyldu vera svo há, að þau mættu síðar lækka. Ástæðurnar til þess, að ég held þessu fram, eru tvær: Í fyrsta lagi, að það kom síðar í ljós, að fjárl. voru gerð upp með þeim hætti, að gengisbreytingin, sem gerð var í febrúarlok 1960, hefði staðið allt það ár. Þess vegna var reiknað með hærri tölum 2 fyrstu mánuði ársins en hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir. Enn fremur var bráðabirgðasöluskattinum, sem lagður var á seint á því þingi, einnig ætlað það hlutverk, að hann mætti lækka eða jafnvel fella hann niður síðar, þegar fjárl. lækkuðu hjá hæstv. ríkisstj. Þess vegna hlaut hann

heitið bráðabirgðasöluskattur, vegna þess að það var ekki hugsunin þá að framlengja hann allt kjörtímabilið.

Hæstv. ríkisstj. hafði, eins og ég gat um áðan, eða stuðningslið hennar, talað um lækkun fjárl., og hugsunin var, að lækkun fjárl. færi fram með þeim hætti, að fyrst yrðu þau hækkuð verulega og síðan yrðu hennar eigin fjárlög lækkuð. Þannig átti að komast frá fyrirheitinu um lækkun fjárl. Ef þetta er svo athugað, kemur í ljós, að frá 1960 til þeirra fjárl., sem við erum að afgreiða nú, 1963, hafa fjárlög hækkað um 45—46%. Í tíð núv. hæstv. ríkisstj. sjálfrar hafa fjárlög hækkað um 45%. Og ef betur er athugað, kemur í ljós, að frá síðustu fjárl., fjárl. ársins 1962, koma þessi fjárlög til með að hækka um 25%, svo að ekki er nú skorið við neglur sér í hækkun fjárl.

Ef við lítum nokkuð aftur í tímann og kynnum okkur þróun fjármálanna síðustu áratugina, þá er til gamans hægt að geta þess, að fjárl. 1933, fyrir 30 árum, voru 12 millj. kr., fyrir 20 árum, 1943, voru þau 66 millj., og fyrir 10 árum voru þau 424 millj. kr. Fjárlög ársins 1953 eða fyrir einum áratug voru um 20 millj. kr. lægri en hækkun fjárl. verður frá 1962—1963. Og segi menn svo, að hér sé verið að skera við neglur sér. Þannig hefur þessi þróun verið stórstíg í meira lagi í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Nú mun hæstv. ríkisstj. og fleiri segja, að fjárlög hafi hækkað fyrr og þess vegna segi það ekki söguna alla, þó að vitnað sé til þess, hvað þau hafi hækkað á þessu 5 ára tímabili, sem núv. stjórnarflokkar hafa ráðið niðurstöðu fjárl. Nú skal ég sýna þessum hv. stjórnarflokkum fullkomna sanngirni. Þessu til samanburðar hef ég tekið hækkun fjárlaga á næsta 5 ára tímabili á undan, tímabilinu 1953—1958. Það var mikið rætt þá um hækkun fjárl., en hún er þó á því tímabili ekki nema um 108%. Nú er hún hins vegar tæp 150%. Sjá má af þessu, að fyrri met um hækkun fjárl. eru gersamlega út slegin.

Ef við athugum þetta mál nokkru nánar, þá mundu e. t. v. einhverjir hugsa sem svo: Hvernig hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að tína saman fé til þess að mæta þessari hækkun fjárl.? Þess vegna mun ég næst snúa mér að því, hvað hefur gerzt, til þess að tekjur fjárl. mættu hækka svo sem raun ber vitni um.

Á tímabili hæstv. núv. ríkisstj. hefur hún fellt gengið tvisvar, í fyrsta lagi 1960 og í öðru lagi 1961. Þessar gengisbreytingar hafa auðvitað haft stórfelld áhrif á tekjuaukningu fjárl. Í sambandi við gengisbreytinguna 1960 lét hæstv. ríkisstj. sér ekki nægja að fella gengið, heldur lagði hún jafnhliða á nýjan, almennan söluskatt og viðbótarsöluskatt í innflutningi. Ekki er hér allt talið um þær álögur, sem hæstv. ríkisstj. lagði á í upphafi kjörtímabilsins, því að auk þessa hækkaði hún benzínskattinn allverulega, og hún tók til sín tekjustofna þá, sem útflutningssjóður hafði haft að verulegu leyti. Hæstv. ríkisstj. bjó þannig að í upphafi, eins og sýnt var við fjárlagaafgreiðslu 1960, að fjárlög og tekjur ríkissjóðs mundu hækka gífurlega vegna þess, hve álögur voru þá auknar. Síðar mun ég sýna fram á, til hvers þetta hefur leitt. En hæstv. ríkisstj. lét sér þetta ekki nægja. Síðar tók hún á 2. hundrað millj. kr. í sambandi við gengisbreytinguna 1961, sem var hækkun á vörubirgðum, er þá voru til í landinu. Og henni tókst að koma þessum tekjustofni inn í sjóð, sem hún stofnaði og ríkisábyrgðasjóður heitir. M. a. af þessum ástæðum tók hún út úr greiðslu ríkisreiknings árið 1961 38 millj. kr., sem áætlaðar voru á gjaldahlið fjárl. til að greiða ríkisábyrgðir. Þessi ríkisábyrgðasjóður var látinn annast ábyrgðagreiðslurnar, og ríkisstj. fékk svo þessar 38 millj. kr. til þess að ráðstafa á annan hátt.

Ekki er þó hér allt talið af þeim álögum, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið í framkvæmd á þessu kjörtímabili. Ýmsir smáskattar hafa einnig verið á lagðir, eins og gjald í sambandi við það, þegar ríkissjóður veitir ríkisábyrgð, 1% gjald er þar. Síðan var lagður á bændur í landinu sérstakur skattur á þessu kjörtímabili. Fleira af þessu tagi mun ég nú ekki nefna að sinni, en láta þetta nægja sem sýnishorn um þær álögur, sem ríkisstj. lagði sér til í upphafi, en hafa verið þess valdandi, að henni hefur tekizt að koma fjárl. svo upp sem raun ber vitni um.

Nú mun vera að því spurt, hvort með þessum hætti sé þá ekki betur frá fjárlagaafgreiðslu gengið og inn á fjárlög tekin meiri gjöld til ýmissa ríkistofnana en áður hefur verið, og þess vegna hafi ríkisstj. orðið að hækka útgjöldin og afla sér tekna til þess að vega á móti þessu. Rétt er að benda á nokkur dæmi í sambandi við þetta.

Allt fram til ársins 1960 lagði ríkissjóður pósti og síma til fé í uppbygginguna. Á fjárl. 1958 var þessi fjárhæð um 10 millj. kr. En síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hefur þessi liður farið út af fjárl. Póstur og sími hefur verið látinn hækka svo þjónustugjöld sín, að stofnanirnar hafa staðið sjálfar undir uppbyggingunni. En þetta hefur þýtt það, að póstur og sími hefur á þessu tímabili með þeirri hækkun, sem nú er fram undan, hækkað sín gjöld um 70—80%. Þetta segir líka sína sögu um það, hversu háar álögur hafa verið á þjóðina lagðar.

Í framhaldi af þessu vil ég svo nefna annað dæmi, að Skipaútgerð ríkisins hafði á fjárl. 1958 milli 15 og 16 millj. kr. Á fjárl. yfirstandandi árs og fjárlfrv. því, sem nú er verið að afgreiða, hefur Skipaútgerðin ekki nema 10 millj. kr. Hvernig hefur Skipaútgerðinni verið ætlað að mæta þessu, að ríkissjóður styður hana minna en áður? Með því að hækka sín þjónustugjöld um 60—80%. Einnig þarna eru stórkostlega auknar álögur á þjóðina.

Fleiri dæmi mætti nefna. Rafmagnsveitur ríkisins hafa á þessu tímabili hækkað sín gjöld um 60—70%. Það er framhald á sömu stefnu hæstv. ríkisstj. að auka álögurnar á fólkið í landinu. Daggjöld á sjúkrahúsunum

hafa einnig verið hækkuð á þessu tímabili um 60%. Þannig mætti halda áfram að telja, en þessi dæmi nægja til þess að sýna stefnu ríkisstj. í framkvæmd og það, að það eru ekki allar hækkanir taldar á fjárlögum.

Þá vil ég næst víkja að því, sem ríkisstj. hefur talið til síns ágætis og lagt mikla áherzlu á, að það bæri að meta áætlanir á fjárl. mjög nákvæmlega og bezt væri að fara sem mest eftir þeim. Nú vil ég víkja nokkuð að því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt í framkvæmd að gera nákvæmar áætlanir fjárlaga.

Í sambandi við fjárlagaafgreiðslu fyrir yfirstandandi ár, 1962, bentum við á það hér á hv. Alþ., bæði í nál. og í umr. um afgreiðslu fjárl., að áætlun vegna niðurgreiðslna væri allt of lág. Við sýndum fram á það, að samkv. þeim áætlunum, sem þeir hefðu gert, sem bezt vissu, væri þessi áætlun um 70 millj. kr. of lág. Hæstv. ríkisstj. tók þetta ekki til greina, heldur áætlaði 300 millj. kr. til niðurgreiðslnanna, en auðvitað fara niðurgreiðslur nokkra tugi millj. kr. fram úr áætlun.

Á fjárl. fyrir 1962 var felld niður lögboðin greiðsla til atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki var þetta gert til þess að gera fjárl. raunhæfari. Nú hefur hæstv. ríkisstj. fallið frá þessu og hefur nú tekið þessa greiðslu upp og meira að segja byrjað að greiða fyrstu afborgun af því, sem vangreitt var í fyrra.

Skipaútgerð ríkisins hafa, eins og ég benti á áðan, verið áætlaðar 10 millj. kr. þrátt fyrir þær hækkanir, sem hún hefur gert, varð rekstrarhalli Skipaútgerðarinnar um 17 millj. kr. á s. l. ári. Hvernig er með það mál farið? Samkv. ríkisreikningi eru umframgreiðslur á fjárl. rúmlega 3½ millj. kr., en 3⅛ millj. kr. geymdar til framtíðarinnar. Ekki veit ég, hvernig með það á að fara eða hvort það verður greitt á yfirstandandi ári. En þetta sýnir, að ekki er verið að leita eftir því að gera sem nákvæmastar áætlanir.

Í sambandi við þennan þátt vil ég nefna eitt dæmi enn. Það eru rafmagnsveitur ríkisins. Við fjárlagaundirbúning nú sótti raforkumálastjóri um það að fá 30 millj. kr. áætlaðar á fjárl. ríkisins vegna greiðsluhalla á rafveitum. Í sambandi við þetta mál er fróðlegt að minnast þess, að 1959, þegar núv. stjórnarliðar voru að breyta 10 ára áætluninni og fara inn á dísilstöðvarnar, fékk fjvn. í hendurnar skýrslu frá raforkumálastjóra og í samráði við ríkisstj., þar sem var sýnt fram á það í þessari skýrslu, að einmitt með þessum breytingum mundi takast að eyða greiðsluhallanum. Og samkv. þessari skýrslu átti rekstrarhalli rafveitnanna að vera enginn 1962 og 1963 1 millj. kr. Nú er fróðlegt að sjá, hvernig viðreisnarráðstafanirnar og fleiri framkvæmdir hæstv. ríkisstj. hafa verkað til áhrifa á þessa skýrslu. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá raforkumálaembættinu, var rekstrarhalli á rafveitum ríkisins 4.2 millj. kr. á árinu 1958, 11.6 millj. kr. á árinu 1959, 17.1 millj. kr. 1960, 19 millj. kr. 1961 og áætlaður 25 millj. kr. 1962, sem nokkurn veginn er að verða þekkt tala. Og gert er ráð fyrir, að hallinn verði 30 millj. kr. 1963. Það, sem þegar er áfallið sem halli hjá rafveitum ríkisins, er 88 millj. kr. í árslok nú. 30 millj. eru fram undan. Og það er ekki hlustað á það að taka neitt tillit til þessara staðreynda í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Er þetta einn liðurinn í að gera fjárlög raunhæf og láta þau sýna rétta mynd? Hvernig á annars með þetta mál að fara? Hér er um að ræða staðreynd, sem ekki verður umflúin. Hvenær á að taka málið til afgreiðslu?

Það er fleira, sem má nefna í sambandi við hinar nákvæmu, raunhæfu áætlanir. Það er t. d. merkilegt umhugsunarefni, að mikið er rætt hér um framkvæmdaáætlun, sem eigi að koma til framkvæmda árið 1963, en í fjárlögum íslenzka ríkisins er hennar að engu getið. E. t. v. er það hugsun hæstv. ríkisstj., að framkvæmdaáætlunin byggist eingöngu á lántökum og þá fyrst og fremst á erlendum lántökum. En hinu er ekki að neita, að ekki hefði verið óeðlilegt, að einhver þátttaka af ríkisins hálfu hefði verið í sambandi við væntanlega framkvæmdaáætlun. Það má einnig benda á það, að fyrir dyrum stendur kauphækkun hjá opinberum starfsmönnum, og þýðir ekki á móti að mæla, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur í samkomulagi sínu við lækna staðfest, að hún gerir ráð fyrir þessu. Á engan hátt ætla þessi fjárlög upp á 2 milljarða og 200 millj. að mæta þessari hækkun. Ekki er þetta heldur til þess að gera áætlun fjárl. raunhæfari eða nær veruleikanum.

Eitt dæmi enn. Það er sagt frá því í blöðunum í dag, að hæstv. samgmrh. hafi ásamt fleiri embættismönnum keyrt nýjan vegarkafla á leiðinni Keflavík—Reykjavík, fyrsta steypta kaflann á þjóðvegum hér á landi. Það er það góða við þennan kafla, að það veit enginn um fjárveitingar til hans. Á fjárl. íslenzka ríkisins hefur engin fjárveiting átt sér stað til þessarar vegagerðar. Þó erum við að eltast við að leggja fjárveitingar til vegarkafla, sem kostar nokkra tugi þúsunda. Það hefur engin lántökuheimild átt sér stað eða verið samþ. hér á hv. Alþ. í sambandi við þessa framkvæmd. Þó hefur heyrzt, að lán hafi verið tekin. En hjá hverjum, á hvers vegum hafa þau verið tekin? Það er ekki gert ráð fyrir afborgunum eða vöxtum af þessum lánum, sem í þennan veg hafa farið. Þó er það kunnugt, að vegagerðin nú kostar nokkra tugi millj. kr. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh., fyrst hann er hér viðstaddur, og hæstv. fjmrh.: Á hvers vegum er þessi vegagerð framkvæmd? Á hvers vegum er hún? Hver hefur greitt kostnaðinn af henni? Hvaðan er það fjármagn komið? Hver er kostnaðurinn orðinn, sem áfallinn er? Og hvernig á að fara með málið í framtíðinni? Ég treysti því, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir þessu máli, svo að hv. alþm. þurfi ekki að vera að

frétta um það hér og hvar, hvað sé hér á ferðinni.

Þegar fjárlög hækka svo gífurlega sem raun ber vitni um, og er þó mikið vantalið, þá er ástæða til, að um sé spurt, hvað veldur hækkuninni. Hefur meira fé verið varið til uppbyggingar í landinu, til að búa í haginn fyrir framtíðina, nú á þessu kjörtímabili en áður hefur verið? Skal nú nokkuð að því vikið.

Það eru fá mál í þessu landi, sem almenningur hefur jafnmikinn áhuga á og jafnmikla þörf fyrir og bætur í samgöngumálum. Vegagerðin hér á landi hefur verið mikið hagsmunamál og áhugamál fólksins. Á fjárl. 1958 hafði ríkissjóður 17 millj. kr. tekjur af benzínskatti. Nýbygging vega, þjóðvega, fjallvega og sýsluvega, er ríkissjóður lagði fé til, var þá rúmar 20 millj. kr. eða 3 millj. meira en skatturinn nam. Hvað hefur gerzt síðan? Á fjárlfrv. fyrir 1963 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður hafi 63 millj. kr. í tekjur af benzínskatti. Hækkunin er 46 millj. kr. eða um 270%. Hver er hækkunin á nýbyggingum þjóðvega á sama tíma? Eftir að fjvn. hefur gert þær hækkanir, sem þar hafa verið gerðar, er hækkunin um 10.9 millj. kr. eða 54%. Á sama tíma, sem ríkissjóður fær 270% hækkun á benzínskatti, fjárlög hækka um nær 150%, þá er 54% hækkun til nýbyggingar þjóðvega. En sagan er samt ekki öll sögð með þessu, því að á þessu tímabili hefur ríkissjóður haft í ríkari mæli tekjur af umferðinni í landinu en nokkru sinni fyrr. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, eru tolltekjur ríkissjóðs af nýjum innfluttum bifreiðum frá 1. jan. til septemberloka þessa árs 87.4 millj. kr. Hér er þó ekki um söluskatt að ræða, þar sem hann á við, og fleiri smáhluti, sem hér liggja fyrir utan. Ef við gerum nú áætlanir um það, sem eftir er af árinu í sambandi við þessar tekjur, og tökum svo aðra tekjustofna, sem ríkissjóður hefur af innfluttum bifreiðum, eins og benzínskattinn, þungaskatt bifreiða, innflutningsgjaldið, svo og tolltekjur af varahlutum til bifreiða og annað þess háttar, þá telst mér til, eftir því sem næst verður komizt, miðað við fyrri ár, að hér sé um að ræða fjárhæð, sem nemur um 320 millj. En hvað er svo það, sem ríkissjóður greiðir til vegagerðanna í landinu aftur? Það er, eftir að breytingar hafa verið gerðar á fjárlagafrv., 120 millj. kr. Það eru 200 millj. kr., sem ríkissjóður kemur til með að hafa í nettótekjur af umferðinni í landinu. Á sama tíma, sem þetta gerist, verða menn að keyra vegagerðina áfram með skuldum og greiða sjálfir vextina. Um 15 millj. kr. mun nú vera búið að vinna í vegum umfram fjárveitinguna. Byggðarlögin verða sjálf að greiða vextina, og það var óumflýjanlegt að láta þetta komast í framkvæmd vegna þess, hvað þörfin var brýn, og það mundi enginn fara að taka að sér vaxtagreiðslur, eins og þær eru núna, nema af knýjandi nauðsyn. Og einnig á sama tíma og þetta gerist er vegaviðhaldið í landinu svo gersamlega vanrækt, að það eru orðnar áhyggjur þeirra manna, sem við þessi mál fást, hvernig með verður farið, ef ekki verður á stórkostleg breyting. Þetta gerist á sama tíma, sem fjárl. hækka gífurlega og ríkissjóður hefur meiri tekjur af umferðinni í landinu en nokkru sinni fyrr. Og það eru ekki nema sárafá ár síðan ríkissjóður fór að hafa tekjur af umferðinni til jafns við það, sem hann lagði henni.

Ég ætla að nefna fleiri dæmi um það, að uppbyggingin í landinu er ekki þess valdandi, að fjárl. þurfi að hækka eins og raun ber vitni um. Á árinu 1958 var lagt til nýbygginga í raforkumálum, þ. e. framlag í raforkusjóð og til nýbyggingar rafveitna, 25 millj. kr. samtals. Nú eru þessar fjárhæðir 24 millj. 250 þús. eða lægri fjárhæð en lögð var í þessa málaflokka 1958, eftir að fjárlögin hafa hækkað um nærri 150%. Og ef raforkumálin í heild eru tekin, eins og fjárlagagr. segir, þá var niðurstaðan 30.3 millj. 1958, en 31.8 millj. núna. Það er um 4% hækkun.

Það má segja í sambandi við þetta um hæstv. samgmrh., að hann er hæverskur og hógvær maður í meira lagi og minni kröfumaður en við alþm. höfum gert ráð fyrir, að hann skuli hafa unað því, að svo stórir málaflokkar eins og þessir tveir væru svo gersamlega fyrir borð bornir á tímabili hæstv. ríkisstj. Hæverska og prúðmennska er góð, en hún á ekki alltaf við, og hér hentaði hún ekki. Mér er sagt, að raforkuráð sé nú búið að samþ. framkvæmdir í raforkumálum upp á 95 millj. kr. Af þeim séu 75 millj. kr. í það, sem sé ógert af því, sem átti að vera lokið á þessu ári. Vonandi leysist þetta mál vel og farsællega á næstunni. En ljóst er af því, sem ég hef hér sagt í sambandi við raforkumálin, að þar verður ekki um stórstígar framkvæmdir að ræða eða vel um þau mál séð, nema betur verði á tekið en gert hefur verið af núverandi valdhöfum.

Ein stofnun í þessu landi hefur komið verulega við sögu atvinnumála, þ. e. sjóður sá, sem nú heitir atvinnubótasjóður. Á fjárl. 1958 hafði hann 13.5 millj. kr., en á fjárl. 1963 er ætlazt til, að hann hafi 10 millj. kr. Á sama tíma og þetta hefur gerzt, hafa fjárl. hækkað svo sem ég hef hér lýst og allt verðlag á þeim atvinnutækjum, sem sjóðnum er ætlað að lána til, stórkostlega. Það hafa komið fram í störfum þeirra manna, sem með þetta mál hafa farið, mikil vandkvæði að leysa úr þeim mörgu beiðnum, sem þangað hafa komið, og raunverulega eru nefndarmenn farnir að gera sér það ljóst, og það kom greinilega fram s. l. vor, að það að lána 200 þús. kr. í skip, sem kostar á 2. tug millj., er næstum broslegt. En þetta varð atvinnubótasjóðurinn að sætta sig við á yfirstandandi ári, vegna þess að hann skortir fé til þess að lána.

Ég hef hér að framan sýnt fram á það, að ástæðan fyrir hækkun fjárl. er ekki sú, að vel hafi verið séð fyrir framtíðinni, að uppbyggingin í landinu hafi verið svo mikil, að þess vegna hafi þau orðið að hækka sem raun

ber vitni um. Þess vegna verður að leita annarra skýringa til þess að finna ástæðu fyrir hækkun þeirra. Og ég hef einnig sýnt fram á það, að áætlun fjárl. til útgjalda er ekki heldur varlegri nú en verið hefur. Þá verður mönnum að spyrja: Hefur þá ekki verið við komið sparnaði á tímabilinu, eins og heitið var?

Mér telst til, að sparnaðarfyrirheitin, sem hafa verið gefin á tímabili hæstv. ríkisstj., séu um 59, og eitthvað af þessu hlýtur að hafa komizt í framkvæmd, þótt lítið fari fyrir því. Hæstv. fjmrh. gat þess í sinni fjárlagaræðu á s. l. hausti, að nú hafi skattakerfinu verið breytt með sparnað fyrir augum. Nú skal ég engu um það spá, hvernig sú breyting kann að reynast í framkvæmd, er af breytingum skattakerfisins leiðir. Hitt þykjast ýmsir menn sjá, að það leiði ekki til sparnaðar. En gott er, ef svo væri, og skal ég ekki neitt um það segja. Ég tel það ekki sparnað, þó að fjárl. hafi lækkað við það, að póstur og sími hafi orðið að hækka sín gjöld. Ég tel það ekki heldur sparnað, þó að Skipaútgerð ríkisins hafi orðið að hækka sín gjöld og verði að geyma fjárhæðir, vegna þess að hún fær ekki fé til að greiða þær. Það er ekki sparnaður í mínum augum. Og nú er mér sagt, að minkarnir, sem reyndust þægir hæstv. ríkisstj. 1961, hafi nú sperrt upp skottið og væru nú miklu dýrari á árinu 1962, svo að það er lítið útlit fyrir sparnað þar.

Nú langar mig til að spyrja: Hvað hefur nú komizt í framkvæmd af þessum sparnaðarfyrirheitum, sem er að finna í nál. meiri hl. fjvn. frá 1961?

Það er hér fyrst að fækka sendiráðum Íslands erlendis, t. d. að leggja niður sendiráð á Norðurlöndum og jafnvel lækka launagreiðslur til sendiherra og annarra starfsmanna sendiráða. Ekki minnist ég þess, að þessi afgreiðsla hafi farið fram í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Eitthvað man ég nú um það, að í fjárlagaafgreiðslunni 1962 voru laun verulega hækkuð við sendiráðið í Kaupmannahöfn. Ég held ég muni það rétt. Annað atriði á þessum sparnaðarlista er að draga úr opinberum veizlum. Ef til vill hefur þetta komizt í framkvæmd, gott væri að vita um það. Þriðja atriðið er að takmarka svo sem auðið er tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnur. Eitthvað mun nú hafa verið um það, að stjórnarandstæðingar hafi ekki verið látnir fara á þing Sameinuðu þjóðanna. Ég hygg, að það sé þá eini sparnaðurinn, sem þarna hefur komið fram. Svo er verið að tala hér um að fækka bifreiðum ríkis og ríkisstofnana. Hefur þetta komizt í framkvæmd? Hér er eitt atriði enn þá, viðvíkjandi endurskoðun ákvæða gildandi laga um embættisbústaði. Og margt er fleira á blaðinu, því að hér eru um 20—23 atriði. En satt að segja hef ég ekki orðið var við, að mikið af þessu tilheyri raunveruleikanum.

En það er fleira, sem hefur komið við sögu hjá ríkissjóði heldur en þessi sparnaðarfyrirheit. Ég er hér með annan lista, sem ég hef verið að tína saman, og því miður mun ég nú ekki hafa fundið hér allt, sem hefur orðið. Það er listi um það, sem orðið hefur til af nýjum embættum, og fleira í útfærslu ríkisins. Þar er efst á blaði, nr. 1, Efnahagsstofnunin, sem mun vera allmyndarleg stofnun og sett var upp á s. l. sumri. Vafalaust á hún að vera til sparnaðar, en í fyrstu umferð held ég hún verði það ekki. Annað er saksóknaraembætti. Það virðist blómgast allvel, og eru greiðslur til þess á fjárlagafrv. einhvers staðar á 2. millj. Forstjóri almannavarna er hér nr. 3. Hann mun hafa orðið til á yfirstandandi ári í þeirri von, að frv. um almannavarnir yrði svo afgreitt á þinginu síðar. Fjórða: borgardómurum í Reykjavík hefur verið fjölgað um fjóra. Bankaeftirliti hefur verið komið á, það fimmta. Sakadómurum í Reykjavík hefur verið fjölgað um 4. Sjöunda: bankastjórum hefur verið fjölgað. Áttunda: bankaráðsmönnum hefur verið fjölgað. Hagskýrslugerð hefur verið haldið uppi með allmiklum myndarskap. Tíunda: prófessorum við háskólann hefur fjölgað verulega á þessu tímabili. Fjölgað var í húsnæðismálastjórn, svo að Sjálfstfl. fengi þar tvo fulltrúa. Fjölgað var í n. til þess að úthluta listamannalaunum af sömu ástæðu. Fjórtándi liður hjá mér er kostnaður við utanstefnur, hefur farið sívaxandi. Fimmtán: kostnaðurinn til undirbúnings laga og reglugerða hefur stórhækkað. Fjölgað var mönnum í síldarútvegsnefnd. Annar kostnaður ráðuneytanna hefur einnig verulega hækkað. Síðustu dagana hafa blöðin skýrt frá því, að forstjóri hafi verið skipaður eða ráðunautur í viðskiptamálum, ríkisstj. hafi tekið sér ráðunaut í viðskiptamálum. Mér skilst, að hér sé nýtt embætti, og eru þá þessir liðir orðnir 19 hjá mér. Og ríkisskattstjóri er sá 20. Mér sýnist, að ef vel væri að gáð, þá mætti finna kannske eitthvað álíka marga liði í útfærslunni og boðað var að ættu að vera í sparnaðinum. En staðreyndin er, að þetta hefur komizt í framkvæmd, en hitt hefur gengið á ýmsa vegu.

Enda þótt hér sé af nokkru að taka, er samt greinilegt, að ástæðan fyrir hækkun fjárl., svo gífurleg sem hún er, er ekki öll fólgin í því, að sparnaði hafi ekki verið við komið og útþensla ríkisbáknsins aukizt. Ástæðan fyrir hækkun fjárl. svo stórkostlega er sú, að dýrtíðin í landinu hefur vaxið meira nú en fyrr. Stöðvunarstefnan í framkvæmd hefur reynzt dýrtíð. Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, voru álögurnar, gengisfallið og aftur gengisfall, söluskattur og aftur söluskattur og fleiri aðgerðir hæstv. ríkisstj., með þeim hætti í upphafi þessa valdatímabils, að það hefur leitt til þeirrar dýrtíðar, sem er uppistaðan í hækkun fjárl. Hæstv. ríkisstj. mun telja það sér til ágætis, að hún hafi lækkað tekjuskattinn, og vegur það að einhverju á móti því, hve tollar hafa hækkað gífurlega. En við vorum upplýstir um það í fjvn., að útlitið væri

nú þannig, að hinn breiði hópur væri að koma til með að greiða aftur tekjuskatt. Af hverju? Vegna þess, hvað krónurnar eru orðnar smáar og þeim hefur þess vegna fjölgað.

Ef við lítum á fjárl. sjálf og skyggnumst á áhrif dýrtíðarinnar á þau, þá kemur í ljós, að rekstrargreinarnar hafa hækkað um 105 millj. frá 1960. Framlag til trygginga hefur hækkað um 160 millj. kr. og niðurgreiðslur um 120. Hér er um að ræða fjárhæð upp á um 390 millj. kr. Þegar þetta er haft í huga, fara að verða ljósar ástæðurnar fyrir hækkun fjárl. Á árinu 1958 var 110—115 millj. kr. varið til niðurgreiðslna. Nú er 430 millj. kr. varið til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta. Þetta er greinilegur ávöxtur dýrtíðarinnar á þessu kjörtímabili. Og fjárl. í heild bera þess glögg merki, hvar sem litið er, hvernig dýrtíðin hefur vaxið í landinu, og það er dýrtíðin í landinu, sem er uppistaðan í hinni gífurlegu hækkun fjárl., og af þeirri ástæðu er það svo, að uppbygging og annað, sem betur má fara, verður út undan.

Hér að framan hef ég lýst höfuðþáttunum í fjárlfrv. því, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Mun ég nú víkja nokkuð að þeim till., sem við flytjum í sambandi við fjárlfrv.

Við höfum leyft okkur að hækka tekjuáætlun fjárl. sem svarar því, sem við leggjum til um hækkun þeirra. Um tekjuáætlunina er það að segja, að í sambandi við till. okkar í fyrra gerðum við till. um breytingu á tekjuáætluninni, og því var mótmælt og talið, að óvarlega væri stefnt. Við sýndum fram á það þá, að svo var ekki, og reynslan hefur sýnt það. Tekjuáætlun okkar nú byggist á því, að sú áætlun, sem gerð er um innflutning, muni vera fullág. Um það er hins vegar ekki gott að segja, hvernig þessi áætlun kann að standast, en útlit er þó fyrir, að svo muni verða.

En þær útgjaldatill., sem við flytjum, mætti með rétti segja að væru viðreisnartill. Við erum að reyna að gera tilraun til þess að reisa við, þar sem á hefur verið troðið á núverandi kjörtímabili. Þess vegna eru till. okkar um það að hækka til vega, til brúa, til hafna, til flugvalla, til fiskileitar, til íþróttasjóðs og iðnlánasjóðs. Þessar till. okkar eru nánast miðaðar við það, að þær séu nokkur viðreisn frá því, sem hæstv. ríkisstj. hefur farið með þessa málaflokka. Og það mun öllum ljóst, að það mun ekki vanþörf á því, að þar komi nokkur viðreisn til.

Enda þótt ekki sé ástæða til að vera bjartsýnn á afgreiðslu tillagna okkar hér á hv. Alþingi, hefur það nú sýnt sig, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar hafa nokkuð tekið tillit til þess, sem við höfum lagt til á fyrri árum, og í von um, að árangur náist, þó að síðar verði, eru þessar tillögur fluttar, og m. a. líka til að undirstrika hina brýnu þörf, sem þarna er á.

Herra forseti. Ég mun nú fara að stytta mál mitt. Ég hef hér í ræðu minni að framan gert grein fyrir stjórnarstefnunni og áhrifum hennar. Að síðustu vildi ég svo segja þetta í sambandi við fjárlögin: Áður fyrr voru fjárlög talin í milljónum kr. Nú eru þau talin í milljörðum. Áætlun fjárlaganna nú er ónákvæmari en verið hefur, og meira er geymt af útgjöldum til framtíðarinnar en áður hefur átt sér stað. Í þriðja lagi er minna varið til uppbyggingar í landinu en verið hefur um langt áraskeið, eins og í vegamálum, þar sem hlutfallstala milli fjár til vegagerða og fjárlaga er lægri nú en nokkru sinni fyrr. Höfuðeinkenni þessa kjörtímabils, sem nú er að enda, er dýrtíð og aftur dýrtíð og áframhaldandi dýrtíð.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja 3 brtt. við fjárlagafrv. og vildi gera grein fyrir þeim með örfáum orðum.

1. brtt. mín er á þskj. 189 og er 1. till. á því þskj. Þessi till. er um það, að bætt verði nýjum lið við 11. gr. frv. og ráðgert að taka upp 1 millj. kr. fjárveitingu til þess að vinna gegn áfengis- og tóbaksneyzlu æskufólks. Gert er ráð fyrir því, að dómsmrn. sjái um úthlutun á þessu fé til þeirra félagssamtaka í landinu, sem vinna að þessum málum. Ég tel, að eins og nú er orðið ástatt í okkar landi í þessum efnum, þá sé full ástæða til þess, að ríkið leggi fram nokkru meira fé til þess að berjast gegn aukinni áfengisneyzlu og einnig aukinni tóbaksneyzlu meðal æskufólks, svo miklar tekjur sem ríkið hefur af því að selja þessar vörur.

Um það er ekkert að villast, að nú á síðustu árum hefur mjög sótt til hins verra í þessum efnum. Áfengisneyzla fer alveg greinilega ört vaxandi, enda hafa verið gerðar hér ráðstafanir, m. a. af hálfu Alþingis, til þess að búa þannig um málin, að greiðara sé fyrir flesta að komast í áfengi en áður var. Mér finnst því vera komin ástæða til þess að auka nokkuð fjárframlög af hálfu ríkisins til þess að vinna gegn aukinni áfengisneyzlu, alveg sérstaklega meðal æskufólks. Þá vil ég einnig minna á, að það er nú víða erlendis farið að vinna að því allkröftuglega að draga úr tóbaksneyzlu, þar sem það liggur fyrir nú sem fullviðurkennd staðreynd, að tóbaksneyzla og þá sérstaklega sígarettureykingar meðal æskufólks leiða tvímælalaust af sér stóraukna hættu á krabbameini. Ég hefði því viljað vænta þess, að hæstv. ríkisstj. vildi athuga þessa till. mína í fullri vinsemd, hvort ekki væri rétt að mæta þeim óskum, sem þar koma fram, annaðhvort með því að samþ. mína till. eða þá a. m. k. með einhverri fjárveitingu í þessu skyni.

Önnur brtt. mín er á þessu sama þskj. og er 12. brtt. á þskj. Hún er flutt sem brtt. við brtt. fjvn. og er um það að hækka nokkuð fjárveitingu til leiklistarstarfsemi í landinu. Fjvn. hefur í till. sínum gert ráð fyrir því að hækka að vísu örlítið fjárveitingar til leikstarfsemi frá því, sem verið hefur nú um skeið, en tiltölulega mjög lítið, en fjárveitingar þess-

ar hafa ekki breytzt nú um margra ára skeið, svo að neinu nemi. Fjvn. gerir ráð fyrir því að hætta að ákveða í fjárl. sjálfum, til hvaða einstakra leikfélaga fjárveitingin skuli ganga, en gerir ráð fyrir því að draga allar fjárveitingar, sem verið hafa til einstakra félaga, saman í einn sjóð og síðan verði úthlutað til leikfélaganna. Það er auðvitað ómögulegt að gera slíka till. sem fjvn. hefur gert í þessum efnum, nema þá um leið séu ákveðnar einhverjar reglur um það, hvernig fénu skuli skipta. En mér sýnist fjvn. ganga gersamlega fram hjá því. Að vísu hef ég heyrt, að fjvn. hafi gert sjálf samþykkt um það, hvernig með skuli fara, og hún hafi sérstaklega ákveðið, að tiltekin leikfélög skuli fá verulega hækkun, á sama tíma sem önnur skyldu ekki fá hækkun. En það kemur hvergi fram í hennar till. En það er vitanlega Alþingi, sem á að setja þær reglur, sem fara á eftir í þessum efnum, en ekki fjvn. ein út af fyrir sig á einföldum nefndarfundi sínum. Til þess hefur hún ekkert umboð. Ég hef því lagt til í minni till., að menntmrn. skuli að vísu skipta upphæðinni, og geng þar til móts við það, sem fjvn. leggur til, en að ráðuneytinu sé skylt að miða úthlutunina við starfsemi þá, sem félögin hafa haft með höndum, og þá aðstöðu, sem félögin búa við til þess að annast leiklistarstarfsemina. Hér má ekki verða um neina handahófsúthlutun að ræða, eftir að um slíka fjárveitingu er að ræða eins og þessa. Hér verður að fara eftir föstum reglum. Ég vænti því, að þessi till. mín verði samþ., en hún gerir ráð fyrir nokkurri hækkun fjárveitingarinnar og einnig því að binda það að nokkru leyti, hvernig fénu skuli skipt.

Þriðja brtt. mín, sem einnig er á þessu þskj. og er 21. till., er um það að hækka fjárveitingu til atvinnubótasjóðs úr 10 millj. upp í 20 millj. Eins og hefur komið fram í þessum umr., vita allir hv. þm., að það er mikil þörf á því að hækka þessa fjárveitingu. Hér er um að ræða viðbótarlán, sem veitt er til ýmiss konar atvinnulegra framkvæmda í landinu. En eins og dýrtíðin er orðin mikil og framkvæmdir allar eru orðnar dýrar, þá er alveg augljóst, að það er ekki hægt að búa við það öllu lengur, að heildartekjur atvinnubótasjóðs séu ekki nema 10 millj. á ári. Það er alveg óhjákvæmileg nauðsyn að hækka þessa fjárveitingu, og því hef ég lagt til, að hún yrði tvöfölduð nú eða upp í 20 millj. kr. Ég vil líka minnast á það, að fyrir nokkrum árum, — ég hygg, að það hafi verið árið 1957, — var fjárveiting í þessu skyni 15 millj. kr., en verðlag var þá vitanlega allt annað en það er nú, svo þó að nú væri veitt til þessa sjóðs 20 millj. kr., þá er samt um að ræða miklu minni fjárveitingu hlutfallslega miðað við byggingarkostnað heldur en var á árinu 1957. Ég vona líka, að hv. þm. geti tekið undir með mér í þessum efnum og samþ. þessa till. mína.

Fleiri till. á ég hér ekki að sinni og get því látið máli mínu lokið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mig langar, áður en ég mæli hér með nokkrum brtt., sem ég á á þskj. 189, að segja aðeins nokkur orð viðvíkjandi þeirri afgreiðslu fjárl., sem mér sýnist, að nú muni fara fram. Mér þykir vænt um, að ég sé formann fjvn. einhvers staðar nærri, þótt hann sitji ekki inni í þingsalnum, sem annars hefur verið vani flestra formanna fjvn. að reyna að taka nokkuð vel eftir, hvað þm. hefðu að segja. (Gripið fram í.) En hann á ekki eins gott með að skrifa þarna inni, til þess að muna eftir því, þegar til fjvn. kemur, og taka eitthvert tillit til þess, sem þm. segja. Og ég vildi sérstaklega segja þau orð til stjórnarflokkanna í sambandi við þessa afgreiðslu fjárl., að það á ekki við, sérstaklega fyrir þá flokka, sem tala eins mikið um þingræðið og þeir gera, að þola þá niðurlægingu þingræðisins, sem er að verða hér hjá okkur núna.

Inntak þingræðisins hefur að mjög miklu leyti verið fjárveitingavaldið, barátta Alþingis og allra þinga fyrir fjárveitingavaldi gagnvart konungsvaldi, ríkisstj. eða hverjum sem var. Og það hefur lengi verið eitt höfuðeinkenni á fjvn., að hún hefur verið ekki aðeins ein mikilvægasta, heldur ein sjálfstæðasta nefnd þingsins, og hver einasti fjmrh. hefur haft það á meðvitund sinni, að hann þurfti að sækja vissa hluti undir fjvn. og fjvn. var vald, sem hann varð að gera svo vel að taka tillit til. Og fjvn. hér á Alþ. hafa löngum látið ráðh. finna það, að þær væru vald gagnvart fjmrh. og hann væri ekki neinn herra þeirra, heldur væri hann þjónn. Þetta fer síversnandi hér núna, og um leið og þetta fer versnandi, er verið að drepa einn aðalkjarna þingræðisins. Ef þróunin fer að ganga í þá átt, að fjvn. verði meir og meir afgreiðslustofnun fyrir fjmrh., þá er verið að vega að rótum þingræðisins á Íslandi. Og það er þróun, sem þarf að stöðva. Þetta segi ég án tillits til þess, hvers konar ríkisstj. situr að völdum og hvort menn eru í andstöðu við hana eða ekki. Það hafa setið hér ríkisstj. að völdum, sem hafa verið kannske jafnharðvítugar og afturhaldssamar og núv. ríkisstj. er og þó sterkari ríkisstj. Við skulum t. d. bara taka gömlu þjóðstjórnina. En meira að segja sú stjórn hafði líka sterkan fjmrh., en hún réð ekki við fjvn. Fjvn. beitti alveg sínu valdi gagnvart henni, og sú þjóðstjórn mátti þakka fyrir, að hún skyldi ekki falla einu sinni við afgreiðslu um fjárlög á einum einasta vegi, eins og kunnugt er orðið af góðri þingvísu Bjarna Ásgeirssonar um Siglufjarðarskarðið. Og það hefur tíðkazt hér lengst af, að formenn fjvn. hafa haldið mjög uppi rétti þm. og alveg sérstaklega fjvn. og verið mjög harðvítugir gagnvart ríkisstj., en þeir voru náttúrlega alltaf úr stjórnarliðinu, eins og eðlilegt var, þannig að jafnvel fjmrh. fannst oft og tíðum alveg nóg um. Og þetta hefur haldizt, og það eru enn þá hér menn, sem verið hafa formenn fjvn., sem hafa sagt ríkisstj. eins rækilega til syndanna í sínum

framsöguræðum og nokkrir stjórnarandstæðingar hafa gert, vegna þess að þeir litu á það sem sitt verkefni að taka vald fjvn. sem raunveruleika og beita því og beina þannig oft mjög skarpri gagnrýni gagnvart máske sínum eigin flokksmönnum, sem voru fjmrh. Og þetta má ekki niður falla. Ég segi ekki, að það geti ekki verið mjög þægilegt fyrir ríkisstj. eða fjmrh. að meðhöndla fjvn. eins og hún væri smáskrifstofa fyrir sig. Það getur verið þægilegt fyrir ríkisstj. En það er ekkert gott fyrir stjórnarfarið í landinu. Það er slæm þróun fyrir stjórnarfarið í landinu, og því er bezt fyrir þá menn að átta sig á, sem vilja á annað borð reyna að viðhalda þingræðinu, gera það ekki að hreinni skrípamynd.

Ég sé, að nú, þegar við erum að ræða þessi fjárlög, hef ég ekki séð enn þá eina einustu brtt. frá þm. stjórnarflokkanna. Ég vonast eftir, að þær eigi eftir að koma fram. En er virkilega komið svo þrátt fyrir þetta marglofaða einstaklingsfrelsi, sem vissir menn og vissir flokkar hér í landinu segjast vera að berjast fyrir, að það þori enginn maður í stjórnarflokkunum að bera fram neina till. án þess að fá þar leyfi? Er þetta orðið svona? Og er þetta fyrirmyndin, sem á að sækjast eftir? Það getur vel verið gott að aga flokka ósköp vel, og það er oft talað um, að við, sem erum í Sósialistaflokknum eða Alþb. eða öðrum slíkum flokkum, séum mikið með því að hafa sterkan aga eða annað slíkt. En þetta er alveg óþarflega mikið. Og ég held, að stjórnarflokkarnir ættu ofur lítið að fara að gæta einstaklingsfrelsisins og fara jafnvel að setja nefndir innan þingflokkanna til þess að vernda það á móti sínum eigin ráðh.

Ég segi þetta vegna þess, að þetta fer sífellt versnandi ár frá ári. Og fjárlagaumr. sjálfar virðast hafa síminnkandi þýðingu. Þetta er mjög slæmt, og ég vildi óska þess, að á þessu færi að verða breyting. Meiri hl. Alþingis á að vísu að styðja sína ríkisstj. En Alþ. á ekki að vera ósjálfstæður aðili gagnvart ríkisstj. Stjórnarfarið í landinu er samsett af Alþingi og ríkisstj., og það er hættuleg þróun, ef það er ríkisstj. ein, sem ræður þessu öllu saman. Það er hættuleg þróun. Það er þróun, sem er smám saman að gera Alþingi óþarft, og það þýðir á endanum, að það koma einhverjir svokallaðir sterkir menn, sem fara að ýta því til hliðar, og þá hefur brautin verið rudd með því að vera svona linir í því að halda uppi virðingu Alþ. og valdi þess, líka gagnvart sinni eigin ríkisstj.

Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég áliti þá ráðh., sem sitja í ríkisstj., vera neitt harðvítugri, sterkari eða meiri menn en aðra ráðh., sem verið hafa, heldur er þetta þróun í þjóðmálunum, sem er hættuleg og jafnt ráðh. og þeirra þm. ættu að standa gegn.

Svo skal ég mæla fyrir nokkrum till., sem ég hef leyft mér að flytja.

Það er þá í fyrsta lagi á þskj. 189, VIII. till. þar, sem er við 14. gr. og ég flyt ásamt hv. 7. landsk. þm. Hún er um það að veita styrk til þess að bjóða grænlenzkum stúdent, námsmanni eða áhugamanni, til námsdvalar til þess að læra íslenzka tungu, sögu og bókmenntir. Það hefur um nokkurt skeið tíðkazt, að það hefur verið á fjárl. ofur lítil fjárupphæð til þess að veita færeyskum fræðimanni möguleika til þess að koma hingað og vinna hér að útbreiðslu á þekkingu okkar á færeyskum bókmenntum og færeysku þjóðlífi. Mér finnst það mjög viðeigandi, að við snúum okkur að hinu nágrannalandi okkar, sem Ísland og Íslendingar eðlilega skoða sig alltaf hafa sterk tengsl við, og reyna að fara að tengjast þeirri þjóð, sem þar býr og að margra okkar áliti er okkur skyld, gefa henni tækifæri til þess að ná meira sambandi við okkur. Ég býst við, að þeir menn á Íslandi, sem ýmsir hverjir hafa farið til Grænlands á síðustu árum, hafi fundið, að það er áhugi hjá þeirri þjóð á því að komast í nánara samband við Ísland. En öllum er kunnugt, hve erfitt er um samgöngur, erfitt um mál fyrir marga þeirra, þótt margir þeirra kunni nú dönsku, og ég álít, að það væri ákaflega heppilegt, að einhverjum grænlenzkum áhugamanni, — og á ég þar við menn úr þeim hópi, sem við köllum Eskimóa, — væri gert mögulegt, ef hann væri stúdent, að stunda hér nám við háskóla, ef hann væri ekki stúdent, heldur annaðhvort nemandi eða áhugamaður, að stunda hér nám við einhverja aðra stofnun, þar sem hann gæti kynnzt íslenzkri sögu, bókmenntum og tungu. Ég álít, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að fara að skapa einhver tengsl við þá þjóð, sem það land byggir. Okkur ætti að mörgu leyti að renna blóðið til skyldunnar að reyna að hjálpa jafnvel þeirri þjóð í þeirri baráttu, sem hún á í við danskt vald. Það er hart að horfa upp á það, að smám saman sé raunverulega verið að útrýma þeim þjóðstofni, sem þarna er, ýmist með blöndun við Dani eða hann sé að deyja út. Við vitum, hve mikið sú þjóð hefur af merkilegri menningu til að bera, þeirri menningu frumþjóða, sem því miður hverfur allt of mikið gagnvart þeirri svokölluðu siðmenningu tæknimenntaðrar þjóðar nú á tímum, þannig að það væri rétt fyrir okkur, þótt við stöndum sjálfir að sumu leyti í sömu sporunum, en erum þó tæknilega séð komnir miklu lengra, að reyna að skapa einhver tengsl við áhugamenn hjá þeirri þjóð.

Að vísu veit ég, að það hefði verið miklu skemmtilegra að gera stærri hluti í þessum efnum, og ég vil segja það hér, að ég álít, að hér við Háskóla Íslands ætti að vera sérfræðingur, hvort sem það væri lektor eða prófessor, í grænlenzku og grænlenzkri sögu og grænlenzkum þjóðháttum. Það ætti að vera þar maður, sem væri sérfræðingur í þessum efnum, sem kynni þá tungu og helgaði sig sérstaklega því að rannsaka þau fornu tengsl Íslendinga og Grænlendinga um þessa sögu alla. Það væri ekki ofætlun okkar með allri þeirri skriffinnsku, eyðslu og vitleysu, sem hér viðgengst, að setja öðru hverju menn í

að vinna eitthvað, sem væri til sóma fyrir okkar land og mundi auka og auðga okkar menningu og auka okkar fræðslu um afrek okkar forfeðra og þeirra tengsl.. Ég álít, að slíkt hefði raunar einnig átt að vera viðvíkjandi Færeyingum og færeyskum bókmenntum. En á meðan við gerum eins skammarlega og við gerum við íslenzkar bókmenntir, íslenzka tungu og íslenzka sögu, eins og nú er við háskólann, þá er náttúrlega varla von að menn taki upp á þessu. En viðkunnanlegt og skemmtilegt hefði það verið.

Þá leggjum við, hv. 7. landsk. og ég, líka til, að breytt sé um viðvíkjandi skáldastyrknum, sem oft er rætt um. Bæði bætum við við þarna í till., — það er X. till. á sama þskj., — að fimm manna nefnd sé kosin, sem úthluti því fé, — það er ekki í till., eins og hún er núna, — og það sé hækkað úr 2 millj. og 100 þús., sem það er nú í frá fjvn., upp í 3 millj. Ég þarf ekki að færa mörg rök að því, allir þm. vita, hve stórkostlega þetta hefur dregizt aftur úr. Enn fremur leggjum við til, að þau heiðurslaun, fyrst á annað borð er verið að kalla þau það, sem Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness hafa, séu hækkuð upp í 60 þús. Ég reikna þetta út, það eru 33 þús. núna, 60 þús. setti ég með tilliti til þess, að ég býst við, að 60 þús. nú séu sama og 600 kr. voru í byrjun aldarinnar, en eins og þm. muna, var það sú upphæð, sem Þorsteini Erlingssyni var veitt þá og þótti raunar hvorki af hans hálfu né annarra vera heiðurslaun. Einn eyrir þá var eins og ein kr. nú nokkurn veginn, þannig að það má þó ekki minna vera, að okkur þyki þær 600 kr. vera heiðurslaun nú, og höfum það ekki helmingi smærra en var þá, fyrst við á annað borð köllum það heiðurslaun.

Þá leggjum við hv. 5. þm. Norðurl. e. til, að nokkur breyt. sé gerð á 17. gr., í þeim kafla, sem snertir sumardvalarheimilin. Það er 9. liðurinn þar, þar sem stendur, að til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn í bæjum og kauptúnum og með framlagi annars staðar að skuli verja 215 þús., og er raunar fyrirheit frá fjvn. um að hækka það, en við leggjum til, að þetta sé hækkað upp í 500 þús. Þessi liður á fjárl., sem snertir bæði sumardvalarheimili og eins dagheimili, er að verða með allra nauðsynlegustu liðunum af félagsmálalegum útgjöldum að hækka. Þetta hefur dregizt óskaplega aftur úr, en þarfirnar aftur á móti hafa margfaldazt. Ég veit ekki, hvort hv. fjvn.-mönnum er kunnugt um það, en það er svo, að eftirsóknin eftir að koma börnum á dagheimili er svo gífurleg, að það er ekki nema örlítill hluti af þeim börnum, sem sótt er um að fá að setja á dagheimili, sem menn geta komið þangað, af því að það er ekki til pláss fyrir þau. Erlendis er það svo, í sæmilega siðmenntuðum ríkjum, að það þykir sjálfsagt af góðum fyrirtækjum og miklum að koma upp dagheimilum við verksmiðjur eða annan stórrekstur, þannig að þegar konur, sem eiga ung börn, vinna í þessum verksmiðjum, þá geti þær komið sínum börnum fyrir á slíkum dagheimilum. Og slík dagheimili eru víða til mikillar prýði og í sambandi við þau oft sjúkradeildir og annað slíkt, þannig að meira að segja þó að börn séu veik, þá geta þau fengið þarna alla umönnun. Hér hjá okkur er þetta þannig, að það horfir til hreinustu vandræða. Eins og menn vita, giftir fólk sig miklu yngra nú en áður var, og miklu meira af giftum konum verður að vinna úti en áður var, ekki bara vegna þess, að þær vilji auðga þjóðfélagið af sinni vinnu, heldur bókstaflega vegna þess, að heimilin komast ekki af öðruvísi, þannig að það er alveg nauðsynlegt að gera gerbreytingu í þessu efni. Við leggjum þess vegna til, að þessar 215 þús. kr., sem séu veittar með því skilyrði, að jafnhátt framlag komi annars staðar að, séu hækkaðar upp í 500 þús. kr.

Enn fremur er ég með aðra till., sem er nr. XV á þessu þskj., um, að það sé tekinn upp nýr liður, og flyt ég hana ásamt hv. 7. landsk., en sá liður hljóðar svo: „Til rekstrar dagheimila fyrir börn þeirra mæðra, er vinna utan heimilis, úthlutað samkv. reglum, er félmrn. setur, 1 millj. kr.“ Það mundi þýða, ef þessi liður væri samþykktur, að fyrir utan það, sem nú er veitt til Sumargjafar, sem er 8. liðurinn undir V. á 17. gr., — fyrir utan rekstrarstyrkinn til dagheimila Sumargjafar, sem er veittur með því skilyrði, að tvöfalt framlag sé frá Reykjavíkurbæ, og fyrir utan það, sem er almennt til sumardvalarheimila og dagheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, þá komi þriðji liðurinn, sem verði til dagheimila yfirleitt, sérstaklega miðað við það, að mæður, sem vinna úti og eiga ung börn, geti komið sínum börnum þar fyrir, og ekki sett í þetta sérstök skilyrði um framlög á móti. Ég veit, að sumar stofnanir, t. d. hér í Reykjavík, hafa verið að hugsa um að reyna að koma upp dagheimilum. Meira að segja ein stofnun hér í nágrenni bæjarins hefur gert tilraun með þetta, og það er engum efa bundið, að það ætti að vera hægt. Ef t. d. félmrn. sýnir áhuga á þessu og útbýr skynsamlega reglugerð um þetta, þá ætti jafnvel að vera hægt að fá fyrirtæki hér til þess að gangast fyrir því jafnvel sameiginlega að setja upp slík dagheimili. Ég vil benda á það, að m. a. bankarnir hér í Reykjavík, sem eru mjög frjálslyndir í þeim efnum að festa fé, gætu gjarnan komið upp sameiginlega slíku dagheimili einhvers staðar hérna handa öllum þeim fjölda, sem þeir hafa af starfsfólki, sem á þessu þyrfti að halda. Ég veit mörg dæmi þess þegar, að stúlkur, sem vinna í bönkum og hafa gift sig, hafa orðið að hætta starfinu, vegna þess að þær hafa átt börn og ekki getað komið þeim neins staðar fyrir. Og menn vita, hvað það þýðir fyrir fjölskyldurnar, þegar þær eru að brjótast áfram í þeirri dýrtíð, sem nú er. Ég held þess vegna, að það væri oft hægt að fá frá ýmsum fyrirtækjum framlög þarna á móti og félmrn. gæti með skynsamlegri reglugerð stutt að því, og ég held, að upphæð, sem samþykkt væri í þessu skyni,

gæti orðið til að koma af stað verulegum breytingum í þessu efni. Og ég er alveg viss í, svo að maður taki nú bara það hreinhagræna í því, að fyrir þjóðfélagið sem slíkt margborgar þetta sig, þó að maður vilji ekki leggja upp úr neinu öðru, bara upp á vinnukraft kvennanna, svo að ég ekki minni á, hvað þetta mundi þýða fyrir þær fjölskyldur, þar sem konan sem önnur fyrirvinna heimilisins verður að hætta að vinna, þegar hjónin fara að eignast börn, vegna þess að hún verður að sitja yfir börnunum heima.

Ég býst ekki við að þurfa að beita þeim röksemdum nú, svo lengi sem dagheimilin eru búin að vera bæði á fjárlögum og á fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar, sem ég þurfti fyrir mitt leyti að beita bæði í bæjarstjórn Akureyrar og bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir rúmum 30 árum, þegar við fyrst vorum að berjast fyrir þessum dagheimilum og sagt var, að þetta væri svo voðalegur bolsévismi að koma upp dagheimilum, það væri auðséð, hvað þessir menn vildu, rífa börnin frá mæðrunum og sundra heimilunum. Ég þykist nú vita, að það þurfi ekki lengur að taka þann ótta frá mönnum, að með þessu sé verið að framkvæma eitthvert kommúnistískt athæfi. Þetta er sem sé fyrirkomulag, sem er eins óhjákvæmilegt orðið í nútímaþjóðfélagi og barnaskólarnir og annað slíkt. Og það er vafalaust ekki nema tímaspursmál, hvenær bygging dagheimilanna og annað þess háttar verður að fara að koma undir það sama og bygging barnaskólanna og annað slíkt.

Þá flytur hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég með honum, — en hann bað mig um að tala um það líka, af því að hann er veikur, — brtt. við 17. gr. V, 14. lið, i-lið, þ. e. til mæðrastyrksnefndanna, að í stað inn fyrir þau 35 þús., sem þar eru annars vegar til mæðrastyrksnefndarinnar í Reykjavík og hins vegar til mæðrastyrksnefndanna úti á landi, eða 70 þús. kr. til samans, þá sé þessi upphæð rúmlega tvöfölduð, þannig að heildarupphæðin verði 150 þús. og 75 þús. fari til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur, en 75 þús. til mæðrastyrksnefndanna í Reykjavík. Það er vitað, að það starf, sem mæðrastyrksnefndirnar vinna, er mjög gott starf, og þetta er einn af þeim liðum, sem ekki hafa breytzt mikið, og því miður er það svo enn í okkar þjóðfélagi, að það er meira en næg þörf fyrir þennan styrk, og ég held þess vegna, að það væri mjög rétt gert af Alþingi að verða við því að hækka hann. Það er ekki fram á mikið farið, en getur þó orðið til þess að gleðja ýmsa, ekki síst þegar jólahátíðin nálgast, því að mæðrastyrksnefndirnar hafa alveg sérstaklega það í huga að reyna að koma þá til þeirra heimila, sem fátækust eru, einhverju, sem gæti glatt þau eða dregið úr neyðinni rétt yfir hátíðarnar a. m. k.

Þá hef ég ásamt hv. 7. landsk. flutt brtt. XVII á þessu sama þskj., sem er nýr liður við 17. gr. Sá liður hljóðar svo: „Til þess að styrkja félagsstarfsemi og skemmtanir æskulýðs, sem haldnar eru án þess að vín sé veitt, af hálfu félagsheimila og annarra aðila, enda sé tryggt, að verðlagi öllu við skemmtanahaldið sé í hóf stillt, og sé styrknum úthlutað skv. reglum, sem félmrn. setur, 1½ millj.“

Ég veit, að allir hv. þm. hafa orðið varir við, að það eru veruleg vandkvæði í sambandi við skemmtanalífið, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur líka m. a. í öllum stærri kaupstöðum a. m. k. úti um land. Það er öðru hvoru verið að tala um spillingu æskunnar. En það er venjulega of lítið gert úr því, að það er skipulega unnið að því af hálfu þjóðfélagsins og valdamanna í því að reyna að spilla æskunni og að megnið af þeim skemmtistöðum, sem æskan hefur kost á að sækja, er þeirrar tegundar, að það eru staðir, sem fyrst og fremst eru reknir með gróðasjónarmið fyrir augum, og reynt að fá á þessa staði vínveitingaleyfi, til þess að hægt sé að græða sem allra mest. M. ö. o.: ungt fólk, sem vill fara út að skemmta sér, á erfitt með að komast á skemmtistaði, þar sem það verður ekki að kaupa vín. Og ungt fólk t. d. hér í Reykjavík kvartar yfir því, að ef það kemur inn á þessa fínu skemmtistaði, þar sem er vínveitingaleyfi, og ef það biður um einhverja drykki, sem eru ekki áfengir, þá er raunverulega litið á þetta fólk, þetta æskufólk, með fyrirlitningu. Það fær helzt ekki afgreiðslu fyrr en seint og síðar meir, því að það þykir ekki borga sig að láta svona fólk, sem ekki drekkur vín, sitja í sætunum. M. ö. o.: þjóðfélagið lætur reka þessi hús eins og með það fyrir augum að eyðileggja æskuna og skammast svo á eftir út af því, að æskan sé að spillast. Þetta eru hlutir, sem geta ekki gengið. Og það þýðir, að það er nauðsynlegt, að það séu til skemmtistaðir, þar sem ungt fólk getur komið, pantað sér óáfenga drykki, og þá verða þessir skemmtistaðir að vera þannig, að það séu alls engir áfengir drykkir þar til, og unga fólkið geti notið þess að vera þar með sínum kunningjum, verið þar að dansa eða annað slíkt eða við alls konar félagsleg störf eða skemmtanir, einhvers konar föndur eða undirbúa leikstarfsemi eða annað þess háttar og átt þarna raunveruleg félagsheimili. En við vitum, hvernig er. Það er til mikil löggjöf um félagsheimili. Það hafa verið reist voldug og mikil félagsheimili. Og hvernig er reynt að reka megnið af þessum félagsheimilum á Íslandi? Það er reynt að reka þau með því að draga til þeirra til eins konar fylliríssamkundu öðru hvoru, þó að það sé ekki selt vín í þessum félagsheimilum, þá í kringum þau, jafnvel í bílum, sem hafa aðsetur í kringum þau. Og sérstaklega er reynt að draga unga fólkið úr kaupstöðunum, ef þessi félagsheimili eru í sveitunum rétt hjá, til þess að reyna að vinna kostnaðinn við félagsheimilin upp með þessu móti, og þetta eru hlutir, sem ekki geta gengið. Við byggjum falleg félagsheimili og dýr. Þau geta ekki borgað sig út frá venju-

legu sjónarmiði, og við verðum að skapa möguleika til þess, að það sé hægt að halda uppi menningarlegri skemmtun og menningarlegri starfsemi. Það er ekki hægt fyrir okkur að vera að tala um það í sérstökum skálaræðum, — jafnvel að menn séu farnir að skammast sín fyrir að tala um okkar þjóð sem söguþjóð. Það fer nú líka að verða von. Yfirleitt er það þannig nú, sýnist mér, að það eru orðnir útlendingar, Danir, Norðmenn eða Svíar, şem skrifa ævisögur helztu Íslendinga, en Íslendingar sjálfir komast ekki einu sinni yfir að skrifa sína eigin sögu, hvað þá að skrifa svo vel um útlendinga, að viðkomandi lönd fái ljóma af því í framtíðinni, eins og áður var. En það er þó reynt að tala um okkur sem sérstaka menningarþjóð. Og hvernig halda menn, að fari um okkar þjóðmenningu, ef ekki eru hafðar hömlur á gróðasjónarmiðinu, svo að ég ekki segi spillingarsjónarmiðinu, sem nú er ráðandi í þjóðfélaginu, eins og eðlilegt er í auðvaldsskipulagi? Hvernig halda menn að fari um þessa þjóðmenningu, ef haldið er áfram eins og nú horfir? Ég held, að verði, þó að þetta sé ósköp lítið, sem við leggjum til þarna, að fara að sýna einhverja viðleitni til þess að spyrna þarna ofur lítið á móti. Og það væri þess vegna mjög eðlilegt, þó að væri ekki byrjað með nema þessari 1½ millj., að styrkja félagsstarfsemi og skemmtanir æskulýðs, sem eru haldnar án þess að vín sé veitt, til þess að reyna þannig að skapa menningarblæ á þetta skemmtanahald. Við verðum að gá að því, sem nú erum að verða gamlir smátt og smátt, að það er horfinn sá tími, að það unga fólk skemmti sér fyrst og fremst við að sitja heima og lesa bækur. Það eru til allrar hamingju ýmsir, sem gera það enn þá, en það er ekki orðið lengur höfuðskemmtunin, eins og var, þegar margir af okkur voru að alast upp. Sú unga kynslóð, sem nú vex upp við kvikmyndir, útvarp, jafnvel kannske sjónvarp og annað slíkt, gerir aðrar kröfur til lífsins, og ef þær kröfur eiga að fá menningarlega útrás og fullnæging þeirra bera menningarlegan blæ, þá verður þjóðfélagið og ríkið að sýna skilning á þessu. Ég skal fyllilega viðurkenna, að þetta væri ekki nema lítil byrjun, en ég vildi óska þess, að það mætti þó verða til þess, að menn færu ofur lítið að íhuga þessa hluti.

Það eru tvær tillögur í viðbót. Þær eru í VIII. lið á sama þskj., 189, 2. og 3. lið.

Hin fyrri er við 14. gr. í sambandi við Þjóðminjasafnið, þ. e. hljómplötusafn, það væri hækkað þar framlagið, sem er 5 þús., upp í 25 þús. Ég held, að þetta hljómplötusafn Þjóðminjasafnsins muni verða miklu dýrmætara en við gerum okkur ljóst. Ég man eftir því, að ég flutti hér fyrir u. þ. b. 10 árum tillögu um, að Alþ. veitti nokkurt fé til þess, að Davíð Stefánsson og raunar Jóhannes úr Kötlum líka læsu nokkuð af ljóðum sínum inn á plötur, stálband eða eitthvert varanlegt efni. Allir, sem til þekkja, vita, að sérstaklega Davíð Stefánsson er einhver sá stórkostlegasti upplesari og hafði einhverja þá fegurstu rödd til upplestrar, sem nokkur maður hefur haft, sem ég hef kynnzt. Þetta var fellt, eins og venjulegt er með allt svona, sem eitthvað snertir menningu. Það er þar, sem helzt er sparað með okkar menningarþjóð. Fimm árum seinna tók einn áhugasamur kaupmaður hér það upp hjá sér að láta Davíð lesa inn nokkuð af hans fallegustu ljóðum. Davíð sagði sjálfur, að það hefði verið gert of seint. Röddin hans, falleg eins og hún var, var farin að ryðga dálítið, og við höfum hana þess vegna ekki með þeim hljómblæ, sem við heyrðum hana, þegar hún var upp á sitt allra bezta. Og svona fer á hverju sviðinu á fætur öðru. Við sleppum þessum möguleikum. Ég flutti einu sinni tillögu um það, að við ættum þó a. m. k. eina skáldsögu eftir Halldór Kiljan Laxness á hljómplötu. Það er ekki fyrir okkur, sem nú lifum, — en hvað munduð þið vilja gefa til þess að eiga Jónas Hallgrimsson á hljómplötu? Það væru nokkrar milljónir, sem við mundum ekki hika við að snara út, ef einhver kostur væri á því. Og hvernig haldið þið, að 21. öldin og þeir, sem þá lifa, muni hugsa til okkar, sem áttum þetta allt saman og alla möguleika til þess að geyma raddir þessara manna, — hvernig haldið þið, að þeir muni hugsa til okkar, hvers konar skrælingjar við höfum verið? Ekki nóg með, að við eyðileggjum það, sem eftir er af klausturrústum og öðru slíku á Íslandi, og leikum okkur að því að eyðileggja svo og svo mikið af þeim handritum og öðru slíku, sem enn þá er til, og lesum ekki einu sinni það litla, sem geymt er, hvað þá að gefa það út, heldur höfum við líka þau nýtízku tæki til þess að varðveita ekki aðeins raddir mannanna, heldur líka öll látbrögð þeirra og allt saman, á filmum og öðru slíku, og ekkert af því er svo að segja gert. Þetta er lítil upphæð og munar ekkert um hana, en hún væri kannske ofur lítið í áttina.

Og svo vorum við hér með einn lið: til viðhalds Viðeyjarstofu, að höfðu samráði við eiganda, 200 þús. Ég hef áður flutt þetta nokkrum sinnum. Ég hef flutt það öðru hvoru, held ég, nú í 15 ár, tvisvar—þrisvar sinnum, og mér satt að segja gremst það, og ég sé til allrar hamingju, að fleiri er farið gremjast það heldur en mér að sjá, hvernig Viðeyjarstofan er að fara. Við höfum þó af þeirri tilviljun, að forsetasetrið var sett á Bessastöðum, eftir að framtakssamur maður keypti það og lét ríkið hafa það með sérstökum skilmálum, a. m. k. látið hressa þar upp á, þannig að sú gamla höll færi ekki í niðurníðslu. En önnur álíka höll, jafngömul, sem tengd er þó við okkar sögu enn þá glæsilegri minningum en Bessastaðastofan, hún er að fara í niðurníðslu. Hún er að vísu einkaeign. Það hefur verið það venjulega sinnuleysi hjá því opinbera, jafnt Reykjavíkurbæ sem ríkinu. Fyrir nokkrum árum, áratug, var hægt að kaupa Viðey fyrir

80 þús. Ég veit ekki, hve margar milljónir hún kostaði núna. Það hefur aldrei verið sinnt um það, hvorki af hálfu Reykjavíkur né ríkisins. En a. m. k. ætti að vera hægt að sjá um það, að Viðeyjarstofan sjálf væri ekki orðin eyðilögð, áður en þetta eitt af elztu húsunum eða höllunum, sem við eigum, væri komið í niðurníðslu. Við erum miklir í munninum, við Íslendingar, þegar við erum að heimta handritin af Dönum og tala um það, þó að okkur farist eins skammarlega og gert var í fyrra, þegar verið var að undirbúa móttökuna, þá er það anzi hart að vera raunverulega alltaf að gefa þeim í Danmörku, sem eru að reyna að neita okkur um handritin, vopnin upp í hendurnar með því að vera með verstu barbörum Evrópu í því, hvernig við varðveitum þær gömlu leifar, sem við höfum af okkar þjóðminjum. Við gætum lært nokkuð margt af þeim þjóðum, sem leggja stórfé í það, þótt fátækari séu en við, að reyna að grafa upp sínar gömlu minjar og varðveita þær og eru alltaf að finna ný og ný slík auðæfi í sinni jörð.

Ég leyfi mér að vona, að hv. þingmenn vilji ofur lítið athuga þessar tillögur, sem ég hef lagt hér fram ásamt tveim öðrum hv. þingmönnum, hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 7. landsk. Ég vil gjarnan segja það um leið, að ef einhver von væri til þess, að hv. fjvn. vildi athuga eitthvað af þessum tillögum og von væri til þess að fá einhverja úrlausn í þessum málum undir 3. umr., þá mundum við gjarnan taka þær til baka til 3. umr., en þá því aðeins, að einhver von væri og eitthvað væri gefið undir fótinn með það, að einhver úrlausn kynni þar að fást.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, virtist mjög hræddur, að þingræðinu væri hér hætta búin og hætta á einræði yfirvofandi. Það virtist alveg greinilegt, að hann var mikið á móti einræði. Þessi hv. þm. bregður sér stundum í austurveg. Það skyldi þó aldrei vera vegna einhvers, sem hann hefur séð þar, sem hann er svona hræddur við einræði og að illa kunni að fara fyrir okkur á því sviði. Ég held, að þetta sé enn ástæðulaus ótti, og ég hef a. m. k. ekki orðið var við neitt, sem bendir í þá átt hér, og vona, að aldrei komi til slíks.

Hv. frsm. 1. minni hl. talaði mikið um kjararýrnun hjá almenningi. Þetta er alveg þvert ofan í þær upplýsingar, sem fyrir liggja og komu fram í ræðu hæstv. viðskmrh. hér á hv. Alþingi nú alveg nýlega, sem sanna það, að þvert á móti hafa raunveruleg lífskjör almennings, — þar er átt við þrjá fjölmennustu starfshópana, — batnað um 10% á s. l. 4 árum.

Framlög til framkvæmda hafa ekki aukizt, sagði hv. frsm. 1. minni hl. Þetta er líka alrangt hjá honum. Hann gat þess að vísu, að ef till. fjvn. yrðu samþ., mundu þau aukast nokkuð. En ef tekinn er lengri tími, ef við tökum frá 1958 og miðum við fjárlögin þá og væntanleg fjárlög 1963, ef þær hækkunartill., sem nú liggja fyrir, verða samþ., og tökum þessa liði: vegi, brýr, hafnir og nýjar skólabyggingar, þá er þetta á fjárlögum 1958: vegirnir 49 millj. 780 þús. kr., brýrnar 11 millj. 340 þús. kr., hafnirnar 10 millj. 775 þús. kr., skólabyggingar 13359500 kr. Samtals 85254500 kr. En ef brtt. þær, sem nú liggja fyrir frá meiri hl. fjvn. — eða frá fjvn. allri raunar, en sérstaklega studdar þó af meiri hl., því að minni hl. fjvn. hefur komið með nokkrar frekari brtt., en þó að ég geri ekki ráð fyrir, að þær verði samþ., en aðeins miða við það, sem meiri hl. væntanlega stendur með, þá lítur þetta svona út nú, að vegirnir verða 89 millj. 680 þús., brýrnar 13 millj. 705 þús., hafnirnar 21 millj. og skólabyggingar 51651486 kr. samtals 175956486 kr. Eða m. ö. o., ef þetta er borið saman, þá hafa framlög til verklegra framkvæmda á þessu sviði meira en tvöfaldazt frá 1958 og til ársins í ár, ef þessar till. verða samþ.

Hann talaði líka mikið um vísitölu brúarkostnaðar, sem vegamálastjóri hefur reiknað út. Þetta er nú nánast einkavísitala vegamálastjóra, og getur margt komið til, að hæpið sé að taka hana allt of bókstaflega. Ég er ekki að saka hann um að hafa farið vísvitandi rangt með, heldur meðan ekki er vitað, hvernig hún er reiknuð út og við hvað hún er miðuð, þá getur þetta verið mjög villandi, að ekki sé meira sagt, því að okkur er kunnugt um það, — við sjáum það, sem ferðumst talsvert um vegina hér, — að brýrnar, sem nú eru byggðar, eru miklu voldugri en áður var, og það fer æ meira í vöxt, að brýr séu byggðar með tvöföldum akbrautum og jafnvel gangstígum til hliðar við akbrautirnar. Ég minnist þess að hafa nú einmitt allra síðustu árin séð þó nokkrar brýr, sem þannig eru byggðar, og vissulega ber að fagna því, því að það er meir til frambúðar. En það er ekki undarlegt, ef miðað er við lengdarmetra í brú, þó að slíkar brýr séu allmiklu dýrari en brýr, sem aðeins eru byggðar til að taka bílbreiddina. Þetta liggur sem sagt ekki fyrir, hvernig þessi vísitala er fundin, en af viðtali við vegamálastjóra í sambandi við framkvæmdir í ár skildist mér á honum, að það væri miðað við þær brýr, sem ekki var búið að áætla, sem um var spurt, þá miðaði hann við vissan kostnað á lengdarmetra í brú nú. Þar að auki eru slíkar vísitölur hæpnar, á meðan verkin eru ekki boðin út og ekkert er til samanburðar við það verk, sem þessi opinbera stofnun lætur vinna. Síðast þegar hinn hátturinn var á hafður um brúarbyggingar, kom það fyrir, að brýr voru byggðar þó nokkru ódýrar en vegamálastjórnin hafði áætlað. Voru gerð tilboð í þær og þær byggðar þó nokkru ódýrar. Auk þess hefur það komið fyrir nú alveg nýlega, sem ég hygg að hv. þm. muni, að ein stór brú, sem hafði verið áætluð yfir Hornafjarðarfljót, varð ódýrari í byggingu með nýrri tækni, sem við það var beitt, heldur en áætlunin hafði gefið, og var þó vitanlegt, að bæði höfðu vinnulaun og

efni hækkað í verði, frá því að áætlunin var gerð og þangað til brúin var byggð.

Vegamálastjóri hefur líka búið sér út vísitölu vegagerðarkostnaðar. Um hana er eiginlega mjög svipað að segja og þessa. Hann reiknar með og byggir þar á reynslu síðustu ára, hvað kostnaður er á lengdarmetra í vegagerð. En við, sem höfum séð þessa vegi, erum ekkert undrandi á því, þó að vegir eins og þeir beztu, sem byggðir hafa verið nú á síðustu árum, þó að maður sleppi nú steyptu vegunum, eins og verið er að byggja á leiðinni suður í Keflavík, þá er ekki undarlegt, þó að vegir eins og hafa t. d. verið gerðir yfir Dynjandisheiði séu dýrari en vegir, sem ruddir eru með nútímatækjum yfir slétta mela, eins og sums staðar hefur verið gert. Og það kann vel að vera, og ég get vel trúað því, að meira af þeim vegum, sem nú eru gerðir, séu vandaðir framtíðarvegir. Þeir eru hærri, meira upphlaðnir og breiðari en til þessa hefur tíðkazt, vegna þess að það hefur komið í ljós, að það borgar sig, þegar til lengdar lætur. Þessir vegir endast miklu betur, og þar að auki er miklu ódýrara viðhald á þeim. Sérstaklega er það að vetrinum, að þeir verja sig miklu betur snjó en vegir, sem eru ekki upphlaðnir, heldur aðeins ruddir eða jafnvel niðurgrafnir, eins og kom fyrir áður, þegar verið var að reyna að gera fært það, sem ófært var.

Hv. frsm. stjórnarandstöðuflokkanna gerðu báðir í framsöguræðum sínum mikið úr hækkun fjárlaga nú frá s. l. ári og raunar undanfarin ár. Þeir leiddu þó að vonum hjá sér að gera grein fyrir, hvers vegna fjárlögin hækka nú, en það er aðallega vegna launahækkana og tilsvarandi hækkana á bótum elli- og örorkulífeyrisþega til samræmis við launahækkanirnar, einnig hækkana um nokkuð verulega upphæð vegna þess, að landið er nú gert að einu verðlagssvæði. Áður hafa verðlagssvæði almannatrygginga verið tvö á landinu, sem var orðið algerlega úrelt og nú hefur verið samþ. að hverfa frá. Auk þess er auðskilið, að fjárlög hljóta að hækka vegna fólksfjölgunar, og þá hækka fjárlög einnig vegna aukinnar framleiðslu og neyzlu landbúnaðarvara í landinu og nokkuð vegna útflutnings á þeim hluta landbúnaðarvaranna, sem ekki er neytt í landinu sjálfu. En auk þessa, sem væntanlega enginn hefur á móti, þá hækka fjárlögin verulega vegna stóraukinna framlaga til atvinnumála, verklegra framkvæmda, eins og ég gat um í framsöguræðu minni.

En það ánægjulegasta við þetta er það, að þrátt fyrir þessar miklu hækkanir er unnt að gera þetta án þess að hækka skatta. Það stafar að nokkru leyti af góðu árferði, en líka af hinu, að ýtrustu hagsýni er gætt um kostnað við rekstur ríkisins og stofnana þess. Einnig aukast tekjur ríkisins nokkuð af því, að afkoma þjóðarinnar er betri, en það er meðfram árangur af heilbrigðari fjármálastefnu en áður var.

Áður en ég lýk máli mínu að þessu sinni, vil ég leyfa mér að taka till. um starfsfræðslu á 14. gr. aftur til 3. umr. Það mun verða tekið til athugunar í fjvn., hvort ekki væri réttara að hafa þá till. á annarri gr. fjárlaganna. Um aðrar brtt., sem fyrir liggja, vil ég aðeins geta þess, eins og þm. er raunar kunnugt, að fjvn. hefur ekki athugað þær.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 194) og um brtt. á þskj. 189, 191 og 192, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja nokkrar brtt. við fjárl. fyrir árið 1963. Eru till. á þskj. 189.

1. brtt. mín er við 13. gr., Siglufjarðarvegur ytri, að í staðinn fyrir 400 þús. kr. komi 500 þús. Till. þessi er flutt í samræmi við það, sem áætlað er til Múlavegarins, en lagt er til, að til þess vegar verði veittar 500 þús. kr.

Í þessu sambandi má benda á, að íbúar Ólafsfjarðarkaupstaðar eru rúmt 1000 manns, en í Siglufirði eru búsettir um 2700 manns. Ef farið væri eftir höfðatölunni, eins og mér skildist að hv. 9. landsk. vildi álíta að væri rétt, sbr. ræðu hans í Ed. um daginn, ætti framlag til Siglufjarðarvegar að vera allt að þrisvar sinnum hærra en til Múlavegarins. Hins vegar er, eins og sagt hefur verið, áætlað að veita til Siglufjarðarvegarins ytri 100 þús. kr. lægri upphæð en til hins vegarins. Þennan samanburð, sem ég er að gera hér, ber á engan hátt að skoða á þann veg, að ég sé á móti því, að til Múlavegarins séu veittar 500 þús. kr., síður en svo. Ólafsfirðingum er sannarlega jafnmikil nauðsyn á því að komast í öruggt og gott vegasamband við aðalvegakerfi landsins sem Siglfirðingum, og ber að sjálfsögðu að hraða byggingu þess vegar, eftir því sem ástæður og efni leyfa.

2. brtt. mín er, að til hafnargerðar í Hofsósi verði veittar 100 þús. kr. í stað 50 þús. kr., eins og fjvn. leggur til. Íbúar Hofsóss hafa atvinnu sína aðallega af sjósókn. Þar eru gerðir út yfir vor-, sumar- og haustmánuði um 20 smærri og stærri bátar. Þaðan er frekar stutt á hin fisksælu mið Skagafjarðar og í hafinu þar fyrir utan. Í þorpinu eru dugandi sjómenn, sem sækja sjóinn af hörku og dugnaði, en hafnarskilyrði þar eru mjög erfið. En þegar kemur fram á haustmánuði, eru sjómennirnir í yfirvofandi hættu með báta sína. Er þess skemmst að minnast, að fyrir nokkrum árum fórust 3 dugandi sjómenn við að bjarga bát sínum alveg uppi í fjörusteinum, nokkra faðma frá neðstu íbúðarhúsum þorpsins. Slíkt slys, jafnhörmulegt og það var, hefði átt að ýta allharkalega við þeim aðilum, sem fara með hafnarmál, svo að gerðar hefðu verið ráðstafanir til úrbóta í hafnarmálum þessa þorps. Það skal þó tekið fram og þess getið, að hafnarbryggjan hefur verið lengd þar allmikið frá því, sem hún áður var. Samt sem áður er á engan hátt fullnægjandi aðstaða til út-

gerðar í þessu kauptúni. Til þess að höfnin í Hofsósi geti talizt sæmilega örugg, þarf að byggja annan garð fyrir innan hafnarbryggjuna, norðan við ána. Með því mundi skapast sæmilega góð höfn, sem duga mundi þessu þorpi um mörg ár, þar sem sjómennirnir gætu geymt báta sína án þess að eiga þá hættu yfirvofandi, þegar vond veður skella yfir á haustnóttum, að þeir slitni upp á legunni og þá reki upp í klappirnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ég tel, að þarna séu mjög góð skilyrði til útgerðar og vinna beri að því að fá þarna alla aðstöðu stórbætta frá því, sem nú er.

3. brtt. mín er um, að tillag til Sauðárkrókshafnar hækki úr 350 þús. kr. í 450 þús. Sauðárkrókshöfn hefur verið í byggingu í fjöldamörg ár, eins og reyndar flestar hafnir landsins. Þær eru reyndar margar í byggingu og gengur frekar hægt að klára hverja eina út af fyrir sig. Byggður hefur verið garður norðan á eyrinni, og er hafskipabryggja meðfram garðinum. Það er sá galli á gjöf Njarðar, að á hverju ári berst mikill sandur inn með bryggjunni og gerir hana illnothæfa fyrir öll stærri skip. Á hverju ári verður því að eyða miklu fé við uppmokstur við bryggjuna og dugir þó engan veginn til. Mér er ekki fullkunnugt um, hvernig ráðamenn hafnarmála hugsa sér að bæta úr þessu ástandi, en hugsanlegt er, að það verði gert með því að lengja garðinn í austur og með því að byggja annan garð sunnan við þann garð, sem fyrir er. Með því mundi skapast ágæt aðstaða fyrir báta og skip, og væru þeir þar öruggir fyrir öllum veðrum.

Á Sauðárkróki er vaxandi útgerð og öll aðstaða í landi til vinnslu aflans hin ákjósanlegasta. Þar eru t. d. 2 allstór hraðfrystihús og beinamjölsverksmiðja. Það er mikill áhugi meðal íbúa Sauðárkróks fyrir aukinni útgerð og að hafnarskilyrði þar verði stórbætt frá því, sem nú er. Sauðárkrókur er vel í sveit settur. Hann er höfuðstaður hins fagra héraðs Skagafjarðar, og Skagfirðingar hafa þar öll sín aðalviðskipti. Hann er sem sagt kaupstaður í fjölmennu byggðarlagi og er í örum vexti. Það liggur því mjög ljóst fyrir, að það er hin mesta nauðsyn, að hafnarskilyrði þar verði stórbætt frá því, sem nú er.

4. brtt. mín er um það, að framlag til hafnarmannvirkja á Siglufirði verði hækkað úr 350 þús. kr. í 500 þús. Siglufjörður er ein mesta útflutningshöfn landsins, t. d. mun útflutningurinn þaðan í ár ekki verða undir 300 millj. kr. Það gefur því auga leið, að það er mesta nauðsyn, að þar séu mikil og góð hafnarmannvirki. Á hverju ári koma til hafnar í Siglufirði á þriðja þúsund skip. Mér er ekki alveg kunnugt um, hver talan er í ár, en hún mun sízt hafa verið lægri en árið á undan, en þá var hún töluvert á þriðja þúsund. Allur þessi mikli floti þarf því mikið bryggjupláss og aðra þjónustu, sem þessar miklu skipakomur krefjast. Á síðari árum hefur verið gert allmyndarlegt átak með því, að hafnarbryggjan gamla austan og sunnan á eyrinni hefur verið endurbyggð og stækkuð allverulega. Því verki er enn ekki nærri lokið, en vonir standa þó til, að því verði lokið á næstu tveimur árum. Norðan á eyrinni var á sínum tíma byggður allmikill öldubrjótur með hafskipabryggju fyrir innan. Nú er þessi bryggja ásamt öldubrjótnum að brotna niður, og má segja, að hún sé, eins og hún er í dag, algerlega ónothæf. Verður því ekki hjá því komizt að endurbyggja þetta mannvirki nú þegar eða sem allra fyrst. Vitanlega kostar slík endurbygging of fjár, en vel að merkja, að um leið og öldubrjóturinn ásamt bryggjunni er lífsnauðsyn fyrir allt athafnalíf hafnarinnar, sem ekki er hægt að komast af án, er þessi öldubrjótur jafnframt varnargarður fyrir bryggjur síldarverksmiðja ríkisins og hafa þær því mjög mikilla hagsmuna að gæta. Væri öldubrjóturinn ekki, mundu svo að segja allar bryggjur síldarverksmiðja ríkisins vera í yfirvofandi hættu. Öldubrjóturinn dregur úr aðalkvikunni, og við það, að brimbrjóturinn var byggður, er nú í flestum veðrum hægt að athafna sig við bryggju síldarverksmiðja ríkisins. Það verður því ekki hjá því komizt að endurbyggja þetta mannvirki, bæði vegna þarfa Siglufjarðarhafnar við losun og lestun á vöruflutningaskipum, afgreiðslu á olíu til skipa og síðast og ekki síst vegna öryggis síldarverksmiðja ríkisins.

Fyrir allmörgum árum voru hafnar hafnarframkvæmdir við innri höfnina, sem er fyrir innan eyrina. Þær framkvæmdir hafa nú legið niðri að mestu leyti í mörg ár. Nú hefur verið byrjað þar á áframhaldandi framkvæmdum að nýju með því að moka upp höfnina og dæla inn fyrir járnþil, sem rekið var þar niður fyrir mörgum árum, en við það myndast allmikil uppfylling, því að mjög grunnt er þar fyrir innan og kemur land þar allt upp um fjörur. Á þessari nýju uppfyllingu skapast hin beztu skilyrði fyrir margs konar rekstur. M. a. er þar tilvalið að byggja þrjár eða fleiri síldarstöðvar, og hægt verður að koma þar fyrir aðstöðu fyrir þorskútgerð, sem vantar tilfinnanlega í Siglufirði. Eftir að innri höfnin hefur verið mokuð upp, verður þar ein öruggasta höfn, sem til er á landinu.

Á þessu, sem ég hér hef sagt, er það sjáanlegt, að miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í byggingu mannvirkja í Siglufjarðarhöfn á næstunni. En þrátt fyrir það, þó að Siglufjarðarhöfn hafi fengið allmiklar tekjur undanfarin 2—3 ár, segir það þó lítið til þess að standa straum af þessum nauðsynlegu framkvæmdum. Fyrir því hef ég leyft mér að flytja brtt. þá, sem að framan getur, þó að ég sé þess fullviss og viti það fullvel, að slíkt framlag sé á engan hátt fullnægjandi miðað við aðkallandi framkvæmdir. Þess ber og að vænta, að Siglufjarðarhöfn fái ríflega fjárveitingu úr hafnarbótasjóði til þessara framkvæmda, svo að hægt verði að sinna mest aðkallandi verkefnum.

Þá kem ég að síðustu brtt. minni, en hún er við 22. gr. XXII, að ríkisstj. sé heimilt að

taka allt að 15 millj. kr. lán til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarvegar ytri. Vegasambandið við Siglufjörð, eins og það er nú, er algerlega óviðunandi. Vegurinn liggur um Hraunadal og yfir Siglufjarðarskarð, liggur mjög hátt. Þarna uppi í háfjöllum er allra veðra von á öllum mánuðum ársins, og getur vegurinn lokazt á hvaða tíma sem er. Seinast í sumar lokaðist hann bæði í júlí og ágúst, þótt stutt væri. Því hefur verið að því unnið undanfarið, að nýr vegur yrði lagður út með Hvanneyrarhlíð að vestan með jarðgöngum í gegnum fjallið Stráka. Þaðan er svo meiningin, að vegurinn liggi inn með Dalalandinu og á núverandi Siglufjarðarveg við svokallaða Heljartröð. Á allri þessari leið er frekar snjólétt og mundi því hinn nýi vegur verða opinn mikinn hluta ársins. Að sjálfsögðu kostar slíkur vegur mikið fé. Mitt álit er og margra annarra, að eina ráðið til þess að fá þennan nýja veg lagðan á ekki allt of löngum tíma sé lántaka til vegarins, og þeirri lántöku yrði auðvitað varið til þess að byggja veginn upp. Þessi vegur kemur til með að kosta um 20 millj. kr., sem mun ekki fjarri lagi að álykta. Þá mundi með núv. framlagi til vegarins samkv. till. fjvn. taka yfir 40 ár að leggja þennan veg. Auk þess verður svo vegurinn mun dýrari með því að vinna við hann í smááföngum, eins og nú er gert. Fyrir því tel ég hina mestu nauðsyn bera til þess, að hæstv. ríkisstj. fái heimild frá Alþingi til lántöku til vegarins, svo að hægt verði á næstu tveimur árum að ljúka við lagningu hans og koma með því einum mesta athafnabæ landsins í öruggt vegasamband við vegakerfi landsins. Um leið og slíkur vegur mundi verða hin mesta lyftistöng fyrir Siglufjörð og íbúa hans, yrði hann jafnframt til stórhagsbóta fyrir útsveitir Skagafjarðar og jafnvel fyrir alla Skagafjarðarsýslu. Eins og nú horfir, er yfirvofandi hætta á, að Fljótin, sem eru yzta byggð í Skagafirði, leggist í auðn. Á hverju ári flytjast þaðan margar fjölskyldur til annarra staða. En með komu hins nýja vegar mundi þetta gerbreytast. Í Fljótum eru hin beztu lönd til ræktunar og tilvalið að koma þar á fót mikilli mjólkurframleiðslu, en markaðsmöguleikar hafa verið mjög takmarkaðir. Ef aftur á móti væri komið á öruggt vegasamband við Siglufjörð, væri hægt að senda daglega mjólk, sem væri unnin og hreinsuð annaðhvort í mjólkurstöð á Siglufirði eða í Haganesvík. Annars er það mála sannast, að öll úthéruð Skagafjarðar mundu hafa stórkostlegt gagn af öruggu vegasambandi við Siglufjörð. Um það þarf ekki að deila. Þessa staðreynd gera íbúar þessara héraða sér fyllilega ljósa, og ég fullyrði það, að kjósendur í Siglufirði og aðrir íbúar þar ætlast beinlínis til þess af þm. sínum, að þeir vinni að lausn þessa stórmáls með festu og dugnaði.

Snemma á þessu þingi flutti hv. 1. þm. Norðurl. v. ásamt mér og hv. 5. þm. sama kjördæmis frv. til l. um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri, að upphæð 15 millj. kr. Frv. var tekið fyrir til 1. umr. og að henni lokinni vísað til 2. umr. og fjhn. Síðan hefur náttúrlega ekkert heyrzt um þetta mál, og litlar líkur eru til þess, að það fái viðhlítandi afgreiðslu, ef miðað er við reynslu undangenginna ára. Tveir af þm. kjördæmisins hafa skrifað um málið og talið hina mestu nauðsyn þess að leysa vegamál Siglfirðinga á sem fljótastan og beztan hátt. Ekki skal ég draga það í efa, að þessir ágætu þm. séu allir af vilja gerðir til þess að leysa vegamál Siglfirðinga og Skagfirðinga, þótt þeir séu ekki sammála um leiðir til úrlausnar þessu mikla vandamáli, sbr. ummæli hv. 4. þm. Norðurl. v. um frv. hér í þessari hv. deild.

Ég vil svo að lokum aðeins minna á það, að fyrir síðustu kosningar lýstu allir frambjóðendur í Norðurlandskjördæmi vestra yfir, að þeir mundu vinna að framgangi þess, að Siglufjörður kæmist sem fyrst í öruggt vegasamband. En frómar yfirlýsingar og frómar óskir eru heldur léttar á metunum, ef ekkert annað kemur til, og ekki verður sagt, að árangurinn hafi orðið mikill enn sem komið er. Enn þá búa Siglfirðingar við algerlega ófært ástand í þessum málum og munu búa við sama ófremdarástandið næstu áratugi, ef áfram verður haldið sem nú horfir. En nú eru kosningar að vori. Ekki er ég í neinum vafa um það, að enn þá verða gefnar fagrar yfirlýsingar og frómar óskir í sama dúr og síðast. Hitt er svo annað mál, hvort Siglfirðingar og þeir Skagfirðingar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta um það, að Siglufjörður komist í öruggt vegasamband, láti sér slíkar yfirlýsingar nægja. Þar hlýtur reynslan ein að skera úr.

Ég vil að lokum beina þeirri ósk minni til hv. þm., að þeir sjái sér fært að greiða þessum till. mínum atkv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Auk brtt., sem ég flyt ásamt hv. 3. þm. Reykv. og hann hefur þegar gert grein fyrir, hef ég leyft mér að flytja nokkrar aðrar brtt. við frv. til fjárl. á þskj. 189 og vildi gera grein fyrir þeim með örfáum orðum.

Er þar fyrst að nefna till. um nýjan lið á 14. gr., framlag til íþróttahúss í Hafnarfirði, að upphæð 1/2 millj. kr. Á fjárl. þessa árs eru 560 þús. kr. veittar til þeirrar framkvæmdar, en ekkert hefur verið sett á frv. til fjárl. fyrir næsta ár.

Ég efast um, að nokkurs staðar á landinu sé jafnmikil þörf fyrir byggingu íþróttahúss og í Hafnarfirði. Þar er enn notazt við milli 30 og 40 ára gamalt leikfimishús til allrar íþróttastarfsemi innanhúss og leikfimikennslu fyrir skólana í bænum, að öðru leyti en því, að til er smásalur í skólahúsi St. Jósefssystra. Við þessar aðstæður hafa Hafnfirðingar búið í aldarþriðjung, á sama tíma og íbúafjöldi bæjarins hefur sennilega nær fjórfaldazt og stórauknar hafa verið skyldur til leikfimikennslu og almennar kröfur um aðstöðu til íþróttaiðkana æskufólks. Hafnarfjarðarbær hefur því um alllangt skeið unnið að lausn

þessa knýjandi vandamáls, og hafin hefur verið bygging nýs íþróttahúss. Til þeirrar framkvæmdar mun nú hafa verið varið um 2 millj. kr., og er hin mesta nauðsyn á, að haldið verði áfram framkvæmdum. En til þess að svo geti orðið, þarf ríkissjóður að taka þátt í kostnaðinum jafnhliða því, sem byggingunni miðar áfram. Hafnarfjarðarbær mun að líkindum áætla um 1 millj. kr. úr bæjarsjóði til framkvæmdanna á næsta ári, og ég tel engan veginn stætt á því, að ríkið kippi að sér hendinni og felli niður sitt framlag, og legg því til, að veittar verði á fjárl. 500 þús. kr. til íþróttahússins.

2. brtt., sem ég flyt, er um nýjan lið á 14. gr., 60 þús. kr. til myndlistarmanna, er kynna skólafólki sýningar sínar. Listkynning er eitt af því þarfara, sem skólarnir hafa með höndum, og er henni þó engan veginn sá sómi sýndur sem skyldi. Einkum tel ég, að myndlist verði þar út undan, þannig að skólafólki sé ekki gefinn nógur kostur þess að fylgjast a. m. k. með því, sem er að gerast í þeirri listgrein á hverjum tíma hér á landi. Bókmenntir eru kynntar með upplestrum í skólum og á annan veg, tónlist á svipaðan hátt, auk þess sem skólanemum er gert kleift að sækja hljómleika með sérstökum kjörum. Á svipaðan hátt er stuðlað að því, að skólafólk sæki leikhús. En mér þykir myndlistin verða nokkuð ómaklega útundan og tel, að með þeirri fjárveitingu, er ég legg til og þó þyrfti að vera drjúgum hærri, ynnist tvennt, sem ég vildi minnast á. Myndlistarmenn, sem enn eru lítt þekktir, leggja út í fjárhagslegt áhættuspil við það að halda sýningar á verkum sínum og geta minna haft sig í frammi í þeim efnum en skyldi vegna hinnar fjárhagslegu áhættu við að setja upp sýningu. Tækju þessir aðilar hins vegar að sér að taka á móti skipulögðum heimsóknum skólafólks og fengju til þess fjárstyrk, drægi mjög úr fjárhagslegri áhættu þeirra við að efna til sýninga og þær yrðu með því móti fleiri en ella. Jafnhliða kæmust skólanemendur í bein tengsl við listamennina, bæði hina eldri og kunnari og hina nýju og óþekktari, og ættu þess góðan kost að fylgjast með öllu því, sem gerist í myndlist á Íslandi. Ekki er vafi á því, að slík tengsl og uppeldi ættu eftir að bera sinn ávöxt síðar í auknum áhuga almennings á myndlist, og það yrði að lokum raunhæfasti styrkurinn til listamannanna og jákvæðasti árangurinn af þeirri kynningu, sem ég legg til að stofnað verði til.

3. brtt. mín er um nýjan lið á 17. gr., 50 þús. kr. byggingarstyrk til sumardvalarnefndar mæðra í Hafnarfirði. Það eru, að ég hygg, rúmlega tvö ár síðan samþykkt voru á Alþingi lög um orlof húsmæðra. En í Hafnarfirði hefur sumardvalarnefnd mæðra annazt slíka eða svipaða starfsemi í 8 sumur, og mun þar vera um brautryðjendastarf að ræða. Allt frá sumrinu 1954 hefur þessi nefnd gefið mæðrum kost á 10 daga ókeypis dvöl við góðar aðstæður utan við bæinn. Konur hafa getað haft börn sín með sér, þær sem ekki hafa getað komizt að heiman með öðru móti, og fyrir starf þessarar n. hefur mörg þreytt móðirin í Hafnarfirði fengið sitt fyrsta sumarfrí á lífsleiðinni. Á hverju sumri hafa um og yfir 30 konur ásamt börnum sínum notið ókeypis sumardvalar á vegum sumardvalarnefndar mæðra í Hafnarfirði, og er það allumfangsmikil starfsemi, þegar tekið er tillit til þess, að það svarar til meira en 300 kvenna í Reykjavík. Til þess að auka enn þessa starfsemi hefur sumardvalarnefnd mæðra í Hafnarfirði ráðizt í það að láta byggja færanlegt hús, sem eykur svo starfsmöguleikana, að á næsta ári ættu um 15 konur til viðbótar að geta notið sumardvalar á vegum nefndarinnar. Húsið er vandað og mun hafa kostað rúmlega 100 þús. kr. En n. hefur ekki enn séð fyrir greiðslum í byggingarkostnað. Ég tel, að starf sumardvalarnefndar mæðra í Hafnarfirði sé til svo mikillar fyrirmyndar, að konurnar eigi það fyllilega skilið fyrir sitt brautryðjandastarf, að þeim verði á fjárl. næsta árs veittur a. m. k. 50 þús. kr. byggingarstyrkur, og treysti því, að sem flestir hv. þm. ljái þeim lið.

4. brtt., sem ég flyt, er um nýjan lið á 22. gr. fjárl., heimild til ríkisstj. að taka lán að upphæð allt að 70 millj. kr. til að endurlána landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur til hafnarframkvæmda. Bygging landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík hefur verið talsvert rædd á yfirstandandi þingi og ekki að ástæðulausu, svo brýn og aðkallandi er orðin þörfin á, að verulegt átak verði gert til þess að fullkomna höfnina þar. Fyrir þessu þingi liggur frv. um breyt. á l. um landshöfn í Keflavík og Njarðvík á þann hátt, að hækkuð verði í 70 millj. kr. heimild ríkissjóðs til að ábyrgjast lán til landshafnarinnar, — enn fremur þáltill. frá fulltrúa annars þingflokks um útvegun lánsfjár til framkvæmda þar syðra. Hv. flm. þess frv., sem ég gat um, hefur gert svo rækilega grein fyrir því, hver nauðsyn er á, að verulegt átak sé gert til þess að fullgera fullkomna höfn á Suðurnesjum, nú þegar bátaflotinn fer stórum vaxandi, bæði að fjölda til og meðalstærð báta, sem kalla á stærri hafnir, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það mál ofan í þá ræðu, en vil þó ekki láta hjá líða að minna á og undirstrika þá ályktun, sem samþykkt var á sameiginlegum fundi landshafnarstjórnar, bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Njarðvíkur, sem haldinn var í Keflavík 29. sept. s. l. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn lýsir einhuga stuðningi við verkáætlun landshafnarstjórnar frá 1959 um byggingu hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að hægt verði að afgreiða samtímis við góð skilyrði í fyrsta lagi 3 flutningaskip, í öðru lagi 25 fiskibáta af stærðum allt að 160 tonn, í þriðja lagi, að séð verði fyrir geymsluplássi innan hafnar fyrir allt að 150 fiskibáta í stærð-

um 75—150 tonn. Fundurinn telur ástand í hafnarmálum svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu 4 árum. Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj., að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn, um 50—60 millj. kr., svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori."

Þar sem á þessu þingi hefur komið fram, að almennur vilji virðist vera fyrir hendi til þess, að eitthvað sé farið að gera í þessu efni, en ekki látið lengur sitja við orðin tóm, tel ég, að tími sé til kominn, að sá vilji verði sýndur í verki, og flyt þess vegna till. um, að ríkisstj. verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 70 millj. kr. — til vara 35 millj. kr. — og endurlána landshöfninni til hafnarframkvæmda. Vænti ég þess, að hv. alþm. styðji þá till. í atkvgr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hv. fjvn. og þá fyrst og fremst formanni hennar og frsm. fyrir góða afgreiðslu og það, að n. hefur hagað svo störfum sínum, eins og óskað var, að unnt yrði að afgreiða fjárl. fyrir jól. Ég skal ekki tala langt mál við þessa umr., og hv. frsm. meiri hl. hefur þegar svarað ýmsu af því, sem ég hefði ella tekið til meðferðar.

En það eru viss atriði, sem ganga eins og rauður þráður gegnum nál. og framsöguræður beggja frsm. minni hl. Það er í fyrsta lagi það, sem hv. frsm. 1. minni hl., hv. 6. þm. Sunnl., orðaði á þá leið, að með fjárl. væri stefnt til stórkostlegs samdráttar í framkvæmdum og framkvæmdir á vegum ríkisins hafi dregizt stórum saman, eins og þessi hv. þm. komst að orði. Og til þess að sanna mál sitt um þennan mikla samdrátt í verklegum framkvæmdum hafa báðir frsm. búið sér til ýmiss konar vísitölur og hlutfallstölur. Annar þeirra heldur því fram, að miðað við fjárlög 1958 hækki nú fjárl. um ca. 140%, en hinn notar töluna 112%. Annar þeirra segir, að fjárl. hafi frá 1958 hækkað um 1250 millj.

Það fer svo hér eins og oftar, að vitnunum ber ekki saman, og engin þessara talna er alls kostar rétt. Ég skal viðurkenna, að það er ákaflega erfitt að finna einhverja óvefengjanlega rétta tölu í samanburði við fjárl. frá 1958 vegna þess, hvernig þau voru upp byggð. Eins og kunnugt er, höfðu fjárlög ríkisins þá nefnilega verið klofin í tvennt. Annars vegar voru fjárlög ríkisins, hin venjulegu, en hins vegar var útflutningssjóður, sem hafði mörg hundruð millj. kr. bæði í tekjur og gjöld. Ég gerði nokkra grein fyrir því við 1. umr. fjárl., hvernig ég teldi eðlilegast að gera þennan samanburð, og taldi þá, að ef hinum réttustu rökum og allri sanngirni væri beitt í þessu máli, mundi mega telja, að fjárl. nú væru rúmlega 1000 millj. hærri en 1958. Og nú veldur það auðvitað hneykslun manna, að ríkisstj. skuli hafa framið það ódæði að hækka fjárlögin, tekjur og gjöld ríkisins, um 1 milljarð. Þá verður auðvitað fyrst fyrir að athuga, í hvað þessar hækkanir hafa farið eða hvað veldur þeim. Hv. frsm. meiri hl. nefndi hér nokkur atriði þeirra, sem þessari hækkun valda, og eru þau hv. þingheimi að sjálfsögðu kunn. Þó er rétt að rifja það upp hér, að um það bil 40% af þessari hækkun munu ganga til almannatrygginga og annarra félagsmála, vegna þess að framlög til þeirra samkv. þessum fjárlögum hækka um 400 millj. frá 1958. Í öðru lagi koma svo niðurgreiðslurnar og uppbótagreiðslur á útfluttar landbúnaðarafurðir, en eins og kunnugt er, er þar allnáið samband á milli, og þessi útgjöld hækka um 280 millj. — 282 millj. nánar tiltekið — frá árinu 1958. Á þessum tveim liðum einum eru því komnar nærri 700 millj. eða um 70% af þessum hækkunum. Þar við bætast svo að sjálfsögðu hækkanir vegna þeirra kauphækkana, sem orðið hafa, að ógleymdum þeim hækkunum til margvíslegra verklegra framkvæmda, sem ég skal nú gera nokkra grein fyrir.

Það er til harla lítils, þegar þessir tveir hv. frsm. minni hl. slá upp hinum og þessum prósentum og hlutfallstölum, sem þeir hafa reiknað út og þó ekki af meiri nákvæmni en svo, að þeim ber alls ekki saman um þetta. Það er auðvitað til harla lítils að hafa svo í frammi gífuryrði um fádæma eyðslu — eða svo að notað sé orðalag hv. 1. minni hl., hann talar um þá óskammfeilni ríkisstj. og stuðningsmanna hennar að hækka tekjuáætlun ríkisins um 112% á einu kjörtímabili, — þetta er varðandi tekjurnar, — en þó sé dugnaðurinn í eyðsluseminni enn stórkostlegri. Hv. frsm. 2. minni hl. talar um gífurlega öfugþróun í þessum efnum, sem komi fram í því, að á sama tíma, sem umferð aukist stórkostlega á vegum, skuli viðhald og nýbygging þjóðvega vera svo gersamlega vanrækt sem raun ber vitni o. s. frv.

Ég skal ekki rekja þessar tölur lengra, en af þessum örfáu dæmum má sjá, í hvað þessar auknu tekjur og gjöld hafa farið. En eins og ég gat hér um, er í rauninni meginuppistaðan í öllum málflutningi beggja minni hl., bæði í hinum prentuðu nál. og ræðum þeirra, þessi, að verklegar framkvæmdir dragist stórkostlega saman þannig, að vegna aukins tilkostnaðar við þessar framkvæmdir fáist miklu minna fyrir fé nú en hægt var 1958 samkv. framlögum þá.

Áður en vikið er að framlögum til verklegra framkvæmda, er að sjálfsögðu rétt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað tilkostnaðurinn hefur hækkað mikið á þessum árum. Að vísu ber mönnum þar ekki alls kostar saman. Mönnum eru kunnar þær vísitölur, sem hagstofan reiknar út, bæði varðandi lífskjörin almennt og varðandi vöruverð í landinu. En það, sem kannske er þó helzt hægt að hafa hliðsjón af í þessu tilfelli varðandi breytingar á

kostnaði við verklegar framkvæmdir, eins og vegagerð, brúasmíð, hafnargerð, skólabyggingar o. fl., er breyting á byggingarkostnaði. Og sú breyting frá árinu 1958 og þar til nú er talin um 40% hækkun, m. ö. o., að tilkostnaður við byggingar hafi hækkað um 40%. Í þeim vísitölum, sem vegamálastjórinn notar við útreikninga á framlögum til þjóðvega og brúa, kemst hann að nokkuð annarri niðurstöðu, og mun hann telja, að vísitala vegagerðakostnaðar hafi á þessu tímabili hækkað um 48% eða um það bil, kostnaður við brúagerð nokkru meira. Nú vil ég taka undir það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að í rauninni vantar upplýsingar um það, á hverju þessar vísitölur eru byggðar, þannig að í rauninni er erfitt að fella dóm um þær, án þess að ég vilji á nokkurn hátt viðurkenna, að þær séu rétt reiknaðar út frá þeim forsendum, sem þær eru byggðar á. Ef við þannig miðum við vísitölu byggingarkostnaðar og vísitölu vegagerðar, þá eru þessar tvær tölur um 40% og um 48%. Ég vil því gera ráð fyrir, að almennt muni kostnaður við þessar verklegu framkvæmdir hafa hækkað milli 40 og 50%. Ef nú framlög ríkisins til þessara verklegu framkvæmda hefðu hækkað um minna frá 1958 og til dagsins í dag en þessi 40—50%, þá mætti með nokkrum rétti segja, að þar með væri verið að draga úr verklegum framkvæmdum. Þó væri það engan veginn örugg ályktun, m. a. vegna þess, að á þessu tímabili hafa til komið ný og stórvirk tæki, bætt vinnubrögð í ýmsum greinum, fækkun vinnustaða og hækkun fjárveitinga á hverjum stað, þannig að fé ætti að nýtast betur en var fyrir 4—5 árum.

Við skulum þá líta á það, hvernig háttað er framlögum til hinna helztu verklegu framkvæmda, og verða þá fyrir vegir, brýr, hafnir, skólar, flugvellir, sjúkrahús. Oftast eru það þessir þættir, sem talað er um í sambandi við hinar verklegu framkvæmdir.

Lítum fyrst á vegina og það, hvað ætlað er til nýbyggingar vega, áður en við lítum á viðhaldið. Ég tek tölurnar til nýbygginga og ber þá saman fjárl. fyrir 1958 og fjárlfrv. fyrir 1963, miðað við það, að till. fjvn. eða meiri hl. hennar verði samþ., og í þessum útreikningi á framlögum til nýbygginga eru talin í fyrsta lagi framlög til nýrra akvega, í öðru lagi til endurbyggingar þjóðvega, í þriðja lagi til millibyggðavega, í fjórða lagi það, sem kallað er samgöngubætur á landi, í fimmta lagi áhaldakaup, í sjötta lagi sýsluvegir og í sjöunda lagi fjallvegir. Og eru þessir sömu liðir að sjálfsögðu teknir bæði fyrir árið 1958 og 1963. Ég vil geta þess líka til skýringar, að þegar tekin eru framlögin til millibyggðavega, sem eru hluti af benzínskatti, þá eru þau ekki talin í fjárl. fyrir 1958, vegna þess að þá var það ráðh., sem skipti þessu fé milli veganna, í stað þess að nú er það Alþingi sjálft og tekið inn í fjárl. En til þess að samanburðurinn verði réttur, tek ég framlagið af benzínfé til vegamála fyrir árið 1958 einnig með, en það eru 3 millj. 450 þús., þótt þess sé ekki getið í fjárlögum. Þá verða framlögin til nýbyggingar vega á árinu 1958 24.9 millj., en í frv. fyrir 1963 42.3 millj. Það er hækkun um 17.4 millj. eða um 70%. Til viðhalds var ætlað árið 1958 33 millj., en nú 63. Það er hækkun um 30 millj. eða um 91%.

Næst eru það brýr, og er þess þá að gæta, að framlög til brúa eru í tvennu lagi, annars vegar beint á fjárl. og hins vegar úr brúasjóði, sem fær hluta af benzínskatti. Brúasjóðurinn hefur af einhverjum ástæðum ekki verið tekinn með í fjárl., en verður að sjálfsögðu, bæði fyrir árið 1958 og 1963, að reikna hann með, því að því aðeins fær maður rétta mynd af brúarframkvæmdum í landinu, að tekin séu bæði framlögin úr brúasjóði og í fjárl. Framlögin til brúa eru þá á árinu 1958 16.3 millj., en árið 1963 25.2 millj. Ég skal geta þess til skýringar, að þá er hluti brúasjóðs af benzínskatti áætlaður á næsta ári 11½ millj., en verður væntanlega á þessu ári 10½, og ætla ég, að hér sé ekki of í lagt. Hækkun frá 1958 til brúargerða er því 8.9 millj. eða um 55%.

Þá eru það hafnir. Þegar talin eru framlög til hafnargerða, lendingarbóta og hafnarbótasjóðs, þá voru þau framlög á árinu 1958 13.8 millj., verða 1963 31.3 millj., hækkun um 17½ millj. eða 127% hækkun.

Skólabyggingar voru í fjárl. 1958 áætlaðar 19.8 millj., en í fjárl. 1963 64.3 millj., þ. e. hækkun um 44½ millj., og nemur hækkunin í prósenttölu 224%.

Flugvellir: Til þeirra var fjárveitingin 6.7 millj. árið 1958, en 1963 verður hún 13.2 millj., hækkun um 6.6 millj. eða um 99%.

Sjúkrahús: Í fjárl. 1958 var fjárveitingin 8½ millj., verður nú 16.1 millj., hækkun um 7.6 millj. eða 90%.

Ef við drögum nú saman þessar fjárveitingar til vega, brúa, hafna, skólabygginga, flugvalla, sjúkrahúsa, þá voru þær í fjárl. 1958 samtals 123 millj., verða í fjárl. fyrir 1963 255.4 millj., hækkun um 132.4 millj. eða sem næst um 108%. Þessi framlög hafa því meir en tvöfaldazt á þessu tímabili. Ef við höfum það svo í huga samkv. því, sem ég gerði grein fyrir áðan, að kostnaður við þessar framkvæmdir hafi hækkað á þessu tímabili um 40—50%, þá má hverjum manni ljóst vera, að hér hefur orðið raunveruleg aukning á framlögum til verklegra framkvæmda, — raunveruleg aukning, sem nemur töluverðum fjárhæðum.

En til viðbótar þessum mjög auknu framlögum af ríkisfé kemur svo það, að nú verður til ráðstöfunar til þessara framkvæmda ýmissa miklu meira lánsfé en nokkru sinni fyrr. Er þar fyrst að telja framkvæmdalánið, sem tekið var í Englandi nýskeð og er að upphæð 240 millj. kr. Skipting þess er að sjálfsögðu ekki ákveðin. Það er verið að undirbúa hana, og verður á sínum tíma, eins og lög gera ráð fyrir, haft samráð við fjvn., og eitthvað af framkvæmdaláninu mun fara til einhverra annarra verklegra framkvæmda en hér voru

taldar, eins og til rakorkuframkvæmda. En töluvert af því mun að sjálfsögðu ganga til ýmissa liða, sem ég hef talið, til viðbótar ríkisframlögunum. Auk framkvæmdalánsins mun svo koma verulegt fé til þessara framkvæmda að öðrum leiðum, svo sem frá bankakerfinu og ýmsum sjóðum. Þegar litið er þannig yfir hinar verklegu framkvæmdir ríkisins í heild, er alveg augljóst mál, að síðan 1958 hafa framlögin stórhækkað, meira en tvöfaldazt í krónutölu, aukizt verulega, þrátt fyrir það, þó að tekið sé tillit til hækkunar á tilkostnaði, og til viðbótar kemur miklu meira lánsfé til þessara framkvæmda en áður. Og loks í þriðja lagi vil ég geta þess, að undirbúin hefur verið ný vegalöggjöf, þar sem gert er ráð fyrir nýjum tekjustofnun til vega- og brúamála, sem munu, ef að lögum verða, gefa mjög mikið aukið fé til þessara framkvæmda.

Það kemur fram í nál. hv. 2. minni hl., þ. e. a. s. fulltrúa Framsfl., að í rauninni eigi að miða hækkanir fjárlaga, t. d. til verklegra framkvæmda, við sömu prósenttölu og heildarhækkun fjárlaga. Nú kemst hann að þeirri niðurstöðu, að heildarhækkun fjárlaganna síðan 1958 sé 140%. Og þó að sú tala sé ekki rétt, byggir hann á henni og segir: Þess vegna eiga auðvitað framlög til verklegra framkvæmda að hækka um minnst 140%. — Hér er ákaflega einkennilegur hugsanagangur á ferðinni, að í rauninni eigi allir liðir fjárlaga alltaf að hækka hlutfallslega jafnt og einstakir liðir megi ekki hækka meira að hundraðstölu en aðrir. Í rauninni ætti að leiða af þessu þá ályktun, að hv. frsm. og hv. Framsfl. telji, að framlög t. d. til almannatrygginga eða félagsmála ættu að fylgja þessari almennu tölu og hafa þá hækkað um 140% í staðinn fyrir 400%. Nú geri ég ekki ráð fyrir, að þetta sé ætlunin, en auðvitað sýnir það, hversu fráleit þessi hugsun er. Hv. frsm. hefði alveg eins getað slegið því fram, að þegar framlög til almannatrygginga og félagsmála fimmfaldast, þá sé hreinasta ranglæti gagnvart verklegum framkvæmdum að láta þau ekki fimmfaldast líka. Nei, það, sem hér skiptir máli, er auðvitað hitt: Eru framlögin til verklegra framkvæmda miðuð við aukinn tilkostnað þannig, að annaðhvort sé haldið í horfinu eða framkvæmdirnar raunverulega auknar? Og það er það síðara, sem hér er að gerast.

Annars er það næsta furðulegt, að þegar hv. stjórnarandstæðingar deila á hækkun fjárlaganna, þá er því í rauninni alltaf sleppt í þeirra ræðum, að mikill hluti af þessum hækkunum gengur beinlínis til alþýðu manna í landinu með stórauknum almannatryggingum og með lækkun vöruverðs. Það er alltaf gefið í skyn, að hér sé um að ræða gegndarlausa eyðslu, bruðl, óskammfeilni í meðferð ríkisfjár, gífurlega öfugþróun, þó að það liggi alveg ljóst fyrir, að megnið af þeirri hækkun, sem orðið hefur á fjárlögum og ríkisútgjöldum síðan 1958, gengur beint til almennings með lækkun vöruverðs og auknum tryggingum.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hef ásamt 2 öðrum hv. þm. leyft mér að flytja hér brtt. við 22. gr. fjárl., heimildagr. Hún er nú flutt, þessi brtt., í því tilefni, að hér á Alþingi s. l. vetur var samþ. þáltill., sem var flutt af okkur þm. Austurlands, um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu. Og ég ætla aðeins að rifja upp einn lið þeirrar ályktunar, en hann var á þá leið, með leyfi hæstv. forseta: „Að láta athuga með sérstöku tilliti til samgangna á Skeiðarársandi nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á Skeiðarársandi, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast fær til samgöngubóta þar.“ En tilefnið til þess, að við flytjum þessa brtt. núna, er, að alveg nýlega höfum við komizt að því eða orðið það ljóst, að fyrirtæki hér í bæ hefur fengið tilboð um eins konar skriðbíla, sem eru til vestanhafs, sem ætla má að mætti nota bæði á vegleysum og einnig til að fara yfir vötn. Og það virðist, að þarna gæti verið um sérstaklega hagstætt tækifæri að ræða með útvegun á þessum tækjum. Það er að vísu fráleitt að segja um það að litt athuguðu máli, hvort reynslan muni verða sú, að þessi tæki muni verða til þess að leysa þennan vanda, þau verði þeim vanda vaxin, sem þarna er við að etja. En við töldum, að það væri skynsamlegt að afla heimildar í fjárl. til þess að verja einhverri upphæð til kaupa á slíku tæki, ef nánari athugun leiddi það í ljós eða teldi það líklegt, að þarna væri um tæki að ræða, sem gæti komið að notum við þessar erfiðu aðstæður. Það verður vafalaust ekki á næstu árum um það að ræða, að Skeiðarársandur eða Skeiðará og þau vötn öll verði brúuð. Hins vegar má segja um Jökulsá á Breiðamerkursandi, að það sé nú farið að hilla undir, að mögulegt verði að brúa það vatnsfall, án þess þó að þær rannsóknir, sem þar þarf að gera, séu nægilega miklar til þess, að sú framkvæmd sé alveg á næsta leiti. Það væri þess vegna möguleiki, ef þetta tæki svaraði til þess, sem nokkrar vonir eru til, en það er þannig byggt, að það getur borið litla bíla og ferjað yfir vötn, þá mundi vera í bili hægt að leysa einnig flutningaþörfina yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Þetta eru sem sagt viðfangsefnin, sem við höfum sérstaklega í huga, og það má nú öllum vera ljóst, að það eru ekki einasta Skaftfellingar og þeir, sem næst þessum vötnum búa, sem hafa áhuga á þessu. Þetta væri einnig ákaflega mikilsvert fyrir þann mikla ferðamannastraum, sem orðinn er um allt land á hverju sumri, ekki sízt fyrir mikinn fjölda höfuðstaðarbúa, sem ferðast á eigin bílum, ef sá möguleiki gæti verið eigi langt undan, að þeir gætu ekið héðan austur um land og komizt yfir vötnin í Skaftafellssýslu og farið þannig hringferð um landið. Það er engan veginn lítils vert um það, að menn geti ferðazt sem mest

um þetta land, þannig að mér sýnist, að það mæli öll rök með því, að þessi tilraun verði gerð, eða réttara sagt, að það verði vandlega athugað og aflað heimildar á fjárl. til þess að fá úr því skorið, hvort hér er um einhverja lausn að ræða á þessum vanda.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég leyfi mér ásamt hv. 2. og og hv. 6. þm. Sunnl. að flytja við fjárl. nokkrar brtt. og einnig brtt. við till. á þskj. 175, og leyfi ég mér að fara um þessar till. flestar örfáum orðum, en sé ekki ástæðu til þess að viðhafa langt mál, heldur aðeins vekja athygli á þessum till., sem allar eru að áliti okkar flm. hinar merkustu og mikil nauðsyn þess, að fram nái að ganga.

Ég get þá fyrst um till. nr. 1 á þskj. 191. Það er till. frá okkur hv. 2. þm. Sunnl., brtt. við 12. gr. IX, bygging sjúkrahúsa o. fl. Við gerum till. um það, að upphæðin 7 millj. hækki upp í 10 millj., og í öðru lagi, að aftan við þennan lið bætist svo hljóðandi aths.: „Þar af 500 þús. kr. til sjúkrahússins á Selfossi og 2 millj. 500 þús. til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum."

Við höfum áður á undanförnum þingum flutt brtt. í líka átt og þessa varðandi sjúkrahúsið á Selfossi, en því miður hafa þær till. ekki fundið náð hjá meiri hl. þingheims og verið felldar. Þá hef ég á undanförnum tveim árum átt hlut að því að flytja frv. til l. um breyt. á l. um fjórðungssjúkrahús, þar sem nýtt sjúkrahús væntanlegt í Vestmannaeyjum yrði tekið í tölu fjórðungssjúkrahúsa vegna sérlegrar aðstöðu Vestmannaeyja í þessu efni og mörgu öðru. Nú er svo komið, að sjúkrahúsmálið í Vestmannaeyjum er komið á nokkra hreyfingu og heimamenn þar reiðubúnir að leggja af mörkum tilskilinn kostnaðarhluta af sinni hálfu. Ég tel, að það sé engin ástæða til þess, að ganga eigi svo frá næstu fjárl., fjárl. fyrir 1963, að ekki sé tekið þar alveg sérstaklega fram, að leggja skuli þessa fjárhæð, 2 millj. 500 þús. kr., til sjúkrahúsbyggingarinnar í Vestmannaeyjum af hálfu ríkissjóðs. Kostnaður alls mun vera milli 20 og 30 millj. og verður kannske einhver meiri og vafalaust, eftir því sem dýrtíðarspólan heldur áfram og eykur á sig, þannig að þessi fjárhæð, 2 millj. 500 þús. kr., sýnist engan veginn vera of stór fjárhæð, jafnvel síður en svo. En við töldum þó rétt að staldra við þessa fjárhæð í þetta sinn og sjá til. Því var heitið í umr. í fyrra um frv. okkar nokkurra þm. Sunnl. um fjórðungssjúkrahús í Vestmannaeyjum eða styrk til þess með sama hætti og veittur er til fjórðungssjúkrahúsa, að sjúkrahúsmáli í Vestmannaeyjum yrði verulegur gaumur gefinn af stjórnarvöldum. En ég hef ekki orðið var við, að þau hafi enn sérstaklega lagt á sig eða lagt af mörkum til þess máls. En vænta má þess, að svo verði á næsta ári eða næstu árum. Ég þarf ekki að rökstyðja þessa miklu þörf Vestmannaeyinga á nýju sjúkrahúsi. Það hefur oft verið gert hér, og ég vænti þess, að þm. viti um hana og þegar til kemur um þessa brtt. við fjárl., greiði atkv. með henni.

Þá er það 3. brtt. á þskj. 191. Hún fjallar um skólamál eða nánar tiltekið um nýbyggingu barnaskóla o. fl., brtt. við 14. gr. A. X, nr. 23. Það eru þrír nýir liðir. Tveir liðanna eru varðandi barnaskóla, sá fyrri, að heimavistarbarnaskóli að Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu fái í fyrsta áfanga 300 þús. kr. Annar liðurinn er till. um framlag til íþróttahúsbyggingar í Hveragerði að fjárhæð 250 þús. kr. Og þriðja atriðið er svo till. um 500 þús. kr. fjárframlag úr ríkissjóði til byggingar heimavistar og skólastjóraíbúðar að Skógum undir Eyjafjöllum. Vil ég þá leyfa mér að taka hvern lið fyrir sig og ræða hann örlítið og byrja þá austast, að Kirkjubæjarklaustri.

Árið 1960 voru allir hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu milli Mýrdalssands og Skeiðarársands sammála um það að byggja heimavistarskóla að Kirkjubæjarklaustri og töldu ekki verða hjá því komizt og verkið yrði að vinnast sem allra fyrst. Var ráðgert, að þar yrði miðstöð þessara hreppa, sem munu vera fjórir, Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur og Skaftártunguhreppur, og fyrir því ráð gert, að skólinn verði bæði fyrir börn og unglinga á öllu þessu stóra svæði. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun um þennan skóla, og er hún á þá lund, að heildarkostnaður er áætlaður 7 millj. kr., hlutur ríkissjóðs 5 millj. 250 þús., og 1/5 hluti af ríkissjóðstillagi yrði þá eða fyrsti áfangi samkv. þessari áætlun 1 millj. og 50 þús. kr. Við drögum dálítið úr byrjunarfjárhæð ríkissjóðs, helmingum hana og gerum till. um 500 þús. kr. í okkar till. Ég vil í sambandi við þennan skóla taka það fram, að þessir hreppar og margir aðrir í Vestur-Skaftafellssýslu byggðu sín skólahús strax eftir að fræðslulögin frá 1907 tóku gildi eða um það leyti, og flest þeirra eru, held ég, að ég megi segja, í notkun enn í dag, og má þá hver sjá og vita, hversu mjög þau hljóta að vera ófullnægjandi, enda hygg ég, að engum dyljist það. Það er því mikil nauðsyn þess að reisa fjögurra hreppa skóla á þessum stað, sem yrði heimavistarskóli. Eins og allir vita, er á Kirkjubæjarklaustri nokkur miðstöð þegar og nokkuð margt um manninn. Þar hafa mörg hús verið byggð. Ég held, að þar hafi læknir aðsetur og margir fleiri. Þar er veitingastaður mjög fjölsóttur, aðallega að sumarlagi, þó þannig, að þetta er orðið vísir að miðstöð á þessu stóra svæði fyrir austan sandinn, og skólabygging af þessu tagi mundi leysa mjög þann vanda, sem er á um barnafræðslu á þessum slóðum. Okkur flm. er það ljóst eins og öllum þm., að skólamálin taka drjúgum til sín úr ríkissjóði, og er stórfjárhæð veitt til þeirra mála, og má ævinlega deila um það, hver röð eigi að vera á framkvæmdum í þessu efni, en ég hygg, að skólabygging eins og á Kirkjubæjarklaustri eigi að koma í fremstu röð og eins þær skólabyggingar aðrar, sem við gerum till. um. Mér segir Aðalsteinn Eiríksson námsstjóri,

að undirbúningur undir þessa skólabyggingu sé hinn ágætasti á alla lund og áhugi, eins og ég hef áður drepið á, heimamanna mjög mikill fyrir því, að hún geti hafizt sem fyrst.

Þá vil ég leyfa mér að koma að Hveragerði. Þar gerum við till. um, að íþróttahús verði byggt í fyrsta áfanga á næsta ári og með framlagi af ríkisins hálfu 250 þús. kr. Ég vil geta þess, að byggingu núv. skólahúsnæðis í Hveragerði lauk árið 1947 og kennsla hófst í því sama ár. En það fórst fyrir að ráðast í byggingu leikfimihúss eða íþróttahúss þá þegar, en tekið það ráð að innrétta eina kennslustofuna sem leikfimistofu. Sú stofa er harla lítil og ónóg. Í barnaskólanum eru 173 nemendur og í miðskólanum 57, eða samtals 230 nemendur. Ég vil geta þess, að í sambandi við leikfimistofuna, þessa litlu leikfimistofu, sem er um 48 fermetrar, eru engin böð og nemendur hafa því ekki tök á því, eftir því sem skólanefnd segir, að þvo af sér eftir hverja leikfimistund. Umsókn af hálfu skólanefndar og hreppsnefndar í Hveragerði um byggingu á nýju leikfimihúsi var send til fræðslumálastjóra 1957, en enn í dag hefur ekki fengizt nein fjárveiting til þessarar framkvæmdar. Er auðsætt, að við það er ekki hægt að búa, að það dragist lengur úr hömlu af hálfu ríkissjóðs að leggja af mörkum til framkvæmda á þessum stað. Biðin er orðin æðilöng og allt of löng, og við flm. till. eigum von á því, að meiri hl. þingheims fallist á að samþykkja till. okkar. Hún hefur lengi verið á óskaskrá, en aldrei náð fram til fjárl.

Þá er það 3. till. um skólabyggingar. Hún er um það, að ríkissjóður leggi af mörkum 500 þús. til byggingar heimavistarskóla og skólastjóraíbúðar að Skógum undir Eyjafjöllum. Í mörg ár hefur skólanefnd Skógaskóla og héruðin, bæði Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla, óskað eftir því, að húsnæði í Skógaskóla yrði aukið, þannig að til viðbótar fengjust tvær íbúðir kennara og auk þess heimavistarhús fyrir allt að 32 nemendur. Flestir okkar vita um, hversu mikill öndvegisstaður Skógar eru orðnir undir forustu þeirra skólastjóra, sem þar hafa ráðið ríkjum frá árinu 1949, er þessi héraðsgagnfræðaskóli tók til starfa. Og fyrir löngu hefur hann sprengt af sér allt húsnæði. Í vetur munu vera hartnær 120 nemendur í skólanum fyrir utan kennara marga og starfsfólk annað. En ekki var gert ráð fyrir því, að hann gæti tekið, eins og á stendur og á hefur staðið um nokkurra ára bil, fleiri nemendur en 90—100, og aðsóknin er geysileg. Má geta þess, að hartnær 50—80 umsóknum til skólavistar af hálfu nýrra nemenda hefur orðið að kasta fyrir róða á hverju ári núna síðustu 2—3 árin.

Þá má geta þess, að enn vantar húsnæði og hefur vantað í raun og veru frá upphafi til þess að halda uppi verklegri kennslu, smíðum og öðru slíku. En til þess ráðs var brugðið nokkuð jafnsnemma og skólinn tók til starfa að láta slíka kennslu fara fram í tiltölulega ómerkilegum og illa byggðum skúr, sem byggður var utan um rafmagnsvélar skólans. En fyrir 2—3 árum brann þessi skúr, og síðan hefur þessi kennsla verið mjög á hrakhólum. Í sambandi við þá byggingu, sem nú er áformað að leggja í eða framkvæma, er gert ráð fyrir því, að komið verði upp húsnæði fyrir verknám að einhverju leyti og a. m. k. að frekara leyti en áður hefur verið.

Þá vil ég geta þess, að húsnæðisvandræði í Skógum hafa leitt til þess, að það hefur verið ákaflega erfitt að fá kennara og varla um annað að ræða en skólanefnd hlíti því, að sá kennari, sem kemur til starfa hverju sinni, sé einhleypur. Þannig stendur á um kennarahúsnæðið. Og því er það, að kennaraskipti hafa verið ærin og óskyggileg, og vafalaust er það, að ef ekki verður ráðin bót á hið allra fyrsta, þá mun verr fara á þessum stað.

Eins og ég hef áður sagt, hefur skólanefnd í nokkur ár óskað eftir því að mega leggja í þessa framkvæmd, sem höfuðnauðsyn er að leggja til atlögu við, og ég vil vænta þess, að þessum till. varðandi skólabyggingar sjái þingheimur eða meiri hl. hans sér fært að ljá atkv. sitt.

Ég vil geta þess í sambandi við þessar framkvæmdir í Skógum, að það er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun, að fyrsta greiðsla yrði, ef til kæmi, 875 þús. kr. af hálfu ríkisins, en við gerum ráð fyrir aðeins 500 þús. kr. og lítum með samúð á þá erfiðleika, sem stjórnarvöld eiga í um fjártillög til þessara mála.

Þá er komið að 5. lið á þskj. 191. Það er brtt. frá okkur hv. 2. þm. Sunnl. á þá leið, að nýr liður komi við 16. gr. D. XIII, til jarðborana á Selfossi, 300 þús. kr. Fyrir hv. Alþingi liggur till. til þál. um leit að heitu vatni á Selfossi og að Laugardælum, sem flutt er af hv. 2. þm. Sunnl. og hv. 6. þm. Sunnl. Í þessari þáltill. segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð leit að heitu vatni í Selfosshreppi og að Laugardælum og verði sú leit við það miðuð, að möguleikar finnist til þess að auka hitaveitu til hitunar íbúðarhúsa og iðnaðarframkvæmda á Selfossi."

Eins og kunnugt er, hefur hitaveitan verið í starfi á Selfossi nú um langt skeið. Upphaflega var það Kaupfélag Árnesinga, sem hratt henni af stað og lét koma henni upp í nágrenni Selfoss, þar sem heitt vatn var að Laugardælum, en Laugardælatorfan var á þeirri tíð eign Kaupfélags Árnesinga. Að komið var heitu vatni upp til afnota á Selfossi, var því fyrir tilstilli og á kostnað Kaupfélags Árnesinga. Nú hefur byggðin á Selfossi þanizt út með hverju ári, og munu vera þar íbúar allt að eða rúmlega 2000, og er verulega mikil byggð fyrir vestan ána. Þangað hefur heitt vatn ekki verið leitt, og nú undanfarið hafa hreppsyfirvöld í Selfosshreppi gengizt fyrir því með nokkurri aðstoð af opinberri hálfu að hefja leit að heitu vatni vestan árinnar. En þessar upphafsrannsóknir munu hafa leitt það

í ljós, að þarna verður mjög að vinna, og mun valda geysilega miklum kostnaði, ef framkvæmdin á að hafast, að heitt vatn komist til skila, svo að í lagi sé. Og víst er um það, að opinberir aðilar á Selfossi eða hreppsnefndin mun ekki hafa tök á að standa undir nema örlitlum hluta þess kostnaðar, sem af þessari borun eða hitaleit kann að leiða, og þess vegna er þessi till. að sjálfsögðu fram borin um það, að ríkið hjálpi eða hlaupi þarna undir bagga. Okkur flm. þótti rétt að fara með fjárhagshliðina einmitt inn á fjárl., og þess vegna er till. fram komin. Er vafalaust, að kostnaðurinn getur orðið margfalt meiri en þessi, — þess er ekki að dyljast, — en við sáum okkur þó ekki fært að hafa fjárhæðina öllu hærri en þessa, 300 þús. kr. til jarðborana á Selfossi, og ég vænti þess, að hv. alþm. sjái, hver nauðsyn er á að hlynna að þessu máli hins blómlega og merkilega þorps, sem þarna er að rísa upp á öndvegisstað á Suðurlandi, og komi þannig til móts við það fólk, sem þar er við landnám og vinnur að því að byggja stóra og mikilfenglega borg í þessu viðlenda og fagra héraði.

Þá hef ég lítillega minnzt á þær till., sem við sunnlenzku þm., sem ég hef áður talið upp, leyfum okkur að flytja, og ég vil endurtaka þá ósk mína, að hv. þm. sjái sér fært að greiða atkv. sitt með till. okkar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 189 4 brtt. ásamt nokkrum þm. öðrum. Þessar till. eru allar þannig vaxnar, að það er óþarft að hafa um þær mörg orð, svo sjálfsagðar og eðlilegar eru þær.

Hin fyrsta þessara till., sem ég flyt ásamt hv. 1. og 4. þm. Norðurl. e. og 4. þm. Vestf., fjallar um það að hækka framlagið til skálda, rithöfunda og listamanna um nokkra upphæð. Það hefur lengi verið viðurkennt af Alþingi, að það sé eðlilegt að viðurkenna skáld okkar, rithöfunda og aðra listamenn, því að þjóðin á þeim það mikið að þakka, bæði að fornu og nýju, og það á að vera þess vegna bæði sæmd hennar og skylda að sjá um það, að þau framlög, sem veitt eru þessum mönnum, lækki ekki, heldur frekar hið gagnstæða. Því miður hefur heldur gengið aftur á bak í þeim efnum á undanförnum árum, a. m. k. ef þetta framlag er miðað við þá hækkun, sem almennt hefur orðið á útgjöldum ríkisins eða því fé, sem varið hefur verið til annarra framlaga og framkvæmda. Ef t. d. er litið á fjárlfrv. fyrir árið 1957, sem ég tel rétt að taka hér til samanburðar frekar en 1958, vegna þess að það er nokkur ágreiningur um það, hvernig útgjöldin þá skuli reiknuð, — en ef við tökum fjárl. fyrir árið 1957, þá eru rekstrarútgjöldin á rekstrarreikningi fjárl. það ár áætluð 720 millj. kr., en nú eru þau áætluð tæpar 2000 millj. kr., þannig að þau hafa nokkuð miklu meira en tvöfaldazt eða nær þrefaldazt á þessum árum. Árið 1957 í fjárl. er framlagið til skálda og listamanna áætlað 1.2 millj. kr., en ætti að vera, ef það hefði hækkað í sama hlutfalli og önnur útgjöld ríkisins, 3.3 millj. kr. Samkv. þeirri hækkunartill., sem fjvn. flytur eða meiri hl. hennar, á þetta framlag ekki að vera nú nema 2.1 millj. kr. eða það vantar m. ö. o. 1.2 millj. kr. á það, að þetta framlag sé jafnhátt og það var 1957, ef miðað er við önnur útgjöld ríkisins. Okkur, sem flytjum þessa till. um að hækka framlagið upp í 3.5 millj. kr., finnst það eðlilegt og sjálfsagt, að framlag til skálda og listamanna sé ekki látið dragast aftur úr öðrum framlögum og útgjöldum ríkisins, heldur sé það hlutfall a. m. k. látið haldast, sem þessir menn voru búnir að ávinna sér fyrir nokkrum árum. Ég held, að það sé líka mjög vel kunnugt þeim, sem hafa fylgzt með úthlutun skálda- og listamannalauna á undanförnum árum, hve mikil þörf þar er fyrir hækkun á þessu tillagi, ef á að veita þessum mönnum, skáldum og listamönnum, þá úrlausn, sem eðlilegt verður að teljast. Ég vil þess vegna vænta þess, að þessi tillaga okkar fjórmenninganna fái sanngjarnar og góðar undirtektir hjá þm. almennt.

Hið sama er að segja um þá till., sem við flytjum um hækkun styrks til vísindamanna og fræðimanna, og tel ég mig því ekki þurfa að rökstyðja það frekar, heldur vísa til þess, sem ég áðan sagði um framlagið til skálda og listamanna.

Ég flyt enn fremur ásamt hv. 1. þm. Austf. till. um að hækka nokkuð framlagið til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve mikill skortur er á sjúkrarúmi við þessa spítala. Ég fer ekki að rekja þá sögu hér, því að hún er öllum hv. þm. kunn. Og þó að sú till., sem við flytjum um hækkun á þessu tillagi úr 6.5 millj. í 10 millj., verði samþ., hrekkur það að sjálfsögðu hvergi nærri til að bæta úr þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi um aukið fjármagn. En hins vegar mundi þessi hækkun þó hjálpa nokkuð til þess, að þetta viðbótarhúsnæði, sem nú er í smíðum, gæti komið fyrr að gagni en ella, og þess vegna ber að vænta þess, að þm. taki þessari till. vel.

Seinasta till., sem ég flyt ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v., fjallar um það, að tekið sé upp nýtt tillag á 20. gr. fjárl. til nýs menntaskóla í Reykjavík, 5 millj. kr. Það er nú þannig ástatt í þessum málum, að Reykjavík býr enn við menntaskóla, sem reistur var fyrir meira en 100 árum og þá var ætlaður mörgum sinnum færri nemendum en þar stunda nám nú, og má öllum vera ljóst, hve algerlega ófullnægjandi það ástand er. Það hefur að vísu verið talað um að reyna að bæta eitthvað úr þeirri aðkallandi þörf, sem hér er fyrir hendi, með því að reisa smáhús eða skúra við menntaskólann. En þótt að því ráði væri horfið, mundi það hvergi nærri bæta úr þeim húsnæðisskorti, sem hér er fengizt við. Og það er alveg augljóst, að þeim, sem leita stúdentsnáms á komandi árum, hlýtur mjög að fjölga frá því, sem nú er, og þar af leiðandi verður ekki um aðra eðlilega lausn á þessu máli að ræða en þá, að reistur verði nýr menntaskóli

hér í bænum. Þetta mál hefur fyrir nokkrum mánuðum eða vikum verið til meðferðar í bæjarstjórn Reykjavíkur að frumkvæði fulltrúa Framsfl. þar og hlotið einróma stuðning bæjarstjórnarinnar, þ. e. stuðning við það, að það verði byggður nýr menntaskóli hér í Reykjavík. Þar kom það fram í sambandi við þær umr., að hæstv. ríkisstj. mundi telja sig þessu máli hlynnta, þó að enn hafi ekki sá vilji sézt hér á Alþingi. En ég vænti þess, að hann komi fram, þegar þessi till. kemur til atkv., og það verði því veitt nokkurt byrjunarframlag í þá átt, að komið verði upp nýjum menntaskóla hér í bænum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að þessar hófsamlegu og sjálfsögðu tillögur fái góðar undirtektir hjá þingheimi. Og ég hygg, að það sé ekki heldur hægt að segja, að það sé neitt ábyrgðarleysi í því fólgið að samþykkja þessar eða fleiri hækkunartill., sem hér liggja fyrir, vegna þess að það er auðséð á afkomu ríkissjóðs á þessu ári, að ef ekki koma nein sérstök óhöpp fyrir á næsta ári, þá verður fjárhagsafkoman mjög góð og tekjur ríkissjóðs verulega miklu hærri en á þessu ári, vegna þess að það er fyrirsjáanlegt, að öll velta verður þá miklu meiri en nú. Þess vegna má fullyrða, að sú tekjuáætlun, sem gert er ráð fyrir í fjárl., er í allra hógværasta lagi, ef svo mætti að orði kveða, og þess vegna óhætt að hafa útgjöldin nokkru hærri en þau eru áætluð í fjárl. eins og er.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er augljóst við þessa fjárlagaafgreiðslu, að við fjárl. eru nú fluttar miklu færri brtt. en nokkru sinni fyrr á seinni árum. Eins og var bent á í kvöld, hefur svo að segja tekið alveg fyrir það, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. flytji brtt. við afgreiðslu fjárl., og um stjórnarandstöðuna er það að segja, að að þessu sinni eru fluttar miklu færri brtt. en áður hefur verið. Þetta er auðvitað bein afleiðing af því, að það hefur naumast komið fyrir á þessu kjörtímabili, stjórnartímabili hæstv. núv. ríkisstj., að nokkur till., smá eða stór, frá stjórnarandstöðunni hafi fengizt samþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl. Það er svo sem ekkert verið að breiða yfir það, að minni hl. er ekki talinn eiga hér neinn rétt, og það er því ekki óeðlilegt, að þm., sem ár eftir ár hafa horft upp á það, að engin brtt. frá þeim fáist samþykkt, hversu smá sem hún er, hversu sanngjörn og sjálfsögð sem hún er, gefist smátt og smátt upp á því að flytja brtt., og sé ég ekki betur en þingræðið sé í nokkurri hættu, þegar svo er komið.

Ég hef leyft mér í þetta sinn að flytja aðeins eina brtt., og hún er upp á 20 þús. kr. Þó býst ég við því, að hennar örlög séu ráðin og það verði ekki farið að brjóta neina meginreglu með því að samþykkja hana, og þó er hún alveg sjálfsögð.

Á mörgum undanförnum árum hefur verið smáupphæð á 13. gr. fjárl. til þess að halda einstökum býlum í byggð í námunda við erfiða og langa fjallvegi, til þess að draga úr slysahættu og skapa vegfarendum um þessa erfiðu fjallvegi nokkurt aukið öryggi með því, að að byggðu bóli sé að venda, þegar kemur af löngum og erfiðum fjallvegi. Á þessa árs fjárl. var 160 þús. kr. fjárveiting á 13. gr. til að halda einstökum býlum í námunda við langar og erfiðar heiðar í byggð. Þetta er þannig, að nokkrir ábúendur slíkra jarða hafa fengið um 15 þús. kr. styrk til þess að halda býli sínu í byggð vegna öryggis vegfarenda aðallega. Nú er í till. hv. fjvn. till. um að hækka á næsta árs fjárl. þennan 160 þús. kr. lið um 30 þús. kr., líklegast til tveggja býla, sem svo stendur á sem ég nú hef rætt um, og leggur fjvn. til, að liðurinn verði nú 190 þús. kr. Ég held, að þessu fé sé vel varið, og ég er fyllilega samþykkur þessari brtt. hv. fjvn. og tel, að það sé ekkert sjálfsagðara en verja þessum tæpum 200 þús. kr. í þessu skyni.

En ég hef í huga einn stað, sem ég tel að eins standi á um og þá staði, sem þessi fjárveiting er ætluð til. Það er Kirkjuból í Langadal í Norður-Ísafjarðarsýslu. Það er fyrsta byggða bólið, Kirkjuból, sem komið er að, þegar menn koma af hinni löngu og torsóttu Þorskafjarðarheiði. Þorskafjarðarheiðin er með lengri og erfiðari fjallvegum þessa lands. Það eru um 60 km milli bæja, heiðin er 500 m yfir sjó, og Langidalur er í framhaldi af þessari heiði allsporadrjúgur, hefur reynzt það mörgum og hefur þó vegurinn heldur lengzt, vegna þess að fremsta byggða bólið, sem í þessum dal var, Bakkasel, er nú lagzt í eyði, og Kirkjuból er nú næsti bær við heiðina að norðanverðu. Næsti bær neðan við Kirkjuból er þegar lagztur í eyði, Brekka, og Arngerðareyri sömuleiðis, og ef Kirkjuból leggst í eyði, þá er sem sé að engum bæ að venda norðan við Þorskafjarðarheiði þeim megin í Langadal, sem vegurinn liggur, og yrði þá að leita utar í sveitina til að fá náttból.

En nú kynnu menn að spyrja: Er nokkur hætta á því, að Kirkjubólsbændur gefist upp og sá staður leggist í eyði? Ég vona, að svo sé ekki. En þarna er barizt harðri baráttu og erfiðleikarnir hafa aukizt. Skal ég aðeins benda á eitt í því sambandi. Nú er stórbýlið Laugaból lagzt í eyði, það liggur í næsta dal við Langadal, og af þessu leiðir það, að Kirkjubólsbændur, sem eru tveir, verða nú að smala auk Langadals og Kirkjubólslands alla Laugabólslandareign, sem er allvíðlend, og enn leitar fé þeirra Kirkjubólsmanna ekki aðeins um Laugabólsland, heldur líka um allan Ísafjörð og inn í Ísafjarðarbotn um Gervidalsland, en Gervidalur hefur einnig lagzt í eyði, og á s. l. ári horfðust Kirkjubólsmenn í augu við það, að þeir hefðu engan mannafla til þess að smala allt þetta víðlendi og því síður væru þeir færir um að bjarga fé sínu undan illviðrum, ef þau bæri brátt að, þegar það dreifði sér um alla þessa víðáttu. Þeir sáu því ekki annað ráð en koma sér upp fjárgeymslugirðingu og keyptu efni í 14 þús. m langa fjár-

helda girðingu til þess að hafa fé sitt þar á vorin og haustin, og efnið í þessa girðingu eina kostaði 160 þús. kr. En þetta urðu þeir að gera eða gefast upp, þegar Laugaból lagðist í eyði, og þetta hafa þeir gert. En til slíkrar girðingar er enginn styrkur fáanlegur, af því að hér er ekki um girðingu að ræða um ræktað land. Ég benti á þetta til að sýna, að erfiðleikar þessa býlis, sem þarna er næst Þorskafjarðarheiði að norðanverðu, hafa stóraukizt og full hætta á því, að búendurnir gefist þar upp við þessa auknu erfiðleika, sem stafa af því, að byggðin strjálast og eyðist þarna í kring. En hins vegar er Kirkjuból góð bújörð, gamalt embættismannasetur, sýslumannssetur og ágæt sauðjörð. Enn eru þeir þannig staddir, Kirkjubólsmenn, að vegurinn, framhaldið af Þorskafjarðarheiðarvegi yfir dalinn, er niðurgrafinn og á hann rennur vatn undireins á haustin, og þegar frystir að verður vegurinn einn svellabunki, og hefur oft legið við banaslysum á undanförnum vetrum, þegar bóndinn hefur verið að reyna að koma mjólk sinni til hafnar að Arngerðareyri, þar sem *ferjubáturinn, Djúpbáturinn, kemur,* því að vegna hliðarhallans hefur bíll hans með mjólkurvagninum aftan í runnið tvívegis niður í Langadalsá, en bóndinn bjargaðist þó í bæði skiptin. Ég segi þetta til þess að sýna, að þarna er full hætta á, að byggð eyðist og mundi þá enn aukast vegalengdin milli bæja sunnan Þorskafjarðarheiðar og að næsta byggðu bóli, ef Kirkjuból legðist í eyði, um 10—11 km í viðbót. Það, sem ég fer fram á, er, að í viðbót við þau býli, sem styrkt eru af sömu ástæðum og fjvn. öll hefur mælt með, verði tekinn 15—20 þús. kr. styrkur, — ég fer nú fram á 20 þús., — til Kirkjubólsábúendanna til þess að afstýra því, að sá bær leggist í eyði, með tilliti til þess, að þarna er um að ræða fyrsta byggða bólið norðan Þorskafjarðarheiðar.

Ég vænti þess, að hv. fjvn. fallist á, að þarna beri að rétta hjálpandi hönd, og mundi það kosta það, að liðurinn þyrfti að hækka úr 190 þús. í 210 þús. kr., og það er það, sem ég legg til í minni litlu brtt. Ég hygg, að það sé hér við að glíma sams konar erfiðleika og hv. fjvn. hefur viljað mæta með sinni hækkunartill. á þskj. 175, þegar hún leggur til, að liðurinn hækki um 30 þús. kr. Ég fjölyrði ekki frekar um þetta. Ef ég fæ ekki neina vísbendingu um það frá hv. fjvn., að till. verði samþ. eða á hana fallizt, þá mun ég reyna að bjarga henni um stund með því að taka hana aftur til 3. umr., en tel hins vegar, að fyllstu rök liggi til þess, að þessi brtt. við brtt. fjvn. verði samþ., og vona, að svo verði. En að öðru leyti reynir á fjvn. um það, hvort hún vill ekki fallast á að taka þetta þá upp í sínar till. við 3. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að tala hér langt mál að þessu sinni, þar sem hæstv. fjmrh. vék lítið að þeirri ræðu, er ég flutti hér í kvöld. En nokkur atriði voru þó í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vildi gera hér að umtalsefni.

Í fyrsta lagi virtist hann vera nokkuð undrandi yfir því, að við stjórnarandstæðingar skyldum vera að ræða um það, að fjárl. hækkuðu svo og svo mikið. Ég vil minna hæstv. ráðh. á, að það var rætt um það hér á hv. Alþ., meðan Framsfl. fór með fjármál ríkisins, að fjárlög hækkuðu, þó að þau hækkuðu ekki svo mikið sem raun ber vitni um nú, og það þarf engan að undra, þótt rætt sé um það hér í sölum Alþingis, þegar fjárlög hækka frá fjárl. yfirstandandi árs til þess næsta um álíka fjárhæð og ríkisfjárlögin voru fyrir 10 árum. En það er sú fjárhæð eða þó rúmlega það, sem fjárl. hækka nú frá 1962.

Hæstv. ráðh. skildi ekkert í því, að það skyldi ekki vera sami útreikningur hjá okkur Karli Guðjónssyni, hv. 6. þm. Sunnl., í sambandi við okkar reikning í prósenttölu. Ekkert er nú óskiljanlegt við þetta, nema hv. sjálfstæðismenn hafi hugsað sér að segja frá því á morgun, að allir sæju nú leynisamninginn milli Framsóknar og Alþb., að alveg hefðu verið *eins nál. hjá þeim í fjvn.,* svo að þetta er e. t. v. hryggðarefni, að okkur skyldi nú ekki að því leyti bera saman. En munurinn var bara sá, að hv. 6. þm. Sunnl. miðaði sinn útreikning við árið 1959, en ég minn við árið 1958, *og þá hækkuðu fjárl. á milli áranna* 1958 og 1959, og þess vegna var prósenttalan lægri hjá hv. 6. þm. Sunnl.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki skilja það, hvernig ég fengi minn útreikning á fjárl. 1958. Ég skal skýra þetta ósköp einfaldlega fyrir hæstv. ráðh. Niðurstöðutala fjárl., en það er sú tala, sem ég miða við í öllum þeim dæmum, sem ég hef tekið hér, við framsóknarmenn í nál. okkar og ég í minni framsöguræðu, — niðurstöðutala fjárl. 1958 var 807.1 millj. kr., en á því ári greiddi útflutningssjóður 75.4 millj. kr. af niðurgreiðslum. Þetta hef ég lagt við niðurstöðutölu fjárl. 1958, og er þá niðurstöðutalan 882½ millj. kr. Ef við drögum þetta frá fjárl. í dag, þá er 1250 millj. kr. hækkun of lág, það yrðu 1300 millj. kr. En okkar samanburður á því var gerður áður en vitað var um, hverjar hækkunartill. n. yrðu. Um það, að þetta sé hliðstæður samanburður, vil ég leiða eitt vitni til sönnunar. Að vísu má segja, að bókin Viðreisn, sem send var út á ríkisins kostnað 1960, sé ekki merkileg, en þó skýrir hún frá því, þegar hún tekur til, hvaða liðir það eru, sem valda hækkun fjárl. 1960, að 112.9 millj. kr. séu niðurgreiðslur, sem útflutningssjóður annaðist greiðslu á. Það er eini gjaldaliðurinn, sem útflutningssjóður annaðist og ríkissjóður tók við. Þess vegna er sá samanburður réttur að bæta við niðurstöðutölu fjárl. 1958 og 1959 og bera þau svo saman við fjárlög síðar. Það er heldur ekkert undarlegt, þó að það sé ekki sama prósenttalan, þegar vitnað er í eitt ár af öðru. T. d. var önnur prósenttala hjá mér, þegar ég skýrði frá því, hvað fjárlögin hefðu hækkað hjá hæstv. ráðh. sjálfum. Það var önnur prósenttala en frá 1958 af eðlileg-

um ástæðum vegna þeirra hækkana, sem höfðu átt sér stað áður fyrr. En það var jafneðlilegt og munurinn á milli okkar hv. 6. þm. Sunnl., svo að hæstv. ráðh. þarf ekki að vera neitt í vandræðum með samanburð. Og ég er ekkert að efast um það, að jafnsnjall maður sem hæstv. ráðh. sé ekki í vandræðum með þennan samanburð. Hitt er annað mál, hvort hann kærir sig um að fá staðreyndirnar eins og þær eru.

Þá sagði hæstv. ráðh., að við værum sýknt og heilagt að tala um það, að fjárl. hækkuðu, og hv. formaður fjvn. gat þess einnig, en við gerðum ekki grein fyrir því, til hvers hækkanirnar færu. Ég varði þó verulegum hluta af minni ræðu til þess að skýra þetta. Ég sýndi fram á það, að þær væru ekki að verulegu leyti vegna þess, að til allrar uppbyggingar í landinu væri svo geysilegu fé varið, og ekki heldur af því, að fjárl. væru raunverulegri nú en áður hefði verið. Ég tók það líka fram, að það væri ekki vegna þess nema að nokkru leyti, að ríkisstj. hefði vanrækt sparnaðinn, sem hún hefði heitið, heldur var það vegna þess, hve dýrtíðin í landinu hafði stóraukizt. Ég sýndi fram á það m. a. með því, hve rekstrargreinarnar hefðu hækkað mikið, bæði hækkað til tryggingana frá 1960 og hvað hefði hækkað til niðurgreiðslna. Þungamiðjan í niðurstöðu í minni ræðu var einmitt það, að dýrtíðin í landinu hefði stóraukizt í valdatíð núv. ríkisstj., stjórnarinnar, sem var kosin út á stöðvunarstefnuna, og þess vegna hækkuðu fjárlögin svo gífurlega sem raun ber vitni um. Þess vegna er það alrangt, að ég hafi ekki greinilega tekið það fram, hver var meginástæðan fyrir hækkun fjárl.

Hæstv. ráðh. fór að tala hér um vegamálin, og það var rétt á eftir, að hann var búinn að ávíta mig og hv. 6. þm. Sunnl. fyrir að búa til vísitölu og samanburðartölur, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. En hvernig tókst hæstv. ráðh. til, þegar hann fór að gera þennan samanburð? Hann tók framlag til vega og brúa frá 1958 og nú, 1963. Í því sambandi tók hann vegasjóð og brúasjóð með. Í þeim auknu álögum, sem ég gat um í framsöguræðu minni, sleppti ég þeim skatti, sem var á lagður í vega- og brúasjóð, vegna þess að dæmið gengur upp á fjárl. og vegasjóðurinn er ekki færður út og hefur engin áhrif á niðurstöðutölu þeirra, og brúasjóðurinn er þar ekki. En hvað er nú um þetta að segja? Vorið 1958, þegar bjargráðin voru sett, var hækkaður skattur á benzíni og teknir 6 aurar af hverjum lítra í vegasjóð og aðrir 6 í brúasjóð. Þessar fjárhæðir voru ekki farnar að verka 1958. Árið 1960, við fjárlagaafgreiðslu þá, var benzínskattur hækkaður um 6 aura meira en ég greindi frá, það fór í vega- og brúasjóð. Þess vegna var það, að tekjur þessara sjóða hafa aukizt, og þess vegna er ekki hægt að taka það dæmi með, ef á að gera hliðstæðan samanburð, nema þá að taka skattinn inn í skattahækkun hæstv. ríkisstj. Þetta gerði það að verkum, að hæstv. ráðh. gat fengið hagstæðari samanburð en ella.

Við sýnum fram á það í nál. okkar, og ég sýndi fram á það í framsöguræðu minni hér í dag, að það væri gífurleg öfugþróun, þegar framlög til vega hækkuðu ekki meira en raun ber vitni um, eftir að þær álögur höfðu verið lagðar á umferðina, sem ég greindi frá. Og ég hef hér fyrir framan mig lista um hlutfall á milli framlaga til samgöngumála á landi allt frá 1930 til þessa dags. Og hvað segir þessi samanburður? Hann segir, að flestöll árin er framlag til samgöngumála, til vegamálanna, sem kölluð eru á fjárl., það eru vegir og brýr, vegaviðhald og stjórn vegamála, yfir 10% af fjárl. og jafnvel upp í 13 og 16%. En hvað hefur skeð í tíð núv. hæstv. ríkisstj.? 1960 eru þessi framlög tæp 7%, 1961 eru þau líka tæp 7%, en þó aðeins lægri, 1962 eru þau 6.5%, og 1963 verða þau um 5.6%. Þetta segi ég og endurtek, að það er öfugþróun, á sama tíma sem ríkissjóður hefur mörg hundruð millj. kr. í tekjur af umferðinni. Hann hefur aldrei í sögunni haft meiri tekjur af umferðinni en einmitt á árinu 1962 og kemur til með að hafa 1963. Þrátt fyrir þetta verða hlutfallslega lægri framlög til þessara mála en nokkru sinni fyrr. Þetta er öfugþróun. Hún breytist á engan hátt, þótt hæstv. ráðh. fari að búa til einhverja byggingarvísitölu eða annað því um líkt.

Ég vil svo að lokum endurtaka fsp. mína um Keflavíkurveginn, sem ég gerði hér í kvöld, leyndina, sem er yfir þeirri framkvæmd. Ég endurtek: Hver er að byggja þennan veg? Hvaðan er féð komið, hvað er það orðið mikið og hvernig á að fara með málið?

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður að þessu sinni, enda hafa ekki mörg tilefni gefizt til þess að svara þeim ræðum, sem hér hafa komið fram. Þó vil ég í örstuttu máli víkja að tveimur eða þremur atriðum, sem komið hafa fram hjá hæstv. fjmrh. og einnig að nokkru leyti hjá hv. frsm. meiri hl. fjvn.

Í því talnaflóði, sem hér hefur verið lesið á þingi, bæði undanfarna daga og einnig í dag, er ekki nema að vonum, að hv. alþm. taki fegins hendi hverjum þeim, sem vill taka þátt í leitinni að sannleikanum og leggja hér fram sitt orð til þess að hafa upp á því, sem réttast er og sannast. Því miður finnst mér, að undir þetta geti þó hæstv. fjmrh. ekki fallið, þar sem hann byrjaði ræðu sína á því að sýna fram á, að okkur hv. 3. þm. Vesturl. bæri ekki saman í okkar vitnisburði á móti ríkisstj., þar sem prósenttalan um hækkun fjárl. væri ekki sú sama, sem við nefndum hvor um sig. Og ég ætla hæstv. fjmrh. það ekki, að hann hafi ekki veitt því athygli, að ég miðaði í mínum samanburði við árið 1959, en hv. 3. þm. Vesturl. miðaði við árið 1958, en engu að síður leyfði hæstv. ráðh. sér að tala um þær tölur, sem við höfðum sett fram, eins og þeim ætti að bera saman, ef rétt væri

reiknað. Þótt ekki væri annað en þetta atriði í ræðu hans, þá tel ég það sanna gersamlega, að erindi hans var ekki að leita sannleikans með þm. í þessu máli, heldur hef ég hann því miður grunaðan um það að hafa lagt á það meiri áherzlu og talið það henta sér betur að reyna að villa nokkuð um fyrir þm. um það, hvernig skilja beri þá hluti, sem nú eru að gerast í fjármálastjórn landsins.

Hann gerði hér — og hv. frsm. meiri hl. fjvn. einnig — aths. við vísitölu brúargerðarkostnaðar, sem vegamálaskrifstofan reiknar út, og töldu það vera ærið ómerkilega vísitölu, að því er mér skildist, og eiginlega væri það einhver privatvísitala vegamálastjóra og vissi enginn maður, hvort hún væri miðuð við lengdarmetra í brúm, sem væru svo mjóar, að það gæti rétt skriðið einn bíll um þær, eða hvort þetta væri lengdarmetri í brúm, sem væru kannske með tvöfaldri akbraut og gangstéttum að auki. Ég er ekki heldur þeirrar skoðunar, að þessir hv. ræðumenn hafi í raun inni haldið, að fyrri vísitalan væri bara miðuð við mjóa brú og síðari vísitalan við breiða brú, svo rækilega hefur vegamálastjóri tekið það fram, þegar hann hefur gert fjvn. og vafalaust einnig rn. grein fyrir þessum hlutum, að af vegamálaskrifstofunnar hálfu væri ævinlega reiknuð út sama eða sams konar brú og hér væri þess vegna um að ræða þann kostnað, sem vegamálastjórnin yrði að bera uppi af sams konar brú frá ári til árs. Þessi vísitala segir, að hækkun brúargerðarkostnaðar á því tímabili, sem ég hef rætt um, 1958—1962, því að sjálfsögðu verður um útreikninga, sem byggjast á staðreyndum, að vera ári síðar með þá en fjárl., sem samin eru fyrir fram til árs, — á þessu tímabili hefur brúargerðarvísitalan stigið, ekki um 40%, eins og hæstv. fjmrh. taldi líklegt, heldur um 58% eða því sem næst. Það er einnig alveg rangt, að það fáist nokkur samanburður með því að taka annars vegar þær tölur, sem á fjárlögum eru lagðar fram, blanda við þær þeim tölum, sem fást með sérstökum skatti af benzíni og ekki eru á fjárlögum, og telja svo, að fjárlagabreytingin sé í samræmi við þetta sambland. Hér er hreinlega í því nál., sem ég hef gefið út, tekinn liður, sem er sambærilegur frá ári til árs öll þau ár, sem ég hef nefnt, það er kostnaðurinn við brúargerðir, eins og hann er skráður á fjárlögum hverju sinni. Aðrar breytingar eru að sjálfsögðu ekki til umr., þegar talað er um það, hvað skeð hefur um fjárlagaframlag.

Ég hirði ekki að rekja fleiri dæmi um þetta, en tel þau sýna nægilega, að hér hefur ekki verið farið með upplýsingar, sem eru til þess fallnar að bregða skýrara ljósi yfir þá hluti, sem gerzt hafa, heldur eru þær ræður, sem haldnar hafa verið í þessa átt, líklegri til að villa um fyrir þm. um það, hvað raunverulega er að gerast.

En að lokum vildi ég þó vekja sérstaka athygli á því, að hæstv. fjmrh. hefur hér í ræðu sinni viðurkennt það, að í undirbúningi sé að leggja á sérstakan nýjan skatt til vegagerðar. Það hefur ekki verið haft hátt um það, heldur hinu haldið fram, að hér geti allt saman gengið greiðlega og lipurlega, án þess að nokkrir nýir skattar komi til, og er þetta fyrsta opinbera viðurkenningin, sem á því hefur komið, að nú skuli enn ofan á þá auknu skattheimtu, sem verður til af því, að þeir skattstofnar, sem fyrir eru í landinu, skila nú inn hærri fjárhæðum en áður, koma til nýir skattar á næstunni. Það eru upplýsingar, sem gott er að vita um og fá hér viðurkennt að í uppsiglingu séu.

Ég læt svo útrætt um það, sem ég hefði helzt þurft að svara af því, sem hér hefur komið fram í ræðum þeirra hv. stuðningsmanna ríkisstj., sem hér hafa talið sig þurfa að vera málsvara fyrir þá fjármálastefnu, sem ríkir nú um íslenzkan ríkisbúskap og um þau fjárlög, sem hér eru í smíðum. En ég vildi þó, áður en ég vík héðan, leyfa mér að segja nokkur orð um till. eina, sem ég er flm. að ásamt hv. 2. þm. og 4. þm. Sunnl. Það er brtt. við 22. gr. fjárl. um, að þar komi inn nýr liður, að heimila ríkisstj. að taka allt að 25 millj. kr. lán til að ljúka undirbúningi og hefja brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Þeir, sem til þekkja, vita það, að þorpin þrjú á ströndinni Árnessýslu, Stokkseyri og Eyrarbakki annars vegar og svo Þorlákshöfn hins vegar, eru slitin í sundur af Ölfusá, og er ekki hægt að komast á milli Þorlákshafnar og hinna tveggja þorpanna nema því aðeins að fara mjög langan veg um Selfoss. Þetta er mjög bagalegt, vegna þess að mörg undanfarin ár hefur þróun gengið til þeirrar áttar, að það er hætt að vinna að hafnargerð á Stokkseyri og Eyrarbakka að mestu leyti, en Þorlákshöfn er hins vegar rísandi hafnarbær, sem þarf margra hluta með, ekki síst vinnuafls, en þar eru hins vegar lítil húsakynni, allt of lítil til þess að hýsa allt það fólk, sem við þann útveg þarf að vinna, sem þar er þegar myndaður og á vafalaust eftir að vaxa í hlutfalli við væntanlega stækkun hafnarinnar þar. Það væri vísastur vegur til þess að gera afkomu fólksins í þeim þorpum, þar sem hafnarskilyrðin fara þverrandi og minna er sinnt um útgerð, eftir að höfn á nálægum slóðum opnast, betri og stærri en þessi tvö þorp, Stokkseyri og Eyrarbakki, hafa haft, — þá væri það hinn mesti greiði við það fólk, sem þar býr, ef það gæti átt greiðan aðgang yfir til Þorlákshafnar til þess að stunda þar vinnu sína. Þá mundi þeim nýtast af íbúðarhúsum sínum og einnig mundi þá nýtast af þeim framleiðslutækjum, sem í landi eru, eins og t. d. frystihúsum og annarri fiskverkunaraðstöðu, sem er ekki sýnilegt annað en verði lítils virði, ef ekki kemst beinna og greiðara samband milli þessara staða en nú er. Auk þess er það ýmislegt í samgöngukerfi Suðurlands, sem krefst þess, að Ölfusá verði brúuð frammi við ósinn, og flestir munu sammála um, að það væri hin mesta samgöngubót, ef svo yrði gert. Fullnaðarrannsóknir á kostnaði

við þessa brú í Óseyrarnesi eru að vísu ekki fyrir hendi, en það er margra manna grunur, að þarna sé hægt að byggja brú miklu ódýrar en menn gerðu sér hugmyndir um í upphafi, og miðað við þá nytsemi, sem slík brú mundi gera, bæði hvað snertir að tengja Stokkseyri og Eyrarbakka við Þorlákshöfn og einnig til almennra samgangna um neðanvert Suðurlandsundirlendið, þá er það ekki áhorfsmál, að þarna á að koma brú og hlýtur að koma brú.

Nú má e. t. v. segja, að ekki sé eins brýn þörf og áður að leggja til í fjárl., að ríkisstj. fái lántökuheimild til þess arna, því að e. t. v. gæti hugsazt, að eitthvað af því fé, sem ríkisstj. hefur þegar tekið að láni, 240 millj., gæti til þessa runnið. En ef svo er ekki, að þetta framlag rúmist innan þess ramma, þá er vert að gefa út nýja lánsheimild í þessu skyni, og það höfum við flm. þessarar till. lagt til og að lokið verði undirbúningi og framkvæmdir verði hafnar við þessa brúargerð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á 3. gr. fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, eru færðar áætlaðar tekjur af rekstri ríkisstofnana. Ég hef veitt því athygli, að ein ríkisverzlun, sem undanfarin ár hefur verið færð með öðrum slíkum fyrirtækjum á 3. gr. fjárl., er þar nú ekki. Er þessi verzlun þó enn starfandi og í eigu ríkisins. Það er Áburðarsala ríkisins. Í aths. með frv. segir að vísu, að þessi stofnun hafi verið lögð niður, en þetta er rangt, áburðarsalan hefur ekki verið lögð niður. Ríkisstj. hefur borið fram frv. á þrem síðustu þingum um að leggja þessa stofnun niður, en þau hafa ekki verið samþ., og nú hefur hæstv. ríkisstj. hætt tilraunum til að leggja áburðarsöluna niður, a. m. k. í bili, því að hún hefur ekki flutt frv. sitt um það á þessu þingi enn sem komið er.

Það var alveg rétt ályktun, sem kom fram í frv. ríkisstj. á síðustu þrem þingum, að lagaheimild þyrfti til að leggja áburðarsöluna niður. En þar sem stjfrv. um það efni hafa ekki verið samþ. á Alþingi, þá er það ekki rétt, sem segir í aths. með fjárlagafrv., að búið sé að leggja þessa stofnun niður.

Fyrsta frv., sem hæstv. stjórn flutti um þetta, bar hún fram um mánaðamótin marz—apríl 1960 hér á hv. Alþ. Í 3. gr. þess frv. var ákvæði um það, að Áburðarsala ríkisins skyldi hætta störfum. Þetta frv. dagaði uppi í þinginu. Stjórnin flutti málið aftur á næsta þingi, í október 1960. Þá fór á sömu leið, það varð ekki samþ. Og í þriðja sinn flutti stjórnin málið á síðasta þingi, í október 1961, en það frv. var einnig óafgreitt í þinglokin. Í því frv., sem stjórnin flutti fyrst á þinginu 1959, var ákvæði í 1. gr. um það, að heimilt væri að veita áburðarverksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði. Og í aths., sem fylgdu því frv., segir, að nauðsynlegt sé, að verzlun með tilbúinn áburð sé öll hjá sama aðila. En svo mun stjórnin hafa áttað sig á því, að þarna hafði hún skrikað út af vegi hinnar frjálsu verzlunar, og því breyttist frv. dálítið, var lítið eitt öðruvísi, þegar það kom síðar fram. Þar segir að vísu, að ríkisstj. geti falið Áburðarverksmiðjunni h/f að flytja inn tilbúinn áburð, en þá er ekkert um það, að hún hafi einkaleyfi til þess, og þá segir heldur ekkert um það í aths., að það sé nauðsynlegt, að það sé einn aðili, sem verzli með áburðinn. En hvað sem um það er, þá hefur þetta farið þannig, eins og ég hef bent á, að stjórnin hefur þrisvar lagt fyrir Alþ. till. um að leggja niður áburðarsöluna. Þær hafa aldrei verið samþykktar, og þess vegna er ekki búið að leggja þetta fyrirtæki niður.

Ég vil nú leyfa mér að beina því til hv. fjvn., að hún fari í eftirleit milli 2. og 3. umr. þessa frv. og reyni að finna þessa ríkisstofnun, áburðarsöluna, sem hæstv. stjórn virðist vera búin að týna. Það væri skemmtilegra að finna hana núna fyrir jólin. Vafalaust getur n. fengið rekstraráætlun fyrir áburðarsöluna frá þeim aðila, sem nú annast rekstur hennar, og síðan flutt till. við 3. umr. um að setja fyrirtækið á sinn stað í frv. Þessu vildi ég beina til hv. nefndar.

Það liggur hér fyrir nál., — já, þau heldur 3 en 1, — um fjárlfrv., á þskj. 180 nál. frá meiri hl. fjvn. Það eru þm. stjórnarflokkanna í n., sem standa að því áliti og undirskrifa það Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlfrv. sýnir, að enn er gætt fyllsta sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Þeir áfangar, sem þegar hafa náðst til sparnaðar, reynast vel, og sýnt er, að stefnt er að aukinni hagsýni og frekari sparnaði, þar sem því verður viðkomið."

Svo mæla þeir. Í fyrra gáfu þeir einnig út sérstakt nál., stuðningsmenn stjórnarinnar í n., og þar var þetta orðað á þá leið, að frv. bæri með sér, að ýtrasta sparnaðar hefði verið gætt í rekstri ríkisins. Og síðan var gefið fyrirheit um það, að enn meiri sparnaður skyldi koma, enn meiri en sá ýtrasti. Þetta var ósköp ánægjulegt að heyra.

En hvað segir svo þetta frv. um sparnaðinn? Ja, það er nú önnur saga. Hver einasta gjaldagrein fjárlfrv. er hærri nú en á fjárl. ársins 1962 og heildarhækkunin mörg hundruð millj. kr., eins og þegar hefur verið bent á að undanförnu. Og þó eru fjárlög ársins 1962 hærri en nokkur önnur, sem samþ. hafa verið á Alþingi. Það er nú vitanlega til of mikils mælzt að fara fram á það við hv. meiri hl., sem skrifar undir þetta, að reyna að færa einhver rök fyrir þessu, sem hann segir um sparnaðinn. Það er auðvitað alveg óvinnandi verk fyrir þá að gera það, jafnvel þótt væri um hábjartan daginn og enn síður um miðnætti. Ég býst ekki heldur við, að þeir trúi þessu sjálfir, hvað þá aðrir þm. Ég býst við, að þetta sé sett í nál. aðeins til þess að reyna að blekkja fólk, sem litla yfirsýn hefur um fjármál ríkisins.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Meginatriðið í þeirri stuttu ræðu, sem ég flutti áðan, var að sýna fram á, að fullyrðingar stjórnarandstæðinga um samdrátt í verklegum framkvæmdum ættu ekki við rök að styðjast. Ég tók samanburð af framlögum til verklegra framkvæmda samkv. þessu fjárlfrv., eins og það verður væntanlega afgreitt héðan, og hins vegar til sömu framkvæmdaflokka í fjárl. árið 1958, síðasta ár vinstri stjórnarinnar sálugu. Þessi samanburður sýndi, að framlög til verklegra framkvæmda, vega, brúa, hafna, skólabygginga, flugvalla og sjúkrahúsa, hafa hækkað um meira en 100%, hafa sem sagt meira en tvöfaldazt frá 1958 og til væntanlegra fjárl. fyrir 1963. Hv. frsm. minni hl. hafa gert tilraun til að hnekkja þessum samanburði, en þeir tilburðir hafa verið harla léttvægir, því að það er í rauninni aðeins eitt, sem þeir hafa fært fram máli sínu til stuðnings nú og til að hnekkja þessum samanburði mínum, og það er þetta: Ég hafi tekið með framlag af benzínskatti til brúasjóðs og hluta af benzínskatti til millibyggðavega, þetta megi ekki vera með í þessum samanburði, vegna þess að hér eigi eingöngu að bera saman það, sem í fjárl. stendur. — Nú er þessu til að svara, að ég ætla, að fyrir þá landsmenn, sem eiga að njóta veganna og brúnna, komi það nokkuð í einn stað niður, hvort framlagið kemur sem millibyggðafé af benzínskatti eða sem þjóðvegafé á fjárl. og hvort brúin er byggð fyrir fé úr brúasjóði eða beint úr ríkissjóði. Ég ætla, að fólkið í landinu skipti það harla litlu máli, hvernig það er bókfært hjá ríkinu. Enn má þess geta, að í grg. og till. vegamálastjóra, sem hann lagði fyrir fjvn. um skiptingu á vegafé, dags. 7. des., tekur hann þessi mál eins og ég hafði gert hér, annars vegar fjárlagaframlag, hins vegar vegasjóð, tekur síðan framlögin alls og byggir sína útreikninga á því. Af þessum ástæðum tel ég, að það hafi verið og sé réttur samanburður, þegar rætt er um, hversu mikið sé lagt til hinna verklegu framkvæmda, að taka framlag brúasjóðs og millibyggðafésins einnig með.

En sleppum nú þessu. Sleppum alveg brúasjóðnum og millibyggðafénu út úr þessu dæmi. Hv. frsm. minni hl. hafa ekki hrakið staf af því, sem ég sagði, þótt gengið sé inn á þessa kenningu þeirra, því að þetta breytir samanburðinum sáralítið. Í yfirlitinu um fjárveitingarnar 1958 er reiknað með 5 millj. úr brúasjóði og 3.5 af millibyggðavegafé. Samtals eru þetta þá 8.5 millj., sem ætti að draga frá fjárveitingunum 1958. Í stað þess að vera 123 millj. ættu þær þá að vera 114½ millj. 1963 mundu dragast frá 11½ millj. úr brúasjóði og 7.1 millj. millibyggðafé, samtals 18.6 millj. Frá heildarupphæðinni, 255.4 millj., dragast þá 18.6. Eftir verða, þó að fylgt sé kenningu hv. frsm. beggja, 236.8 millj. M. ö. o.: þó að þetta sé hvort tveggja strikað út bæði árin, þá hafa framlögin til verklegra framkvæmda engu að síður meira en tvöfaldazt, svo að ég sé nú ekki almennilega, hvað hv. frsm. eru að fara með því að ætla sér þá dul, að þeir séu að hrekja þennan samanburð með því aðeins að benda á, að benzínféð megi ekki taka með því. Meginatriðin standa eftir sem áður, að framlög til hinna verklegu framkvæmda verða árið 1963 meira en tvöföld miðað við það, sem þau voru árið 1958.

Hér hefur verið minnzt á vísitölur og hv. frsm. 2. minni hl., hv. 3. þm. Vesturl., sagði, að það þýddi ekkert fyrir mig að vera að búa til einhverja byggingarvísitölu. Ég hef ekki búið til neina vísitölu, hvorki byggingarvísitölu né aðra. Byggingarvísitalan, sem ég nefndi, er útreiknuð af hagstofunni og er opinbert mál, og hún sýnir, að byggingarkostnaður húsa hefur hækkað um ca. 40% á þessu tímabili. Ég nefndi það til skýringar á því, þegar verið væri að meta, hvað tilkostnaðurinn hefði hækkað mikið.

Hv. frsm. 1. minni hl., 6. þm. Sunnl., innleiddi hér, bæði í sínu nál. og sinni ræðu, umr. um vísitöluútreikning vegamálastjórans. Og það er því rétt að athuga, hverja vísbendingu hann gefur um raunverulegt framkvæmdafé. Vegamálastjóri reiknar út vísitölu vegagerðarkostnaðar, en framlög alls voru árið 1949, sem hann byrjar sinn útreikning á, rúmar 7 millj., og hann setur vísitöluna þá á 100. Síðan reiknar hann út hækkun vegagerðarkostnaðarins eftir sínum reglum og finnur svo út svokallaða hlutfallstölu, sem á að sýna, hverjar raunverulegar breytingar verða, þegar tekið er tillit annars vegar til hækkunar í krónutölu á framlögunum og hins vegar hækkunar á tilkostnaðinum. Þá kemur í ljós, að á árunum eftir 1949, þ. e. a. s. frá 1950—1955, að báðum meðtöldum, þá er þessi hlutfallstala undir 100, þ. e. a. s. frá 75 upp í 92, sem á að sýna, að þá hafi raunverulegar framkvæmdir í vegamálum verið minni en árið 1949. Síðan hækkar hún, og árið 1958 er hún 105, sem sýnir þá, að á því ári hefði raunveruleg fjárveiting til vegagerðar átt að vera 5% meiri en árið 1949. En hver er þá þessi hlutfallstala nú, miðað við árið 1963, miðað við fjárl., eins og þau verða afgreidd? Vegamálastjóri hefur nú reiknað það út og kemst að þeirri niðurstöðu, að þá sé hlutfallstalan 119, sú hæsta, sem nokkru sinni hefur verið. Sú hæsta þar áður var fyrir árið 1960, 118. M. ö. o.: hæstu hlutfallstölur eftir útreikningi vegamálastjórans eru því árið 1960 og á fjárl. 1963. Einnig þessi útreikningur, sem á að sýna raunverulegar framkvæmdir miðað við verðhækkun og ríkisframlög, bendir því einnig til þess og styður það fullkomlega, sem ég hef haldið fram, að nú er gert ráð fyrir að veita meira fé til verklegra framkvæmda en nokkru sinni áður, þannig að framkvæmdir verði raunverulega meiri en nokkru sinni fyrr.

Þetta eru aðalatriði málsins og það er vitagagnslaust að ætla að reyna að hnekkja þessu með því að reyna að rugla rímið á þá lund, að það megi ekki telja hluta af benzínskatti til brúa og vega með, og jafnvel þó að geng-

ið sé inn á þá skoðun þeirra frsm., þá breytir það sáralitlu.

Ég skal ekki fara frekar út í samanburðinn á útgjöldum fjárl. og tekjum fjárl. 1958 og fjárlagafrv. fyrir 1963. Ég minntist á það hér áðan, að minni hl. væru með mismunandi hlutfallstölur um hækkunina, annar 112% og hinn 140%. Og það er alveg rétt, sem þeir hafa tekið fram, að annar þeirra miðar við árið 1958, en hinn við árið 1959. En það er einnig fleira, sem kemur fram í þessum samanburði. Annar miðar við tekjurnar, að mér skilst, en hinn við útgjöldin, og gerir það náttúrlega sitt til þess, að ekki er hægt að telja þessar tölur sambærilegar. En ef á að miða við það, hvað útgjöldin hafa hækkað frá 1958, þá hefur hv. 3. þm. Vesturl. talið, að sú upphæð væri um 1250 millj. Ég hef hins vegar talið, að þessi hækkun væri allmiklu minni eða nokkuð yfir 1 milljarð og aðalatriðið, sem þar ber á milli, er það, að hv. 3. þm. Vesturl. tekur, að því er mér skilst, til viðbótar við útgjöldin 1958 aðeins greiðslur útflutningssjóðs til niðurgreiðslna á vöruverði. Ég tel hins vegar, að greiðslur útflutningssjóðs vegna uppbóta á landbúnaðarafurðir eigi að takast þar með til þess að fá réttan samanburð við fjárl. 1963, og munar það töluverðri fjárhæð. Auk þess eru fleiri atriði, sem hér ber á milli, sem ég skal ekki fara út í að þessu sinni, því að eins og ég hef tekið fram áður, þá er þessi samanburður að því leyti erfiður, að ríkissjóðurinn var í rauninni í tvennu lagi á árinu 1958, annars vegar hinn almenni ríkissjóður og hins vegar útflutningssjóðurinn, og má nokkuð deila um það, hver af gjöldum útflutningssjóðsins á að telja með fjárlagaútgjöldunum til að fá réttan samanburð við það, sem nú er.

Hv. 6. þm. Sunnl. ræddi mjög um áhuga sinn, hinn einlæga áhuga sinn í sannleiksleitinni, og fannst ég ekki vera honum nógu einlægur förunautur í þeirri viðleitni að höndla sannleikann. Hann taldi mig hafa gefið hér upplýsingar, sem ekki brygðu skýrara ljósi yfir þennan veg hans í leitinni að sannleikanum. Það vill nú stundum verða svo, að lýðræðissinnar og kommúnistar líta nokkuð öðrum augum á hlutina, vegna þess að þeir horfa kannske frá nokkuð ólíkum sjónarhól á ýmsa hluti. Það, sem við t. d. köllum einræði, það kalla þeir lýðræði, og margt er fleira, sem ólíkt er með okkur, þannig að það er ekki að furða, þótt leiðir liggi ekki alltaf nákvæmlega saman, þar sem bæði er kannske lagt upp frá nokkuð mismunandi sjónarhól og þá ekki stefnt alveg að sama marki. En fyrst hv. þm. verður svo tíðrætt um sannleiksást sína og sannleiksleit, þá virðist manni dálítið einkennileg braut, sem hann gengur í sínu nál. í þeirri leit, því að þegar hann talar m. a. um framkvæmdalánið, þá kemst hann svo að orði, að þegar leitað er svars við þessu, — hann er þá að leita að sannleikanum í sambandi við framkvæmdalánið, — þá hlýtur sá grunur að læðast að mönnum, að greiðsla lántökunnar sé fyrirhuguð með einhverju fjármagni, sem ekki þykir vert að sýna á fjárl. o. s. frv. Mér finnst það ákaflega einkennileg sannleiksleit að varpa fram slíkum dylgjum og glósum eins og hér koma fram og vil aðeins af því tilefni geta þess, að að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að framkvæmdalánið, sem tekið hefur verið í Englandi, verði allt endurgreitt af þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem fá þessi lán, og gersamlega ástæðulaust fyrir þennan sannleiksleitandi þm. að vera að gefa í skyn, að hér sé verið að fela eitthvað fyrir Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 180, 182 og 184, 175, 176, 181, 183, 189, 191, 192, 194).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 175,1.a samþ. með 47 shlj. atkv.
— 183,1—2 felld með 30:26 atkv.
— 175,1.b samþ. með 38 shlj. atkv.
— 183,3 felld með 29:25 atkv.
— 175,1.c—d samþ. með 35 shlj. atkv.
— 183,4 felld með 31:26 atkv.
— 175,1.e samþ. með 36 shlj. atkv.
— 183,5 felld með 31:26 atkv.
— 175,1.f samþ. með 37 shlj. atkv.
— 183,6 felld með 30:22 atkv.
— 175,1.g—h samþ. með 38 shlj. atkv.
— 183,7 felld með 29:23 atkv.
— 175,1.i—j samþ. með 37 shlj. atkv.
— 183,8 felld með 27:25 atkv.
— 175,1.k samþ. með 34 shlj. atkv.
— 183,9 felld með 30:25 shlj. atkv.
— 175,1.l—m samþ. með 36 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 175,2—4 samþ. með 33 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 176,1—6 felld með 27:9 atkv.
— 175,5 samþ. með 31:8 atkv.
— 176,7—9 felld með 27:9 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 175,6 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 176,10—11 felld með 30:7 atkv.
— 175,7—10 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 189,I felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG.

nei: AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, RH, SÁ SI, SÓÓ, FS.

BP greiddi ekki atkv.

3 þm. (BjörnJ, GÍG, PS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tel, að hér sér hreyft mjög merku máli, sem nauðsynlegt sé að leysa og það sem allra fyrst, en hins vegar sé málið ekki nægilega undirbúið til þess að taka inn 1 millj. kr. á fjárlög fyrirvaralaust, en í trausti þess, að dómsmrn. láti athuga þessi mál í framtíðinni og finni leiðir til þess að leysa þau, segi ég í þetta skipti nei.

11. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 175,11—13 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 176,12 tekin aftur.
— 175,14 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 191,I.1—2 tekin aftur.
— 176,13 felld með 31:22 atkv.
— 175,15—18 samþ. með 42 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 181,1 felld með 27:24 atkv.
— 176,14 felld með 30:25 atkv.
— 175,19.1—62 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 189,II tekin aftur.
— 175,19.63—123 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 181,2—3 felld með 31:25 atkv.
— 176,15 felld með 29:24 atkv.
— 175,20 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 181,4 felld með 30:24 atkv.
— 176,16 felld með 29:25 atkv.
— 175,21 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 181,5 felld með 29:25 atkv.
— 176,17—18 felld með 31:26 atkv.
— 175,22 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 181,6 felld með 32:26 atkv.
— 175,23 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 176,19 felld með 30:24 atkv.
— 175,24 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 189,III tekin aftur.
— 192,I tekin aftur.
— 175,25—27 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 181,7 felld með 31:26 atkv.
— 176,20 felld með 32:25 atkv.
— 175,28.1—24 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 189,IV felld með 30:16 atkv.
— 175,28.25—26 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 189,V.1 tekin aftur.
— 175,28.27—40 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 189,V.2 tekin aftur.
— 175,28.41—42 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 189,VI.1 felld með 30:16 atkv.
— 175,28.43—44 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 189,VI.2 felld með 32:17 atkv.
— 175,28.45—61 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 175,29—36 samþ. með 40 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 175,37—38 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 176,21 felld með 31:10 atkv.
— 175,39.a.1—38 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 192,II.1 tekin aftur.
— 175,39.a.39—81 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 189,VII tekin aftur.
— 175,39.b.1—4 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 191,II tekin aftur.
— 175,39.b.5—18 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 191,III.1 tekin aftur.
— 175,40.a samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 175,40.b.1—2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 192,II.2 tekin aftur.
— 175,40.b.3—5 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 191,III.2 tekin aftur.
— 176,22 felld með 29:15 atkv.
— 175,41—42 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 176,23 felld með 27:16 atkv.
— 181,8 felld með 29:26 atkv.
— 175,43—48 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 189,VIII.1 felld með 27:26 atkv.
— 175,49 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 175,50 tekin aftur.
— 175,51—53 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 189,VIII.2 felld með 29:16 atkv.
— 176,24 felld með 30:20 atkv.
— 175,54 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 189,VIII.3 tekin aftur.
— 175,55—58 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 176,25 felld með 29:14 atkv.
— 175,59—65 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 189,IX felld með 29:25 atkv.
— 189,X felld með 33:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GJóh, HS, HV, HermJ.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, BP, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, FS.

SkG, HÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjörnJ, GíslG, GÍG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á fjárl. yfirstandandi árs er fjárveiting til listamannalauna 1 millj. 550 þús. kr. Í till., sem nú liggja fyrir frá ríkisstj. eða frá hv. fjvn., er gert ráð fyrir því, að fjárveitingin verði á næsta fjárhagsári 2.1 millj. kr., hækki um 550 þús. kr. frá því, sem í gildi er á þessa árs fjárl. Hér er um meiri hækkun að ræða á listamannalaunum en nokkurn tíma áður hefur verið samþ. á einu ári, síðan farið var að veita listamönnum laun. Þess má og geta, að árið 1958 var fjárveiting til listamanna 1.2 millj. kr., svo að á næsta ári verða listamannalaunin næstum helmingi hærri en þau voru á fjárl. ársins 1958. Með sérstakri hliðsjón af því, að fyrir liggur, að Alþingi hækki fjárveitingu sína meira í þetta skipti en nokkru sinni áður, segi ég nei við þessari till.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Með tilliti til þess rökstuðnings, sem hæstv. menntmrh. viðhafði hér áðan um það, að listamannalaun hefðu ekki hækkað um nema hluta af hækkun fjárl. frá 1958, þá segi ég já.

Brtt. 175,66 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 191,IV felld með 28:14 atkv.
— 175,67 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 189,XI felld með 26:20 atkv.

Brtt. 189,XII felld með 28:15 atkv.
— 175,68—75 samþ. með 37 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 175,76 samþ. með 35 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 175,77—84 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 176,26 felld með 30:21 atkv.
— 175,85—92 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 176,27 felld með 29:22 atkv.
— 181,9 felld með 28:25 atkv.
— 175,93 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 176,28 felld með 30:18 atkv.
— 181,10 felld með 31:26 atkv.
— 175,94—96 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 181,11 felld með 29:23 atkv.
— 175,97 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 189,XIII.1 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 181,12 felld með 28:26 atkv.
— 189,XIII.2 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 176,29 tekin aftur.
— 191,V felld með 30:25 atkv.
— 175,98—101 samþ. með 39 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 181,13 felld með 28:25 atkv.
— 175,102 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 176,30 felld með 28:13 atkv.
— 175,103 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 176,31—33 felld með 28:23 atkv.
— 175,104 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 176,34 felld með 28:25 atkv.
— 175,105 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 191,VI tekin aftur.
— 175,106 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 189,XIV felld með 30:25 atkv.
— 189,XV felld með 31:16 atkv.
— 176,35 tekin aftur.
— 175,107 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 191,VII tekin aftur.
— 176,36 tekin aftur.
— 175,108 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 189,XVI felld með 31:14 atkv.
— 175,109—113 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 189,XVII felld með 28:15 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 33:1 atkv.
19. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 175,114 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 181,14 felld með 30:25 atkv.
— 189,XVIII felld með 29:23 atkv.
— 175,115 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 181,15 felld með 28:23 atkv.
— 176,37 felld með 30:24 atkv.
— 189,XIX samþ. með 40 shlj. atkv.
— 189,XX felld með 32:25 atkv.
— 175,116—122 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 189,XXI felld með 30:20 atkv.
— 175,123—124 samþ. með 33 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 175,125—128 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 176,38 felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB.
nei: BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, FS.
3 þm. (BjörnJ, GÍG, AGl) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er að efni til og orðalagi að heita má óbreytt 1. gr. frv., sem ég flutti í Nd. á þessu þingi. Það frv. fékk eðlilega fyrirgreiðslu, var þar tekið til umr. og vísað til n. og er þar í athugun. Í trausti þess, að frv. fái eðlilega afgreiðslu, segi ég nei við þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Brtt. 189,XXII felld með 30:21 atkv.
— 191,VIII felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG.
nei: JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, FS.
FRV greiddi ekki atkv.
3 þm. (AGl, BjörnJ, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 175,129—131 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 194 tekin aftur.
— 175,132—133.a—b samþ. með 35 shlj. atkv.
— 175,133.c samþ. með 42:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, EystJ, GíslG, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, HÁ, HS, IngJ, IG, JóhH, JÁ, JSk, JÞ, JP, JR, KK, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, ÓTh, PÞ, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, FS.
nei: EOl, GeirG, LJós.
ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, GJóh, HV, HermJ, KGuðj, SE greiddu ekki atkv.
4 þm. (AGl, BjörnJ, FRV, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 175,133.d samþ. með 40 shlj. atkv.
— 191,IX felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EðS, EOl, GeirG, GJóh, HV, JSk, KGuðj, LJós.
nei: BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, FS.
BFB, BP, EystJ, GíslG, HÁ, HS, HermJ, IG, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB greiddu ekki atkv.
4 þm. (BjörnJ, FRV, GÍG, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 191,IX varatill. felld með 28:15 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 196, n. 208, 209, 210, 212, 218).
Afbrigði um brtt. 209, 210, 212 og 218, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. fjárl. lauk, hefur fjvn. haldið nokkra fundi, farið yfir frv., brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr., og erindi og bréf, sem bárust til viðbótar. N. leggur til, að frv. verði breytt eins og till. á þskj. 212 segir. Hv. þm. Framsfl. og Alþfl. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Þá mun ég fara nokkrum orðum um till. n. á þskj. 212.

Við 11. gr. A. 1. e, endurbætur á dómhúsi hæstaréttar, hækkun um 125 þús. kr.

Við 11. gr. A. 6. a er hækkun launa vegna fjölgunar um einn starfsmann hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, tæpar 50 þús. kr.

Við 11. gr. A. 23. a, bifreiðaeftirlitið, það er vegna húsnæðis fyrir bifreiðaeftirlitið á Akureyri, 250 þús. kr., en b-liður: ÷ tekjur breytist um sömu upphæð, þannig að það kemur út slétt.

Við 11. gr. A. 26. b, áfengisvarnaráð, er lagt til, að það hækki um 50 þús. kr.

Við 12. gr. I. a, þ. e. landlæknisembættið, og IV. a, landsspítalinn, röntgendeild, og XI, embætti skólayfirlæknis, þessir liðir hækki um samtals rúmar 60 þús. kr., vegna þess að aðstoðarlæknisstaða á röntgendeild breytist í deildarlæknisstöðu og bætt er við einni stúlku á skrifstofu landlæknis og skólayfirlæknis.

Við 13. gr. A. I. 3, það er skrifstofukostnaður Vegagerðar ríkisins, er lagt til, að hann hækki um 110 þús. kr. Það er vegna flutnings skrifstofunnar í stærra og dýrara húsnæði.

Við 13. gr. A. II. d, skipting á fé til millibyggðavega.

Við 13. gr. A. III, liðurinn hækki um 1 millj, og fénu jafnframt skipt á einstakar brýr, eins og þar segir.

Við 13. gr. A. X, liðurinn fellur niður hér, kemur inn annars staðar, eins og síðar greinir.

Við liðinn 13. gr. A. II. e, þ. e. liðurinn til samgöngubóta á landi, 5.4 millj. kr., leggur n. til, að það fé skiptist milli kjördæma hlutfallslega eins og vegafé. Þá kemur í hlut einstakra kjördæma eins og hér segir:

Vesturlandskjördæmi	980 þús. kr.
Vestfjarðakjördæmi	1130 þús. kr.
Norðurlandskjördæmi vestra ..	710 þús. kr.
Norðurlandskjördæmi eystra ..	680 þús. kr.
Austurlandskjördæmi	1035 þús. kr.
Suðurlandskjördæmi	745 þús. kr.
Reykjaneskjördæmi	120 þús. kr.

Við 13. gr. A. XIV er nýr liður, kláfferja á Tungnaá, 350 þús. kr., fyrri greiðsla. Gert er ráð fyrir, að bændur greiði nokkurn hluta af kostnaðinum við þessa kláfferju og auk þess rafmagnsveitur ríkisins nokkurn hluta.

Við 13. gr. A. XVI, liðurinn hækki um 15 þús. kr., vegna þess að bætt er við einum bæ, Kirkjubóli í Langadal.

Við 13. gr. A. XX, það eru iðgjöld til slysatryggingar hjá Vegagerð ríkisins, hækki um 70 þús. kr., það er leiðrétting til þess að ná þeirri upphæð, sem slysatryggingin reyndist vera á s. l. ári.

Við 13. gr. C, hafnarbótasjóður, hækki um 200 þús. kr. vegna óveðursskemmda á Melgraseyri og í Ólafsvík.

13. gr. C. IX, nýr liður, ferjubryggjur, þótti réttara að hafa þann lið hér, eins og ég gat um við 2. umr., og er hann hækkaður, vegna þess að hann reyndist ekki mega vera lægri en þetta til þess að koma að gagni. Þetta eru sömu staðir og áður hafa verið nefndir í þessu sambandi.

Við 13. gr. D. 2. d, hækkun vegna slökkvideildar á Reykjavíkurflugvelli um 400 þús. kr. Það er talið alveg óhjákvæmilegt til öryggis vegna aukinnar umferðar um völlinn.

Við 13. gr. D. II. 5. e, af sömu ástæðu er talið nauðsynlegt aukið viðhald flugbrauta og lagt til, að sá liður hækki um 500 þús. kr.

Við 13. gr. D. IX. b, vegna flugskráningar, hækkar um rúm 90 þús. kr. vegna aukins kostnaðar. Um þann lið er það að segja, að það þarf að fá þann starfsmann, sem annast þetta, frá útlöndum, eins og nú standa sakir. Íslenzkur verkfræðingur er að afla sér þekkingar og reynslu á þessu sviði, en það er ekki talið, að hann muni verða fær um að taka þetta að sér fyrr en eftir eitt eða tvö ár hér frá. Þá breytist væntanlega þetta og verður eitthvað ódýrara, þegar hægt verður að fá innlendan mann til þess að annast það, og hann verður væntanlega búsettur hér.

Við 13. gr. D. IX, það er nýr liður, flugöryggiskerfi, 400 þús. kr. Það er til þess að hægt sé að taka í notkun nokkuð af tækjum, sem flugmálastjórnin þegar hefur fengið til aukins öryggis í innanlandsfluginu.

13. gr. D. X, alþjóðaflugþjónustan, hækkar um 100 þús. kr. vegna leiðréttingar. Auk þess eru nokkrar tilfærslur á liðnum, sem eru leiðréttingar frá því, sem áður var.

Við 13. gr. D, þ. e. tekjur af Reykjavíkurflugvelli hækki um 900 þús. kr. vegna aukinnar umferðar um völlinn.

Við 13. gr. E eru leiðréttingar, en upphæðirnar breytast ekki.

Við 13. gr. F. II, Skipaskoðun ríkisins, er lagt til að hækki um samtals 200 þús. kr. vegna aukins kostnaðar. Það er talið, að skipaskoðunin geti ekki leyst af hendi þá nauðsyn-

legu þjónustu til öryggis sjófarenda og annarra nema fá þessar hækkanir, sem þar er greint.

Við 13. gr. F. XI, nýr liður, til endurbóta við Geysi 80 þús. kr.

Við 14. gr. er hækkun til íslenzkra námsmanna. Það er vegna meiri fjölgunar en gert hafði verið ráð fyrir eða 7% fjölgunar námsmannanna í stað 5%, sem gert hafði verið ráð fyrir. Og auk þess er á þessum lið nokkur leiðrétting vegna skekkju, sem orðið hafði í útreikningi.

Við 14. gr. A. X. 23. b, ný barnaskólahús, það eru leiðréttingar, á að standa „annar áfangi" í stað „fyrsti".

Við 14. gr. A. X. 23. b, hækki um rúm 1300 þús. kr. vegna þeirra staða, sem taldir eru og bætt er við greinina.

Við 14. gr. A. X. 23. b, nýr liður, þrír skólabílar. Þetta hafði fallið niður við 2. umr., og upphæðin er samtals 130 þús. kr.

Við 14. gr. B. XII. c, til bókasafna og lesstofubygginga er lagt til að hækki í 300 þús. kr.

Við 14. gr. A. XII. e, nýr liður, til byggingar bókhlöðu á Akureyri vegna 100 ára afmælis kaupstaðarins 1 millj. kr.

Við 14. gr. A. XVII. 4, áhaldakaup fyrir heyrnleysingjaskóla, er lagt til að hækki um 30 þús. kr.

14. gr. A. XV, menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands, hækki um 15 þús. kr.

Við 14. gr. A. XXXVI, Ríkisútgáfa námsbóka, er lagt til að hækki um 200 þús. kr. vegna aukins kostnaðar.

Við 14. gr. B. XII, liðurinn fellur niður. Félagið starfar ekki lengur.

Við 14. gr. B. XIII. 20, nýr liður, 10 þús. kr. til Guðrúnar Helgadóttur skólastjóra til ritstarfa.

Við 14. gr. B. XVI, Bandalag íslenzkra listamanna, hækki um 25 þús. kr.

Við 14. gr. B. XLII, vísindasjóður, hækki um 50 þús. kr.

Við 14. gr. B. LII, til leiklistarstarfsemi. Þá vil ég geta þess, að fjárhæðin er miðuð við, að Leikfélag Reykjavíkur fái 150 þús. kr., Leikfélag Akureyrar og Kópavogs 30 þús. kr. hvort, önnur leikfélög, sem starfa á svæðum, þar sem skemmtanaskattur er greiddur, 15 þús. kr. hvert, annars staðar, þ. e. a. s. þar sem ekki er greiddur skemmtanaskattur, 8 þús. kr. Auk þess sé fullnægt skilyrðum um mótframlag og skýrslugerðir eins og verið hefur.

Við 14. gr. B. LIV, það eru tveir nýir liðir til söngvara, sem þar greinir frá, 8 þús. kr. til hvors.

Við 15. gr. XIII, hækki um 30 þús. kr.

Við 16. gr. A. 1, Búnaðarfélag Íslands, hækki um 100 þús. kr.

Við 16. gr. A. 10, búfjártryggingar, er lagt til að hækki um 100 þús. kr. Þetta er leiðrétting, sem hefur komið í ljós að nauðsynleg er, en gjaldið ber að greiða samkvæmt lögum.

Við 16. gr. A. 19. b, sjóvarnargarðar, hækki um 150 þús. kr. vegna tveggja staða, er bættust við.

Við 16. gr. A. 43, liðurinn hækki um 40 þús. kr.

Við 16. gr. E. I, undirliðirnir 1, 2 og 3, atvinnudeild háskólans hækki eins og þar segir um samtals 1 millj. og 98 þús. kr. vegna stóraukinnar starfsemi deildanna.

Við 16. gr. E. VIII, nýr liður, starfsfræðsla utan Reykjavíkur 30 þús. kr. Þykir réttara að hafa þennan lið hér, eins og ég gat um við 2. umr.

Við 17. gr. I. 3, það eru vatnsveitur, er lagt til að hækki um 230 þús. kr.

Við 17. gr. III. 8 er orðalagsbreyting.

Við 17. gr. III. 9, orlof húsmæðra, er lagt til að hækki í 550 þús. kr. eða um 100 þús. kr.

Við 17. gr. V. 7, sjúkraflug, hækki um 25 þús. kr.

Við 17. gr. V. 9, sumardvalarheimili, er lagt til að hækki um 85 þús. kr.

Við 17. gr. V. 11. d, dagheimili, er lagt til að hækki um 115 þús. kr. vegna tveggja heimila, er bætast við. Þetta er byggingarstyrkur.

Við 17. gr. V. 15. h, nýr liður, Geðverndarfélag Íslands, 25 þús. kr.

Við 17. gr. V. 16, neytendasamtökin, hækki í 75 þús. kr. vegna stóraukinnar starfsemi.

Um 18. gr. er það að segja, að greinin hefur verið yfirfarin, leiðrétt og bætt við skv. sömu reglum og undanfarin ár, og veldur það hækkun um 742213 kr.

Við 20. gr. Út V, það er byggingar á jörðum ríkisins, er lagt til að hækki um 200 þús. kr.

Við 20. gr. Út XI. 3, bygging sjómannaskólans, lagt til að hækki um 100 þús. kr. Enn er ólokið að ganga frá skólanum og lóðinni, og mun að vísu kosta meira fé en þetta.

Við 20. gr. Út, XI. liður, garðyrkjuskólinn á Reykjum, er lagt til að hækki um 100 þús. kr.

Við 20. gr. Út XXII, bygging á prestssetrum, hækki um 500 þús. kr.

Við 20. gr. Út XXVII, nýr liður, prestssetur í Odda, 300 þús. kr.

Þá kemur við 22. gr. XIX að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir Skipasmíðastöðina h/f í Stykkishólmi með venjulegum skilyrðum.

Við 22. gr. XX, síldarverksmiðjur, lagt er til, að ábyrgðarheimildin hækki í 50 millj. kr., vegna þess að umsóknum hefur fjölgað.

Við 22. gr. XXIV er nýr liður, að taka allt að 2 millj. kr. lán til byggingar við Hjúkrunarskóla Íslands. En ég er hér á eftir með skrifl. brtt., þar sem er lagt til, að orðalag á þessari gr. verði öðruvísi, eins og þar greinir og ég mun greina frá, þegar þar að kemur.

Við 22. gr. XXVI, nýr liður, að kaupa eignir Kol h/f að undangenginni rannsókn.

Við 22. gr., nýr liður, að kaupa eignir Ræktunarsambands Norðurlands, ef samningar nást.

Við 22. gr., að selja þær eignir, sem taldar eru. Það er leiðrétting á orðalagi og upptalningu, það vantaði á upptalninguna, eins og greinin var prentuð við 2. umr.

Við 22. gr. XXXVII, að ráðstafa eignum

Áburðareinkasölu ríkisins til rannsóknarstarfa, eins og greinir í till.

Við 22. gr. XXVII eru nýir liðir, að selja hús eitt, er rafmagnsveitur ríkisins eiga á Seyðisfirði, að selja úr landi Setbergs á Snæfellsnesi, selja lóð á Akranesi og í Stykkishólmi, enn fremur þrjár húseignir í Keflavík, eins og í greininni segir.

Við 22. gr. XXXII, að láta gera við togarann Þorstein þorskabít, sem er eign ríkissjóðs, og taka lán til þess, ef með þarf.

Við 22. gr. XXXIII er leiðrétting, orðið „ómerktum" fellur niður.

Við 22. gr. XXXVII, nýr liður, að festa kaup á skriðbíl og nota sem ferju á aurum Skaftafellssýslu.

Eins og fram mun koma í tillögum samvn. samgmn., mun n. leggja til 680 þús. kr. hækkun.

Þá kem ég að hinum skrifl. brtt. frá fjvn., sem ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir.

Það er í fyrsta lagi 14. gr. A. 31. a. 14 hækki um 120 þús. kr. Það er leiðrétting vegna eftirstöðva á greiðslu ríkissjóðs af kostnaði við byggingu gagnfræðaskóla, sem hafði lágst hjá eftirlitsmanni skóla að taka upp við 2. umr.

Og þá kem ég aftur að brtt., sem ég gat um áðan, við 22. gr. Það er lagt til, að liðurinn orðist svo: Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennaraskóla og hjúkrunarskóla.

Þá kemur við 22. gr. nýr liður, að taka lán allt að 70 millj. kr. til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur, Reykjanesbrautar, og enn fremur að verja fé því, er varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurvegar 1951—1962, að upphæð 5 millj. kr., til lagningar vegarins. Með beiðninni um þessa síðustu viðbót fylgdi svo hljóðandi bréf frá samgmrn., sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem kunnugt er, hefur verið ráðizt í að leggja steinsteyptan veg frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar og Álftanesvegar til Keflavíkur. Hefur verið unnið við vegarlagningu þessa í liðlega tvö ár, aðallega undirbyggingu vegarins, en nú í haust steyptur 3.65 km kafli fyrir ofan Hafnarfjörð. Heildarkostnaður um miðjan fyrra mánuð nam um 33 millj. kr., og hefur hann verið greiddur með lánum, sem tekin hafa verið hjá Framkvæmdabanka Íslands, 10 millj. kr., bráðabirgðaláni hjá Seðlabanka Íslands um 3.8 millj. kr., og auk þess varið til þessara framkvæmda 5 millj. kr., sem varnarliðið greiddi vegna afnota af veginum 1951—1962. Þá er nú fáanlegt, á svipaðan hátt og fyrrgreint 10 millj. kr. lán, lán, sem tekið var af svonefndu PL-480 fé, nýtt bandarískt lán, að upphæð 11 millj. 890 þús. kr.

Það hefur lengi verið álit þeirra, sem um vegamál fjalla, að stefna beri að því að gera steypta vegi á köflum, þar sem umferð er mest. Ekki verður um það deilt, að Keflavíkurvegur, Reykjanesbraut, er langfjölfarnastur íslenzkra þjóðvega, með yfir þúsund bifreiða umferð á dag að staðaldri. Var því eðlilegt að ráðast í að steypa þann veg, enda ógerningur að halda malarvegi við, þegar umferð er orðin jafnmikil. Vitað er, að ef vinna á að verkinu með fullum krafti á næsta ári, þarf að afla verulegs lánsfjár. Eins og fyrr segir, hefur lagning vegarins til þessa að mestu verið kostuð með lánum. Er gert ráð fyrir, að lánin verði a. m. k. að nokkru leyti greidd með sérstöku umferðargjaldi, sem þeir, er um veginn fara, greiði. Í athugun er að óska heimildar Alþingis til að leggja á slíkt umferðargjald. Athugandi er, að m. a. vegna innheimtukostnaðar kemur ekki til greina að leggja á umferðargjald, nema þar sem umferð er að staðaldri mjög mikil. Hefur því Keflavíkurvegur að þessu leyti einnig sérstöðu vegna mikillar umferðar innlendra og erlendra bifreiða.

Ráðuneytið hefur talið, að ekki þyrfti að afla sérstakrar heimildar til, að Framkvæmdabanki Íslands endurlánaði Vegagerð ríkisins hluta hinna svonefndu PL-480 lána, og nægði til þess hin almenna heimild til töku þessara lána. Þar sem ríkisstj. vill beita sér fyrir, að útvegað verði lánsfé til áframhalds umræddrar vegalagningar eftir öðrum leiðum, telur ríkisstj. rétt, um leið og óskað er heimildar Alþingis til slíkrar lántöku, að æskja einnig heimildar Alþ. til töku fyrri lánanna, þar sem vefengt hefur verið í umr. á Alþingi oftar en einu sinni, að hin almenna heimild til töku PL-lánanna nægi. Væntir rn. þess, að Alþingi fallist á þetta, þar sem þeir, er vefengt hafa, að hin almenna heimild nægi, hafa lýst yfir því oftar en einu sinni, að ekki sé um efnislega gagnrýni að ræða á nauðsyn vegalagningarinnar og lántöku í því sambandi, heldur aðeins haldið því fram, að afla hefði átt sérstakrar lántökuheimildar, eða m. ö. o. gagnrýnt formhlið málsins.

Með skírskotun til framanritaðs er þess hér með óskað, að hv. fjvn. Alþ. beiti sér fyrir, að tekin verði upp í 22. gr. fjárl. 1963 heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán að fjárhæð allt að 70 millj. kr. til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur, og enn fremur að verja fé því, er varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurvegar 1951—1962, að upphæð 5 millj. kr., í lagningu steinsteypts vegar til Keflavíkur.

Ingólfur Jónsson,
Brynjólfur Ingólfsson."

Verði till. fjvn. og till. samvn. samgm., sem ég skýrði frá hér áðan, samþ., verða niðurstöðutölur á sjóðsyfirlitinu 2 198 075 000 kr., út verða 2 189 032 081 kr. Greiðslujöfnuður verður þá 9 072 919 kr.

Þá sé ég ekki ástæðu til þess að ræða fleira um þetta að sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 223) leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 208 hefur samvinnunefnd samgöngumála lagt fram nál., þar sem hún gerir till. sínar um framlög úr ríkissjóði til flóabáta og vöruflutninga á fjárl. fyrir árið 1963. Allir nm. standa sameinaðir að þessum till., eins og nál. ber með sér. Ég mun með nokkrum orðum gefa hv. alþm. nokkru fyllri upplýsingar varðandi fjárframlög ríkissjóðs til þessarar þjónustu en fram kemur í nál., svo og um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á þessu ári og miða að því að bæta þessa þjónustu.

Í sambandi við Norðurlandssamgöngur leggur n. til, að framlag til Drangs, sem hefur reynzt hentugt og gott skip, verði hækkað um 100 þús. kr. eða verði ákveðið 800 þús. kr. á næsta árs fjárl. — Strandabátur hefur fengið 160 þús. kr. framlag í 3 ár eða fyrir árin 1960—1962, en eftir upplýsingum frá formanni Skipaútgerðarinnar var úthaldstími bátsins 6 mánuðir árið 1960, 6½ mánuður á árinu 1961, en aðeins 4 mánuðir á þessu ári. N. hefur þó öll þessi ár bundið fjárframlagið því skilyrði, að úthaldstími bátsins væri allt að 8 mánuðum. N. hefur þrátt fyrir þessar misfellur enn gert till. um, að Strandabátur fái 160 þús. kr. framlag, og enn gert tilmæli um það, að úthaldstími bátsins verði allt að 8 mánuðum. — Lagt er til af n., að Haganesvíkurbátur fái 5 þús. kr. hækkun eða nú 25 þús. kr., sem í raun og veru er framlag vegna hins háa tilkostnaðar, sem íbúar Haganesvíkur og nágrennis hafa af þeim vandkvæðum, að Drangur hefur oftast viðkomu að næturlagi, sem veldur stórauknum kostnaði fyrir þá aðila, sem vörurnar eiga. — Hríseyjarbáti er ætlað sama framlag í ár, sem er 30 þús. kr. — Framlag til Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki um 7 þús. kr. eða í 50 þús. kr. Þá leggur n. til, að veittar verði 20 þús. kr. til hreppsnefndar Grímseyjar til að tryggja eyjarbúum flugferðir á hálfs mánaðar fresti. Fyrirhugað er að semja við Tryggva Helgason flugmann, að hann taki að sér að veita þessa þjónustu.

Til Austfjarðasamgangna er gert ráð fyrir sama fjárframlagi til Loðmundarfjarðarbáts eða 50 þús. kr. — Framlag til Mjóafjarðarbáts er gerð till. um að hækka um 20 þús. kr. eða í 130 þús. kr. Er þá ráð fyrir gert, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar á sama hátt og undanfarin ár. Af framlagi til Mjóafjarðarbáts eiga að renna 50 þús. kr. til snjóbílaferða frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði til Héraðs, eins og áður hefur tíðkazt.

Um framlög vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu leggur n. til, að upphæðin verði hin sama og á þessu ári eða 270 þús. kr., og að framlag vegna vöruflutninga til Öræfa verði hækkað um 22 þús. kr. eða í 130 þús. kr. — Þá leggur n. til, að framlag til Vestmannaeyjabátsins Herjólfs verði hækkað um 50 þús. kr. eða í 200 þús. kr. Hér er um nokkurt vandamál að ræða. Það munu vera nær 1500 smál. af nýmjólk, sem Herjólfur annast flutninga á frá Mjólkursamsölunni til neytenda í Vestmannaeyjum. Eftir því sem forstjóri ríkisskipa upplýsir, telur Mjólkursamsalan sig taka það mikinn þátt í kostnaði við mjólkurflutningana, að það verð, sem hún fær fyrir Vestmannaeyjamjólkina, sé hið sama og Mjólkursamsalan fær fyrir vinnslumjólk almennt. Herjólfur, sem annast flutninginn, mun ekki geta selt þá þjónustu á lægra verði, og að sjálfsögðu vilja neytendur í Vestmannaeyjum ekki greiða hærra verð fyrir mjólkina en hún er seld öðrum neytendum víðs vegar á landinu. Það er því þrautalendingin, að ríkissjóður taki enn nokkurn kostnað á sig með því að hækka framlagið til Vestmannaeyjabátsins vegna mjólkurflutninga, eins og n. leggur til, eða um 50 þús. kr.

Í sambandi við Faxaflóasamgöngur leggur n. til, að framlag til Akraborgar eða til Skallagríms h/f verði hækkað um 100 þús. kr. og verði þar með 960 þús. kr. á árinu 1963. — Framlag til Mýrabáts leggur n. til að verði hækkað úr 450 þús. kr. í 500 þús. kr.

Í sambandi við Breiðafjarðarsamgöngur leggur n. til, að framlag til Flateyjarbátsins Konráðs verði hækkað úr 230 þús. kr. í 290 þús. kr. Þessi bátur er allan ársins hring í notkun og veitir mikla þjónustu í hinum strjálu byggðum á norðanverðum Breiðafirði. Af framlagi Konráðs er gert ráð fyrir að 20 þús. kr. renni til vetrarferða á Barðaströnd til Patreksfjarðar eftir óskum héraðsbúa. — Þá leggur n. til, að framlag til Stykkishólmsbátsins Baldurs verði hækkað um 140 þús. kr. í 800 þús. kr. Mótorbáturinn Baldur hefur gengið allan ársins hring og veitt langa og góða þjónustu á Breiðafirði, enda dugmiklir menn og gætnir, sem annazt hafa skipstjórn á bátnum og rekstur hans. Á þessu ári hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að fara að óskum Breiðfirðinga um að gefa loforð um að leggja fram nokkurt fé til, að Baldur h/f geti komizt yfir nýtt skip, nýjan Stykkishólmsbát, sem á að gegna sömu þjónustu og Breiðafjarðarbátar hafa veitt Breiðafjarðarbyggðum í 60 ár, sem sé að annast ferðir milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna. Er það vissulega ósk allra Breiðfirðinga, að vel takist með kaup og rekstur hins nýja skips. — Þá leggur n. til, að framlag til Langeyjarnesbáts verði hið sama og í ár eða 40 þús. kr.

Í sambandi við Vestfjarðasamgöngur leggur n. til, að Djúpbáturinn Fagranes fái hækkun á framlagi sínu um 140 þús. kr. eða í 800 þús. kr. Þá er jafnframt gengið út frá því, að ekki verði tekin upp á 22. gr. fjárl. heimild til ríkisstj. að greiða bátnum 100 þús. kr., eins og framkvæmt hefur verið á fjárl. fyrir árin 1961 og 1962. Það er eins ástatt með mótorskipið Fagranes og mótorbátinn Baldur, að það er ekki talið fært um að gegna þjónustustörfum sínum við Ísafjarðardjúp miklu lengur, svo að vel sé, og hefur því Djúpbáturinn h/f gert samning um smíði og kaup á skipi frá Hollandi, sem væntanlega kemur til landsins seint á næsta ári. Hefur hæstv. ríkisstj.

sýnt áhuga og velvild til þess héraðs með því að lofa hliðstæðri fyrirgreiðslu til hins nýja Djúpbáts og til Stykkishólmsbátsins. Er það vissulega ánægjulegt, að vissa er fengin fyrir því, að þessi tvö byggðarlög, byggðin við Ísafjarðardjúp og við Breiðafjörð, skuli eiga í vændum stórbætta þjónustu á sjó með tilkomu hinna nýju flóabáta. — Þá leggur n. til, að Dýrafjarðarbátur og Skötufjarðarbátur fái hækkun, sem nemi 5 þús. kr. á hvorn bát, þannig að framlag til þeirra verði 15 þús. kr., og framlag til Patreksfjarðarbáts verði hækkað úr 10 þús. kr. í 20 þús. kr.

Eins og tilgreint er í nál. á þskj. 208, gera till. n. ráð fyrir, að framlögin í heild til flóabáta og vöruflutninga nemi 4 millj. og 800 þús. kr., og í samræmi við það hefur n. flutt brtt. á þskj. 210, V, að liðurinn verði hækkaður úr 4120500 kr. í 4 millj. 800 þús.

Eins og fram er tekið í nál. á þskj. 208, hefur samvinnunefnd samgöngumála það í huga, er þing kemur saman að nýju í janúarlok, að flytja till. til þál. um skipun n. til að endurskoða og gera till. um framtíðarskipun þessara samgöngumála, svo að fjárframlög þau, sem ríkissjóður leggur fram árlega til þessarar þjónustu, megi koma að sem beztum notum fyrir það fólk, sem þeirra á að njóta.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um nál. og brtt. n., en vænti þess, að hv. alþm. veiti þeim fylgi sitt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ætlunin var að mæla hér nokkur orð fyrir brtt., sem við flytjum saman fjórir þm. Austf. Því miður eru þær nú ekki komnar á borð hv. þm., en eru víst rétt ókomnar, en ég ætla samt að leyfa mér að mæla fyrir þeim og reyna að gera það þannig í fáum orðum, að ekkert tjón verði af því, þó að menn hafi þær ekki núna fyrir framan sig.

Það eru fyrst vegir. Við leggjum til, að til Bakkafjarðarvegar verði veittar 50 þús. kr. Til þessa vegar hefur ekki verið veitt nú um sinn, en mikil þörf á endurbótum á þessari leið í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu, og gerum við till. um 50 þús. kr. í þessu skyni.

Þá er næst till. um að hækka framlag til vega í Vopnafirði um 200 þús. kr., en eins og stendur eru 200 þús. kr. veittar í þessa vegi á fjárlfrv., og er það sama fjárhæð og veitt var til þessara vega 1958. Sjá allir, hve gífurlega hefur verið lækkað framlag til veganna í þessari sveit á þeim tíma með því að láta fjárhæðina standa óbreytta. En nú hagar þannig til þarna, eins og víðar, að mjólkurframleiðsla er mjög að aukast og þar með mjög þörfin fyrir vegi, sem geti verið nothæfir allan ársins hring. Hér hefur því farið saman stórlega minnkað framlag til vegagerðar, en jafnframt stóraukin þörf fyrir vegina. Því stingum við upp á, að þessi fjárhæð verði hækkuð um 200 þús. kr.

Þá koma næst till. um að leggja 100 þús. kr. í hvern þeirra fjögurra vega, sem ég nú mun greina, þ. e. Jökulsárhlíðarveg, Hróarstunguveg nyrðri, Hróarstunguveg eystri, sem er á austurbakka Lagarfljóts, þótt hann sé kenndur við Hróarstungu, og Hjaltastaðaveg í Hjaltastaðaþinghá. Til þessara vega er ekki einn einasti eyrir á fjárlfrv., eins og það er nú, en í öllum þessum sveitum er þannig ástatt, að vegir eru afar slæmir og hafa lítt eða ekki verið endurbættir nú síðustu árin, en í öllum þessum sveitum er mjög vaxandi mjólkurframleiðsla og stóraukin þörf fyrir vegi, sem hægt sé að fara allan ársins hring. Ástandið í þessum efnum er sannast að segja meira en bágborið, og viljum við vonast eftir því, að hv. þm. sjái sér fært að ljá þessum till. lið.

Þá er næst till. um að leggja 100 þús. kr. til Borgarfjarðarvegar. Þetta er vegurinn innansveitar í Borgarfirði eystra, en þar er ákaflega mikil þörf á betri vegum en þar eru nú, og hefur lítið verið að unnið nú um sinn. Er það okkar till., að úr því verði bætt með 100 þús kr. framlagi.

Þessir vegir, sem ég nú hef greint, eru allir í Norður-Múlasýslu.

Kem ég þá að vegunum í Suður-Múlasýslu, sem við flytjum brtt. um. Er þá fyrst svonefndur Vaðlavíkurvegur, sem liggur frá Eskifirði og út í Vaðlavík um Helgustaðahrepp. Í þennan veg er ekkert veitt á fjárlfrv., eins og það nú liggur fyrir, og leggjum við til, að til þessara vega verði lagðar 100 þús. kr. Það var sú venja að veita nokkuð árlega til þessa vegar, þangað til nú fyrir örfáum árum, að því var hætt, og var ekkert lagt til þessa vegar s. l. ár, en nú leggjum við til, að þar verði upp tekinn þráðurinn, sem frá var horfið.

Þá leggjum við til, að til Vattarnesvegar gangi 50 þús. kr., en þetta er leiðin af Fáskrúðsfjarðarveginum sunnan Reyðarfjarðar út í Vattarnes, sem er fiskimannabyggð við Reyðarfjörðinn sunnanverðan og raunar rekinn þar nokkur landbúnaður líka. Vegarspottinn þangað af Fáskrúðsfjarðarveginum er með öllu óviðunandi, en þar að auki kemur til, að í framtíðinni er gert ráð fyrir, að vegurinn liggi með sjónum áfram þessa leið til Fáskrúðsfjarðar, þannig að þetta fé kemur að fullu gagni einnig á alfaraleiðinni, sem verður með tímanum, jafnframt því sem það mundi bæta nú þegar nokkuð úr því erfiða ástandi, sem er á Vattarnesi sjálfu að þessu leyti.

Þá leggjum við til, að hækkað verði framlag til Fáskrúðsfjarðarvegar um 100 þús. kr., en það hefur nú um sinn verið lagt mjög lítið til þessa vegar. Hann er milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Kaflar í honum eru mjög slæmir og með öllu óviðunandi, og snertir það líka samgöngur innansveitar ekkert síður en á milli kauptúnanna og möguleika manna til þess að komast í kaupstaðina beggja vegna, annars vegar til Reyðarfjarðar og hins vegar að Búðum í Fáskrúðsfirði. En á þessum slóðum fara fram flutningar á landbúnaðarafurðum í þorpin, fyrir utan það, sem þessi vegur tengir saman þorpin sjálf og er hluti af aðalleiðinni með sjónum á Austfjörðum. Við leggjum til, að 100 þús. kr. verði lagð-

ar fram til að hækka þá litlu fjárveitingu, sem er í fjárlagafrv.

Þá leggjum við til, að framlag til Stöðvarfjarðarvegar verði hækkað um 140 þús. kr. Til hans eru ætlaðar 410 þús. í frv., en þetta er leiðin áfram suður á bóginn frá Fáskrúðsfirði suður með fjörðunum, sem nú hefur verið tengd við Breiðdalinn og þar með við aðalleiðina suður eftir lengra. Sá er hængur á, að á þessari vegargerð hvíla mjög verulegar skuldir, nokkru meiri skuldir en nemur framlaginu, sem til hans er nú í fjárlfrv. Og þótt nú hafi verið gert fært á milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar, en þar var haft á þessari leið, þá er ekki því að leyna, að víða á leiðinni á milli Breiðdals og Fáskrúðsfjarðar eru slæmir farartálmar. Má þar t. d. nefna læk einn, sem gerist mönnum mjög örðugur við Vík í Fáskrúðsfirði, og annan slæman farartálma á leiðinni við Hafnarnes, svokallaða Garðsá, sem einnig mundi verða lagfærð með framlögum af vegafé. Er ekki því að leyna, að þessi hækkun, sem við stingum upp á, er að sumu leyti miðuð við, að hægt væri að bæta úr þessum ágöllum, sem við óttumst að ekki verði mögulegt, ef fjárveitingunni verður haldið eins og hún er á frv. Hér er um mjög slæma farartálma að ræða, auk þess sem vegurinn er náttúrlega afar ófullkominn á stórum köflum þar að auki.

Þá kemur næst till. um að hækka framlag til vega í Breiðdalnum: annars vegar að veita 50 þús. kr. til vegagerðar í Norðurdal í Breiðdal og hins vegar að hækka þá fjárhæð, sem ætluð er til vega í Breiðdal annars staðar, um 50 þús. kr. Þannig er ástatt, að vegir í þessum dal, sem er myndarleg sveit og raunar tveir dalir, þótt í daglegu tali sé kallaður Breiðdalur einu nafni, eru afar ófullkomnir og valda miklum erfiðleikum. Hefur framlag til veganna í dalnum verið lækkað frá því, sem það var orðið fyrir nokkrum árum. Það var klipið af því og látið að vísu ganga til að leggja í þetta haft, sem ég var að lýsa áðan, á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. En vegirnir í þessum dal máttu alls ekki við því að missa neitt, og var því illa farið, að framlag til þeirra skyldi nokkru sinni vera lækkað, hefði þurft að fá að standa a. m. k. eins og það var. Þessar till. tvær eru fram komnar í því skyni að rétta hlut þessa byggðarlags ofur lítið að þessu leyti til.

Þá er næst Berufjarðarvegur. Það er leiðin úr Breiðdalnum og áfram suður á bóginn inn fyrir Berufjörð og kölluð þessu nafni til Djúpavogs. Þetta er mikil vegalengd og grýtt og erfið strönd um að fara og ástand vegarins á þessum slóðum hið versta. Þetta er hluti af aðalþjóðleiðinni umhverfis landið. Þessi kafli úr Breiðdalnum og suður til Lónsheiðar, sem heitir Berufjarðarvegur og Geithellnavegur, sem við höfum tillögu um líka, sem ég kem að næst á eftir, — þessi kafli er þannig, að svo búið getur alls ekki lengur staðið og ekkert réttlæti heldur í því, þar sem þetta er á aðalleiðinni umhverfis landið og er einn versti kafli á allri leiðinni.

Þetta er ekki aðeins kjördæmamál. Þarna ferðast fjöldi manns hvaðanæva að af landinu eftir þessari leið, eins og gefur að skilja, og það hefur mikla almenna þýðingu að fá þessa leið í betra horf. Eins og sakir standa núna verða menn oft fyrir töfum á ferðalögum sínum og skemmdum á farartækjum vegna þess, hve þarna er enn þá illa frá vegunum gengið. Sérstaklega kemur til, að þarna er urmull af lækjum, sem þarf rennur á, sem kostaðar eru af vegafé. Hefur verið svo lítið framlag til þessara vega nú lengi, að það hefur alls ekki verið mögulegt að ná vatninu af veginum, svo að við sé hægt að una. Ef þessi till. yrði samþykkt, mundi þarna verða 490 þús. kr. framlag til vegarins. Röðin er raunverulega komin að því að gera þarna talsvert átak, það er ekkert um það að villast. Hygg ég, að hv. þm. mundu sannfærast um það, ef þeir hefðu ástæðu til að kynna sér málið sjálfir.

Næst er svo Geithellnavegur. Það er framhaldið frá Djúpavogi og suður að Lónsheiði. Má segja alveg nákvæmlega sama um þessa leið í aðaldráttum og ég greindi frá varðandi veginn inn fyrir Berufjörðinn. Leggjum við því til, að þessi fjárhæð, sem til þessa vegar á að ganga, verði hækkuð upp í 390 þús., með sams konar rökum, en þessum fjárveitingum er skipt í tvennt, vegna þess að ástand Geithellnavegar frá Djúpavogi og suður í Álftafjörðinn er svo slæmt, að það væri alls ekki verjandi að setja þetta í eina fjárhæð og láta vinna fyrir það allt saman inn fyrir Berufjörðinn norðan Djúpavogs. Því verður að skipta þessu og bæta úr á báðum leiðunum því allra versta. Sumar torfærurnar, sem enn eru ekki komnar í lag á Geithellnaveginum t. d., eru þannig, að það væri ekki forsvaranlegt að láta þær bíða. Þess vegna verður að halda áfram að tvískipta þessari fjárveitingu, þótt hún eigi öll að ganga í þennan hluta aðalleiðarinnar, en kaflinn um Breiðdal og Berufjörð og suður til Lónsfjarðar er einn af þeim örfáu á aðalleiðinni, sem ekki eru komnir í sæmilegt horf. Ég vil biðja menn að taka eftir þessu, vegna þess að af því leiðir, að hér er ekki aðeins um sérmál þessa fólks að ræða, sem þessar byggðir skipar, heldur almennt samgöngumál, sem kemur öllum landsmönnum við.

Þetta var um vegina í Suður-Múlasýslu.

Þá koma loks vegir í Austur-Skaftafellssýslu. Og er þá fyrst, að við leggjum til, að framlag til Mýravegar verði hækkað um 100 þús. kr. Þetta er vegurinn suður frá nýju brúnni á Hornafjarðarfljóti og heitir Mýravegur. Það varð auðvitað að breyta veginum í sambandi við nýju brúna og ekki enn þá komið í verjandi horf sambandið við hana syðra megin, og er þetta ætlað til að bæta úr því.

Þá er í Suðursveitinni, næstu sveit fyrir sunnan Mýrarnar, þar stingum við upp á, að

hækkað verði framlagið um 100 þús. kr., og höfum þá í huga ákveðinn kafla á leiðinni, sem er nálægt Hestgerði í þeirri sveit, en þar er allmikið óunnið. Við förum ekki stærra í þetta en að stinga upp á 100 þús. kr. í þessu skyni.

Þá er loks í þessari sýslu Öræfavegur. Til hans eru ætlaðar 110 þús. kr. í fjárlfrv., en við leggjum til, að það verði hækkað um 100 þús. kr., þannig að í þetta byggðarlag fari 210 þús. Sannast að segja er ekki vansalaust að okkar dómi að ætla minna til veganna í Öræfunum.

Ég hygg, að flestir geri sér grein fyrir því, hvað Öræfabyggðin er merkileg byggð á margan hátt. Þjóðin ætti að sýna metnað sinn í því að standa fast með því fólki, sem byggir þetta sérstæða og merkilega byggðarlag. Það væri stórfellt þjóðartjón, ef t. d. til greina kæmi, að slík byggð legðist í eyði. Því finnst okkur, að það ætti að leggja meira til veganna þar en fyrirhugað er í frv.

Ég veit ekki, hversu margir þm. hafa komið í Öræfin. Ég ætla ekki að reyna að lýsa þeim fyrir mönnum. Þetta er mikill töfraheimur að öllu leyti, og það er ekki aðeins, að Öræfingar sjálfir þurfi á vegum að halda, heldur fara menn hundruðum saman árlega eins konar pílagrímsferðir sér til sálubótar í Öræfin á sumrin. Þurfa menn sannarlega á því að halda að geta komizt þar fram og aftur um byggðarlagið án þess að þurfa að hætta lífi og limum eða verða fyrir óeðlilegum töfum og skakkaföllum.

Kem ég þá að brúnum. Fyrst tel ég þá till. um að leggja 700 þús. kr. til að brúa Kotá í Öræfum. Þessi á, Kotá í Öræfum, er hið mesta foraðsvatnsfall og hefur flæmzt þar um stóra spildu, rótað upp jörðinni og eyðilagt gífurlegt landflæmi. Auk þess er hún hinn allra versti farartálmi og oft og tíðum furðulegt, að takast skuli að brjótast þar yfir á bifreiðum og stundum náttúrlega alls ómögulegt. Það er sjálfsagt eingöngu vegna þess, hversu mikið er þarna af stórfenglegum vatnsföllum, að ekki er búið að brúa þessa á. Það mundi vafalítið vera búið að brúa hana víðast hvar annars staðar, þar sem í færri horn er að líta varðandi vatnsföllin. Ég hygg satt að segja, að ættu hv. alþm. kost á því að sjá Kotá í slæmu skapi, mundu þeir ekki hika lengi við að greiða atkvæði með þessari till. um fjárveitingu til að koma henni undir brú. Auk þess sem hér er um stórkostlegt samgöngubótamál að ræða, sem ekki aðeins snertir Öræfinga, heldur líka alla þá pílagríma, sem ég var að lýsa áðan, þá bætist við, að ef Kotá yrði brúuð og hlaðnir að henni veggir stórir, eins og farið er að tíðkast, þá mundi koma í gagnið á næstu árum stórkostlegt landflæmi, sem áin fram að þessu hefur eyðilagt af og til og eiginlega jafnóðum og því hefur farið eitthvað fram. Ég kann ekki að lýsa því, hversu mikið land það yrði, sem þarna kæmi upp, ef svo mætti segja, en ég er ekki í vafa um, að það yrði nægilegt margra jarða land, það yrði nægilegt land fyrir mörg býli. Samhliða því sem hér er samgöngumál, þá er einnig um stórkostlegt landnám að ræða, raunar eins og orðið hefur í þessum sveitum mörgum við brúargerðirnar. Það hefði verið gaman og gagnlegt, ef hv. þm. hefðu getað séð t. d. það, sem gerzt hefur í þessu tilliti í Lóni, þegar Jökulsá í Lóni var brúuð, og við Hornafjarðarfljót. Það má segja, að friðað hafi verið frá vatnagangi margra hreppa land. Það mætti koma upp mörgum byggðarlögum á því landi, sem frelsað hefur verið með fyrirhleðslunum við þessar ár. Það hafa ekki aðeins verið samgöngumál að brúa þessi vatnsföll í Skaftafellssýslu, sem flæmast um allt, heldur stórfellt landnám. — Þetta var nú um brú á Kotá. Hún kostar eina milljón, brúin. Við höfum nú ekki farið frekar í en að stinga upp á, að veittar yrðu í þessu skyni 700 þús. kr. Það er ekki alveg nægilega mikið fyrir brúnni, en kannske mundu verða einhver ráð að kría út til bráðabirgða það, sem á vantaði, ef þessi fjárhæð yrði samþ.

Þá bregð ég mér aftur norður í Vopnafjörð í sambandi við brúamálin og bendi á, að við flytjum till. um að brúa Vesturdalsá í Vopnafirði hjá Ytri-Hlíð. Vesturdalsá er mikið vatnsfall og rennur á kaupstaðarleið Vopnfirðinga, sem eiga heima í innanverðum Vesturdal. En þannig háttar, að þeir, sem búa í innanverðum Vesturdalnum, eiga ekki aðra tiltæka akleið í kaupstaðinn en yfir þessa óbrúuðu á. Það er vegna þess, að vegur liggur aðeins öðrum megin í dalnum, en vegur er ekki kominn norðan megin í dalnum. Verða menn því að brjótast yfir ána á kaupstaðarleið sinni. En þarna er mikil og myndarleg byggð, mjög myndarleg byggð og óvenjulega vel búið, eins og raunar yfirleitt í Vopnafirði, því að þar er byggðin mjög til fyrirmyndar, og væri sannarlega ástæða til að hlaupa undir bagga með þessu fólki með því að brúa Vesturdalsána. Það kostar 780 þús. kr.

Nú man ég, að ég gleymdi að geta um það áðan, í sambandi við það, sem ég sagði um Austur-Skaftafellssýslu og brúna á Kotá, að það er ekki á fjárlfrv. ein einasta króna til brúargerða í Austur-Skaftafellssýslu. Það er sennilega í fyrsta skipti um nokkurra áratuga skeið, að slíkt skeður, í fyrsta skipti um langa hríð, að ekki er veitt ein einasta króna á fjárlfrv. til brúargerða í Austur-Skaftafellssýslu. Ég bið hv. þm. að taka eftir því. En til brúargerða í Norður-Múlasýslu eru aðeins veittar smáar fjárhæðir í tvær brýr, sem að miklu leyti er búið að byggja fyrir fram.

Þá kem ég að brúm í Suður-Múlasýslu. En það er þannig núna í fjárlfrv. varðandi brýr í Suður-Múlasýslu, sem er einhver stærsta sýsla landsins og þar sem fullt er af óbrúuðum vatnsföllum, að það eru veittar samkv. till. fjvn. einar 300 þús. kr. til brúa í sýslunni, og það er fjórði hlutinn af því, sem þarf til þess að byggja upp að nýju eina gamla brú. Það er ekki ein einasta króna veitt á fjárlfrv. til þess að byggja nýjar brýr í allri Suður-

Múlasýslu, — ekki ein króna. Það er ekki einu sinni, að myndarskapur þess meiri hl., sem hér ræður, nái til þess, að fé til að endurbyggja gamla brú í sýslunni sé tekið af því fjármagni, sem varið er til að endurbyggja gamlar brýr eftir fjárl., heldur verður að setja einnig 1/4 af því yfir í fjárveitingar til nýrra brúa. Og það á svo að verða til þess, að ekki komi ein króna, ekki grænn eyrir, til nýrra brúa í allri Suður-Múlasýslu.

En við leyfum okkur að stinga upp á, að úr þessu verði dálítið bætt og veittar verði 780 þús. kr. til viðbótar þeim 100 þús. kr., sem fyrir eru af geymdu fé, til að brúa Selá í Álftafirði. Það eru eitthvað 4 ár síðan byrjað var að veita fé í þessa brú, það var áður en viðreisnin hófst. Og það situr enn við þær sömu 100 þús. kr., sem alltaf hafa verið geymdar síðan, hefur ekki eyrir bætzt við á fjárlögum. En nú leggjum við til, að hv. Alþingi samþykki 780 þús. kr. í þessa brú, þannig að hægt sé að byggja hana næsta sumar.

Enn fremur leyfum við okkur að leggja til, að til Norðurdalsárbrúar í Breiðdal verði einnig veittar 600 þús. kr. Teljum við það enga frekju að fara fram á, að þessi tvenn framlög séu veitt til brúargerða í Suður-Múlasýslu, þegar athugað er ástand þessara mála í heild, þar í sýslu og annars staðar á landinu. En við mótmælum því sem alveg sérstakri, — mér liggur við að segja ofsókn í garð Sunnmýlinga, að það skuli vera hugmyndin að veita aðeins 300 þús. kr. til brúargerða í allt þetta byggðarlag, eða sem svarar 1/4 hluta af því, sem þarf til að endurbyggja eina gamla brú. Það hefði einhvern tíma ekki þótt rismikil framkvæmd í því byggðarlagi, þó að margt sé þar ógert í þessum efnum. Það hefur aldrei komið fyrir í seinni tíð, að ekki hafi verið veitt framlag til einnar sæmilegrar brúar á ári. Niður fyrir það mun ekki hafa verið farið áratugum saman, fyrr en nú.

Þá er það varðandi hafnir. Það er fyrst, að ég vil mæla hér fáein orð fyrir framlögum til hafnargerðar í Vopnafjarðarkauptúni. Eins og menn vita, hefur síld legið mjög fyrir Austurlandi og Norðausturlandi síðari árin og raunar um langa hríð verið mjög góð síldargengd út af Vopnafirði. Þar hefur verið komið upp myndarlegri síldarverksmiðju og söltunarstöðvum nokkrum, en ekkert hrekkur til þess að taka á móti síldinni, sem veiðist á þessum slóðum. Og alveg sérstaklega veldur það miklum vandkvæðum, hve ófullkomin er aðstaðan við höfnina í Vopnafirði. Þarf að bæta úr því sem allra bráðast og myndarlegast, og er þar brennandi áhugi fyrir því að koma upp góðri hafskipabryggju, sem jafnframt mundi greiða mjög fyrir söltun frá því, sem nú er. Þetta er ekki aðeins mál þeirra Vopnfirðinga, heldur allra landsmanna, því að þarna flykkjast að skip úr öllum áttum á síldarvertíðum. Það eru aðeins ætlaðar 200 þús. kr. í þessa framkvæmd á fjárl., en slíkt nær engri átt samanborið við önnur framlög í þessu skyni, og ég botna ekkert í, hvernig á þessu stendur, að við þetta hefur verið látið sitja. Fyrsti áfangi þarna kostar a. m. k. 4—6 millj. kr., það, sem minnst er hægt að gera í einni lotu. Við leggjum til, að framlagið verði fært í 500 þús., hækkað um 300 þús. Sýnist okkur það þá vera orðið dálítið hliðstætt við það, sem ætlað er til annarra byggðarlaga.

Þá leggjum við til, að framlag til bryggjugerðar í Borgarfirði eystra hækki um 100 þús., en í hana eru ætlaðar 50 þús. á fjárl. Þarna þarf að lengja bryggjuna um 35 m eða svo til þess að komast út á sómasamlegt dýpi fyrir miðlungsbáta. Þetta er lífsnauðsyn, hreinlega lífsnauðsyn fyrir byggðarlagið. Þarna er gott að stunda fiskveiðar á smærri bátum, aflasælt og sæmileg afkoma. Þarna væri hægt að taka á móti síld til söltunar með góðu móti, og staðurinn liggur vel til þess að fá söltunarsíld, ef bryggjan væri lengri og betri. Það er verið að reyna að taka þarna á móti síld til söltunar, en skilyrðin eru vond. Þetta er engin óskapleg framkvæmd, sem þarna þarf að gera, og Borgarfjörður á nokkuð af geymdu fé hjá ríkissjóði, sem kemur að gagni. Við vonum því, að hægt verði að fara af stað næsta sumar. En allt væri þetta miklu öruggara, ef hv. þm. vildu fallast á að færa fjárveitinguna dálítið upp, eins og við stingum upp á.

Þá leggjum við til, að fjárveiting til hafnargerðar í Fáskrúðsfirði verði hækkuð um 100 þús., úr 100 þús. í 200. Þar er mikið um að vera á sumrum, bæði útgerð veruleg og síld er lögð þar á land til bræðslu og söltunar í vaxandi mæli. Þeir hafa brotizt í því að koma þar upp bryggju til löndunar á síld fyrst og fremst og tekið hin venjulegu hafnargerðarlán og einnig lán út á væntanleg ríkisframlög, nokkur hundruð þús. kr. Okkur sýnist þess vegna ósanngjarnt að ætla Fáskrúðsfirði aðeins 100 þús. kr. á fjárlagafrv., þar sem búið er að gera þetta mikið í hafnarmálum staðarins og búið að safna þar skuldum heima fyrir í því sambandi, og leggjum því til, að fjárveitingin sé færð í 200 þús. kr.

Þá er það loks Neskaupstaður, sem er stærsta byggðarlag á Austurlandi. Þar er komin sæmilega myndarleg síldarbræðsla og mikil síldarsöltun orðið og útgerð jafnframt. En á þessum stað skortir mjög á sæmilega aðstöðu við höfnina og hefur lengi gert og þolir bókstaflega enga bið, að myndarlegt skref verði stigið í þeim málum. En það kostar mikið og ekki er hægt að stíga skrefið mjög stutt, það verður að leggja verulegt fjármagn fram strax. Það eru ætlaðar í þessu skyni 450 þús. á fjárlagafrv. En sannleikurinn er sá, að þessi framkvæmd í Neskaupstað er hliðstæð þeim, sem fá meiri framlög á fjárlögunum, t. d. 600 þús. kr., og þess vegna leggjum við til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 150 þús. upp í 600 þús. kr. Þá mundum við telja, að hliðstætt væri veitt í þetta byggðarlag við önnur.

Þá eigum við tillögu varðandi fyrirhleðslur á tveimur stöðum. En þannig eru fyrirhleðslumálin vaxin, að ef fyrirhleðslurnar eru í þágu mannvirkja, sem það opinbera stendur að, eru þær yfirleitt greiddar að öllu leyti úr ríkissjóði, en ef þær eru taldar eingöngu í þágu hlutaðeigandi byggðarlags, er krafizt framlags á móti að heiman að 1/8. Undanfarið hefur verið unnið að því af og til að hlaða nokkuð fyrir Laxá í Nesjum, því að hún er óróleg og hleypur á báða bóga, ef ekki eru hafðar neinar hömlur á henni, og gerir því tjón. Fram að þessu hefur byggðarmönnum verið ætlað að leggja 1/8 fram í móti. Og þannig er því háttað einnig á fjárlagafrv., sem fyrir liggur. En nú eru ástæður breyttar, því að ætlazt er til, að þarna á bökkum Laxár verði reistur flugvöllur, og er þegar byrjað að vinna þar að sjúkraflugvelli. Nú er því sanngjarnt að breyta til og veita allt það fé, sem til þarf, úr ríkissjóði, til að hafa hemil á ánni. Þess vegna leggjum við til, að sú breyting verði gerð, að ekki verði krafizt framlags heiman að í sambandi við fyrirhleðsluna við Laxá í Nesjum. Ástæður eru breyttar, eins og ég var að segja, á þá lund, að fyrirhleðslan verður óhjákvæmileg til þess að vernda flugvallarstæðið.

Þá er í Öræfunum lítil á, sem heitir Stigá. Gert er ráð fyrir fyrirhleðslu við það vatnsfall og framlagi frá heimamönnum, en það er ekki sanngjarnt, því að fyrirhleðslan við þessa á er fyrst og fremst til að beina ánni að væntanlegu brúarstæði, og er þess vegna nákvæmlega hliðstæð þeim fyrirhleðslum, sem ríkið hefur kostað annars staðar að öllu leyti. Þess vegna leggjum við einnig til, að þarna verði breytt um og ekki krafizt mótframlags heiman að.

Þá kem ég loks að tillögu, sem við flytjum við 22. gr. fjárlaga, en hún er um að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 25 millj. kr. lán fyrir Eskifjarðarhrepp eða félag sem Eskifjarðarhreppur gengst fyrir, sem komið yrði á fót til þess að reisa síldarverksmiðju á Mjóeyrinni við Eskifjörð. Fyrir þessari tillögu liggja þau rök, sem ég nú skal greina í örfáum setningum til þess að þreyta ekki hv. þingmenn.

Eins og ég gat um áðan, hefur síldin undanfarið legið í vaxandi mæli við Austurland, og sumir telja nú raunar, að síldin hafi að talsverðu leyti legið þar áður, þótt menn veittu því ekki athygli, vegna þess að sem kunnugt er, þá urðu menn ekki síldarinnar varir áður fyrr, nema því aðeins að hún væði, nema það væri vaðandi síld. En nú hafa menn sannarlega orðið hennar varir og veitt þarna mjög mikið ár eftir ár. En sannleikurinn er sá, að sú síld, sem veiðist fyrir Austurlandi, nýtist ekki nema að sáralitlu leyti. Hún nýtist ekki nema að sáralitlu leyti, og það er mjög áríðandi, að hv. þm. geri sér það ljóst. Og það er vegna þess, hversu lítið af síld er hægt að bræða á Austurlandi. Ef flotinn veiðir nokkuð að ráði af síld fyrir Austurlandi, verður að flytja meginmagnið af síldinni ekki aðeins norður fyrir Langanes til Raufarhafnar, heldur alla leið norður á Siglufjörð og jafnvel norður til Skagastrandar. Þetta þýðir, að skip, sem veiðir t. d. út af Norðfirði eða Seyðisfirði, er í bliðskaparveðri heilan sólarhring að komast að bræðslunni, undireins og fullt er orðið í bræðslunum fyrir austan, og svo náttúrlega heilan sólarhring til baka. Það sjá allir, hvers konar vinnubrögð þetta eru. Þegar það svo bætist við, að sé ekki þeim mun stilltara, þá er ómögulegt að fara með síldarfarma á veiðiskipunum þessa leið, þá sjá menn, hve gífurlegu tjóni það veldur fyrir sjávarútveginn og þjóðarbúið í heild sinni, hversu lítið er hægt að bræða af síld á Austfjörðum.

Ég hef lengi bent á það og haldið því fram, að það þurfi að dreifa síldarbræðslunum um ströndina frá Austfjörðunum og alla leið norður fyrir, það verður að vera þannig, og svo einnig við suðvesturlandið. Ef við lítum á norður- og austurmiðin sem eitt veiðisvæði, því að sumarvertíðin er nú á þeim slóðum öllum, sjáum við, að það er ekkert jafnvægi í þessu, það eru svo miklu minni bræðsluafköst fyrir sunnan Langanes en fyrir norðan.

Nú hefur verið reynt að bæta úr þessu, en hefur ekki verið hlaupið að því. Það hefur verið við ramman reip að draga. Stjórnarvöldin hafa yfirleitt ekki viljað útvega neitt fjármagn til að byggja bræðslur á Austurlandi, það hafa með harmkvælum verið píndar út ríkisábyrgðir, en mönnum verið sagt, að þeir yrðu að útvega sér peningana sjálfir. Og með þessum harmkvælum hefur verið komið þarna upp sæmilegum bræðslum sums staðar, og hefur þá komið til hjálpar, að vegna síldargengdarinnar hefur afkoman verið sæmileg nú í 2 ár. Ég nefni reynslu síldarverksmiðja ríkisins til dæmis um, hversu erfitt hefur verið að fá fjármagn til að bæta um í þessu skyni. Síldarverksmiðjum ríkisins var heimilað í fyrra að bæta þarna nokkuð úr, kaupa verksmiðju á Seyðisfirði og stækka hana og byggja litla verksmiðju á Reyðarfirði. Í þessar framkvæmdir fór náttúrlega mikið fé á vegum síldarverksmiðja ríkisins. Ég held ég fari rétt með, að það eru aðeins milli 10 og 12 millj., sem síldarverksmiðjur ríkisins hafa fengið að láni í þessar framkvæmdir, þó að varið hafi verið í þetta 50—60 millj. kr. Allt hitt urðu síldarverksmiðjur ríkisins að taka af eigin fé, eigin ágóða, sem hefur verið talsverður þessi ár, enda eru þær nú keyrðar gersamlega fastar fjárhagslega með þessum aðförum.

Þetta er sagan af því, hvernig það hefur verið að sækja fjármagn í greipar ríkisstj. til þess að byggja upp síldariðnaðinn á Austurlandi, ekki bara í þágu Austfirðinga, heldur í þágu allrar þjóðarinnar, eins og þessi mál hafa lagzt á undanförnum árum. Í einkaverksmiðjurnar hefur ríkisstj. ekki viljað veita grænan eyri, með alls konar úrtölum veitt ábyrgðir, og síldarverksmiðjur ríkisins nánast engan stuðning fengið til þess að bæta þarna móttökuskilyrðin af sinni hálfu.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins lagði til í fyrrahaust, að komið yrði upp á Eskifirði umhleðslustöð fyrir síld með það fyrir augum, að þar kæmi síðan verksmiðja í framhaldi af því. Ríkisstj. vildi ekki fallast á þessa tillögu síldarverksmiðjustjórnarinnar, og varð þess vegna ekkert úr framkvæmdum á þessum stað. En á hinn bóginn var því lýst yfir, bæði af síldarverksmiðjustjórninni og ríkisstj., að næstu framkvæmdir á vegum síldarverksmiðja ríkisins í þá átt að koma upp nýjum verksmiðjum skyldu verða þær að byggja upp þessa umhleðslustöð á Mjóeyrinni við Eskifjörð, — umhleðslustöð, sem væri upphaf að síldarverksmiðju á þeim stað. En þrátt fyrir stórfellda eftirgangsmuni manna úr þessu byggðarlagi nú í haust hafa engin fyrirheit fengizt um, að reynt verði að standa við það, sem yfirlýst var í fyrravetur varðandi þessar framkvæmdir á Mjóeyrinni við Eskifjörð. Er ekki annað sjáanlegt en að ætlun yfirvaldanna í þessu efni sé sú, að þar verði ekkert gert af því, sem yfirlýst var að gert yrði. Út af þessu eru Eskfirðingar staddir í miklum vanda og hafa hugsað sér að reyna að brjótast í því, a. m. k. ef ekkert verður gert af hendi yfirvaldanna og síldarverksmiðja ríkisins, að reyna að koma upp sjálfir síldarverksmiðju á Mjóeyrinni. Förum við nú fram á, að ríkisstj. verði gefin heimild til að ábyrgjast fyrir Eskifjörð í þessu skyni 25 millj. kr., sem væntanlega mundi nægja til þess að koma þarna upp 3 þús. mála verksmiðju eða svo, sem mætti kallast sæmileg stærð, og gæti komið að verulegu gagni fyrir byggðarlagið og þó fyrst og fremst fyrir síldveiðiflotann. Ég legg áherzlu á, að þótt þetta mál varði Eskifjörð að vísu miklu, þá varðar það þó enn þá meira síldveiðiflotann og þjóðarbúið í heild, því að verksmiðja þarna eykur líkurnar fyrir því, að hægt verði að nýta betur en áður hefur verið mögulegt það mikla síldarmagn, sem veiðist fyrir Austfjörðum. Það er engin ástæða til þess að álíta, að nokkur breyting verði á í þeim efnum. Það er þvert á móti fullkomin ástæða til að álíta, að með þeirri síldveiðitækni, sem nú er orðin, og möguleikum til þess að leita að síldinni verði hægt að veiða síldina meira og minna á öllu þessu svæði að sumrinu til, fyrir Norðurlandi öllu saman, Norðausturlandi og Austfjörðum, alveg suður undir Berufjörð.

Við leggjum því hina mestu áherzlu á, að það verði komið til móts við Eskfirðinga í þessu efni, og gerum ráð fyrir, að þeir verði þá sjálfir að leggja fram 15% af stofnkostnaði verksmiðjunnar og ábyrgðin nái til 85%, eins og venja hefur verið, þegar ríkisábyrgðir hafa verið veittar til að koma upp slíkum verksmiðjum.

Þetta er nú það, sem ég vildi sagt hafa um þær brtt., sem við flytjum og ég vil vona að menn sjái sér fært að fylgja.

Að lokum vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur látið leggja fram tillögu um að afla sér lánsheimildar til Keflavíkurvegarins. Þar með er úr því máli skorið, og vildi ég mega vona, að ekki þurfi að eiga í útistöðum aftur út af hliðstæðu máli.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ásamt þeim hv. 3. og hv. 4. þm. Norðurl. e. leyft mér að flytja nokkrar brtt., sem ég vil nú stuttlega gera grein fyrir. Þessar till., sem ég geri grein fyrir, eru á þskj. 210, undir III og VII.

Fyrst eru það þá vegirnir eða tölul. III. Við leggjum þar til, að vegna Svalbarðsstrandarvegar verði fjárveitingin í stað 225 þús. 330 þús. kr. Heimamenn hafa lánað til vegagerðar þarna og eiga nú hjá veginum í árslok 1962 800 þús. kr. Þetta er vegur, sem íbúar úr tveim hreppum og nokkrum hluta þriðja hrepps flytja afurðir sínar í kaupstað eftir, og þar að auki er þetta varavegur fyrir Norðurlandsveg, þegar Vaðlaheiði gerist ófær, sem oft vill verða. Ef fjárveiting verður ekki hærri en gert er ráð fyrir í till. fjvn. nú, þarf á fjórða ár til að ljúka skuldinni. Ég skal játa, að ekki væri sanngjarnt að láta þá, sem lána til vega hjá sér, sitja fyrir öllum fjárveitingum. Það væri eins og að afhenda þeim, sem fjárráð hafa, fjárveitingarákvarðanirnar. Hins vegar eru heimalán, sem engir vextir greiðast af, sönnun fyrir því, að vegabótanna er mikil þörf og brýn og að menn vilja færa fjárhagslegar fórnir til að fá vegina. Þess vegna á að taka nokkurt tillit til slíkra skulda, þegar Alþingi skiptir vegafé. Till. okkar um hækkun fjárveitingarinnar til Svalbarðsstrandarvegar upp í 330 þús. kr. er spor í áttina, þótt hærri hefði fjárveitingin auðvitað átt að vera. En við töldum, að þýðingarlaust mundi vera að nefna hærri fjárhæð, eins og ástatt er. Hins vegar teljum við ósanngirni, ef þessi brtt. okkar verður ekki tekin til greina.

Næst eru svo Fnjóskadalsvegir. Við leggjum til, að þeir fái sömu fjárveitingu og Svalbarðsstrandarvegur, eða 330 þús. kr. í stað 225 þús. kr. Fnjóskdælir eiga inni 650 þús. kr. hjá þjóðvegagerðinni í þessa árs lok. Það er að vísu 150 þús. kr. lægri skuld en sú, sem hvílir á Svalbarðsstrandarvegi, og 200 þús. kr. sé ég að Fnjóskadalsvegi einum eru ætlaðar af millibyggðavegafé. En í Fnjóskadal báðum megin Fnjóskár eru óvegir á löngum köflum, þar sem kosta þarf miklu til á næstu árum að gera viðunandi vegi. Þess vegna er till. okkar mjög sanngjörn, má ekki lægri vera að sjálfsögðu.

Þá er till. um að hækka fjárveitinguna til Bárðdælavega úr 100 þús. kr. í 200 þús. kr. Á þeim vegum hvíla 350 þús. kr. skuldir. Samkv. till. fjvn. mundi það taka um 3½ ár miðað við fjárveitingu í ár að borga þá skuld. Slíkt nær vitanlega engri átt, þar sem stórkostlega mikið er einnig ógert af vegum í Bárðardal báðum megin Skjálfandafljóts.

Næst er till. um hækkun á framlagi til Þingeyjarsýslubrautar milli byggða og á Tjörnesi úr 160 þús. kr. í 300 þús. kr. Ég sé, að Tjör-

nesvegur á að fá samkv. till. fjvn. 200 þús. kr. af millibyggðavegafé. En þarna stendur þannig á, að mikil þörf kallar eftir vegabót: uppfyllingum í giljum, smábrúm, ræsum, og uppbyggingu ruðningsvegar vegna vetrarnota vegarins og þeirrar miklu umferðar, sem þar er nú orðin, því að þetta er tengivegur milli héraða. Ný viðhorf eru þarna að koma til sögunnar, sem auka vegaþörfina. Bændur í vestanverðri Norður-Þingeyjarsýslu eru komnir á fremsta hlunn með að taka upp blandaðan búskap, þ. e. framleiðslu mjólkur til innleggs ásamt sauðfjárafurðum. Er þá líklegt, að þeir flytji mjólkurafurðir sínar til Húsavíkur í mjólkursamlagið, sem þar er rekið. Gera slíkir flutningar vetrarveg um Tjörnes nauðsynlegan og endurbætur þjóðvegarins þar mjög aðkallandi.

Þessu næst er till. frá okkur um að hækka framlag til Þingeyjarsýslubrautar sunnan Húsavíkur úr 225 þús. kr. í 330 þús. kr. Þarna er um að ræða greiðslu upp í 800 þús. kr. skuld. Vegabótin, sem þarna hefur átt sér stað, að verulegu leyti fyrir lánsfé heima fyrir, hefur sparað ríkinu mikið fé — og mun gera það áfram — í snjómokstri á vetrum. Snjósælir vegarkaflar hafa verið hækkaðir, og ekkert hefur á þeim stöðum þurft að moka þar síðan, þótt mikið hafi snjóað. Þarna er dagleg umferð vegna mikilla mjólkurflutninga úr mörgum sveitum Suður-Þingeyjarsýslu. En halda verður áfram þessari hækkun vegarins um Aðaldalshraun, því að sú vegarbót er á alllöngu svæði enn ógerð. Fjárveitingin er því allt of lítil og sjálfum ríkissjóðnum til tjóns að hraða ekki þessari vegarbót og spara með henni vetrartilkostnaðinn að því er snjóruðninginn snertir. Það væri þess vegna hagræði fyrir sjálfan ríkissjóðinn að hraða þarna vegargerðinni með hækkuðu framlagi.

Þá vil ég minnast á Út-Kinnarveg. Við leggjum til, að framlag til hans hækki úr 75 þús. kr. í 140 þús. kr. Þarna er bráðnauðsynlegt að mölbera uppgröft úr skurðum, engjaskurðum, sem voru grafnir með tilliti til vegagerðarinnar, og tengja saman vegastúfa, endurbæta ræsi o. fl. Jafnvel eru þarna vegna torfæra á vegunum farnir á bökkum Skjálfandafljóts gamlir vegslóðar, sem fljótið hefur grafið sig inn undir, og gæti orðið slys af, ef holbakki spryngi og félli niður undan bifreið. Ég tel þessa hækkun framlagsins því sjálfsagða, og þyrfti hún auðvitað meiri að vera.

Þá er síðasta brtt. um vegi, nýr liður, Kinnarvegur í Suður-Kinn, 100 þús. kr. Þarna er bráðnauðsynlegt að mölbera ómölborinn skurðgröfuuppmokstur, sem gerður var fyrir nokkru og notaður hefur verið á vetrum, en eyðist fyrir veðrum og umferð. Tjón af því, að mölburðurinn hefur dregizt, er þegar orðið allmikið og má ekki meira verða. Enn fremur eru þarna komnar allmiklar lægðir í gamla braut, sem gerð er á mýrlendi, en þetta er oft og einatt aðalleið þeirra, er fara milli Húsavíkur og Akureyrar, þegar Fljótsheiði er ekki greiðfær, þar af leiðandi líka varavegur fyrir Norðurlandsveg, sem liggur um Fljótsheiði.

Þá er brtt. okkar við framlög til hafna. Þær eru undir VII. lið á þskj. 210. Við leggjum þar til, að framlag til Flateyjar á Skjálfanda hækki úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr. Þarna er verið að safna fé til átaks við höfnina í Flatey. Það er nokkuð sérstakt málefni að koma þarna upp öruggu bátalægi með því að grafa skurð, siglingaskurð inn í tjörn, sem er við suðausturhorn eyjarinnar. Fengist þá trygg bátahöfn, og mundi hún verða öryggishöfn, ekki aðeins fyrir Flateyinga, heldur og fyrir alla þá, sem sækja á hin fengsælu fiskimið í grennd við Flatey, en það eru bátasjómenn frá Eyjafirði, Siglufirði og Húsavík.

Það er áætlað, að þessi umbót í Flatey muni kosta 3½ millj. kr. Sú áætlun var gerð í sumar sem leið. Raunar er fjárveiting þessi aðallega til að láta hlutaðeigendur vita, að eftir þeim sé munað, en ekki til þess, að hægt sé að ráðast í framkvæmdir á næsta sumri. En fjárveitingin má varla minni vera en 100 þús., til þess að hún nái þeim tilgangi sínum. Líklegt þykir mér, að seinna í vetur komi málefni Flateyinga — byggðamálefni Flateyinga — til umr. hér á Alþingi á breiðara grundvelli, því að nefnd starfaði árið sem leið, sem hv. sjútvmrh. skipaði, og hún hefur nú skilað áliti um framkvæmdir þar.

Grenivík er vaxandi útgerðarstaður og vel sett til fiskimiða. En þar er mjög léleg hafnaraðstaða fyrir bátaútveginn, aðeins bryggjuhró fyrir opnum firði. Ákveðið hefur verið að byrja þar hafnargerð næsta sumar, sem áætlað er að muni kosta um 5 millj. kr. Báðu Grenvíkingar um 700 þús. kr. fjárveitingu. Við leggjum til, að framlagið verði hækkað úr 300 þús. kr. í 450 þús. kr. og teljum hóflegt.

Svo er Húsavík. Þar hefur verið mikið unnið að hafnarbótum, og þar er hratt vaxandi útgerð. Í sumar er ætlunin að koma upp bátabryggjum innan hafnarinnar, en þeirra er mikil þörf. Enn fremur á næsta sumar að byggja verbúðir, sem er mjög aðkallandi vegna þess, hve margir vilja gera þar út. Verbúðabyggingarnar er áætlað að út af fyrir sig kosti á 3. millj. kr. Við leggjum til, að fjárveiting til Húsavíkur hækki úr 450 þús. kr. í 700 þús. kr., og er ekki freklega í sakir farið.

Ég leyfi mér að vænta þess, að allar þessar brtt., sem ég nú hef lýst, fái góðar undirtektir, þar sem þær eru áreiðanlega öfgalausar og mjög sanngjarnar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt samflokksmönnum mínum úr minu kjördæmi að flytja brtt., sem miða að því að fá aukin framlög til verklegra framkvæmda í kjördæmi okkar, og þegar hefur hv. 1. þm. kjördæmisins farið nokkrum orðum um sumar þessara tillagna, og ég mun nú ræða nokkrar hinna, sem við flytjum sameiginlega, en þó í örstuttu máli.

Sérstaklega vil ég minna á till. okkar um fjárveitingu til eins vegar, sem ekki finnst nú

á fjárlagafrv., en þar á ég við svonefndan Ólafsfjarðarveg eystri, sem liggur frá Ólafsfjarðarkaupstað eftir austursíðu fjarðarins eða dalsins fram sveitina og er ætlað að koma á hringakstri í sveitinni og auðvelda flutninga fyrir þá bændur, sem búa austan megin í Ólafsfjarðarsveit. Yrði það mikil lyftistöng fyrir sveitina, ef hægt yrði að ljúka þessum vegi, og raunar gerbreytir aðstöðunni til flutninga jafnt á sumri sem vetri, og þyrfti nauðsynlega að veita fé í þennan veg og ljúka honum sem fyrst.

Þá vil ég nefna sérstaklega till. okkar um, að tekin verði upp í fjárlög fjárveiting til skólastjóraíbúðar í Árskógsskóla, en eins og nú er er þar mjög ófullkomin íbúð og því erfitt að fá skólastjóra þangað, þó að það hafi að vísu tekizt nú í vetur og þó á síðustu stundu. En segja má, að sífellt sé sú hætta yfirvofandi, að ekki fáist þangað skólastjóri til frambúðar, meðan íbúðin er jafnóviðunandi fyrir fjölskyldumann og nú er. Skólinn hefur beðið eftir þessari nauðsynlegu úrbót í full 5 ár, og sýnist því alls ekki fram á mikið farið, þótt nú verði farið að hefjast handa um framkvæmdir þar.

Þá gerum við till. um það, að veitt verði fé til viðbótarhúsnæðis við barnaskólann á Húsabakka í Svarfaðardal, enda mjög brýn þörf vegna vaxandi nemendafjölda og einnig vegna þess einstæða framtaks Svarfdælinga, vil ég segja, að stefna að sem víðtækastri framhaldskennslu í sveitinni. Kemst skólinn ekki af með minna en tvo fasta kennara, og það, sem brýnast er nú í skólamálum Svarfdælinga, er einmitt að koma upp til viðbótar kennaraíbúð. Skólinn hefur verið sérlega heppinn með skólastjóra og kennara, en óvíst er, hvort hægt verður að halda þeim báðum, ef ekki raknar úr þeim vandræðum, sem eru með kennara- og skólastjóraíbúð. Svarfaðardalur er fjölmenn sveit og mikið af uppvaxandi börnum þar. Um nokkurra ára skeið hefur verið leitazt við að hafa fullkomna framhaldskennslu í skóla Svarfdælinga, og a. m. k. einn nemandi hefur lært undir landspróf miðskóla, og fleiri mundu á eftir fara, ef hægt væri að búa til frambúðar við það ágæta kennaralið, sem nú er þar. Slíka viðleitni ætti ríkisvaldið að styðja, ef þess er nokkur kostur.

Þá vil ég aðeins minnast á till. um hækkun á framlagi til náttúrugripasafnsins á Akureyri og einnig til Lúðrasveitar Akureyrar. Hér er ekki um neinar stórvægilegar upphæðir að ræða, en fullkomlega sanngjarnar.

Þá vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um till., sem ég flyt um framlag til rannsókna á sögu íslenzkrar samvinnustarfsemi, að veittar verði 10 þús. kr. gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að til þess að rannsaka sögu samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi, hugsað sem fyrsta framlag. Við Íslendingar státum af því að vera söguþjóð og getum það að ýmsu leyti. Hinu er þó ekki að leyna, að við erum eftirbátar margra þjóða í sagnfræðirannsóknum, og veldur þar ef til vill mestu, að fjárveitingavaldið er og hefur raunar alltaf verið heldur nánasarlegt í garð þessarar vísindagreinar. Fjöldi manna í landinu hefur áhuga, menntun og hæfileika til sögurannsókna. En kraftar þessara manna nýtast ekki, því að það er enginn svo efnum búinn, að hann geti að nokkru ráði helgað sig svo yfirgripsmiklu og vandasömu verki án þess að fá nokkurn styrk til þess. Stærri þjóðir leysa þetta vandamál á ýmsa vegu, þó einkum þannig, að öflugir gjafasjóðir og styrktarstofnanir veita fé til slíkra rannsókna. Við höfum að vísu okkar vísindasjóð, en almennt höfum við Íslendingar ekki önnur ráð en að leita á náðir ríkissjóðs í svona tilfellum. Þetta vita allir og ekki sízt alþingismenn. Því er það skylda okkar, sem hér sitjum og getum ef til vill nokkru ráðið, að hafa vakandi auga með þörfum æðri menntunar og vísindarannsókna í landinu. Við eigum ekki alltaf að láta sækja á okkur með alla skapaða hluti, heldur eigum við líka að hafa frumkvæði, ekki sízt í málum þessum, þar sem fé skortir, en hvorki hæfa né starfsfúsa menn. Það eru óþrjótandi verkefni, sem bíða óleyst í menningar- og atvinnusögu Íslendinga. Við vanrækjum ekki sízt samtímasöguna, en hjá öllum menningarþjóðum er hún talin mjög mikilsvert rannsóknarsvið.

Ég geri hér till. um, að ríkið leggi fram 10 þús. kr. til rannsókna á sögu íslenzkrar samvinnustarfsemi. Samvinnufélögin hafa starfað í landinu í 80 ár, og þau hafa verið snar þáttur í atvinnu- og verzlunarmálum þjóðarinnar nær allan þann tíma. Rannsókn á sögu hreyfingarinnar er mikið og verðugt verkefni fyrir sagnfræðinga, og ég held, að það væri sómi fyrir Alþ. að veita fé til þeirrar starfsemi. Fullvíst má telja, að samvinnufélögin mundu leggja fram fé til slíkra rannsókna á móti framlagi ríkissjóðs og án efa greiða fyrir rannsóknarstarfseminni eftir föngum.

Að sjálfsögðu hafa samvinnufélögin unnið nokkuð að því að kynna landsmönnum sögu samvinnuhreyfingarinnar hér á landi, en bæði er það, að bækur þessar eru farnar að eldast, og eins hitt, að þær eru mjög stuttar og aðeins yfirlitsbækur, þar sem greinir frá sögunni í afar stórum dráttum. Eins er það æskilegt, að saga svo áhrifamikillar og umdeildrar samtíðarhreyfingar sé ekki einvörðungu rannsökuð og rakin af eigin baráttumönnum hennar, heldur sé verkið falið viðurkenndum sagnfræðingum, sem enginn getur vænt um hlutdrægni. Ég er ekki með þessu að segja, að ekki komi fleiri atriði til greina, sem æskilegt sé að rannsaka á vísindalegan hátt í samtímasögu okkar. Hér er aðeins um að ræða eitt atriði af mörgum. Ég mundi fagna því, ef Alþ. léti meira af hendi rakna til sögurannsókna, ekki sízt til rannsókna á samtíma okkar.

Þá get ég að lokum getið hér einnar till., sem enn hefur ekki verið útbýtt, en sú till. er flutt af okkur framsóknarþm. úr Norðurlandskjördæmi eystra, og hún er sú, að fjár-

veitingin til þjóðminjasafns vegna byggðasafnanna verði hækkuð frá því, sem nú er í frv., úr 100 þús. kr. í 250 þús. kr. Það er full ástæða til að hækka þennan lið. Hann hefur staðið í þessu sama nú um margra ára skeið. Hins vegar eru fjölmörg byggðarlög, sem eru með framkvæmdir í byggðasafnsmálum, og sum hafa komið sér upp myndarlegu húsnæði, t. d. á Akureyri, og kostar sú bygging í kringum 1 millj., en samkv. þeim lögum, sem gilda um byggðasöfn, er ákveðið hlutfall, sem ríkissjóður á að taka þátt í af kostnaði. En eins og nú horfir um fjárveitingar, er ógerningur, að ríkið geti staðið við þá skuldbindingu, og ekki sízt þar sem nú eru mjög mörg söfn, ekki aðeins Akureyrarsafnið, heldur fleiri söfn, sem þurfa á svipaðri fyrirgreiðslu að halda. Það væri því hin mesta nauðsyn að hækka þessa fjárveitingu, þótt ekki væri nema um það, sem við leggjum nú til, þ. e. 150 þús. kr. Við 2. umr. fjárlaga var till. til umr. og atkvgr., sem fór fram á allmiklu hærra framlag, en hún var felld. Ég geri mér vonir um, að þessi till., sem fjallar um helmingi lægra framlag, verði samþykkt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Á þskj. 218, undir lið XVIII, hef ég ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. v. leyft mér að flytja brtt. við 22. gr. fjárlaganna. Sú till. er um það að heimila ríkisstj. að taka allt að 14 millj. kr. lán til að greiða kostnað við jarðgöng á Siglufjarðarvegi, þ. e. a. s. Strákavegi, sem stundum er nú kallaður Siglufjarðarvegur ytri.

Ég þarf í raun og veru ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Það mál, sem hún lýtur að, er hv. alþm. þegar allvel kunnugt. Það hefur verið alloft á dagskrá hér á þingi áður í ýmsum myndum, án þess að það hafi hlotið viðunandi afgreiðslu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Siglfirðingar hafa frá öndverðu búið við afar erfiðar samgöngur á landi. Því valda fyrst og fremst staðhættir. Fjörðurinn er umluktur háum fjöllum á þrjá vegu, og þar við bætast fádæma snjóþyngsli að vetri til, þannig að allar samgöngur á landi eru mjög miklum erfiðleikum bundnar. Þau samgönguvandræði urðu auðvitað sérstaklega bagaleg fyrir Siglufjörð, eftir að þar hófst mikill atvinnurekstur og Siglufjörður varð ein af aðalsíldveiðiverstöðvum hér á landi og eftir að fólki fjölgaði þar mjög mikið og eftir að fólk hvaðanæva af landinu fór að sækja þangað, sérstaklega um sumartímann. Á þessum samgönguvandræðum Siglfirðinga var nokkur bót ráðin, er nýr akvegur var gerður yfir svokallað Siglufjarðarskarð fyrir rúmum tveim áratugum. Það var þó þegar frá öndverðu ljóst, að sá vegur mundi verða ófullnægjandi, vegna þess að hann er aðeins fær yfir hásumarið. Það sýndi sig fljótt, að þessi vegur var algerlega ófullnægjandi, bæði vegna þess, hve hann var opinn skamman tíma, hve kostnaðarmikið var að reyna að halda honum opnum og hve viðhald á þeim vegi var kostnaðarsamt og hve hann er í raun og veru illfær yfirleitt og erfiður til aksturs, eins og þeir þekkja, sem yfir þann fjallveg hafa farið. Þess vegna var fyrir nokkrum árum horfið að því ráði að leita þarna að nýrri leið, þar sem hagkvæmara væri að leggja veg, og einkanlega þá með tilliti til þess, að vegurinn mundi haldast auður lengur og verða fær allt árið um kring. Ég rek ekki þá sögu hér, en niðurstöður þeirra rannsókna, sem þá fóru fram, voru þær, að valin var leið út svokallaða Almenninga um Dali og fyrir fjallið Stráka, en það er talið, að sú leið muni lengst af haldast fær yfir vetrarmánuðina.

Hv. Alþ. hefur viðurkennt þetta úrræði með því, að allmörg undanfarin ár hefur verið veitt — að vísu ófullnægjandi — upphæð á fjárlögum til þessarar vegagerðar. Í þessum vegi hefur því verið unnið nokkur undanfarin ár, og er hann nú kominn nokkuð áleiðis út á hina svokölluðu Almenninga. En öll er vegagerð þessi hin erfiðasta og verður kostnaðarsöm, en þó tekur út yfir, er kemur að hinu svokallaða Strákafjalli, vegna þess að þar þarf að gera jarðgöng í gegnum klettabelti, sem þar er um 900 metra að lengd. Þau jarðgöng eru langsamlega kostnaðarsamasta framkvæmdin á þessum vegi. Og það er alveg sýnilegt, að sú framkvæmd verður ekki gerð, nema til hennar sé tekið lán. Framkvæmdin er þess eðlis, að hana verður að gera í einu lagi, en hins vegar er ekki líklegt, því miður, og allra sízt þegar litið er til fjárveitinga hv. Alþ. á undanförnum árum til vegar þessa, að í einu og í fjárlögum fyrir eitt ár verði veitt sú fjárhæð, sem nægir til þess að koma þessum jarðgöngum á. Það er því öldungis víst, að þetta mál verður ekki leyst nema með lántökum, og það er þeim mönnum, sem þessum málum eru kunnugastir og mestan áhuga hafa á þeim, löngu orðið ljóst. Það hafa verið reyndar, eins og ég drap aðeins á í upphafi máls míns, ýmsar leiðir til þess að afla fjár til þessarar framkvæmdar. Bæði hafa verið fluttar hér á Alþ. till., sem hafa gengið í þá átt, að myndaður væri sérstakur sjóður, jarðgangasjóður, til þess að standa undir framkvæmdum sem þessum, og enn fremur hafa oftar en einu sinni verið flutt hér lagafrv., þar sem óskað hefur verið eftir heimild til handa ríkisstj. til þess að taka lán til þessara framkvæmda. En þessar till., í hvaða mynd sem þær hafa verið, hafa ekki náð fram að ganga til þessa.

Nú er enn þess freistað með þeirri till., sem hér liggur fyrir, að fá Alþ. til þess að veita ríkisstj. heimild til þess að taka lán í þessu skyni, allt að 14 millj. kr. Það er ekki lengur hægt að hafa á móti slíkri heimild á þeim grundvelli, að með því sé skapað fordæmi, vegna þess að það fordæmi er þegar skapað með stórfelldri lántöku vegna Keflavíkurvegar, sem ég vil ekki á nokkurn hátt telja eftir,

en vil jafnframt undirstrika og leggja áherzlu á, að vissulega á þá jafnframt að líta á annarra þörf, og ég býst varla við, að það gerizt nokkur til þess að draga í efa þá hina miklu þörf, sem er á þeirri miklu samgöngubót, sem hér er um að tefla, fyrst og fremst fyrir Siglfirðinga, sem að sjálfsögðu hafa mestan áhuga á þessum vegi og hafa mestra hagsmuna að gæta í sambandi við þessa fyrirhuguðu vegagerð, en jafnframt líka fyrir allar sveitir í Austur-Skagafirði er þetta hið mesta hagsmunamál, og ég vil bæta við: í raun og veru fyrir landsmenn alla, því að það vita allir, að það eru margir, sem til Siglufjarðar sækja og hafa sótt á undanförnum árum í atvinnuleit. Og víst er um það, að á undanförnum árum hafa Siglfirðingar með sinni framleiðslu og sínu framlagi til útflutningsframleiðslu þessa lands lagt fram þann skerf, að vissulega eiga þeir skilið, að litið sé með velvilja og vinsemd á þeirra þörf. Og það er áreiðanlegt, að það eru Siglfirðingum sár vonbrigði, að þeir telja sig ekki hafa mætt fullum skilningi í þessu máli hér á hv. Alþ.

Það er alveg víst, að í þessu máli eru allir Siglfirðingar einhuga, hvar í flokki sem þeir standa. Þeim er það að sjálfsögðu öllum jafnmikið hagsmuna- og áhugamál að fá þennan veg, sem tengir hið einangraða byggðarlag þeirra við aðra hluta landsins, önnur héruð. Og að hér sé farið rétt með, sýnir og sannar það bezt, að til síðasta Alþ. var send áskorun, undirrituð af 785 kjósendum á Siglufirði, sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir Siglfirðingar skora hér með eindregið á hv. ríkisstj. og Alþ. að tryggja nægjanlegt fé til að ljúka vegalagningu fyrir fjallið Stráka ásamt tilheyrandi jarðgöngum á næstu einu til tveim árum og rjúfa þannig þá einangrun, sem er helzt orsök fólksflótta úr Siglufirði og háir eðlilegum vexti og samskiptum Siglufjarðarkaupstaðar og sveitanna austast í Skagafirði.“

Og nú nýlega mun bæjarstjórn Siglufjarðar hafa gert ályktun um málið, sem mjög gekk í svipaða átt og þessi áskorun hinna 785 kjósenda á Siglufirði. Ég álít, að það sé naumast hægt, eins og á stendur og þegar litið er á allar kringumstæður, að daufheyrast með öllu við óskum þessara manna.

Við framsóknarmenn í Norðurlandskjördæmi vestra flytjum hér engar brtt. til fjárveitinga til vegagerðarframkvæmda í Norðurlandskjördæmi vestra, ekki af því, að þar sé ekki mikil, já, mjög mikil þörf fyrir aukið fé til vegaframkvæmda, heldur af hinu, að við viljum með því að flytja þessa einu till. um þetta eina vegagerðarmál í okkar kjördæmi leggja á það áherzlu, hve hér er um einstætt, sérstætt og stórt mál að ræða. Við viljum því taka það alveg sérstaklega út úr og flytjum brtt. um það eitt.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þessi brtt. mæti skilningi hjá hv. alþm. og þeir sjái sér fært að greiða henni atkv., — greiða henni jáatkv. Fljótt á litið kann að vísu að virðast, að hér sé um talsverða fjárhæð að tefla. En þegar málið er athugað og litið er til þess, hver önnur verðmæti t. d. má fá fyrir þá fjárhæð, sem hér er um að ræða, 14 millj. kr., t. d. eitt gott fiskiskip, þá verður það ljóst, að hér er ekki farið fram á mikið fyrir heilt byggðarlag, sem á í raun og veru sína framtíðarlífsafkomu undir því, að hér sé skörulega haldið á málum og þessi framkvæmd ekki látin dragast úr hófi fram hér eftir, heldur sé nú horfið að því að gera þessa framkvæmd. Ég vænti þess sem sagt, að hv. alþm. fylgi nú þessari till., svo að það þurfi ekki oftar að leita á náðir þeirra um lántökuheimild vegna þessara jarðganga. Að sjálfsögðu þarf svo fjárveitingar bæði til þess að standa undir þessu láni síðar svo og til að gera veginn að þessum jarðgöngum. Ég verð að segja það, að ég á ákaflega bágt með að trúa því, að hæstv. ríkisstj. þverskallist við jafneindregnum óskum og hér er um að ræða. Eins og nú standa sakir, þegar hæstv. ríkisstj. hefur fengið heimild til og hefur tekið allstórt framkvæmdalán í Bretlandi, þá er vissulega auðvelt fyrir hana að verða við óskum Siglfirðinga og miklu fleiri landsmanna í þessu efni. Ég lít svo á, að það hljóti að verða svo, að Siglfirðingum verði gefinn kostur á einhverjum hluta þessa láns. Og ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, af því að það er búið oft áður að tala um þetta mál hér á þingi, svo að ég veit, að hv. alþm. eru því mjög vel kunnugir. En ég vil ítreka það, að hér er vissulega ekki farið fram á óhóflega mikið og hér er um eitt hið allra mesta nauðsynjamál að ræða, vegna þess að ég fullyrði það, að ef ekki verður undinn bráður bugur að því að leysa þetta mál, þá verður það til þess, að margir Siglfirðingar hugsa til brottflutnings úr byggðarlaginu á næstu árum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt á þessu stigi að lýsa brtt., sem ég mun flytja við skrifl. brtt., sem hv. fjvn. hefur lagt hér fram, en henni hefur enn ekki verið útbýtt, svo að ég veit ekki, hvaða þskj.-númer hún kemur til með að hafa. En þessi till. hv. fjvn. hljóðar á þessa leið: „Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennaraskóla og hjúkrunarskóla.“ Ég mun leggja til, að á eftir orðunum „byggingar menntaskóla“, en á undan orðunum „kennaraskóla og hjúkrunarskóla“ komi: „þ. á m. nýs menntaskóla í Reykjavík“, þannig að till. mundi þá hljóða þannig: Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, þ. á m. nýs menntaskóla í Reykjavík, kennaraskóla og hjúkrunarskóla.

Ég tel ekki ástæðu til að tala sérstaklega fyrir þessari brtt. minni, vegna þess að við 2. umr. gerði ég grein fyrir nauðsyn þess, að byggður verði nýr menntaskóli í Reykjavík, og sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér aftur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal í tilefni af þessari brtt. gefa hv. Alþingi stuttorðar upplýsingar um byggingarmál menntaskólans í Reykjavík, en skal áður láta þess getið, að þótt ég efist ekki um, að till. hv. þm., sem hann lýsti hér áðan, sé af góðum hug gerð, þá tel ég hana óþarfa, því að það er leitað í brtt. fjvn. lánsheimildar til að byggja menntaskóla. Tekur hún til bæði gamla menntaskólans og nýs menntaskóla, enda þannig hugsuð. Það er áreiðanlega skilningur fjvn., og það er skilningur okkar í ríkisstj., að með samþykkt þessarar till. hafi ríkisstj. heimild til þess að taka lán til þeirrar byggingar á gömlu skólalóðinni, sem fyrirhuguð er, og til byggingar þess nýja menntaskóla, sem jafnframt er fyrirhugaður í Hamrahlíð.

Að þessari skýringu gefinni vænti ég, að hv. þm. sjái sér fært að taka þessa till. aftur. En að gefnu þessu tilefni skal ég gefa mjög stuttorða lýsingu á því, sem ríkisstj. hefur fyrirhugað í málefnum menntaskólafræðslu hér í Reykjavík.

Í menntaskólanum, sem nú starfar hér við Lækjargötu, eru í vetur 37 bekkjardeildir og 850 nemendur. 20 bekkjardeildanna starfa fyrir hádegi, en 17 eftir hádegi. Skólinn starfar í 13 stofum í gamla menntaskólahúsinu, 2 stofum í svonefndu Fjósi og 5 stofum í Þrúðvangi við Laufásveg.

Málefni menntaskólans hafa verið til rækilegrar athugunar hjá ríkisstj. nú undanfarin ár. Fyrir rúmu ári var það ætlun ríkisstj. að leysa húsnæðismál menntaskólafræðslunnar hér til nokkurra ára á þann hátt að byggja hús á svonefndri Olíuportslóð, þess konar hús, sem nota mætti álíka lengi og gamla húsið yrði talið hæft til kennslu. Í því skyni var lóð keypt, Olíuportslóðin svonefnda. Þegar undirbúningi var fullokið að þessum framkvæmdum, kom í ljós, að þær voru af sumum aðilum ekki taldar samrýmast skipulagsreglum, og þess vegna var horfið frá þessum framkvæmdum, sem áttu að hefjast á s. l. vori og hefði verið hægt að ljúka nú á s. l. hausti. Það kom hins vegar ekki að sök fyrir menntaskólafræðsluna í bænum, að af þessum framkvæmdum varð ekki, því að það tókst að fá leigt hús í allra næsta nágrenni við menntaskólann, húsið Þrúðvang við Laufásveg, og það nýja húsnæði fullnægði algerlega þeirri þörf, sem menntaskólinn hafði fyrir viðbótarhúsnæði nú á þessum vetri.

En vegna þess að þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar höfðu verið á Olíuportslóðinni svonefndu, voru ekki taldar samrýmast framtíðarskipulagi borgaryfirvalda Reykjavíkur á því svæði, sem um er að ræða, svæðinu milli Lækjargötu og Þingholtsstrætis annars vegar og Bókhlöðustígs og Amtmannsstígs hins vegar, var hafizt handa um endurskoðun á hinum fyrirhuguðu byggingarframkvæmdum, og er það, sem nú er fyrirhugað, að kaupa til viðbótar Olíuportslóðinni, tvær lóðir við Bókhlöðustíg, en stefna jafnframt að því, að menntaskólinn fái í framtíðinni til umráða allt svæðið milli Bókhlöðustígs og Amtmannsstígs annars vegar og hins vegar milli Lækjargötu og línu, sem takmarkast af því, að ein húsaröð verði vestan eða neðan við Þingholtsstræti, þ. e. að menntaskólinn fái í framtíðinni til umráða fyrir sína starfsemi allan reitinn milli Bókhlöðustígs og Amtmannsstígs og Lækjargötu og upp að Þingholtsstræti, þó þannig, að neðan við Þingholtsstræti standi ein húsaröð. Byggingin, sem fyrirhugað er að reisa á næstunni, þ. e. næsta sumar, er einnar hæðar skólabygging, sem í verði 6 sérkennslustofur, sem jafnframt megi flestar eða að einni undantekinni jafnframt nota sem almennar kennslustofur. Það, sem menntaskólann í Reykjavík hefur fyrst og fremst vantað, er aðstaða til sérkennslu. Í þessari byggingu eiga að verða tvær eðlis- og efnafræðikennslustofur, þ. e. auditorium og laboratorium, tvær kennslustofur fyrir náttúrufræði og tvö húmanistísk laboratorium, þ. e. a. s. kennslu- og vinnustofur fyrir tungumál, sögu og bókasafn.

Þessar framkvæmdir hefur verið rætt um að ráðast í og ljúka þeim á næsta sumri, og það er hægt. Jafnframt er ráðgert að byggja ofar í lóðinni leikfimishús, sem byggt yrði þannig, að það gæti jafnframt verið samkomusalur. Þessar framkvæmdir hefur verið áætlað að kosti samtals um 22 millj. kr., og er þá innifalið verðmæti þeirrar lóðar, Olíuportslóðarinnar, sem þegar hefur verið keypt fyrir 2½ millj. kr. Er ráðgert, að kennslustofubyggingin verði byggð á næsta sumri, en aftur byggingu samkomuhúss og leikfimishúss frestað til hins sumarsins og gamla leikfimishúsið notað um eins árs skeið til viðbótar.

Með þessu móti, þegar þessi bygging er komin upp, er húsnæði í Þrúðvangi óþarft og hægt að sjá fyrir kennslu þeim fjölda menntaskólanemenda, sem nauðsynlegt er að hafa í menntaskóla hér í Reykjavík næstu 2—3—4 árin. En að þeim tíma liðnum hefur ríkisstj. gert sér alveg ljóst, að þörf muni vera á meira húsnæði fyrir menntaskólakennslu í Reykjavík, og þess vegna hefur ríkisstj. þegar ákveðið að hefja byggingu nýs menntaskóla í Hamrahlíð, og er nú þegar í gangi undirbúningur undir þá byggingu. Gert er ráð fyrir því, að í henni verði 20 almennar kennslustofur, þ. e. rúm fyrir 500 menntaskólanemendur miðað við einsetningu, 1000 nemendur miðað við tvísetningu, og jafnframt gert ráð fyrir því, að í sambandi við þetta nýja menntaskólahús verði leikfimishús, sem sömuleiðis mætti nota sem samkomusal. Í þeim frumdrögum, sem til eru um byggingu þessa húss, er gert ráð fyrir, að kostnaðarverð þess muni verða milli 40 og 50 millj. kr., líklega þó nær 50 millj. kr. Vonir standa til þess, að bygging þessa húss geti hafizt haustið 1964, og þá hafður sá hraði á byggingu, að ekki verði skortur á húsnæði fyrir þá, sem gera má ráð fyrir því að vilji stunda og rétt eiga á því samkv. einkunn að stunda menntaskólanám hér í Reykjavík.

Af þessu, sem ég hef sagt, vona ég, að teljast megi ljóst, að ríkisstj. hefur haft fullan skilning á því að bæta úr áratuga vanrækslu gagnvart menntaskólanum í Reykjavík, — bæta úr áratuga vanrækslu gagnvart þeim nemendum, sem þurfa, vilja og rétt eiga á því að stunda menntaskólanám hér í Reykjavík. Ríkisstj. hefur valið þá lausn á þessum vanda að ákveða annars vegar, að menntaskólakennslan skuli áfram fara fram á hinum fornhelga stað við Lækjargötu, með því móti að sjá hinum meira en 100 ára gamla menntaskóla í Reykjavík fyrir þess konar húsnæði, sem hann hefur sárast vanhagað um, þ. e. húsnæði fyrir sérkennslu sína, og þetta mun verða gert þegar næsta sumar. En jafnframt hefur ríkisstj. ákveðið að efna til byggingar annars menntaskóla í Reykjavík og mun freista þess að ljúka þeirri byggingu svo snemma, að ekki þurfi framar að leita bráðabirgðalausnar á húsnæðismálum menntaskólakennslunnar hér í Reykjavík, þannig að innan nokkurra ára munu verða starfandi tveir menntaskólar í höfuðborginni, enda stærð hennar orðin slík og tala menntaskólanemenda orðin svo há, að það er réttlætanlegt. Þessi ákvörðun núv. ríkisstj. er að mínu viti sú langskynsamlegasta ákvörðun, sem hægt hefur verið að taka í þessum málum, og mörgum vandræðum hefði verið firrt, ef slík ákvörðun hefði verið tekin þegar fyrir 15—20 árum, þegar málefni menntaskólakennslunnar í Reykjavík voru rædd sem mest, bæði hér á Alþingi og annars staðar. Þá strandaði málið á því, að einn flokkur manna vildi byggja upp hinn eina menntaskóla Reykjavíkur á hinum fornhelga stað í Lækjargötu, en annar flokkur manna vildi leggja menntaskólakennslu við Lækjargötu niður og byggja mjög stóran skóla annars staðar í bænum. Nú hefur ríkisstj. valið þann kost, sem ég tel tvímælalaust hyggilegastan og kennaralið menntaskólans nú er einhuga um að styðja með hinn ágæta rektor menntaskólans í fararbroddi, sem sagt taka þá stefnu, að áfram skuli vera menntaskólakennsla á gamla staðnum, en stærð skólans þar sniðinn sá stakkur, sem hið gamla hús setur menntaskólakennslu á þeim stað. Kjarni menntaskólans þar verður gamla húsið með sínum 13 stofum, en við það er aukið nauðsynlegum sérkennslustofum, sem ekki rúmast í gamla húsinu. En jafnframt verður byggður annar stór skóli, 500 manna skóli, annars staðar í bænum, í þeim bæjarhluta, sem er í öruggum vexti, þannig að innan nokkurra ára verður gamli menntaskólinn fyrir vesturhluta bæjarins og hinn nýi, sem rísa á í Hamrahlíð, fyrir austurhluta bæjarins.

Ég vona, að hv. þm. geti verið á sama máli og ríkisstj. um, að þetta sé skynsamlegasta lausnin í byggingarmálum menntaskólans og ekki verði aftur neins konar þess háttar ágreiningur, sem því miður tafði byggingarmál menntaskólans fyrir 15—20 árum.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram, að þær till., sem hér eru fluttar af fjvn. sem heild, eru fyrst og fremst till., sem meiri hl. fjvn. hefur gert, og gildir um þær allt hið sama og um þær till., sem þannig voru fram bornar við 2. umr., að við minnihlutamenn höfum látið það óátalið, að þær væru á einu blaði frá n. allri, en áskilið okkur rétt til þess að fylgja þeim till. ekki öllum, og gegnir hér sama máli um þær till., sem nú eru fram bornar af n. sem heild. Fyrir þessu höfum við gert grein í okkar nál., sem frammi lá við 2. umr.

Ég hef leyft mér nú við þessa 3. umr. að flytja 5 brtt. 3 þeirra eru till., sem ég einnig gerði fyrir 2. umr., en tók þá aftur í von um það, að þær fengju nokkra undirtekt við athugun á milli umr., en því miður hefur mér ekki orðið að þeirri ósk minni. Ég get verið stuttorður um þær.

Það er í fyrsta lagi till. um að hækka rekstrarstyrk til sjúkrahúsanna, þannig að hann verði greiddur með 50% álagi á það, sem lög ákveða að hann eigi að vera. Þessi till. er upp á 2.6 millj. kr.

Það er alkunna, að flest þau sjúkrahús eða öll þau sjúkrahús, sem rekin eru af hreppum, bæjum eða sýslum landsins, eru rekin með miklum rekstrarhalla, sem viðkomandi héruð verða sjálf að standa undir, mörg af miklum vanefnum, og eru illa haldin í sjúkrahúshaldinu að þessu leyti. Þessi rekstrarhalli er fyrst og fremst til kominn vegna þess, að ríkissjóði, sem rekur landsspítalann, hefur jafnan þótt hlýða að stilla daggjöldum þar svo í hóf, að þau hrökkva ekki fyrir kostnaði, en borga úr ríkissjóði verulegan halla á rekstri þeirrar stofnunar, en við daggjöldin á landsspítalanum miðast svo yfirleitt samningar þeir, sem sjúkrasamlög á einstökum stöðum gera við þau sjúkrahús, sem þar eru á staðnum, og þannig hefur ríkið í rauninni með því að hafa tiltölulega lág daggjöld á landsspítalanum, en borga þeim mun hærri fjárhæðir úr ríkissjóði í rekstrarhalla á þeirri stofnun, orðið þess valdandi, að bæjarfélögin bera mjög skarðan hlut, þ. e. a. s. verða að standa undir miklum taprekstri.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessa till., til þess að menn almennt hér á Alþingi skilji, að hún er eðlileg og réttmæt. Hitt er svo fremur þeirra vandamál, sem gegn henni standa, hvort þeir telja, að ríkissjóður sé þannig settur, að hann geti aukið framlag sitt til þessara sjúkrahúsa. En ég vil í því sambandi og raunar í sambandi við allar þær till., sem ég hér legg fram, minna á, að eins og fjárlög standa nú eftir 2. umr. og að viðbættum þeim hækkunartill., sem fjvn. sem heild og samvinnunefnd samgöngumála hafa við þau gert, þá er samt um það bil einn milljónatugur, sem ríkissjóður gæti haft til ráðstöfunar án þess að skapa rekstrarhalla á fjárl., og þar af leiðandi liggur það í aug-

um uppi, að það er hægt, ef vilji væri fyrir, án þess að setja fjárl. í hættu um það að verða með hærri útgjöld en áætlaðar tekjur.

Í öðru lagi tók ég aftur till. um hækkun á byggingarstyrk til Blindrafélagsins í Reykjavík. Ég hef lagt til, að sá styrkur verði hækkaður um 100 þús. kr., úr 150 þús., eins og hann er í fjárlfrv. nú, í 250 þús., og hef þar aðallega miðað við, að sams konar hækkun frá því, sem í upphafi stóð á frv., hefur nú annað líka maklegt félag fengið, hækkun á byggingarstyrk síns heilsuhælis, þar sem er Náttúrulækningafélag Íslands. Það er rétt, að þeir blindu menn, sem að þessari byggingu standa, eru ekki eins vikaliprir í kröfugerð og ásókn á hið opinbera og margir aðrir, sem þar eru duglegri. En ég er þeirrar skoðunar, að þessa ætti Alþingi ekki að láta Blindrafélagið gjalda, heldur ætti Alþingi að meta þörf þess án tillits til þess og veita því þá hækkun, sem hér er gerð till. um. Hún er líka um svo smávægilega upphæð, að því fer alls fjarri, að hún raski nokkru jafnvægi á fjárl.

Í þriðja lagi hef ég endurflutt till., sem ég tók aftur við 2. umr., um það, að Menningar- og friðarsamtökum kvenna verði veittur nokkur styrkur með tilliti til þess, sem veitt er ýmsum öðrum félögum, sem ég sé ekki að séu öll miklu verðari þess að hljóta umbun úr ríkissjóði. Ég hef hér flutt þá till. aftur, að þessum samtökum verði veittur 30 þús. kr. styrkur.

En auk þessa hef ég endurflutt hér tvær till., sem ég flutti við 2. umr. fjárl. og þá voru felldar, en að sjálfsögðu eru þær fluttar hér nú með lægri upphæðum en þar var gerð till. um, og vildi ég leyfa mér að fara fáeinum orðum um það, hvers vegna ég endurflyt þær till. Ég endurflyt þær fyrst og fremst og nú með lækkuðum fjárhæðum af því, að ég hygg, að það muni byggjast á misskilningi, að þær voru felldar. Og ég tel mig ekki renna alveg blint í sjóinn um það, heldur hef ég litið hér í nokkur gögn og hlýtt á ræður manna, síðan sú umr. fór fram, og þykist af því mega marka, að það sé sá skilningur á þessum tveim málum, að vænta megi þess, að þau verði samþykkt hér við 3. umr., þegar hv. alþm., þeir sem á móti þessum till. voru við 2. umr., hafa glöggvað sig betur á þeim málum, sem hér er um að ræða.

Hin fyrri þessara tillagna er við 16. gr. B. fjárl., sem fjallar um sjávarútvegsmál. Þar hef ég lagt til, að kostnaður við að fylgjast með ferðum fiskiskipa, 200 þús. kr., verði tekinn inn á fjárlög. Það er alkunna, að þessa er hin brýnasta þörf. Við höfum sannast að segja orðið fyrir þeirri lífsreynslu á þessu sviði á undanförnum árum, að ég hygg, að það sé flestra manna dómur, að það sé óhyggilegt að spara nokkur hundruð kr. eða nokkrar kr. til þess að koma því eftirliti með okkar fiskiskipum í framkvæmd, sem hér er farið fram á og hér hefur verið gerð till. um á Alþingi. Það hafa ekki færri en 6 alþm. flutt hér þáltill. um þetta efni, að skora á ríkisstj. að koma upp eftirliti með ferðum fiskiskipa við strendur landsins. Þessi till. var flutt hér á þinginu í fyrra og fékk þá enga afgreiðslu, og hún er flutt hér enn þá. Flm. hennar eru alþm. Pétur Sigurðsson, Jón Árnason, Matthías Á. Mathiesen, Einar Ingimundarson, Guðlaugur Gíslason og Gísli Jónsson. Og þeir rökstyðja sitt mál að mínu viti ágætlega í grg. þessarar till., og þeir virðast gera sér fulla grein fyrir því, að þessu eftirliti verði ekki komið á án þess, að til þess verði varið nokkru fé, svo að ég hlýt að ætla, að það sé af misgáningi, ef þeir kosta kapps um að fella þessa till. Meðal þess, sem þeir segja í grg. fyrir sinni till., er þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Engri þjóð er mannslífið jafnmikils virði og Íslendingum. Því má ekkert til spara, er verða mætti til að auka öryggi sjómanna okkar og annarra landsmanna, sem hættustörf vinna."

Af þessu, þar sem þeir segja, að það megi ekkert til spara, vildi ég ætla, að það sé af misgáningi, ef þeir telja ástæðu til að beita sér gegn því, að nokkrum krónum sé úr ríkissjóði varið til þess að koma einmitt þessu nauðsynja- og öryggismáli íslenzku sjómannastéttarinnar í höfn. Ég gerði í upphafi till. um, að þetta yrði 250 þús. kr. fjárveiting, sem yrði áætlunarupphæð til að greiða þann kostnað, sem af þessu hlytist. En að sjálfsögðu yrði greiddur sá kostnaður, sem á félli, hvort sem hann kæmi til með að reynast meiri eða minni en sú áætlunarupphæð, sem ég þarna tók fram. Að þeirri till. felldri hef ég hér gert till. um, að til þessa verði varið 200 þús. kr.

Þá hef ég einnig endurflutt hér till. með lækkuðum fjárupphæðum um það, að upp verði tekinn á fjárl. nýr liður á 17. gr. fjárl., sem yrði framlag ríkissjóðs til félagsheimilasjóðs. Upphaflega gerði ég till. um, að þessi upphæð yrði 2 millj. kr., en nú geri ég till. um, að til þessa verði veitt 1½ millj. kr. Tilefni þess sérstaklega, að ég flyt þessa till., er það, að ég verð að játa það á mig, sem raunar miklu fleiri þm. eru ekki alveg saklausir af, að vera stundum hvikulir hér í fundarsetum og víkja frá. En þegar ég kom í sæti mitt hér einn daginn milli 2. og 3. umr. fjárl., var hér í ræðustóli hæstv. menntmrh., og ég hlustaði á hann um stund. Það var niðurlag ræðu hjá honum, hann var að ljúka máli sínu, og ég hélt fyrst, að maðurinn væri að vitna um það, að sér hefðu orðið á mistök, þegar hann reyndist vera á móti því að leggja fram nokkurt fé úr ríkissjóði til félagsheimilasjóðs. En þegar ég gætti nánar að, var hann reyndar að tala um annað mál, að vísu þessu mjög náskylt, því að hér var verið að fjalla um frv. til l. um breyt. á l. um félagsheimilasjóð, þar sem nokkrir þm. höfðu flutt frv. um að hækka framlag félagsheimilasjóðs úr 40 í 50% til nokkurra tiltekinna félagsheimila, þar sem fleiri stæðu að en tvö félög. Þetta frv. hafði fengið góðar undirtektir, enda stóðu að því menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Og þegar ég fór svo að athuga umr. um þetta frv.,

kemur í ljós, að þm. virðast yfirleitt hafa ágætan skilning á því, að félagsheimilasjóður er þannig staddur, að ekki verður við unað. Ég sé t. d., að hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, hefur sagt í ræðu um þetta, með leyfi forseta:

„En ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að benda á, að það er nú svo komið fyrir félagsheimilasjóði, að hann er alls ómegnugur að standa undir þeim verkefnum, sem honum er ætlað að styrkja. Hann mun skulda ýmsum félagsheimilum í landinu margar millj. Mér er nær að halda, að það séu 15 millj., sem hann skuldar."

Þetta segir manni, að sú upphæð, sem ég legg hér til, mundi aðeins nægja til þess að greiða svo sem eins og tíunda partinn af skuldum félagsheimilasjóðs.

Undir þetta tekur að mestu eða öllu leyti 1. þm. Vestf., sem virðist hafa fullan skilning á því, að félagsheimilasjóður getur ekki staðið við sínar skuldbindingar, einnig hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, en enginn sýnir þó gleggri skilning á þessum þörfum en hæstv. menntmrh., sem um þetta mál hélt myndarlega tölu, eins og hans var von og vísa. Meðal þess, sem hann segir, er þetta:

„Það hefur undanfarin ár vantað mjög mikið á, að helmingur skemmtanaskatts hafi dugað til þess að greiða 40% byggingarkostnaðar þeirra félagsheimila, sem byggð hafa verið eða í byggingu eru nú."

Síðan rekur hann þetta mál allnákvæmlega og bendir á, að félagsheimilasjóður hafi að vísu lögum samkv. ekki skyldur til þess að borga þessi 40%, en engu að síður virðist ráðh. ekki í neinum vafa um, að það sé *til mikils* vansa fyrir Alþingi að sjá ekki til þess, að félagsheimilasjóður borgi yfirleitt þann hluta, sem lög heimila honum, af kostnaði félagsheimilanna. Hann segir m. a. nokkru síðar í ræðu sinni:

„En það vildi ég þó taka fram, að ekki er nokkur von til þess, að hægt sé að auka tekjur af skemmtanaskatti svo mjög, að það dugi til þess að greiða 40% af byggingarkostnaði þeirra félagsheimila, sem byggð hafa verið undanfarin ár og gera má ráð fyrir að verði byggð á næstu árum, þannig að ég tel Alþingi standa þarna frammi fyrir þeim vanda, þegar það kemur saman nú aftur eftir þinghléið, að gera upp við sig, hvort það er reiðubúið til þess að finna nýjan tekjustofn, sem félagsheimilasjóður geti fengið til umráða."

Ráðh. lauk máli sínu á þá leið, og það var einmitt sá hluti ræðu hans, sem ég kom inn í og hélt í upphafi, að hann væri að vitna um það, að hann iðraðist þess að hafa fellt till. mína um að leggja félagsheimilasjóði til nokkurt fé úr ríkissjóði, þegar svo er ástatt um ríkissjóð, að hann er aflögufær til þess, — hæstv. ráðh. lauk máli sínu með þessum orðum:

„Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki vansalaust, að Alþingi láti árum saman, ef ekki áratugum saman standa í lögum ákvæði, sem heimila ákveðnum opinberum sjóði, í þessu tilfelli félagsheimilasjóði, að styrkja byggingar að ákveðnum hundraðshluta, en Alþingi sjái sama sjóði ekki fyrir nægilegu fé til þess að fullnægja þessu ákvæði sinna eigin laga. Annaðhvort verður að gerast, að Alþingi afli fjár, sem geri sjóðnum kleift að standa undir skuldbindingum sínum, eða að breyta skuldbindingunum þannig, að það fé, sem Alþingi veitir, sé raunhæf fjárveiting í þessu skyni."

Ég veit enga raunhæfari fjárveitingu í þessu skyni en að sjóður þessi fái styrk úr ríkissjóði, þegar ríkissjóður er til þess aflögufær, og með tilliti til þessa hef ég hér endurflutt till., þó þannig, að ég geri aðeins till. um, að félagsheimilasjóði verði lagt til — ekki 2 millj., eins og ég í upphafi gerði till. um, heldur 1½ millj. kr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. og 4. þm. Norðurl. e. leyft mér að flytja brtt. við fjárlfrv. við þessa umr., og eru þær prentaðar á þskj. 210 og 218. Fyrir nokkrum þessara till. hefur þegar verið mælt af hv. meðflm. mínum, en ég vil gera stuttlega að umræðuefni þær af þessum till., sem enn hefur ekki verið mælt fyrir.

Þessar till. okkar á þskj. 210 og 218 varða aðallega vegi og hafnir í kjördæmi okkar og eru að því er það landssvæði snertir í samræmi við þær brtt. til hækkunar á framlögum til vega og hafna og brúa, sem fluttar voru af hálfu Framsfl. við 2. umr. þessa máls. Þær hækkunartill. voru að vísu allar felldar við þá umr. í því formi, sem þær voru þá fram bornar, þ. e. a. s. *hækkunin á vega- og hafnaframlögunum í heild.* Þó ætla ég, að menn muni fljótlega komast að raun um það, ef þeir hafa þá ekki þegar gert það hér á hinu háa Alþingi, að þessar till. hafi verið fullkomlega tímabærar, þó að ekki væri nema til að tryggja það, að ekki drægi úr framkvæmdum á þessu sviði vegna hinnar sívaxandi og nú mjög ört vaxandi dýrtíðar í landinu. En ég geri líka ráð fyrir því, að þjóðfélagið fari senn hvað líður að gera sér ljóst, að það nægir ekki, jafnvel þó að það tækist, að haga svo þessum fjárveitingum, að þær fylgist með dýrtíðinni, ef svo mætti segja, þannig að framkvæmdir minnkuðu ekki frá ári til árs. Það nægir engan veginn, því að það er staðreynd, sem þjóðin og þeir, sem fyrir málum hennar ráða, verða að gera sér ljóst, og því fyrr því betra, að í þessum málum verður að gera nýtt átak. Það nægir að minna á það í sambandi við vegamál, að bifreiðafjöldinn í landinu er nú einhvers staðar á milli 24 og 25 þús., að ég ætla. Og bifreiðum fjölgar nú árlega í seinni tíð, jafnvel svo að þúsundum skiptir sum árin. En það er ekki nóg með það, að bifreiðum fjölgi, heldur eru nú fluttar inn í landið og teknar í notkun miklu stærri og miklu þyngri bifreiðar en áður til mannflutninga á langleiðum og til vöruflutninga. Þessi mikli bifreiðafjöldi og þessar stóru og þungu bifreiðar

skapa slíkt álag á vegina um allt land, að það er ekkert líkt því, sem áður var. Það er meira að segja svo, og við höfum séð dæmi þess víst öll hér í þessum sal, að margar brýr á þjóðvegunum, sem byggðar voru fyrir ekki löngu, samsvara ekki lengur þeirri umferð, sem nú er. Þær eru orðnar of mjóar, stærri bifreiðarnar komast ekki yfir þær, það hefur orðið að rífa margar þessar brýr og byggja nýjar. Þannig er þróunin í þessum málum, og vitanlega er það ekki neitt sérmál byggðarlaganna, þar sem þessir þjóðvegir eru lagðir víðs vegar um land, að bæta vegina. Bifreiðarnar, sem um vegina fara, eiga engu síður heima hér í höfuðborginni og nágrenni hennar, þar sem fjölmenni er mest. Það er þess vegna sameiginlegt hagsmunamál allra byggðarlaga, að vegirnir hér á landi fylgist með kröfum vorra tíma.

Í sambandi við hafnargerðirnar og fjárframlög til þeirra vil ég aðeins minna á það, að þar er nokkuð svipað upp á teningnum. Nú alveg nýlega hefur að tilhlutan Alþingis verið gerð áætlun um hafnargerð hér á landi í 10 ár, þ. e. a. s. á árunum 1961—1970. Hv. þm. hafa haft þessa áætlun á milli handanna. Þetta mun vera í fyrsta sinn, sem af hálfu Alþingis og stjórnarvalda hefur verið reynt á þann hátt að gera sér grein fyrir þessu verkefni. Ég skal ekki nefna neinar tölur á þessari áætlun, en aðeins segja það, að hún sýnir glögglega, að ef vinna ætti að framkvæmd hennar, að henni verði lokið á næstu 10 árum, þarf meira fé til að koma en nú er til þess ætlað, og ég ætla nú í raun og veru, að það verði ekki sagt, að þarna sé frekt í sakirnar farið um áætlun mannvirkja á þessu sviði. En ef ætti að ljúka þessari áætlun á næstu árum, er alveg sýnt, að það þarf að stórhækka framlag ríkisins til hafnargerða á ári hverju, og jafnvel þær till., sem bornar voru fram af hálfu Framsfl. við 2. umr. um hækkun á framlögum til hafnargerða, nægja ekki til þess.

Ég vildi aðeins bregða upp þessum myndum af þörfinni fyrir það að auka stórlega átak þjóðfélagsins á þessum sviðum. En á því er enginn vafi, að sú þörf er svo brýn, að þjóðfélagið verður á einhvern hátt að ráða fram úr því, að henni verði sinnt.

Ég skal þá koma að þeim till., sem ég ætla að mæla fyrir og eru allar á þskj. 218. Ég kem þá fyrst að 3. tölul., 3. till. á þskj., sem er um hækkanir á nokkrum framlögum til þjóðvega í Norður-Þingeyjarsýslu.

Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir að veita fé til vega í þessu héraði í fernu lagi. Brtt. er um hækkun á þessum fjórum liðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að hækkað verði úr 50 þús. upp í 85 þús. kr. framlag til Axarfjarðarheiðarvegar. Axarfjarðarheiðarvegur liggur, eins og nafnið bendið til, yfir Axarfjarðarheiði, sem er á milli Axarfjarðar og Þistilfjarðar. Og það er ætlazt til þess, að þeirri fjárhæð, sem í þennan veg er lögð nú að þessu sinni, verði varið til þess að fullgera hluta af veginum, sem er í byggð vestan heiðar frá vegamótunum við Klifshaga að Sandfellshaga, sem er næsti bær undir heiðinni að vestan. Það hefur verið unnið nokkuð að þessum vegi, kaflar á honum hafa verið undirbyggðir, en eftir er að fullgera þá kafla að einhverju leyti og ganga frá veginum, þannig að hann verði akfær að vetrarlagi.

Næsta till. er um hækkun á framlagi til Hólsfjallavegar. Hólsfjallavegur liggur um Hólssand milli Öxarfjarðar og Hólsfjalla, en Hólsfjöll eru, eins og kunnugt er, fámenn byggð á öræfunum milli Norður- og Austurlands, sem tilheyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Þetta eru aðeins örfáir bæir, eitthvað um 40 manns, sem eiga heima í þessu sveitarfélagi. En þarna hefur haldizt byggð á erfiðum tímum gegnum áratugi og aldir og það þó að vegalengdin sé svo mikil frá Hólsfjöllum til næstu sveita, sem eru Öxarfjörður að norðan og Mývatnssveit að vestan, að þar eru 40 km til bæja. Það gat sem sé tekið heilt dægur að komast milli bæja á þessum slóðum að vetrarlagi fyrrum, þegar menn fóru fótgangandi og færðin var misjöfn. Þrátt fyrir það hafa menn þraukað þarna í byggðinni og þrauka enn. Jarðirnar eru yfirleitt í byggð, sem þarna voru, ein eða tvær hafa farið í eyði, og eitt nýbýli hefur verið byggt í seinni tíð. Þjóðvegurinn liggur þarna, ef komið er að vestan frá Húsavík, um Tjörnes og Kelduhverfi, yfir Jökulsá og upp með henni upp á Hólsfjöllin og svo austur á Jökuldal og það hefur í mörg undanfarin ár eða raunar áratugi verið unnið að því að bæta þennan veg smátt og smátt, og nokkuð af honum, þ. e. a. s. Hólsfjallaveginum, er orðið allvel akfært. En það, sem núna er unnið að, er að gera sæmilega góðan veg eftir sjálfri Hólsfjallabyggðinni, sem er um 8 km að lengd, því að það kemur fyrir nú orðið, að þó að hægt sé að komast úr Axarfirði upp á Hólsfjöll að vetrarlagi, þá getur verið ófært á milli bæjanna, ófært um sveitina sjálfa. Er illt til þess að vita, og má ekki lengi svo til ganga.

Næsta till. er um hækkun á fjárveitingu til Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegar til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegar úr 530 þús. upp í 900 þús. Eins og menn heyra, er hér í raun og veru um marga vegi að ræða, sem áður var oft veitt fé til, þannig að sérstök upphæð var veitt í hvern veg. Þessu hefur nú verið breytt, þannig að veitt er ein upphæð í alla vegina allt vestan frá Tjörnesi og austur til Þórshafnar á Langanesi, um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit, Sléttu, Hálsa, Þistilfjörð og hluta af Langanesi. Ég efast um, að það hafi verið til bóta að sameina fjárveitingarnar þannig, en skal ekki gera það að umræðuefni.

Nú er það þannig, að þeim, sem fara þessa vegi á sumrin, getur virzt, að þeir séu sæmilega greiðfærir í góðri tíð, og það eru margir þeirra, af því að vegarstæði er þarna víða a. m. k. allgott. En þar með er ekki öll sagan sögð. Af því að vegarstæði er gott, sérstak-

lega í vesturhluta héraðsins, yfirleitt þurrt land, móar og sandlendi, þá voru þessir vegir yfirleitt í öndverðu aðeins ruddir, og það gat verið allgóð vegagerð á sumrin, eins og ég sagði, í góðri tíð. En það hefur auðvitað sýnt sig, að á vetrum verða þessir vegir oft algerlega ófærir af snjó og sömuleiðis af aurbleytu bæði haust og vor. Í seinni tíð hefur því verið unnið að því að byggja upp vegina smátt og smátt. Með þeim litlu fjárveitingum, sem menn hafa haft yfir að ráða, hefur þetta gengið hægt. Nú hafa þeir atburðir gerzt, sem gera það mjög aðkallandi nauðsyn að hraða þessari uppbyggingu veganna, og það er það, sem minnzt var á hér í dag af hv. 1. þm. Norðurl. e., að í þessu héraði, bæði norðan, austan og vestan Heiðar, er nú mikill áhugi fyrir því að taka upp mjólkurframleiðslu. Austan Heiðar er þegar, að segja má, hafinn undirbúningur að byggingu mjólkurbús á Þórshöfn, og vestan Heiðar mun annaðhvort verða að því ráði hnigið að byggja lítið mjólkurbú þar í héraðinu eða semja um mjólkurflutninga til mjólkursamlagsins á Húsavík. En hvort heldur sem verður ofan á þar, gefur auga leið, að um leið og farið er að framleiða mjólk til sölu, þá þurfa vegirnir að vera færir á veturna. Þetta er hið breytta viðhorf í þessu héraði, eins og reyndar sums staðar annars staðar á landinu, að verið er að taka upp mjólkurframleiðslu og mjólkursölu, sem gerir þá nauðsyn knýjandi að byggja upp vegina og gerir það að verkum, að ruddir vegir koma alls ekki að tilætluðum notum fyrir flutningana til og frá markaðsstað. Við þetta má svo bæta því, að Hálsavegur milli Raufarhafnar og Þistilfjarðar hefur nú alveg nýlega verið tekinn í notkun. Þetta er millibyggðavegur og eiginlega til hliðar við Öxarfjarðarheiðarveg, sem liggur hærra inni í heiðinni, en þessi liggur nær sjónum og þó í óbyggðum að miklu leyti. Þessi vegur hefur sem sé nýlega verið tekinn í notkun — og þá í notkun, sem alls ekki er tímabær, eins og ástand vegarins er, því að ég ætla, að ég fari þar ekki með rangt mál, þegar ég segi, að fram undir 20 km af þessum vegi séu enn þá óuppbyggðir og aðeins ruddur vegur. Það eru 10 km af vegi um svokallaðan Ytri-Háls og síðan vegur yfir Fremri-Hálsinn. Nú s. l. sumar voru teknar upp áætlunarferðir alla leið frá Reykjavík og til Vopnafjarðar á þungum vörubílum, sem flytja alls konar vörur héðan úr höfuðborginni norður í land og austur og þræða vegina með ströndinni og m. a. þennan veg. Ég geri ráð fyrir því, að þessum áætlunum verði haldið áfram. En það gefur auga leið, að þessi vegur þolir engan veginn slíka umferð, fyrr en hann hefur verið byggður upp, og það gerir þá nauðsyn alveg sérstaklega knýjandi varðandi þennan veg, að uppbyggingin fari þar fram. En hann er einn kaflinn í þessu vegakerfi eða þessum langa vegi, sem ég hef nefnt, milli Tjörness og Þórshafnar á Langanesi.

Þá flytjum við till. á þskj. 218 um fjárveitingu til að brúa Gilsbakkaá í Öxarfirði. Þjóðvegurinn frá Jökulsá austur á Sléttu liggur um miðjan Öxarfjörð, en ofar, nær fjöllunum, er önnur bæjaröð í Öxarfirði. Meðfram þessari bæjaröð liggur sýsluvegur, og á honum er þessi brú. Áin, sem þarna er um að ræða, Gilsbakkaá, er allmikil torfæra, sérstaklega á vissum tímum árs. Vegamálastjóri hefur fyrir nokkru gert áætlun um byggingu þessarar brúar, og höfum við lagt til, að til hennar verði veittar 200 þús. kr.

Ég kem þá næst að till. á sama þskj. um hækkun á framlögum til hafna. Það eru till. um hækkun til tveggja hafna, hafnarinnar á Raufarhöfn og hafnarinnar á Þórshöfn. Á það þar einnig við, sem ég sagði áðan, að þær till., sem við hér flytjum, eru í samræmi við þær till. um hækkun á framlagi til hafna, sem fluttar voru af þm. Framsfl. við 2. umr. Á Raufarhöfn stendur nú fyrir dyrum að byggja hafnarbryggju, sem mun kosta um 10 millj. kr., að því er áætlað er. Höfnin hefur ekki áður átt neina hafnarbryggju. Það fé, sem varið hefur verið til hafnargerðar á Raufarhöfn, hefur að mestu leyti gengið til þess að dýpka höfnina, en ekki verið komið upp bryggju fyrir það fé. Nú nýlega hafa tekizt um það samningar milli hreppsnefndarinnar á Raufarhöfn og stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, að hreppurinn taki við skipabryggju, sem síldarverksmiðjurnar eiga og nota til afgreiðslu flutningaskipa, og við þeirri aðstöðu, sem þar er við bryggjuna, og byggi þá nýja bryggju í hennar stað. En þessi gamla bryggja, sem er timburbryggja, eða elzti hluti hennar a. m. k., mun vera frá þeirri tíð, er Norðmenn reistu litla síldarverksmiðju á Raufarhöfn, og er nú af fróðum mönnum talin ónýt. Það þarf ekki að minna á það hér, að Raufarhöfn er einn sá staður, þar sem mest er framleitt á landi hér af gjaldeyrisvörum til útflutnings, þegar síldin veiðist fyrir Norður- og Austurlandi á sumrin, og það er mikil þörf á hafnarmannvirki sem þessu. Skal ég ekki fara um það fleiri orðum.

Á Þórshöfn á Langanesi við Þistilfjörð var fyrir nokkrum árum byrjað á byggingu hafnargarðs til varnar hafsjó og í þeim tvenns konar tilgangi að skapa hlé og skjól í höfninni, var fyrir fiskibáta, stefnt að því, að þar yrði lokuð kví að mestu leyti, og hins vegar að skapa þarna aðstöðu til afgreiðslu vöruflutningaskipa. Þarna var fyrirhugaður alllangur garður, sem er gerður úr grjóti á þann hátt, sem nú tíðkast, og ofan á grjótgarðinn er svo steypt plata og undirstöðuveggir undir hana og skjólveggur á útbrún. Enn fremur hefur í sambandi við garðinn verið unnið að dýpkun, til þess að skip geti lagzt að afgreiðslubryggju. Þessu verki hefur nú miðað nokkuð áfram, eða hafði miðað nokkuð áfram, en svo gerðist það í fyrra í aftakaveðri, sem gekk yfir Norðurland, að ég ætla 22. nóv., að þá gekk þarna sjór á land og yfir hafnarmannvirkin. Þetta var svo mikið brim, að menn muna ekki annað eins í 25 ár. Og þegar aftur lægði, kom það í ljós, að þarna höfðu brotnað og horfið

í djúpið einir 10—12 m framan af þessu nýja mannvirki, og auk þess hafði það, sem næst var, nokkuð skekkzt. Þetta var mikið áfall fyrir þennan stað, en Alþingi hljóp þar undir bagga eins og á fleiri stöðum, og var ákveðið að greiða úr hafnarbótasjóði fé til þess að bæta þessar skemmdir. Hins vegar gat ekki af því orðið í sumar, að skemmdirnar yrðu bættar, vegna þess að það þótti ekki af tæknilegum ástæðum hægt að ráðast í þær, nema jafnframt væri unnið að næsta áfanga í hafnargerðinni. En sá áfangi er, að því er ég ætla, að bæta tveim kerum framan við garðinn og ljúka jafnframt grjótgarðinum eða lengd garðsins, þannig að hann nái fullri lengd fram að kerunum, en kerin eiga að mynda hina væntanlegu hafskipabryggju. Nú hafa vonir manna staðið til þess, að á næsta sumri yrði hægt að bæta skemmdirnar. Vonandi aukast þær ekki í vetur, þó að ekki sé séð fyrir endann á því, því að skammt er á vetur liðið. Það er ráðgert næsta sumar að gera við skemmdirnar og jafnframt að ljúka þessum áfanga. Til þess þarf mikið fé.

Við Langanes og í Þistilfirði eru ein beztu fiskimið norðanlands og austan, og Þistilfjörður er af fróðum mönnum talinn mikil uppeldisstöð fyrir ýsu og fleira góðfiski. Þarna hefur um aldir stundað veiðar mikill floti erlendra skipa, franskra, enskra, hollenzkra, síðar færeyskra, sem voru í skjóli við nesið eftir áttum og færðu sig austur og norður fyrir nesið eftir því, hvernig vindurinn stóð, og mokuðu þarna upp fiski. Svo kom togaratíminn, og bátarnir hættu að geta fiskað eins mikið á grunnmiðum og þeir áður gerðu. Svo kom aftur friðunin, og nú síðustu árin hafa verið ágæt aflaár á Þórshöfn, þannig að það orð hefur farið af, að smærri bátar víðs vegar að af landinu hafi sótzt eftir að komast þar að til þess að leggja upp afla og meira en hægt hefur verið að taka við. Einnig hefur þarna verið síldarsöltun, og þar er lítil síldarverksmiðja. Það er enginn vafi á því, að ef þessi hafnargerð kemst í framkvæmd, eins og til er stofnað, þá á þessi staður fyrir sér mikla framtíð.

Undir X á sama þskj. flytjum við till. um breyt. á 14. gr., um framlag til íþróttahúss á Raufarhöfn, 200 þús. kr., og til vara 100 þús. kr. Í fjárlfrv. eru þegar fjárveitingar til sambærilegra íþrótta- eða leikfimishúsa við barnaskóla, og er þar um svipaðar upphæðir að ræða. Fjvn. hefur nú, — og það ber að þakka, — tekið upp till. um 400 þús. kr. fjárveitingu til þess að byggja fyrsta áfanga barnaskóla á Raufarhöfn, en Raufarhafnarhreppur hefur nú undanfarin 2 ár eða 3 sótt um það árangurslaust að fá að byrja á byggingu barnaskóla. Skólahúsið, sem nú er þar, var byggt fyrir 30 árum, þegar íbúarnir voru ekki nema þriðjungur af því, sem þeir eru nú. Nú hefur fengizt að byrja á skólahúsinu, en þeim, sem standa að þessum málum, þykir mjög bagalegt að geta ekki fengið leyfi til þess að hefja um leið byggingu íþróttahússins eða leikfimishússins, af því að það mundi henta á ýmsan hátt miklu betur að geta látið þá framkvæmd verða hinni samferða. Því er þessi till. flutt.

Ég vil, áður en ég skilst við þessar till., minnast á eina till. um hækkað vegaframlag, sem ég átti eftir áðan, en hún er um hækkun á framlagi til Langanesvegar úr 50 þús. kr. í 85 þús. kr. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu yfirleitt ókunnugir á þessum slóðum. En Langanesvegur heitir vegur út Langanes, frá Þórshöfn að Skoruvík og Skálum á utanverðu Langanesi. Og það er ætlazt til þess og raunar fram tekið, að þessi fjárveiting skuli ganga í veginn utan Heiðar á Langanesi. En Heiði er bær á Langanesi. Út að Heiði frá Þórshöfn er allgóður akvegur, sem á sínum tíma var byggður með stuðningi þeirra, sem ráða yfir radarstöðinni á Heiðarfjalli. En þá sögu verður að segja eins og hún er, að á nesinu utan við Heiði eða Heiðarfjall er nú orðin lítil byggð. Áður voru þar gildir bændur og útgerðarmenn, og á Skálum var þorp með eitthvað á annað hundrað íbúa, og voru gerðir út nokkrir tugir róðrarbáta á árabátatímanum framan af öldinni. En yzt á norðanverðu Langanesi, rétt fram við þar sem hinn svokallaði Fontur tekur við, sem er yzti hluti nessins, er bærinn Skoruvík, og þar er vitavörðurinn, bóndinn á Skoruvík, sem gætir vitans á Langanesfonti, eins og faðir hans gerði á undan honum. Ég veit, að vitamálastjóri telur það mjög mikilsvert, að byggð haldist á þessum stað og vitavörðurinn hrökklist ekki burt þaðan. Þessi vitavörður er einnig veðurathugunarmaður, og Veðurstofan hefur tjáð mér, að hún teldi það mjög skaðlegt, ef hún getur ekki fengið áfram veðurathuganir frá Skoruvík, vegna þess, hvernig sá staður liggur norðaustur í hafi. Auk þess er þarna um mikil hlunnindi að ræða úti á nesinu. Það er reki þar á fjörum, og hefur verið fluttur þaðan víða um land trjáviður til girðinga. Þess vegna var fyrir nokkrum árum ráðizt í það að koma á vegasambandi þarna út nesið, út að Skálum og Skoruvík. Það var ekki um það að ræða að byggja þar upp veg og verður ekki, heldur aðeins að ryðja veg. Og fyrir 2 árum tókst að ryðja veginn út að Skálum og Skoruvík, sem er löng leið. En satt að segja er hann svo slæmur enn þá eða verður öðru hverju, að hann er eiginlega á köflum ekki fær tímum saman þeim bílum, sem gert er ráð fyrir, að um hann fari, sem eru jeppabifreiðar og vörubifreiðar. Og það er mikil nauðsyn á að gera þarna einhverjar bætur á. Þessi upphæð, sem í fjárlfrv. er, 50 þús. kr., er ætluð til að greiða skuld, og viðbótin færi þá til þess að gera við einhverjar torfærur, helztu torfærurnar. Þarna er sem sagt ekki um það að ræða að byggja upp veg, heldur aðeins að gera akfært fyrir slíka bíla, sem ég nefndi áðan. Og ég vil minna á það í þessu sambandi, sem ég held að ég hafi minnzt á í fyrra, þegar ég talaði fyrir svipaðri tillögu, að þarna við nesið hefur það komið fyrir og kemur

fyrir enn því miður, að skip stranda, og er þá mjög mikilsvert, að hægt sé að komast til aðalbyggðarinnar innar á nesinu.

Þá hef ég mælt fyrir þeim till., sem við flytjum, hv. 1. og hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég. En ég vil til viðbótar mæla fyrir einni till., sem fram kemur á þskj. 218. Það er XVI. Hana flytja ásamt mér hv. 2. þm. Austf., hv. 1. þm. Vesturl., hv. 4. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Hún er um það að hækka framlagið til mjólkurbúa og smjörsamlaga úr 500 þús. kr. upp í 1 millj. Ég minntist á það áðan, að sums staðar á landinu væri sú breyting að verða á í sveitum, að þar sem var nær eingöngu sauðfjárframleiðsla og eingöngu sauðfjárframleiðsla á markaðsvöru, þá eru menn nú í þann veginn að taka upp eða hafa jafnvel þegar tekið upp mjólkurframleiðslu. Til þess eru ýmsar ástæður, sem verða ekki raktar hér. Fyrir nokkrum áratugum var það kjörorð fræðimanna í íslenzkum landbúnaði, að það ætti að vera verkaskipting milli bændanna, verkaskipting í landbúnaði, þannig að í sumum byggðarlögum ættu menn eingöngu að framleiða mjólk, í öðrum byggðarlögum eingöngu sauðfjárafurðir, kannske í enn öðrum eingöngu garðávexti o. s. frv. Nú er þetta viðhorf gersamlega breytt. Kjörorðið er nú ekki lengur verkaskipting í landbúnaðinum, heldur blandaður búskapur. Það er talið æskilegast nú af mörgum, að bændur hafi bæði sauðfjárframleiðslu, mjólkurframleiðslu og jafnvel fleira, og talið, að þá verði betri árangur af búskapnum en er a. m. k. nú fyrir sauðfjárframleiðendur. En þetta þýðir, að það þarf að koma upp mjólkurbúum víðs vegar um land, ekki stórum búum nema sums staðar, en litlum búum, mjólkurstöðvum, sem eru miðaðar jöfnum höndum við, að það sé hægt að framleiða góða söluvöru fyrir neytendur þorpanna við sjóinn og hins vegar að skapa markað fyrir þá mjólk, sem framleidd er í sveitunum. Nokkrar slíkar mjólkurstöðvar hafa verið byggðar víðs vegar um landið. Sums staðar eru slíkar mjólkurstöðvar í smíðum. Sums staðar er ákveðið að byrja á næsta vori eða nú alveg á næstunni. En erfiðleikarnir við þessar framkvæmdir allar eru allmiklir, ekki aðeins við að koma upp þessum mjólkurstöðvum, heldur líka fyrir bændurna að koma upp fjósum og kúastofni, þar sem hann hefur ekki áður verið. Nú segir svo í lögum um framleiðsluráð o. fl., 32. gr., að ríkissjóði beri að styrkja slíkar mjólkurstöðvar þannig að greiða 1/4 af stofnkostnaði þeirra. Til þessa hefur ekki verið veitt mikið fé undanfarið, enda hefur ekki til skamms tíma verið mikið um byggingu slíkra stöðva. Þetta eru framkvæmdir, sem hafa verið að gerast núna allra síðustu árin eða eru að gerast eða munu gerast á næsta eða næstu árum. En samkv. yfirliti, sem ég hef fengið frá þeim, sem fylgjast með þessum málum, mundi láta nærri, að til þess að greiða fjórða hlutann af stofnkostnaði líklega 11 stöðva, sem hér er um að ræða, þyrfti samtals um 8 millj. kr. Þetta eru vitanlega ekki allt kröfur á ríkissjóð enn þá, vegna þess að sumum framkvæmdum er ekki lokið og sumar eru ekki hafnar enn þá. En það er sýnt, að hér er um að ræða viðfangsefni, sem ekki verður gengið fram hjá. Þess vegna höfum við leyft okkur að leggja til, að þessi upphæð til mjólkurbúa verði hækkuð á þann hátt, sem ég hef lýst.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 221, 222 og 224, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja hér nokkur orð með 4 brtt., sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm. á þskj. 210. Það eru allt brtt., sem voru til umr. líka og voru fluttar við 2. umr. fjárl., sem við flytjum nú aftur með allmiklu lægri fjárupphæðum yfirleitt.

Fyrst er brtt. á þskj. 210, X, sem ég flyt ásamt hv. 7. landsk., um, að styrkur til að bjóða grænlenzkum stúdent, námsmanni eða áhugamanni til námsdvalar til að læra íslenzka tungu, sögu og bókmenntir sé veittur, 60 þús. kr. að upphæð. Ég vil aðeins minna á það, sem ég sagði um þetta við 2. umr. málsins. Ég álít, að okkur beri nokkur skylda til þess að reyna að skapa menningarleg tengsl við þá þjóð, sem býr í næsta nágrenni við okkur, býr í þessu forna íslenzka landnámi og hefur í kringum sig íslenzkar fornminjar og á að þekkja íslenzka sögu, þannig að það væri rétt af okkur, ef þar fyndust menn, sem hefðu áhuga á því að kynna sér okkar sögu, okkar bókmenntir og okkar tungu og þar með í raun og veru að vita meira um sína eigin sögu, að styrkja þá til þess. Ég efast ekki um, að þótt við lækkum þessa upphæð ofur lítið, þá munu ýmsir aðrir hér heima verða til að aðstoða þarna með líka, t. d. eins og Flugfélag Íslands, sem hefur haft ákaflega mikil sambönd við Grænland, að veita slíkum manni eða mönnum ókeypis far. Það er orðið fyrir þess frumkvæði alltítt, að Íslendingar ferðist til þeirra gömlu Íslendingabyggða, og af hálfu Íslendinga er sem sé sívaxandi áhugi fyrir Grænlandi. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að enginn Grænlendingur mundi fara að læra þetta út frá neinu hagsmunasjónarmiði. Það gæti ekki verið út frá neinu öðru en áhuga á íslenzkri tungu. Við gætum ekki búizt við því, að það væri farið að kenna íslenzku eða íslenzka tungu eða íslenzka sögu í Grænlandi fyrst um sinn, þannig að sá maður, sem kæmi hingað til þess að nema íslenzka tungu og íslenzka sögu og kynna sér íslenzkar bókmenntir, mundi eingöngu gera það vegna þess, að hann hefði áhuga á því að vita eitthvað um okkar þjóð og geta e. t. v. síðan beitt þeim áhuga bara sem hreinn áhugamaður, þegar heim til Grænlands kæmi.

Ég vil líka minna á, þó að það sé kannske fjarri að minna á það í sambandi við þetta, að allar Norðurlandaþjóðir hafa talið sér skylt

að gera eitthvað til þess að aðstoða það, sem kallað er frumstæðar þjóðir eða þróunarþjóðir, eins og það hefur stundum verið kallað. Við höfum lítið eða ekkert gert í slíku skyni, en höfum þó hér í nágrenni okkar þjóð, sem einmitt þyrfti aðstoð á þennan hátt. Hins vegar skal ég gjarnan viðurkenna, að þetta væri mjög eigingjörn aðstoð frá okkar hálfu, að gefa þeim tækifæri til þess að kynnast okkar sögu og okkar menningu. En e. t. v. gæti það líka orðið þeim nokkur hjálp, og þar sem þeirra saga og okkar fellur að nokkru leyti á vissu tímabili saman, væri þetta a. m. k. hjálp til þess að reyna að fá þá til að þekkja sína eigin sögu og það land, sem þeir byggja, betur en ella, því að það er ekki víst, að þeir fái alltaf sem réttastar upplýsingar um það. Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess við hv. þm., þegar ekki er um meiri upphæð að ræða en þessa, að þeir gætu orðið við því að samþykkja þessa litlu till.

Þá flyt ég á sama þskj. ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. till. XIII um, að styrkurinn til sumardvalarheimila gegn framlögum annars staðar frá sé hækkaður upp í 400 þús. Fjvn. er með till. um 300 þús., og er það mjög gott, að þar er gerð hækkun frá 215 þús., sem var, en ég álít, að það væri heppilegt að hafa hana þetta hærri.

Þá flyt ég enn fremur ásamt hv. 7. landsk. till. nr. XIV á sama þskj. um, að tekinn sé upp nýr liður: til rekstrar dagheimila fyrir börn þeirra mæðra, er vinna utan heimilis, úthlutað samkv. reglum, sem félmrn. setur, 300 þús. kr. Ég talaði fyrir þessari till., sem þá var með allmiklu hærri upphæð, við 2. umr. málsins og skal ekki fara að endurtaka það. En ég sé það strax á því, sem fjvn. hefur gert í þessum efnum, hvað snertir 9. liðinn í þessu, til sumardvalarheimila og slíks, að það er vaxandi skilningur á því, hver þörf er á því, að það sé komið upp og jafnvel ýtt undir hinar og þessar stofnanir um að koma upp dagheimilum, svo mjög sem það fer í vöxt, að mæður vinni utan heimilis, þær mæður, sem hafa ung börn og þurfa að geta komið þeim fyrir.

Þá flytjum við hv. 7. landsk. enn fremur till. á sama þskj., 210, XVI, um að styrkja félagsstarfsemi og skemmtanir æskulýðs, sem haldnar eru án þess að vín sé veitt af hálfu félagsheimila og annarra aðila, enda sé tryggt, að verðlagi öllu við skemmtanahaldið sé í hóf stillt og sé styrknum úthlutað samkv. reglum, sem félmrn. setur, 500 þús. kr. Ég minnti á það við 2. umr. málsins, hve erfitt mörg félagsheimilin eiga með rekstur, a. m. k. verulegan menningarlegan rekstur þeirra félagsheimila, sem upp hefur verið komið, og enn fremur minnti ég á, hve brýnt það væri hér í Reykjavík, þar sem spillingarhættan er mest, að geta komið upp eða séð um, að starfrækt væru verulega fögur og skemmtileg félagsheimili, án þess að vín sé haft þar um hönd. Og það er vitanlegt, að það er verið að gera þess háttar tilraunir í Reykjavík, sem geta jafnvel meira eða minna eyðilagzt af því, að það er gengið of hart fram í því að krefjast t. d. skemmtanaskatts og annars slíks, og það væri með svona smáfjárupphæðum hægt að koma þessu þannig fyrir, að slíkar tilraunir þyrftu ekki að mistakast. Ég held þess vegna, að það væri ákaflega heppilegt, þótt það væri ekki nema þessi litla byrjun, að veita þessar 500 þús. kr. í þessu skyni, og menn mundu ekki sjá eftir því, þegar það sæist, að allan þann sjoppuómenningarbrag, sem hefur verið að setja leiðindasvip m. a. hér á Reykjavík og hefur verið að breiðast út um land, færi að takast að láta hverfa, þannig að þessari litlu fjárupphæð væri ekki illa varið í þessu sambandi.

Ég vil svo aðeins að lokum út frá þeirri till., sem liggur fyrir á þskj. 223 frá fjvn., um tvær lánsheimildir til samans að upphæð næstum 100 millj. kr., sem báðar út af fyrir sig eru ágætar og sjálfsagðar, minna á, — og ég segi það ekki til þessarar hæstv. ríkisstj., sem nú situr, það hafa margar ríkisstj. nú undanfarin ár gerzt samsekar um það, það er sífellt að færast í vöxt, að við afgreiðum stórar lánsheimildir með einni umr. á Alþingi, með því að bæta aftan við 22. gr. heimildum til að taka svona og svona mikil lán. Ég man nú ekki lengur, hvað er langt síðan þetta var gert í fyrsta sinn. Í stjórnarskránni, 40. gr., stendur, eins og menn vita, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkv. lagaheimild."

Og í 44. gr. segir:

„Ekkert lagafrv., að fjárl. og fjáraukal. undanskildum, má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild."

Það hefur farið í vöxt, að þetta hefur verið framkvæmt á þann máta, að heimildir til þess að selja fasteignir hafa verið veittar með einni umr. í sambandi við fjárl. og heimildir til að taka lán hafa verið veittar með einni umr. í sambandi við fjárlög. Hins vegar er þetta ekki orðinn almennur praksis enn þá. Enn þá þykir t. d. sjálfsagt með hverja jörð, sem ríkið á, að um það skuli útbúa sérstök lög og ganga í gegnum sínar sex umr. Hins vegar eru húseignir og slíkt nú í 22. gr., seldar samkv. henni. Enn fremur þykir enn þá sjálfsagt viðvíkjandi útlendum lánum að láta það ganga gegnum sínar 6 umr. Hins vegar er núna lagaheimild í seðlabankalögunum um, að Seðlabankinn má taka útlend lán, ef ég man rétt. Og ef við förum að gera ákaflega mikið að þessu, — nú tökum við 100 millj., við getum tekið 1000 millj. með einni umr. í fjárl., veitt heimild til að taka það og látið Seðlabankann taka það, — getum við smám saman farið langt út fyrir það, sem hlýtur að hafa verið meiningin í stjórnarskránni upphaflega. Ég er ekki að segja það til að deila

neitt á það, sem hér liggur fyrir. Það er komin hefð á þetta, mér dettur ekki í hug að neita því. Það er búið svo oft að samþykkja þetta. En ég vil aðeins benda á, að það væri rétt af okkur að athuga, hvort við eigum ekki að brjóta þá hefð, hvort við eigum ekki, næst þegar við förum að taka mjög stór lán, að láta þetta ganga með sínum gamla hætti í gegn, að öll þau lán a. m. k., sem eitthvað munar um, séu látin ganga sem sérstök lög í gegnum sínar sex umr. á Alþ. Ég ætla ekkert að segja um það að öðru leyti. Þetta er löglegt, er búið að gera það í a. m. k. áratug og meira, og allar ríkisstj. og allir þm. hafa verið sammála um það. En mér sýnist, að við ættum að athuga alvarlega, hvort við ekki breytum þessu, hvort það er ekki í meira samræmi við okkar stjórnarskrá og okkar þingræði að taka upp aðra hætti þarna.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þess fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, flutti ég ásamt hv. 4. þm. Reykn. 3 brtt. við frv., sem allar snertu framlög til skólabygginga, nýrra skólahúsa í Kópavogi. Við tókum þessar till. allar aftur til 3. umr., og ég sé nú, að hv. fjvn. hefur við nánari athugun málanna milli umr. tekið upp eina af till. okkar í till. sínar við þessa umr. Það er framlag til eins nýs skólahúss í Kópavogi. Við hv. 4. þm. Reykn. flytjum því enn að nýju tvær brtt. okkar, sem við fluttum við 2. umr., og eru þær á þskj. 218, IX. og XII. till. á því þskj. Þær eru um framlög úr ríkissjóði til tveggja nýrra áfanga skólabygginga í Kópavogi, til 3. áfanga barnaskóla á Kársnesi og 3. áfanga gagnfræðaskóla.

Það kann að vera, að einhverjum finnist, að þegar samþ. er hér á Alþingi tillag til eins nýs skólahúss á einum stað, þá ætti það að vera nægilegt. En í augum kunnugra er það alveg ljóst, að svo er ekki í þessu tilfelli.

Ég þori að fullyrða það strax, að ef brtt. okkar, sem ég hef nú getið um, verða felldar, þá verður þar með stofnað til fullkomins öngþveitis í skólamálum í Kópavogskaupstað, til þess vandræðaástands þegar á næsta skólaári, að þar verði ekki hægt að halda uppi lögboðinni fræðslu fyrir börn og unglinga. Ég vil hvorki væna hv. fjvn. né neina aðra um það, að þeir vilji vitandi vits stofna til þvílíks ástands á neinum stað í þessu landi. En það kann að vera, að hv. fjvn.-mönnum veitist örðugt að setja sig inn í það sérstaka ástand, sem ríkir í Kópavogi í þessum efnum. Mér er hins vegar kunnugt um það, að sérfræðingar og ráðunautar hæstv. ríkisstj. í fræðslumálum og í skólamálum hafa gert sér þetta ljóst og hafa gert till., sem fara í sömu átt og þær brtt. okkar, sem ég hef getið um og við flytjum hér. En þessum embættismönnum ríkisstj. er það auðvitað skyldast að fylgjast svo náið með ástandi fræðslumálanna og framkvæmd þeirra á hverjum stað, að Alþingi verði það ljóst, og gera um það till. til Alþingis, svo að Alþingi verði það ljóst, að ekki sé stofnað beinlínis til þvílíks öngþveitis, að ekki sé unnt að halda uppi lögboðinni fræðslu í einum af kaupstöðum landsins vegna skorts á skólahúsnæði. Sökin á þessu hvílir ekki á viðkomandi sveitarstjórn, heldur eingöngu á yfirstjórn fræðslumálanna og hv. Alþingi, hæstv. ríkisstj. og hennar flokkum.

Áður en ég vík að því að færa nánari rök að þeirri fullyrðingu minni, að hér sé, ef brtt. okkar verða felldar, beint stefnt að þvílíku öngþveiti í fræðslumálum í einum af stærstu kaupstöðum landsins, þá vildi ég minna lítils háttar á þau lagaákvæði, sem gilda um framlög ríkissjóðs til skólabygginga, þó að ég geri ráð fyrir, að flestum hv. þm. séu þau raunar kunn. Í l. frá 1955 um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, segir í fyrsta lagi, að ríkissjóður greiði hálfan stofnkostnað við heimangönguskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs. Þó gerir ríkissjóður þetta ekki jafnóðum og byggingarnar rísa upp. Nei, honum er aðeins skylt að inna sitt framlag, helming kostnaðar, af hendi á fimm árum. Innan 5 ára, eins og segir í l., frá því að fyrsta framlag er innt af hendi, á ríkissjóður að hafa lokið greiðslu að sínum hluta. Þetta þýðir það, að ríkissjóður tekur lán hjá viðkomandi sveitarfélögum, fátækum sveitarfélögum, í allt að 5 ár til þess að byggja skólahús, þau skólahús, sem ríkissjóði ber þó samkv. l. að greiða að hálfu og hann vill eiga að hálfu. Ég hygg, að þessi ákvæði í l. um, að ríkissjóður taki þannig lán til sinna framkvæmda hjá fátæku sveitarfélagi, séu nokkuð fágæt í menningarlöndum. En þetta hefur sem sagt verið í íslenzkum lögum frá því árið 1955. En í þessum l. segir einnig, að Alþingi ákveði hverju sinni, til hvaða skólaframkvæmda stofnkostnaðarframlag er veitt, og að viðkomandi sveitarfélögum sé ekki heimilt að hefja framkvæmdir við byggingu skólahúsa, fyrr en fjárveitingar eru fyrir hendi, og ef framkvæmdir við byggingu skólahúsa eru hafnar af viðkomandi sveitarfélagi án þess, að fjárveiting sé fengin til þess, segir í l., þá er sú bygging, þá er sú framkvæmd ríkissjóði óviðkomandi með öllu. Viðurlögin fyrir sveitarfélögin eru þau, að þá fá þau engan eyri greiddan af stofnkostnaði þessara skólahúsa, sem allajafna skiptir nú millj. kr. Ef sveitarfélag, stórt eða lítið, stendur frammi fyrir því, að þar verði ekki haldið uppi lögboðinni fræðslu, nema hafin sé bygging skólahúss í tæka tíð, en Alþingi eða fræðslumálastjórnin vill ekki á það fallast, að svo sé, þá liggja þessi viðurlög við, og er augljóst, að þetta er sama sem fullkomið bann fyrir sveitarfélögin við því að hefja nokkrar skólabyggingar, hvernig sem á stendur, nema fyrsta fjárveiting sé fengin hjá Alþingi. Og það er einmitt þetta atriði, sem skiptir svo miklu máli að því er Kópavog snertir, eins og ég skal nú koma að.

Kópavogur er nú þriðji stærsti kaupstaður landsins utan Reykjavíkur. Akureyri og Hafnarfjörður eru aðeins stærri. En Kópavogur

hefur þá sérstöðu miðað við aðra stærstu kaupstaði landsins, að hann hefur byggzt á rúmum hálfum öðrum áratug, en hinir aðrir hafa verið að byggjast á hálfri öld a. m. k. Í Kópavogi hefur því orðið að byggja allar opinberar byggingar á síðustu 10—15 árum, þ. á m. öll skólahús. Kópavogur hefur ekki vanrækt skyldur sínar um að byggja skólahús. Þar eru þegar 3 stór skólahús, 2 barnaskólar með 25 kennslustofum og 1 gagnfræðaskóli með 11—12 kennslustofum. Í þessum skólum eru hins vegar 1600 börn og unglingar, en það þýðir, að þessir skólar eru þegar fullskipaðir, þegar í dag, einn þeirra svo, að þar verður engu barni við bætt með nokkru móti, en þar er hver skólastofa notuð til fulls þrisvar sinnum á dag.

Kópavogur hefur þá sérstöðu meðal kaupstaða landsins, að þar eru hlutfallslega fleiri börn og unglingar á skólaskyldualdri en í nokkrum öðrum kaupstað landsins. Eins og ég sagði, eru þar 1600 börn og unglingar á skólaskyldualdri, eða allt að fjórðungi íbúanna. Þetta mun vera einsdæmi, að ég hygg. Kópavogur hefur einnig þá sérstöðu, jafnvel nú hin síðustu ár, þegar allmikið hefur dregið úr byggingarframkvæmdum almennings, að þar hefur þetta ekki gerzt, þar hefur ekki dregið verulega úr byggingarframkvæmdum almennings, og liggja til þess sérstakar ástæður. Fjölgun í Kópavogi hefur verið um 600 manns á ári og verður ekki langt frá því næstu árin. Kópavogur hefur einnig sérstöðu að því leyti, að þar er ekkert leiguhúsnæði að fá, þó að sveitarstjórn vildi reyna að fá leiguhúsnæði til skólahalds. Þar er það ekki til. Aðrir kaupstaðir geta gert það. Reykjavíkurbær hefur t. d. bjargað sér með því að taka leiguhúsnæði í stórum stíl fyrir skólahald hér. En sú lausn kemur ekki til mála í Kópavogi. Ef það skólahúsnæði, sem sveitarfélag og ríki byggja, er ekki fyrir hendi, þá er ekki í annað hús að venda, þá er ekki hægt að inna af höndum lögboðna fræðsluskyldu. Og eins og ég sagði áðan, eru barnaskólarnir tveir í Kópavogi þegar í ár fullskipaðir, svo að þar verður ekki við bætt.

Ég hef fyrir framan mig sérstaka samþykkt, sem bæjarstjórnin í Kópavogi gerði, þegar er henni varð kunnugt, eftir að fjárlfrv. kom hér til 2. umr. á Alþingi, að þar væri ekki gert ráð fyrir neinum framlögum til nýrra skólabygginga í Kópavogi. Þar er bent á þá staðreynd, að börn á skólaskyldualdri séu nú 1600 eða tæpur fjórðungur íbúanna og að báðir barnaskólar bæjarins séu þrísetnir nú þegar. En það er auk þess kunnugt, eins og ég drap á áðan, að það má reikna með því með fullri vissu, að á næsta ári bætist við tölu skólaskyldra barna og unglinga í Kópavogi 150—200 börn og unglingar.

Það er nálega sama að segja um gagnfræðaskóla, sem er nýbyggður í Kópavogi. Hann verður fullskipaður og meira en það þegar á næsta ári og ekkert líklegra en að þegar á næsta hausti verði að vísa þaðan burt unglingum úr Garðahreppi, sem hefur verið skotið skjólshúsi yfir, og ég tel alveg vafalaust einnig a. m. k. þeim unglingum á gagnfræðaskólaaldri, sem ættu að fá þar kennslu í fjórða bekk gagnfræðaskóla.

Hv. fjvn. hefur tekið upp í sínar till. framlag til eins barnaskóla. Þetta er algerlega ófullnægjandi og mun alls ekki koma í veg fyrir það, að það verði þegar á næsta hausti að vísa bæði börnum og unglingum frá skólum í Kópavogi. Bæjarstjórnin í Kópavogi hefur með sérstakri samþykkt, sem að vísu er stíluð til þm. kjördæmisins og hefur verið send þeim öllum, bent á þessar staðreyndir.

Ég vil vekja athygli á því, um leið og ég mæli fyrir brtt. okkar hv. 4. þm. Reykn., hversu alvarlega horfir í þessum efnum. Ég vil endurtaka það, að ég trúi því ekki, að fræðslumálastjórnin í landinu undir forustu hæstv. menntmrh. vilji vitandi vits stefna að því, að ekki sé hægt að halda uppi lögboðinni fræðslu í einum af stærstu kaupstöðum landsins. Honum, hv. fjvn. og hv. Alþingi hefur verið gert það ljóst, að að þessu stefnir. Þetta er alveg víst.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessar till. Ég vil ekki trúa því enn, að hv. meiri hl., sem hér ræður, vilji taka á sig ábyrgðina á því og þar með hæstv. menntmrh. að stofna til slíks neyðar- og vandræðaástands, sem fyrirsjáanlegt er í Kópavogskaupstað, ef brtt. okkar hv. 4. þm. Reykn. verða felldar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það með hv. þm., að ekki má til þess koma, að ekki verði unnt að halda uppi fræðsluskyldu í Kópavogskaupstað eins og öðrum skólahéruðum landsins á næsta skólaári, og ég vil ekki trúa því, að svo þurfi að fara. Sú athugun, sem ég hef látið fara fram á því með aðstoð embættismanna fræðslumálastjórnarinnar, leiðir og í ljós, sem betur fer, að á því þarf ekki að vera hætta.

Hv. þm. lét í ljós óánægju yfir því, að í till. hv. fjvn. skuli ekki vera gert ráð fyrir því, að byrjað sé nema á einni barnaskólabyggingu í Kópavogskaupstað á næsta ári. Að sjálfsögðu hafa verið uppi nú eins og endranær margar óskir um það, að skólahéruð fái leyfi til þess að byrja á nýbyggingu skóla. En ég held, að það sé rétt að undirstrika það, sem allir hv. þm. þó án efa hafa gert sér ljóst þegar við 2. umr. þessa máls, að till. hv. fjvn., gerðar í samráði við ríkisstj., eru með þeim hætti, að aldrei hefur verið gert ráð fyrir jafnmiklu fé til að byrja nýbyggingu skólahúsa og gert er ráð fyrir í till. hv. fjvn. um fjárl. ársins 1963. Sú tala, sem n. og ríkisstj. hafa gert ráð fyrir að verði í fjárl. næsta árs til nýbyggingar skólahúsa, er hærri en nokkurn tíma áður hefur þekkzt í sögu Alþingis. **(Gripið fram í:** Krónan er nú svolítið minni líka.) Það er um að ræða 8.5 millj. kr. til nýbyggingar barnaskólahúsa og 3.2 millj. kr. til nýbyggingar gagnfræðaskólahúsa, eða samtals um 11.7 millj. kr. til nýrra skólahúsa, og eru þá ótaldar

fjárveitingar til menntaskóla, kennaraskóla og annarra slíkra stofnana, sem ríkið byggir eitt. Þessar tölur taka eingöngu til þeirra skólabygginga, sem sveitarfélög og ríkið byggja í sameiningu. Ég endurtek og undirstrika, að þetta er langhæsta talan, sem nokkurn tíma hefur verið samþykkt í fjárl. til nýbyggingar skóla, og er svo miklu hærri en nokkur önnur tala í fjárl. áður, að hún markar tímamót, sem betur fer, í skólabyggingasögunni.

Hv. þm. lét orð liggja að því, að það, að ekki væri gert ráð fyrir nema einum nýjum skóla í Kópavogskaupstað á næsta ári, væri verk fjvn. eða ríkisstj., en till. embættismanna ríkisstj. eða ríkisvaldsins og þá væntanlega fyrst og fremst fræðslumálastjóra hafi verið með öðrum hætti. Í þeim till., sem fræðslumálastjóri gerði um byggingu nýrra barnaskóla, þar sem hann raðaði upp 20 skólum, sem hann taldi mesta þörf á að byrja á, var einn barnaskóli í Kópavogi. Af þessum 20 till. hefur fjvn. tekið fjórtán skóla og því sem næst í þeirri sömu röð, sem fræðslumálastjóri lagði til í till. sínum. Það hefur aldrei komið fyrir áður, að teknir hafa verið til greina 14 skólar af 20, sem nefndir eru í till. fræðslumálastjóra.

Um byggingu gagnfræðaskóla er það að segja, að þar nefndi fræðslumálastjóri 6 gagnfræðaskóla, sem þörf væri á að byggja. Af þessum 6 skólum er gagnfræðaskóli í Kópavogi númer fimm. Tekið var tillit til byrjunar á þrem nýjum gagnfræðaskólum og auk þess veitt fé til bygginga á tveim héraðsskólum.

Það er því á ókunnugleika byggt hjá hv. þm., ef hann stendur í þeirri meiningu, að með þessum till. fjvn. sé með einhverjum sérstökum hætti gengið á snið við hugmyndir æðstu embættismanna fræðslumálastjórnarinnar, þ. e. a. s. fræðslumálastjóra, um þessi efni. Ég hefði mjög gjarnan kosið, að hægt hefði verið að hafa í till. um nýbyggingu nýjan áfanga gagnfræðaskóla í Kópavogi. En öllum óskum er ekki hægt að sinna, eins og að líkum lætur og engum hv. þm. þarf að koma á óvart. Höfuðástæða þess, að ekki þótti fært að taka annan skóla í Kópavogi, gagnfræðaskóla né heldur annan barnaskóla, í þessar till., er sú, að með þeirri fjárveitingu, sem nú er gert ráð fyrir að gangi til nýs barnaskóla, verða fjárveitingar ríkisins til byggingar skóla í Kópavogi á næsta ári 1464393 kr., eða nær 1½ millj. kr.

Mér hefur að vísu ekki gefizt tími til að ganga nákvæmlega úr skugga um, hvað veitt er til hvers einstaks skólahéraðs á landinu í heild, en ég held þó, að ég fari ekki með rangt mál, þegar ég segi, að ekkert skólahérað á landinu eigi að fá jafnháa fjárhæð á næsta ári, nema Reykjavík. Ég hygg, að með þessu móti sé Kópavogur það skólahérð, sem fái næsthæsta fjárveitingu í heild frá ríkinu til sinna skólabygginga, á eftir Reykjavík. Það er að sjálfsögðu eðlilegt vegna þess mikla vaxtar, sem hefur verið í Kópavogi. Ég segi þetta ekki til þess að telja þetta eftir, heldur þvert á móti vil ég undirstrika, að þetta er eðlilegt, en vil hins vegar, að menn geri sér grein fyrir, að staðreyndin er sú, að á árinu 1963 gera þessi fjárl. ráð fyrir því, að Kópavogur fái næsthæstu fjárhæðina til skólabygginga, sem veitt er til skólahéraða á landinu, komi næst á eftir sjálfri höfuðborginni, Reykjavík. Af þessu vona ég, að hv. þm. geti dregið þá ályktun, að því fer víðs fjarri, að af hálfu hv. fjvn. eða fræðslumálastjórnarinnar hafi verið ríkjandi eða sé ríkjandi vanræksla eða skilningsleysi á málefnum Kópavogskaupstaðar. Það, sem hér er um að ræða, er sú einfalda staðreynd, sem oft og einatt reynist sár, að ekki er hægt að verða við óskum allra.

Ég get að lokum ekki stillt mig um að láta þess getið, að ef ástand í skólamálum Kópavogskaupstaðar er sérstaklega slæmt, á það ekki rót sína að rekja til þess, að ekki hafi verið vel séð fyrir fjárveitingu til skólabygginga í Kópavogi á næsta ári og ekki heldur á því ári, sem nú er að líða, heldur er þá skýringin sú, að of lítið fé hefur verið veitt til skólabygginga í Kópavogskaupstað á undanförnum árum. Í þessu sambandi hef ég lítið á fjárveitingar til skólabygginga í Kópavogskaupstað undanfarin ár eða frá árinu 1956. Ég held, að fróðlegt væri fyrir hv. þm. að kynna sér þær. Af því að þetta mál hefur verið gert að alveg sérstöku umræðuefni hér í sérstakri ræðu, og ég fann, að hv. ræðumanni var það mál, sem hann flutti, mikið hjartans mál, þá er mér það líka áhugamál að sýna honum og hv. þm. fram á, að sú tillögugerð, sem nú er uppi höfð um skólabyggingu í Kópavogi, byggist ekki á skilningsleysi á þörfum þessa skólahéraðs. Fjárveitingar til skólabygginga í Kópavogi hafa síðan 1956 verið svo sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: 1956 235 þús., 1957 400 þús., 1958 723 þús., 1959 1116 þús., 1960 1147216, 1961 952810, 1962 1109485, og á árinu 1963 er gert ráð fyrir, að fjárveitingin verði hærri en nokkru sinni áður, 1464393 kr.

Það er sérstaklega athyglisvert í þessu sambandi, að ef um vandræðaástand er að ræða, er það ekki vegna þess, að á þessu ári né á næsta ári hafi verið of lítið fé veitt, heldur of lítið fé veitt á undanförnum árum. Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að benda á, að fjárveitingar á þeim þremur árum, sem við hv. síðasti ræðumaður vorum sameiginlegir stuðningsmenn ríkisstj., þ. e. á árunum 1956, 1957 og 1958, voru veittar samtals til skólabygginga í Kópavogi 1 millj. 358 þús. kr. Á þessum þremur árum, stjórnarárum vinstri stjórnarinnar svokölluðu, var veitt til — (**Gripið fram í:** Á að taka 1956 með?) Það var hálft árið þá. Þess vegna tel ég það. Það verður enn minna, ef ég sleppi 1956. (**Gripið fram í:** Það voru aðrir búnir að samþykkja.) Það er alveg rétt, en vinstri stjórnin sat að völdum í 2½ ár, og ekki ætti það að spilla að reikna henni þrjú ár, þriggja ára fjárveitingu, en þriggja ára fjárveiting 1956, 1957 og 1958 er samtals 1 millj. 358 þús., en fjárveit-

ing á næsta ári, 1963, samkv. okkar till. verður 1 464 393 kr. Á einu ári, þ. e. á næsta ári, er gert ráð fyrir, að fjárveitingin verði 100 þús. kr. hærri en hún var á þremur árum, þegar við hv. síðasti ræðumaður hefðum þó sameiginlega átt að geta haft talsverð áhrif til að auka fjárveitingar til skólabygginga í Kópavogi. En árangurinn var því miður ekki meira en þetta, og enginn skal játa fúslegar en ég, að þessar fjárveitingar voru allt, allt of litlar, því miður. Þær voru svo litlar, að fyrir því erum við að finna nú. En ég hef haft og við fleiri mikinn áhuga á því að bæta úr því, sem vangert var á árunum 1956, 1957 og 1958. Það var gert í ár með fjárveitingu, sem var á aðra milljón, og það verður enn gert á næsta ári með fjárveitingu, sem nemur 1½ milljón.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á þskj. 210 flytjum við hv. 5. þm. Reykn. tvær till., nr. IV og XVII.

Till. nr. IV gengur út á það, að á fjárl. ársins 1963 verði tekin fjárveiting til öryggisráðstafana á Reykjanesbraut í Kópavogi, að fjárhæð 500 þús. kr.

Eins og hv. alþm. e. t. v. vita, er Reykjanesbrautin ein sú mesta umferðaræð, er þekkist hér á landi. Hún liggur frá Reykjavík í gegnum Kópavog og Garðahrepp, Hafnarfjörð og suður á Suðurnes. Um þennan veg fara daglega þúsundir bíla, og það vill svo vel til, að vegna þeirrar umferðarkönnunar, sem framkvæmd var hér á s. l. hausti, vitum við nokkurn veginn upp á bifreið, hversu margar þær eru, sem fara þarna um daglega.

Samkvæmt niðurstöðum umferðartalningar, sem gerð var í Kópavogi dagana 12. og 13. sept. s. l., lítur dæmið þannig út, að frá Reykjavík og inn í Kópavog fóru þann 12. sept. 5584 bifreiðar, og sunnan megin frá, frá Suðurnesjum og Hafnarfirði og inn í Kópavog að sunnanverðu, fóru 5465 bifreiðar, þannig að um Reykjanesbrautina, þar sem hún liggur í gegnum Kópavog, fóru samtals þennan eina dag um 11050 bifreiðar á tímabilinu frá kl. 7 að morgni til kl. 1 eftir miðnætti.

Af þessari umferð, sem fór um Reykjanesbraut í Kópavogi og kom frá Reykjavík, fóru 2426 bifreiðar suður úr Kópavogi og áfram til Hafnarfjarðar og suður á Suðurnes, og af bifreiðum, sem komu frá Hafnarfirði og af Suðurnesjum og fóru í gegnum Kópavog, héldu 2483 áfram til Reykjavíkur og annarra staða fyrir norðan Kópavog eða sem sagt af þeirri umferð, rúmum 11 þús. bifreiðum, sem fóru um veginn þennan dag, fór tæpur helmingur áfram út úr Kópavogi, annaðhvort norður fyrir hann eða suður fyrir hann. Ég hygg, að engin gata, er liggur í gegnum kaupstað, sé jafnfjölfarin bifreiðum og þessi.

Nú vill svo til, að Reykjanesbrautin liggur í gegnum Kópavog miðjan, hún skiptir bænum í svo að segja tvo jafnstóra hluta, og þannig háttar til, að í eystri hlutanum er einasti leikfimisalurinn, sem er að finna í bæjarfélaginu. Það þýðir m. a., að um 500 skólabörn, sem sækja skóla í vesturbænum, verða að fara yfir þessa fjölförnu götu oft í viku. Auk þess er staðsett austan vegarins félagsheimili Kópavogs, sem er miðstöð allrar menningar- og skemmtistarfsemi í kaupstaðnum. Þessi gífurlega umferð yfir veginn af fólki og þessi gífurlega umferð bifreiða hefur skapað vandamál í Kópavogskaupstað, sem er gersamlega óviðunandi, og ég þarf ekki að minna hv. alþm. á þau tíðu slys, sem þarna hafa orðið á mönnum og farartækjum vegna hinnar miklu umferðar um þennan veg.

Ég hygg því, að ekki þurfi að deila um nauðsynina á að framkvæma þarna einhverjar aðgerðir til þess að draga úr þeirri slysahættu, sem þarna er fyrir hendi, og á fjárl. ársins 1962 voru veittar um 200 þús. kr. til byrjunaraðgerða í þessu skyni. Þær voru notaðar til þess að skipta Reykjanesbrautinni í tvær akreinar á háhæðinni. Þetta hefur gert umferðina greiðari yfir háhálsinn, þar sem hættan er mest, gert bílaumferðina hraðari yfir hálsinn og skapað þar af leiðandi jafnvel meiri hættu en var til staðar, áður en þessi aðgerð var framkvæmd, og þá ekki sízt fyrir þá sök, að það vantar mjög á að lýsa þennan kafla vegarins nægilega vel upp, og það hefur gerzt ítrekað, eftir því sem mér er tjáð, að bifreiðar, sem koma frá Reykjavík og upp á hálsinn að norðanverðu, hafa rekizt á þær eyjar, ef svo mætti kalla það, sem hafa verið gerðar þarna uppi á háhálsinum og skipta veginum í þessar tvær akreinar. Það er því alger lágmarkskrafa, að þarna verði komið á betri lýsingu, þó að það eitt út af fyrir sig sé hvergi nægjanlegt, og helzt þyrfti að koma þarna á umferðarljósum líka.

Sú fjárveiting, sem við hv. 5. þm. Reykn. leggjum til að veitt verði til þessara aðgerða, er 500 þús. kr. Við höfum engar sérstakar till. gert um það, hvernig eigi að verja þeim, til hverra aðgerða sé heppilegast að grípa til þess að forða því öngþveiti, sem þarna er til staðar. Við teljum, að eðlilega eigi trúnaðarmenn ríkisvaldsins og þá fyrst og fremst vegamálastjóri í samráði við bæjaryfirvöldin í Kópavogi að ákveða, í hverju aðgerðirnar eiga að felast.

Önnur till., sem við hv. 5. þm. Reykn. flytjum, er nr. XVII á sama þskj. Hún gengur út á það, að ríkisstj. taki allt að 30 millj. kr. lán og endurláni það landshöfninni í Keflavík og Njarðvíkum til hafnarframkvæmda. Eins og hv. þm. vafalaust vita, er landshöfnin í Keflavík og Njarðvík ein af mikilvægustu höfnum þessa lands. Hún liggur vel við auðugum fiskimiðum, sem eru rétt fyrir utan Reykjanesskaga. Í landshöfninni í Keflavík og Njarðvík hefur verið mjög lifleg og vaxandi bátaútgerð á undanförnum árum. Á s. l. ári var þannig landað í landshöfninni um 50 þús. smálestum af nýjum fiski, sem var þá 50% aukning á aflamagni því, sem lagt var þar á land árið á undan. Þetta var um 6.5% af öllu því aflamagni, sem lagt var á land á öllu landinu árið

1961. En landshöfnin er ekki einasta höfn fyrir bátaútveginn. Hún er líka útflutnings- og innflutningshöfn. Á árinu 1961 voru þannig flutt út útflutningsverðmæti að upphæð um 360 millj. kr. úr landshöfninni, eða um 12% af þeim sjávarafurðum, sem þá voru fluttar út frá landinu öllu.

Ég hygg, að þessar fáu tölur skýri betur en mörg orð mikilvægi þessarar hafnar, og það er staðreynd, að allir, er eitthvað þekkja til málanna, vita og viðurkenna, að hafnarrými er þarna allt of lítið og höfnin er allt of illa varin fyrir stórsjóum í vissum áttum og þá fyrst og fremst í suðvestanátt.

Nú mun vera aðstaða til þess að afgreiða samtímis um 10—15 fiskibáta í landshöfninni í Keflavík og Njarðvík, en á s. l. vertíð voru þar afgreiddir að meðaltali daglega fast að 100 bátar á dag. Þörfin er því ljós á auknum framkvæmdum við landshafnargerðina í Keflavík og Njarðvík. Á fundi, sem landshafnarstjórn og bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkur héldu í Keflavík 29. sept. s. l., var samþykkt svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn lýsir einhuga stuðningi við verkáætlun landshafnarstjórnar frá 1959 um byggingu hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að hægt verði að afgreiða samtímis við góð skilyrði í fyrsta lagi 3 flutningaskip, í öðru lagi 25 fiskibáta af stærðum allt að 150 tonn, í þriðja lagi, að séð verði fyrir geymsluplássi innan hafnar fyrir allt að 150 fiskibáta að stærð 75—150 tonn. Fundurinn telur ástand í hafnarmálum svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu fjórum árum. Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj., að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn, um 50—60 millj. kr., svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori."

Með hliðsjón af þessari framkvæmdaáætlun og minnkandi gildi krónunnar höfum við flm. lagt til, að á fjárl. ársins 1963 verði ríkisstj. heimilað að taka allt að 30 millj. kr. lán sem byrjunarlán til þeirra nauðsynlegu hafnarframkvæmda, sem ég hef verið að reyna að lýsa, að nauðsyn bæri til að framkvæma á næstu árum í Keflavík og Njarðvík.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 222 eru brtt. frá mér og þeim hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. v.

I. brtt. á því þskj. er frá okkur og er um brúargerðir. Við leggjum þar til, að bætt verði inn í frv. fjárveitingum til að gera brýr á tvær ár í Vestur-Húnavatnssýslu. Það er á Reyðarlæk í Vesturhópi og Katadalsá á Vatnsnesi. Þetta eru ekki dýr mannvirki miðað við það, sem almennt gerist nú. Vegamálaskrifstofan áætlar, að brú á Reyðarlæk kosti 440 þús. og á Katadalsá 310 þús.

Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir hér áður við umr., höfum við ekki flutt neinar till. um breytingar á þeim upphæðum, sem ætlaðar eru til vegagerðar í kjördæminu, ekki lagt til, að hækkaðar verði þær fjárveitingar, sem gert er ráð fyrir á 13. gr. til vegaframkvæmda. Það er ekki fyrir það, að það sé ekki brýn þörf á því að auka framlögin í þessu kjördæmi, heldur er það, að við teljum þó enn meiri þörf á því að gera brýr þar yfir nokkur vatnsföll, og m. a. eru þar þær ár, sem ég hér nefndi. Þó að þetta séu ekki stór vatnsföll, eru þau oft mjög erfið yfirferðar að vetrinum og valda miklum erfiðleikum fyrir bændur, sem þurfa að koma mjólk frá búum sínum til mjólkurstöðvarinnar á Hvammstanga, en mjólkursala er nú þangað úr öllum hreppum sýslunnar.

Á sama þskj. flytjum við einnig till. um framlag til byggingar við héraðsskólann á Reykjum í Hrútafirði. Það er IV. till. á þessu þskj. Við förum þar fram á 300 þús. kr. til heimavistarhúss, sem þar er nauðsynlegt að byggja. Þetta er vitanlega ákaflega lítill hluti af því, sem þetta hús mun kosta. En við teljum þó allmiklu skipta að fá þessa upphæð inn á fjárl. sem viðurkenningu af hálfu Alþ. á því, að þetta hús þurfi að reisa og verði unnið að því á næstu árum.

Héraðsskólinn á Reykjum er mjög góður skóli að áliti allra, sem til þekkja. En þar vantar tilfinnanlega nýtt hús fyrir nemendaíbúðir og kennaraíbúðir. Það hefur verið svo nú síðustu árin, að aðsókn hefur verið mjög mikil að skólanum, og venjulega hefur þurft að vísa frá fleiri nemendum en hægt hefur verið að taka í skólann, vegna þess að nemendaíbúðirnar eru allt of litlar. Urðu okkur satt að segja nokkur vonbrigði, að hv. fjvn. skyldi ekki sjá sér fært að taka upp í sínar till. neina fjárveitingu til þessarar nauðsynjaframkvæmdar. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að aldrei hefði jafnmiklum fjárupphæðum verið varið til skólabygginga og nú, skv. þeim till., sem fyrir liggja um fjárveitingar á næsta ári til slíkra bygginga. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé rétt hjá hæstv. ráðh. En þess má geta í því sambandi, að aldrei hafa jafnverðlitlar krónur verið lagðar til þeirra framkvæmda eða annarra verklegra framkvæmda í landinu. Og það má líka minna á það, að aldrei hafa verið hér á landi jafnmörg börn og unglingar, sem skylt er að veita fræðslu, eins og nú.

Ég vil í sambandi við þessa till. okkar um framlagið til Reykjaskóla einnig benda á, að það er ákaflega lítið, sem veitt er skv. frv. og till. hv. fjvn. til nýrra skólahúsa á Norðurlandi vestra, það er mjög lítið. Og við viljum því vænta þess, að þessari till. okkar verði vinsamlega tekið af hv. þm.

Brtt. frá hv. fjvn. var útbýtt hér á fundi seint í dag, og það hefur þess vegna ekki gefizt nema skammur tími til að líta yfir þær. Ég get ekki stillt mig um að minnast hér á till., sem nefndin flytur. Það er brtt.

við 22. gr. frv. Þessi till. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Að ráðstafa eignum áburðareinkasölu ríkisins til jarðvegsrannsókna, sérstaklega með tilliti til rannsókna á áburðarþörf lands, eftir ákvörðun landbrn. í samráði við búnaðardeild atvinnudeildar háskólans.“ — Ekki ætla ég að fara að hafa á móti því, að varið sé fé til þessara nauðsynlegu rannsókna. En hitt verð ég að segja, að mér þykir það dálítið einkennilegt að leggja til að ráðstafa eignum stofnunar, sem enn er starfandi. Það mun ekki vera venja að ráðstafa eignum slíkra fyrirtækja, fyrr en þau hætta störfum. En nú er það þannig með áburðarsöluna, eins og allir vita, að hún er enn rekin. Ég geri ráð fyrir, að það fyrirtæki eins og önnur þurfi á einhverju rekstrarfé að halda, og ég skil þetta þannig, að hæstv. ríkisstj. ætli að sjá fyrir því með öðru móti, fyrst hún ætlar nú að taka þær eignir, sem þar eru til, og ráðstafa þeim á þennan hátt, því að ég geri ráð fyrir því, að þessi till. hv. fjvn. sé flutt í samráði við ríkisstj. Hún ætlar því vafalaust að sjá áburðareinkasölunni fyrir rekstrarfé á annan hátt.

Um síðustu mánaðamót fékk ég bréf frá síldarverksmiðju Siglufjarðarkaupstaðar, sem nefnist Rauðka, og ég hygg, að aðrir þm. úr Norðurl. v. hafi fengið bréf samhljóða þessu, sem ég fékk. Í bréfinu er skýrt frá því, að verksmiðjuna vanti tilfinnanlega ný tæki til þess að geta hagnýtt síldarsoðið. Og það er gizkað á, að á þessu ári, 1962, hafi tapazt verðmæti að upphæð 6 millj. kr., vegna þess að verksmiðjan hafði ekki tæki til þess að nýta síldarsoðið. Ráðamenn verksmiðjanna hafa nú fengið vélsmiðju eina hér í Reykjavík til að gera áætlun um endurbætur á verksmiðjunni, m. a. að koma fyrir þessum tækjum, soðvinnslutækjum, og í bréfi þessu er farið fram á það, að við þm. vinnum að því, að inn á fjárl. 1963 verði tekin heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. vegna soðvinnslutækja með tilheyrandi fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði. Nú sé ég það, að í fjárlfrv., eins og það nú er eftir 2. umr., er einn liður á 22. gr., það er XX. liðurinn þar, þar sem er heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast allt að 35 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum, og hv. fjvn. leggur til í brtt. á þskj. 212, að þessi upphæð, 35 millj. kr., verði hækkuð í 50 millj. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt í umr. gerða grein fyrir því, hvernig eigi að nota þessa heimild, ef samþykkt verður. En ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn annaðhvort til frsm. fjvn., hv. 3. þm. Vestf., eða til hæstv. fjmrh., hvort ekki mætti gera ráð fyrir því, að þessi heimild verði m. a. notuð til þess að veita þessari verksmiðju Siglufjarðarkaupstaðar nauðsynlega fyrirgreiðslu, þannig að ríkið taki ábyrgð á láni, sem hún þarf nauðsynlega á að halda til þess að koma verksmiðjunni í betra horf. Vildi ég óska eftir því að fá svar við þessari spurningu, áður en umr. lýkur.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Á þskj. 221 er till., sú XIV. í röðinni á því þskj., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt þeim hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 6. þm. þess sama kjördæmis. Þessi till. er um breyt. á 17. gr., um það, að þar komi nýr liður: Til lagningar skolpveitna: a) Í Þorlákshöfn 500 þús. b) Í Hveragerði 500 þús. Ég vil nú leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þessari till. í fáeinum orðum.

Eins og kunnugt er og ég veit, að allir þm. vita vel um, hefur risið upp í Þorlákshöfn nú á síðustu árum dálítið þorp. Ég hygg, þó að víða sé nú mikill afli og víða dregið mikið á land af sjávarafla, að þá sé óvíða, sem meira sé dregið á land miðað við mannfjölda en á þessum stað. Þar hygg ég að hafi átt heimili á s. l. ári innan við 200 manns, og talsverður hluti af því eru ung börn, en aflaverðmætið, sem var lagt í þjóðarbúið á þessum litla stað, mun hafa numið á milli 40 og 50 millj. kr. Eins og kunnugt er, þá er nú verið að hefja þarna hafnarframkvæmdir, og það má þess vegna gera ráð fyrir því, að þegar þeim hefur miðað það áfram, að þær fara að koma að verulegum notum, muni eiga sér þarna stað margföldun þeirra verðmæta, sem verða flutt á land. Fólk finnur, að þarna muni vera gott að bjarga sér, og þess vegna flytja þangað margir, og mundu þó vera fleiri að minni hyggju, ef húsakynni væru fyrir hendi þar á staðnum handa fólki að flytjast í. En það má heita, að fyrir fáeinum árum væri þetta eyðistaður, og þess vegna verða allir þeir, sem þangað flytjast, að byggja þar yfir sig ný húsakynni. Ég get getið þess, að núna t. d. eru þar í smíðum 22 íbúðarhús. Undirstaðan undir byggingum á þessum stað er mjög traust, því að beinhörð klöpp er þar og jarðvegur víða enginn og annars staðar sáralítill ofan á klöppinni. Þetta veldur því, að mjög örðugt er þar að koma ýmsum leiðslum í jörðu, svo sem síma, rafleiðslum, vatnsleiðslum og skolplögnum. Allar rásir, sem þarf að gera fyrir slíkar leiðslur á þessum stað, verður að sprengja með dýnamíti ofan í klöppina. Það er þess vegna mjög erfitt og dýrt að koma skolpleiðslukerfi fyrir, þar sem jarðvegurinn er með þessum hætti, eins og ég hef verið að lýsa, og það má segja með nokkrum sanni, að það sé þessu unga byggðarlagi næstum ofviða. Kostnaður við slíkt nauðsynjamannvirki, sem ekki er hægt að vera án í nútíma þéttbýli, virðist ætla að verða þessum fáu landnemum, sem þarna eru að berjast við að koma upp byggðarlagi, ofraun kostnaðarlega.

Þessi till., sem við flytjum hér, gerir ráð fyrir 500 þús. kr. framlagi til styrktar við þetta óvenjulega og ég vil segja illframkvæmanlega verk. En ég vona, að hún mæti samt skilningi og verði samþykkt, því að telja má það fullvíst, að Þorlákshöfn muni taka til sín og veita lífsskilyrði talsvert stórum hluta af þeirri fjölgun þjóðarinnar, sem verður á næstu áratugum. Þess vegna tel ég, að það væri eðlilegt, að þjóðfélagið kæmi á einhvern hátt til móts við þá, sem eru að braska við að koma

þarna upp byggðarlagi, á þeim stað, þar sem vænta má, að mjög mikil framleiðsla verði, eins og ég hef þegar sýnt fram á, að er óvenjumikil miðað við mannfjölda. Okkur flm. kom því saman um að gera tilraun um að flytja þetta mál hér, þrátt fyrir það að ekki mun hafa verið fram að þessu venja að veita fé í svona lagaðar framkvæmdir. En við teljum, að þarna standi svo sérstaklega á, að við viljum reyna á um þetta. Við teljum ekki líklegt, að þm. verði á móti því að rétta þarna nokkra hjálparhönd.

Annar staður er það einnig í Árnessýslu, þ. e. Hveragerði, sem stendur nokkuð svipað á um, hvað erfitt er að byggja svona mannvirki eins og ég var að tala um í Þorlákshöfn. Hveragerði stendur á hrauni. Þar er ekki annað en hraun undir og mjög erfitt um slíkar framkvæmdir þar eins og þær, sem ég var að tala um. Þar búa nú eitthvað á sjötta hundrað manns, og atvinna þar er aðallega við garðyrkju og matjurta- og blómarækt í gróðurhúsum við jarðhita. Þetta þorp er líklega fjölsóttasti ferðamannabær eða ferðamannaþorp hér á landi. Ég hygg, að þangað sé farið með alla eða flesta erlenda gesti, sem landið heimsækja, til þess að sýna þeim þann mikla kraft, sem þar býr í iðrum jarðar, og þá miklu möguleika, sem hitaorkan getur veitt, ef hún er virkjuð og notuð á ýmsan hátt. En þó má segja, að þarna sé nú ekki nema byrjunin á framkvæmdum í því efni. Það er talið, að Hveragerði muni vera sérstaklega vel tilvalinn staður til að koma upp heilsuhælum og nota til þess gufur, sem þarna spretta upp úr jörðunni, heita vatnið og leirinn, sem þarna er að hafa. En enn þá hefur ekki nema að litlu leyti verið hafizt handa um slíkt. Þar er að vísu risið eitt heilsuhæli, sem Náttúrulækningafélag Íslands hefur komið upp. En ýmsir telja, að þar væru miklir möguleikar til þess að koma upp hælum, við þessa miklu heilsubrunna, sem þarna eru, fyrir útlenda menn, sem þangað mundu sækja, ef skilyrði væru sköpuð fyrir dvöl þeirra þar. Þeim, sem þarna búa, er þess vegna talsverður vandi á höndum með það að byggja sínar framkvæmdir upp á réttan hátt og miða þær við það, sem hlýtur að koma á þessum stað. Nú hefur sveitarfélagið þarna, sem er, eins og ég sagði, rúmar 500 manneskjur, tekið sig til að byggja skolpleiðslukerfi, sem hefur ekki áður verið til þarna, og hefur þetta verk reynzt mjög erfitt við þær aðstæður, sem ég var að lýsa að eru þarna á staðnum.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég vænti þess, að þessar till., sem við höfum leyft okkur hér að bera fram, fái góðar undirtektir.

Á þessu sama þskj., 221, er einnig till. frá okkur sömu þm., sem áður var flutt við 2. umr., en nú flutt aftur með nokkru lægri upphæð. Það er við 12. gr., bygging sjúkrahúsa, að fyrir 7 millj. komi 9 millj. og 500 þús. og aftan við liðinn bætist: þar af 500 þús. kr. til sjúkrahússins á Selfossi og 2 millj. kr. til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum. Ég þarf ekki að tala um þetta mál, því að hv. 4. þm. Sunnl. mælti fyrir þessari till. við 2. umr., og ég læt duga það, sem hann sagði um þetta mál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf., hv. 4. þm. Vestf. og ég flytjum allmargar brtt. við fjárlögin við þessa umr. Það hefur orðið að samkomulagi milli okkar, að við skiptumst nokkuð á um að mæla fyrir þessum till., og kemur í minn hlut að mæla fyrir nokkrum þeirra. Þær eru allar, þessar brtt., sem við flytjum saman, á þskj. 210 og þskj. 218.

Áður en ég vík að þessum brtt., vil ég drepa hér á tvö atriði í sambandi við brtt. hv. fjvn.

Það er þá fyrst, að ég sé af 13. brtt. fjvn., að till. sú, sú einasta, sem ég flutti við 2. umr. fjárl. og var að upphæð 20 þús. kr., hefur verið tekin til greina af hv. fjvn. að verulegu leyti, þ. e. a. s. hún hefur verið skorin niður um 25% — um fjórðung, en samt sem áður ber að þakka, að þessi till. hefur verið tekin til greina og sá liður, sem till. var flutt við, hefur verið hækkaður um 15 þús. kr. Ég þakka fjvn. fyrir þessa afgreiðslu og tel, að þetta sé nokkurs um vert fyrir bændurna á Kirkjubóli í Langadal, sem áttu og eiga við ærna erfiðleika að stríða. En það hefur nokkuð almenna þýðingu, að þetta býli leggist ekki í eyði eins og þau býli önnur þarna í dalnum norðan Þorskafjarðarheiðar, sem þegar hafa farið í eyði. Ég sem sé þakka fjvn. fyrir að hafa þó litið með nokkurri sanngirni á þetta mál.

Þá vil ég í tilefni af 53. brtt. hv. fjvn. segja örfá orð. Á fjárlögum nokkurra undanfarinna ára hefur verið liður, sem ber heitið: „Til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna.“ Á þessum lið stendur þannig, að Alþýðusamband Íslands hefur á undanförnum árum haft með höndum undirbúning að því, að reist væri orlofsheimili, sem fólkið í verkalýðshreyfingunni, sem nú er um 31 þús. manns, ætti aðgang að til þess að dveljast í í sumarorlofi sínu. Til undirbúnings þessa máls höfum við forustumenn Alþýðusambandsins á undanförnum árum átt í samningum við hæstv. landbrh. um það, að ríkið leigði verkalýðshreyfingunni land undir orlofsheimili verkalýðssamtakanna, og tókust samningar um þetta í októbermánuði s. l. Landið hefur nú verið skipulagt, verkalýðsfélögin ákveðið að taka þátt í uppbyggingu orlofsheimilahverfis á þessu landi, og undirbúningur allur að framkvæmdum er kominn það langt, að framkvæmdir hefjast með vorinu. En vitað er, að þessi stofnun kemur til með að kosta margar millj. kr., ef ekki nokkra milljónatugi, miðað við núv. byggingarkostnað. En nú sé ég það, að einmitt þessi 53. brtt. hv. fjvn. lýtur að því að breyta heiti þessa liðar á þann veg, að í staðinn fyrir „til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna“ komi: til orlofsheimila verkalýðssamtaka. — Ég vona, að það sé rétt, sem hv. frsm. fjvn. sagði hér í kvöld, að þetta væri einungis orðalagsbreyting, en ekki efnisbreyting.

Og ef það er sannleikur, sem ég vona að sé og enginn hrekkur sé þarna á bak við, þá er till. um þessa breytingu á textanum þýðingarlaus. En ef hins vegar er ætlunin að dreifa þessari fjárveitingu nú á einstök verkalýðsfélög innan Alþýðusambandsins, en þau eru 160 að tölu, þá er ég hræddur um, að það geti orðið til þess, að það megi taka drjúgum hærri fjárveitingu inn á fjárl. til þess að þjóna þessu markmiði, ef nokkurn á um það að muna af hinum mörgu aðilum, sem þá geta komið til greina. Held ég því, að það mundi geta dregið dilk á eftir sér, ef meining væri á bak við að framkvæma það, að nú ætti að rýmka heimildina til þess, að einstök verkalýðsfélög innan Alþýðusambandsins ættu rétt á fjárveitingu í þessu skyni. Ég vil því vona, að þetta þýði, eins og formaðurinn sagði, enga efnisbreytingu, og veit þá í raun og veru ekki, til hvers er verið að breyta heiti þessa liðar á fjárlögunum. En svo mikið er víst, að það gæti komið mjög flatt upp á Alþýðusambandið, sem hefur að öllu leyti undirbúið þessa framkvæmd og er að hefja framkvæmdir, ef þarna er ætlunin að drepa þessari fjárveitingu á dreif til margra aðila, og mundi þá hvern um sig, ef margir yrðu um það að sækja um þetta og allir ættu rétt á því eftir orðalaginu, lítið um það muna, nema upphæðin yrði þá margföldud. Ég vil að svo komnu máli a. m. k. vænta þess, að hér sé, eins og formaður fjvn. og frsm. hefur þegar sagt, aðeins um orðalagsbreytingu að ræða og ekki efnisbreytingu, og stend í þeirri meiningu, þangað til annað verður þá sagt, sem tekur af tvímæli um þetta.

Þá skal ég þessu næst víkja að þeim brtt., sem ég ætla hér að mæla fyrir, og byrja þá á þeim brtt., sem við þremenningarnir flytjum á þskj. 210.

Þar er fyrst brtt., sem merkt er VI og er um það, að 100 þús. kr. fjárveiting, sem ætluð er samkv. till. fjvn. til hafnarmannvirkjagerðar á Drangsnesi, hækki og verði 350 þús. kr. — hækki um 250 þús. Hafnarnefndin á Drangsnesi hefur mörg undanfarin ár sent áskoranir til þingsins um það, að fé væri veitt til Drangsnesbryggju, en sífellt talað fyrir daufum eyrum. Afsökunin hefur fyrst og fremst verið sú, að það væri verið að gera myndarlega hafnarbót í nágrennakauptúninu Hólmavík, og það er rétt, og þess vegna yrði Drangsneshöfn að bíða með þolinmæði, þangað til þessari mannvirkjagerð á Hólmavík væri lokið. En af þessu leiðir það, að Drangsnesbúar hafa gert sér ákveðnar vonir um það, að þegar hafnarmannvirkjunum á Hólmavík væri lokið, þá kæmi röðin að Drangsnesi. Nú er það þannig, að lokið hefur verið við mjög myndarlega viðgerð á Hólmavíkurbryggju, og þess vegna hugsaði hafnarnefndin á Drangsnesi sér til hreyfings, að nú hlyti röðin að koma að Drangsnesi og að þeir fengju myndarlega fjárveitingu til þess að geta hafizt handa um lengingu bryggjunnar þar. En þegar til stykkisins kemur, er lagt til, að þessi staður fái aðeins 100 þús. kr., og það er ekkert stórt, sem hægt er að gera í hafnarmannvirkjum fyrir 100 þús. kr., miðað við núverandi verðlag. Það hygg ég, að öllum hv. alþm. sé ljóst. En þarna er brýn þörf á lengingu bryggjunnar. Atvinnulífið á Drangsnesi hefur blómgazt á undanförnum árum, síðan landhelgin var stækkuð, og fiskifloti þeirra aukizt mjög. Hafnarskilyrðin eru hins vegar algerlega ófullnægjandi, og þessi fiskifloti býr við mikið öryggisleysi vegna lélegra hafnarskilyrða. Þarna þarf því úr að bæta. En það verður ekki ráðizt í neinn áfanga, sem að gagni kemur, ef fjárveitingin er 100 þús. kr., og þess vegna leggjum við til, að fjárveitingin verði nú 350 þús. kr., en með lægri upphæð þýðir ekki að hefja áfanga, sem þarna verður að framkvæma í einu lagi.

Ég vænti þess, að menn líti á þörf þessa kauptúns, sem nú stendur í blóma og með traust atvinnulíf, en með ófullnægjandi hafnaraðstöðu og hefur beðið, eins og ég hef sagt, lengi eftir því að geta lagfært hjá sér hafnaraðstöðuna, til þess að smábátaflotinn, sem þarna er, geti á sómasamlegan hátt notið öryggis og athafnað sig við Drangsnesbryggju. Ég vil því vona, að þessi till. mæti sanngirni hv. þm. og verði samþykkt.

Þá er þessu næst VIII. liðurinn á þskj. 210, sem er um hækkun á fjárveitingum til nokkurra annarra hafna í Vestfjarðakjördæmi.

Þar er fyrst till. um það, að fjárveiting til Ísafjarðarhafnar hækki úr 450 þús. í 700 þús. kr. Nú eftir 2. umr. fjárlaganna barst þm. Vestfjarðakjördæmis símskeyti frá hafnarnefnd Ísafjarðar, þar sem skorað var á okkur þm. að stuðla að því, að Ísafjarðarhöfn fengi 700 þús. kr. fjárveitingu. Var ég því að vona, að fulltrúar Vestfjarðakjördæmis í fjvn. mundu ekki snúa daufa eyranu við þessari bón hafnarnefndarinnar á Ísafirði. En það var einmitt daufa eyrað, sem sneri að þessu símskeyti og þessari frómu ósk hafnarnefndarinnar á Ísafirði. Það sést nú af till. hv. fjvn., að hún ætlar þarna ekki úr að bæta, og áfram stendur 450 þús. kr. fjárveitingin.

Fyrir nokkuð mörgum árum var byggð svokölluð bátahöfn á Ísafirði. Það hefur reynslan sýnt, að síðan hún var byggð, hefur varla orðið skemmd á nokkru skipi í Ísafjarðarhöfn. En nú var svo komið, að bátafloti Ísfirðinga hafði stækkað mjög, svo mjög, að bátahöfnin var orðin allt of lítil og ofþrengsli í bátahöfninni. Þess vegna var það s. l. vor, að hafnarnefnd Ísafjarðar hófst handa um það að láta grafa upp út frá bátahöfninni með það fyrir augum, að landarmur bátahafnarinnar yrði lengdur, þar á að vera stálþil, og þessi uppgröftur var framkvæmdur með mjög stórum og myndarlegum krana, sem nú hefur lokið verulegum hluta af uppgreftinum. Á næsta sumri var svo ætlunin að ljúka uppgrefti og ramma niður stálþil og ganga frá þessari stækkun bátahafnarinnar, og er þetta áfangi, sem vinna verður í einu lagi.

Ég taldi sjálfsagt og hv. 2. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vestf. — við töldum allir sjálfsagt að verða við kröfu hafnarnefndarinnar á Ísa-

firði og höfum tekið upp þá till., sem hafnarnefndin sendi frá sér um, að fjárveitingin til Ísafjarðarhafnar verði nú hækkuð úr 450 þús. í 700 þús., til þess að hægt sé að ljúka þessum nauðsynlega áfanga til stækkunar bátahafnarinnar á Ísafirði til öryggis fyrir hinn mikla og verðmæta vélbátaflota, sem þar er nú staðsettur og á að njóta öryggis í þessari höfn. Um það þarf ekki að fjölyrða, að Ísafjarðarhöfn er mikil útflutningshöfn, og þar eru dregin mikil verðmæti í þjóðarbúið af ísfirzka bátaflotanum. Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. fallist á, að full þörf sé á að samþykkja þessa brtt. okkar þremenninganna.

Þá er 2. töluliður í þessari till. viðvíkjandi hafnarbótum á Kaldrananesi í Strandasýslu. Hefur hv. fjvn. af sinni rausn ætlað 25 þús. kr. til bættra hafnarskilyrða í Kaldrananesi. Ég veit satt að segja ekki, hvað hv. fjvn. meinar með því að vera að taka á blað 25 þús. kr. til hafnarmannvirkja. Er það til þess að spotta viðkomandi stað, draga dár að honum? Til einskis gagns er það. Miklu viðkunnanlegra væri að segja: Við getum enga fjárveitingu látið til þessa staðar, — heldur en fara að setja 25 þús. kr. til hafnarmannvirkis. Það er alveg eins hægt að nefna einhverja aura, það er alveg jafngagnslaust að leggja 25 þús. kr. í hafnarmannvirki.

Það er að vísu hægt að segja það, að Kaldrananes er í dag ekki mikill framleiðslustaður. En þarna er góður landgangur að bryggju, en þessi landgangur að bryggju er í fullkominni hættu, ef ekki er byggður bryggjuhaus framan við þennan landgang, og það er það, sem íbúar Kaldrananeshrepps hafa óskað eftir að fá aðstoð til nú um allmörg ár, áður en þessi landgangur að bryggju eyðileggist. En þarna eru hin ágætustu hafnarskilyrði frá náttúrunnar hendi, og það mundi skapa útgerðinni við Steingrímsfjörð, Hólmavíkurbátum og Drangsnesbátum, verulegt öryggi, ef að öruggri lendingaraðstöðu væri að ganga Bjarnarfjarðarmegin, þ. e. á Kaldrananesi. Og þaðan væri hægt í þeim sjóferðum, sem bátar verða að leita inn á Bjarnarfjörð, inn að Kaldrananesi, að aka aflanum hvort sem væri til Drangsness eða Hólmavíkur, og skipin gætu komizt aftur á sjó, þó að þau hefðu ekki getað tekið Steingrímsfjörð.

Það má því segja, að bryggjan á Kaldrananesi sé öryggishöfn viðvíkjandi höfnunum við Steingrímsfjörð, þ. e. Drangsnesi og Hólmavík, og eigi fullan rétt á sér, og þá þar að auki, eins og ég áðan sagði, til að fyrirbyggja, að það mannvirki, sem þarna er, eyðileggist. En Kaldrananesbryggja er ekki örugg, fyrr en bryggjuhaus hefur verið byggður við núverandi landgang bryggjunnar.

Við leggjum því til, að gert sé mögulegt að byggja eða byrja a. m. k. á að byggja þennan bryggjuhaus, með því, að fjárveitingin verði ekki 25 þús. kr., heldur 200 þús. kr. Hækkunin er um 175 þús. kr.

3. töluliður þessarar till. er um, að fjárveiting til Norðurfjarðar í Árneshreppi hækki úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr.

Norðurfjörður í Árneshreppi er verzlunarstaður Árneshrepps. Þangað eru fluttar allar nauðsynjavörur til allra Árneshreppsbúa, og þaðan eru fluttar út afurðir hreppsbúa. En þarna er bryggjustúfur, sem liggur fram á svo grunnan sjó, að skip eins og Skjaldbreið getur ekki lagzt að bryggjunni, og verður á þessum verzlunarstað að flytja allar vörur úr skipi og í í uppskipunarbátum, en það er óviðunandi aðstaða á okkar tímum. Það hygg ég, að allir verði að játa.

Talið er, að bezt bryggjustæði sé í eyri, sem er þarna rétt við verzlunarstaðinn, og að rangt sé að leggja mikið aukið fé í lengingu á þeim bryggjustúf, sem þarna er, en hann dugir sem sé aðeins fyrir smábáta. Þarf því á Norðurfirði að byggja bryggju, sem strandferðaskip ríkisins, Skjaldbreið og Herðubreið, geti lagzt að og þannig verði auðveldaður brottflutningur afurða og aðflutningur nauðsynjavara til íbúa Árneshrepps. Íbúar þessa sveitarfélags geta ekki dregið að sér vörur með bifreiðum frá Reykjavík, eins og flest önnur byggðarlög geta, og ekki heldur komið afurðum sínum frá sér landleiðina, því að Árneshreppur er, eins og kunnugt er, eitt af þeim sveitarfélögum á Vestfjörðum, sem eru ekki í neinum tengslum við akvegakerfi landsins. Öll tengsl íbúa þessa sveitarfélags byggjast á flutningum á sjó. Og þar verður tengingin að vera sem sé bæði um aðflutning og fráflutning með uppskipunar- og útskipunarbátum í sambandi við strandferðaskipin. Þarna er því full þörf á að rétta fámennu og einangruðu byggðarlagi hjálpandi hönd, og það duga ekki til þess að byggja bryggju, sem strandferðaskipin geta lagzt að, neinar 150 þús. kr. Til þess að hægt sé að hefjast handa um þessa framkvæmd, dugir a. m. k. ekki minna en 250 þús. kr., sem er það, sem við leggjum til, og hygg ég þó, að það yrði að vera aðeins fyrri áfangi að þessari bryggjugerð.

Þá er 4. tölul. þessarar till. um hækkun á fjárveitingu til bryggju í Súðavík. Er nú lagt til af hv. fjvn., að það verði 50 þús. kr. fjárveiting til bryggju í Súðavík, en við leggjum til, að í staðinn komi 250 þús. kr.

Súðavík er fiskiþorp með um 200 manns. Staðurinn átti um langt árabil við mikla atvinnuörðugleika að stríða, blómgaðist ekki, en nú á seinni árum hefur atvinnulífið blómgazt. Þeir hafa keypt sér stærri báta, og Súðavíkurbryggja er nú ófullnægjandi til þess að veita þeim bátaflota, sem þarna er gerður út, öryggi. Það þarf því að gera mjög myndarlegar umbætur á Súðavikurbryggju, og er háðung, vil ég nánast segja, að nefna 50 þús. kr. í því sambandi, enda alveg gagnslaust, eins og þegar til annarrar hafnar, sem ég hef gert áður að umtalsefni, voru nefndar 25 þús. kr. af hv. fjvn. Þeir, sem reka atvinnu eða gera út í

Súðavík, vita það bezt, að þeim er bráð nauðsyn á því, að Súðavíkurbryggja sé gerð bæði traustari og að viðlegupláss þar sé aukið, svo að bátar þeirra geti athafnað sig við þessa bryggju.

5. tölul. þessarar till. er um það, að 350 þús. kr. fjárveiting, sem fjvn. leggur til að komi til hafnar á Þingeyri, verði 600 þús. kr.

Á s. l. hausti kom hafnarnefnd Þingeyrar hingað til Reykjavíkur til þess að vinna að því við þm. Vestfjarðakjördæmis, að þeir fengju myndarlega fjárveitingu til hafnargerðar á Þingeyri. Þeir lögðu fyrir okkur áætlanir og teikningauppdrætti vitamálastjórnarinnar um ýmsar gerðir hafnar á Þingeyri og höfðu þar gert sitt val í samráði við sérfræðinga vitamálastjórnarinnar um, hvernig hafnargerð skyldi þarna hagað, og vildu fá fyrirheit af hendi okkar Vestfjarðaþm. um það að styðja þeirra mál. Við vorum, held ég, allir sammála um það, að þeir hefðu þegar í hendi nokkurt fjármagn til þess að hefja þessa myndarlegu hafnargerð, og hvöttum þá heldur en löttum að halda áfram undirbúningi að þessari hafnargerð, og þess mætti vænta, var þeim fyllilega sagt, að á fjárlög yrðu teknar myndarlegar upphæðir, til þess að þeir gætu farið af stað með þetta átak í sínum hafnarmálum. Og með það í huga fóru þeir heim til sín af okkar fundi. Ég varð fyrir vonbrigðum og við, sem að þessum till. stöndum, þegar við sáum, að þarna voru aðeins ætlaðar 350 þús. kr. til hafnargerðar á Þingeyri, og teljum, að það megi ekki minna vera en þessu plássi sé mætt af skilningi á þann hátt, að þeir sjái sér fært að hefja sína hafnargerð. En það geta þeir trauðla, nema þeir fái um 600 þús. kr. fjárveitingu á fjárl. Nú eru nokkrir staðir á fjárl. með 600 þús. kr. framlög og nokkrir einstakir með 700 þús. kr. framlög, og þetta er staður, sem ætlar að færast mikið í fang, og nauðsyn rekur þá áfram til þess að hefjast handa um byggingu hafnar með myndarlegum hætti, og aðstaða er öll hin bezta á Þingeyri til þess að byggja þarna góða höfn. Á það var bent, að það eru fyrst og fremst bætt hafnarskilyrði á Þingeyri, sem tryggja þróun og tilverumöguleika kauptúnsins Þingeyrar og einnig sveitanna þar í kring. En það er staðreynd, að fólk hefur flutzt þarna í burtu og sveitirnar virðast vera að tæmast í kringum Þingeyri, og það er áreiðanlega vegna þess, að Þingeyri hefur verið verr sett en flest önnur kauptún á Vestfjörðum að því er snertir góð hafnarskilyrði. Ég mundi því vilja vænta þess, þó að menn segi, að þetta sé nokkuð há upphæð, 600 þús. kr. til Þingeyrarhafnar, að þegar þeir vita, hvernig á stendur, að þarna er verið að fara af stað með mjög myndarlegar framkvæmdir, að þeir hafa sjálfir búið sig þannig út, að þeir hafa verulegan fjárstofn til að fara af stað með, þá beri að mæta þeim með fjárveitingu, sem verki heldur uppörvandi en á þann veg að draga úr þeim þrótt og kraft til að hefjast handa.

6. tölul. þessara till. okkar um hafnarbætur og hafnarframkvæmdir í Vestfjarðakjördæmi er svo við 59. liðinn, ýmsar hafnarframkvæmdir. Þar er lagt til, að til ýmissa hafnarframkvæmda séu ætlaðar 150 þús. kr. Við leggjum til, að þessi liður verði upp á 450 þús. kr. og að aftan við liðinn bætist svo hljóðandi: „Þar af 300 þús. kr. til byggingar fiskihafnar við Hreggsstaði á Barðaströnd (fyrsti áfangi).“

Um þingtímann í fyrra fengum við Vestfjarðaþm. rækilegt erindi frá íbúum í Barðastrandarhreppi um það, að þeir teldu, að það, sem bezt gæti tryggt viðunandi byggð á Barðaströnd, væri, að byggð væri fiskihöfn þarna einhvers staðar, þar sem beztar þættu hafnaraðstæður á Barðaströndinni, og var aðallega talað um tvo staði. Hreggsstaði eða Siglunes. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það hefði mikla þýðingu fyrir byggðina norðan Breiðafjarðar, að þarna kæmi höfn, þó að hún væri ekki mjög stór í sniðum, en höfn, sem gæti veitt öryggi smábátaútgerð, sem gæti orðið stuðningsatvinnuvegur við Barðstrendinga. Enn fremur hefði höfn á þessum stað verulega þýðingu fyrir Vestfjarðahafnirnar, en Vestfirðingar verða oft að sækja sjó suður fyrir Látrabjarg. Í langvarandi norðanstormum er erfitt að taka Látraröstina, og væri mikið öryggi fyrir vestfirzka bátaflotann, þegar hann væri á þessum slóðum, að þurfa ekki í tvísýnu að leggja í Látraröst, heldur gæti leitað hafnar einhvers staðar á Barðaströndinni. Ég tel því, að höfn á þessum stað hefði þýðingu, ekki aðeins fyrir viðkomandi sveitarfélag, heldur einnig fyrir Vestfjarðabyggðirnar norðan Látrabjargs. Fulltrúar frá vitamálastjórninni hafa a. m. k. tvívegis farið á þessar slóðir til þess að skoða allar aðstæður og gera þar áætlanir og fallast á, að skilyrði séu þarna allgóð til að byggja fiskihöfn, og er okkur ljóst, að hún mundi kosta miklu meira fé en hér er farið fram á. En við gerum líka ráð fyrir, að þetta væri aðeins byrjunaráfangi, sem þó e. t. v. gæti orðið að nokkru gagni og orðið grundvöllur fyrir byrjandi smábátaútgerð.

Þá er XI. liðurinn á þessu sama þskj. Hann er um sjóvarnargarða. Og till. fer fram á, að þar verði tekinn upp nýr liður til sjóvarnargarðs á Ísafirði, og leggjum við til, að til hans verði veittar 200 þús. kr.

Á 16. gr. fjárl. eru nú fjárveitingar til einna 10 staða, og eru þar 4 staðir a. m. k. með 200 þús. kr. til sjóvarnargarða, það er Eyrarbakki, það er Flateyri, það er Hauganes og það eru Vestmannaeyjar. Þessir staðir allir eru með 200 þús. kr. til sjóvarnargarða. Nú er það kunnugt, að Ísafjarðarkaupstaður stendur á sand- og malareyri, Skutulsfjarðareyri, og þessi eyri liggur undir ágangi í brimum, og hefur kaupstaðurinn varið miklu fé til þess að setja stórgrýti í sjávarmálið á eyrinni norðanverðri til þess að verjast landeyðingu og tekizt nokkuð að afstýra eyðingu lands á utanverðri Skutulsfjarðareyri. En þarna þarf meira til, og úr því að fjárveitingar eru til þessara hluta til margra staða, sem mjög líkt stend-

ur á um, t. d. á Flateyri, þar sem aðstaða er mjög svipuð, en fjárveitingar til sjóvarnargarða þar hafa verið á fjárl. nokkur undanfarin ár, þá tel ég alla sanngirni mæla með því, að Ísfirðingum sé veitt svipuð fjárveiting til þess að afstýra landbroti og eyðingu lands á utanverðri Skutulsfjarðareyri. Í því símskeyti, sem hafnarnefnd sendi Vestfjarðaþm. núna fyrir nokkrum dögum, var einmitt einnig farið fram á það, að Ísafirði yrðu veittar 200 þús. kr. til sjóvarnagarðs, og er þetta því till. frá hafnarnefnd Ísafjarðar, sem við þremenningarnir höfum leyft okkur að taka upp, og vildi ég vona, að ekki verði gert upp á milli Ísafjarðar að þessu leyti og þeirra annarra staða, sem sízt eru í meiri hættu af ágangi sjávar en Skutulsfjarðareyrin er og hafa á þessu fjárlfrv., sem við ræðum um, 200 þús. kr. hver um sig. Ég sé að vísu, að síðan 2. umr. fjárl. fór fram, hefur hv. fjvn. tekið upp í sínar till. 100 þús. kr. fjárveitingu til sjóvarnargarðs á Ísafirði og orðið þannig að hálfu leyti við ósk og kröfu hafnarnefndarinnar á Ísafirði. En það held ég, að sé ekki nóg og að réttlátast væri að láta Ísafjörð fá 200 þús. kr. í þessu skyni. Þörfin er ærin og verkefnin mikil til þess að verja þarna landbroti, og væri þá Ísafjörður settur á sama bekk og 4 aðrir staðir, sem nú hafa samkv. till. fjvn. 200 þús. kr. í þessu skyni.

Þá er XII. liðurinn á þskj. 210. Hann er um hækkun fjárveitingar til jarðhitasjóðs. Fjvn. leggur til, að jarðhitasjóði séu ætlaðar 6 millj. og 200 þús. kr. Við leggjum til, að þessi heildarliður verði hækkaður í 8 millj. kr. og að aftan við liðinn bætist svo hljóðandi: „Þar af til jarðborana í Syðridal í Bolungarvík, að Laugum í Súgandafirði og Sveinseyri í Tálknafirði 1 millj. og 800 þús. kr.“

Á undanförnum árum hefur jarðhitasjóður varið fé til jarðborana eftir heitu vatni á ýmsum stöðum á landinu, og hefur þetta mál yfirleitt mætt skilningi hv. þm. Það er ekkert lítið atriði þjóðhagslega séð, að þar sem jarðhiti er í námunda við þéttbýli, þá sé hann notaður eða gengið úr skugga um, hvort hann sé fyrir hendi, til þess að upphita heil kauptún eða bæi. Engum eyri hefur fram að þessu verið varið til jarðhitaleitar á Vestfjörðum, en jarðhiti kemur þar þó víða fram á yfirborð. Það eru stærstu jarðhitasvæðin á Reykhólum og í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. En mjög víða kemur jarðhiti fram annars staðar.

M. a. kemur jarðhiti fram rétt í námunda við Bolungarvíkurkauptún, en Bolungarvíkurkauptún hefur nú um 800 manns og er í örum vexti, með þróttmikið atvinnulíf. Það væri ekki lítils virði, ef hægt væri að fá jarðhita í næsta nágrenni kauptúnsins til upphitunar húsa í Bolungarvík, og þess vegna teljum við brýna nauðsyn bera til þess, að jarðhitasjóður sinni því hlutverki að prófa það með borun, hvort þar væri ekki um nægilegt jarðhitamagn að ræða til upphitunar húsa í Bolungarvíkurkauptúni.

Líkt stendur á um Suðureyrarkauptún. Suðureyrarkauptún hefur mjög stóran og myndarlegan vélbátaflota, og það er eitt þeirra kauptúna, sem framleiða mest í þjóðarbúið á íbúa af öllu landinu. Nokkuð innan við kauptúnið er laug, og þar hafa Súgfirðingar fyrir löngu byggt myndarlega sundlaug. En full ástæða er til að ætla, að þarna sé um mikinn jarðhita að ræða, ef borun væri framkvæmd, og fjarlægðin frá kauptúninu er svo lítil, að það væri auðvelt mál og sjálfsagt til sparnaðar fyrir þjóðarbúið að byggja hitaveitu fyrir Suðureyrarkauptún, ef borun á þessum stað bæri árangur, og sjálfsagt er að ganga úr skugga um, hvort svo sé.

Þriðji staðurinn, sem í þessari till. er nefndur, er svo Sveinseyri í Tálknafirði. Það eru ekki nema um 20 ár síðan við Sveinseyri í Tálknafirði voru aðeins nokkrir sveitabæir. Nú hefur þarna risið upp myndarlegt kauptún, sem er í mikilli grósku og örum vexti. Þar er búið að byggja mikil hafnarmannvirki, þar er hinn glæsilegasti fiskiskipafloti, þar er ný höfn, og jarðhitinn er þarna í Sveinseyrartúni, hefur verið byggð sundlaug við þær laugar fyrir löngu, sundkennsla í Tálknafirði, Patreksfirði og í umhverfinu þarna hefur farið fram við þá sundlaug, og full ástæða er til að ætla, að við borun kæmi í ljós, að þarna væri nægur jarðhiti til að hita upp Sveinseyrarkauptún, þó að það stækkaði mikið, sem fyllilega má búast við, frá því, sem nú er.

Við förum sem sé fram á, að jarðhitasjóði verði ætlað það hlutverk að framkvæma borun og þannig leit eftir jarðhita í námunda við Bolungarvíkurkauptún, í námunda við Suðureyrarkauptún og í námunda við Sveinseyrarkauptún og að til þessa verði varið allt að 1 milljón og 800 þús. kr. á næsta árs fjárl. Það er ekki sanngjarnt, að samtímis því sem jarðhitasjóður ræðst í stórframkvæmdir á þessu sviði í öðrum landshlutum, þá sé ekki hreyft því máli að athuga jarðhitaauðæfin á Vestfjörðum, því að þau eru ekki minni þar víða en annars staðar á landinu.

Þá hef ég rætt um þær till., sem við þremenningarnir flytjum á þskj. 210 og vík þá nokkrum orðum að þeim till., sem við flytjum á þskj. 218.

Þar er þá fyrst IV. liðurinn. Sú till., sem við þar flytjum, er um, að tekinn verði upp nýr liður: til brúar á Mórillu í Kaldalóni, fyrri fjárveiting, og verði hún 985 þús. kr. Á fjárl. yfirstandandi árs voru fjárveitingar til brúa í Vestfjarðakjördæmi aðeins til mjög lítillar brúar í Norður-Ísafjarðarsýslu og til endurbyggingar gamallar brúar í Strandasýslu. Aðrar fjárveitingar voru ekki á þessa árs fjárl. til brúa í Vestfjarðakjördæmi. Menn mundu því með sanngirni hafa getað vænzt þess, að nú yrði verulega úr bætt og miklu hærri fjárveiting ætluð til brúa í þessu kjördæmi en á þessu ári. Þegar vegamálastjóri ræddi við okkur Vestfjarðaþingmenn um væntanlegar till. sínar í sambandi við vegamál og brúa, nefndi hann einmitt, að hann teldi einna næst standa að taka upp á þessa árs fjárlög fjárveitingu til Sunnudalsár í Arnarfirði, 265 þús. kr., og

til Mórillu, sem hann sagði að væri 50 m löng brú, og ásamt henni þyrfti að byggja 1 km langan varnargarð, og mundi þetta mannvirki kosta 1 millj. 985 þús. kr. Ég taldi því alveg víst, að fyrir fjvn. mundu liggja frá vegamálastjóra fjárveitingar til þessara tveggja brúa. En hvort sem svo hefur verið eða ekki, þá eru till. fjvn. nú um það, að fjárveiting verði tekin til byggingar brúar á Sunnudalsá í Arnarfirði, á Kaldbaksós í Strandasýslu og á Tunguá í Strandasýslu, en ekki neitt til brúar á jökulvatnið Mórillu, sem aðskilur þó tvö sveitarfélög, Snæfjallahrepp og Nauteyrarhrepp, og veldur því enn um sinn, að Snæfjallahreppur er í engum tengslum við vegakerfi landsins. Hér viljum við leggja til, að af áætluðum kostnaði við brú á Mórillu og varnargarðinum, sem vegamálastjóri segir að þurfi að gera í sambandi við þá brúargerð, verði tekinn um það bil helmingur eða 985 þús. kr.

Vegamálastjóri segir, að þetta sé 50 m löng brú og verði hún byggð á tiltölulega ódýran hátt, burðarbitarnir verði úr strengjasteypu, en um það bil helmingurinn af kostnaðinum verði varnargarður. Undan Drangajökli í Kaldalóni renna nefnilega þrjár ár nú, en till. vegamálastjóra er sú, að þessar þrjár ár verði færðar í einn farveg, og til þess er þessi varnargarður, sem hann þarna ræðir um, gerður, að færa allt vatnið, sem þarna fellur til sjávar, í einn farveg og byggja eina brú í staðinn fyrir þrjár.

Áætlanir allar liggja fyrir hjá vegamálastjóra um þessa framkvæmd, og nauðsynin er brýn. Snæfjallahreppsbúar una því illa að hafa engin tengsli til nágrannasveitarfélags síns, og veldur það þeim auðvitað miklum erfiðleikum. Þeir verða að fara á bát úr sínum hreppi inn í nágrannahreppinn, vegna þess að Mórilla er óbrúuð þarna í Kaldalóni. Ef þessi till. fengist samþ., mundu þó íbúar Snæfjallahrepps telja sig sjá hilla undir það, að lokið yrði við þessa brúargerð á öðru ári hér frá, ef fyrri fjárveiting fengist eins og við leggjum til.

Þegar litið er á fjárveitingarnar til byggingar brúar á Kaldbaksós og Sunnudalsá og Tunguá og þessari upphæð bætt við, þá erum við með lítið eitt hærri upphæð en vegamálastjóri gerði okkur grein fyrir á fundi Vestfjarðaþingmanna að þyrfti að taka á fjárl. til þess að ljúka brúnni á Mórillu og varnargarðinum, sem þar með þarf að fylgja. Ég álít því, að Vestfjarðakjördæmi ætti siðferðilegan rétt á því að fá fjárveitingu að þessu sinni til þessara fjögurra brúa, þeirra sem hv. fjvn. hefur tekið upp fjárveitingu til, og fyrri fjárveitingu til brúar á Mórillu.

Önnur till. okkar þremenninganna á þessu þskj. er VIII og er um það að verja 20 þús. kr. til þess að leysa sérstök vandamál við framkvæmd fræðslumála skólabarnanna í Ketildalafræðsluhéraði. Bak við þessa till. um 20 þús. kr. fjárveitingu liggja nokkuð sérstakar ástæður. Ytri hluti sveitarinnar, Ketildalahrepps, hefur lagzt í eyði, miðhluti sveitarinnar hefur strjálazt mjög, og þar er skólahús sveitarfélagsins. En innan til í Ketildalahreppi búa miðaldra hjón með 13 börn frá 16 ára og niður í eitt ár, 6 af þessum börnum eru nú á skólaskyldualdri, en ekkert barn á skólaskyldualdri er á öðrum bæjum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er sem sé að heita má í upplausn, og aðstaðan er þannig, að ekki var hægt að koma börnum þessa myndarheimilis fyrir í námunda við skólahús sveitarinnar. Þar var ekki hægt að koma þeim fyrir, kennari ekki heldur fáanlegur á s. l. hausti, svo að skólafræðsla á þann hátt, sem eðlilegast var og ríkinu skylt, var ekki framkvæmanleg. Ekki var heldur auðvelt fyrir þessi hjón að taka kennara inn á heimilið, bæta því við 15 manna fjölskyldu og bæjarhúsið yfirfullt þar að auki, svo að sú leið var ekki heldur fær. Hvernig skyldi þá sjá þessum 6 skólaskyldu börnum frá þessu heimili fyrir lögboðinni skólafræðslu? Ég kynntist málinu á þann hátt, að ég kom á þennan bæ, ræddi við húsbóndann, sem stóð í þessum mikla vanda, og sem gamall kennari fékk ég áhuga á málinu og ég sagði við hann: Ég sé aðeins eina leið, og hún er sú, að börnin verði flutt í skóla til næsta skólahéraðs, sem sé á Bíldudal. En bóndinn sagði: Til þess að ég gæti framkvæmt þetta, þyrfti ég a. m. k. að hafa til umráða bíl, sem væri svo stór, að ég gæti að morgninum flutt börnin og mjólkina frá mínu búi í einni ferð til Bíldudals, því að ef ég verð að fara tvær ferðir að morgninum, þá orka ég því ekki ásamt því að sinna 24 nautgripum og 250 fjár. En svo yrði ég seinni part dagsins að sækja börnin aftur til Bíldudals. En þrjár ferðirnar get ég ekki farið. Úrræðið til þess, að ég geti þess vegna orkað þessu fyrir min börn, sem ég vil þó umfram allt gera, er sú, að ég geti fengið slíkan bíl. — Og ég lét það fyllilega í ljós, að ég tryði því ekki, þegar skólahald legðist niður í sveitarfélaginu og sveitarfélagið væri ekki fært um að veita þarna hjálp, að ríkið gerði það þá ekki fyrir svona fjölskyldu. Þessi bóndi sótti svo um það til fræðslumálastjóra, að honum yrði veitt aðstoð til þess að geta flutt börnin til skólans á Bíldudal með kaupum á Landrower-bíl, 11 manna bíl. Fræðslumálastjóri athugaði málið, féllst á, að þetta væri einasta úrræðið, leitaði umsagnar námsstjórans á Vestfjörðum, og námsstjórinn á Vestfjörðum mælti eindregið með þessari úrlausn á málinu. Það fór til fjmrn. Fjmrn. velti málinu nokkuð fyrir sér og synjaði svo um þetta, kvað sig skorta heimild til þess að gefa eftir aðflutningsgjöld af slíkri bifreið, og það er rétt, til þess þarf heimild. En nú í sambandi við afgreiðslu fjárl. var einmitt hægt að veita slíka heimild, ef vilji var fyrir hendi. Eftir því var leitað við hv. fjvn., en hún synjaði því, hafði þó fallizt á, að þessi leið yrði farin, því að hún hafði fallizt á, að tekið yrði upp á fjárlög 30 þús.

kr. í ár og 30 þús. kr. næsta ár til skólabílskaupa, og um það munu gilda ákveðnar reglur eða lagaákvæði að styrkja sveitarfélög til þess að kaupa skólabíl. En hvaða lausn er það á málinu? Jú, það er lausn á málinu frá ríkisins hendi í staðinn fyrir skólahald í sveitarfélaginu að stuðla að því, að skólabíllinn sé keyptur. En það er hins vegar ekki lausn á þeim hluta, sem undir normal-kringumstæðum hefði átt að verða sveitarfélagsins hlutur. Og þá kemur að þessu, að sveitarfélagið er máttvana og í upplausn og sá hluti kemur á þennan eina einstakling, sem börnin á, öll börnin í sveitarfélaginu. Það, sem þurfti því að gera, var að gera honum mögulegt að leggja fram fé til kaupa á bílnum að hálfu á móti ríkinu, því að mér er kunnugt um það, að hann hefur sjálfur dregið saman 26 þús. kr. þrátt fyrir það, að hann sé með sín 13 börn og búinn að byggja upp myndarlega búskaparaðstöðu á sinni jörð, og hefur aflað sér láns að upphæð 35 þús. kr., en vantar um 20 þús. kr. til þess að geta ráðið við andvirði bílsins til móts við þá aðstoð, sem þarna er heitið frá ríkinu. Ekkert útlit er fyrir það, að þjóðfélagið vilji rétta þessum manni hjálparhönd. Börnin hans eru ekki nema 6, og það þykir kannske ekki stórmál að sjá 6 börnum fyrir lögboðinni fræðslu. En þarna stendur sérstaklega á um tvennt: barnahópurinn er óvenjulega stór og sveitarfélagið er máttvana og byrðin hvílir því á þessum einstaklingi. Hann biður um 20 þús. kr. aðstoð og fær nei. En maður, sem segir, að eftir því hafi verið leitað við hann, að hann sviki land sitt og þjóð og hann hafi verið svo sterkur á svellinu, að hann hafi staðizt þessa freistingu og neitað því, hann fær tifalda þessa upphæð, sem bóndinn bað um, 200 þús. kr. fær hann fyrir það að hafna því að svíkja land sitt og þjóð, og mætti þó ætla, að þar gætu skapazt hættulegri fordæmi en í hinu tilfellinu. Hver sá maður, sem kæmi og segði, að sín hefði verið freistað: það hefur verið sótt eftir því, að ég fremdi landráð, og ég hef staðið mig, ég hef hafnað því, — hann virðist eftir þessu fordæmi, sem hér er gefið, eiga að fá a. m. k. 200 þús. kr. fyrir það að standa sig. Væntanlega ætla menn ekki að gera upp á milli þeirra manna, sem geta sagt það, að þeir hafi látið vera að svíkja land sitt og þjóð. En maðurinn, sem er að ala upp 13 mannvænleg börn fyrir þjóðfélagið og vill reyna að sjá sínum barnahóp borgið, að þau fái lögboðna fræðslu, á hans hönd er slegið af hv. fjvn., af hæstv. menntmrh., sem ég leitaði líka til, af því að ég taldi, að þessi maður ætti siðferðilegan rétt á aðstoð.

Héðan af sé ég ekki neina möguleika til þess að leysa þetta mál, nema hæstv. menntmrh. sæi sér það fært, þegar að því kemur að leysa málið til þess að tryggja börnunum lögskipaða fræðslu, að af því fé, sem sparast í Ketildalaskólahéraði fyrir það, að skólahald leggst þar niður og börnunum er með ærinni fyrirhöfn föðurins komið til næsta fræðsluhéraðs, verði það tekið, sem þarf til þess, að bóndanum verði mögulegt að leysa út sinn hluta af þessari fyrirhuguðu skólabifreið. Ég teldi það ekki nema sjálfsagt án allra lagaheimilda, að menntmrh. heimilaði fræðslumálastjórninni að greiða af þeim hluta, sem ríkinu sparast við, að skólahald er lagt þarna niður, það, sem á vantar, til þess að bifreiðin verði þá keypt og börnin fái möguleika til þess að verða flutt í Bíldudalsskóla. Og ég trúi því ekki enn fyrr en ég tek á því, að um þetta verði synjað, þegar allar aðrar leiðir lokast.

Það getur vel verið, að hv. alþm. segi: Þetta er mál, sem snertir bara einn einstakling. — En það eru tugir einstaklinga, sem eru með fjárveitingar á fjárl. frá ári til árs minna verðugir en þessi hjón, sem þarna eru að skila þjóðfélaginu 13 mannvænlegum borgurum, og hefur ekki verið talið útilokað að hnika jafnvel liðugt um slíkar fjárveitingar til einstaklinga með minni verðleika en hér er um að ræða og af minni nauðsyn. Og það er fyrir mér ekkert hégómamál, hvort 6 börn njóta skólafræðslu eða ekki, þó að aðrir kunni að telja það smámál.

Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð. En ég taldi sjálfsagt, að hv. alþm. gætu átt þess kost að vita, hvernig í þessu máli liggur, hvaða aðstaða er á bak við beiðnina um þessar 20 þús. kr.

Þá er að síðustu XVII. liðurinn á þessu þskj. Hann er um flugvallagerðir. Á 20. gr. fjárl. er lagt til, að til flugvallagerða verði varið 12 millj. 720 þús. kr. Það er heildarupphæð, og flugráð skiptir sjálfsagt þessari upphæð, og leggjum við þremenningarnir til, að við þennan lið bætist: „Þar af til flugvallar á Hólmavík 700 þús. kr. og til Þingeyrarflugvallar 500 þús. kr.“ Þ. e. a. s., af þessum 12 millj. 720 þús. kr. verði 1.2 millj. kr. varið til tveggja flugvalla í Vestfjarðakjördæmi. Till. er ekki um neina hækkun á liðnum, heldur aðeins ákvæði um það að taka nokkurn hluta af þeirri fjárveitingu, sem fyrirhuguð er, til tveggja flugvalla á Vestfjörðum. Og hvers vegna til þessara tveggja flugvalla á Vestfjörðum? Jú, fyrir nokkrum árum bjuggu Vestfirðingar við miklu betri flugsamgöngur en þeir búa nú við. Meðan sjóflugvél stundaði ferðir á Vestfjarðahafnirnar, kom þessi flugvél við á bæði Dýrafirði og á Steingrímsfirði, Hólmavík, og á mörgum öðrum fjörðum, sem nú seinustu árin hafa ekki fengið neina flugþjónustu, síðan stærri landflugvélar komu til sögunnar.

Ágæt flugbraut er hjá Hólmavíkurkauptúni, en hún er ívið of stutt, til þess að hin stóra flugvél, sem Flugfélag Íslands nú hefur í förum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, geti örugglega haft lendingarstað þar. Til þess að Hólmavíkurflugvöllur verði nothæfur fyrir þessa vél, þarf örlitla lengingu á honum. Og Hólmvíkingar eru búnir að biðja um það í mörg ár í röð, að þessi lenging á Hólmavíkurflugvelli verði framkvæmd, svo að þeir geti aftur orðið aðnjótandi flugsamgangnanna, líkt

og áður var, meðan sjóflugvélarnar voru í gangi.

Eins er þetta á Þingeyri. Í landi jarðarinnar Sanda rétt hjá Þingeyrarkauptúni er flugbraut talin mjög góð, enda eru skilyrði þarna ágæt til flugvallargerðar. En hún er nokkuð of stutt líka, eins og Hólmavíkurflugbrautin, til þess að hin stóra vél Flugfélagsins, sem nú flýgur á Ísafjarðarflugvöll, geti lent þar með nokkru sómasamlegu öryggi. Þá flugbraut þarf líka að lengja nokkuð.

Að vísu þyrfti að sinna miklu fleiri flugvöllum á Vestfjörðum, en við töldum ekki rétt að dreifa fjárveitingu í þessu skyni, heldur leggja höfuðáherzlu á, að þessir flugvellir, sem beztir eru næst á eftir Ísafjarðarflugvelli, verði gerðir þannig úr garði með nokkurri lengingu, að þessi kauptún, Hólmavík og Þingeyri, geti orðið aðnjótandi flugsamgangna, eins og þau nutu fyrir nokkrum árum. Það er mjög mikil óánægja í þessum byggðarlögum út af því, að þessum þætti samgöngumálanna skuli hafa hrakað svo mjög sem raun ber vitni um frá því, sem áður var, og það getur hver maður skilið, að þegar þokast aftur á bak, en ekki áfram, þá verða menn vitanlega óánægðir með það og vilja ekki við það una. Þessi till. okkar er því nánast um það, að þessum tveimur flugvöllum verði sinnt með nokkrum hluta af þeirri fjárveitingu, sem ætluð er til flugvallagerða í landinu á næsta árs fjárl., en fer ekki fram á aukin útgjöld.

Með þessu, sem ég nú hef sagt, hef ég gert grein fyrir þeim till., sem hv. 2. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vestf. og ég flytjum og samkomulag varð um, að ég mælti fyrir. Þeir munu svo mæla fyrir öðrum þeim till., sem ég hef ekki minnzt á, en við flytjum í sameiningu.

Læt ég svo máli mínu lokið og vil vænta þess, að allar þessar till. okkar, sem er mjög í hóf stillt og af sanngirni fram bornar, fái góðar undirtektir og stuðning hv. þm.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt nokkrum öðrum þm. tvær till., og er önnur till. á þskj. 210, nr. IX. Hún er flutt af mér ásamt 4. þm. Vestf. og hv. 4. landsk. Ég ætla að mæla fyrir þessum till. með nokkrum orðum, en mér sýnist nú svo fáir þm. til að sannfæra, að það er þýðingarlaust að hafa þetta langt mál.

Sú till., sem er á þskj. 210, er þess efnis, að framlag til ferjubryggna verði hækkað upp í 800 þús., þar af til Óspakseyrar og Borðeyrar 300 þús. kr. á hvorn stað.

Það hefur færzt í þá átt undanfarið, að ferjubryggjur hafa verið byggðar fyrir ríkisfé eingöngu. Hefur þetta verið gert á stöðum, þar sem ekki er fjármagn fyrir hendi heima fyrir til þess að leggja á móti, og á stöðum, þar sem bryggju hefur verið þörf til þess að flytja að og frá vörur sjóleiðis. Á Óspakseyri og Borðeyri hagar þannig til um flutninga, að verulegt magn af þeim vörum, sem eru fluttar til staðarins og frá, er flutt á sjó. Og þetta mundi vera miklu meira, ef aðstaða væri betri en hún er nú. Nú er aðstaða þannig, að hvað lítið skip sem kemur með varning eða flytur varning frá þessum stöðum, verður að skipa upp og fram í bátum, án þess að það sé nokkur bryggjusporður til þess að leggja bátunum að. En aðstaðan til bryggjugerðar á þessum stöðum er mjög góð og það mundi ekki kosta mikið fé að gera þarna sæmilegar bryggjur, sem strandferðaskip af minni gerð og flóabátar gætu lagzt við, og væri það til mikilla hagsbóta fyrir þessa staði. Báðum þessum stöðum er þannig háttað, að þeir fullnægja að öllu leyti þeim skilyrðum, sem fyrir hendi þurfa að vera, til þess að þessi framkvæmd sé gerð, samkv. þeim meginreglum, sem fylgt hefur verið, þegar slíkar bryggjur hafa verið gerðar. Það er þess vegna sanngirnismál, að þessir staðir fái nokkurt framlag til þeirrar bryggjugerðar, og á þeim rökum er till., sem hér er flutt, reist. Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á það, að þessi till. sé réttmæt.

Hin till. er á þskj. 218, XIX. till., við 22. gr. Till. flytja ásamt mér 5 þm. af Vestfjörðum og Austfjörðum ásamt 4. landsk. þm. Í till. þessari er lagt til, að lán verði tekið, 9.5 millj., til vegagerðar á Vestfjörðum og Austfjörðum, eftir því sem nánar er tilgreint í till.

Þetta mál, vegagerð á Vestfjörðum og Austfjörðum, hefur verið svo mikið rætt hér á Alþingi, að það er óþarfi að reifa það í löngu máli fyrir hv. þm. Fyrir liggur, svo að ekki verður um deilt, að Vestfirðir og Austfirðir hafa verið afskiptir um vegagerð umfram alla aðra landshluta. Fé hefur að vísu verið veitt á fjárl. til vegagerðar á þessum stöðum fullkomlega móts við það, sem lagt hefur verið til vegagerðar annars staðar á landinu, og vel það. En vegna mikilla vegalengda og landslags, sem er erfitt til vegagerðar, hefur tiltölulega stórum minna orðið ágengt um vegabætur á þessum stöðum en annars staðar í þessu landi. Af þessum ástæðum búa Austfirðir og Vestfirðir við allt önnur vegaskilyrði og verri en þeir, sem annars staðar búa í þessu landi. Margendurtekin reynsla sýnir og sannar, að þetta misrétti verður ekki leiðrétt með beinum fjárveitingum á fjárl. Til þess að rétta hlut þessara tveggja kjördæma þarf svo háa fjárveitingu, að hún fæst ekki samþ., vegna þess að með þeim vinnuaðferðum telja þm. annarra kjördæma um of skertan sinn hlut og sinna umbjóðenda.

Eina leiðin, sem er fær í þessu máli til þess að leiðrétta misréttið, er lántaka. Sú aðferð virðist bæði eðlileg og réttmæt. Fordæmi eru tvö fyrir hendi, annað svipað, hitt hliðstætt. Margar millj. eru nú teknar árlega með benzínskatti og lagðar í brúasjóð. Þetta er gert til þess að safna fé í sjóð til að brúa stórárnar. Ekki þótti fært að taka fjárveitingar til brúa á stórfljótin inn á fjárlög sem fjárveitingu til einstakra kjördæma. Þess vegna var þetta

m. a. gert. Vestfirðir hafa aldrei fengið neitt fé úr brúasjóði, en það má sannarlega telja fjallgarðana á Vestfjörðum og Austfjörðum svipaðar torfærur og stórfljótin, og öll sanngirni mælir með því, að báðum þessum vandamálum, brúun stórfljótanna og vegagerð yfir erfiða fjallvegi, sé mætt með svipuðum ráðstöfunum.

Hin hliðstæðan er lánið, sem á að taka í steinsteyptan veg til Keflavíkur. Það fordæmi er algerlega hliðstætt þeim ráðstöfunum, sem hér er gert ráð fyrir að gera. Um þennan veg er bifreiðaumferð svo mikil, að venjulegir malarvegir þola hana ekki. Ekki þykir fært að veita fé úr ríkissjóði, því að fjárhæðin er svo há til þessarar vegagerðar, eins og hv. þm. er kunnugt. Þess vegna er sú leið valin að taka lán til framkvæmdanna, um 80 millj. kr. Þetta er sannarlega nauðsynleg framkvæmd. En hvaða sanngirni mælir með því, eftir að lánaleiðin hefur verið farin í svo stórum stíl, að neita Austfjörðum og Vestfjörðum um hliðstæða fyrirgreiðslu, þó ekki hliðstæða að því leyti, að ekki er um eins háa fjárhæð að ræða, ekki til þess að leggja malbikaðan eða steyptan veg, heldur til þess að gera vegi, þar sem nú eru algerar ófærur og ekki fært bifreiðum, gera við vegi, sem eru oftast nær lítt færir, og leiðrétta misrétti, sem enginn þm. hefur mótmælt, að þarna hafi átt sér stað.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég mundi ekki tala langt mál fyrir þessum till., og ég held, að ég láti þessi rök nægja. Ég vil vona í lengstu lög, að þm. hv. geti fallizt á að samþykkja þessar tillögur.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar líður nú að lokum þessara umr. um fjárl., vildi ég nefna hér aðeins nokkur atriði í sambandi við þau.

Samkvæmt fjárlfrv., þegar það var lagt fyrir Alþingi, voru tekjur áætlaðar 2126 millj. og greiðsluafgangur tæpar 13 millj. kr. Fyrir 2. umr. fór fram athugun á því, hvort unnt væri að hækka og þá hversu mikið tekjuáætlunina. Þessi athugun og endurskoðun var framkvæmd af fjmrn. og Efnahagsstofnuninni, og var þá byggt á reynslu þessa árs fram til októberloka, en tölur lágu fyrir um það tímabil. Að sjálfsögðu var einnig miðað við tiltækar áætlanir um innflutning á næsta ári. Niðurstaðan af þessum athugunum var sú, að fært væri að hækka tekjuáætlunina um 70 millj. kr., eða nánar tiltekið ca. 72 millj. kr., upp í 2198 millj. Þetta var síðan gert við 2. umr. fjárl. að till. fjvn., og um leið var því ákveðinn rammi og stakkur skorinn, hversu mjög mætti hækka útgjöldin í fjárl.

Það þótti ekki varlegt og þykir ekki varlegt að fara hærra en hér var greint með tekjuáætlunina. Enginn veit, hvort árið 1963 verður jafngjöfult og árið 1962, einkum um sjávarafla. Í ár hefur verið góðæri mikið, og enginn getur um það fullyrt, hvað næsta ár ber í skauti sér. Þegar það er einnig haft í huga, að gert er ráð fyrir, að þegar þetta þing kemur saman að nýju, verði lögð fram ný tollskrá og hún feli í sér lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, mundi það teljast óvarlegt að hafa tekjuáætlun fjárl. fyrir árið 1963 hærri en hún er í frv. nú eftir 2. umr.

Útgjöldin voru svo hækkuð við 2. umr. um ca. 65 millj., og samkv. till. fjvn. er nú gert ráð fyrir að hækka þau um 11 millj. eða því sem næst, m. ö. o.: útgjaldahækkunin verði þá við endanlega afgreiðslu fjárl. ca. 76 millj. Niðurstaðan verður því sú, að tekjuhækkunin er 72 millj. frá upphaflega frv., gjaldahækkunin 76 millj., þannig að greiðsluafgangur verður þá u. þ. b. 4 millj. lægri en frv. gerði ráð fyrir eða tæpar 9 millj. kr. Þessi hækkun um 76 millj. í meðförum Alþingis nemur u. þ. b. 3½%, og getur það ekki talizt óhóflega að farið.

Það, sem einkennir afgreiðslu þessara fjárl. auk þess, sem ég þegar hef greint, er m. a., að þau verða afgreidd án nokkurra nýrra skatta og tolla, án þess að nokkrir tolla- eða skattstigar séu hækkaðir eða nýir tekjustofnar á lagðir. Hitt er svo að sjálfsögðu, að óbreyttir skattstigar og tollstigar gefa ríkissjóði allmiklu meiri tekjur, bæði vegna aukinnar þjóðarframleiðslu, vaxandi innflutnings, vaxandi veltu, aukinna þjóðartekna.

Þá er einnig rétt að taka það fram, að þessi árangur, afgreiðsla fjárl. með nokkrum greiðsluafgangi án nokkurra nýrra skatta og tolla, fæst, þó að um leið séu hækkuð mjög verulega framlög til verklegra framkvæmda í landinu. Við 2. umr. gerði ég nokkurn samanburð á fjárveitingum samkv. þessu frv. og fjárveitingum fjárl. fyrir árið 1958. Ég tók helztu verklegar framkvæmdir, þ. e. a. s. vegi, brýr, hafnir, skólabyggingar, flugvelli, sjúkrahús. Í fjárl. 1958 voru þessi framlög samtals 123 millj., í fjárlögum fyrir árið 1963 255.4 millj., miðað við fjárl. eins og þau voru eftir 2. umr. Samkv. því höfðu þessi framlög hækkað um 132.4 millj. eða sem næst 108% eða meira en tvöfaldazt á þessu tímabili. Rétt er að geta þess, að nú við 3. umr. munu enn hækka nokkuð framlög til þessara framkvæmda, sem nemur rúmum 4 millj. kr. Þegar það er haft í huga, að kostnaður við þessar framkvæmdir muni hafa hækkað um ca. 40—50% á þessu tímabili, er augljóst, enda hefur það ekki verið vefengt eða hrakið, að hér er um að ræða raunverulega aukningu að töluverðu marki á framlögum til verklegra framkvæmda, miðað við árið 1958. Ef miðað er við yfirstandandi ár, er að sjálfsögðu öllum hv. þm. ljóst, að einnig er um mjög verulega aukningu að ræða.

Í sambandi við framlög til hinna verklegu framkvæmda hafa komið fram við þessa umr. margvíslegar till. um stórhækkuð framlög til þeirra. Og hjá sumum hv. þm. hafa verið glöggar lýsingar á þeim miklu þörfum, sem eru á auknum framlögum til þessara margvíslegu verklegu framkvæmda, samgöngumála og annars. Einna átakanlegust var þó lýsing hv. 1.

þm. Austf. á ástandi vega- og brúamála á Austurlandi og hversu brýn þörf væri þar mikilla átaka. Ég veit það, þar sem ég hef ferðazt nokkuð um þar á síðasta ári, að þar er víða mjög mikil þörf stórfelldra umbóta í vega- og brúamálum og öðrum framkvæmdum, og það lá við, að þm. rynni til rifja að hlusta á þessar lýsingar á þessu ástandi, sem væri í samgöngumálum þar eystra. Manni verður því að spyrja: Hvernig stendur á því, að þessi landshluti hefur verið vanræktur svo herfilega? Og manni verður spurn: Hvernig stendur á því, þegar einmitt þessi sami hv. þm., sem lýsti ástandinu svo, hefur nú verið þm. Austfirðinga í nærri 30 ár samfleytt og af þessum 30 árum hefur hann verið u. þ. b. 20 ár í ríkisstj., og hann sjálfur eða aðrir flokksbræður hans hafa beinlínis í ríkisstj. farið með stjórn fjármála og vegamála meira en helming þessa tímabils? Hver er svo árangurinn af þessu starfi hans og flokksbræðra hans þar eystra? Myndin, sem hann dregur upp, er eiginlega þessi, að þar vantar alla vegi og þar vantar hverja brú, og nú flytur hann till. um fjárveitingar, auknar eða nýjar, til 15 vega, 4 brúa, 3 hafna auk ýmislegs fleira. Og nú skorar hann sem ákafast á núv. stjórn og stjórnarflokka að bæta það, sem hann yfirtróð og vanrækti á þessum undangengnum árum.

Ég tók einnig eftir því í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Vestf., að hann taldi, að bæði Austurland og Vesturland hefðu verið mjög afskipt um framlög til verklegra framkvæmda. Ég veit, að það er þörf mikilla framkvæmda í þessum landshlutum báðum. En dálítið einkennilega kemur það fyrir sjónir, þegar einmitt nú er mest og sterklegast talað um það af hv. 1. þm. Austf. og hv. 2. þm. Vestf., að þessir tveir landshlutar hafi sérstaklega á undanförnum árum og áratugum verið afskiptir og beittir misrétti, þegar þetta er haft í huga, hversu einmitt þessir tveir menn sjálfir hafa mikinn hluta þessa tímabils farið með fjármál og vegamál í ríkisstj.

En þótt ég gagnrýni framsóknarmenn fyrir ýmislegt, þá hlýt ég þó að dást að skarpskyggni þeirra við að uppgötva hagsmunamál fólksins, eftir að þeir eru sjálfir farnir úr stjórn, og kannske verða þeir að vera í stjórnarandstöðu til þess að skilja áhuga og hagsmunamál fólksins úti á landsbyggðinni.

Þær till. um stóraukin framlög til verklegra framkvæmda, sem stjórnarandstæðingar flytja nú við þessa umr., og aðrar till., — þetta er að langmestu leyti til verklegra framkvæmda, vega, brúa og hafna, — en útgjaldatill. hv. stjórnarandstæðinga við þessa umr. nema 36½ millj. kr. auk till. þeirra um lán og ríkisábyrgðir. Framsfl. á bróðurpartinn af þessum till. og slær þar út í yfirboðum gersamlega samherja sinn, Alþb. Nú liggur það fyrir, að ef á að taka alvarlega þessar till. hv. stjórnarandstæðinga og samþykkja þær við þessa umr., yrðu fjárl. afgreidd með rúml. 27 millj. kr. tekjuhalla. Nú er það mjög mikils varðandi, að ekki sé halli á fjárl. eða ríkisbúskapnum yfirleitt. Það er almenn nauðsyn að hafa greiðsluafgang, en ekki halla á fjárl. og ríkisbúskap, en alveg sérstök nauðsyn er það nú, eins og ástatt er í atvinnu- og efnahagsmálum, þar sem eftirspurnin eftir vinnuafli er jafnmikil í mörgum greinum, þannig að hvergi nærri er mögulegt að fullnægja henni, eftirspurnin eftir vinnuafli er svo mikil. Það er óafsakanlegt í slíku atvinnu- og efnahagsástandi að ætla að afgreiða fjárlög með verulegum greiðsluhalla. Það mundi auka enn á þensluna, krefjast stóraukins lánsfjár ríkissjóði til handa og Seðlabankanum og auka verðbólguhættuna.

Nú má vera, að hv. stjórnarandstæðingar segi: Við 2. umr. fjárl. fluttum við till. um að áætla tekjur ríkisins hærri á næsta ári, og þær hækkunartill. vega fyllilega á móti till. okkar nú um hækkuð útgjöld. — Þessi rök eru harla haldlítil. Alþingi er þegar búið við 2. umr. að hafna þessum till., og það er mat meiri hl. Alþingis og ríkisstj. og trúnaðarmanna hennar, að það sé ekki fært og ekki verjandi að hækka tekjuáætlunina frá því, sem nú er gert. Vitanlega getur enginn okkar sagt, hvað framtíðin ber í skauti sér, hvort næsta ár verður svo mikið góðæri, að tekjur fari eitthvað að ráði fram úr áætlun. En eins og nú standa sakir, er það ekki afsakanlegt, ég vil segja, að það væri glapræði, að ætla að áætla tekjurnar mörgum tugum millj. hærri en gert er í frv. og hækka svo útgjöldin sem því nemur.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minnast á eitt, sem skýrir þetta mál nokkuð. Það var fyrr á þessu þingi, að til meðferðar var frv. um framlengingu og bráðabirgðabreytingu nokkurra laga og m. a. um að framlengja 8% söluskattinn fyrir næsta ár. Stjórnarandstæðingar lögðu til, að þessi 8% söluskattur væri afnuminn nú þegar um áramótin. Það þýddi að fella niður tekjustofn, sem er í fjárl. áætlaður á 267.4 millj. kr. Af þeim fer 1/5 hluti til sveitarfélaganna eða 53½ millj. M. ö. o.: ríkissjóður átti samkv. þessari afstöðu stjórnarandstæðinga að missa þarna strax nú á næsta ári tekjustofn að upphæð 214 millj. kr. Ég skal ekki víkja hér að viðhorfinu til sveitarfélaganna, en auðvitað þýddi það, að sveitarfélögin hefðu þurft að stórhækka útsvörin á almenningi. Þegar hv. stjórnarandstæðingar eða við skulum segja hv. framsóknarmenn, sem beittu sér öllu meira í því máli, voru spurðir, hvernig þeir ætluðu að koma saman fjárl. með því að sleppa þessum tekjustofni, þá voru einu svörin, sem fengust, að þeir mundu segja okkur frá því við meðferð fjárl. fyrir jól, hvernig þeir ætluðu að koma þessu heim og saman. Nú liggur afstaðan fyrir. Fyrr í vetur ætluðu þeir að fella niður tekjustofn á 3. hundrað millj. kr., nú við 3. umr. fjárl. leggja þeir til að afgreiða fjárl., ef þeir verða teknir bókstaflega, með 20—30 millj. greiðsluhalla.

Ég vil að lokum þakka hv. fjvn. og þá fyrst

og fremst meiri hl. hennar og formanni og frsm. fyrir afgreiðslu fjárlfrv. Hún hefur starfað svo vel að málinu, að unnt er nú að afgreiða fjárlfrv. fyrir nýár, sem er í þriðja sinn í röð, sem það er gert. Ég tel það mikils virði fyrir allan ríkisbúskapinn og fyrir alla reglu í honum, að fjárl. séu afgreidd í tæka tíð fyrir nýár, áður en þau eiga að taka gildi í byrjun reikningsárs. Það er að sjálfsögðu hinn mesti ósiður að bíða með það fram á næsta ár, þurfa svo að samþykkja einu sinni eða oftar bráðabirgðafjárgreiðslur með öllum þeim óþægindum, sem af því stafa. Það er í þriðja sinn í röð, sem þessi háttur verður á hafður, og hefur það ekki komið fyrir áður síðan í stríðslok. En það er von mín og trú, að Alþingi og ríkisstj. þær, sem koma hér eftir, haldi þessari reglu og keppi að því í lengstu lög að láta ekki hinn gamla óvana koma upp aftur.

Þá vil ég í annan stað þakka hv. fjvn. fyrir þá varfærni og ábyrgðartilfinningu, sem sýnd hefur verið um áætlun gjalda og tekna og að meiri hl. hennar hefur gætt þess sérstaklega, að fjárl. yrði að afgreiða án halla, með nokkrum greiðsluafgangi. Ég vænti þess svo, að frv. verði samþ. með brtt. hv. fjvn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér hér ásamt hv. 3. þm. Vesturl. að flytja brtt. á þskj. 221. Er fyrri till. III. liður á því þskj. Till. þessi er ólík þeim till. öðrum, sem hér eru til umr., að því leyti, að hér er farið fram á til nýbyggingar þjóðvega eina heildarupphæð fyrir Vesturlandskjördæmi. Og sérstaklega vil ég taka það fram út af ummælum hæstv. fjmrh., að það er veruleg þörf fyrir þetta í Vesturlandskjördæmi, þótt hæstv. fjmrh. hafi um alllangt árabil verið þm. í hluta af því kjördæmi, og hefur þó síðan hann lét af þingmennsku í því kjördæmi verið um allmiklar vegabætur að ræða á þeim slóðum. En þó er mörgu ábótavant þar eins og annars staðar, þar sem hæstv. ráðh. lýsti. Þessari upphæð, sem við förum fram á, 2½ millj. kr., er meiningin að verði skipt á milli hinna einstöku vega af þm. hlutaðeigandi kjördæmis. Það skal fram tekið, að jafnan hefur verið samkomulag á milli okkar þm. um skiptingu vegafjárins, og ég ætla, að svo muni einnig fara, ef þessi upphæð kemur til okkar skipta, sem ég vænti.

Það þarf vart að lýsa því hér á hv. Alþingi, hversu mikil þörfin er fyrir aukið fjármagn til nýuppbyggingar vega. Það lýsir sér bezt í því, að nú þegar á þessu ári er búið að vinna fyrir rösklega helming þess vegafjár, sem ætlað er til nýbyggingar þjóðvega á fjárl. fyrir árið 1963. Það hlýtur því einhvers staðar að vera æðiþröngt fyrir dyrum með áframhaldandi vegagerð á næsta ári.

Í Vesturlandskjördæmi hefur verið unnið fyrir sig fram fyrir verulegar fjárhæðir, svo að það er brýn nauðsyn á því að bæta úr í þeim efnum eins og mögulegt er. Vegalengdir í kjördæminu eru allmiklar, og mikið er af ólögðum vegum í byggð og einnig í óbyggðum, enda þótt stórir áfangar hafi náðst á undanförnum árum i nýbyggingu þjóðvega, mjög góðir áfangar. En fáist þessi upphæð, 2½ millj. kr., eru líkur til þess, að hægt verði að létta verulega á þeim sýslu- og sveitarfélögum, sem verða nú að greiða miklar fjárhæðir í vexti af vegagerðarlánum, sem tekin hafa verið á þessu ári. Jafnhliða því verður, ef þessi fjárhæð fæst, mögulegt að halda áfram vegagerð líkt og verið hefur undanfarið. Á þann hátt eru líkur fyrir því, að margar þær ófærur, sem nú eru á vegum, verði úr sögunni miklu fyrr en annars mundi.

Sívaxandi bifreiðafjöldi og aukin notkun þeirra krefst betra vegaviðhalds en verið hefur og stóraukins fjármagns til að byggja nýja vegi. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að í ár hafa verið fluttar inn líklega rúmlega 2000 bifreiðar, og tæplega trúi ég öðru en hæstv. ráðh. sé það vel ljóst, að þessar bifreiðar færa ríkissjóði gífurlegar tekjur þegar á næsta ári og í framtíðinni. Það er því ekki ósanngjarnt af hálfu þm. að fara fram á, að vegafé, bæði til viðhalds þjóðvega og nýbyggingar, verði stórhækkað frá því, sem verið hefur, auk þess sem tækni tímanna krefst þess, að það sé betur staðið í ístaðinu í þessum efnum en átt hefur sér stað nú um skeið. Það þýðir ekki að vera að miða eingöngu við fjárhæðir í vegagerðum einstakra ára, heldur það ástand, sem ríkir almennt í landinu, og horfast í augu við það, sem tímarnir krefjast hverju sinni. Það er því eðlileg krafa, að við berum fram þessar till., og ég vænti þess, að framsýni hv. þm. verði svo mikil, að þeir samþykki þessa till., sem ég hef nú lýst.

Þá er önnur till. frá mér og hv. 3. þm. Vesturl. Það er till. á þskj. 221 undir V. Það er hækkun á smábrúafé um 1 millj. kr. Það er þegar búið að vinna fyrir miklu af því fé, sem veitt er á fjárl. fyrir 1963, og það fé kemur ekki til skipta aftur. Þess vegna er nauðsynlegt, að þessi fjárhæð sé hækkuð meira en lagt hefur verið til nú í þeim till., sem fyrir liggja. En litlar ár og lækir geta oft valdið miklum erfiðleikum í samgöngum, en kostar oft ekki mikið að brúa þá, þannig að 1 millj. mundi bæta mikið úr í þessum efnum á mörgum stöðum í landinu, og á þann hátt væri möguleiki á að koma til móts við þá, sem landið byggja og þurfa að nota þjóðvegakerfi þess, á miklu hagkvæmari hátt en ella væri, auk þess sem áföngum yrði náð í þessum efnum, sem mikils virði væru fyrir framtíðina. Ég vænti því þess, að hv. þm. sýni því fólki, sem landið byggir, og því fólki, sem býr í Vesturlandskjördæmi, — í einu af þeim kjördæmum, sem hafa yfir mjög miklum ræktunarlöndum og góðum landkostum að ráða auk einna af beztu fiskimiðum landsins, — þann velvilja sinn að samþykkja þær till., sem ég hef hér talað fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék hér áðan nokkuð að okkur framsóknarmönnum fyrir ábyrgðarleysi í flutningi

till. við fjárfrv. Hann segist hafa lagt það saman, að allar till. frá stjórnarandstöðunni til hækkunar muni nema yfir 36 millj. kr. og muni Framsfl. eiga bróðurpartinn af því. Ég þekki ekki þessa samlagningu hans og skal ekkert um hana ræða. En að hinu vil ég aðeins víkja, hversu fjarstæðukennt það er hjá hæstv. ráðh., að stjórnarandstæðingar megi aldrei flytja hækkunartill. umfram það, sem stjórnarsinnar segja að tekjurnar verði. Það eru stjórnarsinnarnir, sem geta ákveðið, hverjar tekjurnar verða, og svo eiga stjórnarandstæðingar ekki að flytja till. til hækkunar umfram það! Nú hefur sjálfur hæstv. ráðh. lagt fjárlfrv. fyrir þingið með ákveðinni tekjuupphæð og gjaldaupphæð. En það er búið að breyta þessum upphæðum tvisvar sinnum allverulega á stuttum tíma. Ekki hafa þær áætlanir verið réttari en þetta. Hann nefndi sjálfur þessar breytingar, bæði við 2. umr. fjárl. og síðan nú. Hvernig stendur á því, að þeir geta breytt þessum tölum, jafnvel með 2—3 daga millibili, en till. eða áætlanir, sem aðrir gera, eru allar út í loftið? Hver ætli taki svona tal alvarlega? Það er einmitt það, sem stjórnarandstæðingar hafa gert, að þeir hafa líka áætlað tekjurnar og flytja hækkunartill. við gjöldin í samræmi við þá áætlun, og þeir hafa jafnmikinn rétt á að álíta sína tekjuáætlun rétta og hæstv. ráðh.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að á Austurlandi hefðu yfirleitt ekki verið lagðir vegir eða byggðar brýr, og ef ég hef heyrt rétt, þá þóttist hann hafa þetta eftir hv. 1. þm. Austf., hann hafi lýst ástandinu þannig. En hvað hann valdi hér heppilegan tíma til að halda ræðuna, því að hv. 1. þm. Austf. er farinn að sofa og flestir aðrir þm.! Gat hann nú ómögulega sagt þetta í kvöld nógu tímanlega? **(Fjmrh.:** Á að slíta umr., um leið og þessi hv. þm. fer að sofa?) Það geri ég ekki ráð fyrir. Ég hugsa, að það séu fleiri hér á mælendaskrá, og a. m. k. hefur hæstv. ráðh. tækifæri til að tala aftur, jafnvel eins oft og hann vill. Hann er m. a. að gagnrýna till. til hækkunar á vegum. Hverjir flytja hæstu till. um hækkun til vega? Hverjir flytja till. um 70 millj. kr. lánin til vega? Hæstv. ráðh. kann að segja: Þetta eru ekki fjárlagaútgjöld, það er bara lán. En það er það, sem við höfum gert í 4 ár að flytja till. um lántöku, en ekki gjaldatill. til vega. Þetta hefur hæstv. ráðh. fellt og hans flokkur, og þá verðum við að reyna aðrar leiðir. Nú ætla ég ekki að deila á þessa till. um 70 millj. til Keflavíkurvegar, ég er algerlega samþykkur henni og mun greiða henni atkv. En ég vil, að það sé gert það sama við þá landshluta, sem enn þá verr eru settir en þessi landshluti. Og ef við hefðum fengið okkar frv. fram, sem við höfum flutt svo oft, þá þyrftum við ekki að flytja svona hækkunartill. við fjárlfrv.

Hæstv. ráðh. deilir á framsóknarmenn fyrir að hafa verið í ríkisstj. svo lengi og ekki verið búnir að koma fram þeim umbótamálum í verklegum framkvæmdum, sem við nú erum að flytja till. um. Ætli megi ekki maður manni segja, að eitthvað sé eftir að gera víða? Ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi haft þó nokkur völd hér í Reykjavík alllengi. Er búið að gera allt í Reykjavík, sem þarf að gera? Hvers vegna býr fólk í Reykjavík í bröggum? Ég held, að ég þurfi ekki að vera að minna hæstv. fjmrh. á fleira. Það er víst víðast hvar, sem eitthvað er eftir að gera og verður lengst af, hverjir sem eru í ríkisstj.

Þá sagði hæstv. ráðh., að framsóknarmenn hefðu viljað svipta ríkissjóð tekjum upp á nokkur hundruð millj. með því að afnema söluskattinn, og þegar þeir hefðu verið spurðir, hvað þeir ætluðu að koma með í staðinn, þá hefðu svörin verið þau, að þau svör mundu verða gefin við afgreiðslu fjárl. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh., og hann segir, að svörin séu hækkunartill., en engar ráðstafanir til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Af hverju? Af því að það er búið að fella till. okkar um að afnema skattinn. Áttum við þá líka að koma með till. um tekjuöflun handa ríkissjóði til að mæta söluskatti, sem ekki var afnuminn?

Á þskj. 218 flyt ég ásamt hv. 2. þm. Vestf. og hv. 4. landsk. þm. mjög litla till., þ. e. um styrk til sjúkraflutninga, þegar slíkur kostnaður verður einstaklingum ofviða. Þetta er ekki bundið við neitt kjördæmi, ekki læknishérað eða neitt þess háttar, heldur landið í heild. Það stendur þannig á stundum, að það þarf í skyndi að fá flugvél til þess að flytja sjúkling í sjúkrahús til að bjarga honum frá bráðum bana. Þetta hefur komið fyrir og mun því miður oftar koma fyrir. Þetta er ekki hægt að gera nema með allmiklum kostnaði, sem viðkomandi menn oft og einatt ráða ekki við. Við leggjum til, að einum 100 þús. kr. verði varið í þessu skyni, til að hlaupa undir bagga, þegar svona sérstaklega stendur á. Ég man t. d. eftir einu dæmi vestur á Barðaströnd, að piltur veiktist í botnlangabólgu og botnlanginn sprakk. Það var ekki hægt að bjarga lífi þessa pilts nema með því að fá í skyndi flugvél til þess að sækja hann og koma honum til Reykjavíkur. Og af því að þetta tókst á örstuttum tíma, tókst að bjarga piltinum. En þegar slíkt kemur fyrir hjá fólki, sem engin möguleg ráð hefur á því að greiða slíkan kostnað, hvað á þá að gera? Er þá ekki betra að eiga einhverja smáupphæð til þess að grípa til? Ég treysti því, að menn séu mér sammála um, að þetta sé ekki ósanngjörn till.

Á þskj. 210 flyt ég einnig ásamt sömu hv. þm. nokkrar till. til hækkunar á fjárveitingum til vega á Vestfjörðum.

Fyrsta till. er um það, að veittar verði 200 þús. kr. til Gufudalsvegar á Barðaströnd. Það stendur svo á um þennan veg, að hann er ekki nema hálflagður á löngum kafla. Það eru aldrei svo miklir þurrkar á sumrin, að ekki sé nóg af pollum og tjörnum á þessum

vegi. Hvergi er séð fyrir vatnsrásum meðfram þessum vegaköflum í þessari sveit og vegurinn því alltaf vondur eða mikill hluti hans, jafnvel svo, að hann er orðinn verri en sjálf Þingmannaheiði, þar sem aðeins er þó bráðabirgðavegur og ekki fyrirhugað að liggi vegur til frambúðar. Fyrir nokkrum árum, — ég ætla fyrir 3 heldur en 4 árum, — var hætt að veita fé í þennan veg og hefur ekki verið gert síðan. Ég held, að síðasta fjárveitingin hafi verið 1958 heldur en 1959. Það var sama árið og opnaðist vegasamband við Ísafjörð og umferðin um Vestfjarðaveginn, þ. á m. þennan veg, margfaldaðist.

2. till. á þessu þskj. er um það, að veittar skuli til Rauðasandsvegar 180 þús. í staðinn fyrir 80 þús., sem er í till. fjvn. En þessar 80 þús., sem n. leggur til að verði varið í þennan veg, eiga að fara til þess að borga skuld. 100 þús. kr. hækkunin, sem við leggjum til að verði tekin upp, er til þess að lagfæra veginn í Bjarngötudal. Þetta er vegarkafli, sem liggur niður mjög bratta hlíð í sneiðingnum, niður á Rauðasandinn. En það hefur aldrei verið gengið svo frá þessum vegi, að viðunandi sé, að því leyti, að það vantar vatnsrás meðfram veginum til þess að fyrirbyggja, að vatn frjósi á veginum. Um þennan veg flytja Rauðsendingar mjólk annan hvern dag alla vetur. Þegar vatn úr hlíðinni og berginu seytlar yfir veginn, frýs og bólgnar upp, koma þarna stórir svellbólstrar, sem ná fram af vegarbrúninni. Um þetta verða bændurnir að aka á dráttarvélum eða jeppum, og er stórhættulegt, enda hefur það komið fyrir, að ökumaðurinn hefur steypzt fram af svellbunkunum með farartækið og allan flutninginn. Það er fyrst og fremst til þess að afstýra slysahættu, sem þessi till. er flutt.

3. till. er um það að veita 200 þús. kr. í Kollsvíkurveg, þ. e. milli Kollsvíkur og Breiðuvíkur. Við þm. Vestf. höfum fengið nýlega bréf frá bændunum í Kollsvík, þar sem þeir eru mjög kröfuharðir um, að veitt verði fé til þessa vegar. Þeir geta nefnilega ekki sótt guðshúsið sitt, nema þetta verði gert. Kirkjan er í Breiðuvík, en enginn vegur yfir Breiðuvíkurháls. Það er að vísu vegur aðra leið, þ. e. um Hænuvíkurháls, um Hænuvík, Sellátranes, Örlygsstaðahöfn og Hafnarfjall. Þetta er hér um bil fjórum sinnum lengra — eða 3—4 sinnum lengra — og það er yfir tvo fjallgarða að fara, auk þess ekki hægt að fara á veturna. Fólkið í Kollsvík getur því ekki notfært sér kirkjuna í Breiðuvík. Það eru þó nokkur börn í Kollsvík, og mér þykir sennilegt, að ekkert af þessum börnum hafi nokkurn tíma séð kirkjuna sína. Ég veit ekki til, að þeir sæki þessa kirkju yfirleitt, nema ef það kann að vera, að þeir fari þangað með lík, þegar þarf að jarða, — það getur verið, en þá fara þeir löngu leiðina.

4. till. á þessu þskj. eða fjórði vegurinn á þessu þskj., sem við leggjum til að verði veitt fé í, er Tálknafjarðarvegur. Það er vegurinn, sem liggur út með Tálknafirðinum að norðanverðu. Við leggjum til, að í hann verði varið 200 þús. kr. Svo stendur á, að þessi vegur liggur neðan við Sveinseyri í fjörunni, mjög lélegur og bráðabirgðavegur. En þessi vegur í fjörunni undir bökkunum á Sveinseyri er ófær, strax og fer að hausta að. Hjálpast þar hvort tveggja að: sjórinn á annan veginn og snjóskaflar á hinn veginn, að enginn kemst þá leið. Bændurnir, sem búa utar í Tálknafirði, verða að fara yfir túnið á Sveinseyri, ef þeir eiga að komast í verzlunarstaðinn sinn, og bóndinn hefur verið svo lipur og greiðvikinn við þessa bændur, að hann hefur leyft þeim að aka yfir túnið sitt, þar sem enginn vegur er nothæfur. Nú hefur hann tekið þennan kafla af túninu til ræktunar og segist ekki geta leyft þetta lengur, hversu feginn sem hann þó vildi. Ég veit ekki, hvernig þetta mál leysist á næsta ári, ef engin króna fæst til þess að leggja þennan vegarspotta, annaðhvort yfir túnið eða þá ofan við túnið.

Fimmti vegurinn, sem við leggjum til að verði veitt fé í, er Bíldudalsvegur, þ. e. Hálfdan. Hálfdan er sá fjallgarður, sem liggur á milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar. Að norðanverðu á Hálfdan er kominn mjög sæmilega góður vegur neðan til, en þegar kemur upp undir kjölinn og þó ekki það og alla leiðina að sunnanverðu er vegurinn gerómögulegur, svo að það er orðið nærri því eins gott að fara utan við veginn. Í þennan veg hefur ekki verið veitt fé í nokkur ár, og er óhjákvæmilegt að bæta þennan veg, þ. e. Hálfdan að sunnanverðu. Því er þessi till. flutt. Í fáum orðum sagt hefur ekki verið veitt fé lengi í vegi í Arnarfirði, ekki er ein einasta króna í vegi á núgildandi fjárl. í neinn veg í Arnarfirði að vestanverðu. Og við svipað eiga þeir að búa áfram, að manni sýnist.

Við flytjum till. um 100 þús. kr. í Dalahreppsveg. Það er aðeins til þess að lagfæra það allra lakasta, því þó að hreppurinn sé mjög orðinn tæmdur af fólki, þá eru þó eftir eitthvað um 6 bæir eða svo. Mjólkurflutningar fara þarna um daglega til Bíldudals, og skólabörnin þurfa að komast eftir vegi, sem hv. 4. landsk. þm. var að tala um áðan. Og 100 þús. kr. er ekki há upphæð til að lagfæra þarna eitthvað.

Sjöundi vegurinn, sem við leggjum til að veita fé í, er svokallaður Suðurfjarðavegur, sem sumir hv. þm. hafa heyrt nefndan hér í þingsölunum fyrr. Nú ætla ég að vera fáorður um þennan veg, vegna þess að fyrir stuttu var til umr. hér í sameinuðu þingi till. til þál. um vegamál Vestfjarða og þá bar hann nokkuð á góma. Ég þarf víst ekki að endurtaka neitt af því, sem þá var sagt. Það vita allir hér, hversu geysimikla áherzlu Arnfirðingar leggja á það að fá vegasamband upp á Dynjandisheiði við nýjan veg, sem þar liggur um, og komast þannig þá leiðina í samband við þjóðvegakerfið. Fjvn. leggur til, að í þennan veg verði varið 200 þús. kr. En samkv.

því, sem vegamálastjóri hefur sagt, mun það vera til þess að leggja veg að brúnni, sem á að byggja á næsta ári á Sunnudalsá, en alls ekki byrja á neinum vegi upp heiðarsporðinn. Við getum ekki sætt okkur við það, að svo verði, og ég held, að Arnfirðingar muni ekki sætta sig við það heldur. Við flytjum þá till., að í staðinn fyrir 200 þús. kr. komi 600 þús. kr. Við vitum, að þetta er aðeins byrjunin á þessum vegi, en byrjunin verður engin, ef 200 þús. kr. eiga að standa.

Þé leggjum við til, að í Ingjaldssandsveg verði varið 150 þús. kr., en það er vegurinn frá Núpi og út á Ingjaldssand í Dýrafirði. Þessi vegur er að vísu orðinn fær út á Ingjaldssand, en alls ekki viðunandi. Viljum við, að þessi vegur sé bættur svo, að hann verði nothæfur, meðan heiðin er að öðru leyti fær vegna snjóa, en á Ingjaldssandi búa 9—10 fjölskyldur og algerlega einangraðar að öðru leyti en hafa þennan ófullgerða veg, sem nú er, því að hæpið er, að þeir geti notað sjóleiðina til Flateyrar, sem er þeirra verzlunarstaður, vegna þess, hve lendingin er viðsjárverð á Ingjaldssandi, enda er Ingjaldssandur fyrir opnu hafi.

Þá leggjum við til, að 400 þús. kr. verði varið í Ísafjarðarveg, þ. e. a. s. Breiðadalsheiði. Menn vita það sjálfsagt, að á leiðinni um Vestfirðina til Ísafjarðar eru aðallega tvær heiðar, sem eru miklir þröskuldar. Það er Þingmannaheiði og það er Breiðadalsheiði. En Breiðadalsheiði lokast fyrr en Þingmannaheiði þrátt fyrir þennan bráðabirgðaveg á Þingmannaheiði. Það er af því, að hún er hærri og snjóar fyrr þar. Það kemur varla nokkurn tíma svo snjór, að ekki lokist vegurinn á Breiðadalsheiði, enda er hún einir 610 m á hæð, ef ég man rétt. Þarna þarf að byggja upp veginn á köflunum, þar sem mest er aðkallandi, til þess að vegurinn lokist ekki eins fljótt og hann gerir, og til þess er ekki hægt að hugsa sér minni upphæð en þetta.

Þá leggjum við til, að til Hnífsdals- og Bolungarvíkurvegar verði nú varið 350 þús. kr. Í þennan veg ætla ég ekki að hafi verið nein fjárveiting lengi. Þetta er hin nafnkunna Óshlíð, sem talin er mjög hættulegur vegur, enda hafa þar orðið slys, en aðallega vegna grjóthruns úr fjallinu. En allir, sem hafa farið Óshlíð, munu finna, að það er aðkallandi, að vegurinn sjálfur sé sæmilega úr garði gerður, þótt ekki sé hægt að ráða við grjóthrunið að ofan. En þessi vegur er það ekki, því að það hefur aldrei verið borið ofan í hann, sem talizt getur. Það þarf slitlag, það þarf ofaníburð ofan á þennan veg, svo að hann sé viðunandi. Það þarf að koma vatni af honum, setja ræsi og setja vatnsrásir. En á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar er feikilega mikil umferð, bæði fólks og vöruflutninga.

Þá leggjum við til, að í Súðavíkurveg verði varið 250 þús., og er í öllum aðalatriðum það sama að segja um þann veg og Bolungarvíkurveginn eða Óshlíðina. Í langa tíð hefur ekki verið varið fé í þennan veg, og hann hefur aldrei verið fullgerður, þar vantar einnig það sama, ofaníburð og ræsi.

Þá kem ég að Fjarðarvegi. En þetta er ekki vegur að undanteknum litlum spotta, heldur veglaust land, löng leið milli Álftafjarðar og Ögurs, — enginn vegur, strjál byggð að vísu, en þó nokkrir bæir. Það er mikið viðfangsefni, sem má ekki láta dragast lengur, að byrjað sé á fyrir alvöru með einhverju verulegu átaki að leggja þennan veg. Það er að opna vegasambandið við allt Ísafjarðardjúp til Ísafjarðar. Það er að koma Inndjúpinu öllu í vegasamband við Ísafjarðarkaupstað. Það verður ekki gert á einu ári eða tveimur. Það þarf lengri tíma til, það er mér ljóst, nema það verði gert fyrir lánsfé. En það þarf að byrja á þessum vegi með myndarlegri fjárhæð, og því leggjum við til, að nú verði varið í hann 500 þús. kr., sem er auðvitað ákaflega lítið, en við erum hófsamir í okkar till. Þetta komi í staðinn fyrir 60 þús. kr., sem stendur í till. fjvn. Ég held, að vegalengdin sé eitthvað 70—80 km og það á að leggja í það 60 þús. kr.

Þá leggjum við til, að fjárveitingin í Reykjarfjarðarveg á Ströndum hækki úr 500 þús., sem er í till. fjvn., í 700 þús. Þetta er til þess að tengja Árneshrepp við vegakerfið. Flestum er sjálfsagt kunnugt um, hversu aðkallandi það er, að það taki ekki langan tíma úr þessu. Við viljum því hækka þessa fjárveitingu, svo að styttri tíma taki að koma fólkinu í Árneshreppi í vegasamband. Árneshreppur er mjög myndarlegur hreppur. Þar eru geysimikil ræktunarskilyrði, margar góðar jarðir, mikið um hlunnindi með mörgum jörðunum, mjög góð aðstaða til fiskveiða á sumum tímum, og yfirleitt er hreppurinn glæsileg byggð, en einangraður frá vegakerfi landsins. Við viljum hraða því meira en ætlazt er til með till. fjvn., að þessi myndarlega sveit komist í vegasamband.

Loks er það Strandavegur, en við leggjum til, að fjárveiting til hans hækki úr 400 þús. í 600 þús. kr. Það er fyrst og fremst vegna þess, að í Kirkjubólshreppi eru kaflar á veginum, sem lokast af snjó ákaflega fljótt og er óhjákvæmilegt að byggja upp að nýju sem allra fyrst. Þarna fara fram líka mjólkurflutningar til Hólmavíkur, og kemur sér því illa, að þessi vegur skuli lokast, eins og raun ber vitni um. En auk þess þarf þessi vegur að vera fær til Þverárvirkjunar, eins og menn geta auðveldlega skilið.

Ég vil ekki lengja þessar umr. meira. Ég hef nefnt þær till. í vegamálum, sem við flytjum hér, og ég vænti, að þær mæti fullum skilningi hjá hv. þm.

Frsm. 2. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. nema nokkrar mínútur og ætlaði mér ekki að taka þátt í umr., en út af ræðu hæstv. fjmrh. vildi ég segja nokkur orð.

Hæstv. ráðh. gat um það, að í sambandi

við fjárlagaafgreiðsluna núna væru ekki nýjar álögur. Við bentum á það við fjárlagaafgreiðslu 1960, að álögurnar væru slíkar, að þar væri gert ráð fyrir verulegum tekjuafgangi. Síðan hefur hæstv. ríkisstj. fellt gengið í annað sinn og viðhaldið þeim álögum, sem þá voru á lagðar, eða bráðabirgðasöluskattinum, enda hafa tollar og skattar hækkað á þessum fjárl. frá 1958 um 1150 millj. kr. Ekki sé ég ástæðu til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa ekki bætt þar ofan á auk þeirra álagna, sem hafa verið lagðar á almenning utan fjárl., sem ég benti á við 2. umr. fjárlfrv.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi hækkað framlög til verklegra framkvæmda um 108%. Það hefur verið bent á það í þessum umr., að þegar fjárlög verða nú endanlega afgreidd, þá hafa þau hækkað um hér um bil 150% frá 1958. Er það allverulega meiri upphæð en hækkað hefur verið til verklegra framkvæmda. Til viðbótar þessu má benda á það, sem ég gerði hér við 2. umr., að á umferðina í landinu hefur verið lagður hækkaður benzínskattur, sem nemur 270% til ríkissjóðs, auk þess sem bílainnflutningurinn mun nú á þessu ári gefa ríkissjóði um 200 millj. kr. í nettótekjur umfram það, sem fer til vegagerðarinnar í landinu. Hinn sífellt aukni bílainnflutningur krefst betri vega en áður og meiri vega. Það hefði því verið fullkomin ástæða til að leggja meira til þessara mála en nokkru sinni fyrr, en framlag til vegamála hefur hækkað síðan 1958 um 54%.

Hæstv. ráðh. segir, að till. okkar nú sýni ábyrgðarleysi og glannaskap við fjárlagaafgreiðsluna. Við bentum á það við 2. umr., að ætla mætti, að tekjur færu fram úr þeirri áætlun, sem meiri hl. og hæstv. ríkisstj. lagði til, þar sem m. a. væri byggt á því, að innflutningur til landsins mundi ekki aukast nema um 6% frá því 1962, en hann eykst um 18% frá 1961 til 1962. Í sambandi við þetta vil ég segja það, að við bentum á það í fyrra, að tekjuáætlun mundi fara fram úr þeirri áætlun, sem meiri hl. og hæstv. ríkisstj. lagði til, þar sem m. a. væri byggt á því, að innflutningur til landsins mundi ekki aukast nema um 6% frá því 1962, en hann eykst um 18% frá 1961 til 1962. Í sambandi við þetta vil ég segja það, að við bentum á það í fyrra, að tekjuáætlun mundi fara fram úr því, sem þá var gert ráð fyrir af hæstv. ríkisstj., og nú er nokkurn veginn sannað, að hún muni fara 200—300 millj. kr. fram úr áætlun. Þó að þessar till. okkar yrðu samþ., sem við vitum reyndar fyrir fram, hvernig hæstv. stjórnarliðar muni afgreiða, mundu standa fram úr röskar 10 millj. kr. Ég verð að segja, að ef svo naum er tekjuáætlun fjárl., sem er upp á 2 milljarða og 200 millj., að 10 millj. frá eða til hafi þar mikil áhrif, þá skiptir litlu máli, hvor áætlunin væri tekin. En auk þess mun ríkissjóður á þessu ári hafa verulegan tekjuafgang, sem nemur um 100—200 millj. kr. En ég vil í sambandi við það minna á, að þegar fjárlagaafgreiðsla fór hér fram á síðasta ári, bentum við á, að niðurgreiðslur væru áætlaðar a. m. k. 70—80 millj. kr. of lágt. Hæstv. ríkisstj. lét sig það engu skipta. En um mánaðamótin nóvember—desember voru niðurgreiðslur orðnar 78.9 millj. umfram fjárlög. Ég hef líka bent á það í þessum umr., að rafveitur ríkisins munu koma til með að skulda rekstrarhalla upp á 80—90 millj. kr. við lok þessa árs. Á það er ekki horft. Þegar svo stórar fjárhæðir liggja utan garðs, er ekki ástæða til að tala um smámunina.

Og að lokum þetta: Það einkennir þessa fjárlagaafgreiðslu, eins og fjármálastjórn hæstv. ríkisstj. er, að sparnaður fyrirfinnst enginn, dýrtíðin stendur alls staðar upp úr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var hér áðan m. a. að tala um samgöngumál á Austurlandi og þar mundi mikið ógert um vegagerðir og brúargerðir. Það mun rétt vera, og þó mun miklu fé hafa verið varið til samgöngumála í þeim landshluta að undanförnu. Hæstv. ráðh. lét orð að því liggja, að hv. 1. þm. Austf., sem lengi hefur verið kjörinn þm. fyrir það hérað þar austur frá, hafi staðið sig heldur slælega, þar sem svo mikið væri ógert þar eystra. Annar maður á sæti hér á þingi, sem er búinn að vera lengur á þingi en Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf. Sá heitir Ólafur Thors og er nú hæstv. forsrh. og 1. þm. Reykn. Hann hefur alla sína þingtíð verið þm. fyrir Reyknesinga. En nú eru uppi till. um að taka 70 millj. kr. að láni til að leggja veg héðan frá Reykjavík og þarna suður á skaga, og það er nauðsynjaframkvæmd. En sá mun dómur hæstv. fjmrh., að hæstv. forsrh. hafi staðið sig ósköp illa og illa gætt hagsmuna sinna kjósenda, úr því að svona mikil þörf er að gera þar veg.

En það var nú fyrst og fremst annað, sem ég vildi segja. Það hefur verið venja hér við fjárlagaumr., að þm. hafa getað fengið svarað fsp. um einstök atriði, sem snerta fjárlagaafgreiðsluna, og ég bar fram fsp. hér í kvöld um eitt atriði. Ég benti á það, að í fjárlfrv. eins og það nú er, 22. gr., er ákveði um það, að ríkisstj. megi ábyrgjast allt að 35 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum, og nú leggur hv. fjvn. til, að þessi upphæð verði hækkuð úr 35 millj. í 50 millj. Ég spurði um það og vil leyfa mér að endurtaka þá spurningu, hvort þessi heimild verði ekki m. a. notuð til þess að ábyrgjast lán fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði, sem hún þarf að fá, til þess að þar verði komið fram nauðsynlegum endurbótum. **(KJJ:** Hún er ein af þeim verksmiðjum, sem hafðar voru í huga og ég gat um í framsöguræðu minni, að ollu því, að till. var gerð um hækkun.) Ég bið afsökunar á því, það hefur þá farið fram hjá mér, ef hv. frsm. hefur gefið þessa skýringu á hækkuninni, og ég vil þá líta svo á, að þeir muni fá þarna fyrirgreiðslu, verði þessi upphæð hækkuð, eftir því sem þörf gerist, til þess að þeir geti komið þessum endurbótum fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 20. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 196, n. 208, 209, 210, 212, 218, 221, 222, 223, 224).

ATKVGR.
Brtt. 212,1—6 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 209,1 felld með 29:22 atkv.
— 221,I felld með 30:24 atkv.
— 212,7 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 218,I felld með 30:24 atkv.
— 212,8 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 210,I.1—3 felld með 30:24 atkv.
— 210,I.4 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ.
nei: BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, FS.
4 þm. (BjörnJ, GÍG, KGuðj, AGl) fjarstaddir.
1 þm. greiði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Á almennum þingmálafundi, sem haldinn var á Bíldudal í sumar, var þetta mál rætt ýtarlega. Á þeim fundi var mætt hreppsnefnd og oddviti hreppsins. Með því að fullt samkomulag var um, að sem fyrsti áfangi skyldu gerðar tilraunir til þess að fá nægilegt fé til að bæta veginn að Trostansfirði og sjá um, að brúaðar yrðu þær ár, sem eru á þeirri leið, en þetta er höfuðskilyrði til að geta opnað leiðina vestur á Dynjandisheiði, og að séð hefur verið á fjárl. fyrir því fé, sem þarf til þess að fullnægja þessum fyrsta áfanga, þá segi ég nei við þessari till.

Brtt. 210,I.5—8 felld með 31:24 atkv.
— 210,II felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, ABb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, FS.
4 þm. (AGl, BjörnJ, GÍG, KGuðj) fjarstaddir.
Brtt. 218,II felld með 30:24 atkv.
— 210,III felld með 29:23 atkv.
— 218,III felld með 29:24 atkv.
— 221,II felld með 31:24 atkv.
— 221,III felld með 29:24 atkv.
— 210,IV felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG.
nei: JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, FS.
4 þm. (KGuðj, AGl, BjörnJ, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 212,9 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 212,10.1—8 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 222,I felld með 28:23 atkv.
— 212,10.9 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 222,II felld með 27:23 atkv.
— 212,10.10—13 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 222,III felld með 29:24 atkv.
— 212,10.14—19 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 221,IV felld með 32:21 atkv.
— 212,10.20—23 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 218,IV felld með 30:24 atkv.
— 218,V felld með 26:24 atkv.
— 221,V felld með 30:24 atkv.
— 212,11—12 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 221,VI felld með 26:22 atkv.
— 212,13—14 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 210,V samþ. með 40 shlj. atkv.
— 218,VI.1—2 felld með 30:21 atkv.
— 221,VII.1 felld með 30:24 atkv.
— 218,VI.3 felld með 28:24 atkv.
— 210,VI felld með 29:23 atkv.
— 221,VII.2 felld með 27:23 atkv.
— 210,VII.1—2 felld með 27:24 atkv.
— 218,VI.4—5 felld með 31:24 atkv.
— 221,VIII felld með 30:23 atkv.
— 210,VII.3 felld með 28:24 atkv.
— 210,VIII.1 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB.
nei: BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, FS.
4 þm. (BjörnJ, GÍG, KGuðj, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 210,VIII.2 felld með 27:17 atkv.
— 221,IX felld með 29:21 atkv.
— 210,VIII.3 felld með 28:17 atkv.
— 218,VI.6 felld með 27:21 atkv.
— 218,VII.1 felld með 28:22 atkv.
— 221,X felld með 31:20 atkv.
— 210,VIII.4 felld með 30:23 atkv.
— 221,XI felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, FS.
5 þm. (AGl, BjörnJ, BP, GÍG, KGuðj) fjarstaddir.
Brtt. 210,VIII.5 felld með 28:18 atkv.
— 218,VII.2 felld með 26:22 atkv.
— 210,VIII.6 felld með 30:21 atkv.
— 212,15 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 210,IX felld með 30:22 atkv.
— 212,16—29 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 218,VIII felld með 28:21 atkv.

Brtt. 221,XII felld með 28:13 atkv.
— 218,IX felld með 29:19 atkv.
— 218,IX varatill. felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HÁ, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh.
nei: GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslG, GuðlG, GunnG, GTh, FS.
HS greiddi ekki atkv.
4 þm. (KGuðj, AGl, BjörnJ, GÍG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Við afgreiðslu skólamála var að þessu sinni, eins og venja hefur verið á undanförnum þingum, reynt að ná samkomulagi innan fjvn. um afgreiðslu þeirra. Ég tel, að hv. 4. þm. Vesturl., sem hafði forustu í þeirri framkvæmd, hafi unnið mikið starf og reynt að leysa úr þeim málum svo sem auðið var og mikið hafi á unnizt. Hins vegar náðist ekki samkomulag um þessa framkvæmd. Ég tel eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, að framkvæmd þessi sé hið mesta nauðsynjamál, sem æskilegt hefði verið að leysa nú og verði í fremstu röð skólaframkvæmda á næsta ári. En þar sem ég tel mig bundinn af samkomulagi um skólamálin í heild og að nokkru hafi verið leiðrétt þau mistök, sem urðu um afgreiðslu skólamála gagnvart Kópavogskaupstað við 2. umr. þessa máls, og í trausti þess, að skólamál Kópavogskaupstaðar fái verulega fyrirgreiðslu á næsta þingi, þá greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 212,30.a—b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 218,X felld með 26:23 atkv.
— 218,X varatill. felld með 27:23 atkv.
— 212,30.c samþ. með 36 shlj. atkv.
— 218,XI felld með 27:22 atkv.
— 218,XI varatill. felld með 29:23 atkv.
— 212,31 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 223,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 222,IV felld með 26:22 atkv.
— 218,XII felld með 30:21 atkv.
— 218,XII varatill. felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.
nei: RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, FS.
HS greiddi ekki atkv.
4 þm. (AGl, BjörnJ, GÍG, KGuðj) fjarstaddir.
Brtt. 212,32 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 210,X samþ. með 38 shlj. atkv.
— 212,33—34 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 222,V felld með 31:22 atkv.
Brtt. 218,XIII felld með 30:22 atkv.
— 212,35—38 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 218,XIV felld með 29:19 atkv.
— 212,39—40 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 218,XV felld með 29:20 atkv.
— 212,41—44 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 221,XIII felld með 27:22 atkv.
— 210,XI felld með 29:21 atkv.
— 212,45—46 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 218,XVI felld með 27:23 atkv.
— 218,XVI varatill. felld með 28:22 atkv.
— 212,47 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 209,2 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB.
nei: BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, FS.
4 þm. (BjörnJ, GÍG, KGuðj, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 210,XII felld með 30:19 atkv.
— 212,48—52 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 221,XIV felld með 28:23 atkv.
— 209,3 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.
nei: SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, FS.
4 þm. (AGl, BjörnJ, GÍG, KGuðj) fjarstaddir.
Brtt. 222,VI felld með 27:22 atkv.
— 212,53—55 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 210,XIII felld með 25:18 atkv.
— 212,56 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 210,XIV felld með 30:18 atkv.
— 209,4 felld með 29:23 atkv.
— 210,XV felld með 29:16 atkv.
— 210,XV varatill. felld með 30:22 atkv.
— 212,57 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 209,5 felld með 33:14 atkv.
— 212,58—59 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 210,XVI felld með 29:20 atkv.
— 212,60—63 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 223,2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 218,XVII felld með 30:22 atkv.
— 212,64—68 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 221,XV felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ.
nei: JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, FS.

4 þm. (KGuðj, AGl, BjörnJ, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 212,69 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 224 felld með 26:24 atkv.
— 223,3 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 212,70 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 210,XVII felld með 28:24 atkv.
— 210,XVIII felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ.
nei: BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, FS.
4 þm. (BjörnJ, GÍG, KGuðj, AGl) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég tel, að þessi heimild sé fyrir hendi, till. óþörf og segi þess vegna nei.

Brtt. 218,XVIII felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.
nei: SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, FS.
4 þm. (AGl, BjörnJ, GÍG, KGuðj) fjarstaddir.
Brtt. 218,XIX felld með 31:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EÐS, EOl, EystJ, FRV.
nei: GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, FS.
5 þm. (GÍG, JóhH, KGuðj, AGl, BjörnJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Með till. þessari, ef samþ. yrði, er heimilað að taka 9 millj. 500 þús. kr. lán til vegaframkvæmda á Vestfjörðum og Austurlandi. Þessu er ekki skipt í till., og má gera ráð fyrir, að ef till. yrði samþ., færu 4 millj. og 750 þús. í hvorn landshluta. Á fjárlagafrv. því, sem nú er verið að afgreiða, er veitt til Vestfjarðakjördæmis 6 millj. 490 þús. kr. til vegaframkvæmda. Helmingur af þeirri upphæð, sem hér um ræðir, væri því ekki jafnhár og það framlag, sem nú er veitt á fjárl. á þessu ári, og mundi engan veginn leysa þau vandkvæði, sem hér er að glíma við. Ég segi því nei.

Brtt. 223,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 212,71—75 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 212,76.a samþ. með 32:3 atkv.
— 212,76.b samþ. með 32 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 225).

13. Landsdómur.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um landsdóm [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að það tók langan tíma fyrir þjóðþing að ná úrslitavaldi um skipan ríkisstjórna. Á þeim tíma, þegar þessi háttur var að komast á, var enn í flestum löndum konungsstjórn, og það var barátta annars vegar milli konungsins og hins vegar þingsins í hverju landi um sig um, hvor aðilinn ætti að ráða meira um skipan ríkisstjórnar. Í þessari baráttu notuðu þjóðþingin hins vegar og þá ekki sízt í forustulandinu, þar sem brautin var rudd í þessu efni, Bretlandi, þann hátt á, meðan konungur enn hélt í úrslitaráð sín um skipan ríkisstjórnar, að koma fram ábyrgð gegn ráðherrum með málshöfðun og þá leiða ráðherrana fyrir sérstakan dómstól, sem var öðruvísi skipaður en hinir venjulegu dómstólar í landinu. Þannig var þessu, eins og ég segi, háttað í Bretlandi, og svipaður háttur var tekinn upp í ýmsum fleiri löndum. Þegar frjálslegar stjórnarskrár voru settar, var það víða í fyrstu nokkuð óljóst eftir orðalagi stjórnarskránna sjálfra, hver ætti að hafa hin endanlegu ráð um skipun ráðherranna, hvort þau væru hjá konungi eða hjá þjóðþingi. Hins vegar voru þá einnig víða sett bein fyrirmæli, sem áttu að tryggja lögformlega ábyrgð ráðherranna gagnvart þjóðþinginu. Komu þau mál fyrir sérstakan dómstól, svipað og á hafði komizt í Bretlandi, þar sem ábyrgð var oft fast fram haldið, einkum í byrjun, meðan enn voru áhöld um það, hvort þingið ætti að ráða meira um ráðherraval eða konungur. Eru þess dæmi, t. d. frá Noregi, að slík málshöfðun gegn ráðherrum og dómur yfir þeim með þeim hætti, sem ég nú lýsti, beinlínis ruddi brautina fyrir eiginlegu þingræði í okkar merkingu.

Hér á landi hefur það ætíð verið, frá því að stjórnin á annað borð varð innlend, þ. e. a. s. 1904, svo, að þingræði hefur verið viðurkennt. Þrátt fyrir orðalag stjórnarskrárinnar um, að fyrst konungur og síðan forseti útnefni ráðherra eða skipi þá, hefur aldrei verið um það deilt, að hið eiginlega vald til útnefningar ráð-

herra væri hjá meiri hluta þings, hjá þinginu, ef það á annað borð kæmi sér saman um val, fyrst á einum ráðherra og síðan ríkisstjórn. Engu að síður var einnig hjá okkur tekið upp í stjórnarskrána 1903 fyrirmæli um sérstakan landsdóm og sérstaka ábyrgð, sem ráðherrar ættu að sæta fyrir embættisathafnir sínar. Voru það sýnu skýrari ákvæði en verið höfðu í stjórnarskránni 1874, þegar gert var ráð fyrir einungis mjög takmarkaðri ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi Íslendinga, enda var ráðherra þá enn danskur og einungis einn af meðlimum dönsku ríkisstjórnarinnar.

Raunin hefur nú orðið sú víðast hvar, að eftir að þingræði hlaut fulla viðurkenningu, hafa þessi ákvæði um sérstök ráðherraábyrgðarlög og sérstakan dóm, sem ætti að fjalla um mál, sem þjóðþing höfðaði á hendur ráðherra fyrir embættisafbrot þeirra, misst verulegan hluta gildis síns, þannig að það eru *einungis örfá dæmi, þótt þau séu til, úr stjórn*skipunarsögunni á síðari áratugum um það, að þessum ákvæðum hafi verið beitt. Þingræðisábyrgðin hefur verið látin nægja. Meiri hl. þings hefur talið það næga tryggingu í framkvæmd að geta svipt ráðherra störfum og ráðið því, hverjir skipuðu ríkisstjórn, þó að ekki fylgdi hitt með, að höfðað væri mál á hendur ráðherra fyrir embættisafglöp hans. Það er einnig eftirtektarvert, að allan þann tíma, sem þingræði hefur staðið hér nú í rúma hálfa öld, hefur aldrei mál verið höfðað fyrir landsdómi gegn ráðherra, og meira að segja aldrei komið fram tillaga um það á Alþingi, þrátt fyrir það þótt við vitum, að a. m. k. í orði kveðnu hafa stjórnmáladeilur verið hér ærið harðar á alla bóga og öðru hvoru bornar fram mjög harðar ásakanir af hálfu stjórnarandstæðinga gegn þeim, sem í ríkisstjórn hafa setið.

Þetta hefur svo orðið til þess, að sú löggjöf, sem í fyrstu var sett, bæði um landsdóm og sérstök ráðherraábyrgðarlög, hefur orðið úrelt, aldrei reynt á framkvæmd hennar. Og þó að það væri raunar ljóst, þegar eftir að þessi löggjöf hafði verið sett 1905, að hún væri verulega gölluð, þá hefur aldrei reynzt þörf á því að endurskoða hana, af því að þetta hefur nánast verið dauður bókstafur. Það er einnig svo komið nú fyrir mörgum áratugum, að landsdómur hefur ekki verið löglega skipaður. Reglurnar um hann hafa verið frá upphafi mjög flóknar og óhentugar og smám saman hefur fallið niður, — án þess að því fylgdi verulegur söknuður eða aðfinningar — að kjósa hann lögum samkvæmt, enda hygg ég, að það mundi nú orðið ekki vera hægt. Engu að síður er enn skýlaust boðið í stjórnarskránni, að sérstakur landsdómur skuli vera til, og ákvæði stjórnarskrárinnar verður einnig að skilja svo, að sérstök ráðherraábyrgðarlög eigi að vera fyrir hendi.

Það er rétt, eins og á hefur verið bent, að úr því að stjórnarskráin segir ótvírætt fyrir um þetta, þá er það eðlilegt, að löggjöfin sé þannig, að hún sé framkvæmanleg, en ekki með öllu úrelt. Það var því eðlilegt, að Alþingi samþykkti fyrir rúmum tveimur árum áskorun til ríkisstj. um að endurskoða löggjöfina um landsdóm. Flm. þeirrar till., aðalflm., var Ólafur Jóhannesson, núv. 3. þm. Norðurl. v., og varð það úr, að ég óskaði þess, að Ólafur, sem eins og kunnugt er er ágætur sérfræðingur einmitt í þessum efnum, tæki að sér að semja nýtt frv. um landsdóm. Hann lauk því starfi á s. l. sumri, og fékk dómsmrn. frv. hans þá til athugunar, og er það nú lagt hér fram óbreytt eins og hann gekk frá því ásamt mjög ýtarlegri og skilmerkilegri grg., sem því fylgdi. Ég get þess vegna mjög stytt mál mitt um frv. sjálft og einstök atriði þess.

Ég vil geta þess, að þó að ég telji sjálfsagt að koma þessari löggjöf í nútímaform og þó að ég geri mér grein fyrir, að það er eðlilegt, að slík löggjöf sé fyrir hendi, því að það er ekki einungis af formlegum ástæðum nauðsynlegt samkv. *ákvæði stjórnarskrárinnar*, heldur er einnig eðlilegt, að hægt sé að grípa til slíks, þá geri ég ekki ráð fyrir, að hér sé um ýkja raunhæfa löggjöf að ræða. Úr því að við höfum komizt af undanfarna hálfa öld með þeim persónulegu, illvígu stjórnmáladeilum, sem oft hafa verið háðar á því tímabili, þá mun það blessast ekki síður héðan í frá. Þegar deilur smám saman, sem betur fer, eru býsna mikið að missa hinn gamla haturs- og ofstækisblæ manna á milli, sem þær einkenndi áður, þá geri ég ráð fyrir, að enn síður verði hvöt til þess að beita slíkri löggjöf héðan í frá en hingað til. En vissulega geta komið fyrir þau atvik, að eðlilegt sé og fyrir allra hluta sakir nauðsynlegt, að til þessara úrræða sé gripið, og þá er eðlilegt, að lögin séu framkvæmanleg, sem gömlu lögin um landsdóm, þau sem enn eru í gildi, eru ekki.

Í slíkri löggjöf má auðvitað deila endalaust um mörg einstök atriði. Það má vel vera, að ef ég hefði sjálfur átt að gera tillögur um skipun landsdómsins, þá hefðu þær að einhverju leyti orðið aðrar en hér eru bornar fram. En ég vil lýsa því sem skoðun minni, að þetta frv. sé samið vel og vandlega, að rækilega athuguðu máli og sú skipun, sem hér er upp á stungið, sé vel viðhlítandi og eigi að tryggja nægilegt réttaröryggi.

Aðalvandinn í þessum efnum er auðvitað, hvernig eigi að skipa landsdóminn. Till. hér er um það, að hann verði skipaður 15 mönnum, þar af 7 löglærðum, öllum hæstaréttardómurunum 5, yfirsakadómaranum í Reykjavík og deildarforseta lagadeildar háskólans, og svo 8 mönnum kosnum af sameinuðu þingi með hlutfallskjöri til 6 ára í senn. Þessi skipun á að tryggja annars vegar, að ekki sé hætta á því, að pólitískt ofstæki geti ráðið dómfellingu, en hins vegar, að nokkuð rýmri sjónarmið geti komið til en gilda mundu, ef einungis löglærðir embættisdómarar ættu um að fjalla. Landsdómur var eða er eftir núgildandi reglum skipaður fleiri mönnum, en þar er ruðningsréttur, sem nú er felldur niður og sýnist og með öllu ástæðulaus. Það er einnig ætlazt til

þess nú, að það þurfi sérstaklega aukinn meiri hl. til sakfellingar. Eftir þessu frv. er ráðgert, að einfaldur meiri hl. nægi, og hygg ég, að það, eins og dómurinn er skipaður, ætti að vera fulltryggilegt til þess, að enginn geti með réttu óttazt, að á sig sé hallað.

Varðandi skipun manna í dóminn er svo rétt að vekja athygli á kjörgengisskilyrðunum, sem talin eru í 3. gr., sem ekki eru einungis kjörgengisskilyrði, heldur einnig skilyrði þess, þótt maður hafi verið kjörinn í dóminn, að hann megi sitja þar, ef á reynir, og er þá sérstök ástæða til að vekja athygli á því, að enginn alþm. eða starfsmaður í stjórnarráðinu getur setið í dómnum. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, en nauðsynlegt vegna þess, hvernig val dómsins annars vegar er, og þeirra sérstöku verkefna, sem hann á um að fjalla.

Eins og ég sagði, þá er það í raun og veru langstærsta atriði frv., hvernig dómurinn eigi að vera skipaður. Að öðru leyti er verkefni hans annars vegar markað af stjórnarskránni, eins og segir í 1. gr. Hins vegar er um réttarfarsákvæði að ræða, sem segja má, að meira séu faglegs eðlis — og ég hygg, að hér séu vel leyst — heldur en þar sé um að ræða eiginleg stóratriði, sem geti haft mikla stjórnmálaþýðingu. Það, sem allt á veltur í þessu, er, hvort menn koma sér saman um eða telja þá skipan dómsins heppilega, sem hér er gerð till. um, og eins og ég gat um, geta verið uppi um það óteljandi hugmyndir. En að hugsuðu máli hygg ég þá lausn, sem hér er fram borin, vera heppilega og tryggilega, og vil ég því eindregið mæla með því, að þetta frv. fái greiðan framgang. Eins og ég sagði, tel ég það vel og vandlega samið og til stórra bóta frá því, sem nú er. Þótt ég voni, að hér sé ekki um mjög raunhæft mál að ræða, skal rétt vera rétt og úr því að sætlazt er til þess, að slík löggjöf sé til, þá verður hún að vera í sæmilegu horfi.

Ég legg til, að frv. verði samþ. hér til 2. umr. og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 167, 168).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með því, að það verði samþ. með nokkrum breytingum, sem fluttar eru till. um á þskj. 168.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir þessa hv. d. af hæstv. dómsmrh., gerði hann rækilega grein fyrir efni frv. og málinu í heild. Með frv. er enn fremur allýtarleg grg. um bæði skipun þessara mála, eins og hún er nú, skipun þeirra með nokkrum öðrum þjóðum og svo um þá skipun, sem ráðgerð er eftir þessu frv., og hafa hv. dm. getað kynnt sér hana. Ég sé því ekki ástæðu til þess nú að ræða hér um málið almennt, en mun snúa mér að því að gera stutta grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur á þskj. 168. Um þær brtt. er það að segja, að þær eru allar fluttar samkv. ábendingu hæstaréttar, en honum var frv. sent til umsagnar.

1. brtt. er við 2. gr. og við a-lið gr. Í þeirri brtt. er eiginlega um að ræða tvær breytingar frá frv. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að forseti lagadeildar sé dómari í landsdómi, þá er svo ákveðið í þessari brtt., að það sé prófessorinn í stjórnskipunarrétti. Frá mínu sjónarmiði er hér um að ræða atriði, sem ekki skiptir miklu máli, og það er reyndar bent á það í grg. með frv., að það gæti verið álitamál, hvort heldur ætti að vera forseti lagadeildar, prófessorinn í stjórnskipunarrétti eða jafnvel prófessorinn í refsirétti. En þessi breyting er sem sagt gerð samkv. ábendingu hæstaréttar. Það þarf naumast að taka það fram, að það leiðir af öðrum ákvæðum í þessu frv., að ef prófessorinn í stjórnskipunarrétti er alþm., þá kemur hann ekki til greina, þar sem alþm. geta ekki átt sæti í landsdómi samkv. þessum lögum.

Annað atriði í þessari brtt. er það, að þar er tekið fram um skipun varadómara hinna löglærðu dómara. En í frv. var það ekki gert og hefðu þá samkv. því komið til greina reglur, sem almennt gilda um varadómara í hæstarétti og um varaforseta lagadeildar. Hins vegar hefði mátt segja, að þá væri ekki séð fyrir varamanni yfirsakadómara í Reykjavík. En það hefði að vísu ekki þurft að koma að sök, vegna þess að það er ekki skilyrði, að dómurinn sé fullskipaður, þegar hann fjallar um mál. En þessi breyting er vafalaust til bóta. Þar er tekið skýrt fram og kveðið á um það greinilega, hvernig varadómendur skuli tilnefndir.

2. brtt. er við 3. gr. og er um það, að við bætist ný mgr., sem með leyfi forseta hljóðar svo:

„Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.“

Þetta er eðlilegt, er í samræmi við það, sem ákveðið er í hæstaréttarlögum, en þessa var ekki getið í frv.

3. brtt. er við 6. gr. Í þeirri breyt. felst það atriði, að samkv. frv. var gert ráð fyrir því, að ef forseti hæstaréttar forfallaðist, kysi landsdómurinn mann í hans stað sem varaforseta landsdóms, en í þessari brtt. felst það, að varaforseti hæstaréttar á einnig að vera varaforseti landsdóms. Þetta er eðlilegt. Það er ný skipun, að það skuli vera kosinn varaforseti í hæstarétti, lögboðin með hæstaréttarl., sem sett voru á síðasta Alþingi.

Svo er það 4. brtt. Hún er um, að það komi ný grein á eftir 49. gr. frv. og verði 50. gr., og efni þeirrar brtt. er það að veita heimild til endurupptöku máls fyrir landsdómi, ef til

þess eru sérstakar og ríkar ástæður. Heimild til þess var ekki í frv. Væntanlega verður ekki mikið af því, að mál, sem dæmd eru af landsdómi, ef einhver verða, verði endurupptekin. Og það er mín skoðun, að heimild til slíks eigi að vera mjög þröng. En á það má hins vegar fallast, að þegar alveg sérstök og sérleg atvik, sem bent er á í þessari brtt., eru fyrir hendi, þá sé rétt að opna leið til þess að fá málið upp tekið. En heimildin til endurupptöku málsins er sem sagt bundin við það, að landsdómur getur leyft, — þar er aðeins um heimild að ræða, — að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar að nýju, ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn eða dæmdur fyrir mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk, eða ef ætla má, að falsgögn hafi valdið refsidómi að einhverju eða öllu leyti.

Fleiri breytingar við þetta frv. sá allshn. ekki ástæðu til að gera. Ég leyfi mér að endurtaka það, sem ég gat um, að allshn. mælir einróma með samþykkt frv. með þessum breytingum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 168,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 168,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 168,3 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—49. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 168,4 (ný gr., verður 50. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
50.—51. gr. (verða 51.—52. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 205).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á árinu 1960 samþ. Alþingi áskorun til ríkisstj. um að láta endurskoða lögin um landsdóm. Ríkisstj. leitaði til prófessors Ólafs Jóhannessonar um að taka þetta starf að sér, og jafnframt ákvað ríkisstj. að láta einnig endurskoða lögin um ráðherraábyrgð, sem eru þessu máli náskyld, og fól einnig prófessor Ólafi að annast það verk. Hann leysti bæði verkefnin vel af hendi, skilaði frv. af sér til ríkisstj. á s. l. sumri. Hún tók þau til athugunar, og er það frv., sem hér liggur fyrir, árangur af því starfi og er raunar að meginatriðum óbreytt frá því, sem Ólafur Jóhannesson gerði tillögur um það. Ríkisstj. féllst á það óbreytt, en Ed. gerði á því nokkrar breytingar skv. till. hæstaréttar, að því er ég hygg.

Það má segja, að ekki væri að ófyrirsynju, að lögin um landsdóm voru endurskoðuð. Það er boðið í stjórnarskránni, að landsdómur skuli fjalla um mál, sem Alþingi höfðar á hendur ráðherrum fyrir brot í embætti. En þessi ákvæði hafa verið óvirk lengi, vegna þess að nú eru margir áratugir liðnir frá því að landsdómur hefur verið löglega skipaður. Reglurnar um skipun hans eru svo flóknar og margbrotnar og miðast sumpart við löggjafarástand, sem nú er hjá liðið, að ekki hefur verið unnt að koma skipuninni í lögformlegt form nú í heilan mannsaldur má segja. Það má deila um, hversu mikla þýðingu slík löggjöf um sérstakan landsdóm og einnig sérstök löggjöf um ábyrgð ráðherra hafi, en hvort tveggja er boðið í stjórnarskránni, og úr því að svo er, þá sýnist vera eðlilegast, að það sé í því horfi, að framkvæmanlegt sé.

Um landsdóminn er það svo, að sú löggjöf er með öllu óframkvæmanleg og ekki framkvæmd nú, og löggjöfin um ráðherraábyrgð hefur frá fyrstu tíð verið harla ófullkomin og á alls ekki lengur við, eftir að ráðherrarnir eru orðnir fleiri en einn, sem hefur verið síðan 1917, og er að öðru leyti meingölluð.

Í grg. frv. um landsdóm er ýtarlega rakið, hvernig skipun þessara mála er komið fyrir í ýmsum þeim þingræðislöndum, sem okkur eru skyldust, og skal ég ekki rekja það frekar. En ég hygg, að eftir atvikum séu þessar till., sem hér eru fram bornar, heppilegar og skynsamlegar. Það má endalaust deila um það, hvernig maður vill hafa slíkan dóm skipaðan, hvort þar eigi að vera fyrirvari um aukinn meiri hluta o. s. frv. En eftir atvikum hygg ég, að rétt meðalleið hafi verið rötuð um samningu þessa frv., enda varð Ed. sammála um það efnislega, eins og ég segi, með þeim breytingum, sem voru gerðar skv. till. hæstaréttar. Það kom hins vegar þar fram nokkur ágreiningur út af frv. um breytingu á löggjöf um ráðherraábyrgð. Ég ræði um þetta hvort tveggja, því að það er svo náskylt. Það var ekki vegna þess, að frv. væri út af fyrir sig óheppilegt, heldur af hinu, að einum þm., sem um það ræddi, þótti óeðlilegt að taka upp að nýju ráðagerðir um slíka lögformlega ábyrgð, eftir að hún hefur raunverulega legið niðri svo lengi, eins og ég gerði áður grein fyrir. Þetta er sjónarmið fyrir sig. En á hitt verður að líta, að stjórnarskráin ráðgerir, að slíkur dómstóll sé fyrir hendi og sérstök ábyrgðarlög, og Alþingi hefur sjálft nýlega lagt fyrir, að landsdómslögin yrðu endurskoðuð, og um það varð

þá enginn ágreiningur í Sþ., þegar sú ályktun var gerð, og verður því að telja, að viljayfirlýsing Alþingis um að halda þeirri skipan, sem stjórnarskráin ákveður, sé fyrir hendi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 231).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um landsdóm, og leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed. til þessarar d. Einn nm., hv. 8. landsk. þm., var ekki viðstaddur á þeim fundi, sem frv. var afgreitt á.

Frv. þetta er stjfrv., flutt í Ed., og voru þar gerðar á því nokkrar breytingar varðandi skipun dómsins og endurupptöku mála fyrir dóminum. Frv. þessu er, ef að lögum verður, annars ætlað að koma í stað l. nr. 11 1905 og l. nr. 30 1914, en bæði þessi lög kveða á um skipun landsdóms og meðferð mála fyrir þeim dómi. Eru ákvæði þessara laga nú að flestu leyti orðin úrelt, og hafa reglurnar um skipun dómsins raunar alltaf verið ærið flóknar og nú orðið kannske lítt framkvæmanlegar eftir þessum tvennum lögum. Samkv. frv. þessu eru reglurnar um skipun dómsins og meðferð mála fyrir honum gerðar einfaldari og miðaðar við breyttar aðstæður, frá því að l. um dóminn voru sett. Hitt er svo annað mál, að í þróuðum lýðræðis- og þingræðislöndum hefur sjaldan til þess komið á síðustu áratugum, að mál á hendur ráðh. fyrir embættisverk þeirra hafi verið rekin fyrir hliðstæðum dómstólum og landsdómur er, og verður sjálfsagt lítil breyting á þessu, a. m. k. hér á landi, þrátt fyrir setningu nýrra l. um skipun dómsins. En eðlilegt verður að telja, að um skipun dómsins og meðferð mála fyrir honum gildi vel framkvæmanlegar reglur, eins og þetta frv. kveður á um, úr því að íslenzk stjórnskipunarlög gera á annað borð ráð fyrir, að landsdómur sé til og til hans kunni að verða vísað sérstökum málum.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að svo stöddu, enda gerði hæstv. dómsmrh. ýtarlega grein fyrir því í framsöguræðu sinni hér í þessari hv. d., en eins og ég áður tók fram, leggur allshn. til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—52. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 247).

---

14. Ráðherraábyrgð.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um ráðherraábyrgð** [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er náskylt hinu, sem hv. d. var að vísa til 2. umr. nú áðan. Áskorun Alþingis um endurskoðun á þessari löggjöf náði að vísu einungis til laganna um landsdóm. En mér þótti einsýnt, úr því að sú löggjöf væri endurskoðuð, þá væri einnig endurskoðuð löggjöfin um ráðherraábyrgð, einkanlega vegna þess, að sú löggjöf var einnig frá upphafi stórlega gölluð og sætti ætíð í lögfræðingahóp töluverðri gagnrýni, meira þó af formsástæðum en efnis.

Prófessor Ólafur Jóhannesson tók einnig að sér að semja frv. til laga um ráðherraábyrgð og leysti það, eins og vænta mátti, ágætlega af hendi. Þar voru þó nokkur atriði, sem ég taldi að betur mættu fara. Og við urðum þegar í stað sammála um það — enginn ágreiningur okkar á milli — að breyta frv. í þeim efnum. Er frv. því borið fram með þeim breytingum, sem dómsmrn. taldi horfa til bóta, en með fullu samþykki prófessors Ólafs.

Það má auðvitað nokkuð deila um, hver þörf sé á sérstökum lögum um ráðherraábyrgð, jafnvel þó að raunhæft yrði að koma lögformlegri ábyrgð, refsiábyrgð, fram á hendur ráðherra, því að sýnt er, að ef sérstök löggjöf gildir ekki, þá er ráðh. þó undirseldur hin almennu hegningarlög einnig um sínar embættisathafnir. Í Danmörku, sem hefur verið fyrirmynd okkar í þessum efnum, er þrálátur ágreiningur um þörfina á sérstökum lögum um ráðherraábyrgð. Hér á landi hefur það ætíð verið talið skylt skv. stjórnarskránni, eins og hún hefur verið orðuð allt frá 1903, að hafa sérstök lög um ráðherraábyrgð, og ég tel, að svo sé enn. Og úr því að sú skylda er fyrir hendi, þá fer eins og um lögin um landsdóm, að þá er í alla staði heppilegra að hafa framkvæmanleg og vel samin lög heldur en lítt framkvæmanleg og ógreinileg eða óheppileg lög.

Ég hygg, að ekki geti orðið ágreiningur um það, að þetta lagafrv. geti orðið til bóta. Í því eru ekki gerðar neinar stórvægilegar efnisbreytingar frá því, sem verið hefur. Þó að

ákvæði almennu hegningarlaganna nái einnig til ráðherra, þá sé starf þeirra um sumt svo sérstaks eðlis, að eðlilegt er, að sérlöggjöf gildi um þá.

Það er sérstaklega eitt atriði, sem þar hefur reynt á og kemur til. Það er, hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð ráðherra á verkum annarra manna og þá um hlutdeild þeirra í broti, sem annar hefur framið. Þessu er nú í þessu frv. nokkuð breytt frá því, sem í gildi er. Segja má, að gildandi ákvæði hafi verið skilin þannig, ef til vill ekki ágreiningslaust, en hinn ríkjandi skilningur hefur verið sá, að ráðherra bæri ábyrgð á stjórnarathöfn, sem annar ráðh. hefur framið, ef hann gerði ekki sérstakar ráðstafanir til þess að firra sig ábyrgðinni. Og að minnsta kosti varðandi þær ákvarðanir, sem teknar eru á ráðherrafundi eða í ríkisráði, hefur verið talið nauðsynlegt, að ráðherra þyrfti beint að segja af sér embætti til þess að firra sig ábyrgð á athöfn eða athafnaleysi, sem meðráðherra hans þó fyrst og fremst er ábyrgur fyrir og hefur ákveðið innan sinna embættistakmarka. Það er ljóst, að slík ábyrgð er meiri en almenn pólitísk ábyrgð nær, eins og hún hefur verið framkvæmd, og nær lengra en réttarvitund almennings segir til um. Þessi ákvæði eru nú gerð þrengri en verið hefur. Kemur það einkanlega fram í 3., 4. og 5. gr., að þar þarf ráðh. beint að hafa stuðlað að athöfn, til þess að hann verði talinn bera á henni slíka ábyrgð, að refsingu verði komið fram gegn honum. Eins og ég segi, þá er þetta takmarkaðri ábyrgð en talið hefur verið eftir bókstafnum að enn hafi verið í gildi. A. m. k. sem ráðh. hlýt ég að mæla með þeirri takmörkun ábyrgðarinnar, því að það eru minni líkur en ella til þess, að maður lendi í refsingu fyrir þau afbrot, sem aðrir gera, nóg er nú það, sem menn fremja sjálfir. En ég hygg einnig, að þessi breyting sé í samræmi við almennar réttarfarshugmyndir og við þá pólitísku ábyrgð, eins og hún hefur þróazt og hlýtur að þróast, a. m. k. þar sem samsteypustjórnir eru langvarandi, eins og verið hefur nær óslitið hér á landi, frá því, að ráðherrar urðu fleiri en einn.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Í því eru litlar verulegar efnisbreytingar frá því, sem áður var, umfram þá breytingu, sem ég hef nú gert grein fyrir. En frv. allt er skipulegar samið og í betra horfi en gildandi löggjöf. Ég legg því til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 169 og 173).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Stjórnarskráin segir, að ráðherra beri ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum og ráðherraábyrgð sé ákveðin með lögum. Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar hafa hér hjá okkur verið skilin á þann veg, að það þyrfti að hafa sérlög um ábyrgð ráðh. Og sérstök lög um það efni voru sett mjög skömmu eftir eða raunar þegar eftir að þessi ákvæði komust inn í stjórnarskrána. Þau lög, sem þá voru sett, nr. 2 frá 1904, hafa síðan gilt hér um ráðherraábyrgð, en þau eru miðuð við það ástand, þegar ráðh. var hér einn, og eiga þess vegna, a. m. k. samkv. orðum sínum, ekki að öllu leyti vel við, eftir að ráðh. hefur fjölgað. Þau lög hafa einnig að sumu leyti þótt talsvert gölluð, þó að á þá vankanta þeirra hafi aldrei reynt í framkvæmd, eins og kunnugt er, þar sem hér á landi hefur aldrei verið höfðað mál á hendur ráðh. fyrir landsdómi og ráðh. því aldrei sóttur til ábyrgðar samkv. ráðherraábyrgðarlögum.

Þegar ákveðin var endurskoðun landsdómsl. samkv. þál. samþ. hér á Alþingi, var af ríkisstj. eða hæstv. dómsmrh. ákveðið, að samtímis skyldu endurskoðuð lögin um ráðherraábyrgð. Það frv., sem hér liggur fyrir, er árangur þeirrar endurskoðunar. Það má segja um það, að það sé í meginatriðum byggt á svipuðum sjónarmiðum og núgildandi ráðherraábyrgðarlög, og er í þessu frv. ekki um veigamiklar breyt. að ræða frá núgildandi ábyrgðarlögum, en þó eru þar að vísu nokkrar breyt. og einkanlega er reynt að gera reglurnar um það efni fyllri og þá alveg sérstaklega það, hvenær ráðh. verði ábyrgur fyrir stjórnarathöfnum. Samkv. þessu frv. getur ráðherraábyrgð komið til greina með fernum hætti. Það er kveðið á um það, hver ráðh. beri ábyrgð hverju sinni vegna embættisathafna forseta Íslands. Það er í öðru lagi að sjálfsögðu svo, að ráðh. ber ábyrgð á þeim embættisathöfnum, sem hann gerir í eigin nafni. Í þriðja lagi er svo reynt að ákveða það eða afmarka, hvenær ráðh. geti orðið ábyrgur vegna hlutdeildar í embættisbrotum sinna samráðh., og svo í fjórða lagi, hvenær hann getur orðið ábyrgur vegna athafna eða vanrækslu sinna undirmanna. Reglurnar um þessi tvö síðasttöldu atriði eru nýjar í þessu frv., þar sem hliðstæðar reglur er ekki að finna í gildandi lögum um ráðherraábyrgð.

Það geta sjálfsagt verið skiptar skoðanir um, hvort það sé í sjálfu sér þörf á sérstökum lögum um ráðherraábyrgð. En um hitt verður ekki deilt, að á þá lund hefur stjórnarskráin hér verið skilin, þannig að það verður að álíta, að það sé skylt, að þessi sérstöku lög um ábyrgð ráðh. séu til. Og með þá staðreynd í huga hefur meiri hl. allshn., 4 af 5, orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. Einn nm. skilar hins vegar séráliti og gerir væntanlega grein fyrir því hér á eftir.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Eins og tekið hefur verið fram, varð allshn. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Ég taldi ekki ástæðu til þess að mæla með samþykkt þess og geri nokkra grein fyrir því í nál. á þskj. 173. Ég þarf ekki að fara

mörgum orðum um rök mín fyrir því, að ég tel heppilegast, að þessu frv. sé að þessu sinni a. m. k. vísað frá. Ég hef gert grein fyrir því í nál., eins og ég tók fram.

Ég skal taka það fram, að ég er einn meðal þeirra, sem ekki telja þörf á sérstökum lögum um ráðherraábyrgð. Ég veit ekki, hversu margir eru hér á landi sömu skoðunar, en svo virðist sem í nokkrum þingræðislöndum séu menn almennt á því máli, að ekki sé þörf slíkra laga, og kann ég þar að nefna Danmörku, þar sem ekki hefur fengizt meiri hl. fyrir því að setja slík lög. Nú verða lög um ráðherraábyrgð að vera til hér á landi, það heimtar stjórnarskráin. En það er ekki þar með sagt, að það sé það heppilegasta. Ég lýsi hér minni persónulegu skoðun, tala aðeins fyrir sjálfan mig, en ekki aðra. Ég er þeirrar skoðunar, að bezt væri komið, að engin lög um ráðherraábyrgð væru til, og þar næst tel ég heppilegast, að slíkum lögum yrði aldrei beitt. Þeim hefur ekki verið beitt á þeim 60 árum, sem þau hafa staðið, og ég held, að heppilegast væri, að enginn hugsaði til þess í framtíðinni að beita þessum lögum. Það er skoðun mín, að ef lögð yrði áherzla á það að beita þessum lögum, hvenær sem ástæða þætti til að dómi einhverra, sem hlut eiga að máli, þá yrði sú beiting hæglega og kannske fljótlega að misbeitingu. Þetta er höfuðástæðan til þess, að mér finnst hið háa Alþingi eigi sem minnst um þetta mál að fjalla, lofa l. frá 1904 að standa áfram steingerðum og úreltum, eins og þau eru, en vera ekki að færa þau í neinn nútímabúning eða gera þau hæfari til þess, að þeim yrði beitt.

Ég finn ekki að þessu frv., sem hér liggur fyrir, svo mjög. Það er ekki ástæðan til þess, að ég æski, að því sé vísað frá, heldur það, sem ég nú hef gert grein fyrir. Þar fyrir er ég ekkert frá því, að á þessu frv. séu vissir gallar. Mér skilst, að í því séu nýmæli, sé viðbót, sem að vissu leyti geri lögin víðtækari en þau gömlu. En það álít ég einmitt galla. Í grg., sem frv. fylgir, er getið um eitt nýmæli í 10. gr. og jafnframt á það bent, að það nýmæli ásamt öðrum ákvæðum þeirrar greinar sé býsna matskennt. En það tel ég sérstakan galla á lögum sem þessum, að mikið sé í þeim af matskenndum atriðum. Þessi lög ættu að vera stutt og laggóð og svo skýr í ákvæðum sem unnt er. Það tel ég mjög mikilsvert um lög af þessu tagi.

E. t. v. stend ég einn uppi með það hér á Alþingi að hafa vissan beyg, ef tekið yrði upp á því að beita þessum lögum. Reynslan hefur ekki staðfest réttmæti slíks ótta, lögunum hefur aldrei verið beitt. En það, sem ég óttast, er, að þeim kunni að verða beitt, og því frekar sem lögin eru nýrri og nútímalegri, — að þeim kunni að verða beitt, ef flokkadrættir miklir yrðu í landinu, harðdrægni ykist í stjórnmálunum, að þá gæti nýr meiri hl. notað sér ákvæði l. því frekar sem þau væru matskenndari til þess að ná sér niðri á gömlum andstæðingum. Þetta óttast ég. En ástæðan til þess ótta yrði að sjálfsögðu minni, ef við byggjum við lög í þessu efni, sem væru úrelt, þætti lítt hæfa að beita.

Það er mín till., að þessu frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Deildin telur nýja löggjöf um ráðherraábyrgð ekki aðkallandi og að frekari athugunar sé þörf, áður en til hennar komi. Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða málið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. meiri hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég geri ekki mjög miklar aths. við ræðu hv. 9. þm. Reykv. Það er sjálfsagt svo, að það mætti eitthvað betrumbæta þetta frv., sem hér liggur fyrir, með enn rækilegri athugun og með því, að fleiri menn fjölluðu um það. Sízt af öllu skal ég neita því. En eins og kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl. og kemur reyndar fram í nál. hans, byggist till. hans um vísun málsins til ríkisstj. til nýrrar endurskoðunar ekki á því, að hann óski rækilegri athugunar á málinu eða rækilegri lagasetningar, heldur á hinu, að hann telur betur farið, að hin gömlu lög séu áfram í gildi um þetta efni, og kysi þó allra helzt, að mér skilst, að engin sérstök lög um ábyrgð ráðh. væru til.

Nú er það að sjálfsögðu svo, eins og ég drap á í hinni stuttu framsögu áðan, að mjög geta verið skiptar skoðanir um það, hvort nú á dögum sé þörf á sérstökum ráðherraábyrgðarlögum, þar sem auðvitað mundi afnám ráðherraábyrgðarlaganna ekki þýða það, að ráðh. væru ábyrgðarlausir, því að vitaskuld bera ráðh. ábyrgð, eins og hverjir aðrir embættismenn, samkv. almennum hegningarlögum. Og þar sem þingræði er orðið fast í sessi, verður a. m. k. ekki nema á alveg óvenjulegum tímum þörf fyrir sérstaka ráðherraábyrgð og landsdómsmeðferð til þess að tryggja það, en þó getur það átt sér stað. En þó að enginn sérstök ráðherraábyrgðarlög væru til, gæti auðvitað eftir sem áður eins fyrir það komið til málsóknar á hendur ráðh., og ég býst satt að segja ekki við því, að það sé svo ýkjamikill munur á efnisreglum þessa frv. og því, sem telja má með lögskýringum að felist í almennum hegningarlögum, þannig að ég býst við því, að það hefði ekki neitt ýkjamikla breytingu í för með sér um efnislega ábyrgð ráðh., þó að engin sérlög væru til um það efni. Þó verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég tel það heppilegra, að það séu sérstök lög um ábyrgð ráðh., því að ráðh. hafa óneitanlega svo mikla sérstöðu meðal embættismanna, að það getur verið æskilegt að hafa viss ákvæði í sérstökum ráðherraábyrgðarlögum til fyllingar á ákvæðum almennra hegningarlaga. Það er í raun og veru það, sem þessi lög eru. Þau eru að verulegu leyti nánast til fyllingar á almennum hegningarlögum. Viss atriði geta þó komið til greina, t. d. í sambandi við það,

ef ráðherra eða ráðherrar á óvenjulegum tímum gerðust brotlegir t. d. við þingræðisregluna, þá gæti verið, að það væri ekki svo ljóst, hvort slík brot féllu undir almenn hegningarlög, að það væri betra að hafa sérlög um þetta efni, sem skæru alveg úr um það atriði.

Mér finnst, að sá ótti, sem fram kemur í nál. hv. minni hl., byggist ekki í raun og veru á því, að það séu til sérstakar efnisreglur um ábyrgð ráðh., heldur er það atriði, sem hann er í raun og veru hræddur við, saksóknarrétturinn. Það er greinilegt, að það, sem hann óttast, er, að Alþingi misbeiti því valdi, sem það hefur í sambandi við meðferð þessara mála. En nú er það svo, að sá réttur byggist á stjórnarskránni, og hvort sem menn álíta það rétt eða rangt, heppilegt eða óheppilegt, að Alþingi hafi málshöfðunarrétt út af þessum brotum, þá verður þeirri reglu á engan hátt haggað með þessum ráðherraábyrgðarlögum. Og þó að ekki væru sett ný lög um þetta efni, þó að gömlu lögin giltu áfram og þó að engin ráðherraábyrgðarlög væru til, þá væri alveg eins þessi möguleiki fyrir hendi, að Alþingi misbeitti sínu valdi til málshöfðunar að ástæðulausu.

Nú er það hins vegar svo, eins og hv. þm. drap á, að reynslan bendir ekki til þess, að hætta sé á misbeitingu í þessu efni af hálfu Alþ., og enn fremur er þess að gæta, að það er aðeins á fyrsta stigi, sem Alþingi hefur mat um það, hvort ráðh. hafi gerzt brotlegur. Að síðustu verður það landsdómur, sem um það dæmir, og ég held, að eins og gert er ráð fyrir, að hann sé skipaður, sé ekki ástæða til þess að óttast sérstaklega misbeitingu af hans hálfu. Það er að vísu rétt, eins og hv. frsm. minni hl. benti á, að í þessu frv. eru matskennd ákvæði. Og hjá því verður ekki komizt að mínum dómi í lögum um ráðherraábyrgð. Það er ómögulegt að sjá fyrir og telja upp alveg sérstaklega þau brot, sem ráðh. kann hugsanlega að gerast sekur um. Það er óhjákvæmilegt að hafa matskennd ákvæði, sem dómstóllinn, sem reynt er að skipa þannig, að réttaröryggi sé borgið, verður að hafa síðasta orðið um. Það er að vísu rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að þess er getið í grg. með frv., að a-liður 10. gr. hans sé nýmæli, og það er sagt, að hann sé matskenndur. En sannleikurinn er nú sá, að þó að þetta sé tekið þarna skýrt fram um þetta atriði, þá er allt eins líklegt, að 4. gr. í núgildandi lögum yrði skýrð á þá lund, að hún tæki til þvílíkrar misnotkunar, sem þarna er gert ráð fyrir. Þannig að það má segja kannske, að að þessu leyti sé frv. skýrara en núgildandi lög.

Viðvíkjandi því, sem frsm. minni hl. fann að þessu frv., að það væri víðtækara, gerði eiginlega ráðherraábyrgðina víðtækari en eftir núgildandi lögum, það held ég, að sé í verulegum atriðum á misskilningi byggt. Í fyrsta lagi er þess að geta, að fyrningarfresturinn er styttur, þannig að það eru nú 3 ár í staðinn fyrir 5 ár áður. Það miðar að því að þrengja ábyrgð ráðherra, þannig að hann þurfi ekki að vera lengi í óvissu um það, hvort til nokkurrar málshöfðunar út af umdeildu atferli hans komi eða ekki. Í öðru lagi er ábyrgð ráðh. á athöfnum samráðh. og raunar undirmanna líka þrengd frá því, sem a. m. k. af sumum fræðimönnum hefur verið talið rétt vera í þessu efni.

Af því, sem ég hef hér bent á, leiðir, að ég get að sjálfsögðu ekki mælt með samþykkt þessarar rökst. dagskrár og legg til, að hún verði felld.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég sagði við 1. umr. þessa frv., tel ég, að það fjalli ekki um ýkjaraunhæft efni, og ég er sammála hv. frsm. minni hl. um, að ég tel ekki æskilegt, að sá háttur verði upp tekinn, að Alþingi fari að höfða mál á hendur ráðh. fyrir þeirra embættisglöp. Ég tel, að í langflestum tilfellum og þeim, sem við getum séð fyrir, muni þingræðisábyrgðin nægja í því sambandi. Engu að síður tel ég, að sú löggjöf, sem hér er til umr., sé til bóta, og vil sérstaklega vekja athygli á því eða taka undir það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að í raun og veru beinist andstaða hv. minni hl. hér að röngu málsatriði.

Hv. frsm. meiri hl. vakti athygli á því, að málshöfðunarréttur Alþingis er ákveðinn í stjórnarskránni. Þessi réttur helzt, þangað til því stjórnarskrárákvæði verður breytt. Það má segja, að að óbreyttri löggjöf frá því, sem nú er, sé sá málshöfðunarréttur óframkvæmanlegur. En það er ekki vegna ófullkomleika gildandi ráðherraábyrgðarlaga, heldur vegna ófullkomleika landsdómslaganna, þannig að ef hv. frsm. minni hl. vill í alvöru draga úr líkunum fyrir því, að Alþ. noti sinn málshöfðunarrétt, þá hefði verið skiljanlegt, að hann hefði snúizt á móti frv. um landsdóm, vegna þess að meðan ekki er sett ný löggjöf um landsdóm, er ómögulegt að koma ákæru gegn ráðh. fram að réttum lögum, því að landsdóm er ekki hægt að skipa samkv. þeirri löggjöf, sem nú gildir um hann, og þar af leiðandi ekki að dæma um það mál, sem Alþingi kynni að ákveða. En það er hægt alveg eins, þó að þessi lagabreyt. verði ekki samþ., sem felst í ráðherraábyrgðarlögunum.

Hv. frsm. meiri hl. sýndi einnig fram á, að það er misskilningur hjá hv. frsm. minni hl., að þessi breyting á ráðherraábyrgðarl. geri ábyrgð ráðh. víðtækari en verið hefur. Það er þvert á móti, að hún gerir hana ekki eins víðtæka og er samkv. gildandi löggjöf. Hv. frsm. meiri hl. minnti á þau tvö meginatriði, sem hér koma til greina, annars vegar fyrningarákvæðið og hins vegar það, sem enn þá meira máli skiptir, að samkv. þeim fræðikenningum a. m. k., sem mér voru kenndar og ég kenndi, á meðan ég fjallaði um þessi mál, ber ráðh. ábyrgð á öllum embættisathöfnum síns samráðh., meðan hann mótmælir þeim ekki með því að segja af sér, a. m. k. öllum þeim embættisathöfnum, sem á að bera upp á ráðherrafundi eða í ríkisráði. Úr þessu er veru-

lega dregið með því frv., sem hér liggur fyrir, og ég vildi segja. að það væri e. t. v. meginbreytingin, sem felst í þessu frv. frá því, sem hefur verið gildandi réttur.

Ég held því, að hvernig sem á verður litið, þá sé þetta frv. til bóta einmitt út frá sjónarmiði hv. frsm. minni hl. Það dregur úr líkunum fyrir því, að ráðh. verði dæmdur, ef svo má segja, fyrir pólitíska illvilja Alþingis og vegna þess að það verði að hengja sig í úreltan lagastaf.

Ég tek undir það með hv. frsm. meiri hl., að í raun og veru er þýðingarlaust að samþykkja rökstudda dagskrá á þann veg, sem hv. frsm. minni hl. leggur til, einmitt út frá hans eigin forsendum, vegna þess að hann er á móti því, að löggjöfinni verði í heild breytt. Ég fullvissa hann um, að einmitt út frá hans eigin rökfærslu er þessi löggjöf til bóta, og það eru ekki miklar líkur til þess, að henni verði breytt frekar í þá átt við nýja endurskoðun málsins. Þetta frv. er vel samið og byggt á þeim athugunum, sem átt hafa sér stað á öðrum Norðurlöndum og í öðrum þingræðislöndum seinni árin. Ég tek hins vegar undir það með hv. frsm. minni hl., að ég óska eftir því, að til þessarar löggjafar þurfi aldrei að grípa, og ég tel, að íslenzkt þingræði væri illa komið, ef menn færu að elta fyrrv. ráðh. með slíkum málsóknum. En meðan stjórnarskrárákvæðin eru í gildi, er nauðsynlegt, að löggjöfin þeim til framkvæmdar sé framkvæmanleg og a. m. k. ekki með þeim meginтæknigöllum, eins og löggjöfin um ráðherraábyrgð er nú og hefur raunar ætíð verið, en varð einkum eftir að ráðh. var fjölgað.

Sök sér væri, þó að menn létu lögin um ráðherraábyrgð eiga sig, ef þeir gerðu það einnig um landsdóminn og sýndu þannig, að þeir teldu stjórnarskrárákvæðin um þetta allt vera orðin úreltan bókstaf. Það er sjónarmið fyrir sig. En þá er að mínu viti fyrst og fremst að gera sér þess grein varðandi landsdómslagafrv. og víkja því þá frá eða salta, ef menn vilja draga úr líkunum fyrir því, að þessum ákvæðum verði nokkru sinni beitt. Og vissulega væri það mikilsverð stjórnskipuleg ákvörðun, ef Alþingi legði þessi frv. til hliðar einmitt með slíkri yfirlýsingu, ekki um, að það ætti að athuga málið frekar, heldur að það væri talið, að hér væri um úreltan bókstaf að ræða og þingræðisábyrgðin ein nægði. Það er atriði, sem ég fyrir mitt leyti er alveg til viðræðu um, ef það hefur byr.

En Alþingi var búið einum rómi fyrir 2 árum, að því er ég hygg, að skora á ríkisstj. að endurskoða landsdómslögin. Þeirri áskorun var fylgt í samræmi við þingvilja og í samræmi við gildandi stjórnarskrá, og þess vegna væri það alveg ný stefna, ef menn vildu nú að betur athuguðu máli láta allt sitja við það sama, en þá hreinlega út frá þeirri forsendu, að öll slík löggjöf tilheyri liðnu tímabili og einnig sá bókstafur stjórnarskrárinnar, sem um þessi efni fjallar. Mér finnst, að ræða eigi um málið á þessum grundvelli og gera sér grein fyrir því, hvort þm. í raun og veru eru á þessari meginskoðun eða menn vilja halda fast við það, á meðan stjórnarskrárákvæðin gera ráð fyrir þessari ábyrgð, þá verði þau ákvæði stjórnarskrárinnar eins og önnur að vera framkvæmanleg. Og víst getur það hent og hefur hent, þar sem stjórnmálaofstæki er þó minna en í okkar landi hefur verið, að lög um landsdóm og um ráðherraábyrgð hafa verið talin nauðsynleg og til þeirra hefur verið gripið. Hvort það hefur hins vegar verið nokkuð til bóta einnig í þeim löndum að taka upp þann hátt, er allt annað atriði.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég vil nú eiginlega þakka sérstaklega hæstv. dómsmrh. fyrir þær leiðbeiningar, sem hann gaf mér í sinni ágætu ræðu. Ég efast ekki um, að það er rétt, sem hann segir, að ég hafi ekki alveg farið rétt í málið. En ég bið þá hv. þdm. að virða mér það til vorkunnar og taka viljann fyrir verkið. Ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir ábendingarnar í niðurlagi sinnar ræðu, m. a. ábendinguna um, að það kæmi til mála að salta bæði frv. eða að hv. þd. gæfi sérstaka viljayfirlýsingu af sinni hálfu varðandi þessi frv. Ég vil aðeins beina því til hv. allshn., að hún taki nú þetta mál til athugunar á milli umr., 2. og 3., þannig að það, sem fram hefur komið nú í þessum umr., verði lítillega rætt í n.

Það er alveg rétt, sem báðir ræðumenn hafa sagt, að að vissu leyti og í vissum efnum hafa þessi lög verið þrengd, sérstaklega í tveimur atriðum, sem þeir nefndu. En þau hafa einnig, að mér skilst, verið gerð í öðrum efnum nokkru víðtækari. Eins og ég gat um áðan, er ákvæðið í a-lið 10. gr. nýmæli, sem gerir frv. að vissu leyti víðtækara en gildandi lög.

Fleira held ég, að ég hafi ekki fram að taka að þessu sinni.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 173 felld með 13:2 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir aðalatriðum þessa máls í sambandi við næsta mál á undan og skal ekki ítreka það, sem ég áður sagði. Ég vil einungis taka fram, að það er misskilningur, sem sumir hafa ætlað, að með þessu frv. sé verið að auka hina lögformlegu ábyrgð ráðherra frá því, sem verið hefur. Svo er ekki. Hún er í raun og veru takmarkaðri eftir þessu frv. en eftir núgildandi lögum, þannig að talið hefur verið, að ráðherra bæri ábyrgð á því, sem samráðherrar hans gerðu, ef hann segði þá ekki af sér vegna ágreinings, sem upp hefði komið. En eftir frv. þarf í raun og veru beina aðild að óheimilli ráðstöfun annars ráðherra, til þess að hún verði talin hinum til sakar. Þetta er eðlilegri réttarregla og horfir til bóta.

Að öðru leyti tel ég, að það séu ekki ýkjamiklar nýjungar í þessu frv. Það miðar við núgildandi réttarástand, að ráðherrar séu fleiri en einn, og er lögformlega í miklu betra formi einnig að öðru leyti en þessu heldur en núgildandi löggjöf. Ég tel því tvímælalaust til bóta, að þetta frv. verði samþ.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 232).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. til l. um ráðherraábyrgð, og leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 11. landsk. þm., tekur ekki afstöðu til málsins, og annar nm., hv. 8. landsk., var fjarstaddur vegna lasleika, þegar frv. var afgreitt í nefndinni.

Frv., sem er stjfrv., var flutt í Ed., og var það afgreitt úr þeirri d., án þess að nokkrar breytingar væru þar á því gerðar. Það er annars nátengt frv. um landsdóm, sem áður var hér til umr., og segir þetta frv. til um, undir hvaða kringumstæðum höfðað verði mál á hendur ráðh. fyrir embættisverk hans eða vanrækslu hans á þeim, en frv. um landsdóm ákveður hins vegar um meðferð slíkra mála fyrir dómi.

Gildandi lög um ráðherraábyrgð eru sett árið 1904 og að sjálfsögðu miðuð við þáv. aðstæður, m. a. það, að ráðh. var þá aðeins einn. Stórfelldar efnisbreytingar eru hins vegar ekki gerðar á frv. þessu miðað við gildandi lög, aðeins sniðnir af því vankantar, tekið tillit til breyttra aðstæðna og ákvæði gerð fyllri í frv. en eru í l. frá 1904.

Hér á landi hefur það hingað til aldrei komið fyrir, að ráðh. væri sóttur til ábyrgðar fyrir brot á l. um ráðherraábyrgð. Tel ég, að andi frv. hnígi ekki að því, að á þessu verði mikil breyting, þótt það verði að lögum, þó að vitanlega geti slík mál alltaf risið og nauðsynlegt sé að hafa skýr og ótvíræð lög um ráðherraábyrgð, enda segir stjórnarskráin til um, að slík lög skuli og eigi að vera til.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en eins og ég tók fram í upphafi, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 248).

---

15. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1963.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1963 [145. mál] (stjfrv., A. 259).

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, er svo fyrir mælt í stjórnarskrá landsins, að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert eigi síðar en 15. febr., nema öðruvísi sé ákveðið með lögum. Þá vita einnig allir, að þessu þingi, sem nú stendur yfir, verður ekki lokið fyrir þennan tíma. Þess vegna er þetta frv., sem hér er til umr. á þskj. 259, borið fram, en það mælir svo fyrir, að Alþingi skuli koma saman til fundar eigi síðar en 10. okt., en fyrr, ef forseti Íslands ákveður annað.

Ég vildi mega leyfa mér að mælast til, að sú málsmeðferð verði viðhöfð, sem venja er til um slík frv., sem eru gamlir kunningjar hér, að málinu sé ekki vísað til n., heldur afgreitt nefndarlaust, og verði það samþ., sem ég tel víst að verða muni, þá verði þessum fundi slitið og tveir aðrir fundir boðaðir til þess að afgreiða málið endanlega frá þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, er svo fyrir mælt í stjórnarskrá landsins, að reglulegt Alþ. skuli koma saman árlega fyrir 15. febr., nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Það er einnig kunnugt öllum hv. alþm., að þessu þingi, sem nú stendur yfir, verður ekki lokið fyrir þann tíma. Þess vegna er það frv., sem hér er til umræðu, borið fram, í því skyni, að fullnægt hafi verið þessu ákvæði stjórnarskrárinnar með því að heimila, að Alþ. skuli koma saman eigi síðar en 10. okt. n. k., en fyrr, ef forseti Íslands ákveður annan samkomudag.
Það hefur verið venja, þegar slík frv. hafa verið borin fram, að þau hafa verið afgreidd nefndarlaust á þremur fundum, sem hafa verið hver á eftir öðrum, og vildi ég leyfa mér að mælast til, að sú málsmeðferð yrði einnig höfð hér að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 271).

---

16. Innflutningur á hvalveiðiskipi.

Á 4. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi [86. mál] (stjfrv., A. 106).

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 1. júní s. l. H/f Hvalur hafði þá sótt um innflutning á einu hvalveiðiskipi 13 ára gömlu, en eins og kunnugt er, þá banna íslenzk lög, að skip séu flutt inn, sem eldri eru en 12 ára, og þurfti þess vegna lagaheimild, til þess að skipið mætti koma til landsins. Undanfarin ár hefur nokkrum sinnum verið vikið frá þessu 12 ára marki með sérstakri lagaheimild, aðallega þegar um var að ræða skip sérstakrar tegundar, t. d. eins og hvalveiðiskipin, sem hafa verið leyfð á þennan hátt, að ég ætla tvisvar sinnum áður. Í umsögn skipaskoðunarstjóra um málið í vor segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:
„Umræddur hvalveiðibátur, Gos 12, er samkv. skipaskrá Det norske Veritas byggður árið 1948 í Tönsberg mekaniske værksted í Noregi, í flokki Det norske Veritas a-1, hvalfanger, 481 brúttórúmlest. Flokkunarskoðun á bol hefur farið fram í nóvember 1960."
Síðan segir skipaskoðunarstjóri:
„Samkv. lögum um eftirlit með skipum, 35. gr. l. nr. 50 frá 1959, þá þarf aðalskoðun flokkaðs skips, sem innflutt er til landsins, ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið til landsins. Út frá því sjónarmiði tel ég því rétt að mæla með, að leyfður verði innflutningur á umræddu skipi. Hins vegar má ég ekki samkv. sömu grein mæla með innflutningi skips, sem er eldra en 12 ára. Þar sem hér er um sérstakt skip að ræða, skipagerð, sem almennt er mjög sterkbyggð, og aldurinn aðeins 13 ár, vil ég fyrir mitt leyti leyfa mér að mæla með, að sérlög verði sett um heimild til innflutnings

þessa skips. — Hins vegar er ég því ekki meðmæltur, að þessari takmörkun miðaðri við 12 ára aldur verði breytt í lögum um eftirlit með skipum, en ég tel það rétt að takmarka, svo sem frekast er unnt, kaup skipa eldri en 12 ára til landsins. Hér er um sérstakt skip að ræða, sem er nýrra og fullkomnara en flest hinna eldri hvalveiðiskipa íslenzkra, sem eru sum orðin 30—36 ára gömul, og því um endurnýjun að ræða, sem til hagsbóta á að geta orðið íslenzkum hvalveiðum."

Það er náttúrlega heldur leiðinlegt að þurfa í hvert skipti, sem svona tilfelli kemur fyrir, að fara með málið til Alþingis og setja um það sérstök lög, en það er skoðun skipaskoðunarstjórans, að það sé æskilegt að halda í skipaskoðunarlögunum þessu 12 ára marki sem almennri reglu og ekki hvika frá því nema í einstökum tilfellum að sérstaklega athuguðu máli.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 142).

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Sjútvn. hefur athugað frv. á þskj. 106 um heimild fyrir ráðh. til þess að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. Þess er þó að geta, að einn nm. var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið, eins og fram kemur í nál., en sá nm. hefur síðar tjáð sig samþykkan frv.

Eins og hæstv. sjútvmrh. gat um, þegar hann talaði fyrir þessu frv., er hér um að ræða skip, sem er 13 ára, eða einu ári eldra en lög leyfa að skip séu, sem flutt eru inn. Þarf þess vegna sérstaka undanþágu frá því ákvæði laga, sem nú er í 35. gr. l. nr. 50 frá 1959, um þetta efni. Sams konar undanþága hefur nokkrum sinnum áður verið veitt, en það skip, sem nú er um að ræða að flytja inn, verður yngsta hvalveiðiskipið, því að þau, sem fyrir eru, munu flest vera 30—36 ára, þannig að með innflutningi þessa skips er um verulega uppyngingu á hvalveiðiflotanum að ræða, ef svo mætti segja.

Sjútvn. er sammála því, sem hæstv. sjútvmrh. tók fram í framsöguræðu sinni fyrir frv., að ekki sé rétt að slaka á ákvæðum laga um innflutning á gömlum skipum, frekar en gert er með þessum undanþágum fyrir hvalveiðiskipin. Þau hafa nokkra sérstöðu, bæði vegna þess, að það mun yfirleitt litið um byggingu slíkra skipa í heiminum og erfitt að fá þau byggð, og svo hafa þau hér á landi þá sérstöðu hvað útgerðina snertir, að þau eru einungis gerð út á þeim tíma árs, þegar búast má við, að veðurblíða sé mest og útgerð af þeim sökum áhættuminni en annars. Með tilliti til þessa leyfi ég mér að mæla með því fyrir hönd sjútvn., að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 1. júní s. l. og báru í sér heimild fyrir ríkisstj. til að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi, sem eldra var en 12 ára, en eins og kunnugt er, þá er bannað í íslenzkum lögum að flytja inn skip eldra en 12 ára.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem grípa hefur orðið til þess að fá lagaheimild til þess, að hvalveiðibátur eldri en 12 ára verði fluttur inn, en það stafar af því, að hvalveiðibátarnir, sem nú eru notaðir og hafa verið notaðir, eru flestir mjög gamlir orðnir og þurfa endurnýjunar við, og á hinn bóginn vegna þess, að hægt hefur verið að fá í tiltölulega góðu standi skip, sem hæf voru til þessarar notkunar, en þó með þeim galla, eða hvað maður á annars að kalla það, að skipin hafa verið eldri en það hámark, sem í lögum er sett um innflutning á skipum.

Frá skipaskoðunarstjóra lá fyrir yfirlýsing um það, að þessi bátur, sem hér er um að ræða, hafi verið byggður 1948 og væri í flokki norska Veritas og 481 brúttólest að stærð og flokkunarskoðun á honum hafi farið fram í nóv. 1960. Skipaskoðunarstjóri segist skv. lögum ekki mega mæla með innflutningi á skipinu, og hann hefur þess vegna valið þá leið að leggja til, að lög yrðu sett til þess að heimila innflutninginn, eins og hann hefur gert áður í svipuðum tilfellum.

Það mætti kannske álita, að hægt væri að setja almenna heimild inn í skipaskoðunarlögin um að heimila innflutning eldri skipa en 12 ára, til þess að ekki þyrfti að leita sam-

þykkis Alþingis í hvert sinn. En skipaskoðunarstjóri er eindregið andvígur því, vill halda þessari reglu sem aðalreglu og telur, að ásóknin á innflutning eldri skipa mundi verða það mikil, ef ákvæði laganna eða undanþáguákvæði væri rýmkað, það mundi ekki vera gott fyrir okkar skipastól, og hann leggur þess vegna eindregið til, að það verði ekki nema í fáum tilfellum leyft og þá það unnið til að leita samþykkis Alþingis hverju sinni, þó að umsvifameira sé heldur en ef almenn undanþáguheimild væri til.

Ég hef ekki meira við þetta að bæta. Óbein meðmæli skipaskoðunarstjóra liggja fyrir. Skipið er aðeins einu ári eldra en heimilt er að flytja inn. Ég leyfi mér þess vegna að leggja til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 355).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 1. júní 1962, og er skv. 1. gr. frv. um heimild til handa ráðh. að leyfa h/f Hval að flytja til landsins eitt hvalveiðiskip, þó að það sé eldra en 12 ára, en það er skv. l. hámarksaldur skipa, sem innflutningur er nú leyfður á. Það skip, sem hér um ræðir, er 13 ára gamalt eða einu ári eldra en l. heimila.

Á undanförnum árum hefur það oftar en einu sinni komið til, að frávik væru gerð um innflutning skipa, svo sem hér er lagt til. Hefur það t. d. tvisvar áður átt sér stað varðandi hvalveiðiskipin, auk þess sem hvalveiðiflotinn, sem byrjað var með, þegar veiðarnar hófust fyrir hvalstöðina í Hvalfirði, var byggður upp af skipum, sem öll voru eldri en 12 ára. Elztu skipin eru nú 30—36 ára gömul. Hefur sumum þeirra verið fargað til niðurrifs, en öðrum hefur verið lagt til hliðar sem lítt nothæfum. Enda þótt skip það, sem hér um ræðir, sé orðið 13 ára gamalt, er það tvímælalaust eitt bezta og fullkomnasta skipið, sem nú er í íslenzka hvalveiðiflotanum. Ég vil því, herra forseti, mæla með því f. h. sjútvn., að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 382).

---

17. Ríkisborgararéttur.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [108. mál] (stjfrv., A. 147).

Á 26. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 6. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefur verið á Alþingi undanfarin ár, og er ekki sérstök ástæða til að gera frekari grein fyrir þeim. Einungis er rétt að benda á, að lagt er til, að nokkrir flóttamenn frá Ungverjalandi fái ríkisborgararétt skv. frv., þó að þeir séu ekki enn búnir að dvelja hér full 10 ár. En þetta munu allt vera menn, sem sýnt er að hafa hug á að ílendast hér, og eru fregnir af, að á sínum tíma hafi þeim verið gefið fyrirheit um, að þeir mundu fá ríkisborgararétt fyrr en almennar reglur standa til, ef sýnt væri, að þeir hygðust dveljast hér til frambúðar.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 273, 274).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur haft til meðferðar frv. þetta til laga um veitingu ríkisborgararéttar, sem er stjórnarfrv. Um það hefur verið fjallað á sama hátt og sams konar frv. undanfarandi ár, þannig að tveir allshn.-menn úr hvorri þd. hafa ásamt skrifstofustjóra þingsins rannsakað allar umsóknir um ríkisborgararétt ásamt fskj., sem þeim hafa fylgt. Fullskipuð allshn. hefur síðan athugað frv., og er niðurstaða n. sú, að hún mælir með því, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem greindar eru á þskj. 274. Í þeim breytingum felst það, að inn í frv. verður bætt þeim mönnum, sem þar eru greindir og eru 16 talsins.

Sömu reglur og hafðar hafa verið til hliðsjónar undanfarin ár hefur allshn. nú einnig haft til hliðsjónar við athugun á þessu frv., að öðru leyti en því, að n. hefur fallizt á till. dómsmrn. um það, að ungverskir flóttamenn,

sem hingað komu til Íslands árið 1956, skuli nú fá ríkisborgararétt. Þeir hafa ekki enn verið hér í 10 ár að vísu, en þar sem segja má, að íslenzk stjórnarvöld beri ábyrgð á dvöl þeirra hér á landi og þeir eru hingað komnir fyrir opinbera tilhlutun, þá þykir eftir atvikum rétt, að þeir fái nú ríkisborgararétt, enda þykir sýnt, að þeir munu ílendast hér á landi.

ATKVGR.
Brtt. 274 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 288, 292).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 292 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., 25. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 309).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 359 og 366, 367).

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um veitingu ríkisborgararéttar, er komið frá hv. Ed. og hlaut í þeirri d. ágreiningslausa meðferð til loka. Strax er málið kom til kasta þingsins, var kjörin fjögurra manna samstarfsnefnd úr allshn. beggja þd. Hún fékk sér til aðstoðar skrifstofustjóra Alþingis við athugun þeirra umsókna um ríkisborgararétt, sem þá lágu fyrir og síðan hafa borizt. Var eftir því sem auðið var hugað að öllum nauðsynlegum skilríkjum, sem jafnaðarlegast fylgja slíkum umsóknum, og reynt að öðru leyti að afla þeirra upplýsinga, sem byggja ber á í þessum efnum.

Allshn. þessarar hv. d. fékk til meðferðar nokkrar nýjar umsóknir, sem einnig voru teknar til rækilegrar athugunar, og varð samkomulag um að taka flestar þeirra til greina. Hefur n. því leyft sér að flytja þar um brtt. í samræmi við það samkomulag, og eru þær prentaðar á sérstöku þskj., nr. 367. Hins vegar kom til ágreinings í allshn. um þá 18 ungversku flóttamenn, sem frv., eins og það kom frá Ed., gerir ráð fyrir að öðlist nú ríkisborgararétt. Samkv. þeim reglum, sem Alþingi hefur áður sett sér til hliðsjónar við veitingu ríkisborgararéttar, ættu þessir flóttamenn ungversku að hafa dvalizt hér í landi í 10 ár, en þeir hafa ekki átt hér bólfestu lengur en 6—7 ár. Er því að þessu leyti — og þessu leyti einu — um nokkurt frávik að ræða, sem kunnugt var þó um frá upphafi máls hér á hv. Alþingi. Meiri hl. allshn. var og er þeirrar skoðunar, að fallast beri á að veita þessa undanþágu frá hinum almennu reglum vegna sérstöðu flóttafólksins og hinnar sérstöku tilkomu þess hingað til landsins.

Minni hl. allshn., hv. 11. landsk., gerir grein fyrir máli sínu og ágreiningi í sérstöku nál. Telur hann engin rök liggja til þessarar undanþágu, sem ég minntist á, og hann gefur jafnvel í skyn í nál. sínu, að þetta ungverska flóttafólk, sem hér um ræðir og sækir um ríkisborgararétt, hafi jafnvel fremur illa komið sér í landinu og hafi margt hvert átt örðugt um að samlaga sig háttum íslenzku þjóðarinnar. Og auk þess telur hann hegningarvottorð einstakra umsækjenda ekki í sem beztu lagi. Þessar aths. minni hl. má sjá á nál. hans á þskj. 359. Skal ég lítils háttar víkja að þessu ágreiningsefni.

Svo sem alkunna er, kom þetta flóttafólk, sem nú sækir um ríkisborgararétt, hingað til landsins árið 1956 frá Ungverjalandi. Þar ríkti þá óöld og upplausn, og þá flýðu margir Ungverjar land sitt. Þegar á daginn kom, að nokkur hópur Ungverja vildi leita hér landvistar, höfðu íslenzk stjórnarvöld síður en svo á móti því, og fór svo, að þeim var veitt landvistarleyfi. Það má jafnvel orða það svo að minni hyggju, að Ungverjarnir séu jafnvel komnir hingað að öðrum þræði fyrir opinbera tilstuðlan. Auk þess er okkur tjáð, að Ungverjunum hafi verið gefið nokkurt fyrirheit um, að þeir fengju ríkisborgararétt, jafnvel fyrr en ella, ef þeim líkaði vistin hér og okkur líkaði sæmilega við þá og þeir hygðu á dvöl til langframa hér í landinu. Nú er það alkunna, að um svokallaða flóttamenn gilda nokkuð sérstæðar reglur og hljóta að gilda, og þess vegna er það svo, að fjölmargar þjóðir hafa komið sér saman um það að hafa uppi afbrigðilega meðferð í sambandi við stöðu flóttamanna í því landi, sem þeir hafa leitað landvistar í. Ég held, að ég fari rétt með, að Ísland sé einmitt aðili að flóttamannasamþykkt, sem fjallar um stöðu flóttamanna í því landi, þar sem þeir dveljast. Og mig minnir, að í þeirri samþykkt, sem mun hafa verið birt, að ég held árið 1955, í Stjórnartíðindum, sé vikið að því í einni grein samþykktarinnar, að gert sé ráð fyrir því, að greitt sé fyrr en ella fyrir flóttamönnum um veitingu þeim til handa á ríkisborgararétti, og þar með slegið föstu um það, að þeim sé sköpuð nokkur sérstaða. Og víst er það, að hin óræða réttarstaða flóttamanna, sem hvergi eiga sér ríkisfang, veldur því, að til þessara sérreglna kemur og þeim

verður oft og tíðum að beita. Stærri þjóðir þekkja vel til þessa mikla vandamáls, flóttamannavandamáls, sem eftir stjórnbyltingar og styrjaldir kemur upp. Hefur af mannúðarástæðum verið unnið stórvirki í þessum efnum og stórfé af mörkum lagt, stofnanir reistar til þess að létta byrðar af hinu umkomulausa flóttamannafólki, sem flykkzt hefur í lönd víðs vegar og leitað hælis og griða í alókunnugu landi með ókunnugri þjóð. Og víst er það, að slíkt fólk á í raun og veru allt sitt undir því, hvernig þjóðin, sem það leitar til, og yfirvöld þar bregðast við.

Það flóttafólk, sem hér ræðir um og óskað hefur íslenzks ríkisborgararéttar, hefur dvalizt hér, eins og ég hef áður sagt, 6 ár, á sjöunda ár, og hefur lagt fram skilríki um, að það hafi komið sér vel, margt mjög vel, og flest af því hefur sakavottorð, sem við köllum hreint, þ. e. a. s. í fullkomnu lagi. Og um allt þetta fólk skilst okkur í meiri hl. allshn. að gildi það, að engar ávirðingar hafi það gert sig sekt um, sem nærri því kemur, að standa ætti gegn veitingu ríkisborgararéttar út af fyrir sig. Og það hefur ekkert það fram komið í skjölum þessa máls, sem bent geti til þess, að það hafi í framkomu og starfi sínu yfirleitt hér í landi hagað sér öðruvísi en óaðfinnanlega. Um flest af því má miklu fremur segja, að það hafi reynzt hið nýtasta í starfi sínu og komið sér, eins og ég sagði áður, sæmilega og margt mjög vel. Þegar allt þetta er virt, sýnist, að því er varðar þessa 18 ungversku flóttamenn, engin frambærileg ástæða vera til þess að synja þeim ríkisborgararéttar, og ég vildi segja, að það hæfði engan veginn, eins og á stendur og þegar málið er skoðað til fulls. Þessir Ungverjar hafa sýnt það, að þeir hafa fest hér rætur, og þeir sýna enn fremur eindreginn vilja til þess að dveljast hér framvegis. Þeim er það að sjálfsögðu þess vegna hið mesta tilfinningamál að eiga með okkur í þessu landi þegnrétt. Og okkur Íslendingum ætti að vera það nokkurt metnaðarmál að sýna þessu umkomulitla fólki, sem hefur gist okkur og við höfum kvatt jafnvel til að dveljast hér á meðal okkar og það unnið okkur lengi, — það ætti að vera okkur metnaðarmál að sýna þessu fólki nokkra tillitssemi og ég segi mannúð, svo sem góðum drengjum sæmir, eins og við viljum allir vera.

Af því, sem ég hef stuttlega rakið, hefur meiri hl. allshn. talið sér bæði rétt og skylt að fylgja fram beiðni hinna 18 ungversku flóttamanna um íslenzkan ríkisborgararétt, og það er enda í fullu samræmi við óskir dómsmrn., sem að sjálfsögðu hefur kynnt sér mjög málefni þessa fólks, skjöl þess og skilríki öll. Og við viljum í meiri hl. með þessari afstöðu okkar undirstrika m. a. og sérstaklega þá ábyrgð, sem við teljum að íslenzk stjórnvöld beri gagnvart tilkomu þessa fólks hingað og tilvist þess hér í þessu landi, auk þess, sem ég hef áður greint frá, að við sjáum ekki af framlögðum skjölum og skilríkjum, að það sé neitt það í fari þessara 18 umsækjenda, sem ætti að standa í vegi fyrir því, að þeir fengju, eins og á stendur, ríkisborgararétt. Ég vil vænta þess, að hv. d. sjái hið sama og við í meiri hl., þegar virt er nánar málið og gengið fram hjá hleypidómum og fullyrðingum, eins og fram kemur að minni hyggju í áliti minni hl., — fullyrðingum, sem við nánari athugun fá ekki staðizt.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft ríkisborgararéttarmálið til umr. á nokkrum fundum. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. eins og það var áður afgreitt frá Ed., með þeirri breytingu þó, að bætt verði við 8 nýjum umsækjendum, sem fá skuli ríkisborgararétt til viðbótar þeim, sem Ed. hafði samþykkt. Alls eru það, eftir því sem mér telst til, 68 manns, sem meiri hl. mælir með að öðlast skuli ríkisborgararétt á þessu þingi. Á undanförnum þingum hafa allshn. beggja deilda unnið saman að rannsókn umsóknanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis. Þá hafa og n. haft ákveðnar reglur til að fara eftir. Minnist ég þess ekki þau ár, sem ég hef átt sæti í allshn., að út frá þessum reglum hafi verið brugðið nema í eitt skipti, en þá stóð þannig á, að nefndir beggja deilda töldu það rétt út frá hreinu mannúðarsjónarmiði að stytta tiltekinn dvalartíma hérlendis, svo að viðkomandi gæti þá öðlazt ríkisborgararétt. En nú bregður svo undarlega við, að eftir till. dómsmrn. er lagt til, að 18 ungverskum flóttamönnum skuli veittur ríkisborgararéttur, þó að vitað sé, að þetta fólk hefur ekki dvalizt hérlendis nema 6 ár. Samkv. þeim reglum, sem farið hefur verið eftir og allshn. Ed. hefur birt á sérstöku þskj., nr. 273, og eru mjög lítið breyttar frá þeim reglum, sem samþykktar voru 17. maí 1955, segir svo í tölulið 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.“

Í síðustu mgr. í sama nál. segir:

„Umsækjendur, sem greindir eru í tölul. 4—5, 8—9, 12 og 16 í brtt. n., eru ungverskir flóttamenn, sem leyfð var landvist hér í árslok 1956, og er það í samræmi við till. dómsmrn. að veita þeim ríkisborgararétt, er sýnt þykir, að þeir muni ílendast hér á landi.“

Hér er sem sagt lagt til, að þessir 18 ungversku flóttamenn skuli nú gerðir að íslenzkum ríkisborgurum, þó að fyrir liggi, að þetta ágæta fólk hefur ekki verið búsett hér á landi nema 6 s. l. ár. Meiri hl. allshn. er samþykkur þessari ákvörðun Ed. Ég aftur á móti er á annarri skoðun. Ég tel slíka afgreiðslu á jafnþýðingarmiklu máli og veiting ríkisborgararéttar er mjög hæpna ráðstöfun, svo að ekki sé meira sagt. Að veita erlendum manni ríkisborgararétt, er í raun og veru stórmál, sem verður að rannsaka ofan í kjölinn, eftir því sem hægt er, og afla allra þeirra upplýsinga um umsækjanda, sem hægt er. Þegar erlendum manni er veittur af Alþingi ríkisborgararéttur, öðlast viðkomandi aðili dýrmæt rétt-

indi. Jafnframt tekur hann vitanlega á sig allar þær skyldur, sem þjóðfélag okkar leggur á herðar samborgurum sínum. Með því að veita erlendum manni ríkisborgararétt er verið að gera hann að íslenzkum þegn. Lágmarkskrafa til þess fólks, sem æskir þess að öðlast þennan rétt, ætti að vera sú, að það væri sæmilega talandi og lesandi á íslenzkt mál. Á slíku er mikil vöntun, enda hefur slíkt ekki verið gert að skilyrði, þótt merkilegt megi teljast. Mér er ekki kunnugt um það, hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum. Þó er mér nær að halda, að víða erlendis muni vera strangari reglur um veitingu ríkisborgararéttar en hér. Íslenzka þjóðin er ein fámennasta þjóð í heimi. Í þúsund ár hefur þjóð vorri tekizt að varðveita mörg séreinkenni sín og hefur tekizt að varðveita dýrmætasta arf sinn, tungu sína, lítið breytta allan þennan tíma.

Af því, sem hér hefur verið sagt, verðum við að gæta fyllstu varasemi og glöggskyggni í hvert skipti, sem við veitum erlendum manni eða mönnum ríkisborgararétt. Um þetta hafa menn verið almennt alveg sammála, og einmitt þess vegna var 10 ára búseta gerð að skilyrði fyrir því, að erlendir menn, aðrir en Norðurlandabúar, gætu fengið ríkisborgararétt fyrr en eftir 10 ára dvalartíma hér. Ég fæ engan veginn séð, hvað það er, sem hinir ágætu ungversku umsækjendur kunna að hafa fram yfir aðra útlendinga, sem eins stendur á fyrir, vantar máske ekki nema 1—2 ár til þess að uppfylla skilyrðin. En við erum bara öll sammála um að veita ekki slíkum mönnum ríkisborgararétt, fyrr en þeir hafa dvalizt í landinu tiltekinn tíma. Á nákvæmlega sama hátt vil ég láta fara að gagnvart hinum ungversku umsækjendum. Þau 4 ár, sem þá vantar upp á, til þess að þeir uppfylli 10 ára búsetuskilyrðið, er þeim að sjálfsögðu velkomið að dveljast áfram í okkar landi. Þeir hafa allir atvinnuleyfi hér, og því leyfi eiga þeir að fá að halda áfram. Þetta ungverska fólk er að sjálfsögðu hvorki betra né verra en gengur og gerist um fólk almennt. Af eðlilegum ástæðum liggja engar upplýsingar fyrir frá föðurlandi þess um hegðun þess og framkomu, áður en það kom hingað til lands sem flóttafólk. Hegningarvottorð þess eru vitanlega jafnt gefin út af íslenzkum yfirvöldum, eins og vera ber, flestra á árinu 1962. Við þessi vottorð er mjög lítið að athuga. Einn þeirra, Lajos Klimits bifreiðastjóri, hefur hlotið áminningu fyrir brot á umferðarreglum, síðan sektaður um 2000 kr., sviptur ökuréttindum í 6 mánuði og til vara dæmdur í 7 daga varðhald vegna brota á umferðar- og áfengislögum. Skrifstofustjóri Alþingis hefur tjáð mér, að slík brot hafi ekki að undanförnu verið látin hafa nein áhrif á það, hvort viðkomandi yrði veittur ríkisborgararéttur eða ekki.

Því verður ekki á móti mælt, að sumt af þessu ungverska fólki, sem hér var veitt landvistarleyfi árið 1956, virðist hafa átt allerfitt með að samlaga sig íslenzkum staðháttum. Slíkt er alls ekki að undra, þar sem það kemur frá landi með gerólíka staðhætti og hér eru, enda virðist margt benda til þess, að nokkuð stór hluti af þeim, sem hér sóttu um búsetu sem pólitískir flóttamenn, sé þegar farinn burt héðan af landi. Ég mun ekki á neinn hátt kasta steini að því ungverska flóttafólki, sem hér dvelst og nú hefur sótt um íslenzkan ríkisborgararétt. Til þess hef ég enga ástæðu. Persónulega þekki ég ekkert af þessu fólki, veit þar af leiðandi lítið um störf þess og framkomu að undanförnu. Hinu held ég óhikað fram, að það sé engin frambærileg ástæða fyrir því að veita þessum umsækjendum fram yfir alla aðra, sem líkt stendur á um, sérstaka undanþágu frá þeim reglum, sem hafa gilt og gilda enn um rétt útlendra manna til þess að öðlast hér ríkisborgararétt.

Ég vil svo að lokum vegna sérstaks tilefnis taka það fram, að afstaða mín til þessa máls byggist á engan hátt á neinni sérstakri óvild í garð þessa fólks, síður en svo. Ég hef á vissan hátt samúð með því, m. a. af því, að það af ástæðum, sem flestum mun kunnugt, taldi sig ekki geta dvalizt áfram í sínu heimalandi. Slíkt hlýtur alltaf að valda margs konar erfiðleikum fyrir þá, sem slíkt skref telja sig þurfa að stíga. Hefði þetta ungverska fólk, sem nú sækir um íslenzkan ríkisborgararétt, verið búið að dveljast hér á landi í tiltekinn tíma, þ. e. 10 ár, hefði ég að sjálfsögðu verið því samþykkur, að það fengi þennan rétt. En þar sem svo er ekki, tel ég mér ekki fært að mæla með, að því verði veittur ríkisborgararéttur, eins og þessum málum enn er komið.

Hv. frsm. meiri hl. lét þess getið, að þegar þetta fólk hefði flutt hingað inn, hefði því verið gefið eitthvert fyrirheit um, að það skyldi fá ríkisborgararétt fyrr en ella. Mér er spurn: Hver hafði leyfi til þess að gefa slíkt loforð? Ég veit það ekki. Það væri mjög upplýsandi að fá að vita um slíkt, ef hv. frsm. veit um það, hver það hefur verið, sem hefur gefið slíkt loforð.

Þá gat hv. frsm. enn fremur um það, að framkoma og skilríki þessa fólks væru í lagi og það hefði komið sér mjög vel. Ég dreg það ekkert í efa, að þetta muni vera rétt, svo langt sem það nær. En þó er ég ekki alveg viss um það, að allir séu á sama máli um það, a. m. k. ekki um sumt af því fólki, sem þegar hefur yfirgefið okkar land.

Í sambandi við það, sem ég hef sagt hér að framan, hef ég lagt til í nál. á þskj. 359, að frv. um veitingu ríkisborgararéttar verði samþ. með þeirri breytingu, að hinir 18 Ungverjar, sem sótt hafa um ríkisborgararétt og upp eru taldir í nál., verði felldir úr frv., þar sem þeir uppfylla ekki 2. lið nál. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 273 frá allshn. Nd. Ég mun svo ekki, nema sérstakt tækifæri gefist til þess, hefja frekari umr. um þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það kom hér fyrir, — það er víst meira en áratugur síðan, — að lagt var fyrir í þessari hv. d. frv. til l. um

veitingu ríkisborgararéttar, og átti einn ráðh. í þáv. ríkisstj. höfuðþátt í því. Meiningin með því frv. var að veita einum þýzkum manni, sem hér var og hafði dvalizt hér stutt — mjög stutt, íslenzkan ríkisborgararétt. Því var lýst fyrir okkur sem ákaflega þýðingarmiklu atriði, að þessi maður fengi íslenzkan ríkisborgararétt, og það mætti ekki bíða, hann sæti inni með alls konar leyndarmál um, hvernig ætti að vinna m. a. eggjahvituna úr fiskinum og annað slíkt, og mundi ráðast hér í stórfyrirtæki, ef hann væri gerður að íslenzkum ríkisborgara. Þm. tóku trúanlegt það, sem þeim var tjáð af hæstv. ráðh., og lög um veitingu ríkisborgararéttar voru sett í gegnum þingið á skömmum tíma og án þess að maðurinn hefði dvalizt hér nema skamma stund. Og eftir að maðurinn var búinn að fá íslenzkan ríkisborgararétt, var það hans fyrsta verk að fara af landi burt, líklega suður til Argentínu, og gangast þar að líkindum fyrir þeim fyrirtækjum, sem látið var í veðri vaka að hann mundi gangast fyrir að reisa á Íslandi, ef hann fengi ríkisborgararétt, sem hann hafði þá hvergi. Það er þess vegna ekkert að undra, þó að við þm. ýmsir viljum vera nokkuð íhaldssamir um veitingu ríkisborgararéttar og ekki taka allt, sem kemur frá hæstv. ríkisstj., sem góða vöru í þessu sambandi. Ég vil taka hér undir það, sem minni hl. allshn. hefur haldið fram, að það eigi að halda fast við þá reglu, sem verið hefur, að útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skuli hafa verið 10 ár í þessu landi, áður en þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

Mér þótti það nokkuð blandast saman, sem hv. frsm. meiri hl. var að ræða hér áðan. Viðvíkjandi afstöðunni til flóttamanna tíðkast það í mörgum löndum og er yfirleitt allgóður siður, sérstaklega þegar um pólitíska flóttamenn er að ræða, að þeim sé veitt landvist. Og það er það, sem almennir flóttamenn ekki síður en pólitískir flóttamenn leggja upp úr að fá, það er landvist í viðkomandi landi. Og hana hafa þessir menn fengið, og hana hafa þeir. Það mundi vart þýða, t. d. í landi eins og Englandi, sem um aldabil hefur skorið sig úr mörgum löndum Evrópu í því einmitt að veita pólitískum flóttamönnum landvist, svo að segja að rugla saman því hugtaki, sem sjálf gestrisnin er í þessu sambandi, landvistin, og hinu að fara að veita t. d. brezkan ríkisborgararétt. Það er tvennt ólíkt, og við eigum ekki að venja okkur á að rugla þessum hlutum saman. Við eigum að halda fast við aðskilnaðinn í þessu efni, og það sýnir okkur m. a. reynslan af þeim manni, sem áður hafði átt þýzkan ríkisborgararétt og ég gat hér um áður.

Þeir Ungverjar, sem hér um ræðir, hafa fengið hér landvist, og það er það fyrst og fremst, sem þeir þurftu. Þegar um íslenzkan ríkisborgararétt er að ræða, þá er það allt annað. Það er enginn, sem amast við því, að þessir menn hafi hér landvist, og þegar þeir væru búnir að vera hér sín 10 ár og semja sig nokkuð að íslenzkri umgengni og íslenzkum þjóðháttum, þá væri það máske ekki nema eðlilegt, að þeir fengju íslenzkan ríkisborgararétt, ef þeir hefðu reynzt hér vel. Hins vegar er það vitanlegt, að það ganga kvartanirnar og hafa jafnvel komið í borgarablöðunum hér út af ýmsum þessara Ungverja, út af því, hve létt þeim sé að grípa til hnífsins í sambandi við slagsmál og annað slíkt í verstöðvunum hér suður frá. Við verðum að gá að því, að þeim útlendingum, sem hingað koma, veitir ekki af, sérstaklega þegar þeir eru frá öðrum löndum en Norðurlöndum, að hafa alllangan tíma til þess að laga sig að þeirri sérstöku menningu og þeim sérstöku þjóðháttum, sem við höfum skapað. Og það er engin ástæða til þess að fara að veita þeim íslenzkan ríkisborgararétt, fyrr en þeir hafa dvalizt hér þessi 10 ár, sem ætlazt er til að menn geri það. Það er vitanlegt, að það eru fleiri flóttamenn hérna, sem hafa komið hingað máske fyrir tilstilli íslenzkrar ríkisstj. Ég veit ekki betur en að t. d. ýmsir Júgóslavar hafi verið sóttir suður á Ítalíu, í flóttabúðir þangað, í sambandi við flóttamannaárið og fluttir hingað og hafi hér landvist. Það ganga misjafnar sögur um þá, sumar mjög skemmtilegar, sumar ekki eins skemmtilegar. En það liggur ekki fyrir, að það eigi að fara að veita þeim ríkisborgararétt svona og svona snemma. Þeir hafa hér landvist og jafnvel halda henni áfram, en reyna um leið að læra ýmislegt gott af okkar þjóð, sem til allrar hamingju er fær um að kenna útlendingum enn þá. Og þess vegna sé ég ekki nokkra minnstu ástæðu til þess að breyta þarna um.

Hv. frsm. meiri hl. allshn. kom inn á það, að það væri jafnvel metnaðarmál að veita Ungverjunum þennan ríkisborgararétt. Bágt á ég nú með að skilja það. Ef það væri þarna um að ræða menn, sem hefðu verið t. d. pólitískir flóttamenn, menn, sem virkilega hefðu verið að berjast fyrir einhverjum hugsjónum og öðru slíku, þá hefði ég vel getað skilið þetta. Nú hefur maður ekki þá hugmynd um neinn af þessum mönnum, sem þarna er um að ræða. Þeir virðast vera venjulegir flóttamenn, sem flosna upp, þegar mikið gengur á hjá einni þjóð, en ekki menn, sem beinlínis hafa staðið í baráttu fyrir einhverjum hugsjónum. Það gæti oft verið tilefni máske til þess að athuga sérstaklega um slíkt, og hefur það þó ekki átt upp á pallborðið hjá íslenzkum yfirvöldum fram til þessa. Eins og okkur var talin trú um hér einu sinni, að það væri eitthvert geysilegt hagsmunamál að veita vissum fyrrv. þýzkum manni hér ríkisborgararétt, þá er ég jafnvantrúaður á, að það sé nokkurt metnaðarmál að veita þessum Ungverjum hér ríkisborgararétt. Og ég vil spyrja: Að hvaða leyti eiga þeir að hafa sérréttindi fram yfir aðra útlendinga, sem hér eru? Það eru útlendingar hérna meira að segja, sem eru búnir að vera hér miklu lengur en 10 ár, og gefst stundum fullerfitt að tryggja

þeim ríkisborgararétt. Það þurfti jafnvel að standa í baráttu fyrir því ár eftir ár um menn, sem voru búnir að vera hér upp undir 15—20 ár, giftir íslenzkum konum og áttu íslenzk börn og voru búnir að vinna hér sem Íslendingar í meira en áratug, að þeir fengju ríkisborgararétt. Það virðist vera farið eftir nokkuð mismunandi reglum í slíku, og ég held, að það sé ekki rétt, að við séum að gera það. Ég held, að við eigum að veita almennt ríkisborgararéttinn, þegar menn eru búnir að vera 10 ár, án tillits til þess, hvaða pólitískar skoðanir viðkomandi hafa, en við eigum líka að bíða, þangað til menn eru búnir að vera 10 ár, þegar um aðra er að ræða en Norðurlandabúa.

Ég verð að segja það, að yfirleitt höfum við ekki verið sérstaklega gætnir í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar og mættum gjarnan vera gætnari en við erum. Við eigum að meta íslenzkan ríkisborgararétt allhátt og ekki kasta honum þannig út, að hann sé falur hverjum sem er. Það var minnzt á það hér áðan af hv. frsm. minni hl. í allshn., að það hefði einu sinni verið ætlað, að menn hefðu átt að kunna íslenzku til þess að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, og það var það einu sinni. En það hefur verið horfið frá því, og virðist það þó satt að segja vera eitt af því, sem menn gjarnan ættu að hafa lært. En ég býst við, að 10 ára búsetan hafi átt að koma í staðinn og þó hafi það máske komið fyrir, að menn hafi verið hér í 10 ár og samt ekki verið búnir að læra málið.

Ég held, að við megum halda dálítið fastar á okkar meðvitund um, hver eigi að tilheyra okkar þjóð. Það rísa það hátt öldurnar núna, sem vilja skola okkar þjóðerni burt, að það er full ástæða til þess að standa þar á móti. Þegar farið er að tala um, að raunverulega sé forngripasafnið orðið aðalverndarinn fyrir íslenzkt þjóðerni, og farið að ganga út frá því sem sjálfsögðu, að við innlimumst sem hreppur í einhver stór og voldug ríki, þá er greinilegt, að það er meiri þörf á aðgætni og íhaldssemi í þessum efnum, hvað snertir íslenzkan ríkisborgararétt, heldur en nokkru sinni fyrr. Það þótti nauðsyn á því hjá okkar forfeðrum, þeirri kynslóð, sem var hér næst á undan okkur, að gæta alls hófs í slíkum efnum þann tíma, sem við höfðum sameiginlegan borgararétt á vissan máta með Dönum, að setja þar viss skilyrði í sambandi við búsetuna og kosningarréttinn. Menn vildu vera aðgætnir um, að það væri ekki allt of auðvelt að fá kosningarétt á Íslandi, jafnvel þó að menn gætu fengið borgararéttindi. Og ég er hræddur um, að eftir að annað eins er komið á dagskrá þjóðarinnar, þó að reynt sé að taka það af dagskrá fyrir kosningar, eins og innlimun Íslands í Efnahagsbandalagið, þá sé full þörf á að halda fast á þeim reglum, sem verið hafa um, að það þurfi 10 ár minnst til þess, að menn geti fengið ríkisborgararétt, a. m. k. þegar um aðra en Norðurlandabúa er að ræða. Ég vil þess vegna eindregið taka undir þær brtt., sem hv. minni hl. allshn. flytur um, að nöfn þeirra manna, sem hafa ekki verið hér í 10 ár og eru ekki Norðurlandabúar, séu felld út af frv. ríkisstj. og meiri hl. allshn.

ATKVGR.
Brtt. 359 felld með 21:5 atkv.
— 367 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391, 417).

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Frá því að þetta frv. var síðast til umr. hér í þessari hv. d., hafa borizt umsóknir 4 erlendra kvenna, sem giftar eru íslenzkum ríkisborgurum, um, að þeim — þ. e. a. s. konunum — yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Allshn. hefur athugað umsóknir þessara kvenna og sannfærzt um, að þær fullnægja þeim skilyrðum, sem sett hafa verið fyrir því, að erlendar konur giftar íslenzkum borgurum geti fengið íslenzkan ríkisborgararétt, og þess vegna hefur nefndin flutt brtt. á þskj. 417, þar sem lagt er til, að nöfn þessara kvenna verði tekin inn í frv., eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 417 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 419).

Á 59. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 438).

---

18. Iðnlánasjóður.

Á 30. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um iðnlánasjóð [141. mál] (stjfrv., A. 251).

Á 40. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Iðnlánasjóður var stofnaður með l. nr. 12 10. jan. 1935 og hefur nú starfað um 28 ár. Lengst af hefur sjóðurinn haft lítið fé til ráðstöfunar, vegna þess að á fyrstu árum hafði

hann ekki yfir öðru fé að ráða en því, sem greitt var til hans árlega, að vísu endurgjaldslaust, úr ríkissjóði, sem var þá 25 þús. kr., og svo vextir af þeim lánum, sem fyrir þetta fé voru veitt. Síðar var ríkissjóðstillagið hækkað í 65 þús. kr. á ári með l. 27. júní 1941, og enn síðar, eða 7. maí 1946, var ríkisframlagið hækkað í 300 þús. kr. á ári. Enn síðar hefur framlagið verið hækkað með ákvörðun í fjárl. og hefur nú hin síðustu ár verið 2 millj. á ári. Það hækkaði fyrst verulega á árinu 1957 og þá upp í 1 millj. 450 þús. kr. árlega.

Þarna hefur nokkurt fé safnazt fyrir, en vöxtur sjóðsins þó gengið mjög hægt. Það hefur að vísu verið ráðgert, að sjóðurinn fengi einnig lán, sem hann gæti endurlánað, en ég hygg, að lítið eða ekkert hafi orðið úr því og sjóðurinn hafi annaðhvort aldrei fengið lánið eða ekki verulegt lán fyrr en á árinu 1961, þegar honum voru veittar 15 millj. kr. af svokölluðu PL-480 lánsfé, sem að vísu var möguleiki til þess að gæti orðið ég hygg 6½ millj. hærra eða 21.5 millj. En enn mun sjóðurinn ekki af því fé hafa fengið nema um 15 millj. Það er að vísu ráðgert og má telja öruggt, að sjóðurinn geti fengið áframhaldandi fé til ráðstöfunar að láni úr þessum sama PL-480 sjóði, bæði nú snemma á þessu ári og eins á næsta ári, eitthvað milli 10 og 15 millj. hvort árið a. m. k.

Það hefur því á seinni árum verulega vaxið ráðstöfunarfé sjóðsins, en þó hvergi nærri hrokkið til fyrir þörfum. Það má raunar segja, að verkefni sjóðsins hafi verið nokkuð takmarkað. Það var upphaflega ætlazt til þess með l., að það væri tvíþætt, annars vegar til þess að lána til véla og meiri háttar verkfæra og hins vegar til rekstrar. Framkvæmdin mun hafa orðið sú, að rekstrarfé muni ekki hafa verið veitt úr þessum sjóði, heldur hafi lánin, a. m. k. að langsamlega mestu leyti, farið til vélakaupa og meiri háttar áhalda, eins og ætlazt hafði verið til. Ráðstöfunarfé hefur aldrei verið svo mikið, að það hafi þótt fært að gera sjóðinn að rekstrarlánastofnun fyrir iðnaðinn.

Á þessum árum, sem sjóðurinn hefur starfað, þessum 30 árum, hefur verkefni iðnaðar í þessu landi stóraukizt. Iðnaður er nú orðinn miklu margþættari og við hann starfa margfalt fleiri menn en gerðu á árinu 1935. Það hefur því orðið vaxandi þörf fyrir stofnlán til handa iðnaðinum umfram það, sem iðnlánasjóðurinn gat veitt, sem sé einungis til véla og verkfæra. Það hefur hins vegar enginn sjóður verið til, sem hefði það að hlutverki sérstaklega að lána til iðnaðarnýbygginga, hvað þá til fasteignakaupa til handa iðnaðinum. Fé, sem iðnlánasjóður hefur haft yfir að ráða, hefur ekki hrokkið til þessa, enda lagaákvæðin, sem um sjóðinn hafa gilt, þess eðlis, að ekki hefur verið heimilt að lána úr sjóðnum í þessu skyni. Að vísu hefur nokkuð verið bætt úr þessu á seinni árum eftir tilkomu Framkvæmdabankans, sem hefur annazt um lánveitingar til einstakra iðnaðarfyrirtækja, auk þess sem fiskiðnaðurinn hefur leitað til annarra stofnana og ekki verið talið, að iðnlánasjóður ætti að annast hans þarfir, hvorki fiskiðnaðar né þá heldur þess iðnaðar, sem einkanlega hefur starfað fyrir landbúnaðinn. Þegar ég tala um fiskiðnað, á ég fyrst og fremst við hraðfrystiiðnaðinn, vegna þess að í einstökum tilfellum mun eitthvað hafa verið greitt fyrir niðursuðuiðnaði á fiski eða a. m. k. ráðgert, að slíkt væri hægt að gera.

En þó að bæði fiskiðnaður og landbúnaðariðnaður, ef svo má segja, hafi ekki verið tengdir þessum sjóði á þann veg, að hann ætti að sjá fyrir þeirra þörfum, hefur fé, sem hann hefur haft yfir að ráða, hvergi nærri hrokkið til jafnvel brýnustu þarfa vegna hins mikla vaxtar iðnaðarins á þessu tímabili. Menn hafa því lengi velt því fyrir sér, á hvern hátt hægt væri að bæta úr stofnlánaþörf iðnaðarins og einkanlega komið inn á iðnlánasjóð, en fram að þessu hefur ekki náðst samkomulag við þá aðila, sem hér eiga mest í húfi, um lausn á þessum vanda. Á árinu 1960 voru menn, sem fengið höfðu það starf að gera álitsgerð um lánaþörf iðnaðarins, beðnir um að athuga m. a. endurskoðun á l. um iðnlánasjóð og hvernig hægt væri að afla meira fjár til hans, en frá þeim komu litlar raunhæfar tillögur í þessum efnum aðrar en ábending um aukin fjárframlög úr ríkissjóði, vegna þess að þá treystu menn sér enn ekki til þess að leggja á iðnaðinn sjálfan þá skyldu að inna af höndum fé, sem rynni í iðnlánasjóð, þ. e. stofnlánasjóð handa iðnaðinum. En slíkur háttur hefur, eins og kunnugt er, lengi verið hafður á varðandi sjávarútveginn, að hann hefur verið gjaldlagður sjálfur til þess að byggja upp þá stofnlánasjóði, sem hann síðar hefur haft not af. Og nú á síðasta ári var svipaður háttur tekinn upp varðandi landbúnaðinn. Eftir það virtist enn auðsærra en áður, að yfirleitt bæri að hafa sama hátt á um iðnaðinn, og var þó sá vandi sérstaklega þar fyrir hendi, að erfitt reyndist að finna, við hvaða gjaldstofn skyldi miða. Það var ekki fyrr en reglurnar voru settar um aðstöðugjald á ýmiss konar atvinnurekstur, sem menn fundu þann stofn, sem eðlilegt væri að byggja á í þessum efnum. En fyrirmælin um þetta aðstöðugjald voru sett á síðasta ári, eins og kunnugt er.

Um svipað leyti voru svo skipaðir í nefnd til þess að gera nýjar till. um iðnlánasjóð þeir Jónas Rafnar alþm., Eggert Þorsteinsson alþm., Gunnar J. Friðriksson framkvæmdastjóri og Bragi Hannesson hdl., framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna. Þessir menn hafa nú komið sér saman um og samið það frv., sem hér er lagt fram. Höfuðnýjungarnar í því frv. eru annars vegar till. um að skattleggja eða gjaldleggja iðnaðinn til handa iðnlánasjóði og er þá ráðgert 0.4% gjald, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og er lagt á sama stofn og aðstöðugjald samkv. l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Er ráðgert, að þetta gjald muni verða svo mikið, að a. m. k. muni nema 7 millj. kr. á ári og þó sennilega

eitthvað hærra. Þarna er sjóðnum því fenginn verulegur tekjustofn miðað við það, sem hann hingað til hefur notið. Í samræmi við það er hin höfuðbreytingin, að verkefni sjóðsins er mjög víkkað frá því, sem verið hefur. Nú er ætlazt til, að hann verði eiginlegur stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn, en ekki eingöngu til kaupa á vélum og stærri áhöldum, eins og verið hefur í framkvæmd til þessa. Hins vegar er felld niður heimildin, sem verið hefur í lögum, að úr þessum sjóði megi lána fé til rekstrar. Það þykir ekki heppilegt að blanda þessu tvennu saman, enda eins og ég sagði áður, þá mun þessi rekstrarfjárlánaheimild lítt eða alls ekki hafa verið notuð.

Héðan í frá getur sjóðurinn því lánað, ef hann hefur fé til, ekki einungis til kaupa á vélum og stærri áhöldum, heldur einnig til húsbygginga og eftir atvikum til fasteignakaupa, og er þá miðað við, að hann láni í mesta lagi allt að 60% af kostnaðarverði. Með þessari miklu aukningu á tekjum sjóðsins, ásamt áframhaldandi fjáröflun með lánveitingum honum til handa, eins og ég áður drap á, ætti að verða allvel séð fyrir því, að sjóðurinn geti leyst sitt þýðingarmikla verkefni af hendi. Ég vil sérstaklega drepa á, að t. d. varðandi lánveitingar til byggingar smíðastöðva fyrir stálskip, sem nú er verið að koma upp á nokkrum stöðum í landinu, þá hef ég þegar átt tal um það við sjóðsstjórnina, að sjóðurinn reyni að greiða fyrir þessum nýja og væntanlega mjög þýðingarmikla atvinnurekstri, og er fullt samkomulag um það við sjóðsstjórnina, að svo verði gert. Hinar föstu tekjur og væntanleg lán honum til handa eiga að verða svo rífleg, að allar líkur eru til þess, að sjóðurinn geti þarna, eins og í mörgum fleiri tilfellum en áður, hlaupið undir bagga, svo að verulega muni um.

Þetta eru þær höfuðbreytingar, sem í frv. felast. Um einstakar minni háttar breytingar, meira tæknilegs eðlis, sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða. Ætlazt er til þess, að sjóðurinn haldi áfram að verða starfræktur í nánu sambandi við Iðnaðarbanka Íslands, eins og hefur verið frá stofnun Iðnaðarbankans, áður var hann starfræktur i sambandi við Útvegsbanka Íslands. Er samið sérstaklega um þá þóknun, sem bankinn fær fyrir þau afgreiðslustörf, sem hann innir af höndum fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur sjóðurinn sjálfstæða stjórn, skipaða þremur mönnum, einum, formanninum, tilnefndum af iðnmrh., öðrum af Landssambandi iðnaðarmanna, þriðja af Félagi ísl. iðnrekenda. Þessir menn hafa úrslitaráð um, hvaða lán eru veitt úr sjóðnum, en ég hygg, að þeir hafi hingað til haft náið samstarf um allar lánveitingar við bankastjóra Iðnaðarbankans, og tel ég víst, að það samstarf haldist héðan í frá sem hingað til og úrslitaráðin verði, eins og ég segi, hjá sjóðsstjórninni. Það á ekki að verða breyting á skipan hennar að öðru leyti en að nú á hún að vera skipuð til 4 ára í stað 3 áður.

Þá er í frv. fyrirmæli um, hvernig lánveitingum skuli hagað, t. d. varðandi það, að ef erlent lán er tekið til handa sjóðnum, þá á að lána féð aftur út með gengisfyrirvara, og önnur slík fyrirmæli, sem eiga að tryggja hag sjóðsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er mikil þörf á því að efla iðnlánasjóð. Eins og ljóst er af sögu hans, sem nokkuð er rakin í grg. þessa frv., hafa fjárráð hans oftast nær verið mjög lítil og hann þess vegna ófær til þess að sinna því verkefni, sem honum var ætlað. Iðnaðurinn hefur ekki heldur átt annars staðar völ á hagkvæmum lánum, hvorki stofnlánum né rekstrarlánum. Þess vegna er það kunnara en frá þurfi að segja, að hjá iðnaðinum hafa verið mikil lánsfjárvandræði að undanförnu, og skal ég ekki hafa um það mörg orð, en augljóst er, hve bagalegt það er og hefur verið fyrir iðnaðinn, sem er orðinn geysiþýðingarmikill atvinnuvegur hér á landi, orðinn einn af höfuðatvinnuvegunum, og þýðing hans hefur farið sívaxandi og mun vafalaust fara sívaxandi í framtíðinni. Það gefur því auga leið, hversu þýðingarmikið það er, að reynt sé að bæta úr þeim lánsfjárvandræðum, sem þessi atvinnuvegur hefur átt við að stríða að undanförnu. Þess vegna álít ég það vel farið, að fram er komið frv. þetta um iðnlánasjóð. Með því er Alþingi gefið tækifæri til þess að gera þær ráðstafanir í þessum efnum, sem þörf er á og tiltækilegar þykja.

Framsóknarmenn vilja vinna að því með öllum skynsamlegum ráðum, að lánsfjárvandræði iðnaðarins séu leyst, eftir því sem þörf krefur og ástæður frekast leyfa. Það er þess vegna sjálfsagt að athuga þetta frv. og þær leiðir, sem þar er bent á, athuga þær gaumgæfilega og með velvilja. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram hér við 1. umr. þessa máls, þar sem hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða í sjálfu sér, sem eru lánamál iðnaðarins. En það er þó ljóst, að hér er ekki fjallað um nema annan af þeim tveimur höfuðþáttum, sem þar koma til greina, þ. e. a. s. stofnlánin, en eftir sem áður eru óleyst og þarf að fjalla um og athuga rekstrarlán til iðnaðarins.

Eins og ég áðan sagði, vildi ég aðeins láta þessar almennu aths. koma hér fram strax, en vil á hinn bóginn taka það fram, að ég er ekki viðbúinn því á þessu stigi málsins að taka afstöðu til þessa frv. í einstökum atriðum. Það er þá fyrst tímabært, þegar það hefur verið rækilega kannað í þeirri n., sem það fær til meðferðar, og þá m. a. athugað nánar, hver afstaða iðnaðarins og iðnaðarsamtakanna er til þessa máls og hverjar óskir þau samtök hafa fram að flytja í þessu sambandi. Ég vil þó aðeins bæta því við, að ég efast mjög um, að þau úrræði, sem þetta frv.

gerir ráð fyrir, séu fullnægjandi til þess að leysa lánsfjárvandræði iðnaðarins. Bæði efast ég um, að það fjármagn, sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi yfir að ráða samkv. þessu frv., sé nægilegt til þess að fullnægja stofnlánaþörfinni í mjög vaxandi iðnaði, og eins hitt, sem ég aðeins drep á, að hér er ekki neitt komið að hinum þætti þessa vandamáls, þ. e. a. s. rekstrarfjárvandanum.

Í öðru lagi vil ég benda á þá sérstöku skattlagningu, sem hér er ráðgerð til iðnlánasjóðs, þar sem gert er ráð fyrir, að meginhluti þess fjár, sem sjóðurinn á að fá, sé fenginn með þeim hætti, að sérstakt gjald, skattur, sé lagt á iðnaðinn sjálfan. Ég efast mjög um ágæti þessarar leiðar. Það er að vísu rétt, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að fyrir þessari aðferð finnast nú fordæmi, þar sem eru gjöld bæði í fiskveiðasjóð og stofnlánadeild landbúnaðarins. En ég efast mjög um, að það sé heppileg aðferð og skynsamleg að hafa þennan hátt á, að vera með þessa mörgu sérskatta til hinna ýmsu sérþarfa. Við höfum einn allsherjar söluskatt, eins og kunnugt er, en svo er með þessum hætti farið að leggja á nýja skatta, í raun og veru að mér virðist söluskatta, bæði á landbúnaðarvörur, sem rennur í stofnlánadeildina, og á afurðir sjávarútvegsins, sem rennur í fiskveiðasjóð, og svo er nú enn bætt við þriðja úrræðinu, sérstöku gjaldi á iðnaðinn, sem á að renna í iðnlánasjóð. Mér finnst þessi háttur ekki vera í samræmi við þá stefnu, sem hér hefur verið talsvert höfð á orði, að það væri stefnt að því að gera skattakerfið einfaldara og óbrotnara. Manni virðist fljótt á litið, að það væri einfaldara að taka þetta sem mest í einu lagi og útdeila því síðan til þarfanna, en ekki vera með alla þessa mörgu sérstöku skatta.

Þetta vildi ég taka fram, en vildi þó um leið taka það fram, að ég held því alls ekki fram, að það sé hægt við skattlagningu að beita einni ákveðinni formúlu, heldur held ég, að það verði oft að haga sér eftir aðstæðum. En samt sem áður sýnist mér þetta heldur vafasöm aðferð. Ég vil þó ekki að svo stöddu taka neitt af skarið um þetta gjald, af því að það stendur í greinargerð og það hefur maður ekki út af fyrir sig ástæðu til að rengja, að stjórnir iðnaðarsamtakanna hafi lýst sig samþykkar þeirri tekjuöflunarleið, sem lögð er til í frv., og ég verð að játa, að það er atriði, sem hlýtur að vega mjög þungt í þessu sambandi, ef fyrirsvarsmenn þessara stétta hafa lýst sig samþykka þessu skattgjaldi. En einmitt þetta atriði finnst mér að þurfi að kanna alveg sérstaklega í þeirri n., sem málið fær til meðferðar. Og enn vil ég segja það, að ef á að hverfa að þessari aðferð, kannske í ríkara mæli en þegar er orðið, að skattleggja atvinnuvegina til þess að afla fjár í lánasjóði sína, finnst mér fyrir mitt leyti alveg óviðeigandi leið að taka þetta í slíku skattheimtuformi. Ég álít, að ef þennan hátt ætti að hafa á, væri það eina rétta og sæmilega að innheimta þetta hjá viðkomandi atvinnurekendum sem stofnfjárframlag þeirra til þessara lánasjóða og láta þá eiga þar sín stofnsjóðstillög á sérstökum reikningi, sem þeir svo gætu, þegar tilteknum skilyrðum þar um væri fullnægt, fengið greidd, t. d. þegar þeir hættu við þann atvinnuveg, sem þeir hafa fengizt við. Þetta finnst mér að ætti að koma til athugunar í sambandi við þetta mál.

Ég er ekki með þessu, þó að ég taki þetta fram eða bendi á það, að lýsa neinni blessun minni yfir þessari aðferð. En sé hún á annað borð viðhöfð, að láta atvinnuvegina þannig standa undir sínum eigin lánasjóðum og leggja þeim til fjármagnið, þá finnst mér alveg sjálfsagt, að það sé ekki lagt á þá sem skattur, heldur þannig, að þeir leggi það fram sem sín tillög, sem þeir eigi í þessum sjóðum. Hitt, að leggja þetta á sem hreinan skatt og vera að leggja þennan skattinn á þarna og hinn skattinn á hér, það er, eins og ég sagði, að ég held, ákaflega vafasöm aðferð, og það minnir á þjóðsöguna um manninn, sem var á hestbaki og hafði á eigin baki ákaflega þungan poka, og þegar sá, sem honum mætti, spurði, hvers vegna hann reiddi þetta á sjálfum sér, en hefði það ekki á hestinum, var svar hans á þá lund: Hesturinn ber ekki það, sem ég ber, -- þó að hann sæti raunar á hestinum sjálfur með pokann á bakinu. En svona skattheimta virðist vera byggð á nokkuð svipuðum sjónarmiðum. En þetta hlýtur allt að koma til nánari athugunar í þeirri n., sem málið fær til meðferðar.

Að lokum vildi ég svo aðeins benda á stjórnarfyrirkomulagið á þessum sjóði, sem ég held að hljóti líka að koma til athugunar í n., og frá mínu sjónarmiði er a. m. k. athugunarefni, hvort réttlátt er eða heppilegt að hafa þann hátt á, sem þar er ráðgerður, þó að það sé að vísu ekki um beint nýja skipun á stjórn iðnlánasjóðsins að ræða. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að tveir af þremur stjórnarmönnum lánasjóðsins séu nefndir til af samtökum iðnaðarmannanna, þ. e. a. s. af þeim, sem lánin eiga að fá. Ég held, að það sé nokkuð vafasamt að fara út á þá braut að ætla lántakendum sjálfum meiri hluta í stjórn þeirra lánastofnana, sem veita þeim lán. Ég tel iðnaðarmennina og samtök þeirra alls góðs makleg, og er ekki neitt vantraust á þeim, þó að ég segi þetta. En ég vil aðeins benda á þetta, að mér finnst þetta ekki eðlilegt, að láta þá þannig hafa meiri hluta í þessari stjórn. Hitt er annað mál, hvort þeir ættu þar fulltrúa, ef svo væri um búið, að það væri þá ekki meiri hluti, sem þar væri um að ræða.

Ég skal svo, herra forseti, láta þetta nægja á þessu stigi málsins.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hygg, að það fari ekki milli mála, eins og komið hefur fram í ræðu hæstv. ráðh. og hæstv. síðasta ræðumanns hér um það mál, sem er á dagskrá, að hér er fjallað um mikið nauðsynjamál, mál, sem hefur sífellt þyngt á um úrlausn á undanfarin ár. Stofnlánaskortur í iðnaðinum hefur verið mjög tilfinnanlegur, þeim mun tilfinnanlegri sem aukin tækni hefur krafizt nýrra véla og aukins húsakosts til þessarar mjög svo þýðingarmiklu starfsgreinar.

Ég hygg enn fremur, að allir geti orðið sammála um að fagna framkomu þessa frv. og að menn greini ekki á um það út af fyrir sig, eins og kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., þótt uppi séu nokkrar efasemdir um það, hvort hér sé fundin endanleg lausn þessa vandamáls í heild. Hún verður sjálfsagt seint fundin, svo sem um aðrar lánaþarfir í landinu. En engan vildi ég þó að greindi á um það, að með samþykkt þess frv., sem hér er á dagskrá, er lagt til um merkan áfanga til lausnar þessa vanda, og þó að það leysi hann ekki allan, ættu menn að geta orðið sammála um, að þessum áfanga yrði náð.

Það voru aðeins tvö atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég vildi sérstaklega undirstrika og reyna að koma hér á framfæri nánari skýringum á, sem e. t. v. liggja ekki nægjanlega ljóst fyrir í þeirri grg., sem fylgir frv.

Það er í fyrsta lagi sú skattaálagning, sem hér er gert ráð fyrir, 0.4%. Um það varð samkomulag í þeirri mþn., sem undirbjó frv., að þýðingarlaust væri að setja þar aðra tölu en þá, sem aðilar samþ., þ. e. a. s. þeir aðilar, sem áttu að standa skil á þessum greiðslum til sjóðsins. Og svo er. Þessi tala er hér sett með fullu samþykki þeirra og að þeirra eigin sameiginlegu tillögu. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram, ef það er ekki nógu skýrt í grg.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. lagði á það áherzlu með meginhluta síns ræðutíma að efast um, að hér væri lagt inn á rétta braut, þ. e. sérstaka skattlagningu til aukningar lánsfjár í þessari starfsgrein, og efaðist þá jafnframt um, að það væri rétt, sem þegar hefði verið gert í þessum efnum, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Hann benti jafnframt á eða lét að því liggja, — ég vona, að það sé ekki misskilningur, — að það væri jafnvel eðlilegra að hafa þessa skattheimtu í einu lagi, og benti í því sambandi á söluskattinn, en því fé yrði síðan deilt í sundur til þeirra aðila, sem helzt væru taldir þurfandi fyrir það. Ég verð nú að hafa þau sömu orð og hann hafði um þetta frv., að ekki mundi ég reiðubúinn til þess í dag að auka söluskattinn um það, sem þessum skattheimtum þegar nemur, og þá, ef þetta frv. nær fram að ganga, því, sem bættist inn í þann skatt einnig, því að mér hefur heyrzt það hér í umr. um þann skatt að undanförnu, að það væri ekki sérstök hrifning yfir því, að hann yrði hækkaður.

Það er sjálfsagt tími til þess á næstu árum að ræða þann vanda út af fyrir sig, hvort rétt sé að afla tekna til lánastarfsemi í þýðingarmestu atvinnugreinum okkar, sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. En mér virðist, að löggjafinn hafi þegar viðurkennt með tekjuöflun til landbúnaðar og sjávarútvegs, að þessi leið skuli a. m. k. fyrst um sinn reynd, og réttir aðilar hafa á það fallizt, að þetta yrði einnig gert í iðnaði. Annars hefði að sjálfsögðu þessi skattheimta ekki verið lögð til hér, a. m. k. var undirbúningsnefndin þannig sinnuð, að hún hefði ekki lagt inn á þær brautir, sem hér er um að ræða, nema það hefði verið gert í fullu samkomulagi við hlutaðeigandi aðila.

Stjórnarfyrirkomulagið var einnig mjög rætt í n., og nefndarmenn voru á einu máli um það, í fyrsta lagi, að um aðra skipan en hefði verið á stjórn iðnlánasjóðs væri vart að ræða, og þess vegna skyldi henni haldið áfram. Auk þess væri sjálf skattlagningin, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að þessir aðilar eigi að standa skil á, þannig, að það væri óeðlilegt að breyta frá þeirri skipan, sem verið hefur um þessi mál, þegar fé hefur nær eingöngu komið annars staðar frá.

Þessi atriði vildi ég að kæmu fram sem mín skoðun þegar í upphafi þessa máls og eins það, að meðan nefndin sjálf yfirfer málið, sem fær það til umr., vissu hv. þdm. allir, að sú prósenttala, sem hér er lögð til til tekjuaukningar og tekjuöflunar fyrir sjóðinn, er gerð í fullu samráði og með fullu samkomulagi við hlutaðeigandi aðila og eftir þeirra eigin tillögum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka vinsamlegar undirtektir, sem frv. hefur fengið. Það er ekki eðlilegt, að menn vilji binda sig með afstöðu til einstakra atriða frv., fyrr en það hefur verið athugað í n., og er sízt athugasemd við það að gera.

Ég er út af fyrir sig sammála hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), að sem almenna reglu tel ég það vera óheppilegt að deila sköttum niður og ætla þá í sérsjóði. Nú er mér það að vísu ljóst, að þetta hefur oft verið gert og verður vafalaust oft gert héðan í frá, einfaldlega vegna þess, að þeir, sem sérstök áhugamál hafa, telja þeim betur borgið, ef slíkar sérstakar tekjur eru ætlaðar í þessu skyni, heldur en ef lotið er almennum úthlutunarreglum úr ríkissjóði. En þó að um það megi deila, hvort heppilegt sé að hafa þessa reglu varðandi venjulegar ríkistekjur og venjuleg ríkisútgjöld, — og ég heyrði það, að við hv. 3. þm. Norðurl. v. erum þar að meginstefnu til sammála, hvernig sem okkur kemur svo saman um þær einstöku undantekningar, sem við báðir þekkjum að þegar eru fyrir hendi og vafalaust á eftir að gera, — þá vil ég leggja áherzlu á, að hér stendur töluvert öðruvísi á um. Hér er sem sagt alls ekki um eiginlegan hluta

ríkissjóðsins að ræða, heldur sérstakan sjóð, bankastofnun, sem á að gegna alveg afmörkuðu verkefni, sem við báðir, ég og hv. þm., erum áreiðanlega sammála um að þarf að hafa aðra stjórn en sá almenni ríkissjóður, vegna þess að ekki kæmi okkur til hugar að ætlast til þess, hvað sem tekjunum í iðnlánasjóð líður og hvernig sem þeirra er aflað, þá væri lánum úr þessum sjóði úthlutað með sama hætti og venjulegum útgjöldum úr ríkissjóði. Hér er því um að ræða sjóð, sem er í eðli sínu sérstaks eðlis og á að hafa og hlýtur að hafa sérstaka tilveru, ef á annað borð er til hans stofnað, og þá er eðlilegt, að honum sé ætlaður sérstakur tekjustofn. Hv. þm. getur að vísu sagt, eins og hann segir: Það er eins hægt að verja nógu miklu fé í þessu skyni úr ríkissjóði. — Þetta er hægt að segja, en það er erfiðara að sanna það með tilliti til reynslunnar. Nú er iðnlánasjóður orðinn 28 ára gamall. Þennan tíma hafa allir þeir flokkar, sem nú eru á Alþingi, einhvern tíma verið í ríkisstjórn, og ekki efa ég, að þeir telji sig allir bera góðan hug til iðnaðarins. Engu að síður er niðurstaðan sú, að enn er fjármálum iðnlánasjóðs mjög ófullnægjandi fyrir komið, og það er einmitt vegna þess, að hingað til hafa menn ekki orðið sammála um eða komið auga á annan tekjustofn honum til handa en ríkissjóð, og það er ekki fyrr en á allra síðustu árum, sem ríkissjóði er falið að greiða til sjóðsins þær fjárhæðir, sem nokkuð verulega muni um, jafnvel þó að við berum saman breytt peningagildi frá því, sem var í upphafi sjóðstilverunnar, miðað við það, sem nú er. Það er fyrst á allra síðustu árum, sem farið er að veita fé, sem við getum sagt að verulega muni um, og við verðum þó að játa, og ég ekki síður en hv. þm., að þær fjárveitingar hafa reynzt, — jafnvel svo stórhækkaðar sem þær eru, — allsendis ófullnægjandi einfaldlega vegna þess, að kröfurnar eru svo margar, sem á ríkissjóðinn eru gerðar, að það er mjög erfitt að láta slíkt sérstakt verkefni, sem með eðlilegum hætti er nokkuð utan við hið venjulega verkefni ríkisútgjalda og ríkissjóðs, ná nægu jafnrétti við úthlutun úr honum við afgreiðslu fjárlaga. Þarna þurfum við ekki annað en líta til reynslunnar, sjá, hversu hún er orðin löng, og athuga, hvernig til hefur tekizt, að það er fyrst nú, þegar tvennt tekst, fyrst að útvega verulegt fé að láni til sjóðsins, sem fyrst tókst á árinu 1961, og svo nú þegar þeir aðilar, sem gjaldið ber að leggja á, koma sér saman um að vilja gjalda slíkt fé til sjóðsins, sem við höfum von um, að nokkuð rætist úr þeim miklu fjárvandræðum, sem hér hafa átt sér stað. Við gætum óskað eftir því, að þetta mál væri hægt að leysa öðruvísi. En við höfum séð, að vandamál sjávarútvegsins voru leyst á þennan veg, og við gætum haft mismunandi trú á því, hvort þau hefðu verið leyst, ef þessi leið hefði ekki verið fundin. Þar ber raun vitni. Við sáum, hvernig komið var fyrir landbúnaðarsjóðunum, þegar slík gjöld voru lögð á landbúnaðarvörurnar af illri nauðsyn, hvort sem menn eru sammála um þá ákvörðun eða ekki. Og við sjáum, að það er fyrst þegar menn koma sér saman um slíka gjaldálagningu til þessa sjóðs, sem vonir virðast vakna um það, að loksins fari að hilla undir það, að sjóðurinn verði starfi sínu vaxinn. Þetta er atriði, sem eðlilegt er að mönnum sýnist sitt hvað um, og það er mjög eðlilegt, að hv. þm. óski eftir því að kanna það til hlítar, hvort aðilar hafi sjálfir lýst sig fúsa til að inna þetta gjald af hendi. Ég þykist hafa vissu fyrir því, að rétt sé hermt í grg. um það atriði, og hef raunar fengið það staðfest af forustumönnum þeirra samtaka, sem þar eiga hlut að máli. En sízt hef ég á móti því, að hv. nefnd kanni þetta mál, og ég er sannfærður um það, að því betur sem hún skoðar það, því betur sannfærist hún um, að það eru ekki önnur úrræði fyrir hendi en þau, sem hér er bent á, ef menn í alvöru vilja, að þessi sjóður sé efldur, sem ég efast ekki um að hv. 3. þm. Norðurl. v. vill ekki síður en ég.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Út af orðum hv. 10. þm. Reykv. vildi ég aðeins taka það fram, að orð mín bar náttúrlega ekki að skilja á þá lund, að ég væri að leggja til, að allsherjar söluskattur eða skattar væru auknir. Það er vitað mál, að við framsóknarmenn erum litlir fylgjendur þess fyrirkomulags. Hins vegar benti ég aðeins á þá staðreynd, að þegar sambærilegir skattar eru álagðir og innheimtir í þrennu eða fernu lagi, eins og virðist að gert mundu verða, eftir að þetta skattgjald hefði verið samþykkt, er ekki óeðlilegt, að sú spurning vakni, hvort ekki sé heppilegra að steypa þessu eitthvað meir saman og hvort hér sé ekki um óþarfar krókaleiðir að ræða til þess að ná þessu fjármagni. Þetta vildi ég aðeins taka fram og þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 26. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 251, n. 295 og 312).

Frsm. meiri hl. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. iðnmrh. glögga grein fyrir tilgangi þess og einnig um höfuðatriði þeirra breytinga, sem frv. felur í sér. Það er því ekki brýn nauðsyn á því að rekja sjálft efni frv. í smáatriðum og mun því ekki gert, nema sérstakt tilefni gefist til þess.

Iðnn. hefur rætt frv., og voru nm. sammála um, að ekki væri sérstök ástæða til að leita umsagna um málið, þar sem þeir aðilar, er frv. sérstaklega snerti, hefðu samkv. því, sem frá er greint í grg., samþ. að mæla með frv. og

hafi efni þess verið undir þá borið, áður en frv. var fram lagt. Þeir aðilar eru stjórn iðnlánasjóðs, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. N. gat hins vegar ekki orðið sammála í afstöðu sinni til frv., eins og fram kemur á þskj. 312. Einn þeirra nm., er á fundi voru, er málið var afgreitt, hv. 2. þm. Vestf., lýsti sig m. a. andvígan þeirri tekjuöflunarleið, sem um ræðir í 5. gr. frv., því hundraðshlutagjaldi, sem þar er kveðið á um að innheimta af iðnaðinum í landinu, þ. e. öðrum iðnaði en kjöt- og fiskiðnaði, mjólkurbúum, sláturhúsum og ullariðnaði á stigi ullarþvottar. Af þessu er ljóst, að allverulegur hluti iðnaðarins er undanþeginn gjaldskyldu þeirri, sem ákveðin er með 5. gr. frv., enda hafa þeir aðilar nú aðgang, ef svo má segja, að stofnlánasjóðum landbúnaðarins og fiskiðnaðurinn að fiskveiðasjóði skv. lögunum um þessa sjóði. Þessum aðilum hefur verið séð fyrir tekjum með sama hætti eða svipuðum hætti og hér er lagt til. Jafnframt verður það að teljast eðlilegt, að samtök þeirra aðila, sem standa eiga skil á framangreindum gjöldum, 0.4% af framleiðslunni, eigi sæti í stjórn sjóðsins ásamt fulltrúa ríkisstj.

Hið umrædda 0.4% gjald, sem á að leggja á sama stofn og aðstöðugjald áðurnefndra greina iðnaðarins, er áætlað að gefi iðnlánasjóði ekki undir 7 millj. kr. í árlegar tekjur til viðbótar 2 millj. kr. framlagi ríkissjóðs. Nú þykir ljóst, að þrátt fyrir þessa árlegu tekjuaukningu sjóðsins muni ekki fullnægt allri lánaþörf þessa hluta iðnaðarins. Þess vegna er í 6. gr. frv. gert ráð fyrir lántökuheimild sjóðnum til handa. Erlend lán, sem tekin verða samkv. þessari heimild, má ekki endurlána nema með gengisákvæði, þó með tvennum hætti, eins og frá er skýrt í aths. við frv.

Í gildandi lögum um sjóðinn hefur nær eingöngu verið gert ráð fyrir, að lánað væri út á vélar og stærri verkfæri og framkvæmd útlánanna verið á þann veg. Með ákvæðum í 6. gr. frv. er tekin upp sú breyting á hlutverki sjóðsins, sem er afleiðing af 1. gr. frv., að veita má lán til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og einnig til endurskipulagningar iðnfyrirtækja. Samkv. 2. mgr. greinarinnar er og heimilt að lána iðnfyrirtækjum til kaupa á fasteignum, en lagt er til að afnema úr gildandi lögum heimild til rekstrarlána.

Til fróðleiks skal þess að lokum getið, að útlán sjóðsins hafa frá og með árinu 1936 til 1961 verið 32.6 millj. kr.

Við endurskoðun l. nú, sem gerð var að frumkvæði hæstv. iðnmrh., var ljóst, að sjóðnum var mest nauðsyn á auknu starfsfé og þó umfram allt árlega tryggum tekjum, þannig að hægt væri að sjá nokkuð fram í tímann um útlánagetu sjóðsins. Til lausnar þessum vanda hefði að sjálfsögðu verið auðveldasta leiðin að leggja til, að tekjuaukning sjóðsins yrði tekin úr ríkissjóði með árlegu framlagi. Nú er það svo í vitund almennings, að ríkissjóður er engin gullnáma, sem hægt er að ausa úr, án þess að það komi við nokkurn mann. Þar er um að ræða sameiginlegan sjóð landsmanna allra til lögbundinna framkvæmda. Hv. stjórnarandstæðingar hafa undanfarin ár talið, að of lítið væri um opinberar framkvæmdir í flestum þeim greinum, sem til umr. hafa verið hér á hv. Alþingi. Þessi stefna þýðir óhjákvæmilega, að sömu aðilum finnst of lítið fé til ráðstöfunar úr þessum sameiginlega sjóði landsmanna, ríkissjóði. A. m. k. heyrist minna um, úr hvaða framkvæmdum ríkisins eigi að draga, þegar till. eru gerðar um ný útgjöld úr ríkissjóði. Ekki er hægt að gera tillögur um aukin útgjöld og nýjar og meiri framkvæmdir, án þess að jafnframt séu gerðar till. um auknar tekjur til þeirra framkvæmda eða samsvarandi fjármagns verði aflað með því að draga úr öðrum framkvæmdum ríkisins. Hér virðist um svo augljósar staðreyndir að ræða, að landsmenn greinir þar ekki á.

Ef Alþingi samþ. brtt. hv. stjórnarandstæðinga við lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins og fiskveiðasjóð og nú um iðnlánasjóð, sbr. þskj. 312, að samsvarandi tekna og hundraðshlutagjald þessara starfsgreina nemur yrði tekið úr ríkissjóði, er óhjákvæmilegt að krefja sömu aðila um svör við því, hvaða skattheimtu ætti að auka eða úr hvaða framkvæmdum ætti að draga, sem á vegum ríkisins eru til öflunar þessara milljónatuga. Svör við þessum spurningum gætu orðið fróðleg til samanburðar við þær hörðu ádeilur, sem í frammi hafa verið hafðar um of miklar opinberar álögur til tekjuöflunar í ríkissjóð.

Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls, er ekki óeðlilegt, að menn greini á um tekjuöflunarleiðir. Þörfin fyrir þær auknu tekjur, sem hér er lagt til að aflað verði, hefur ekki verið vefengd. Þar sem sams konar leið og hér er lagt til í frv. að farin verði er nú í reynslu í fiskiðnaði og landbúnaði, verður vart talið óeðlilegt, að hún verði einnig leyfð í þessum hluta iðnaðarins, og er þá sú stjórnaraðild, sem hér er lagt til að verði, eðlileg afleiðing þess fyrirkomulags.

Eins og ég tók fram í upphafi, varð iðnn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. n. hefur á þskj. 312 flutt þrjár brtt. við frv. Við, sem meiri hl. skipum, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og frá greinir á þskj. 295.

Frsm. minni hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég og hv. 1. þm. Vesturl. höfum flutt brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Er í nál. gerð grein fyrir ástæðunni fyrir því, að við flytjum þessar brtt.

Það er enginn efi á því, að þess er mikil þörf að efla iðnlánasjóð, og við erum allir sammála um það. En ég tel ástæðulaust og við, sem flytjum þessar brtt., að leggja á nýjan söluskatt til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem þarf til að efla sjóðinn. Þetta getur vitanlega verið umdeilt atriði. Við álítum, að þær tekjur, sem ríkissjóður aflar nú, séu svo miklar, að það ætti að vera hægt

að leggja þessa upphæð fram án þess að leggja á nýjan söluskatt. Það er vitanlega alltaf hægt að afla tekna með því að leggja á nýja skatta, og það er bersýnilegt, að þessi skattur, sem þarna verður lagður á iðnaðinn, verður í framkvæmdinni almennur söluskattur, sem enginn munur er á og öðrum söluskatti. Við leggjum þess vegna til, að þessi fjárhæð, sem ætluð er til styrktar iðnlánasjóðnum, sé tekin beint úr ríkissjóði af þeim sölusköttum og tekjuöflunum, sem ríkissjóður hefur nú og ætti að hafa þetta fé handbært.

Í samræmi við þessa breytingu á tekjuöflun gerum við ráð fyrir því, að einnig verði breytt að nokkru stjórn sjóðsins. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar fé er lagt fram úr ríkissjóði, þá breytast reglurnar um stjórn sjóðsins þannig, að meiri hl. sé kosinn af sameinuðu Alþingi, og ég geri ráð fyrir því, að 3 af 5 stjórnendum sjóðsins verði kosnir af sameinuðu Alþingi, en 2 af iðnrekendum og iðnaðarmönnum, eins og tekið er fram í 1. brtt. Við álítum, að það sé engin ástæða til þess að setja Samband ísl. samvinnufélaga hjá, þegar kosið er í stjórn sjóðsins. Það er einn af stærstu iðnrekendunum í landinu eða kannske sá stærsti og þess vegna algerlega óeðlilegt, að hann hafi ekki áhrif á það, hvernig sjóðsstjórnin er kosin.

Við gerum svo ráð fyrir því í 3. brtt., að síðasta mgr. 8. gr. falli niður. Það leiðir af sjálfu sér vegna þess, hvernig fjár til sjóðsins er aflað.

Ég sé ekki ástæðu til að vekja neinar deilur um þetta mál á þessu stigi, án þess að tilefni gefist til. Hér er um meiningarmun að ræða, hvernig eigi að afla tekna til þess að efla sjóðinn og hve upphæðin eigi að vera há, sem þarf til þess að efla hann, og má vitanlega um það deila, en ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni.

Gísli Jónsson menntaskólakennari: Herra forseti. Hæstv. iðnmrh. og frsm. meiri hl. iðnn., hv. 10. þm. Reykv., hafa þegar hér í hv. þd., bæði við 1. umr. og þessa, gert grein fyrir eðli máls þessa, svo að ég skal ekki setja á um það langar tölur. En málið sýnist mér vera mikilvægt hagsmunamál iðnaðarins, og þar sem ég er einn af þeim, sem undirritað hafa nál. á þskj. 295, vildi ég láta fáein orð fylgja til stuðnings því nál.

Iðnaðurinn er, að ég ætla, sá atvinnuvegur, sem örustum vexti tekur okkar á meðal, og er varla ofmælt, að sums staðar á landinu sé hann orðinn höfuðatvinnuvegur. Ég hef að vísu ekki tölur um hundraðshluta þjóðarinnar, sem við iðnað vann á stofnári iðnlánasjóðs, 1935, og svo aftur í ár, en samkv. upplýsingum hagstofunnar unnu við iðnað árið 1940 14.2%, en árið 1950 21%. Ekki voru til nákvæmar tölur yfir árið 1960, en eftir upplýsingum, sem ég hef fengið annars staðar frá, en eru þó ekki fyllilega nákvæmar, sýnist sem ekki færri en 25—30% þjóðarinnar vinni nú við iðnað ýmiss konar.

Þó að hér sé oft um óskýr mörk að ræða milli starfsgreina, er þó ljóst, að vöxtur iðnaðarins hefur verið ör og því augljóst, að hann þarf að eiga aðgang að lánastofnunum til rekstrarins ekki síður en hinir gamalgrónu atvinnuvegir okkar, landbúnaður og sjávarútvegur. Það var því sízt ófyrirsynju, að hæstv. iðnmrh. skipaði í marz s. l. mþn. til að endurskoða lögin um iðnlánasjóð, svo vanmegnugur sem hann var að gegna hlutverki sínu, eins og sést af grg. með frv. og fram hefur komið í umr. hér í hv. deild.

Eins og fram hefur komið, eru mikilvægustu nýmælin fólgin í 1. gr. og 5. gr., en í 1. gr. segir um tilgang sjóðsins, að hann sé sá að styðja íslenzkan iðnað með hagkvæmum stofnlánum. En síðan er í 8. gr. gerð nánari grein fyrir eðli lánveitinganna, þar sem segir, að stofnlán séu veitt til véla- og tækjakaupa, til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnaðarfyrirtækja. Er hér mjög rýmkað um frá því, sem áður var, þar sem lánveitingar til sjóðsins hafa nær eingöngu verið bundnar við vélar og stærri áhöld. Er hér að því stefnt að leysa tilfinnanlegan og aðkallandi vanda.

Í 5. gr. er hins vegar kveðið á um tekjustofna til sjóðsins og svo mjög bætt úr, að stakkaskiptum tekur. Öll árin frá stofnun sjóðsins 1935 hafa tekjur sjóðsins, ef sleppt er 15 millj. af svonefndu PL-480 lánsfé, numið alls rúmum 14 millj. kr., en nú ættu árlegar tekjur sjóðsins að nema 9—10 millj. kr. fyrir utan vexti, þar sem gera má ráð fyrir, að 0.4% gjaldið nemi 7—8 millj., en framlag ríkissjóðs er lagt til að sé 2 millj. Hér er því um mjög verulega úrbót að ræða, jafnvel þótt tekið sé tillit til minnkandi verðgildis peninga á undanförnum árum.

Deilt hefur verið um réttmæti 0.4% gjaldsins á fyrirtæki iðnaðarins, en þetta gjald skal greiða af sama gjaldstofni og aðstöðugjöld sveitarfélaga og vera frádráttarbært til tekjuskatts og tekjuútsvars. Ég skal ekki fara út í að rökræða um eðli og réttmæti slíkra gjalda yfirleitt, þar er sjálfsagt hægt að finna sitthvað bæði með og móti. En niðurstaðan hefur þó orðið sú, að stofnlánadeildir annarra atvinnuvega eru byggðar upp með slíku gjaldi, og er því ekki, miðað við það, óeðlilegt, að hér sé farin sama leið um iðnaðinn. Það er því fremur eðlilegt, að sjálf hafa iðnaðarsamtökin í landinu samþykkt þessa gjaldheimtu og jafnvel lagt hana til. Samkv. upplýsingum frá framkvæmdastjóra Landssambands iðnaðarmanna lýsti þing iðnaðarsamtakanna á Sauðárkróki s. l. sumar fylgi sínu við eitthvert slíkt gjald, sem hér er lagt til í frv., og fulltrúar bæði Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda voru í mþn., sem undirbjó frv.

Að öllu þessu athuguðu finnst mér einsætt að stuðla að framgangi þessa hagsmunamáls iðnaðarins og vænti þess, að það megi eiga greiða leið í gegnum hv. deild. Hins vegar óttast ég, að málinu væri stefnt í ófæru, ef 2. brtt. hv. minni hl. yrði samþ., þar sem lagt er

til að hækka árlegt framlag ríkissjóðs um 13 millj. kr., án þess að gert sé ráð fyrir öðrum tekjustofnum á móti, því að varla geri ég ráð fyrir, að hv. þdm. séu reiðubúnir að samþykkja að hækka söluskatta og tolla, sem nú eru innheimtir í ríkissjóð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 312,1 felld með 9:6 atkv.
3. gr. samþ. með 10:2 atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 312,2 felld með 10:6 atkv.
5. gr. samþ. með 10:1 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 312,3 felld með 9:6 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur þegar fengið afgreiðslu í Ed. Efni þess er tvíþætt: annars vegar að tryggja iðnlánasjóði meira fé til ráðstöfunar en hann hefur hingað til haft og hins vegar að rýmka verkefni sjóðsins.

Hið aukna fé, sem ætlað er í þessu skyni, á að fá með því móti að leggja á sérstakt gjald, sem miðast við aðstöðugjaldið á iðnaðinum, eins og nánar greinir í 5. gr. frv. Sú n., sem undirbjó frv., hafði um það samráð við samtök iðnaðarmanna, bæði Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda, að þetta gjald yrði á lagt, og eru þeir því eindregið fylgjandi. Það hefur verið áætlað, að gjaldið muni til að byrja með verða a. m. k. 7—8 millj. kr. á ári, og er það mjög mikil aukning á fé sjóðsins, sem hann þannig fær. Jafnframt hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að sjóðurinn fái lánsfé til útlána í mun ríkari mæli en áður. Það hefur þegar verið útvegað til hans einu sinni af hinu svokallaða PL-480 fé. Ráðgert er, að það verði aftur nú um þessar mundir og einnig á næsta ári. Með öllum þessum ráðstöfunum ætti sjóðurinn að verða miklu hæfari til þess að gegna sínu verkefni en hingað til hefur verið, en fjárskortur hefur mjög bagað þessa merku starfsemi.

Þá er einnig ráðgert, eins og ég sagði, að verkefni sjóðsins verði rýmkað þannig, að hann verði nú eins konar stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn, ekki einungis til véla- og tækjakaupa, eins og hingað til hefur fyrst og fremst verið, heldur einnig til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja og jafnvel einnig til þess að gera iðnfyrirtækjum kleift að kaupa fasteignir. Hins vegar er úr lögum numin heimildin til þess að veita rekstrarlán úr sjóðnum, en hún hefur lítt eða ekki verið notuð.

Það er með þetta mál eins og fleiri, að menn getur greint á um einstök atriði í sambandi við frv. Um þann megintilgang að efla sjóðinn og rýmka hans starfssvið hefur hins vegar enginn ágreiningur átt sér stað.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, um iðnlánasjóð, er hingað komið frá hv. Ed. og hefur það verið rætt þar og athugað, svo sem venja er til. Hér er um stórmál að ræða, og vil ég leyfa mér að fara um það nokkrum orðum við 1. umr. þess hér í hv. Nd.

Ég lít svo á, að þetta frv. til l. um iðnlánasjóð sé spor í rétta átt og beri að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur tekið mál þetta til úrlausnar. Iðnaður er, sem kunnugt er, orðinn ein af höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs. Hefur iðnaðurinn vaxið hér óðfluga á örfáum áratugum, og því fólki, sem hann stundar, fjölgar að sama skapi. Allar þjóðir kappkosta að efla iðnað sinn, og við Íslendingar verðum einnig að gera okkur ljósa grein fyrir þeirri þýðingu, sem vel rekinn og dugmikill iðnaður hefur fyrir þjóðarbúskapinn. Sjálfs er höndin hollust, segir máltækið, og vissulega ber okkur að keppa að því að verða sem allra mest sjálfum okkur nægir um framleiðslu margs konar iðnaðarvarnings og spara á þann hátt dýrmætan gjaldeyri. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt að búa vel að iðnaðinum í landinu og skapa honum viðhlítandi starfsskilyrði.

Hér í Reykjavik er iðnaðurinn sú atvinnugrein, sem flest fólk hefur framfæri sitt af, og má því segja, að efling iðnaðarins sé sérstaklega áríðandi fyrir okkur Reykvíkinga. Iðnað má vitanlega efla með mörgum hætti, og borgaryfirvöld og sveitarstjórnir verða að veita alla þá fyrirgreiðslu, sem í þeirra valdi stendur, til þess að þessari mikilsverðu atvinnugrein verði ekki sniðinn of þröngur stakkur. En fleira þarf til að koma, og ein leiðin til aukinnar aðstoðar er sú, sem hér um ræðir, þ. e. að efla iðnlánasjóð, þannig að hann verði þess megnugur að styrkja iðnaðinn miklu meira en honum er unnt í núverandi mynd. Iðnlánasjóður hefur á undanförnum árum haft yfir allt of litlu fjármagni að ráða, og því hefur orðið að synja þar um aðstoð í fjölmörgum tilvikum, enda þótt umsóknirnar hafi uppfyllt

öll skilyrði sjóðsins fyrir lántöku, einfaldlega vegna þess, að fjármagn hefur ekki verið til. Ríkisframlagið, sem er einu vissu tekjur sjóðsins fyrir utan vexti af eigin fjármagni, hefur að undanförnu aðeins numið 2 millj. kr. á ári, og sjá þá vitanlega allir, hversu sorglega skammt þessi fjárhæð hrekkur til þess að styðja iðnaðinn í landinu.

Iðnaðarfyrirtækjum hefur stórkostlega fjölgað á undanförnum árum og íslenzkur iðnaður er alltaf að vinna ný lönd. Fleiri og fleiri iðngreinar eru stundaðar hér með hverju árinu sem líður. Þegar svo við bætist gífurleg dýrtíðaraukning, sem veldur því hvoru tveggju, að vélar og byggingar hækka í verði og aukið fjármagn liggur bundið í birgðum framleiðendanna, að ekki sé nú talað um hinn aukna tilkostnað við framleiðsluna sjálfa, þá gefur auga leið, að stórkostlega aukið fjármagn þarf til að koma. Því er það vissulega spor í rétta átt, að í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að auka verulega tekjur iðnlánasjóðs, þar sem til viðbótar ríkisframlaginu er ráðgert nýtt gjald, sem renna á til sjóðsins og á að nema 0.4% af sama stofni og aðstöðugjöld eru reiknuð af og innheimt verða hjá iðnfyrirtækjum með þeim takmörkunum, sem í frv. eru greindar. Ég er þó þeirrar skoðunar, að sú fjárhæð, sem samkv. þessu mundi innheimtast, sé ekki nægileg til þess að gera sjóðnum kleift að gegna hlutverki sínu, en hér mun verða um að ræða eitthvað nálægt 7 millj. kr., eftir því sem áætlað er í aths. með frv. Þetta er að vísu mikil lagfæring, ekki dettur mér í hug að neita því. En með tilliti til hinna miklu þarfa iðnaðarins fyrir aukið fjármagn tel ég, að betur hefði þurft að gera. Minni hl. iðnn. Ed. hefur lagt til að hækka ríkisframlagið til sjóðsins upp í 15 millj. kr., og ég er sannfærður um, að það veiti ekkert af þeirri upphæð, ef vel á að vera.

Þá er í 6. gr. frv. gert ráð fyrir heimild til handa sjóðnum til þess að taka allt að 100 millj. kr. lán að fengnu samþykki ríkisstj. til þess að endurlána iðnfyrirtækjum eftir nánari reglum, sem frv. kveður á um. Þessa heimild þarf sjóðurinn að geta notað sem allra fyrst, ekki síst ef tekjuaukningin verður ekki meiri en frv. gerir ráð fyrir, til þess að vinna upp þann hala, sem orðinn er af óafgreiddum lánaumsóknum, og mæta nýjum beiðnum. Æskilegast væri vitanlega, ef hægt yrði að fá lán þetta innanlands, til þess að losna við gengisáhættuna, sem erfitt verður fyrir mörg fyrirtækjanna að taka á sig, þar sem í fæstum tilfellum er um að ræða nokkra gjaldeyrisöflun hjá íslenzkum iðnfyrirtækjum og þar af leiðandi engar auknar tekjur, þótt til gengislækkunar kæmi, svo sem þó er um ýmsar atvinnugreinar aðrar. En jafnvel þótt erlent lán yrði að taka í þessu skyni, tel ég þó, að rétt sé að gera það og gefa fyrirtækjunum kost á fjármagni þannig fremur en að skapa þeim enga möguleika til aðgangs að auknu fjármagni.

Í sambandi við þá framkvæmdaáætlun ríkisins, sem boðuð hefur verið, verður einnig að leggja ríka áherzlu á, að iðnaðinum verði þar ekki gleymt, heldur þannig á þeim málum haldið, að hans hlutur verði fyllilega sambærilegur við aðrar atvinnugreinar. Samtök iðnaðarmanna munu hafa fullan hug á því að gæta réttar síns á þeim vettvangi, og þeim óskum verður að mæta með skilningi.

Í þessu frv. er aðeins rætt um stofnlán, þ. e. lán til véla- og tækjakaupa, til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja, og er það allt gott, svo langt sem það nær. En rekstrarfjármagn fá fyrirtækin ekki eftir þessari leið. Rekstrarfjárþörf iðnaðarins er ákaflega mikil, og vantar mikið á, að hægt hafi verið að fullnægja henni hér að undanförnu. Ég veit, að þarfir iðnaðarins eiga skilningi að mæta hjá bönkunum og öðrum lánastofnunum, en þar er í mörg horn að líta og ekki alltaf mikið til skiptanna. Því hlýtur það að mínum dómi að vera mjög til athugunar, hvort ekki er nauðsynlegt að tryggja iðnaðinum rekstrarfé með lagasetningu, og væri æskilegt, að það mál yrði rækilega kannað, e. t. v. í sambandi við afgreiðslu þessa frv. á hv. Alþingi.

Iðnn. Ed. náði ekki samkomulagi um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. hefur lagt til á þskj. 295, að frv. yrði samþ. óbreytt, en minni hl. vildi gera á því þá breytingu að fella niður fyrirhugaða gjaldheimtu af iðnfyrirtækjunum, en auka ríkisframlagið þess í stað upp í 15 millj. kr. Eins og ég sagði áðan, tel ég, að alls ekki veiti af þeim auknu tekjum, sem till. minni hl. gerir ráð fyrir, ef takast ætti að efla sjóðinn miðað við þarfir. Um hitt atriðið, hvernig þessara tekna skuli aflað, geta vitanlega verið skiptar skoðanir, og skiptir kannske út af fyrir sig ekki höfuðmáli, hvor leiðin farin er. Mér finnst þó, að yfirleitt beri að stefna að því að gera innheimtu og álagningu opinberra gjalda einfalda og óbrotna og því sé rétt að fækka frekar álagningarliðum en fjölga þeim. Þess vegna fyndist mér í alla staði eðlilegt, að hér yrði einungis um ríkisframlag að ræða, en gjaldheimtunni sleppt. Og þegar það er haft í huga, hversu tölur fjárl. eru orðnar háar, virðist ekki muna svo ákaflega mikið um það, þótt þessum lið yrði bætt þar við. Í samræmi við þessa brtt. gerir svo minni hl. ráð fyrir breyt. á stjórn sjóðsins frá því, sem ráðgert er í frv. Er hún í því fólgin, að stjórnin skuli skipuð 5 mönnum, 3 kosnum af Alþingi með hlutfallskosningu og 2 tilnefndum af stjórn Landssambands iðnaðarmanna, stjórn Félags ísl. iðnrekenda og stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga í sameiningu. Þar sem till. minni hl. gerir eingöngu ráð fyrir ríkisframlagi, en engu gjaldi frá iðnrekendum sjálfum, virðist eðlilegt, að Alþingi hafi sjálft æðstu yfirráð yfir sjóðnum, en samtök iðnaðarmanna ættu þar fulltrúa.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera þetta frv. lítillega að umtalsefni hér í því skyni að

benda á örfá atriði, sem e. t. v. gætu orðið til athugunar fyrir þá nefnd, sem nú fær málið til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 53. og 54. fundi í Nd., 14. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 251, n. 385, 386 og 394).

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Hingað til hefur iðnaðurinn ekki haft aðgang að neinni lánsstofnun, sem teldi það sérstakt verkefni sitt að veita honum hagstæð framkvæmdalán. Að sjálfsögðu hefur iðnaðurinn í mjög mörgu notið fyrirgreiðslu bankanna og án þess væri hann ekki nú orðinn það stórveldi í íslenzku athafnalífi, sem hann er í dag. Einnig má geta þess og viðurkenna, að Framkvæmdabankinn og atvinnuleysistryggingasjóður hafa veitt lán til uppbyggingar iðnaðarfyrirtækja.

Það hefur lengi verið áhugamál forsvarsmanna iðnaðarins, að hann eignaðist stofnun, sem með tímanum gæti orðið honum að svipuðu liði og fiskveiðasjóður er fyrir sjávarútveginn og stofnlánadeild landbúnaðarins er fyrir landbúnaðinn í landinu. Með frv. því, sem hér er til umr., er stefnt að þessu marki, þar sem lagt er til að breyta iðnlánasjóði í stofnlánasjóð, sem láni út á fasteignir og vélar. Í grg. frv. er saga sjóðsins rakin og verkefnum hans lýst. Sjóðurinn var fyrst stofnaður með l. nr. 12 frá 1935, en á þeim voru gerðar nokkrar breytingar á árunum 1941 og 1946. Frá upphafi hefur það verið verkefni iðnlánasjóðs að lána iðnrekendum og iðnaðarmönnum til kaupa á vélum og stærri áhöldum, einnig til rekstrar, en sú heimild mun sárasjaldan hafa verið notuð. Fjárráð sjóðsins hafa jafnan verið lítil, þar sem hann hefur ekki haft aðrar tekjur utan vaxtatekna en ríkissjóðsframlagið, sem fyrst var 25 þús. kr. á ári, en hefur síðan farið hækkandi upp í 2 millj. kr. Framlög ríkisins til sjóðsins hafa samtals numið rúmum 14 millj. kr. Á árinu 1961 hlaut iðnlánasjóður fyrir milligöngu iðnmrh. 15 millj. kr. af svonefndu PL-480 lánsfé, sem hann endurlánaði síðan. Upphæð veittra lána úr iðnlánasjóði mun nema samtals um 32.6 millj. kr.

Skv. frv. verða helztu breytingarnar á verkefni og fyrirkomulagi iðnlánasjóðs þessar:

Skv. 1. gr. frv. verður tilgangur iðnlánasjóðs að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum. Sjóðnum er ætlað að veita stofnlán, þ. e. a. s. samningsbundin lán til lengri tíma, til véla- og tækjakaupa, til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja. Sjóðnum verður einnig heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa. Í frv. eru ýtarlegri ákvæði en í gildandi lögum um tryggingar fyrir lánum og kveðið á um lánskjörin og fleira, sem lánveitingar varðar.

Í öðru lagi er lagt til, að iðnlánasjóður fái 0.4% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu og skal lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkv. III. kafla l. nr. 69 frá 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður, mjólkurbú, en þær atvinnugreinar hafa nú aðgang að lánum úr stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Eins og fram er tekið í grg. fyrir frv., þótti óhjákvæmilegt að tryggja sjóðnum árlegar tekjur umfram ríkisframlagið og vexti af stofnfé. Eftir að leitað hafði verið álits stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda, var ákveðið að leggja til, að lagt yrði gjald á iðnaðinn sjálfan, sem miðast við aðstöðugjaldstofn hvers greiðanda. Bent var á, að stofnlánasjóður landbúnaðar og sjávarútvegs hafi nú árlegar tekjur frá viðkomandi atvinnuvegum.

Miðað við upplýsingar ríkisskattstjóra er áætlað, að tekjur þessar nemi ekki undir 7 millj. kr. árlega, en sennilega verða þær mun meiri. Þá er gert ráð fyrir óbreyttu ríkisframlagi eða 2 millj. kr. á ári. Í þriðja lagi, þar sem líklegt þykir, að iðnlánasjóð muni skorta fé á næstu árum til þess að geta veitt nauðsynleg lán, er í frv. tekin upp heimild fyrir sjóðinn til þess að taka allt að 100 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Erlent fé, sem sjóðurinn kann að taka, má ekki lána út nema með gengisákvæði.

Eins og fram er tekið á þskj. 394, var iðnn. ekki sammála um afgreiðslu frv., en meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Þeir nm., sem flytja brtt. við frv., skila sérálitum.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að setja iðnlánasjóði ný lög. Helztu breytingar frá eldri lögum eru þær, að starfssvið sjóðsins er fært verulega út og sjóðnum á að afla nýrra tekna og setja honum nýja stjórn.

Ég þarf ekki hér neitt að fjölyrða um þá brýnu nauðsyn, sem er á því, að iðnaðinum verði séð fyrir meira og aðgengilegra lánsfé en verið hefur. Sérstaklega hefur hér verið um mikla erfiðleika að ræða varðandi byggingarframkvæmdir iðnaðarins, byggingu verksmiðjuhúsa og annað þess háttar. Það eru áreiðanlega allir sammála um, að brýn þörf sé á að bæta hér um, og að svo miklu leyti sem þetta frv. gengur í þá átt, er ég því fyllilega samþykkur.

En n. hefur hins vegar ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. frá sér. Það eru aðallega tvö atriði, er ég tel að breyta þyrfti frá því, sem er í þessu frv. Það er ákvæðið um stjórn, hvernig stjórn sjóðsins skuli skipuð, en samkv. frv. á hún nú að verða skipuð af ráðh. eftir tilnefningu samtaka iðnrekenda í landinu. Ég vil vekja athygli á því, að með þessu er farið

mjög inn á nýjar brautir um skipun stjórnar fyrir slíka sjóði, og vil þar minna á, hvernig háttað er með stjórnir stofnlánasjóða atvinnuveganna, bæði sjávarútvegs og landbúnaðar. Iðnaðarbankanum á að fela vörzlu sjóðsins. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Ef tekinn er t. d. fiskveiðasjóður, þá er hann í vörzlu Útvegsbankans og undir stjórn bankastjórnar bankans. Á sama hátt er ekki hægt að fara með iðnlánasjóð í Iðnaðarbankanum, þar sem ekki er um ríkisbanka að ræða. Ég tel alveg sjálfsagt, að stjórn þessa sjóðs verði kosin af sameinuðu Alþingi, verði skipuð 5 mönnum, en ekki á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, og ég tel, að þar sé verið að fara inn á mjög varhugaverða braut um skipun stjórnar slíkra sjóða eins og hér um ræðir, og þar mun, held ég, eðlilega stjórn þessa sjóðs fyrst og fremst verða í höndum þeirra, sem hvað helzt koma til með að þurfa á lánunum að halda og má segja, að þar dæmi í eigin málum.

Að öðru leyti tel ég, að það þyrfti að breyta því ákvæði frv., sem fjallar um tekjuhliðina, þó ekki þannig, að ég get samþykkt þetta 0.4% gjald, sem hér er gert ráð fyrir, en mér sýnist, að samkv. frv. sé það naumast rétt, sem stendur í 5. gr. þess, að gjald þetta skuli innheimtast af iðnaðinum í landinu, heldur muni hér vera um nýjan neyzluskatt — nýjan söluskatt að ræða og verði að ræða í framkvæmd, því að það er gert ráð fyrir, að þetta gjald verði frádráttarbært til tekjuskatts, tekjuútsvars og sennilega ekki þá neinn vafi á því, að það verður látið fylgja út í verðlagið, þannig að það verði þá notendurnir á þjónustunni og vörunni, sem borga þetta gjald, en engan veginn iðnaðurinn sjálfur, en ég tel, að einmitt hann ætti að standa undir þessu gjaldi.

Það eru einkum þessi tvö atriði, sem ég hef að athuga við þetta frv., eins og það er núna. Til enn frekari áherzlu um skipun sjóðsstjórnarinnar, að hún ætti að vera á annan veg, vil ég nefna, að eins og frsm. meiri hl. tók hér fram og tekið er fram í grg. frv., þá verða þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, áreiðanlega engan veginn nægjanlegar fyrir þarfir iðnlánasjóðs á næstunni, og því er gert ráð fyrir, að allveruleg lánsheimild verði, heimild til að taka 100 millj. kr. lán með ábyrgð ríkisins. Það undirstrikar enn frekar, að sá háttur, sem frv. gerir ráð fyrir um stjórn sjóðsins, er óhæfur og þessu á að breyta.

Samkv. því, sem ég hef hér sagt, flyt ég brtt. á þskj. 385, þar sem lagt er til, að sjóðsstjórnin verði skipuð eins og ég nú hef rakið, og enn fremur, að sú breyting verði við 5. gr. frv., að 1. töluliður orðist þannig nú: „Óheimilt er að hækka útsöluverð á iðnaðarvörum vegna gjalds þessa.“ En niður falli það, sem í frv. segir, að gjaldið skuli vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður vegna álagningar tekjuskatts og tekjuútsvars. En með þessum breytingum mundi ég fylgja frv. fram.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef ekki að öllu leyti orðið sammála meðnm. mínum í iðnn. um afgreiðslu þessa frv. og legg til á þskj. 386, að á því séu gerðar þrjár efnisbreytingar.

Fyrsta breytingin snertir þá tekjuöflun eða það fjármagn, sem sjóðurinn á að hafa til ráðstöfunar. Samkv. frv. mundu árlegar tekjur sjóðsins verða um 9 millj. kr., og er sjálfsagt að viðurkenna, að það er veruleg aukning frá því, sem nú er. Ég tel hins vegar, að hér sé of skammt gengið, þegar litið er á þau mörgu og miklu verkefni, sem bíða fram undan hjá iðnaðinum. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að koma upp ýmsum nýjum iðnaðarfyrirtækjum. Í öðru lagi er nauðsynlegt að stækka ýmis iðnaðarfyrirtæki. Og í þriðja lagi þarf að gera verulega breytingu á ýmsum iðnaðarfyrirtækjum til þess að koma á aukinni vinnuhagræðingu. Það er mál, sem mjög er um rætt hjá launastéttunum og þær hafa vaxandi áhuga fyrir, að komið sé á aukinni vinnuhagræðingu hjá iðnaðarfyrirtækjum. En í langflestum eða a. m. k. mjög mörgum tilfellum er því þannig háttað, að þetta verður ekki gert, vinnuhagræðingu verður ekki komið fram, nema með meiri eða minni breytingu á fyrirtækjunum sjálfum. Það þarf að auka húsnæði, það þarf að bæta vélakost og þar fram eftir götunum. Þess vegna er auðséð, að fram undan eru hjá iðnaðinum mjög fjárfrekar framkvæmdir, ef hann á að komast í það horf, sem vera skal. Þess vegna tel ég, að það sé of lítið að ætla iðnlánasjóði ekki nema 9 millj. kr. tekjur árlega, og legg því til, að þær tekjur, sem sjóðurinn fái árlega, verði tryggðar honum um 15 millj. kr. Þó að þar sé um nokkra hækkun að ræða, finnst mér rétt að láta það eigi að síður koma fram, að ég tel það hvergi nærri nógu langt gengið, þó að það sé að sjálfsögðu veruleg úrbót frá því, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þá legg ég einnig til, að tekna til sjóðsins sé fyrst og fremst aflað með beinu framlagi úr ríkissjóði, en ekki sé lagður á nýr söluskattur til þess að afla sjóðnum tekna, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég álít, að það eigi að stefna að því, að það skattakerfi, sem við búum við, sé sem allra einfaldast og það sé ekki verið að bæta við nýjum og nýjum sköttum til að gera þetta kerfi miklu flóknara og erfiðara í framkvæmd, eins og stefnt er að með þessu ákvæði í frv., þar sem raunverulega er gert ráð fyrir að bæta við nýjum söluskatti, því að eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, ef greinin verður látin standa eins og nú er, þar sem gert er ráð fyrir þessum nýja skatti, þá verður hér ekki um annað en nýjan söluskatt að ræða. Við búum nú þegar orðið við fleiri söluskatta en þörf er á, bæði söluskatt á innflutningi og söluskatt á smásölu, og ég sé enga þörf á því, að það sé verið að bæta hér við einum söluskattinum enn. Við eigum að stefna að því að hafa skattakerfið sem einfaldast og auðveldast í framkvæmd, og þess

vegna er það röng stefna að fjölga sköttum, eins og stefnt er að með þessu frv.

Þriðja breytingin, sem ég legg til að gerð verði á frv., snertir stjórn sjóðsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að hún verði eingöngu í höndum iðnaðarmanna eða samtaka iðnaðarmanna, en ég legg til, að hún verði blönduð, þannig að Alþingi kjósi 3 stjórnarmenn, en samtök iðnaðarmanna leggi til 2. Þetta er millileið á milli þess, sem gildir um sambærilega sjóði sjávarútvegs og landbúnaðar, og þess, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og ég hygg, að það ætti að geta orðið samkomulag um þá leið. — Þar sem jafnmikið af tekjum sjóðsins kemur raunverulega annaðhvort beint frá ríkinu eða almenningi gegnum þann söluskatt, sem verður á lagður, þá er eðlilegt, að það séu opinberir aðilar, sem skipi meiri hl. sjóðsstjórnar eða m. ö. o. Alþingi.

Þetta eru þær brtt., sem ég legg til að gerðar séu á frv. En ég vil láta það koma fram jafnframt, að ég tel, að þó að hér sé stefnt í rétta átt að því leyti að styrkja iðnaðinn, þá sé það hvergi nærri fullnægjandi, jafnvel þó að þær brtt. yrðu samþ., sem ég flyt. Ég álít, að það sé margt fleira, sem þurfi að gera iðnaðinum til styrktar, heldur en tryggja honum aukið stofnfé, þó að það sé sjálfsagt og nauðsynlegt. Það er ekki síður t. d. mikilvægt að bæta þau vaxtakjör, sem iðnaðurinn hefur við að búa, því að ég held, að íslenzkur iðnaður hafi nú við lakari og verri vaxtakjör að búa en iðnaður nokkurs annars lands, og það gefur auga leið, hvað það þýðir í samkeppni fyrir íslenzkan iðnað við erlenda keppinauta. Þess vegna er það tvímælalaust eitt af allra mestu hagsmunamálum iðnaðarins, að vextir séu verulega lækkaðir frá því, sem nú er. Og það er ekki heldur einhlítt að auka stofnlán og lækka vexti, ef ekki er séð fyrir því, að iðnaðurinn hafi nægileg rekstrarlán, því að fyrirtækin geta að sjálfsögðu ekki starfað, nema þau fái meiri og minni rekstrarlán. Fyrir þessu máli hefur enn hvergi nærri verið séð svo sem skyldi.

Fyrir 5 árum var afgreidd hér á Alþingi till., sem einn af þáv. þm. Sjálfstfl. flutti um það að tryggja iðnaðinum sambærileg rekstrarlánakjör og t. d. sjávarútvegurinn hefur og landbúnaðurinn í sambandi við lán út á afurðir. Þessi till. var samþ. þá, í tíð vinstri stjórnarinnar, og var að sjálfsögðu ætlun hennar að vinna að framkvæmd þessa máls. En síðan þeir flokkar komu til valda, sem nú fara með þau, fyrir 5 árum, hefur ekkert verið gert í þessu máli til þess að tryggja iðnaðinum að þessu leyti sambærilega aðstöðu við aðra atvinnuvegi, og þetta veldur að sjálfsögðu stórkostlegum þrengingum hjá honum og erfiðleikum og gerir honum erfiða samkeppnina við erlenda keppinauta. Má t. d. minna á það í þessu sambandi, að íslenzkar skipasmíðastöðvar hafa misst af mörgum verkefnum vegna þess, að þær hafa ekki getað boðið kaupendunum sambærileg lánskjör við það, sem erlendar skipasmíðar hafa boðið, og þar af leiðandi hafa allmörg slík verkefni, sem hefði verið hægt að leysa hér í landinu, verið leyst af hendi í öðrum löndum. Slíkt er að sjálfsögðu öfugþróun. Gegn þessu verður að sporna, og það verður ekki gert, nema iðnaðinum verði tryggð stórbætt rekstrarkjör frá því, sem nú á sér stað.

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Ég vil mælast til þess við hv. forseta, að umr. verði nú frestað, svo að n. geti athugað fram komnar brtt.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Í tilefni af brtt. hv. 2. landsk. þm. á þskj. 385, 2. tölul., þar sem segir, að óheimilt sé að hækka útsöluverð á iðnaðarvörum vegna gjalds þessa, vil ég upplýsa, að ákvæði 5. gr. frv. um 0.4% gjaldið ber að skilja á þann veg, að iðnaðurinn sjálfur eigi að taka það á sig. Kemur þetta fram í aths. við 5. gr. frv., en þar segir m. a.:

„Með hliðsjón af því, að frv. gerir ráð fyrir nýjum verkefnum fyrir iðnlánasjóð, sem krefjast stóraukinna fjárráða, þótti óhjákvæmilegt að tryggja sjóðnum árlegar tekjur umfram ríkisframlagið og vexti af stofnfé. Eftir að leitað hafði verið álits stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda, var ákveðið að leggja til, að lagt yrði gjald á iðnaðinn sjálfan, sem miðaðist við aðstöðugjaldstofn hvers greiðanda."

Framleiðsluvörur iðnaðarins eiga því ekki að hækka í verði til neytenda vegna þessa gjalds, og vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hv. flm., að hann dragi till. sína til baka.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að leggja iðnlánasjóði nokkru meira fé en áður hefur verið, og er það tvímælalaust nauðsynlegt. Það er á hinn bóginn tvennt, sem mig langar til að gera að umræðuefni í sambandi við þetta frv., og hefur um hvort tveggja verið rætt áður og liggja raunar fyrir brtt. varðandi þau atriði bæði. Ég vildi leggja fáein orð í belg um þau samt.

Það er þá fyrst varðandi stjórn stofnunarinnar. Það er gert ráð fyrir því, að meiri hl. stjórnar stofnunarinnar sé tilnefndur af stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn Félags ísl. iðnrekenda, en einn skipaður án tilnefningar. Þetta þýðir, að þeir, sem eru í Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna, hafa aðstöðu til að ráða því, hverjir fá lán til iðnrekstrar. Og það er ekkert ámæli í garð þeirra, sem standa að þessum samtökum, þó að það sé sagt, að það er vægast sagt óviðkunnanlegt að ganga þannig frá löggjöf, að þeir, sem fyrir eru í atvinnurekstri, eiga að ráða því, hverjir fá lán til þess að starfa að þess konar rekstri. Það er því mjög nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði frv., og mér finnst

það eiginlega dálítið einkennilegt, að þetta skuli standa í lagafrv. Þetta er áreiðanlega ekki heppilegt fyrirkomulag og tíðkast heldur ekki, þar sem aðrar atvinnugreinar eiga hlut að máli. Ég held, að engum mundi t. d. detta í hug að fela samtökum útvegsmanna meirihlutavald um það, hverjir fengju lán til þess að kaupa fiskiskip, að þeim samtökum gersamlega ólöstuðum, eða t. d. bændasamtökunum í landinu ákvörðunarvald um það, hverjir fengju lán til landbúnaðar. Þetta er áreiðanlega ekki rétt stefna og miklu réttari og eðlilegri stefna, að stjórn þessarar stofnunar sé nokkuð hliðstætt sett saman og tíðkast um aðrar stofnlánadeildir, aðrar stofnlánastofnanir í landinu.

Hv. 2. minni hl. fer eins konar miðlunarveg í þessu og leggur til, að meiri hl. stjórnarinnar verði þingkjörinn, en þeir, sem starfa að iðnrekstri, hafi tvo fulltrúa, og leggur þá til, að það séu þrír aðilar, sem komi til greina í sambandi við tilnefningu fulltrúanna tveggja, þ. e. a. s. Landssamband iðnaðarmanna og stjórn Félags ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga. Þarna er ríkisvaldinu ætlaður meiri hl. í stjórn stofnunarinnar, eins og virðist vera alveg eðlilegt og sjálfsagt. En á hinn bóginn er þessum samtökum ætlaður minni hl., þ. e. a. s. tveir fulltrúar. Og þá er í till. hv. minni hl. bætt úr þeim furðulegu rangindum, sem eru í frv., sem sé þeim, að Sambandi ísl. samvinnufélaga er ekki ætluð nein íhlutun um stjórn stofnunarinnar, enda þótt iðnaðarsöluskatturinn, sem á að leggja á, verði að sjálfsögðu alveg eins lagður á framleiðslu samvinnufélaganna, iðnaðarframleiðslu þeirra, eins og aðra iðnaðarframleiðslu í landinu.

En það er eins og vant er, það er um rangindi að ræða í garð samvinnufélaganna. Þeim er engin íhlutun ætluð um stjórn stofnunarinnar, og var þó sjálfsagt, að samvinnufélögin hefðu fulltrúa fyrir sinn iðnað eins og hinir, fyrst stjórnin á annað borð lagði til, að þessi samtök hefðu fulltrúa í stjórninni.

Það er stórfurðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli treysta sér til þess að leggja fram uppástungu um rangindi eins og þessi. Hvaða rök eru fyrir því, að samvinnufélögin í landinu, sem reka stórfelldan iðnað, hafi enga íhlutun um þessi mál? Það væri mjög fróðlegt að heyra rökin fyrir því, hvers vegna samvinnufélögin í landinu eiga enga íhlutun að hafa um þessi mál, fyrst iðnrekstrinum yfirleitt er ætlað að hafa íhlutun um þau. Það kom auðvitað ekki til, að samvinnufélögin hefðu hér nokkra íhlutun um, ef stjórn sjóðsins hefði ekki verið skipuð af samtökunum. En fyrst hæstv. ríkisstj. vill hafa það svo, hvernig dettur henni þá í hug að útiloka samvinnuiðnaðinn frá þessari íhlutun? Það væri fróðlegt að heyra rökin fyrir þessu, eins og ég sagði áðan.

Þá er annar þáttur í þessu máli, sem nokkuð hefur verið ræddur hér, og hann langar mig einnig til að drepa á. Og það er þetta: Það á að afla tekna í þennan iðnlánasjóð með nýjum söluskatti. En skatturinn, sem upp á er stungið í 5. gr., 0.4% gjald af iðnaðinum í landinu, þ. e. a. s. af iðnaðarvörunum, þessi skattur er innheimtur af iðnaðarvörunum, því að það er greinilega tekið fram í greininni, að það á að innheimta hann á sama hátt og aðstöðugjaldið, þ. e. a. s. þetta er söluskattur. Þetta er ekki skattur á fyrirtækin, þetta er söluskattur. Frsm. var að lýsa hér einhverju yfir áðan um, að það kæmi fram í grg., að iðnrekendum væri ætlað að greiða þetta gjald. Samt er augljóst, að fyrst á að fara með þetta gjald eftir lagagreininni eins og aðstöðugjaldið, þá kemur þetta gjald inn í vöruverðið, alveg eins og aðstöðugjaldið, alveg eins og veltuútsvarið nýja. Fyrirtækin greiða ekki nýja veltuútsvarið af sínum eigin nettóhagnaði. Aðstöðugjaldið kemur inn í vöruverðið, og það leiðir alveg af sjálfu sér, hvað sem stendur í grg., þegar farið verður að verðleggja vöruna, enda stendur í lagagreininni, að það eigi að fara með þetta eins og aðstöðugjaldið, þ. e. a. s. veltuútsvarið, og það kemur inn í vöruverðið.

Að því leyti sem verðmyndunin er frjáls í iðnaðinum, kemur þetta vitaskuld strax inn í verðlagið eins og annar kostnaður, sem á er lagður. Að því leyti sem verðlagsyfirvöld fjalla um verðlagningu iðnaðarvara, yrði kannske byrjað með því fyrst að káka við að hafa þetta utan við verðlagninguna, en fljótlega mundi það að sjálfsögðu koma inn í verðlagninguna og inn í verðlagið, þar sem ekkert ákvæði væri til í l., sem bannaði það.

Það er því algerlega augljóst mál, að hér er um nýjan söluskatt að ræða, og þá kemur spurningin: Er nokkur ástæða til þess að vera að leggja á nýjan söluskatt, setja upp nýtt söluskattskerfi við hliðina á því, sem fyrir er, til að innheimta söluskatt af iðnaðarvörum og leggja í þennan sjóð? Það er vitanlega engin ástæða til slíks. Ríkissjóður innheimtir skatta upp á tæpa tvo milljarða króna, og það virðist ekki vera neitt óeðlilegt við að ætla iðnaðinum eitthvað af þeirri óhemjufúlgu sem framlag ríkisins til iðnlánasjóðsins, eins og hv. minni hl. n. leggur til.

Það er auðvitað engin skynsemi í því að fara að kosta til þess sérstaklega að leggja á þennan nýja söluskatt aðeins út af þeirri fjárhæð, sem á að leggja til iðnlánasjóðsins. Það er vitanlega alveg sjálfsagt að taka það framlag, sem almenningur á að láta til iðnlánasjóðsins, gegnum ríkistekjurnar, ríkissjóður leggi fram fé til sjóðsins.

Hér er verið að leggja á nýjan skatt til viðbótar þeim, sem fyrir eru og ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Skal ég hlífa mönnum við því núna að lesa lista yfir þá skatta, sem bætt hefur verið við til ríkissjóðs á síðustu árum, þótt full ástæða væri til þess, og mun ég gera það síðar, ef mér þykir ástæða til. En hitt vil ég benda á, að það er svo sem síður en svo, að það sé nokkurt einsdæmi, að ríkisstj. bæti sérsköttum við þær álögur, sem hún hefur beitt sér fyrir til ríkissjóðsins. Það virð-

ist vera stefna hæstv. ríkisstj. að bæta við nýjum sköttum og nýjum álögum í flestum stjfrv., og skal ég færa þessum orðum mínum stað.

Í fyrsta lagi vil ég telja upp þennan nýja söluskatt, 0.4% á iðnaðarvörurnar, sem á að lögleiða með þessu frv.

Þá vil ég einnig benda á, að hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir stórkostlegri hækkun á útflutningsgjöldum á sjávarafurðir, eins og öllum er kunnugt. Og það var aðeins fyrir harðfylgi stjórnarandstöðunnar og samtaka íslenzkra útvegsmanna, að þessar nýju álögur á sjávarútveginn fengust til bráðabirgða settar inn í greiðslur til útvegsins sjálfs vegna tryggingariðgjalda, aðeins til bráðabirgða lét stjórnin undan og samþykkti að láta þessa stórhækkun, sem varð á útflutningsgjöldunum til sjávarútvegsins, renna inn í tryggingariðgjöld bátanna og skipanna.

Þá hefur ríkisstj. beitt sér fyrir því, eins og kunnugt er, að sérstakur launaskattur verði lagður á bændur og renni til stofnlánadeildar landbúnaðarins. En þessi skattur er þeirrar náttúru, eftir því sem stjórnin hefur gengið frá honum, að það er bannað með öllu að láta hann ganga inn í verðlag landbúnaðarafurðanna. Þetta er persónulegur skattur, beinn skattur, tekjuskattur á bændurna sjálfa, þessi 2%, sem lögð hafa verið á þá. Og slíkt ákvæði, að ekki megi taka toll eða skatt inn í vöruverð, á sér enga hliðstæðu í neinni löggjöf. Það eru aðeins bændurnir, sem búa við það, að það er bannað með lögum, að þessi 2% skattur gangi inn í landbúnaðarverðlagið. Það skal vera tekjuskattur, persónulegur skattur á bændurna, á þær tekjur, sem þeim er ætlað að hafa út úr búunum.

Til viðbótar þessu hefur svo hæstv. ríkisstj. beitt sér fyrir almennum söluskatti á landbúnaðarafurðir, sem einnig á að renna í stofnlánadeild landbúnaðarins, 0.7%, ef ég man rétt. Það er að vísu ekki bannað að láta hann ganga inn í verðlagið, það er venjulegur söluskattur, venjulegur tollur á neytendurna, sem á að renna í stofnlánadeildina.

Það er óþarfi að taka fram, að Framsfl. heldur uppi harðri baráttu fyrir því, að þessi launaskattur, einstæði launaskattur á bændurna verði afnuminn og einnig söluskatturinn á landbúnaðarafurðirnar og ríkið leggi fé í staðinn til stofnlánadeildanna af þeim óhemjufúlgum, sem ríkið leggur á landsmenn, og er fullt samræmi í þeirri afstöðu framsóknarmanna til þessara skatta og afstöðunni til þess að leggja nú nýjan söluskatt á iðnaðarvörur. Við erum á móti því, eins og við beittum okkur á móti álagningu launaskattsins á bændur og álagningu söluskattsins á landbúnaðarafurðirnar. Það var einnig í fullu samræmi við þessa stefnu okkar, að við tókum þátt í því að knýja hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihl. til að skila sjávarútveginum aftur beint inn í reksturinn, þ. e. a. s. inn í iðgjaldakostnaðinn, hækkun útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Undan því þorði stjórnarliðið ekki annað en láta, og það hafðist. Á hinn bóginn hefur enn ekki unnizt sigur í skattamálinu á bændur, en þeirri baráttu verður haldið áfram og barizt á móti því að leggja nú sérstakan söluskatt á iðnaðarvörur í stað þess, að ríkissjóður leggi iðnlánasjóði nokkurt fé.

Nú hef ég talið hér upp fjóra aukaskatta: nýjan söluskatt á iðnaðarvörur, stórkostlega hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sérstakan launaskatt á bændur og sérstakan söluskatt á landbúnaðarafurðir. En menn skulu ekki halda, að hér með sé allt talið af aukapinklunum, sem hæstv. ríkisstj. er að bögglast við að hengja á þjóðina þessi missirin. Í frv., sem hér liggur fyrir hv. Alþingi um rannsóknarstarfsemi ríkisins, er gert ráð fyrir að leggja nýtt gjald á sementsframleiðsluna í landinu, söluskatt á sement, sem framleitt er innanlands, til þess að styðja rannsóknir. Enn fremur er í sama frv. gert ráð fyrir nýju aðflutningsgjaldi, eins konar aðflutningssöluskatti eða hvað á að kalla það, á timbur og járn. Þá er enn fremur í þessu sama frv. um rannsóknaráð ríkisins gert ráð fyrir að leggja nýjan skatt á iðnaðinn, sem nemur 2‰ af öllu útborguðu kaupi verkafólks og fagmanna.

Ég nefni þetta til dæmis um þá stefnu, sem fylgt er, að bæta sífellt ofan á þær álögur, sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hafa beitt sér fyrir í ríkissjóðinn, sem eru þó svo stórkostlegar, að þær eiga sér engan líka í sögu landsins, — alls engan. Það er ekkert, sem áður hefur gerzt, sem kemst í hálfkvisti við það, sem nú hefur átt sér stað í þeim efnum. Og þrátt fyrir þessar gífurlegu álögur er svo að segja í hverju frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur fyrir, eitt eða fleiri ákvæði um enn nýjar álögur, nýja skatta, nýja tolla, nýja söluskatta.

Í því sambandi vil ég svo að lokum nefna eitt dæmið enn, en væri þó vafalaust hægt að nefna fleiri, því að ég hef ekki rannsakað þetta af neinni nákvæmni, nánast tekið það, sem ég mundi eftir á stundinni, og það er, að jafnvel í frv. um ríkisábyrgðir er nýr skattur. Ríkisábyrgðirnar eru skattlagðar til ríkissjóðs með 1—1½% af fjárhæð ábyrgðarinnar. M. a. er þar t. d. innheimt 1% af öllum ríkisábyrgðum vegna íbúðabygginga, og svo að segja hver einasti maður, hver einustu ung hjón, sem brjótast í því að koma sér upp íbúð, verða þar að borga nýjan skatt ofan á allt annað. Þetta getur numið þúsundum króna fyrir fólk, sem er að brjótast í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Skattaloppan er alls staðar. Og því er svo hægt að bæta við í þessu dæmi, að ríkið mun aldrei hafa tapað neinu á ábyrgðum sínum fyrir byggingarsamvinnufélög.

Hvernig halda menn svo, að skattakerfið verði með þessu áframhaldi? Þetta er ríkisstj., sem sagðist ætla að beita sér fyrir því að gera skattakerfið einfaldara á allan hátt í framkvæmd. Það er sú sama ríkisstj., sem stingur upp á því að setja upp nýtt kerfi til að innheimta 0.4% söluskatt á iðnaðarvörur,

annað kerfi til þess að innheimta 2‰ gjald af öllu útborguðu kaupi verkafólks og fagmanna í iðnaðinum, ofan á önnur dæmi, sem ég nú hef nefnt.

Ég vil leyfa mér að mótmæla þessari stefnu hæstv. ríkisstj., og m. a. í því skyni að reyna að brjóta þá stefnu á bak aftur er flutt af hálfu Framsfl. till. um að fella út úr þessu frv. ákvæðið um sérstakan söluskatt á iðnaðarvörur til þess að standa undir framlaginu til iðnlánasjóðsins. Við álítum sjálfsagt, að þetta framlag sé greitt af ríkisfé.

Frsm. 1. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Hv. frsm. iðnn. hefur hér flutt yfirlýsingu þess efnis, að það sé ekki ætlazt til, að 0.4% gjaldið, sem um getur í þessu frv., leggist á útsöluverð iðnaðarvara, heldur eigi iðnaðurinn sjálfur að standa undir því. Út af fyrir sig er ánægjulegt að heyra þessa yfirlýsingu, sem ber að skilja, trúi ég, á þann veg, að þetta sé skoðun ríkisstj. og þannig sé hugsað að það verði í framkvæmd. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna þá hefði ekki mátt taka þetta fram skýrum orðum í frv. sjálfu. En með hliðsjón af þeirri yfirlýsingu, sem hv. formaður iðnn. nú hefur gefið, mun ég taka 2. brtt. á þskj. 385 til baka til 3. umr., til þess að það gefist a. m. k. tóm til að athuga nánar, hvaða gildi þessi yfirlýsing, sem hér hefur verið gefin, raunverulega hefur. En eins og ég sagði, hefði ég talið miklu æskilegra og raunverulega það eina rétta, að lögin sjálf hefðu talað skýru máli um þetta efni, sem ekki virðist vera ágreiningur um, hvernig beri að framkvæma.

Hins vegar verð ég að lýsa undrun minni yfir, að meiri hl. n. skuli ekki geta fallizt á að taka tillit til skoðana minni hl. um skipan stjórnar fyrir sjóðinn. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég sagði í gær varðandi stjórnina. Ég tel, að það sé algerlega rangt að farið, að stjórnin skuli vera skipuð eftir tilnefningu samtaka iðnrekenda og þeir því hafandi öll ráð. Hér er farið inn á nýjar brautir, sem ég tel að séu mjög varhugaverðar og beri ekki að gera. Það er aldeilis rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það þarf ekki að felast í því neitt vantraust til þeirra manna, sem hér er ætlað um að fjalla, þ. e. a. s. fulltrúa Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda, þó að þessar skoðanir komi fram. En það er mjög óviðkunnanlegt, svo að ekki sé meira sagt, að einmitt þeir, sem sjálfir eiga að njóta góðs af þessum sjóði, hafi allt ráðstöfunarvald hans í sínum höndum og ekki aðeins það fé, sem mætti kannske segja að þeir legðu fram, heldur og allt fé sjóðsins, bæði það, sem lagt er fram beint úr ríkissjóði, og þau lán, sem sjóðurinn kemur til með að taka og hljóta að verða, a. m. k. fyrsta kastið, hans höfuðfjármagn, lán, sem tekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Ég vildi mjög eindregið mælast til þess, að áður en lokið verður við þetta mál hér í hv. d., yrði þetta endurskoðað og athugað, hvort ekki eru möguleikar til þess að breyta þessu ákvæði, sem ég tel mjög mikilsvert að gert verði, og gera allt frv. eða l. á annan veg en þau eru með þessum ákvæðum. En eins og ég sagði, herra forseti, ég tek aftur till. til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er sannarlega ánægjulegt, að þetta frv. hefur fengið yfirleitt góðar undirtektir hér á hv. Alþingi, og bendir það til þess, að menn eru almennt farnir að hafa meiri skilning en áður á þörf iðnaðarins á að fá einhverja sambærilega stofnun eins og landbúnaður og sjávarútvegur hafa nú í dag.

Það eru aðallega tvö atriði, sem deilt hefur verið um, þ. e. sú tekjuöflun, sem frv. bendir á, og svo einnig stjórnarfyrirkomulag sjóðsins.

Ég held, að það sé alveg ljóst, að ef iðnlánasjóður á að geta gegnt hlutverki sínu, þurfi hann að hafa fastar árlegar tekjur, og ríkisframlagið, 2 millj. á ári, hefur hvergi nærri hrokkið til þess að fullnægja þessum þörfum. Það var því raunar ekki um nema tvær leiðir að ræða í þessu sambandi, annaðhvort að taka upp eitthvert svipað fyrirkomulag og gilt hefur um fiskveiðasjóð og nú um stofnlánadeild landbúnaðarins eða þá leggja auknar byrðar á ríkissjóðinn. Það er enginn vafi á því, að ef sú leið hefði verið farin, sem hv. fulltrúi Framsfl. í iðnn. leggur til, að ganga út frá því, að ríkissjóður legði 15 millj. kr. á ári til iðnlánasjóðsins, þá hefði það leitt til þess, að sams konar krafa eða kröfur hefðu einnig komið frá fiskveiðasjóði eða stofnlánadeild landbúnaðarins. Það er því raunar ekki um það að ræða, hvort ríkið hefði átt að taka upp á sín fjárlög 15 millj., heldur milljónatugi, og það gefur auga leið, að ef slíkt hefði átt að gera, þá hefði að sjálfsögðu orðið að tryggja nýjar tekjur og þá væntanlega finna einhvern nýjan skattstofn. Ég tel því, að sú leið, sem frv. fer í sambandi við tekjuöflunina, sé heppilegust, ekki sízt vegna þess, að bæði iðnrekendur og Landssamband iðnaðarmanna hafa tjáð sig samþykka þeirri leið.

Ég skal viðurkenna, að það má sannarlega deila um það, hvers konar stjórnarfyrirkomulag eigi að gilda varðandi sjóðinn. En ég hygg, að það hafi ráðið, þegar frv. var samið, að til margra ára höfðu Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda átt þarna sína fulltrúa í sjóðsstjórninni og síðan þriðji maðurinn verið skipaður af ráðh. Það mætti segja mér, að þetta fyrirkomulag hafi gefizt vel, og því var ekki talin ástæða til að breyta þar til um. Einnig má í því sambandi benda á það, að einmitt með nýja gjaldinu hafa þessi samtök iðnaðarmanna og iðnrekenda tekið á sig vissar kvaðir, og það má segja, að það sé þá ekki ósanngjarnt, að þessi samtök hafi sömu aðstöðu til þess að ráða sjóðnum og þau hafa haft nú til margra ára áður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er eitt atriði, sem ég vildi gjarnan gera að umtalsefni, og kann þó að vera, að það sé byggt á einhverjum misskilningi hjá mér, í sambandi við þetta mál og ekki sízt í sambandi við það, að í 6. gr. er heimilað að taka á ábyrgð ríkisins allt að 100 millj. kr. lán til þess að lána hér út. Hvar liggja takmörkin, sem ætlazt er til að iðnlánasjóður megi lána út á, hvað snertir gerð iðnaðarfyrirtækjanna? Kemur fiskiðnaðurinn undir þetta, eða kemur hann ekki undir það? Ástandið er þannig núna hvað snertir stofnlánadeild bæði sjávarútvegsins og eins fiskveiðasjóð, að þrátt fyrir það, að í báðum þessum lögum séu ákvæði um, hvað megi lána til ýmissa fiskiðjufyrirtækja, og hins vegar, hvað megi lána út á báta, þá fást yfirleitt ekki veruleg lán út á fiskiðjufyrirtækin, en hins vegar endalaust út á bátana. Það þykir alveg sjálfsagður hlutur, og er ekki nema gott um það að segja, að til þess að byggja báta eða kaupa þá geti menn fengið lán, en þegar kemur að því, að það eigi að fara að koma upp *fiskiðjufyrirtækjum, þá er a. m. k.* venjulegast svo að segja neitað um lán í þessu sambandi. Nú eru fiskiðnaður og síldariðnaður auðvitað iðnaður, og ég hef ekki getað rekizt á neitt í þessum lögum, sem mundi banna samkv. l. að lána út á slíkt. Að vísu skal ég geta þess, að það er venjulega í öllum hagskýrslum og yfirlitum bankanna og öllu slíku einn endalaus ruglingur í þessu öllu saman, þannig að Ísland fylgir ekki þarna venjulegum fyrirmælum. Auðvitað er iðnaður hér á landi miklu, miklu sterkari en venjulega er talið og kemur í ljós, vegna þess að í t. d. megininu af skýrslum bankanna er fiskiðnaðurinn tekinn með sjávarútveginum, sem er alls ekki rétt.

Þegar við erum að tala um iðnað hér heima á Íslandi, verðum við að gera okkur ljóst, hvaða iðnaður það er fyrst og fremst, sem við viljum efla í landinu. Og ef við ætlum að hugsa það raunhæft upp á samkeppni við aðra aðila, þá er það fyrst og fremst einn iðnaður og það er fiskiðnaður til útflutnings. Við skulum muna eftir, hvernig núv. iðnaður í landinu, sá, sem fyrst og fremst framleiðir fyrir innanlandsmarkaðinn, — það er að vísu ekki nema hluti af honum, — en sá, sem framleiðir fyrir innanlandsneyzlumarkaðinn, er að mjög miklu leyti vaxinn upp einmitt í þeirri gífurlegu tollvernd og vernd innflutningshaftanna, sem hér var lengi vel og er enn og hefur vaxið á síðustu árum í skjóli gengislækkananna og þar með raunverulega gífurlegra verndartollahækkana.

Ef við erum þess vegna að tala um að styrkja iðnað Íslendinga, þá hlýtur það, ef nokkurt vit er í hugsuninni, að eiga við matvælaiðnað líka, matvælaiðnað til útflutnings, og það er a. m. k. nauðsynlegt, að menn geri sér það alveg ljóst, að hverju menn eru að stefna í þessum efnum, hvort t. d. á að halda því fram, að fiskveiðasjóður eigi að veita slíkt lán, af því að honum beri það. En hann gerir það ekki og hefur ekki gert það á undanförnum árum. Og ástandið hefur verið þannig með þennan nauðsynlegasta iðnað Íslendinga, að það hafa ekki fengizt lán út á þetta, þannig að hér hafa staðið hús, sem hafa verið byggð fyrir þennan iðnað, í 15—20 ár, án þess að það hafi getað fengizt lán til að fá almennilegar vélar í þau. Það er þess vegna, um leið og tekin er ákvörðun um, að það skuli heimilað upp á ríkisábyrgð að taka 100 millj. kr. og lána út hér innanlands, þá held ég, að það sé nauðsynlegt, að menn reyni að gera sér ofur lítið ljóst, í hvað menn ætla að lána þetta og í hvað er praktískast að lána þetta. Á að taka þetta lán bara til þess, að einhverjir menn úr Landssambandi iðnaðarmanna eða Félagi ísl. iðnrekenda geti úthlutað þessu eins og þeim þóknast? Er meiningin að taka 100 millj. kr. lán erlendis og láta einhverja og einhverja menn í Reykjavík útdeila því, eða á að vera einhver hugsun og vit og samræmdar aðgerðir í þessu sambandi fyrir þjóðarbúið? Eða á ríkið ekkert að skipta sér af þessu?

Hvað er það, sem þörf er að gera fyrst og fremst hér á Íslandi nú í sambandi við iðnað? Það er að skapa iðnbyltingu í matvælaiðnaðinum. Hér vöðum við í slíkum auðæfum nú á hverju ári, að það er eins og við vitum ekkert, hvað við ætlum við þetta að gera. Við veiðum hér nú meira sakir nýrrar tækni í veiði af beztu síld, sem til er, og köstum 9/10 hlutum af henni í bræðslu, sama sem eyðileggjum hana, en gætum unnið úr þessu einhver fínustu matvæli veraldarinnar, matvæli, sem hvað kaloríuinnihald snertir eru jafngóð og svínakjöt og betri en allt annað kjöt hvað kaloríur snertir, þ. e. kílóið. En til þessa geta menn ekki fengið lán eða eiga a. m. k. mjög erfitt með það, og það eru engin ósköp hins vegar, sem þarf til þess að gerbylta um í þessum efnum.

Alþingi hafði framtak um það fyrir nokkrum árum, að á Siglufirði var byggð af hálfu ríkisstofnana niðurlagningarverksmiðja, sem framleiðir alveg ágæta vöru, að því er ég býst við að flestum sé kunnugt, hefur að vísu enn sem komið er framleitt mest fyrir innanlandsmarkað, en auðsjáanlega svo góða vöru, að það er hægt að bjóða hana erlendis hvar sem er, um leið og menn vilja hafa slíka verzlunarpólitík, að menn kæri sig um að koma slíkri vöru út erlendis. Það er hægt að selja fyrir tugi og hundruð millj. kr. af þessari vöru, ef menn bara vilja hafa slíka verzlunarpóltík, að menn komi henni út. Ég man ekki betur en þessi verksmiðja — hún er að vísu ekkert mjög stór — hafi kostað eitthvað 2½ eða 3 millj., og ég fyrir mitt leyti álít, að það, sem þyrfti að gera í svo og svo miklu af sjávarplássum Íslands, sé að koma svona verksmiðjum upp, líka hér syðra, og samræma með því okkar verzlunarpólitík, þannig að við flytjum þetta út í stórum stíl. Með 100 millj. kr. erlendu fé til að verja í að umbylta íslenzkum iðnaði þyrfti ekki nema part af því til þess að koma upp einum 10—15 slíkum niðurlagn-

ingarverksmiðjum, til þess að vinna miklu, miklu meira verðmæti úr síldinni, til þess upp undir það að tvitugfalda verðmætið á móts við það, sem við fáum fyrir það, þegar því er hent í bræðslu. Á iðnlánasjóður að aðstoða við slíka iðnbyltingu í matvælaiðnaðinum, eða á hann ekki að gera það? Ég veit, að bæði á Akureyri og í Reykjavík berjast fyrirtæki við mikla erfiðleika einmitt í sambandi við það, að þau fá ekki lán í þessa hluti, ekki nægileg lán a. m. k. Þetta er að einhverju leyti slíkum fyrirtækjum að kenna. Ef þeirra forstjórar eru ekki færir um að reka þau, þá mætti a. m. k. lána öðrum þetta. En hvað eftir annað hefur það gengið þannig, að slík fyrirtæki a. m. k. kvarta yfir því, að þau fái ekki lán, ýmist til þess að geta komið upp eða rekið svona fyrirtæki.

Ég held þess vegna, að það væri gott að gera sér það ljóst í sambandi við iðnlánasjóð, hvernig er bezt varið því fé, sem ákveðið er að setja í þetta. Og ég vildi mega leggja fram þá spurningu: Mundi vera hægt að nota slíkt fé að einhverju leyti til slíkrar iðnbyltingar eins og ég hef talað um í matvælaiðnaði Íslendinga? Í öðru lagi, svo framarlega sem það er rétt, að hægt sé að nota svona lán til slíks, þá vildi ég leggja fram þá spurningu: Hverjir eru bezt fallnir til þess að stjórna slíkum iðnlánasjóði? Halda menn, með þeim sérhagsmunum, sem við allir vitum að gætir og er ekki nema eðlilegt að gæti, t. d. hjá Landssambandi iðnaðarmanna eða hjá Félagi ísl. iðnrekenda, að þessum samböndum algerlega ólöstuðum, — halda menn, að stjórnendur þessara samtaka taki fyrst og fremst tillit til meðlimanna í þessum samtökum núna eða taki fyrst og fremst tillit til þess, hvað þjóðinni er fyrir beztu upp á framtíðarþróun? Jú, það kann að vera, að einhverjir af þeim séu mjög framsýnir menn, en ekki er víst, að þeir séu nú þar í meiri hl. Ég held þess vegna, að það sé lífsspursmál, eigi að vinna eitthvað á þessu sviði og losa okkur út úr því barbarii, sem við erum í hvað snertir meðferðina á okkar auði hér heima, okkar fiski og síld, þá þurfi fyrst og fremst að tryggja þarna menn, sem hugsi um heildarhagsmuni þjóðarinnar í þessu sambandi, hugsi um þróun iðnaðarins, hugsi um þá iðnbyltingu, sem við þurfum að skapa, og þá held ég, eins og hv. 2. landsk. þm. hefur lagt til, að stjórn slíks lánveitingasjóðs eigi að vera skipuð af Alþingi. Þrátt fyrir allt, sem sagt er um stjórnmálamenn og stjórn og hverjir eru í ríkisstj. á hverjum tíma og allt saman slíkt, þá er þó helzt von af hálfu þeirra manna, sem kjörnir eru í stjórn svona sjóðs af hálfu Alþingis, að það væri ekki tekið tillit eingöngu til sérhagsmuna einhverra iðnaðarmanna eða iðnrekenda í slíku sambandi, heldur til heildarhagsmuna þjóðarinnar og framtíðarmöguleika hennar.

Mér þætti þess vegna ákaflega vænt um að fá upplýsingar um það einmitt frá hv. n., hvernig útlán úr þessum sjóði séu hugsuð í þessu sambandi, og þætti mjög vænt um, að það gæti komið fram nú, þannig að við gætum athugað það mál við þessa umræðu.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. frsm. n. sagði, og í framhaldi af þeim orðum, sem ég lét falla um daginn. Ég lýsti eftir rökunum fyrir því, að samvinnufélögunum væri ekki ætluð nein hlutdeild í stjórn sjóðsins, enda þótt á vegum þeirra væri mikill iðnaður, og taldi þetta rangindi, þegar þess er gætt, að öðrum iðnrekendum er ætlað að stjórna sjóðnum að meiri hl. til. Ég spurði um rökin fyrir þessu, og hv. frsm. vildi ekki færa þau fram, minntist ekki á þetta atriði, og vil ég telja það vott þess, að hann áliti þetta með öllu óverjandi, að sýna samvinnufélögunum á þennan hátt rangindi og misrétti. En hitt finnst mér þó einkennilegt, að hv. frsm. skuli ekki, þar sem hann ekki færir rök fyrir þessari afstöðu, draga réttar ályktanir af því og fylgja fram þeirri breytingu, að samvinnufélögin fái þarna nokkra hlutdeild líka. Ég vil því endurtaka mótmæli mín í sambandi við þetta atriði málsins.

Þá benti ég á um daginn, að hæstv. ríkisstj. gerði till. um fjölmarga aukaskatta og aukaálögur umfram þær, sem væru í hinum almennu skattalögum, og kæmu tæpast svo frv. frá hæstv. ríkisstj., að ekki væri gert ráð fyrir nýjum skatti. Í þessu frv. er, eins og ég benti á þá, gert ráð fyrir 0.4% nýjum söluskatti á iðnaðarvörur. Það er verið að tala um, að þetta sé skattur á iðnaðinn. Við skulum ekki vera með neinn orðaleik. Þetta er söluskattur á iðnaðarvörur. Hann á að vera hliðstæður aðstöðugjaldinu, þ. e. a. s. veltuútsvarinu, sem búið er að skíra nýju nafni núna og heitir aðstöðugjald. Og aðstöðugjaldið kemur auðvitað inn í vöruverðið eins og almennur söluskattur.

Hv. frsm. sagði, að iðnrekendur mundu fúsir til þess, að þetta gjald yrði greitt af þeim, skildist manni, en ekki tekið inn í vöruverðið. En ég segi: Engar yfirlýsingar frá einstökum iðnrekendum hafa neina þýðingu í þessu sambandi, því að það leiðir af eðli málsins, að hvað sem þeir segja, þá verður það svo, þegar frá líður, að ef ekki er bannað með lögum að taka þetta gjald inn í vöruverðið, þá fer það inn í vöruverðið eins og veltuútsvarið og aðstöðugjaldið. Þetta er augljóst mál. Á hinn bóginn þykir þeim, sem standa að þessu gjaldi, þægilegra að halda hinu fram, meðan verið er að koma þessu inn í lögin. Og jafnvel þótt þeir iðnrekendur, sem hefðu gefið slíka yfirlýsingu, væru svo vandir að virðingu sinni, að þeir létu þetta ekki koma inn í sína verðlagningu, vegna þess að þeir hefðu sagt þetta, þá hafa þeir auðvitað ekkert vald á þessu til frambúðar. Þeir tala bara fyrir sig, og gjaldið kemur að sjálfsögðu inn í vöruverðið almennt, ef ekki strax, þá þegar frá líður. Hér er því hreinlega um söluskatt að ræða.

Hv. frsm. sagði, að ég hefði fundið að þessum aukasköttum, sem verið væri að leggja á með margvíslegu móti, en þess bæri að gæta, að ef þeir væru ekki lagðir á, þá þyrfti að hækka aðra skatta til ríkissjóðs, sagði hv. frsm. En ég mótmæli því alveg. Ég mótmæli því, að það þurfi að hækka álögur til ríkissjóðs, enda þótt samþ. væri till. minni hl. n. um 15 millj. kr. framlag til iðnlánasjóðs úr ríkissjóði. Ég mótmæli því, að það þurfi að hækka álögur til ríkissjóðs, þótt sú till. yrði samþ. og sjóðnum þannig lagt nokkurt fé af því fjármagni, sem tekið er með almennum sköttum og rennur til ríkissjóðs, enda held ég tæpast, að mörgum, sem kunnugir eru ríkisbúskapnum og álögunum og ríkistekjunum, eins og þær eru núna, með þeim gífurlegu álögum, sem mokað hefur verið á þjóðina undanfarið, mundi detta í hug að taka undir þessi ummæli hv. þm. Ég mótmæli þessu því algerlega, enda mun reynslan sýna það.

Við sýndum fram á með sterkum rökum við afgreiðslu fjárlaga í vetur, að það var óhætt álaganna vegna að samþ. nokkru meiri ríkisútgjöld en þá voru sett á fjárlögin án þess að hækka skattana og tollana. Við sýndum fram á þetta með skýrum rökum, og þau rök standa enn. Það er þess vegna gersamlega ástæðulaust að vera að lögleiða alla þessa aukaskatta, sem hæstv. ríkisstj. er á ferðinni með í þessu frv., auk þess sem það er í góðu samræmi við annað á vegum hæstv. ríkisstj. varðandi stefnuyfirlýsingar og efndir, að ríkisstj., sem hét því að gera allt skattakerfið miklu einfaldara en áður var og léttara í vöfum, stingur nú upp á að innleiða hvern aukaskattinn af öðrum, sem kosta stórkostlega nýja fyrirhöfn og hafa í för með sér verulegan kostnað, fyrir utan öll óþægindin, sem af þessum sköttum stafa. Ég benti um daginn á aðeins örfá atriði. Ég benti á hækkunina á útflutningsgjaldinu. Ég benti á nýja launaskattinn á bændurna, sem er innheimtur með alveg nýju kerfi. Ég benti á söluskattinn á landbúnaðarafurðirnar, sérstakan söluskatt á landbúnaðarafurðirnar. Og ég benti á nýja söluskattinn á iðnaðarvörurnar, sem verið er að lögbjóða með þessu frv. Ég benti á nýja skattinn á ríkisábyrgðirnar, sem einnig er farið að innheimta. Og ég benti á tillögur ríkisstj., sem hér liggja fyrir, um sérstakan skatt á launagreiðslur iðnaðarfyrirtækja, sem er enn eitt nýtt „apparat" til að innheimta skatta. Enn fremur nýjan söluskatt á sement, sem framleitt er í landinu, og nýjan aðflutningssöluskatt á byggingarvörur. Og fer þó því vafalaust fjarri, að ég hafi náð að koma fram með tæmandi upptalningu á öllu þessu skattaflóði, sem hellt er yfir þjóðina og hefur verið nú á undanförnum missirum. Þar að auki benti ég á það í leiðinni, að skattar til ríkissjóðs hafa hækkað eða álögurnar í heild um 1300 millj. kr. síðan 1958. Samt þarf að dómi stjórnarinnar að moka á öllum þessum aukagjöldum. Ég mótmæli því þess vegna, sem hv. frsm. hélt fram, að það þyrfti að leggja á nýja tolla eða nýja skatta til ríkissjóðs, þótt honum væri ætlað að borga það framlag, sem hv. minni hl. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 386,1 felld með 15:9 atkv.
Brtt. 385,1 felld með 15:11 atkv.
3. gr. samþ. með 15:9 atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 386,2 felld með 17:9 atkv.
— 385,2 tekin aftur til 3. umr.
5. gr. samþ. með 20:1 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 386,3 kom ekki til atkv.
8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
9.—22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 251, 385,2).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 385,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

---

19. Hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf [60. mál] (stjfrv., A. 60).

Á 9. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 2. maí s. l., en það er um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf. Í bráðabirgðalögunum segir:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Ríkisstj. hefur tjáð mér, að greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tímakaupi skv. gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 með síðari verðlagsuppbótum skv. lögum. Verkfræðingafélag Íslands hafi nú gefið út nýja gjaldskrá, sem gildir frá 1. þ. m., þar sem tímakaupi er ætlað að hækka allt að 320%, auk þess sem þóknun fyrir ákvæðis-

vinnu er ætlað að hækka verulega. Slík hækkun á kaupi verkfræðinga mundi óhjákvæmilega valda stórvægilegri röskun á launamálum bæði hjá ríki og öðrum aðilum og auk þess óeðlilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir. Því telur ríkisstj. brýna nauðsyn bera til, að komið verði í veg fyrir, að nefnd gjaldskrá komi til framkvæmda. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr. Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955, að viðbættum löglegum uppbótum. Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast til 40% þóknunar skv. fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

2. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þessi lög þurfa ekki mikilla skýringa við. Ég á ekki von á því, að hv. þm. færi fram rök gegn þeirri nauðsyn, að þessi lög voru sett, þar sem um það var að ræða, að hækkun á gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands nam allt að 320%. En vegna þess að það hefur sézt oftar en einu sinni í blöðum, að þetta væri ekki rétt, að gjaldskráin hækkaði svona mikið, þykir mér hlýða að nefna hér dæmi. Sé ég ekki ástæðu til þess að geyma mér það, þar sem ég á ekki von á, að því verði mótmælt hér á hv. Alþingi. Það er hér t. d. eitt dæmi, sem ég get nefnt af mörgum úr hinni nýju gjaldskrá.

Tímakaup skv. nýju gjaldskránni skal vera, ef verkfræðingur, sem vinnur verkið, hefur reynslu, 350 kr. á klukkustund, að viðbættum 40%, þegar um er að ræða efnaverkfræðinga, fyrir venjulegar efnagreiningar og efnaprófanir, sem gerir þá 140 kr., og verður þá tímakaupið hjá þessum verkfræðingi 490 kr., en skv. gildandi gjaldskrá kr. 116.72. Hækkun er því 319.8%.

Það má nefna annað dæmi um þessa gjaldskrá. Þegar um það er að ræða, að verkfræðifirma tekur að sér störf og lætur annað starfsfólk á skrifstofunni vinna störfin, þá er gert ráð fyrir að taka aukaþóknun af árskaupi þess manns, sem vinnur verkið. Tökum dæmi, að maður vinnur í verkfræðifirma og hefur 100 þús. kr. laun, þá skal reikna 1.2‰ af árskaupinu, sem gerir þá 120 kr. á tímann. Það tekur því aðeins 833 klst. að borga árskaup þessa manns. Hins vegar er gert ráð fyrir, að lágmarksvinnustundafjöldi þessa manns yfir árið séu 2200 tímar og jafnvel 2500 tímar. Ef við reiknum aðeins með 2200 tímum á 120 kr., fær verkfræðifirmað fyrir vinnu þessa manns 264 þús. kr., eða álagningin á vinnu þessa manns verður þá 164 þús. kr. skv. nýju gjaldskránni. Ég á ekki von á því, að nokkur hv. þm. mótmæli því, að komið var í veg fyrir, að þessi gjaldskrá gæti tekið gildi.

En nú skal ég nefna hér þriðja dæmið, sem verkfræðingarnir telja sennilega að sé byggt á sanngirni, en gæti komið ónotalega við. Við skulum t. d. taka það, að verkfræðingafirma væri falið að teikna brú skv. nýju gjaldskránni, þá verður tímakaupið 309 kr. í staðinn fyrir 142 kr. áður — hækkun 118%. Þetta er eitt af lægstu dæmunum úr nýju gjaldskránni.

Ég hef nefnt hér af handahófi aðeins þrjú dæmi til rökstuðnings fyrir því, að nauðsynlegt var að koma í veg fyrir, að þessi nýja gjaldskrá Verkfræðingafélagsins tæki gildi. Og í viðtölum við ýmsa verkfræðinga hef ég heyrt það, að þeir margir hverjir eru alls ekki ánægðir með þessa gjaldskrá, enda hafa verkfræðingar tekið bráðabirgðalögunum með skynsemi, og er alls ekki svo, að þeir undir niðri telji margir hverjir óeðlilegt, að ríkisstj. skyldi grípa hér inn í. Það er því enn unnið eftir gömlu gjaldskránni. En því ber ekki að neita, að það hefur orðið dálítið bagalegt hjá einstökum stofnunum, að verkfræðingum hefur fækkað, þeir hafa hætt vinnu. Þó hefur þetta ekki verið bagalegra en svo, að hægt hefur verið að halda áfram hinum verklegu framkvæmdum á þessu ári, sem fyrirhugaðar voru.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Mönnum er áreiðanlega ljóst, hvernig það liggur fyrir, og ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 60, n. 313, 314 og 317).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt á nokkrum fundum sínum frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf, en frv. þetta er flutt af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem sett voru 2. maí 1962. N. hefur kvatt til fundar við sig til skrafs og ráðagerða tvo af starfsmönnum samgmrn., þá Brynjólf Ingólfsson og Gunnar Vagnsson, og einnig nokkra fyrirsvarsmenn Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga, en síðarnefnda félagið er sú deild í fyrrnefnda félaginu, sem launa- og kjaramál launþega í verkfræðingastétt heyra undir.

Nm. hafa ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. fellst á þau rök, sem fram eru borin fyrir setningu brbl., eins og á stóð, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem greind er í nál. á þskj. 313, en l. minni hl. n., hv. 11. landsk. þm., leggur til, að frv. verði fellt, og 2. minni hl., hv. 4. þm. Sunnl., leggur til, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá, og leggja báðir þessir hv. þm. fram sérstakt nál. þar um.

Ástæðan fyrir því og aðdragandinn að því,

að þau brbl., sem frv. þetta fjallar um, voru sett, er í stórum dráttum sá, að í júlímánuði 1961 sögðu launþegar í verkfræðingastétt og þ. á m. þeir, sem starfa við ríkisstofnanir, upp samningum um kaup og kjör og kröfðust verulegra launahækkana. Töldu vinnuveitendur sig ekki geta gengið að þeim launahækkunum, sem krafizt var, en ríkisstj. bauð verkfræðingum, sem starfa við ríkisstofnanir, óbreytta samninga með sömu hækkun og aðrar stéttir fengu frá 1. júlí 1961, þ. e. 13.8%, en þessu hafnaði Stéttarfélag verkfræðinga með öllu.

Vorið 1962 gaf Verkfræðingafélag Íslands út nýja gjaldskrá, sem taka skyldi gildi frá 1. maí 1962, í stað eldri gjaldskrár félagsins, sem gilt hefur frá 19. apríl 1955. Sú gjaldskrá, sem taka skyldi gildi frá 1. maí 1962, er sett upp eftir ærið flóknum reglum, sem ekki verður gerð tilraun til að lýsa hér, en samkv. henni skyldi tímakaup verkfræðinga hækka mjög verulega og í einstaka tilfellum um eða jafnvel yfir 300%. Til að fyrirbyggja, að þessi nýja gjaldskrá tæki gildi, gaf hæstv. ríkisstj. út þau brbl., sem frv. þetta er flutt til staðfestingar á, þann 2. maí 1962.

Margir kunna nú e. t. v. að spyrja, hvað komi málinu við í deilu ríkisvaldsins við verkfræðinga hjá ríkisstofnunum um kaup þeirra og kjör hin nýja gjaldskrá, sem gilda skyldi um laun og kostnað við starfsemi þeirra verkfræðinga, sem starfa sjálfstætt. Þegar betur er að gætt, mun þetta þó mjög blandast saman, vegna þess að frá því að verkfræðingar hjá ríkisstofnunum sögðu upp samningum um kaup og kjör í júlí 1961, hafa greiðslur fyrir flest verkfræðistörf, sem unnin hafa verið í þágu ríkisins, síðan aflýst var verkfalli verkfræðinga haustið 1961, einmitt miðazt við gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 1955, og má ætla, að ef hin nýja gjaldskrá hefði tekið gildi, hefðu þessar greiðslur til verkfræðinga hjá ríkisstofnunum hækkað svo mjög í samræmi við ákvæði hinnar nýju gjaldskrár, að þær hefðu orðið a. m. k. að því er varðar tímakaup hærri en það mánaðarkaup, sem Stéttarfélag verkfræðinga krafðist fyrir hönd verkfræðinga hjá ríkisstofnunum, þegar samningum var sagt upp í júlí 1961. Hefði, þegar svo var komið, verið til lítils að neita lengur að ganga að kröfum Stéttarfélags verkfræðinga óbreyttum.

Eftir þeim upplýsingum, sem allshn. hefur aflað sér, mun tímakaup verkfræðinga hjá ríkisstofnunum nú nema um 90 kr. á klst., og er þá að sjálfsögðu miðað við gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 1955 að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Stéttarfélag verkfræðinga er ekki aðili að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og verða laun verkfræðinga í þjónustu ríkisins ekki ákveðin af kjaradómi samkv. lögum þar um.

Meiri hl. allshn. leggur til, að þau brbl., sem hér eru til umr., haldi gildi sínu, þar til nýir samningar hafa tekið gildi um laun verkfræðinga í þjónustu ríkisins. Hafi slíkir samningar tekizt, áður en kjaradómur hefur fellt sinn úrskurð um kaup og kjör annarra starfsmanna ríkisins, er það sjálfsagt vel, en fari hins vegar svo, að samningar hafi enn ekki tekizt milli ríkisvaldsins og Stéttarfélags verkfræðinga um kaup og kjör verkfræðinga í þjónustu ríkisins, þegar úrskurður kjaradóms gengur, verður að ætla, að í ljósi þeirra viðhorfa, sem skapast að úrskurði dómsins gengnum, verði lausn þessa ágreiningsmáls auðveldari, þegar aðrir starfshópar í þjónustu ríkisins hafa væntanlega fengið leiðréttingar á launum sínum og kjörum.

Ég ætla mér ekki að gera að umtalsefni sérstöðu tveggja hv. meðnm. minna um afstöðu til þessa frv. Þó get ég ekki annað en lýst furðu minni yfir því, sem segir í nál. hv. 2. minni hl., að frv. snerti ekki launakjör fastráðinna verkfræðinga, t. d. þeirra, sem vinna hjá ríkinu. Eins og ég áður vék að, snertir gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, sem brbl. og frv. fjalla um, einmitt launamál verkfræðinga, sem starfa við ríkisstofnanir, eftir að þeir sögðu upp samningum í júlí 1961. Með þessari tilvitnuðu setningu sinni slær því hv. 2. minni hl. því föstu mjög blátt áfram, að trúnaðarmenn stjórnarráðsins, sem við báðir kölluðum til fundar við okkur, hafi skýrt okkur alrangt frá atvikum, og einnig, að sú staðhæfing í forsendum brbl., að greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tímakaupi samkv. gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955, sé staðlausir stafir. Að lýsa þetta ósatt finnst mér nokkuð langt gengið og viðurhlutamikið og engum sæmandi, nema hann hafi sannanir fyrir hinu gagnstæða, en slíkar sannanir leyfi ég mér að efast um að til séu.

Eins og ég áður tók fram, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. þetta verði samþ. með þeirri breytingu, sem prentuð er í nál. á þskj. 313.

Frsm. 1. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. og 2. minni hl. allshn., var frv. það, sem hér liggur fyrir, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf, sem flutt er af hæstv. samgmrh. til staðfestingar á brbl., útgefnum 2. maí 1962, rætt á nokkrum fundum í allshn. Á fundi í n. 11. des. höfðu verið boðaðir fulltrúar úr Verkfræðingafélagi Íslands til skrafs og ráðagerða við n. um frv. og málið í heild. Þessir aðilar gáfu allar umbeðnar upplýsingar. Rétt er að geta þess, að fyrir fundinum lá þá frá hendi verkfræðinganna hin nýja gjaldskrá um þóknun fyrir verkfræðistörf, en n. sem slík hafði ekki fengið gjaldskrána í sínar hendur. 13. des. höfðu svo verið boðaðir á fund og mætt með n. ráðuneytisstjóri og deildarstjóri viðkomandi ráðuneytis. Á þeim fundi munu þeir hafa að einhverju leyti skýrt frá aðdraganda setningar brbl. og svarað fsp., sem fram voru þá bornar. Á þeim fundi gat ég því miður ekki mætt vegna óviðráðanlegra orsaka og veit því ekki, hvað þar fór fram, annað en það, sem segir í bókun fundargerðarinnar, en fátt mun það þó hafa verið, sem máli skipti, þó að hins

vegar ýmis atriði í frv. hafi skýrzt frekar en áður var.

Það verður að teljast alveg furðuleg ráðstöfun af hendi hæstv. ríkisstj. og þess ráðh., sem fer með þetta mál og þetta mál heyrir undir, að kasta stórmáli inn í þingið án þess, að gerð sé viðunandi grg. um málið. Í aths., sem frv. fylgir, segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Um frv. þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fskj. hér á eftir.“ Og hvað segir svo þetta fskj.? Eins og venja mun vera, þegar flutt eru frv. til staðfestingar brbl., er fskj. lítið annað en brbl. og skýringar á þeim, þó mjög takmarkaðar. Engar aðrar skýringar eru gefnar en þær, sem eru í forsendum fyrir brbl.

Í rökstuðningi þeim, sem fylgir l., er þess getið m. a., að samkv. gjaldskrá Verkfræðingafélagsins sé m. a. lagt til, að tímakaup hækki allt að 320%, auk þess sem þóknun fyrir ákvæðisstörf sé ætlað að hækka allverulega. Ekki er gerð hin minnsta tilraun til þess að rökstyðja þessa fullyrðingu, heldur aðeins sagt, að slík hækkun á kaupi verkfræðinganna mundi óhjákvæmilega valda stórkostlegri röskun á launamálum, bæði hjá ríki og öðrum aðilum, og auk þess óeðlilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir. Í samræmi við þennan rökstuðning fyrir frv. telur svo hæstv. ríkisstj., að brýna nauðsyn beri til, að komið verði í veg fyrir, að nefnd gjaldskrá komi til framkvæmda, og því skuli lögin sett.

Það skal tekið fram og undirstrikað, að á þeim fundi, sem ég mætti í nefndinni, lá gjaldskráin aldrei fyrir hjá n. Hins vegar fengum við að sjá gjaldskrána hjá fulltrúum Verkfræðingafélagsins, sem mættu á fundi í n., eins og ég hef áður bent á, en þar sem þetta er mjög langt mál og á máli verkfræðinga með miklum útreikningum, er reglugerðin mjög flókin að mínum dómi, og gefst því ekki neinn tími til að athuga reglugerðina að neinu ráði. Það verður að teljast frekar óvanalegt að afgreiða mál frá nefnd, án þess að rannsökuð séu rök beggja aðila. Vitanlega bar hæstv. ríkisstj. að afhenda n. gjaldskrá Verkfræðingafélagsins. Mér er ekki kunnugt um, hvort formaður allshn. óskaði eftir að fá gjaldskrána. Ég spurðist fyrir um það á fundi í n., hvort gjaldskráin lægi fyrir. Því var svarað til, að n. hefði engin gjaldskrá borizt. Mátti jafnvel skilja það sem svo, að ekki væri hægt að fá gjaldskrána.

2. nóv. 1962 samþykkti allshn. á fundi sínum að óska umsagnar Verkfræðingafélags Íslands um frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf. Bréf barst n. frá félaginu 1. des. 1962 ásamt afriti af bréfi til Alþingis, dags. 2. nóv. 1962, og fundarályktun og grg. frá 4. maí frá Verkfræðingafélagi Íslands vegna brbl. frá 2. maí 1962. Síðar mættu svo, eins og ég hef áður bent á, formaður félagsins og þrír stjórnarmeðlimir á fundi allshn. Á þeim fundi skýrðu fulltrúar Verkfræðingafélags Íslands sjónarmið sín og félagsins allrækilega, og tel ég, að n. hafi fengið þar ýmsar allmerkilegar upplýsingar, sem áður höfðu ekki legið fyrir. Ég hef bent á þá staðreynd, að n. hafði mjög takmarkaða möguleika til þess að kynna sér málið eins rækilega og æskilegt hefði verið, m. a. af því, að gjaldskráin lá ekki fyrir. Æskilegast hefði vitanlega verið að fara nákvæmlega yfir alla gjaldskrána og gera á henni samanburð við eldri gjaldskrá. Ef n. hefði ekki treyst sér til þess að gera þennan samanburð ein, var vitanlega ekkert hægara og eðlilegra en að fá verkfræðing, sem var kunnugur málinu, til að vinna með n. og afla þeirra upplýsinga, sem með þurfti. Ekkert slíkt var gert.

Við nánari athugun á málinu virðist mér koma í ljós, að fullyrðingar hæstv. ráðh. um hættu þá, sem hann telur að reglugerðin mundi hafa í för með sér, ef hún næði gildi, séu allmikið ýktar, svo að ekki sé meira sagt. Í bréfi, dags. 2. nóv. 1962, frá Verkfræðingafélagi Íslands, er sent var Alþingi, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — bréfið er dags. 2. nóv. 1962:

„Hér með leyfum vér oss að senda hinu háa Alþingi fundarályktun og grg. Verkfræðingafélags Íslands í tilefni af setningu brbl. hinn 2. maí 1962, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf, en þau hafa nú verið lögð fyrir Alþingi.

Í ályktun félagsins er setningu brbl. harðlega mótmælt. Bent er á, að forsendur þeirra séu ekki réttar, og víttar rangfærslur þær, sem þar eru settar fram.

Enn fremur telur félagið setningu laganna furðulega móðgun við íslenzka verkfræðinga og vanmat á hæfni þeirra, þar sem sambærileg erlend verkfræðiþjónusta er keypt hérlendis á þreföldu því verði, er hin nýja gjaldskrá félagsins gerir ráð fyrir.

Félagið varar alvarlega við þeirri braut, sem farið er inn á með setningu l., og bendir á, að það skilningsleysi á mikilvægi verkfræðiþjónustu, sem brbl. bera vitni um, muni leiða af sér afturkipp í tækniþróun hér á landi þjóðinni til ómetanlegs tjóns.

Í grg. eru leidd rök að þessum sjónarmiðum lið fyrir lið.

Í framhaldi af þessu leyfum vér oss að leggja á það sérstaka áherzlu, að gjaldskráin frá 1955, er lögfest var með brbl., var orðin úrelt og að hin nýja gjaldskrá, sem taka átti gildi hinn 1. maí s. l., hafði þá verið í undirbúningi hálft annað ár og var sniðin eftir nýjustu gjaldskrám verkfræðinga á Norðurlöndum og víðar. Var þannig sérstaklega til hinnar nýju gjaldskrár vandað. Með henni eru hagsmunir og réttur viðskiptamanna verkfræðinga mun betur tryggður en áður var, auk þess sem þóknun samkv. henni er í mörgum tilvikum allmiklu lægri en eftir gjaldskránni frá 1955, einkum í sambandi við þóknun fyrir störf við íbúðarbyggingar.

Vér viljum enn fremur benda á, að gjaldskráin tekur eingöngu til útseldrar vinnu verkfræðinga, og mótmælum því að gefnu tilefni, að hið opinbera noti gjaldskrána í viðskiptum sínum við verkfræðinga í launþegastétt.

Hinn 20. okt. s. l. var numin úr gildi gjaldskrá fyrir útselda vinnu á bifreiðaviðgerðarverkstæðum, vegna þess að hún var orðin úrelt og ekki hæf til notkunar lengur. Með sömu rökum leyfum vér oss að fara þess eindregið á leit við hið háa Alþingi, að það nemi úr gildi umrædd brbl., svo að heilbrigð verðlagning verkfræðistarfa geti átt sér stað. Virðist næsta fráleitt að lögfesta úrelta gjaldskrá fyrir eina stétt, á sama tíma og önnur stétt og almenningur er réttilega losaður við aðra úrelta gjaldskrá.

Vér leyfum oss að treysta því, að hið háa Alþingi taki þessa málaleitan vora til vinsamlegrar fyrirgreiðslu.

Allra virðingarfyllst,
Sigurður Thoroddsen, form.
Hinrik Guðmundsson, frkvstj."

Eins og bréfið ber með sér, ber allmikið á milli skoðana hæstv. ráðh. á reglugerðinni og fulltrúa Verkfræðingafélags Íslands. Það er ekki eitt, heldur allt, sem á milli ber. Allar fullyrðingar hæstv. ráðh. eru hraktar lið fyrir lið. Þó er það gert enn þá nákvæmar í fundarályktun og grg. Verkfræðingafélags Íslands frá 4. maí 1962, sem ég mun síðar koma inn á að nokkru.

Það er vitanlega oft þannig, að þegar tveir aðilar deila um sama mál og báðir setja fram sín sjónarmið, getur verið vandkvæðum bundið fyrir þriðja aðila að kveða upp úrskurð um réttmæti skoðana hinna deilandi aðila. Án þess að ég vilji á neinn hátt halla á hvorugan aðilann, vil ég þó halda því fram, að margt af því, sem fram kemur í bréfi og álitsgerð Verkfræðingafélagsins, sé það vel rökstutt, að það verði ekki hrakið með neinum frambærilegum rökum. Það er vitanlega hægt í öllum umr. að neita rökum og staðreyndum, en það eru vitanlega engin rök. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi í skúffu sinni einhver frambærileg rök á móti staðhæfingu Verkfræðingafélagsins. Slík rök hafa a. m. k. ekki, svo að mér sé vitanlegt, komið enn þá fram. A. m. k. kom hv. 4. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl., ekki fram með neina frambærileg rök fyrir frv.

Meiri hl. allshn. leggur til, að aftan við 1. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Ákvæði þessarar gr. skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi."

Það liggur nú í hlutarins eðli, að verði gerðir nýir samningar við áðurnefnda verkfræðinga, sem kynnu að verða hærri eða þá lægri en frv. gerir ráð fyrir, hlýtur ákvæðið um þóknun til verkfræðinga, sem frv. gerir ráð fyrir, að verða dauður bókstafur. Þessi viðbót, þ. e. mgr. meiri hl., er því harla lítils virði og léleg úrbót á frv. frá því, sem það var og er.

2. minni hl. allshn., hv. 4. þm. Sunnl., hefur lagt fram sérálit. Leggur hann til, að frv. verði fellt með rökst. dagskrá. Í þessu nál. er bent á nokkur veigamikil atriði, sem mæla móti frv., svo sem að erlendir verkfræðingar, sem hér kynnu að starfa, falli ekki undir lögin, og að á sama tíma sem heft sé frjálsræði verkfræðinga, hafi ýmsir aðrir, sem líkt standi á um, frjálsar hendur til að gefa út gjaldskrá fyrir sín störf. Að öðru leyti mun ég ekki ræða um nál. 2. minni hl.

Þá vil ég lítillega ræða um fundarályktun og grg. frá Verkfræðingafélagi Íslands vegna brbl. frá 2. maí 1962. Fundarályktunin er þó löng, að ég sé mér ekki fært að lesa hana alla upp, en tek aðeins úr henni aðalatriðin. Fundarályktunin byrjar á mjög ákveðnum mótmælum á móti brbl. Þó tel ég rétt að lesa aðaltill. til skýringarauka fyrir þá hv. alþm., sem hafa ekki séð ályktunina. Hljóðar till. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur í Verkfræðingafélagi Íslands, haldinn í I. kennslustofu háskólans föstudaginn 4. maí 1962, mótmælir harðlega brbl. frá 2. maí þ. á. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf og krefst þess, að þau séu numin úr gildi.

Fundurinn mótmælir forsendum laganna sem röngum og vitir rangfærslur þær, sem þar eru í frammi hafðar.

Fundurinn telur setningu þessara laga furðulega móðgun við íslenzka verkfræðinga og vanmat á hæfni þeirra, þar sem vitað er, að íslenzka ríkið kaupir erlenda verkfræðiþjónustu fyrir þrefalt það verð, sem hin nýja gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands gerir ráð fyrir.

Fundurinn varar alvarlega við þeirri braut, sem hér er haldið inn á. Kunnátta íslenzkra verkfræðinga er gjaldgeng, hvar sem er, og óhugsandi er því með öllu, að til langframa verði unnt að hafa verðlag á íslenzkri verkfræðiþjónustu langt fyrir neðan það, sem tíðkast annars staðar.

Bendir fundurinn á, að það skilningsleysi stjórnarvalda á mikilvægi verkfræðiþjónustu, sem brbl. þessi bera vitni um, muni smám saman leiða af sér afturkipp eða stöðnun í tækniþróun hér á landi, þjóðinni til óbætanlegs tjóns."

Þetta var aðaltill., og henni fylgir alllöng grg., sem ég hef áður getið um.

Í grg. segir m. a., að í forsendum brbl. komi fram svo margs konar skekkjur, að furðu sæti. Telur félagið vítavert, að ráðh. skuli í lagaforsendum þannig fara með rangfærslur, sem til þess séu fallnar að skaða verkfræðingastétt landsins. Þá sé ruglað saman þóknun og launum og í því sambandi bent á gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955. Þá er það og fullyrt, að hin nýja gjaldskrá hafi engin áhrif á launagreiðslur þeirra verkfræðinga, sem vinna hjá ríkinu, vegna þess að gjaldskráin sé ætluð fyrir ráðgefandi verkfræðinga einungis, en ekki verkfræðinga á mánaðarkaupi, en launamál þeirra heyri undir Stéttarfélag verkfræðinga og séu því gjaldskránni óviðkomandi. Þá er og bent á, að ríkið hafi nú sem stendur erlenda verkfræðinga í þjónustu sinni við rannsóknarstörf. Miðað við verðlag á verkfræðiþjónustu í heimalandi þeirra, muni ríkið þurfa að greiða fyrir þessa þjónustu tvöfalda til þrefalda þá upphæð, sem hún hefði kostað samkv.

nýju gjaldskránni, ef íslenzkir verkfræðingar hefðu annazt hana.

Ekki er furða, ef hér er rétt skýrt frá, að íslenzkir verkfræðingar og aðrir sérfræðingar íslenzkir leiti til annarra landa eftir atvinnu, ef svona hrapallega er gert upp á milli íslenzkra aðila og erlendra, enda hefur á því borið undanfarin ár, að íslenzkir menntamenn hafa mjög sótt út fyrir landsteinana til atvinnu í nágrannalöndunum, og verður það að teljast mjög alvarlegt ástand, ef áframhald kynni að verða á slíkri þróun.

Í grg. er fullyrt, að ráðuneytið hafi ekki getað gert raunhæfan samanburð á nýju gjaldskránni og hinni eldri á þeim tíma, sem það hafði þá nýju undir höndum. Ég skal ekkert segja um það, hvort hér er rétt með farið. En sé hér rétt með farið, er hér um mjög alvarlega ásökun að ræða á hæstv. ráðh. Ráðuneytinu var af hálfu félagsins boðið upp á viðræður um hina nýju gjaldskrá, en ekkert svar barst við því tilboði.

Næst kemur svo alllangur kafli um breytingar á nýju gjaldskránni. Í ýmsum algengum verkefnum, sem unnin eru í ákvæðisvinnu, hefur orðið um 25% hækkun, eftir því sem sagt er í þessari reglugerð samkv. nýju gjaldskránni, í sumum tilfellum engin hækkun, heldur jafnvel um lækkun að ræða. Gamli tímakaupstaxtinn var eftir hækkun 1960 153 kr. á klst., þegar sú gjaldskrá skyldi taka gildi. Rétt er að taka fram, að þeirri gjaldskrá mun hafa verið mótmælt, en að dómi manna, sem telja sig hafa þar vit á, er dregið mjög í vafa, að hægt hafi verið með neinum rökum að mótmæla þeirri gjaldskrá, og hún mundi hafa getað tekið gildi. Samkv. nýju gjaldskránni yrði tímagjaldstaxtinn breytilegur, eða frá 120 kr. upp í 330, miðað við sérþekkingu og hæfni. Hæsti taxtinn skyldi aðeins gilda fyrir fáa menn og einungis við einstök verkefni, þar sem mikla sérþekkingu þurfti til.

Í grg. Verkfræðingafélagsins er gerður allfróðlegur samanburður á kaupi sænskra verkfræðinga og íslenzkra. Þar er sagt, að kaup sænskra verkfræðinga sé 860 ísl. kr. á tímann. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi verið ókunnugt um kaup sænskra verkfræðinga, um það skal ég ekkert segja, og þar af leiðandi hafi hann ekki getað haft það til samanburðar um gjaldskrá, þegar hann var að fara yfir gjaldskrá Verkfræðingafélagsins. Hitt hlýtur þó hæstv. ráðh. að hafa verið ljóst, hvað amerískum verkfræðingum, er hér höfðu unnið að rannsóknarstörfum, var greitt fyrir störf sín hér, en Verkfræðingafélagið telur íslenzka verkfræðinga þó fullfæra að inna af hendi, ef til þeirra hefði verið leitað. Eftir skýrslu Verkfræðingafélagsins var amerískum verkfræðingum, sem hér unnu að rannsóknarstörfum, greitt á dag 25 dollarar eða 1075 kr. á klst. Mér finnst hér vera um allmyndarlega greiðslu að ræða, og er þá ekki að furða, þegar þessar staðreyndir liggja fyrir, ef réttar eru, þó að íslenzkir verkfræðingar létu sér detta það í hug að fara fram á einhverja tölu-verða hækkun. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh.: Eru þessar upplýsingar Verkfræðingafélagsins réttar, eða eru þær rangar?

Um áhrif brbl. segir svo að lokum í grg. Verkfræðingafélags Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum viljum við benda á, að það skilningsleysi valdhafanna á gildi verkfræðiþjónustu, sem lengi hefur verið landlægt hér á landi og þessi brbl. bera órækt vitni um, kann að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina, þegar til lengdar lætur. Hvarvetna er mikil eftirspurn eftir tæknimenntuðu vinnuafli og skortur á því. Lífskjör þjóða eru sífellt að verða meira og meira undir því komin, að þær fylgist með tækniþróuninni og hafi nægum tæknimenntuðum mönnum á að skipa til þess að dragast ekki aftur úr á því sviði. Slík afstaða til verkfræðinga er hér kemur fram er ekki líkleg leið til að tryggja þann hraða í tækniþróun þjóðarinnar, sem óhjákvæmilegur er, ef lífskjör hennar eiga að batna á komandi árum."

Ég hef hér að nokkru rætt um frv. og aðaltilgang þess. Enn fremur hef ég rætt um álit Verkfræðingafélags Íslands á frv. og bent á það helzta, sem félagið hefur á móti frv. Þau rök, sem þar eru sett fram, eru að mínum dómi mjög athyglisverð og styðja eindregið þá skoðun mína, sem fram kemur í nál. mínu, að fella beri frv. Til viðbótar rökum verkfræðinganna kemur svo það, að ég tel ófært og í alla staði ólýðræðislegt að leysa kaupdeilur með löggjöf, hvort sem slíkt er gert með setningu brbl. eða með lögum settum af Alþingi, hver sem í hlut á. Það er viðtekin regla í öllum lýðræðisþjóðfélögum og þá ekki sízt í okkar þjóðfélagi, að allar kaupdeilur beri að leysa eftir þeim reglum og starfsháttum, sem verkalýðshreyfingin hefur sett sér og farið eftir frá fyrstu hendi, og þá vitanlega innan þess ramma, sem vinnulöggjöfin setur. Að leysa vinnudeilur með setningu brbl. er hreint gerræði og hrein og bein misnotkun þess mikla valds, sem ríkisstj. og einstakir ráðh. hafa á milli þinga. Með því að leysa kaupdeilur með útgáfu brbl. er á hinn freklegasta hátt gengið á rétt viðkomandi aðila, þar sem þeim er þar með meinað að ná rétti sínum eftir þeim starfsreglum, sem vanalega eru viðhafðar, þegar um kaupdeilur er að ræða. Það er þetta gerræði og þetta valdboð, er verkfræðingarnir voru beittir með setningu brbl. frá 2. maí 1962, sem ég vil mótmæla alveg sérstaklega, og get því í einu og öllu tekið undir hin skorinorðu mótmæli Verkfræðingafélagsins frá 4. maí 1962 um þetta atriði.

Það verður að teljast mikill vafi á því, hvort rétt eða satt er að orði komizt í grg. fyrir brbl., að brýna nauðsyn hafi borið til að gefa út brbl. vegna hinnar nýútgefnu gjaldskrár Verkfræðingafélags Íslands.

Eins og fram kemur í nál. mínu á þskj. 314, hef ég enga sérstaka afstöðu tekið til gjaldskrár Verkfræðingafélags Íslands. Eins og ég hef áður bent á, lá gjaldskráin ekki fyrir hjá

n., og fyrir því gafst ekki tækifæri til þess að kynna sér hana að neinu ráði, enda mjög flókin. Ég vil þó undirstrika það, sem fram kemur í grg. Verkfræðingafélagsins og áður hefur verið bent á, að rn. hefur ekki haft tíma til að gera raunhæfan samanburð á nýju gjaldskránni og hinni eldri á þeim stutta tíma, sem það hafði hina nýju gjaldskrá undir höndum, áður en brbl. voru gefin út. Þetta út af fyrir sig er náttúrlega ákaflega merkileg yfirlýsing, ef hún er á rökum reist, að það skuli geta skeð hjá okkur, að gefin séu út brbl., án þess að viðkomandi ráðh. kynni sér málið eftir öllum þeim hugsanlegu leiðum, sem tiltækilegar eru. Ég fullyrði ekkert um það, hvort þessi fullyrðing er rétt, en þetta stendur í þessu skjali, og ég óska eftir því, að ráðh. upplýsi þá um það, ef hér er hallað réttu máli.

Mótmæli mín á móti nefndum lögum byggjast fyrst og fremst og aðallega á því, að ég er algerlega mótfallinn þeim starfsaðferðum, sem þar er beitt. Ég er andvígur þeirri stefnu, sem fram kemur hjá hæstv. ríkisstj. með útgáfu brbl. 2. maí 1962 til lausnar verkfræðingadeilunni. Ég tel slíka aðferð ólýðræðislega og í alla staði óforsvaranlegt af hvaða ríkisstj. sem er að viðhafa slíkar starfsaðferðir til lausnar vinnudeilu. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur reyndar áður viðhaft slík vinnubrögð, sbr. flugmannaverkfallið. Þá voru gefin út brbl. til lausnar þeirri deilu, og hlaut hæstv. ríkisstj. frekar lítinn heiður þar fyrir. Í júní s. l. gaf svo hæstv. sjútvmrh. út hin illræmdu brbl. í sambandi við deilu sjómanna og útvegsmanna um kjör á síldveiðum, einmitt á þeim tíma, þegar allt benti til þess, að sú deila væri að leysast, og þar með voru kjör sjómanna á síldveiðum stórlega lækkuð frá því, sem áður hafði verið. Þar sem það mál er ekki hér á dagskrá, mun ég ekki ræða þau lög frekar. En ég bendi aðeins á þessi tvö dæmi til að sýna fram á, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað beitt ráðherravaldi sínu til að knésetja þá aðila, sem átt hafa í deilum um kaup sitt og kjör. Slíkir starfshættir segja alveg örugglega til um það, hvers fulltrúa hæstv. ríkisstj. telur sig vera, og þarf ekki fleiri orð um það að hafa.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, og með tilliti til þess, að íslenzk verkalýðshreyfing hefur frá fyrstu og fram á þennan dag talið sig algerlega mótfallna því, að kaupdeilur væru leystar með valdboðum ofan frá, svo sem með brbl. eða með lögum settum af Alþ., hef ég lagt til, að frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf verði felld.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. allshn. gerði í upphafi grein fyrir áliti því, sem meiri hl. hefur gefið út um þetta mál, sem hér er til umr. Eins og hann tók fram, voru haldnir æðimargir fundir í n. og kvaddir til viðtals ýmsir þeir, sem teljast máttu vera aðilar málsins, svo sem venja er til. M. a. komu á fund n. stjórnarmenn úr Verkfræðingafélagi Íslands ásamt framkvæmdastjóra þeirra, enn fremur og síðar stjórnarmenn frá Stéttarfélagi verkfræðinga og loks tveir starfsmenn í viðkomandi rn. Þessir aðilar, sem komu á fund n., létu af hendi nokkrar upplýsingar, en það kom þó mjög verulega í ljós, að fulltrúar af ríkisstj. hálfu eða rn., sem til fundar komu við okkur í n., höfðu fátt eða jafnvel ekkert fram að færa til rökstuðnings brbl. eða framhaldi þeirra annað en það, sem fram kom á sínum tíma eða 2. maí 1962 í grg. stjórnarinnar fyrir brbl.

Efni þessa frv. er á þá leið, að ný gjaldskrá, sem Verkfræðingafélagið hafði samið og verið lengi að vinna að og síðan samþykkt að láta gilda, skyldi ekki taka gildi þann dag, 1. maí 1962, þegar hún skyldi koma til framkvæmda. Í raun og veru er þetta einfaldlega efni brbl. Þá grípur hæstv. ríkisstj. inn í og neitar verkfræðingum þeim, sem að gjaldskránni standa, um gildi hennar og skipar svo fyrir, að gömul gjaldskrá þessa félags með viðbótum skuli halda áfram sínu gildi. Það virðist mér löngu ljóst, að þegar Verkfræðingafélag Íslands gekk frá sinni gjaldskrá, þá var þar að ræða um uppsetningu á verðlagningarreglum á útseldri vinnu af hálfu þeirra manna, sem í því félagi eru og praktísera, sem kallað er, eða hafa sérstakar starfandi stofnanir, verkfræðistofnanir, og þetta séu þannig reglur, sem þeir sjálfir setja sér og hafa síðan í bréfum til n. og á opinberum vettvangi talið að væru gersamlega lágmarksreglur, sem þeir teldu sig geta starfað eftir, og langt frá því að ná þeim verðlagningarreglum, sem gilda með nágrannaþjóðum. Hins vegar verður þá hvergi unnt að ganga fram hjá því, að þessi gjaldskrá á samkv. þessu ekki að hreyfa við samningum, sem launastéttarverkfræðingar gera við sína atvinnurekendur, enda er öðru máli að gegna um launþega í verkfræðingastétt eða þá verkfræðinga, sem halda uppi meira og minna rándýrum stofnunum til þess að starfa á og selja vinnu frá. Það er þessi munur, sem hefur stungið mig og mér þykir þess eðlis, að það verði að taka hann mjög til greina og vinna þetta mál upp og hugsa það til úrslita að lokum einmitt á þessum grunni. Og þriðja kategória verkfræðinga í þessu landi, sem sagt erlendir verkfræðingar, sem að nauðsynjalausu eða af nauðsyn mikilli hafa verið kvaddir hingað til ýmiss konar sérstakra rannsóknarstarfa, búa svo við launakjör, sem fara langt fram úr því, sem íslenzkir verkfræðingar þekkja. Þannig miðar frv. að því að hefta frjálsræði þessarar stéttar, sjálfstætt starfandi verkfræðinga, þegar þeir eru að ákveða, hvað þeir telja sig minnst geta lagt á þau störf, bæði rannsóknarstörf og önnur, sem þeir vinna, frá sínum rannsóknarstofum eða verkstofum.

Það er ljóst, að það eru margar stéttir aðrar í þessu landi, sem telja má hliðstæðar við verkfræðingastéttina að þessu leyti, sem búa við gjaldskrá, sem þær stéttir sjálfar hafa samið, og hefur ekki komið til þess af ríkisstj.

eða opinberri hálfu að hefta viðkomandi stéttir í þessari verðlagningu sinni. En þarna er ein stétt manna út úr tekin — ég segi að nauðsynjalausu, vegna þess að það er ekki sannað fyrir mér, að það hafi ekki verið hægt að semja um þessa gjaldskrá verkfræðinga. Þarna er þessi sérstaka stétt manna tekin út úr og með nauðungarlöggjöf svipt því nauðsynlega, *teoretíska sjálfstæði*, sem þessi stétt eins og aðrar stéttir á að hafa að sjálfsögðu að vissu marki.

Það er þetta, sem stingur mjög í augu og ég segi, að ekki hafi þurft að koma til. Nú má vel vera, að ég sé ekki nægilega kunnugur, — ég sé, að hæstv. ráðh. hristir höfuðið, — hann er inni í þessum málum og þykist vita betur, — en þá vil ég óska eftir því og væntanlega fleiri þm., að sú vitneskja hans komi nú í ljós, t. d. í dag, því að seinna má það varla vera. Ekki var það í ræðu þeirri, sem hann flutti, þegar hann lagði frv. fram fyrr á þinginu, og ekki kemur sú vitneskja berlega í ljós í grg. fyrir bráðabirgðalöggjöfinni. En það má vel vera, — og ég sé, að ráðh. skrifar mikið niður hjá sér, — að það komi nú, og það getur að sjálfsögðu breytt mjög málum, ef það t. d. kemur í ljós, að þessir praktíserandi verkfræðingar, sem gjaldskráin gildir um, hafi í þessu efni neitað öllum skynsamlegum viðtölum við hæstv. ráðh.

Sannarlega er þetta viðkvæmt deilumál, ekki sízt vegna þess, að sú stétt, sem hér um ræðir, verkfræðingastéttin í landi voru, er ákaflega mikils varðandi. Við ræðum mjög um það að bæta kjör fólks í þessu landi, og það vilja allir þm. og það vill þjóðin í heild. Það er vandi að velja leiðir í því efni. En vissulega þarf þessi stétt manna mjög að koma við sögu, þegar verið er að leysa úr vanda t. d. atvinnuveganna, sem eiga að standa undir bættum kjörum. Þessa menn verðum við að styðjast við og þekkingu þeirra, og innlend þekking í verkfræðiefnum og teknískum fræðum getur orðið okkur margfalt þýðingarmeiri en ef erlend væri. Þess vegna er óhugnanlegt og í raun og veru ekki hægt að hugsa sér það, að við með nauðungarlöggjöf af ýmsu tagi hrekjum slíka menn eða menn úr slíkri stétt héðan úr landi. Það verður að gera bókstaflega talað allt, áður en til slíks kemur.

Ég hef ekki ætlað mér að fara inn á efni gjaldskránna, hvorki þeirrar gömlu né þeirrar nýju. Það er ákaflega flókið mál og þarf mjög að liggja yfir því, enda hafa þær ekki legið fyrir til athugunar í hv. allshn. Það má vel vera, að gjaldskráin sé mun hærri og verulega hærri, sú hin nýja, sem lagt var til að nota, en sú gamla. En við vitum bara það, að allar stéttir í þessu þjóðfélagi kúgast undir aukinni dýrtíð, sem fer dagvaxandi, og ekki sízt þeir, sem halda uppi skrifstofum eða verkstofum af ýmsu tagi, t. d. eins og verkfræðingarnir, og það er ekki nema eðlilegt, að þeir þurfi svo að segja daglega að hafa hærra fyrir sín störf til að geta haldið uppi sínum rannsóknar- og verkstofum, svo að ég er ekkert hissa á því, þó að slíkar stéttir þurfi hækkandi þóknun og laun fyrir sín störf.

Höfuðatriðið í mínum augum er þó það, að hér er farið út á æðihála braut, að hefta frjálsræði stétta eins og verkfræðinganna til þess að skapa sér eðlilegan, en þó höflegan grundvöll undir verðlagningu á útseldri vinnu. Það er mjög talað um frelsi í öllum greinum og ekki sízt af hæstv. ráðh. og hans flokki. Ég sé ekki betur en slík kenning í framkvæmd eins og hann er með og birtist í brbl. komi beinlínis þvert á þetta frjálsræðishjal og það kerfi allt saman. Hitt er svo allt annað mál, að það mætti hugsa sér fullkomna löggjöf um gjaldskrá almennt um verðlagningu á vinnu og afurðum og öðru slíku, en þá á það bara að ganga jafnt yfir hverja stétt sem er, ef þess er talin þörf að hefta einstakar stéttir í því efni. Og ég vil leggja áherzlu á það, að þessi stétt, sem ræðir um í þessu máli, er það mikils varðandi, að hennar málefni mega ekki svífa í lausu lofti eða vera óleyst um lengri tíma en orðið er okkur eða þjóðinni allri að skaðlausu.

Hv. frsm. meiri hl. allshn. vék að því, að ég teldi, að þeir opinberu starfsmenn, sem komu á fund nefndarinnar, hefðu haldið röngu fram, hvernig greiðslum til launaverkfræðinga hjá ríkinu væri háttað. Brbl. snerta ekki launakjör fastráðinna verkfræðinga, t. d. þeirra, sem vinna hjá ríkinu. Það hefur verið upplýst í n. og enda utan hennar, að flestir slíkra verkfræðinga eða launaverkfræðinga búa við sérstakt samkomulag, sem byggist á lágmarksráðningarskilmálum, sem Stéttarfélag verkfræðinga hefur samið. Hitt er annað, að engir formlegir samningar hafa verið gerðir við þessa verkfræðinga, og á því strandar enn í dag, og er það sannarlega mikill skaði. En ég geng ekki frá því, að þeir verkfræðingar, sem vinna hjá ríkinu, búa alls ekki við þau kjör út af fyrir sig, sem gjaldskráin skapar. Það hefur ekki verið upplýst fyrir mér, og hæstv. ráðh. gæti þá upplýst einu sinni um það, hvernig greiðslu til slíkra væri raunverulega háttað. Það er ekki vonum fyrr, að þær komi fram.

Ég hef þá drepið á flest þau atriði, sem ég tel að styðji mitt mál um það, að engin skynsamleg rök séu fram komin til þess varðandi þann hluta verkfræðingastéttarinnar, sem gjaldskráin ræðir um og frv. það til l., sem hér um ræðir, að halda þessu ástandi áfram, sem nú ríkir undir brbl., heldur beri ríkisstj. að stefna að því að semja í hvora áttina, bæði um gjaldskrána, ef nokkur möguleg tök eru á, og hins vegar við verkfræðinga í launastétt og láta það engan veginn fyrir koma og verða varanlegt ástand í framtíðinni, að mikilsverð stétt manna eins og verkfræðingar fari úr landi brott. Við getum ekki unnið við þá allsherjaruppbyggingu, sem verður að eiga sér stað með þjóðinni á næstu áratugum, án þessara sérfræðinga. Og ég vænti þess, að ef dagskráin, sem ég ber hér fram, yrði samþ., muni það hvetja ríkisstj. til að ganga vel til verks og hið fyrsta og reyna að koma þessum málum

sem haganlegast fyrir þjóðina, og ég er viss um það, að efnahagsmálum þjóðarinnar í heild verður ekki verr borgið, þótt verkfræðingum verði allsæmilega greitt fyrir sín störf. Ég er viss um það. Það mun koma margfaldlega aftur til okkar. En eins og ég sagði áður, er hér um mjög viðkvæmt deilumál að ræða, og ég skil öðrum þræði hlutverk ríkisstj. Hún er húsbóndi nú um stund á þessu okkar íslenzka heimili og vill halda reglu uppi, en hún er eins og aðrir húsbændur, getur séð misjafnlega langt, stundum verið ærið skammsýn, þótt hún vilji alls ekki vera það. Slíkt getur hent beztu húsbændur, og ég hygg, að svo hafi verið nú í þetta sinn.

Hin rökstudda dagskrá 2. minni hl. er á þessa leið:

„Með skírskotun til þess, að aðrar stéttir hliðstæðar verkfræðingum, svo sem arkitektar, endurskoðendur o. fl., verðleggja sjálfar þjónustu, sem þær selja frá skrifstofum eða verkstofum, þykir d. ekki ástæða til staðfestingar á brbl. þeim, sem frv. fjallar um, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú langt síðan þetta mál var hér til 1. umr., og tók þá enginn til máls. Þá vildi enginn andmæla þessu frv. Og nú kemur mér það ekkert á óvart, þótt þessir tveir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað fyrir sinn hvorn minni hl., hafi raunverulega fátt fram að bera máli sínu til framdráttar.

Það kom greinilega í ljós hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Sunnl., að hann talaði ekki af mikilli sannfæringu hér áðan fyrir hinni rökst. dagskrá, enda er ég sannfærður um, að hv. þm. hefur gert sér ljóst, að það getur ekki staðizt, þegar hann fullyrti, að það hefði heillavænleg áhrif á efnahagsþróun í landinu, ef gengið væri að kröfum verkfræðinga, að gjaldskrá þeirra væri hækkuð um 320%. Hv. þm. segir, að það muni ekki hafa slæm áhrif á efnahagsþróun í landinu, ef þetta væri gert. Og hv. þm. segir, að það hafi stungig sig, — sem betur fer ekki í hjartað, — að þessi lög ná ekki til allra verkfræðinga, snerta ekki þá verkfræðinga, sem eru starfandi hjá ríkisstofnunum, heldur aðeins þá verkfræðinga, sem eru hjá einstökum firmum, sem selja út vinnu. En dettur nokkrum manni í hug, að það mundi ekki hafa áhrif á kaupkröfur þeirra verkfræðinga, sem vinna hjá ríkisstofnunum, ef aðrir verkfræðingar fengju að hækka gjaldskrá um 320% og vinna eftir henni? Verkfræðingafélagið gerði tilraun til þess að mótmæla því, að hækkunin gæti orðið 320%, en það var tilraun, sem mistókst. Rn. sendi frá sér grg., sem birt var í öllum blöðum í byrjun nóvembermánaðar, og rökstuddi það, að þessi hækkun væri svona mikil. Hv. þm. hafa vonandi lesið þessa grg. og tekið eftir því, að Verkfræðingafélagið hefur ekki getað mótmælt. Við 1. umr. þessa máls nefndi ég þrjú dæmi úr gjaldskránni: það var þessi 320% hækkun, það var hækkun við teikningar á brúargerð, þar sem gert var ráð fyrir að hækka tímakaupið úr 142 kr. í 300 kr., og það var eitt atriði enn, sem er algert nýmæli í gjaldskránni, og það er það, að verkfræðingafirma getur tekið 1.2‰ álagningu á annað starfsfólk, sem það hefur í stofnuninni, þannig að ef þessi annar starfsmaður hefur 100 kr. um klst., þá tekur það ekki nema 833 klst. að borga árslaun, sem væru um 100 þús. kr. Þá hefur þetta verkfræðingafirma í tekjur af þessum starfsmanni 264 þús. kr., en greiðir aðeins í laun þessum sama manni 100 þús. kr.

Mig undrar það, þegar hv. 4. þm. Sunnl. talar um nauðsyn þess fyrir þau firmu, sem hafa dýrar skrifstofur, að hækka sína álagningu, til þess að fyrirtækin megi þrífast. Ég held, að bæði hann og fleiri hv. þm. þekki til þess, að það væri þörf á að bæta kjör annarra miklu fremur en þessara verkfræðingafirma, sem við hér erum að tala um. Hitt er svo annað mál, að það er vitanlega sjálfsagt að gera verkfræðingum og verkfræðingafirmum kleift að starfa í landinu, því að án þessara manna getum við vitanlega ekki verið. En við getum ekki gefið þeim það frjálsræði, sem hv. 4. þm. Sunnl. var að tala um að æskilegt væri að þeir hefðu, þegar frjálsræðinu, þegar frelsinu er misbeitt.

Hv. 4. þm. Sunnl. talar um, að það séu margir flokkar manna, sem vinni eftir gjaldskrá, og það hafi ekki verið gefin út brbl. til þess að hefta gildi á gjaldskrá fyrr en nú. Hvers vegna er það? Það er vegna þess, að það hafa ekki aðrir spennt bogann svo hátt eins og Verkfræðingafélagið hefur gert í þessu tilfelli, því að það er vitanlega ekki gripið til þess ráðs að gefa út brbl., nema brýna nauðsyn beri til, og það er ekki leyfilegt, nema brýna nauðsyn beri til. Og ég harma það nú, að hv. 4. þm. Sunnl. skuli hafa léð sig í það að gerast málsvari þess, að þessi hækkun megi taka gildi, því að það er öllum ljóst, hvaða afleiðingar það hlyti að hafa í för með sér. Ef verkfræðingarnir einir út af fyrir sig fengju að bæta sín kjör um 320%, leiðir það ekki af sjálfu sér, að allir aðrir verkfræðingar kæmu á eftir? Leiðir það ekki af sjálfu sér, að allir aðrir embættismenn kæmu á eftir með kröfur og miðuðu við það, og leiðir það ekki af sjálfu sér, að allir hinir lægst launuðu kæmu á eftir? Vitanlega yrði það. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerir kröfu um 120% hækkun og þykir mikið og er vitanlega allt of mikið, en verkfræðingarnir um 320%. Ef gengið væri að því að láta Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fá 120% hækkun, eða 600 millj. kr. til viðbótar þeim 500 millj., sem ríkið greiðir þeim nú, þá þyrfti að skattleggja hvert mannsbarn í landinu, unga og gamla, um 3300 kr. Ef gjaldskrá Verkfræðingafélagsins hefði tekið gildi, þá er ekkert ólíklegt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefði spennt bogann enn þá hærra.

Það er leiðinlegt, að það skuli þurfa að ræða við menn, sem maður hefur ástæðu til þess að ætla að vilji halda í horfinu, vilji ekki

grafa undan atvinnulífinu og efnahagsástandinu, — að maður skuli þurfa að vera að deila við þá menn um það, hvort þessi lög eru nauðsynleg eða ekki. Þess vegna er það, að ég harma, að hv. 4. þm. Sunnl. skuli hafa tekið þessa afstöðu, því að með því að samþykkja þá dagskrá, sem hann flytur hér á þskj. 317, væri verið að grafa undan okkar efnahags- og fjármálalífi. Það væri ekki verið að vinna að því að bæta kjör almennings í landinu, það væri ekki verið að vinna að því að auka á uppbygginguna í landinu, það væri verið að grafa undan íslenzku krónunni, gera hana verðlausa, það væri verið að vinna að því að stöðva alla uppbyggingu í landinu og gera kjör alls almennings í landinu lakari en þau eru. Og ég er alveg sannfærður um það, að Verkfræðingafélag Íslands, þegar það stillir sínum kröfum svo hátt sem það hefur gert, þá hefur það ekki gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar þetta getur haft, — alls ekki gert sér grein fyrir því. Ég hef rætt við marga verkfræðinganna og það er ekki það, sem vakir fyrir þeim, að eyðileggja atvinnulífið í landinu, þegar þeir spenna bogann svo hátt, að til fulls hruns komi í okkar fjármálum. Það munu þeir hafa séð á eftir, þegar gjaldskráin varð til. Og það er þess vegna, sem gjaldskráin er nokkurs konar feimnisplagg, það er þess vegna, sem gjaldskráin hefur ekki verið lögð fram í hv. allshn., það er þess vegna, sem hv. 11. landsk. þm. (GJóh) hefur ekki séð gjaldskrána, og það er þess vegna, að hv. 4. landsk. hefur ekki haft ástæðu til þess að kynna sér hana, að Verkfræðingafélagið hefur ekki talið sér hag í því, að hún lægi frammi og væri gagnrýnd. Hins vegar er það, að meiri hl. n. hefur kynnt sér það, sem þarf, í gjaldskránni til þess að sannfærast um, hvað í henni felst og hvað af henni hlyti að leiða. Það er ekkert leyndarmál, að þar er um 320% hækkun að ræða á ýmsum sviðum. (Gripið fram í.) Meðaltalshækkun hefur ekki verið reiknuð út, en ég ætla, að hv. 4. þm. Sunnl. væri nóg, að það eru dæmi um, að það er 320% hækkun, það eru dæmi um, að það er 120% hækkun, og svo þar á milli og svo eitthvað minna. Hvort meðaltalshækkunin er 100% eða 200%, það skiptir í rauninni ekki svo miklu máli í þessu tilfelli, því að í báðum tilfellum er það vitanlega allt of mikið. Og furðulegt er, að hv. 4. þm. Sunnl. skuli ljá sig í það að ætla sér að bæta úr fyrir þessu með því að gerast málsvari þeirrar vitleysu, sem hér er í frammi höfð.

Hv. 11. landsk. þm. (GJóh) telur alveg sjálfsagt, að þessi háa gjaldskrá taki gildi, og mig undrar það í sjálfu sér ekki, þótt hann vilji vinna að því að koma á hér á Íslandi svipuðum launamun og gengur í Rússlandi. Það er vitað mál, að í Rússlandi er launamunurinn svo mikill, að með því að samþykkja gjaldskrá Verkfræðingafélagsins og láta svo laun hinna lægra launuðu standa nokkurn veginn í stað, þá mundum við nálgast það, sem tíðkast í Rússlandi, þ. e. að skapa hér hálaunastéttir, yfirstéttir. En hv. 11. landsk. þm. hefði náttúrlega þurft í leiðinni að óska eftir því, að verkfallsrétturinn væri tekinn af þeim lægst launuðu, því að ég er hræddur um, að það verði erfitt fyrir hann að skapa þennan launamismun á Íslandi, nema þá að beita sams konar valdbeitingu gagnvart verkalýðnum og tíðkast í Rússlandi, því að þar eru verkföll bönnuð. En við Íslendingar höfum talið, að það bæri að leysa vinnudeilur með samningum, svo lengi sem það er fært, og grípa ekki til þess að gefa út brbl., nema okkar efnahagskerfi og atvinnulífi sé ógnað.

Ég tel ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta. Ég vil láta þeim það eftir, sem vilja gerast málsvarar hinnar nýju gjaldskrár, og ég ætla, að alþjóð geri sér ljóst, að þessi nýja gjaldskrá mátti ekki taka gildi. Það hefur tekizt, vegna þess að verkfræðingar, þrátt fyrir þessa gjaldskrá, sem meiri hl. Verkfræðingafélagsins hefur samþ., hafa gert sér ljóst, að þarna var boginn spenntur of hátt, — þá hefur tekizt að ná samkomulagi við verkfræðinga um að vinna hin ýmsu störf með mjög hæfilegu móti. Verkfræðingar vinna hjá ríkisstofnunum að nokkru leyti í ákvæðisvinnu, og það er vitanlega ekki nálægt þeirri háu gjaldskrá, sem greitt er eftir, heldur miklu nær því að vera hin gamla gjaldskrá. En því er ekki að neita, að ef verkið vinnst vel og fyrr en reiknað hefur verið með, þá bera verkfræðingar meira úr býtum nú en áður, og það er ekki nema ágætt, að svo sé, að hver maður, sem vinnur vel og afkastar miklu, fái laun eftir því.

Ríkisstj. hefur áreiðanlega gert sér grein fyrir því, hvers virði störf verkfræðinganna séu. Það er ekki vilji ríkisstj., að verkfræðingar fari úr landi og þeim séu ekki sköpuð lífskjör hér. En við höfum harla lítið við verkfræðinga að gera í landinu, ef efnahagskerfið fer allt úr skorðum, sem það mundi gera, ef farið væri eftir hinni nýju gjaldskrá og við ættum að lúta þeim afleiðingum, sem af því leiddi, þeirri kröfugerð, sem kæmi þar í kjölfarið.

Nú er það svo, að meiri hl. hv. allshn. hefur flutt brtt. við frv. um það, að þessi lög skuli gilda aðeins þangað til samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi. Ég tel, að það sé ekki hér verið að níðast á verkfræðingum, þar sem gert er ráð fyrir því, að samningar verði teknir upp og þeir eigi kost á því að búa við ekki lakari kjör en þau, sem taka gildi — við skulum segja samkv. kjaradómi ekki síðar en 1. júlí. Þegar svo er komið, þá virðist ekki vera ástæða fyrir verkfræðingana að kvarta, nema þá þeir hafi ætlað sér, sem mér dettur ekki í hug að ætla, að búa stöðugt við annað og betra en hliðstæðir starfsmenn hjá ríkinu.

Það væri vitanlega hægt að tala langt mál, ef ræða hv. 11. landsk. þm. væri rakin. Það voru þar svo miklar firrur og fjarstæður, sem fram komu, að það er tæplega þess virði, og ég skrifaði ekki nema lítið eitt upp af því, sem hann hafði að segja. Það er þess vegna

ekki eðlilegt, að sú ræða verði gerð að verulegu umtalsefni. Ég vil aðeins mótmæla því, að það hafi verið einhver yfirlýsing gefin af mér eða einhverjum úr ríkisstj. um, að það hafi ekki gefizt tími til þess að athuga, hvernig nýja gjaldskráin er, áður en brbl. voru gefin út. Mér skildist, að hann væri að gefa það í skyn, að lögin hefðu verið gefin út að lítt athuguðu máli. Brbl. voru gefin út að vel athuguðu máli og með þeim rökum, sem prentuð eru með frv. og tala fyrir sig sjálf og ég veit að hv. þm. skilja og gera sér grein fyrir, ef þeir vilja. Þau þrjú dæmi, sem ég minntist á hér áðan og rakin voru við 1. umr. þessa máls, þau ein, þótt ekki sé meira nefnt, nægja til þess að færa fram full rök fyrir því, sem gert hefur verið.

En hv. 11. landsk. þm. og reyndar hv. 4. þm. Sunnl. lýstu því báðir yfir, að þeir hefðu ekki kynnt sér gjaldskrána, en mæla hins vegar báðir eindregið gegn lögunum. Hv. 11. landsk. þm. sagði, að ekki hefði gefizt tími til þess. En hver trúir þessu? Þetta frv. mun hafa verið til 1. umr. hér í hv. d. 1. eða 2. nóv. s. l. Síðan eru 4 mánuðir, og hv. þm. hafa vissulega haft tíma til þess að kynna sér gjaldskrána, nema þeir hafi alls ekki átt kost á því að fá að sjá hana hjá Verkfræðingafélaginu, og trúi ég því ekki. — Ef svo væri, þá gæti það aðeins verið vegna þess, að Verkfræðingafélagið hafi álitið, að það bætti ekki málstað þess, að gjaldskráin lægi frammi og væri til sýnis. En mér finnst það heldur ótrúlegt. Ég vil heldur ætla, að hv. þm. færi þetta fram vegna þess varnarleysis, sem þeir eru í, vegna þess að þeir hafa tekið að sér að tala fyrir slæman málstað og vegna þess að það er vitað, að ef þeir væru með gjaldskrána fyrir framan sig og læsu upp úr henni, þá gætu þeir ekki talað með þeim orðum, sem þeir hafa notað. Ef þeir læsu upp úr gjaldskránni, væru það nægileg mótmæli gegn því, að hún tæki gildi, og þyrfti ekki framar vitnanna við. Ég hef ekki talið ástæðu til þess að lesa gjaldskrána hér upp, vegna þess að ég veit, að hv. þm. vita svo mikið þrátt fyrir yfirlýsingar hv. 11. landsk. þm. í þessu máli, að þeir hafa gert sér fulla grein fyrir réttmæti brbl., gert sér fulla grein fyrir því. Þess vegna ætla ég ekki að þessu sinni að eyða meiri tíma um þetta mál. Ég tel, sem eðlilegt er, þegar menn taka að sér að verja slæman málstað, að ræður frsm. beggja minni hl. hafi verið þannig, að það sé ekki tilefni til þess að viðhafa fleiri orð að sinni.

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim umr., sem orðið hafa hér um það frv., sem hér er til umr. Það hefur nokkuð verið minnzt á gjaldskrá Verkfræðingafélagsins, sem brbl. voru sett til þess að fyrirbyggja að gengi í gildi. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að þessi gjaldskrá var lögð fram í allshn. af fulltrúum Verkfræðingafélags Íslands á þeim fundi, sem þeir mættu á hjá n., en ég minnist þess ekki, að það hafi nokkur nm. beðið mig um að útvega sér þessa gjaldskrá til afnota. Hins vegar, eins og ég segi, mun hún hafa legið frammi á einum fundi í n., þegar fulltrúar Verkfræðingafélags Íslands mættu þar.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um ræðu hv. 11. landsk. þm. (GJóh). Mér virtist á hans ræðu, að hann tæki algerlega afstöðu með öðrum aðilanum. Hann minntist t. d. ekki á þær upplýsingar, sem við allshn.-menn fengum hjá tveimur starfsmönnum samgmrn., viðkomandi því, sem mestu máli skipti hér. Hvorugur frsm., 1. eða 2. minni hl., hvorki hv. 11. landsk. né hv. 4. þm. Sunnl., minntist heldur á það, að fyrirsvarsmenn verkfræðinga, sem kvaddir voru til fundar við allshn. á sínum tíma, voru margspurðir um það á þessum fundum, hvort gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands hefði engin áhrif á þær greiðslur, sem þeir verkfræðingar, sem vinna í þjónustu ríkisins, hefðu tekið við fyrir sín störf, eftir að þeir sögðu upp samningum 1. júlí 1961. Þeir minntust ekki á, að fulltrúar verkfræðinga hefðu verið spurðir um þetta. En ég man ekki betur en við hefðum aldrei fengið nein svör við þessum spurningum. Og vegna þess hneigist ég að því, sem fullyrt er í forsendum með brbl., sem hér eru til umr., að það sé rétt, sem þar segir, að greiðslur fyrir þau störf, sem unnin hafa verið í þágu ríkisins, hafi frá 1. júlí 1961 eða frá því að samningum um kaup og kjör verkfræðinga var sagt upp, miðazt við gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands. Sú gjaldskrá, sem enn þá gildir, er frá 1955, og hefðu þessi brbl. ekki verið sett, mundi hin nýja gjaldskrá að sjálfsögðu hafa tekið gildi og greiðslur til verkfræðinganna hækkað þá í samræmi við ákvæði hinnar nýju gjaldskrár.

Þá sagði hv. 11. landsk. þm., að ég hefði enga tilraun gert til þess að réttlæta útgáfu brbl. Ég veit ekki, hvers vegna það hefur gersamlega farið fram hjá honum, sem ég sagði, en ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp það, sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu, með leyfi hæstv. forseta, — ég sagði þetta:

„Margir kunna nú e. t. v. að spyrja, hvað komi málinu við í deilu ríkisvaldsins við verkfræðinga hjá ríkisstofnunum um kaup og kjör þeirra hin nýja gjaldskrá, er gilda skyldi um laun og kostnað við starfsemi þeirra verkfræðinga, sem starfa sjálfstætt. Þegar betur er að gætt, mun þetta þó mjög blandast saman, vegna þess að frá því að verkfræðingar frá ríkisstofnunum sögðu upp samningum um kaup og kjör í júlí 1961, hafa greiðslur fyrir flest verkfræðistörf, sem unnin hafa verið á vegum ríkisins, síðan aflýst var verkfalli verkfræðinga haustið 1961, miðazt við gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 1955, og má ætla, að ef hin nýja gjaldskrá hefði tekið gildi, hefðu þessar greiðslur til verkfræðinga hjá ríkisstofnunum hækkað svo mjög í samræmi við ákvæði hinnar nýju gjaldskrár, að þær hefðu orðið, a. m. k. að því er varðar tímakaup, hærri en það mánaðarkaup, sem Stéttarfélag verkfræðinga krafðist fyrir hönd verkfræðinga

hjá ríkisstofnunum, þegar samningunum var sagt upp í júlí 1961.“ Síðan bætti ég við: „Hefði, þegar svo var komið, verið til lítils eða neita lengur að ganga að kröfum Stéttarfélags verkfræðinga óbreyttum.“

Ég skal ekkert segja um það, hvort hv. 11. landsk. telur þetta vera rök út af fyrir sig, en a. m. k. þóttist ég hafa gert tilraun til þess að skýra, hvers vegna brbl. hefðu verið gefin út, með því, sem ég las óbreytt upp úr minni fyrri ræðu nú.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeirri till. hv. 11. landsk., að það beri að fella þetta frv., en mun hins vegar fyrir mitt leyti freista þess að reyna að fá fram nokkra breytingu á þeirri brtt., sem meiri hl. flytur, ef verða mætti, að um það gæti frekar orðið samkomulag, þegar málið er athugað til hlítar.

Það er raunverulega ekki verið fyrst og fremst að deila um gjaldskrá eða þóknunina í sambandi við þetta mál, og hvað viðvíkur því, að það sé verið að halda einhverri gjaldskrá leyndri, þá veit ég ekki betur en hæstv. ríkisstj. hafi fengið 10 eintök af þessari gjaldskrá og ekki getað séð allshn. fyrir neinni þeirra, þannig að það eru ekki þau mál, sem hér eru fyrst og fremst til umr. Það, sem hér er um að ræða, er, hvaða kaup þeir verkfræðingar, sem vinna hjá ríkinu, eigi að hafa. Stéttarfélag verkfræðinga hefur gert ákveðnar kröfur fyrir þeirra hönd: lágmarkskaup 9 þús. kr. á mánuði og hækkandi eftir því, hvað þeir vinna lengi og hvað þeir eru lærðir og annað slíkt, og spurningin hefur staðið um það, hvort eigi að semja við verkfræðingana um þetta. Ríkisstj. hefur ekki viljað semja um þetta og hefur sett brbl., þar sem hún er svo að reyna að rugla fólk með alls konar orðatiltækjum og útreikningum í sambandi við einstaka liði, eins og hæstv. ráðh. var að gera hér áðan í sambandi við 320%.

Við skulum gera okkur ljóst, að með þeim kjaradómi, sem felldur verður í sumar um kaup starfsmanna ríkis og bæja, ef ekki semst milli B. S. R. B. og ríkisstj., þá verður ekki heldur útkljáð endanlega neitt um kaup þeirra verkfræðinga, sem eiga að starfa í þjónustu ríkisins, þannig að sú hætta vofir yfir eftir sem áður, að við séum að missa verkfræðingana burt af landinu. Það eru nú þegar farnir burt um 40 verkfræðingar af þeim, sem Íslendingar hafa kostað til þess að læra. Meðan aðrar þjóðir keppast um að ná verkfræðingum og að gefa þeim sem bezta möguleika til þess að læra, útskrifa tæknifræðinga, iðnfræðinga, verkfræðinga eða hvað við viljum kalla það, þá erum við að fæla þá burt, sem hafa útskrifazt og hafa lagt svo og svo mikið á sig, enda er aðstaðan orðin þannig, að í þeim greinum, þar sem Íslandi ríður allra mest á að við höfum einhverja sérþekkingu, þá höfum við ekki einn einasta mann, þannig að við höfum ekki einu sinni haft þá menn, sem hafa vit á því, hvernig eigi að þróa þær auðlindir, sem við búum yfir hér á Íslandi, vegna þess að Ísland er að verða aftur úr öllum löndum álfunnar hvað það snertir að meta vísindi og sérmenntun eins og þarf að meta það. Það er eins og hæstv. ríkisstj. geti ekki gert sér grein fyrir því, að vísindin eru nú á tíðum orðin eitt aðalframleiðsluafl þjóðfélagsins, og svo framarlega sem við höldum áfram að vanrækja allt það, sem heitir vísindi og sérmenntun, eins og nú er gert, þá stöndum við uppi eins og þvara eftir nokkurn tíma, meðan aðrar þjóðir fara langt fram úr okkur. Það er þess vegna einmitt verið að vinna að því að stöðva uppbyggingu í landinu, hindra notkun auðlinda landsins, með því að flæma burt hvern á fætur öðrum af þeim mönnum, sem ýmist hafa sérmenntun eða hafa sérfræðilegt vald yfir tækni og öðru slíku og geta þannig unnið fyrir þjóðina. Það dugir því ekki að koma fram með nein slagorð í slíku efni. Þetta eru mál, sem menn verða að þora að kryfja til mergjar og sjá, hvað við liggur.

Hvað er það, sem felst raunverulega í þeirri till., sem hv. meiri hl. allshn. flytur hér? Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.“

Um þetta stendur baráttan: þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi. Það er vitað, að þessir samningar koma ekki til með að koma í gildi 1. júlí í sumar, ef þetta verður látið standa svona, vegna þess að kjaradómurinn mun ekki taka ákvarðanir um þetta. Þeir eru utan við það. Þeir eru ekki opinberir starfsmenn í þjónustu ríkisins núna, þessir menn. Þeir fóru úr þjónustu ríkisins. Það er samið við þá á annan veg. Hvað þýðir þá þessi grein og þessi brtt., eins og hv. meiri hl. leggur til að hún sé? Hún þýðir, að það er verið að gefa ríkisstj. eilífa aðstöðu til þess að segja allan tímann við þessa verkfræðinga, sem ættu að starfa hjá ríkisstj.: Þið fáið engan samning um kaup og kjör, fyrr en þið fallizt á það, sem við heimtum, þann eilífðargerðardóm, sem þetta mundi þýða. — Ég álít, að svona nái ekki nokkurri átt. Þetta er sama sem að segja við þessa menn, sem vinna þarna hjá ríkisstofnunum: Þið verðið að gera svo vel að bíða, þangað til okkur þóknast. — Ég álít, að þarna eigi að gera þá breytingu á, að greinin skuli orðast svo: „Ákvæði þessarar greinar skulu gilda þar til 1. júlí,“ — þar til 1. júlí í sumar skuli ríkisstj. þó hafa þennan möguleika, að hún reyni að komast að samningum við þessa menn. Það eru bráðum liðin tvö ár, síðan þessi deila byrjaði, og um leið og ég hins vegar tek afstöðu með því, sem hv. 11. landsk. leggur til, vil ég freista þess, til þess að það komi alveg greinilega í ljós, hvað það er, sem hæstv. ríkisstj. og hennar meiri hl. hugsar sér. Hugsa þeir sér eilífðarákvæði með þessu móti, sem standi áfram, eins lengi og ríkisstj. þóknast, þangað til hún sé búin að

beygja þessa menn eða reka þá alla af landi burt og stöðva alla uppbyggingu, eða vill hún láta þetta standa til 1. júlí?

Margir, sem lesa þessa brtt., mundu vafalaust hugsa það, ef þeir heyrðu ekki neitt meira: Hvernig er þetta ástand raunverulega núna, þessar kröfur, sem þeir hafa gert, verkfræðingarnir, sem starfa hjá ríkinu, við skulum segja um 9 þús. kr. og þar yfir, — hvernig er með borgun á slíku núna? Það er borgað bæði það og miklu meira. Ég veit af ríkisstofnunum, sem hafa farið fram á það að fá að ráða verkfræðinga í sína þjónustu eftir þeim taxta, sem Stéttarfélag verkfræðinganna setti, eftir þessum kaupkröfum, og það eru engar smáræðisstofnanir, stofnanir, sem mikill hluti af öllu okkar atvinnulífi byggist á. Það var neitað um það af ríkisstj. Og hvað var svo gert í staðinn? Jú, það var farið til sérfræðinga, það var látið vinna þetta í ákvæðisvinnu, sem ríkisstj. alltaf er að tala um. Og hver varð árangurinn frá sjónarmiði ríkisins séð fjárhagslega? Ætli það hafi ekki kostað nokkurn veginn fimmfalt? Það er hægt ef til vill að athuga hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hver kostnaðurinn af slíku muni hafa verið og hvað það þýðir að vilja ekki taka verkfræðinga fyrir sæmilegt kaup, sem þeir hafa sjálfir sett upp, og fara í staðinn þessar krókaleiðir.

Sannleikurinn er sá, að það, sem gerzt hefur nú þennan tíma, er, að ríkisstofnanirnar hafa orðið að kaupa þessa vinnu fyrir margfalt meira verð en ef hefði verið samið um kaup og kjör við verkfræðingana, sem starfa hjá ríkisstofnunum, upp á þær kröfur, sem þeir gerðu. Það hefur verið margfalt dýrara fyrir ríkisstofnanirnar. Af hverju hefur ríkisstj. verið að láta þetta verða margfalt dýrara fyrir ríkisstofnanirnar? Af því að hún óttast, eins og hæstv. landbrh. kom hér inn á áðan, að það kynni að hafa einhver áhrif í þá átt, að einhverjir aðrir heimtuðu meira. M. ö. o.: það er verið að stela undan, þoka fram hjá í þeirri trú, að það komi aldrei nokkurn tíma fram, að það sé hægt að fela það, að það sé hægt að neita því, — fara þarna í feluleik, það er það, sem verið er að gera, í staðinn fyrir að ganga hreint til verks, af því að ef menn gengju hreint til verks, þá væru menn hræddir um, að það sæist, að þarna er verið að hækka launin allmikið.

Ég býst við, að það hefði kannske verið rétt í þessu máli að láta rannsaka það, hve mikið er borgað, og ég er hræddur um, að það mundi alls staðar koma í ljós, að það hefur farið eftir þeim taxta, sem verkfræðingarnir hafa sett, og jafnvel langt fram yfir. En það mátti ekki borga þá, ekki semja við stéttarfélögin. Þetta minnir mann á í gamla daga, þegar atvinnurekendurnir máttu umfram allt ekki semja við stéttarfélag, því að það mátti ekki viðurkenna það, en reyna að gera allt mögulegt á bak við tjöldin.

Ég held einmitt, að nú fram að 1. júlí verði ríkisstj. að taka rögg á sig og sjá um að ná samningum um kaup og kjör þeirra verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum. Það ætti ekki að vera ofverkið hennar að reyna nú einhvern tíma að koma ærlega fram í sambandi við launasamninga, vera ekki alltaf að beita bæði gengislækkunum og gerðardómum, vera ekki alltaf að fara á bak við, vera ekki alltaf að borga í rassvasann. Ég býst ekki við, að forstöðumönnum ríkisstofnana þyki neitt sérstaklega gaman að þessu. Það er svo sem ekki skemmtilegt ástand í þessum ríkisstofnunum núna, þar sem forstöðumennirnir, sem eru kannske einir, verkfræðingalausir, eru með miklu lægri laun en þeir verkfræðingar, sem þeir síðan verða að semja við á bak við tjöldin eftir skipun ríkisstj. Þetta ástand er spillandi, þetta ástand á ekki að eiga sér stað. Það á ekki að reyna að kúga á þennan hátt, sem þessi lög gefa til kynna. Það á þvert á móti að íallast á að semja við þessa aðila.

Hæstv. landbrh. kom inn á það, að það væri stefnt að því að eyðileggja atvinnulífið, það væri alveg hrun, það væri jafnvel verið að skapa einhvern voðalegan launamismun hér á Íslandi. Ég er hissa á honum að vera að tala um það. Ég sé ekki betur en allt, sem hæstv. ríkisstj. er að undirbúa nú, sé einmitt að reyna að miða að sem allra mestum launamismun. Aldrei hafa verið gerð eins stór spor í þá átt og nú í sambandi við samningana við B. S. R. B. Það er alveg greinilegt, að það miðast allt saman við það að fara að breyta þannig til, gera muninn miklu meiri en áður var. En hæstv. ráðh. var að tala um, að maður þyrfti að fara alla leið austur í Rússíá til þess að komast að einhverju líku þeim voða, sem verkfræðingarnir virtust stefna að. Ég er hræddur um, að hann gæti líka farið beint vestur til Ameríku og athugað, hvað verkfræðingarnir fá þar. Og ég er hræddur um, að hann þurfi ekki að komast alla leið í Rússíá til þess að komast að þessu. Ég er hræddur um, að hann rækist á Sviþjóð áður og sæi, hvað verkfræðingarnir fá þar. Það kaupgjald, sem bæði sænskir og amerískir verkfræðingar fá, það hefur þegar verið sagt frá því hér. Og kannske hæstv. ríkisstj. vildi leggja hér fyrir okkur og allshn. taki málið fyrir aftur og vildi leggja fyrir okkur alla reikninga allra þeirra sérfræðinga, þ. á m. útlendra verkfræðinga, sem hér hafa verið. Ég gæti trúað, að hún gæti fengið eitthvað líka hjá Sogsvirkjuninni, hún gæti látið eitthvað í té af reikningum um, hvað það er, sem verkfræðingarnir útlendu heimta, og svo skulum við bera saman, hvort þær séu ósvífnar, kröfurnar, sem þeir íslenzku hafa farið fram á.

Það er nefnilega eitt, sem þessi hæstv. ríkisstj. verður að gera sér ljóst, og það er, að ekki er hægt að halda Íslendingum fyrir neðan allar aðrar þjóðir. Það er ekki hægt að gera Íslendinga að fátækustu og vesælustu þjóðinni í Evrópu, án þess að barizt verði á móti því. Það er ekki hægt að setja okkur niður á stig Spánar, án þess að það kosti eitthvað. Það er ósköp vel vitanlegt nú, að Ísland er fyrir útlendinga að verða ódýrasta landið í

Evrópu ásamt Spáni. Og það er verið að tala um það af hálfu hæstv. ráðh. sem eitthvað voðalegt, að svo framarlega sem íslenzkir verkfræðingar fengju nú hærra kaup, fengju t. d. álíka kaup og sænskir, þá væri það aldeilis voðalegt, að það kynni að hugsast, að upp kæmi sú hugsun í kollinum á íslenzkum verkamönnum, að þeir ættu líka að fá hærra kaup, og lægst launuðu verkamönnunum, sem ríkisstj. stundum þykist bera fyrir brjósti, dytti í hug, að þeir ættu líka að fá hærra kaup. Má ég minna hæstv. ráðh. á, að fyrir 18 árum höfðu hafnarverkamenn hér í Reykjavík sama kaup eins og hafnarverkamenn í Ameríku. Það var þá 1½ dollari um tímann, þá sama sem 9 kr. og eitthvað hér, þegar dollarinn var 6.50. Kaup ameríska hafnarverkamanna er nú komið yfir 3 dollara, 120 kr. Hæstv. ríkisstj. er búin að sjá um að koma kaupinu svo niður með gengislækkunum, að það er núna rúmlega hálfur dollari, helmingi lægra — og meira en það — heldur en það, sem þing Bandaríkjanna fyrirskipar með lögum, að greiða skuli sem lágmarkslaun handa þeim verkamönnum, mestmegnis negrum, sem hafa ekki nein samtök sín á milli. Dettur hæstv. ráðh. í hug, að þetta sé eitthvert ástand, sem horfa eigi á með gleði, að þessi hafi verið þróunin síðustu 18 árin, að Ísland sé að dragast aftur úr öllum öðrum, að þrældómurinn á Íslandi sé orðinn meiri en nokkurs staðar annars staðar, að menn þurfi að vinna 10—11 tíma á dag til þess að geta komizt sæmilega af? Heldur hann, að það þurfi að hræða nokkurn mann á því, að það sé eitthvert efnahagsöngþveiti, sem blasir við, og hrun, svo framarlega sem verkamaður fær sæmileg laun? Hann var sjálfur hræddur um það í gamla daga, þegar hann stóð ekki einu sinni með sínum eigin flokki í því að mynda ríkisstj., einmitt svona kaupgjald 1944 —45. En ég hélt, að hann hefði áttað sig eitthvað ofur lítið á því síðan, að það væri hægt að halda uppi góðu kaupi á Íslandi, svo framarlega sem þjóðfélaginu væri stjórnað með nokkru réttlæti.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef efnahagslífið færi hér allt úr skorðum, þyrftum við ekki neina verkfræðinga. Er það nú ekki það, sem er að gerast hér núna? Efnahagslífið er að fara úr skorðum, og við erum að reka burt m. a. alla verkfræðinga og sérfræðinga. Er það ekki það, sem blasir við okkur núna, að ríkisstj. ráði ekki við nokkurn skapaðan hlut, af því að hún hefur aldrei reynt að skapa sér neina heildarsýn og hefur ekkert vit á því, hvað hægt er að veita fólkinu, sem á Íslandi býr og á Íslandi vinnur, góð kjör. Mér sýnist, að þessi brbl. ríkisstj., þetta hjal bæði hæstv. ráðh. og þeirra, sem að ríkisstj. standa, beri gleggstan vott um, hvílík uppgjöf er gagnvart öllum vandamálum efnahagslífsins hjá þessari hæstv. ríkisstjórn. Það, sem við Íslendingar þyrftum að geta gert nú, væri að hraða því að útskrifa verkfræðinga, sjá um að eignast miklu fleiri verkfræðinga. Máske gæti hæstv. ríkisstj. lært ofur lítið af viðbrögðum Bandaríkjastjórnar, þegar hún uppgötvaði það, að Sovétríkin voru orðin á undan þeim í vissum tæknilegum atriðum. Eitt af því, sem menn tóku þá fyrir til að rannsaka, var tæknimenntunin og aðstaðan til þess að útvega sérmenntaða menn. Og það kom í ljós, að Sovétríkin útskrifuðu, — ég þori ekki nákvæmlega að fara með töluna, en ég held þrefalt fleiri verkfræðinga en Bandaríkin. M. a. eitt af því, sem einkenndi aðstöðuna, var, að allir þeir menn, sem vildu fá að læra slíkt, gátu fengið það og námið var ókeypis, í staðinn fyrir að fátækt og atvinnuleysi hjá svo og svo stórum hluta bandarísku þjóðarinnar hindrar oft og tíðum marga gáfuðustu unglingana frá því að geta gengið á æðri skóla. Þeir fá þess vegna ekki annað eins mannval í sína sérmenntun. — Það, sem Íslendingar þyrftu að gera, er að útskrifa miklu meira af verkfræðingum, búa miklu betur að þeim mönnum, sem þeir útskrifa, jafnvel gera nám þeirra ókeypis. Við gætum líka kannske létt dálítið deilurnar á eftir um kaupið og kjörin, en umfram allt að missa þá ekki síðan burtu.

Ég held þess vegna, að það, sem þurfi að gera í þessu máli nú, sé að breyta þarna um, ef ekki er hægt að fella beinlínis þetta frv., þá að freista þess að breyta till. meiri hl. allshn. þannig, að þessir samningar falli úr gildi 1. júlí, og hvílir þá á herðum ríkisstj. fram að þeim tíma að reyna að ráða fram úr þessum málum, og það er víst vissara að taka það fram, vonandi án þess að setja ný brbl., því að ef Alþingi samþykkti þetta og það væri farið að breyta því með brbl. á eftir, þá væri farið að verða lítið úr löggjafarvaldi Alþingis.

Ég vil þess vegna, herra forseti, leyfa mér að leggja fram svo hljóðandi brtt. við brtt. á þskj. 313, að í stað orðanna „nýir samningar" og til loka setningarinnar komi: 1. júlí 1963, — og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 60, n. 313, 314 og 317, 334).

Frsm. 1. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ekki miklu að svara hæstv. ráðh. Það voru þó aðeins nokkur atriði í ræðu hans, sem ég vildi fara örlítið inn á.

Hæstv. ráðh. vildi álíta, að ég hefði haldið því fram í ræðu minni við 2. umr. þessa frv., að ég hefði talið æskilegt og sjálfsagt, að verðskrá Verkfræðingafélags Íslands tæki gildi óbreytt eins og hún var lögð fram frá Verkfræðingafélaginu. Ég held, að hér gæti allmikils misskilnings hjá hæstv. ráðh. Í nál. mínu á þskj. 314 stendur, að ég taki ekki afstöðu til gjaldskrárinnar. Það er af allt öðrum ástæðum, sem ég legg til, að frv. verði

fellt, heldur en því, að ég hafi tekið neina afstöðu til hennar, hvorki til né frá. Hinu held ég fram og hélt fram í minni framsöguræðu, að brbl. væru frekleg skerðing á samningafrelsi verkfræðinganna, að þeir gætu samið sjálfir um kaup sitt og kjör á frjálsum grundvelli. Ég endurtek það, sem ég sagði í minni framsöguræðu og fram kom í nál. á þskj. 314, að ég er algerlega mótfallinn því, að kaupdeilur séu leystar með löggjöf, slíkar aðgerðir af hendi ríkisvaldsins eru hin freklegasta skerðing á öllu samningafrelsi og eyðilegging á athafnafrelsi til samninga þeirra aðila, sem verða fyrir slíkum árásum af hendi ríkisvaldsins. Hinu hélt ég og fram, að öll afstaða hæstv. ráðh. í málinu væri mjög hæpin og rökstuðningur hans fyrir setningu brbl. gæti orkað tvímælis. Fyrir þessari skoðun minni færði ég fram að mínum dómi allveigamikil rök, og ég tel alveg óþarft að endurtaka þau hér, enda standa þau að mestu óhrakin.

Þá þurfti hæstv. ráðh. að bregða sér austur á Volgubakka, enda er það vanalegt af þessum herrum, þegar þeir þurfa að verja lélegan og hæpinn málstað. Hæstv. ráðh. sagði, að ég væri með gjaldskránni m. a. til þess að skapa, eins og hann orðaði það, sem mestan launamismun. Í þessu sambandi vitnaði hann vitanlega til Rússlands, þar sem hann taldi launamismun þar mjög mikinn, og það væri þetta ástand í launamálum, sem ég stefndi að með því að vilja láta samþykkja gjaldskrána. Ég hef tekið það fram, að ég hef ekki tekið neina afstöðu til gjaldskrárinnar, aðeins mótmælt þeim starfsaðferðum, er viðhafðar voru, svo að hún næði ekki fram að ganga. Þetta hlýtur hæstv. ráðh. að vita, að ég nú ekki tali um, ef hann hefur lesið nál.

Því miður er ég ákaflega ókunnugur launakjörum í Rússlandi. Ég tel mig hafa haft alveg nægilegt að gera með það að kynna mér laun hinna ýmsu starfsgreina hér á landi. Hins vegar hef ég að litlu leyti kynnt mér laun á Norðurlöndum og sömuleiðis örlítið í Englandi. Þar kemur í ljós, að mjög mikill mismunur er á milli launa hins almenna verkamanns og hins sérmenntaða, og því meiri er mismunurinn, eftir því sem viðkomandi aðili hefur notið meiri menntunar og þjálfunar í sérgrein sinni. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. er vel kunnugt um. Þetta sjónarmið hefur hæstv. ráðh. óbeint viðurkennt með því að fá hingað til lands ýmsa erlenda sérfræðinga, aðallega ameríska, sem að margra dómi var gert algerlega að óþörfu, þar sem fyrir voru í landinu menn, sem gátu leyst þessi störf af hendi að dómi þeirra, sem telja sig vera dómbæra þar um. Þessir útlendu sérfræðingar hafa sjaldan haft margt frumlegt fram að bera í þessum málum. En sem sagt, þeir, sem bezt þekkja, telja, að íslenzkir sérfræðingar hefðu verið alveg fullfærir um að vinna þessi verk. En hæstv. ríkisstj. hefur bara orðið að greiða þessum sérfræðingum sínum allt að þreföldu kaupi að dómi Verkfræðingafélags Íslands, eins og fram kemur í grg. þess, miðað við það, að íslenzkir menn hefðu leyst þessi störf af hendi. Við erum náttúrlega efnuð þjóð, Íslendingar. Ég dreg þó í efa, að við höfum efni á því að fá hingað erlenda sérfræðinga og borga þeim þrefalt kaup, miðað við það, sem hægt er að fá íslenzka menn fyrir. Annars er þetta dekur og þetta dálæti hæstv. ríkisstj. á hinum svokölluðu erlendu sérfræðingum og yfirleitt á öllu, sem er erlent, beinlínis hlægilegt og jafnvel þjóðhættulegt og ríkisstj. til lítils sóma.

Í sambandi við þetta verkfræðingamál er hæstv. ríkisstj. búin að flæma úr landi stóran hóp verkfræðinga. Það skal þó tekið fram, að áður en þetta verkfræðingamál kom til, voru nokkrir farnir. Mér er sagt, að það séu, eins og nú standa sakir, hvorki meira né minna en 40 íslenzkir verkfræðingar, sem eru í starfi erlendis. Virðist mér svo og mörgum öðrum, að hér sé stefnt til stórvandræða, ef ekki fæst úr bætt.

Það munaði ekki miklu, að hæstv. ríkisstj. vegna þjösnaskapar og algers skilningsleysis á kjörum starfandi lækna á sjúkrahúsum og víðar tækist að flæma burt mikinn fjölda lækna, starfandi lækna á sjúkrahúsum, til annarra landa, þar sem störf þeirra og þjónusta mundi hafa verið metin í öðru ljósi en hér hefur verið gert. En sem betur fór náðist samkomulag við læknana á síðustu stundu, áður en til stórvandræða kom.

Það er ekki alltaf bezta leiðin í kaupdeilum að sýna mikinn þjösnaskap og stífni. Slíkar aðferðir eru að mörgu leyti fyrir fram fordæmdar til að mistakast, og væri hægt að benda þar á mörg hliðstæð dæmi. Ég vildi leggja til við hæstv. ríkisstj., að hún réði beinlínis til sín mann, sem kenndi henni mannasiði í meðferð kaupgjaldsmála hér á landi. Þess væri sannarlega ekki vanþörf.

Ég mótmæli því sem alveg tilhæfulausum ósannindum hjá hæstv. ráðh., að ég hafi haldið því fram, að hann og ráðuneyti hans hafi ekki borið saman eldri gjaldskrá við hina nýútgefnu gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands. Það, sem ég sagði um það mál, var aðeins það, sem stóð í fundargerð og álitsgerð Verkfræðingafélags Íslands. Ég spurði aðeins hæstv. ráðh., hvort þau ummæli, sem stæðu í álitsgerð Verkfræðingafélagsins, væru rétt eða röng. Þessari fsp. minni lét hæstv. ráðh. ósvarað.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að Verkfræðingafélag Íslands hefði ekki viljað afhenda allshn. reglugerðina. Sér er nú hvað! Á fundi í n., þar sem fulltrúar Verkfræðingafélags Íslands voru mættir, fékk ég að sjá gjaldskrána, en tími vannst ekki til að gera þar neinn viðunandi samanburð á eldri og yngri gjaldskrám. Hins vegar er það upplýst, að hæstv. ráðh. eða það rn., sem þetta mál fellur undir, og máske fleiri rn. hafa fengið hvorki færri né fleiri en 10 eintök af hinni nýju gjaldskrá. Það virðist því hafa verið útlátalítið af hendi hæstv. ráðh. að láta allshn. hafa eitt eintak til athugunar.

Þá lét hæstv. ráðh. því ósvarað, hvort það

væri rétt, að ríkisstj. hefði greitt til erlendra og amerískra verkfræðinga og sérfræðinga 25 dali á klst., eða í íslenzkum kr. 1075 á klst., fyrir rannsóknarstörf hér innanlands, eins og Verkfræðingafélag Íslands heldur fram að gert hafi verið. En þetta eru ekki mín orð, þetta stendur í áliti frá Verkfræðingafélaginu, og er við það að sakast, ef hér er ekki rétt með farið. Ég leyfi mér enn á ný að endurtaka þá fsp. til hæstv. ráðh. og skora á hann að svara því og segja til um, hvort hér sé rétt með farið eða ekki.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að málflutningur minn fyrr við 2. umr. þessa máls hafi verið slíkur, að hann hafi ekki verið svaraverður. Hæstv. ráðh. má gjarnan hafa þessa skoðun sína alveg óáreittur frá minni hendi. Hitt get ég sagt þessum hæstv. ráðh., að öll framkoma hans í þessu máli verður honum lítt til álitsauka, heldur hið gagnstæða. Að nota ríkisvaldið á milli þinga til þess að knésetja með valdi þá aðila, sem vilja fá kjör sín bætt, er í hæsta máta ólýðræðislegt og í alla staði óþolandi. Hæstv. ráðh. neitaði að eiga viðræður við fulltrúa frá Verkfræðingafélaginu um gjaldskrána, og verður sú framkoma að teljast alveg með eindæmum. Hvernig sem það mál er skoðað, verður ekki hjá því komizt að álykta, að það, sem hafi ráðið gerðum hæstv. ráðh., hafi verið það eitt að beita valdboði í skjóli þess valds, sem ráðh. hafa á milli þinga, enda er það í fullu samræmi við sams konar afstöðu hæstv. ríkisstj. í hliðstæðum málum.

Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að svara hv. 4. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl. allshn., nema að litlu leyti, enda kom fram í svarræðu hans fátt nýtt, sem máli skipti. Í minni framsöguræðu hélt ég því fram, að hann hefði ekki fært fram nein frambærileg rök fyrir nauðsyn þess, að brbl. voru sett. Rök hv. frsm. meiri hl. n. voru þau ein, sem felast í grg. fyrir brbl. Þau rök tel ég harla lítils virði, eins og fram kom í framsöguræðu minni.

Ég get svo lokið máli mínu, en vil að lokum endurtaka það, að ég legg til, að frv. verði fellt. Verði till. mín felld og sömuleiðis rökstudd dagskrá hv. 4. þm. Sunnl., mun ég greiða atkv. með brtt. hv. 3. þm. Reykv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 317 felld með 15:10 atkv.

Brtt. 334 felld með 19:6 atkv.

— 313 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19:12 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:10 atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 358).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. var rætt allýtarlega við 2. umr. málsins. Ég skal hvorki reyna að hefja þær umr. að nýju né lengja umr. um þetta mál. En ég vildi aðeins freista þess, hvort nokkur möguleiki væri á að koma fram nokkurri endurbót á þessu frv. nú, eins og það lítur út.

Í 1. gr. frv., 3. málsgr., stendur: „Ákvæði þessarar gr. skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.“ Ég er ákaflega hræddur um, að allir þdm. hafi ekki gert sér fullkomlega ljóst, hvað þetta raunverulega þýðir. Það er vitanlegt, að 1. júlí í síðasta lagi verður kveðið á um, hver verði kaup og kjör þeirra manna, sem starfa hjá íslenzka ríkinu. Og það hafa kannske sumir haldið, að verkfræðingarnir, sem eru í stéttarfélagi þeirra, mundu koma þá þarna undir. Svo er ekki. Þessi setning, eins og hún er nú orðuð, mundi raunverulega þýða það, að ríkisstj. hefur allt vald í þessum málum og ákvæði þessarar 1. gr. gilda, þangað til samið hefur verið. Það er hægt að halda þessum brbl. gildandi, þangað til verkfræðingarnir hafa kannske beygt sig einhvern veginn fyrir ríkisstj. Þetta er það óréttláta í þessu efni, og ég á bágt með að trúa því, að það hafi verið meining meiri hl. í þessari hv. deild að ganga svona frá lögunum. Ég vil þess vegna freista þess að leggja hér fram till. ásamt hv. 4. þm. Sunnl. um, að þarna verði gerð sú breyting á, að í stað orðanna „nýir samningar“ og til loka setningarinnar komi: 1. ágúst 1963. Þá mundi þessi síðasta málsgr. 1. gr. orðast svo: „Ákvæði þessarar greinar skulu gilda þar til 1. ágúst 1963.“ M. ö. o.: þá félli þessi gr. og þar með raunverulega lögin úr gildi. Það þýddi, að eftir að 1. júlí væri endanlega búið á einn eða annan hátt að ganga frá samningunum við ríkisstarfsmenn, þá hefur ríkisstj. júlímánuð til þess að semja við verkfræðingana og reyna að koma þessu á heiðarlegan grundvöll, þannig að það sé ekki gert út um þetta með brbl. og slíku og beitt eins konar lagasetningu gagnvart þeim, heldur séu teknir upp samningar við þá og lokið samningum við þá eins og aðra, sem vilja vera starfsmenn ríkisins.

Ég vil svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till., af því að hún er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 393) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 393 felld með 17:12 atkv.

Frv. samþ. með 15:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 358, n. 427, 444 og 451).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Allshn. náði ekki samstöðu um afstöðu til þessa máls. Þrir nefndarmanna leggja til, að það verði samþ., svo sem það liggur fyrir eftir breytingu, sem á því var gerð í Nd., einn nefndarmanna leggur til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og einn, að það verði fellt.

Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 2. maí 1962, eftir að auglýst hafði verið stórkostleg hækkun á gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, þar sem gert var ráð fyrir, að tímakaup hækkaði allt að 320%, auk þess sem aðrar verulegar hækkanir voru frá þeirri gjaldskrá, sem áður hafði gilt, og var talið óhjákvæmilegt að koma í veg fyrir þessa geipilegu hækkun með bráðabirgðalögum þá þegar í stað og ákveðið, að áfram skyldi gilda hin fyrri gjaldskrá Verkfræðingafélagsins, að viðbættum þeim uppbótum, sem síðar höfðu orðið almennt á kaupi manna.

Það er auðvitað eðlilegt meginsjónarmið, sem hægt er að taka undir, sem kemur fram í nál. 2. minni hl. allshn., að það beri að gæta ýtrustu varfærni í sambandi við lagasetningu, þegar um er að ræða kjaramál, sem hér um ræðir. Og vissulega væri það æskilegt, að í kjaraákvörðunum og vinnudeilum væri jafnan slík hófsemi viðhöfð, að óeðlilegt væri og ónauðsynlegt af hálfu ríkisvaldsins að grípa inn í þann ágreining. Hitt gefur jafnframt auga leið, að það væri stjórnleysi í einu þjóðfélagi, ef ríkisvaldið gripi aldrei inn í slíkar deilur, hversu óhóflega sem að væri farið. Og það var skoðun ríkisstj. á s. l. sumri, að með hinni nýju gjaldskrá verkfræðinga væri um svo geysilegar hækkanir að ræða, að óviðunandi væri, og brýn nauðsyn frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar að koma í veg fyrir svo stórfellda hækkun sem þar var um að ræða.

Ég vil taka það skýrt fram, að að sjálfsögðu er verkfræðingastéttin allra góðra gjalda verð, og það má til sanns vegar færa, að kjör hennar hafi ekki verið í samræmi við það, sem stéttarbræður hennar víða njóta. Og það er auðvitað þannig um fleiri stéttir á þessu landi. Vissulega er það rétt, að í launamálum hefur ekki verið metið sem skyldi langt og erfitt nám manna, og einmitt með hliðsjón af þeirri staðreynd er nú unnið að þeirri endurskoðun á kjaramálum opinberra starfsmanna, sem nú stendur yfir. Það er hins vegar jafnljóst, með allri virðingu bæði fyrir verkfræðingastétt sem öðrum stéttum í okkar þjóðfélagi, að þær verða að gæta alls hófs í því litla þjóðfélagi, sem við lifum í, og mega ekki sýna ósanngirni eða óbilgirni, og það tjóar ekki allténd að vísa til kjara, sem menn kunna að njóta á erlendum vettvangi, því að það eru auðvitað margar aðrar ástæður, sem taka verður til greina, svo sem öllum er vitanlega ljóst. Hinu er auðvitað ekki að leyna, að verkfræðingastéttin hefur nokkra sérstöðu, sem má að vísu segja að önnur stétt hér á landi, læknar, hafi einnig, að þeir hafa að segja má alþjóðlega menntun og hafa þess vegna aðstöðu til þess að nota vinnuorku sína og sérþekkingu á alþjóðlegum vettvangi, og einmitt af þeim sökum fór það svo á sínum tíma, að verkfræðingum tókst að brjótast undan launalögum og fá gerða sérstaka samninga fyrir sig. Og það er vitanlega svo ástatt um þessa stétt, sem gegnir mjög mikilvægu hlutverki, að hún hefur aðstöðu til að vissu leyti að setja þjóðfélaginu stólinn fyrir dyrnar. Engu að síður hefur þessi stétt manna sýnt — vil ég segja — fullkomna þegnhollustu í því, að þeir hafa skilið nauðsyn þess, að þessar ráðstafanir voru gerðar t. d. með áburgreindum bráðabirgðalögum, og áttað sig á því, að hér hafi verið farið of geyst af stað.

Ég held því, að það geti naumast, ef menn skoða það mál áróðurslaust niður í kjölinn, verið raunverulegur efnislegur ágreiningur um, að það hafi verið um að ræða óhæfilega hækkun á taxta verkfræðinga, sem þeir ákváðu á s. l. vori, og því hafi ekki verið annars kostur hjá ríkisstj. en að grípa til þeirra úrræða, sem hér var gert. En ég endurtek það, sem ég áður sagði, að slíkt eru vitanlega alger neyðarúrræði og þess mjög að vænta, að til slíkra aðgerða þurfi helzt aldrei að taka.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál. Það er margrætt og í eðli sínu mjög einfalt mál. En það er niðurstaða meiri hl. allshn. að leggja til, að brbl. verði staðfest, þó með þeirri breytingu, sem á þeim var gerð í Nd., þar sem ákveðið er, að þessi binding við hina eldri gjaldskrá skuli gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafi tekið gildi, því að sjálfsögðu er eðlilegt, að það verði höfð hliðsjón af niðurstöðu þeirra samninga, og verkfræðingar hljóta að hafa hliðsjón af niðurstöðu þeirra samninga, þegar kemur til ákvörðunar um breytingu á þeirra gjaldskrá.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í samræmi við afstöðu framsóknarmanna í Nd. til þessa máls hef ég leyft mér að leggja til, að það verði hér afgr. með rök-

studdri dagskrá. Ég get ekki fallizt á, að setning brbl. um þetta efni hafi verið réttmæt, eins og á stóð. Ég tel þvert á móti, að með setningu þeirra hafi verið farið inn á mjög varhugaverða braut og að hún geti orðið varhugavert fordæmi í framtíðinni.

Efni þeirra brbl., sem þessu frv. er ætlað að staðfesta, er í raun og veru það að fella úr gildi gjaldskrá Verkfræðingafélagsins, sem átti að öðlast gildi 1. maí 1962, og ákveða, að áfram skuli vera í gildi gjaldskrá Verkfræðingafélagsins frá 1955. Þetta er hið raunverulega efni þessa frv. og þeirra brbl., sem því er ætlað að staðfesta. Með hinni nýju gjaldskrá, sem þannig var felld úr gildi, var verið að setja verðlagningarreglur á útselda þjónustu verkfræðinga, sjálfstætt starfandi verkfræðinga, verkfræðistofnana, alveg hliðstætt því og t. d. lögmenn setja sér sínar gjaldskrár eða löggiltir endurskoðendur setja gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem þeir inna af hendi. Og að þessu leyti til er það alveg hliðstætt þeirri gjaldskrá, sem á sínum tíma hafði verið sett árið 1955. Það er einmitt alveg sérstök ástæða til þess að undirstrika þetta og leggja á þetta atriði áherzlu, að með þessari gjaldskrá, sem brbl. fella í raun og veru niður, er aðeins verið að setja á eða ákveða þjónustugjald fyrir verkfræðinga, sem starfa sjálfstætt. En hún á alls ekki við og átti alls ekki að eiga við um verkfræðinga sem launþega, um þá verkfræðinga, sem starfa t. d. á mánaðarkaupi, þá sem eru fastráðnir og starfa á mánaðarkaupi, hvort heldur hjá ríkisstofnunum eða öðrum. Hin nýja gjaldskrá, sem öðlast átti gildi 1. maí s. l., snerti því ekki beinlínis þá kjaradeilu, sem verkfræðingar hjá ríkisstofnunum áttu í við ríkið, en það er kunnara en frá þurfi að segja eða það þurfi að vera að rekja það hér, að verkfræðingar við ríkisstofnanir sögðu upp sínum samningum í júlí 1961, og við þá hafa síðan ekki verið gerðir, að mér skilst, neinir formlegir samningar, heldur starfa þeir skv. einhverju sérstöku samkomulagi. Það er ekki gert ráð fyrir því, að kjarasamningalögin og þeir kjarasamningar, sem nú standa yfir, taki til verkfræðinga í þjónustu ríkisins, að mér skilst. Þess vegna er sannleikurinn sá, að enn þá eru málefni þeirra verkfræðinga allra, sem störfuðu og starfa hjá ríkinu og áttu á sínum tíma í kjaradeilu við það, í raun og veru óleyst, og þeirra málefni verða út af fyrir sig ekki leyst með hinum nýju kjarasamningum eða þeim kjaradómi, sem kann að ganga um þau efni.

Að sjálfsögðu á þessi gjaldskrá, sem sett var á sínum tíma, ekki við um störf erlendra verkfræðinga. Þeir starfa að sjálfsögðu eftir sínum gjaldskrám, sem þeir setja sér sjálfsagt með hliðstæðum hætti og verkfræðingar hér hafa sett sér sínar gjaldskrár.

Það verður að mínu viti ekki talið óeðlilegt, að verkfræðingar settu sér nýja gjaldskrá árið 1962, eftir að gjaldskrá félagsins hafði verið í gildi frá 1955. Ég skal engan dóm leggja á þessa gjaldskrá. Mig brestur þekkingu á því að meta hana, hvernig hún er úr garði gerð. Það eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir um hana eins og aðrar þvílíkar gjaldskrár. Sumum getur fundizt, að einstök atriði í henni séu ekki sanngjörn, aðrir aftur á móti líta öðrum augum á það, eins og gengur, en það er kannske misjafnt mat lagt á þessi störf hjá ýmsum aðilum. Sem sagt, ég skal engan dóm leggja á þessa gjaldskrá út af fyrir sig. En hitt finnst mér ekki óeðlilegt, þó að svo hafi verið komið árið 1962, að gjaldskráin frá 1955 hafi á ýmsan hátt verið orðin úrelt. Það var vitað mál og þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér, að á þessu tímabili, frá 1955—62, hafa orðið hér geysimiklar raskanir, og ég hygg, að þessar raskanir hafi leitt til þess æði víða, á ýmsum sviðum þjóðlífsins, að það hafi einmitt verið settar nýjar gjaldskrár á þessu tímabili, bæði fyrir ýmsa aðila, sem fást við eins konar löggiltan atvinnurekstur, og líka fyrir ýmis þjónustufyrirtæki, þ. á m. ekki síður fyrir þjónustufyrirtæki hins opinbera en önnur. Ég hygg t. d., að gjaldskrár fyrirtækja eins og t. d. síma, rafmagnsveitu, hitaveitu o. s. frv. hafi ekki verið hækkaðar svo lítið á þessu tímabili. Og ég býst við, að það verði flestir að játa, að það sé ekki óeðlilegt, þó að slíkar gjaldskrár hafi verið hækkaðar á þessu tímabili. Ég hygg líka, að það hafi farið fram hækkun á gjaldskrá ýmissa aðila annarra á þessu tímabili, þó að ég hafi það að vísu ekki við höndina, hvort t. d. gjaldskrá málflutningsmanna hefur hækkað á þessu tímabili eða ekki eða hvort t. d. gjaldskrá arkitekta eða löggiltra endurskoðenda hefur hækkað eða ekki, en ekki finnst mér ósennilegt, að það hafi orðið einhverjar breytingar á þessum gjaldskrám á þessu tímabili. Sem sagt, hvað sem menn álíta út af fyrir sig um þessa gjaldskrá, sem sett var af verkfræðinganna hálfu 1962, þá held ég, að mönnum geti ekki þótt það neitt óeðlilegt, þó að fram færi af þeirra hálfu gjaldskrárendurskoðun, þeir settu nýja gjaldskrá 1962, eftir allar þær margvíslegu breytingar, sem þá voru á undan gengnar. Og að sjálfsögðu var það eðlilegt, að margir liðir þeirrar gjaldskrár hlytu að hækka.

Eins og ég hef þegar sagt, skal ég ekki leggja á það dóm út af fyrir sig, hvort þessi hækkun er að öllu eðlileg eða ekki. Það fer, eins og ég hef áður sagt, svo mjög eftir því, við hvað menn miða. Það er t. d. vitað, að þó að sumum þyki, að verkfræðingar hér beri talsvert úr býtum, þá eru þeir að sjálfsögðu mjög í því efni eftirbátar sinna stéttarbræðra erlendis. Þannig er það að vísu líka með marga aðra háskólamenntaða menn, og ég er ekki endilega þeirrar skoðunar, að það sé rétt að miða við það, hvað slíkir menn geta borið úr býtum erlendis, og ég efast um það, að við á næstunni a. m. k. getum boðið slíkum mönnum upp á að öllu leyti sambærileg kjör, að við getum boðið sérfræðingum sambærileg kjör við það, sem tíðkast hjá öðrum þjóðum. En allt um það, þá er því ekki að neita, að

verkfræðingar eiga að baki langt og dýrt og ákaflega erfitt nám, og þeir vinna — því neitar enginn — mjög ábyrgðarmikil og nauðsynleg störf í þjóðfélaginu og eiga þess vegna að sjálfsögðu skilið að bera það úr býtum fyrir sín störf, sem þjóðfélagið a. m. k. frekast getur borið.

Það er alveg ótvírætt, að með þessum brbl. er mjög skert frjálsræði manna til þess að verðleggja ekki aðeins sína vinnu, heldur og sína þjónustustarfsemi, endurgjald fyrir þjónustustarfsemi, sem samanstendur af ýmsum öðrum liðum en vinnu. Þannig er ekki annað sýnilegt en að með sömu rökum og þessi brbl. eru sett, þá mætti festa með lögum ýmsar gjaldskrár fyrir ýmsa aðra þjónustu í þjóðfélaginu, sem innt er af hendi. Ég býst við því, að aðilar almennt, sem þar eiga hlut að máli, muni fella sig miður við slíkt. Ég get t. d. hugsað mér, að sú stétt, sem ég þekki kannske bezt, lögmennirnir, mundi ekki taka því neitt sérlega vel, ef það ætti að fara að binda gjaldskrá þeirra með lögum, þannig að hún mætti ekki hækka frá því, sem hún hefði verið sett árið 1955 eða eitthvert ár, sem hún kann að hafa verið sett. Ég get hugsað mér, að opinber þjónustufyrirtæki mundu ekki heldur sætta sig við það með glöðu geði, ef löggjafinn ætlaði að fara að skerast í leikinn og fresta með lögum þeirra gjaldskrá. Hvað sem um þetta má segja, þá liggur sem sagt alveg ljóst fyrir, að þarna er verið að hefta mjög frjálsræði sjálfstæðra atvinnuaðila til þess að setja gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem þeir láta í té.

Ég skal að öðru leyti ekki fara út í þau rök, er hér eru færð fram fyrir setningu þessara brbl. Þar er hækkun sú, sem er talin hafa verið gerð á gjaldskránni, mjög mikil og nefndar ákveðnar tölur í því sambandi. En ég vil aðeins benda á það, að verkfræðingar mótmæltu strax á eftir á fundum sínum setningu þessara brbl. og töldu, að í grg. fyrir brbl. væri um ýmsar rangfærslur að ræða, og töldu, að í setningu þessara brbl. fælist vanmat á íslenzkum verkfræðingum og starfi íslenzkra verkfræðinga. Hv. 2. minni hl. hefur einmitt tekið þessar aths. og mótmæli úr grg. verkfræðinganna upp í sitt nál. og gerir hann það væntanlega að umtalsefni, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fara um þær fleiri orðum hér, bendi aðeins á þetta sjónarmið, sem fram hefur komið af hálfu verkfræðinganna. Og þar undirstrika þeir að sjálfsögðu það, sem ég hef þegar sagt og er að mínu viti aðalatriðið í þessu máli, að gjaldskránni, sem hér er um að ræða, er aðeins ætlað að taka til sjálfstætt starfandi verkfræðinga, en ekki til þeirra verkfræðinga, sem fastráðnir voru, og gjaldskráin snertir því ekki aðeins laun fyrir vinnu, heldur og margvísleg önnur atriði, sem gjaldskráin er undirbyggð af, eins og t. d. húsnæðisliðum og öðrum kostnaðarliðum, sem sjálfstæðar verkfræðiskrifstofur verða auðvitað að taka með í reikninginn, þegar þær verðleggja sína útseldu vinnu.

Eins og áður er sagt, get ég ekki fallizt á, að það hafi verið réttmætt að grípa til þessara brbl., sem hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi reyndar einnig að hlyti að vera algert neyðarúrræði að grípa til.

Eins og lagafrv. nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að þessi gjaldskrá frá árinu 1955 gildi alveg óákveðið, alveg ótímabundið, þ. e. a. s. þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi. En það veit alls enginn, hvenær slíkt skeður, því að eins og ég hef áður tekið fram, þá er ekki í þessu frv., ef ég skil það rétt, miðað við þá samninga, sem nú fara fram við starfsmenn ríkisins, kjarasamninga þá, enda eru verkfræðingar alls ekki inni í þeim samningum, að mér skilst, heldur er þá miðað við einhverja samninga, sem eiga sér stað einhvern tíma í framtíðinni. Þetta er að mínum dómi engin sanngirni, að ætla þannig að lögbinda gjaldskrá Verkfræðingafélagsins um alveg ótiltekinn tíma. Og slíkt getur vitaskuld haft mjög alvarlegar afleiðingar, ekki sízt vegna þess, að menntun verkfræðinga er, eins og hv. frsm. meiri hl. drap á, með vissum hætti alþjóðleg og eftirspurn eftir verkfræðingum er mikil víða um lönd nú á tímum, og þess vegna gæti svona lagaákvæði, svona óbilgirni, vil ég segja, af löggjafans hálfu leitt til þess, að miklu fleiri verkfræðingar en ella hyrfu að störfum erlendis og frá störfum hér, en af því gæti auðvitað orðið stórkostlegur bagi fyrir íslenzka ríkið, þjóðfélagið í heild. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að mínum dómi að koma ráðningarkjörum verkfræðinga á fastan grundvöll, en eins og ég hef lauslega tekið fram, virðast þeir nú starfa eftir einhvers konar sérstöku samkomulagi í þjónustu ríkisstofnana, þeir sem þar starfa. Það virðist ekki vera komið á neinn fastan grundvöll að mér skilst. Þess vegna er að mínu viti nauðsynlegt að gera við þá nýja samninga, og frá mínu sjónarmiði hefði verið langeðlilegast að láta kjarasamningalögin taka til þeirra eins og hverra annarra opinberra starfsmanna í þjónustu ríkisins. Ríkisstj. verður þess vegna að sinna þessum málum og beita sér fyrir lausn þeirra, því að annars getur stefnt í öngþveiti með þessi mál.

Á þessum sjónarmiðum, sem ég hef hér í örstuttu máli rakið, er hin rökst. dagskrá reist. Í henni felst, að Alþingi vill ekki samþykkja brbl., en hafnar þeim þó með nokkru vægara hætti að formi til heldur en með því að fella þau beinlínis, en jafnframt felst óbeint í þessum afgreiðsluhætti, að gert sé ráð fyrir því, að ríkisstj. beiti sér fyrir því að koma ráðningarkjörum verkfræðinga í þjónustu ríkisins í fast form, þannig að þau mál svífi ekki í eins lausu lofti og nú er.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Mér hefur stundum fundizt hæstv. ríkisstj. dálítið barnaleg í sínum tiltektum. T. d. þykist ég hafa tekið eftir því, að hún muni hafa fjarska gaman af að sýna vald

sitt. Og einmitt þau brbl., sem hér liggja fyrir til umr., bera þessu vott.

Það er kunnugt, að ríkisstj., sem hafa til að bera ríka ábyrgðartilfinningu, eru mjög seinar á sér að grípa til þeirra óyndisúrræðis að beita stéttir valdi, þegar um launamál þeirra eða kjaradeilur er að ræða. Sú hæstv. ríkisstj., sem hér situr nú að völdum, hefur hins vegar reynzt mjög fljót á sér til valdbeitingar í þessu efni. Hún sér sér ekki fyrr færi til að beita valdi, þegar stéttirnar leitast við að bæta kjör sín, en hún gerir það. Hæstv. ríkisstj. okkar virðist sem sagt vera mjög laus höndin í þessu efni, og ég held, að það sé ekki af neinni illmennsku, síður en svo, en að þetta sé frekar barnaskapur.

Útgáfa brbl. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf 2. maí 1962 var algerlega óþörf lagasetning, var lagasetning algerlega út í hött. Verkfræðingafélag Íslands hafði sett sér nýja gjaldskrá, og gjaldskráin átti að taka gildi eða tók gildi 1. maí. Hæstv. ríkisstj. var ekki sein á sér, og 2. maí var hún búin að setja brbl. í því skyni að ógilda þessa gjaldskrá. Auðvitað varð hæstv. ríkisstj. að færa fram einhverjar ástæður fyrir þessu tiltæki. En ástæðurnar eru mjög léttvægar, þegar að er gáð, svo léttvægar, að raunverulega eiga brbl. af þeim sökum ekki rétt á sér. Þau eru að nokkru leyti þannig brot á stjórnarskrá landsins. Nýja gjaldskráin, sem átti að ganga í gildi 1. maí, fól í sér að vísu hækkun launa verkfræðinga. En sú hækkun, sem þar var um að ræða, var af ýmsum öðrum toga spunnin, sem snerti ekki laun verkfræðinga beint. Og auðvitað er það algerlega villandi, sem sagt er í forsendum brbl., að hækkunin sé í nokkru samræmi við þá tölu, sem þar er nefnd, að hækkunin nálgist það að vera 320%. Meðalhækkunin hvað laun snertir liggur langt fyrir neðan þessa tölu. En það var ekki sterkt í forsendum fyrir slíkum lögum að nefna þá tölu, þá raunverulegu launahækkun, sem um var að ræða. Það var ekki gert vegna þess, hversu hún var lág. Auk þess er allur samanburður á eldri gjaldskrá verkfræðinganna og þeirri nýju, sem tók gildi 1. maí s. l., villandi. Þær eru ósambærilegar, sérstaklega vegna þess, að í nýju gjaldskránni eru gerðar ýmsar formbreytingar, skipulagsbreytingar, sem eru nauðsynlegar í samræmi við breytta tækni og breytt vinnubrögð á starfssviði verkfræðinga. Þessu hafa þeir haldið fram og flutt sem rök fyrir því, að það væru algerlega villandi forsendur, sem fram hefðu verið færðar fyrir þessum lögum.

Það varð önnur stétt illa fyrir barðinu á hæstv. ríkisstj. nokkrum mánuðum áður en þessi lög voru út gefin. Það voru starfandi læknar í Reykjavík. Þeir fóru fram á launahækkun hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. Fyrstu og einu afskipti hæstv. ríkisstj. af því máli, því deilumáli tveggja aðila um kjör, voru þau að setja brbl., þvingunarlög á starfsemi lækna í Reykjavík. Það voru fyrstu og einu afskipti hæstv. ríkisstj. af því deilumáli. Í forsendum fyrir þeim lögum var líkt ástatt og hér. Þar var sett fram fyllyrðing um 100% hækkun, sem læknarnir færu fram á. Þessi tala var álíka villandi og sú, sem stendur í þessum brbl., sem hér eru til umr., vegna þess að ekki var um sambærileg atriði að ræða, gömlu samningana og þá samninga, sem læknarnir óskuðu að fá. Þeir vildu fá skipulagsbreytingu. Þeir óskuðu eftir því að auka og bæta læknaþjónustuna í bænum. Auðvitað leiddi það til kostnaðarauka fyrir Sjúkrasamlag Reykjavíkur. En þetta var tekið og túlkað sem hrein launahækkun, sem krafa um hreina hækkun á læknatöxtum.

Nákvæmlega eins er farið að gagnvart verkfræðingunum í þeim brbl., sem hér liggja fyrir. Það er ómögulegt að segja annað en að hér séu staðreyndir falsaðar í því skyni að finna brýna nauðsyn til lagasetningar. Nú skulum við segja, að verkfræðingar hafi farið fram á mikla launahækkun sér til handa. Jafnvel þótt svo væri, þá var það óafsakanlegt gerræði af hálfu hæstv. ríkisstj. að setja þessi lög á þeim tíma, sem þau voru sett. Verkfræðingarnir buðust til að eiga tal við rn. og gefa skýringar á hinni nýju gjaldskrá. Þessu tilboði var ekki svo mikið sem anzað. Hæstv. ríkisstj. átti ekkert vantalað við íslenzka verkfræðinga fyrstu dagana í maí. Öllum kemur okkur sjálfsagt saman um, að verkefni íslenzkra verkfræðinga sé mikið og að það sé vaxandi í þjóðfélaginu. Öllum kemur okkur saman um nauðsynina á því að gera starfskjör íslenzkra verkfræðinga sem bezt. Og öllum kemur okkur saman um, að nauðsynlegt sé, að í þessa stétt veljist hæfir menn að gáfum og að menntun. Um þetta deilum við áreiðanlega ekki. En þegar til kastanna kemur, þá gefur hæstv. ríkisstj. ekki einn eyri fyrir neitt af þessu. Mér er kunnugt um, að hæstv. ráðh. hafa haldið hjartnæmar ræður í veizlum um þýðingu og mikilvægi íslenzkrar verkfræðingastéttar. En í hversdagsleikanum er afstaðan önnur. Þá er skilningurinn allur annar gagnvart þessari stétt.

Og það er ekki svo, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé eina höggið, sem íslenzkum verkfræðingum hefur verið greitt af valdhöfum á síðustu missirum. Það má segja, að það er eitt af mörgum, og það er síðasta höggið og það, sem ekki var verst úti látið. Áður höfðu verkfræðingar lengi barizt fyrir bættum kjörum. Afleiðingin af öllu þessu háttalagi í garð verkfræðinganna er auðvitað sú, að þeir hæfustu flæmast úr landi og færri og færri leggja fyrir sig þetta nám í framtíðinni.

Ég get tekið undir það, sem fram kemur í grg. frá Verkfræðingafélagi Íslands, að forsendurnar fyrir þessum lögum eru rangar og villandi, og aðeins af þeirri ástæðu einni, að lögin eru reist á rangsleitni, ber Alþingi að fella þau. Auk þess, eins og ég hef tekið fram, eru aðrar ástæður til að fara allt öðruvísi að í þessu tilviki, hafa allt annan hátt á viðskiptum hins opinbera við verkfræðingastéttina. Það er hagur þjóðarinnar að nokkru

leyti, sem hér er í veði. Ef við flæmum frá okkur alla beztu verkfræðinga landsins og fælum unga og efnilega menn frá því að leggja það nám fyrir sig, þá er efnahag þjóðarinnar illa komið, áður en varir, því að eins og tæknin má sín orðið mikils og er mikils virði í atvinnuvegum okkar Íslendinga, þá er það neyð, sem skapast, ef ekki fást nægilega margir og nægilega vel menntaðir verkfræðingar til starfa í landinu. Ég er viss um, að þótt verkfræðingarnir að þessu sinni hefðu verið látnir í friði með sína gjaldskrá, þá var efnahag þjóðarinnar af því engin hætta búin. En nú er hætta búin af tiltæki hæstv. ríkisstj., setningu þessara bráðabirgðalaga. Af slíkum tiltektum stafar efnahag og atvinnuvegum þjóðarinnar hætta. Þetta er ein ástæðan fyrir því, að Alþ. ber að fella þetta frv.

Nei, ég undrast um jafnreynda menn og hæstv. ríkisstjórn skipa, hvílíkan barnaskap þeir hafa sýnt í þessum efnum, hvílíkt fljótræði og flan þessi bráðabirgðalagasetning þeirra hefur verið. Vald hennar er að vísu nokkurt, en það er ákaflega lítið á móts við vald launastéttanna, þegar þær beita því valdi, og það þarf sérlega sterka ríkisstjórn til þess að ætla sér ár eftir ár að halda niðri kjörum hins vinnandi fólks. Við sjáum dæmin fyrir okkur þessa dagana, eftir fregnum að dæma í Frakklandi. Þar er sterk ríkisstjórn, ríkisstjórn, sem vafalaust er miklu, miklu sterkari en hæstv. ríkisstjórn, sem hér situr, og hún hefur ráðið fram úr mörgum vanda í sínu landi og sveigt vilja þjóðarinnar á ýmsa vegu, en í kjaradeilunni, sem nú stendur yfir, stendur sú stjórn máttvana. Ég held þess vegna, að setning brbl. eins og þessara þjóni engum góðum tilgangi og gagni hvorki pólitík hæstv. ríkisstjórnar né þjóðinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að það væri sterk stjórn í Frakklandi, hún hefði nú fengið reynsluna af því, hvernig það væri að slást við hinar vinnandi stéttir. Ég held, að það hefði fáum dottið í hug, að þetta væri heppilegur samanburður, að ræða um kjör kolanámuverkamanna í Frakklandi og þær kröfur, sem verkfræðingar á Íslandi hafa gert með sinni nýju gjaldskrá.

Þegar hv. síðasti ræðumaður er að tala um vald hinna vinnandi stétta og samtök, að það sé sterkt, þá ætla ég ekki að gera lítið úr því. En hinar vinnandi stéttir, sem eru kallaðar svo, — sem er náttúrlega út af fyrir sig rangnefni, því að allir eru nú vinnandi, — ég geri ekki ráð fyrir því, að þær hafi mikla samúð með þeim kröfum, sem hafa komið fram í hinni nýju gjaldskrá, sem litils háttar hefur verið gerð hér að umræðuefni. Ég held, að það sé ákaflega erfitt að blanda því saman. En hv. þm. lét það augljóslega í ljós, að það er ekki hagur hinna vinnandi stétta, sem hann kallar, sem hann telur aðallega ástæðu til þess að berjast fyrir, því að hann vill augljóslega berjast fyrir því, að launamismunurinn verði sem mestur, að þeir, sem hæst laun hafa, fái meira, án þess að þeir, sem minnst hafa, fái nokkrar viðbætur.

Nú ætla ég ekki að segja, að allir eigi að hafa jöfn laun. Þeir, sem hafa miklu til sín kostað og gegna miklum ábyrgðarstöðum, eiga vissulega skilið að hafa góð laun, og ég er því eindregið fylgjandi, að verkfræðingarnir fái þau laun, sem þjóðfélagið hefur efni á að greiða þeim. Og það er ekki af skilningsleysi á gildi þeirra starfa, sem verkfræðingar vinna hér í landi, að þessi bráðabirgðalög voru sett. Þau eru ekki sett til að vinna að því að flæma þá úr landi, heldur miklu fremur til þess að tryggja það, að við hefðum eitthvað við verkfræðinga að gera við uppbyggingu og hin ýmsu störf í landinu. Það er þarna, sem er ágreiningur.

En nú er það svo, að hv. síðasti ræðumaður ber það alls ekki utan á sér, og mér finnst það alltaf ótrúlegt, að hann vilji haga baráttu sinni þannig, að efnahagskerfi landsins fari alveg í rúst. Og ef það er ekki svo, þá verður að virða þessum hv. þm. það til vorkunnar, að hann hefur ekki gert sér grein fyrir því, hvað í gjaldskránni felst, enda forðaðist hann að ræða hana að nokkru ráði. Hann lét sér aðeins sæma að viðhafa hér ýmsar fullyrðingar um það, að gjaldskráin væri alls ekki eins og sagt væri í forsendum fyrir lögunum, án þess að reyna að finna orðum sínum nokkurn stað. Ég segi aðeins: þetta er ekki sæmilegur málflutningur — á engan hátt. Það er á það bent, að í gjaldskránni má finna ýmis dæmi, þar sem hækkunin er 320%, og verkfræðingarnir sjálfir reyna ekki í sinni greinargerð að mótmæla því, vegna þess að það stendur í gjaldskránni. Í gjaldskránni stendur það, að tímakaup skv. hinni fyrirhuguðu gjaldskrá skuli vera 350 kr. á klst. að viðbættum 40%, þegar um er að ræða efnaverkfræðinga við venjulegar efnagreiningar og efnaprófanir. Þessi 40% eru 140 kr., þá verður gjaldið fyrir tímann 490 kr., en skv. gildandi gjaldskrá eru þetta kr. 116.72. Hækkunin er því 319.8%, og mér finnst það dálítið undarlegt, þegar hv. þingmenn koma í ræðustól á Alþ. og ætla sér að mótmæla því, sem stendur svart á hvítu. Ég held, að hv. þm. ættu að venja sig af slíku. Hitt er svo rétt, að það eru ekki allir liðir gjaldskrárinnar, sem hækka um þetta. Hækkunin er venjulegast í gjaldskránni frá 118% og upp í 320%. Það er t. d. eitt dæmi, ef við tökum brú, að skv. nýju gjaldskránni eru 309 kr., sem ætti að greiða fyrir eininguna, en var áður 142. Hækkunin í þessu tilfelli er 318%. Og svo er þar allt á milli, frá 118 upp í 320. Þá er tekið upp nýmæli inn í þessa gjaldskrá, sem hefur ekki verið áður í gjaldskrá hjá verkfræðingum, að það er svo, að það er ófaglært fólk, sem vinnur á skrifstofum hjá verkfræðingum, en þá áskilja verkfræðingar sér rétt til þess að taka 1.2‰ af árslaunum á klst. Það svarar til, að verkfræðingur fái árslaun þessa annars starfsfólks greidd á 833 klst. Nú vinna þessir starfsmenn yfirleitt 2500 klst. En

ef við reiknum með, að þeir vinni aðeins í 2200 klst., 120 kr. á tímann, þá fær verkfræðingafirmað 164 þús. í álagningu á vinnu þessa starfsmanns, sem eru greidd 100 þús., ef miðað er við 2200 tíma, en það eru venjulegast 2500 tímar, sem þetta fólk vinnur.

Ástæðan til þess, að þessi bráðabirgðalög voru sett, er eingöngu sú, að það þurfti að koma í veg fyrir, að aðrir léku þetta eftir. Ef verkfræðingarnir hefðu komizt upp með þetta, þá var ekki aðeins það, að öll sú vinna, sem það opinbera og aðrir þurftu að kaupa af því, hefði hækkað sem þessu nemur, heldur hitt einnig, að aðrir aðilar hefðu komið á eftir og hækkað sínar gjaldskrár.

Hv. þm., sem talaði hér síðast, minntist á það, að ríkisstj. gripi fljótt til hnefans og vildi sýna vald sitt af barnaskap. Ég get upplýst hv. þm. um það, að þjóðin hefur ekki þessa skoðun á málinu. Þjóðin er þakklát fyrir það, þegar komið er í veg fyrir stöðvun atvinnulífsins og glundroða í fjármálum og atvinnumálum. Og ríkisstj. hefur aldrei gripið til þessara ráðstafana, að gefa út brbl., nema þegar hagsmunum þjóðarinnar hefur verið ógnað með óbilgjörnum kröfum.

Hv. þm., sem talaði hér síðast, minntist á læknana og meðferðina á þeim. Ég hélt, að hv. þm. mundi ekki minnast á þá, vegna þess að það mál leystist öllum í hag, án þess að vera þeim til sæmdar, sem börðust fyrir því, að önnur lausn fengist á málinu. Hv. þm. talaði um, að læknar hefðu átt í baráttu við stjórn Sjúkrasamlagsins, vegna þess að þeir fengu ekki fyrirhafnarlaust allt að 100% hækkun. Var það af samúð við fátækar fjölskyldur hér í Reykjavík, sem vissulega hefðu þurft að hækka sín sjúkrasamlagsgjöld, að þessi barátta var hafin af hendi lækna? Nú ætla ég ekki að fullyrða neitt um það, hvort læknar hafa yfirleitt fengið eðlilega há laun eða ekki, en óneitanlega varð mörgum að orði: Er nú svo illa að læknunum búið, að það sé eðlilegt, að þeir berjist svo fast fyrir þessum miklu hækkunum, þar sem kjaradómurinn er á næsta leiti og þar sem Sjúkrasamlagið er annars vegar, og tekjur þess eru að miklu leyti undir því komnar, að oft og tíðum fátækt fólk geti borgað sín gjöld mánaðarlega? — Ég minnist á þetta hér vegna þess, að hv. þm., sem talaði hér síðast, hefur oft viljað láta í það skína, að hann væri málsvari þeirra fátæku og þeirra, sem erfiðast ættu. En ræða sú, sem hann flutti hér áðan, gerði nokkuð til þess að afsanna, að svo sé alltaf, því að skv. þeirri kenningu er það meginatriðið að auka launamismuninn og berjast jafnhart eða harðar fyrir kjarabótum til handa þeim, sem bezt eru megandi, heldur en handa hinum, sem minnst eiga undir sér.

Í rauninni er ekki þörf á því að gera fleiri athugasemdir við það, sem þessi hv. þm. sagði. Ég verð að afsaka hann með því, að hann í blindni gerðist talsmaður þess, að brbl. verði ekki staðfest. Það er sú eina afsökun, sem hægt er að færa fram fyrir hann.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði hér af mikilli hógværð. Mér er enn ráðgáta, hvers vegna hann vill beita sér fyrir því, að brbl. verði ekki staðfest. Ég hef ekki fundið ástæðuna. Ég veit, að hv. þm. gerir sér grein fyrir því, hvað í gjaldskrárhækkuninni felst. Ég tel einnig sjálfsagt, að hann með því að hugsa málið, sem ég tel víst að hann hafi gert, geri sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar það gæti haft, ef gjaldskráin nýja tæki gildi.

Hv. þm. var að tala um, að þetta næði aðeins til þeirra verkfræðinga, sem störfuðu sjálfstætt, en ekki til þeirra verkfræðinga, sem væru í þjónustu ríkisins. Dettur nú þessum hv. þm. í hug, ef Verkfræðingafélag Íslands hefði fengið nýju gjaldskrána viðurkennda, að aðrir verkfræðingar, sem voru á mánaðarlaunum, hefðu látið sér nægja svipuð laun og þeir áður höfðu? Dettur nokkrum manni í hug annað en þeir hefðu sniðið sínar kröfur nokkuð eftir því, hvað varð um fyrrnefnda gjaldskrá? Og tilvitnun í lögmenn, endurskoðendur og fleiri stenzt ekki, vegna þess að þessir aðilar hafa ekki komið með nýja gjaldskrá, sem talin hefur verið úr hófi fram ósanngjörn, það hefur ekki borið á því. Og þegar hv. þm. talar um, að það sé verið að skerða frjálsræði með því, að ríkisvaldið grípi inn í, eins og hér hefur verið gert, þá er, eins og ég áður sagði, það aðeins gert, þegar kröfurnar keyra fram úr hófi og ógna hagsmunum þjóðarinnar.

Hv. þm. talaði um, að ýmsum öðrum aðilum mundi þykja það hart, ef frelsið væri skert. Ég vil bara benda hv. þm. á það, sem hann reyndar hlýtur að vita, þegar hann hugsar út í þessi mál, að mörg þjónusta er bundin af verðlagseftirliti og öðrum ákvæðum, þannig að það hefur ekki enn þótt fært að gefa einstökum stéttum og aðilum fullt frelsi til ákvarðana á verði hinnar ýmsu þjónustu, sem hefur verið veitt. Ég segi: þetta hefur ekki þótt fært enn, þótt ekki liggi fyrir neinar sannanir fyrir því, að þessir aðilar ættu það ekki að fullu skilið að njóta frelsisins.

Það er á misskilningi byggt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., þar sem hann lét í skína, að verkfræðingar séu bundnir af sama taxtanum og 1955. Gjaldskráin frá 1955 hefur hækkað í hlutfalli við kauphækkanir, sem orðið hafa frá þeim tíma, enda er það ein forsendan fyrir bráðabirgðalögunum, að gamla gjaldskráin verði hækkuð skv. lögleyfðum hækkunum, en þessar lögleyfðu hækkanir eru í samræmi við þær kauphækkanir, sem orðið hafa. Verkfræðingar hafa þess vegna allt frá 1955 fengið sams konar kjarabætur og aðrir aðilar í þessu landi. En þeir gefa út sína gjaldskrá vegna þess, að þeir vilja ganga miklu lengra og sætta sig ekki við þær kjarabætur, sem aðrir hafa fengið.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Það hefur verið rætt allmikið í Nd. Það er ljóst, hvernig málið liggur fyrir. Í byrjun nóvembermánaðar kom grg. frá rn. um þetta mál í öllum dagblöðum, og Verkfræðingafélag Íslands sá sér ekki fært

að mótmæla henni. Þar sem allir hv. þm. munu hafa lesið þessa grg. og þar eru tekin upp flest þau rök, sem til þess liggja, að brbl. voru sett, tel ég ekki ástæðu til að lesa hana upp hér, en er í rauninni sáralitlu við það að bæta.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. flytur hér rökst. dagskrá í samræmi við afstöðu framsóknarmanna í Nd. Væri þessi rökst. dagskrá samþykkt, jafngildir það því að fella frv. Nýja gjaldskráin tæki þá gildi með allt að 320% hækkun. Ég er sannfærður um, að ef hv. 3. þm. Norðurl. v. vill hugsa um þetta mál alveg hlutlaust, þá gerir hann sér grein fyrir því, að þetta væri nú ekki hollt fyrir okkar efnahagskerfi, atvinnulíf og uppbyggingu í þjóðfélaginu. Ég vil þess vegna segja: Hv. þm. flytur þessa rökstuddu dagskrá í trausti þess, að frv. verði eigi að síður samþ. Ég vil ekki gera þessum hv. þm. neinar getsakir, en afsaka hann með þessu, og það má segja, að með því móti getur hann haldið samvizku sinni sæmilega góðri.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Að mínu áliti er mál það, sem hér liggur fyrir, angi af því þjóðfélagsvandamáli, sem við Íslendingar eigum við að búa og fólgið er í því, að launakjör og launagreiðslur sérmenntaðra manna og sér í lagi háskólamenntaðra manna eru lægri en gerist í nágrannalöndum okkar. Að vísu tel ég, að þann samanburð, sem í þessu efni hefur oft verið gerður t. d. við hin Norðurlöndin, beri að taka með nokkurri varúð. Ber þess að gæta í því sambandi, að það gefur ekki rétta mynd af launakjörum hér á landi annars vegar og hins vegar í öðrum löndum, þó að laun séu umreiknuð eftir gengi, vegna þess að það er svo margt fleira, sem áhrif hefur á kjör manna, svo sem skattar, bótagreiðslur skv. almannatryggingum o. fl. Enn fremur hlýtur sú spurning að vakna, þegar slíkur samanburður er gerður, hvort íslenzka þjóðfélagið sé þess umkomið að greiða jafnvel fyrir þessi störf og aðrar auðugri þjóðir.

Til þessa hefur það verið svo, að háskólamenntaðir menn hér á landi og sérmenntaðir menn, sem helgað hafa Íslandi starfskrafta sína, hafa orðið að hlíta því, að launakjör þeirra eru lægri en þeir margir hverjir hefðu getað fengið, ef þeir hefðu starfað erlendis. Ég er hræddur um, að þannig verði það einnig enn um skeið, að þeir, sem ákveða að starfa hér, en eiga kost á störfum erlendis, verði að fórna nokkru í því efni. En eitt er að segja það, að erfitt sé fyrir Íslendinga að greiða sambærileg laun við það, sem gerist í öðrum auðugri þjóðfélögum, og annað að fullyrða það, að enga breytingu sé hægt að gera í þessum efnum frá því, sem nú er. Það er mín skoðun, að þetta vandamál verði með einhverju móti að leysa, að íslenzka þjóðfélagið komist ekki hjá því að greiða þessi störf hærra verði en nú er gert. Í því efni er ég samþykkur þeim ályktunum, sem gerðar hafa verið af Stéttarfélagi verkfræðinga og birtar eru hér sem fylgiskjal með nál. hv. 9. þm. Reykv.

En lausn þess máls verður auðvitað að byggjast á raunsæi og staðreyndum í íslenzkum efnahagsmálum. Það er ekki nóg að láta óskhyggjuna eina ráða í því efni. Og auðvitað verður að gera sér það fyllilega ljóst og horfast í augu við þann vanda, að þetta kostar fjármuni. Það þýðir ekki að ætla að fela þessa hlið málsins. Það að gera það mundi ekki leiða til lausnar á því. Þvert á móti verður að horfast í augu við þennan vanda eins og annan, sem hér er um að ræða, og leysa hann. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er nú einmitt unnið að því að taka upp nýja skipan þessara mála, þar sem hv. Alþingi samþ. á s. l. ári lög um samningsrétt opinberra starfsmanna og kjaradóm. Hver sem verða úrslit þessa máls, hvort sem samningar nást milli samtaka opinberra starfsmanna og ríkisstj. eða málið fer til kjaradóms að meira eða minna leyti, þá geri ég mér vonir um það, að niðurstaðan verði sú, sem allir aðilar geta unað við eftir atvikum. Og þegar lausn er fengin á því máli, standa að mínu áliti góðar vonir til, að samkomulag náist um kjör verkfræðinga. En hitt finnst mér augljóst, og það er ein af meginástæðunum til þess, að ég hef skrifað undir meirihlutanál., að meðan þessi mál í heild eru í deiglunni, hlýtur það að verða ákaflega erfitt fyrir ríkisstj. að semja um launakjör einstakra starfsstétta, sem hér eiga hlut að máli, og breytir það að mínu áliti ekki neinu í því efni, þó að verkfræðingar séu að vísu utan samtaka opinberra starfsmanna og hafi myndað sitt eigið stéttarfélag, því að ég hygg, að hvað sem líði ágreiningi um annað, þá ættu menn að geta verið sammála um, að það verður að vera samræmi á milli launagreiðslna til verkfræðimenntaðra manna og annarra, sem svipaða menntun hafa. Bæði ríkisstj. og samtök opinberra starfsmanna hafa verið sammála um það, að eðlilegt væri, að þessi mál væru leyst í heild, en ekki með samningum ríkisvaldsins við einstök stéttarfélög. Að vísu, — eins og ég sagði áðan og kunnugt er, — hafa verkfræðingarnir þá sérstöðu, að þeir hafa sitt eigið stéttarfélag. En það breytir engu um það, að sérsamningur við þá, í hvaða mynd sem hann væri og hvort sem hann fjallaði um mánaðarlaun, gjaldskrá eða annað, hlyti að hafa veruleg áhrif á samninga við aðra, sem svipaða menntun hafa, og ég tel mjög óeðlilegt, hvað sem öðru líður, að því stórmáli, sem hér er um að ræða og svo vandlegur undirbúningur hefur verið gerður að að leysa, yrði raunverulega ráðið til lykta með samningum við einstakt stéttarfélag. Ef sú leið væri farin, er hætta á, að niðurstaðan yrði svo tilviljunarkennd, að það yrði hvorki í hag ríkinu né þeim aðilum, sem þar eiga hlut að máli. Ef á það sjónarmið er fallizt, að það hafi ekki verið

eðlilegt, að ríkisstj. tefði slíka sérsamninga, meðan á heildarsamningunum stóð, þá voru aðeins tvær leiðir fyrir hendi. Önnur leiðin var sú að láta gjaldskrána afskiptalausa, en greiða hins vegar ekki í samræmi við hana. Það hefði þýtt stöðvun þeirra framkvæmda hjá ríkinu, þar sem þjónusta verkfræðinga er nauðsynleg. Hefði það verið nokkrum í hag að fara þá leið? Að mínu áliti er svo ekki, og ég tel, að það hefði sízt verið verkfræðingunum í hag, sem einnig, eins og hæstv. samgmrh. upplýsti, hafa sýnt þegnskap gagnvart þessum lögum, þó að þeir hafi að vísu mótmælt þeim. Þá var ekki nema um þriðju leiðina að ræða, þá að setja bráðabirgðalög þau, sem hér eru til umræðu. Þó að ég telji þá leið að ýmsu leyti óhugnæma og neyðarúrræði, tel ég þó, að eftir atvikum hafi ekki verið um annað að ræða, eins og á stóð, eða aðrir kostir hefðu a. m. k. verið verri.

Ég tel það á nokkrum misskilningi byggt, sem virðist vera það meginsjónarmið, sem legið hefur fyrir grundvallarafstöðu hv. framsóknarmanna, bæði í þessari hv. deild og Nd., að þeir telja, að aðstaða verkfræðinganna sé svipuð aðstöðu tannlækna, endurskoðenda, arkitekta og jafnvel lögmanna, en það er rétt, að þessar stéttir setja sínar gjaldskrár, sem ríkið hefur ekki séð ástæðu til að hafa afskipti af, og starfa skv. þeim. Hér er þó að mínu áliti um meginmun að ræða, sem gerir þetta ekki sambærilegt við það mál, sem hér er til umræðu. Það er nefnilega þannig með áður nefndar stéttir, tannlækna, endurskoðendur o. s. frv., að viðskiptavinir þeirra eru almenningur. Þeir skipta við almenning. Ef þeir settu miklu hærri taxta en væri í samræmi við almennt verðlag og kaupgetu í landinu, þá gefur það auga leið, að viðskipti þeirra mundu dragast mjög verulega saman. Það gera þessir aðilar sér fyllilega ljóst. Kaupgeta almennings verður m. ö. o. hemill á þeirra gjaldskrá, og það er ástæðan til þess, að þeir aðilar, sem hér er um að ræða, hafa aldrei gefið sérstakt tilefni til þess, að ríkið hefði þar afskipti af. Þá þjónustu, sem hins vegar er um að ræða í því efni, sem hér liggur fyrir, kaupir í meginatriðum aðeins ríkið eða opinberir aðilar. Stafar þetta bæði af því, að verklegar framkvæmdir eru fyrst og fremst á vegum þessara aðila, og í öðru lagi af því, að að því leyti sem einkaaðilar reka þá starfsemi, sem hér er um að ræða, þá hafa þeir gengið að ráðningarsamningi Verkfræðingafélagsins, sem ríkisstj. hefur enn ekki séð sér fært að ganga að vegna þess ósamræmis, sem þá hefði skapazt í launakjörum verkfræðinganna annars vegar og hins vegar þeirra, sem taka laun skv. launalögum, en meðal þeirra eru einnig nokkrir verkfræðimenntaðir menn. Af þessu leiðir, að það mundu nær eingöngu vera opinberir aðilar, sem kæmu til að greiða skv. þessari gjaldskrá, hún mundi fyrst og fremst hafa þýðingu gagnvart þeim. En þá kemur aftur að því, sem ég áður nefndi, að það verður að vera samræmi á milli launagreiðslna til þessara manna, í hvaða formi sem þær eru, og annarra háskólamenntaðra manna. — Þetta var um afstöðu hv. framsóknarmanna til þessa frv., sem, eins og ég hef leitt rök að, er á röngum forsendum byggð.

Þá vil ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 9. þm. Reykv. við byrjun umr. þessa máls. Hann fór mjög hörðum orðum um þessa lagasetningu og taldi hana mesta gerræði, skerðingu á eðlilegum samningsrétti þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og frelsi þeirra til þess að verðleggja sína þjónustu. Hv. þm. benti á það, sem rétt er, að ágreiningur er um það milli Verkfræðingafélagsins og ríkisstj., hvað mikil hækkun hafi raunverulega orðið á töxtunum. Mig brestur nú kunnugleika til þess að skera úr þessu atriði út af fyrir sig. En þó að við höldum okkur eingöngu að þeim skýrslum frá Verkfræðingafélaginu, sem fylgja hér sem fskj. með nál. hv. þm., þá er það augljóst, að hér er um mjög verulega hækkun að ræða og meiri hækkun en almennt er, að verkkaup yfirleitt hækki hér á landi. En í þessari grg. Verkfræðingafélagsins segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Tímagjaldstaxtinn samkv. gömlu gjaldskránni var kr. 116.72 árið 1960, en hafði hækkað í 153 kr., þegar gjaldskrárbreytingin skyldi taka gildi. Ríkisstofnanir hafa raunar mótmælt hækkuninni frá 1960, en vefengt er, að þau mótmæli eigi stoð í lögum."

Enn fremur segir svo:

„Samkv. nýju gjaldskránni yrði tímagjaldstaxtinn breytilegur frá 120 kr. á klst. í 350 kr. á klst. eftir sérþekkingu og hæfni."

Jafnvel þó að við miðum við hærri taxtann, sem tekið er þó fram að vefengdur sé af hálfu ríkisstj., en hann er 153 kr., þá er nýi taxtinn samkv. upplýsingum Verkfræðingafélagsins frá 120 kr. upp í 350 kr. Það er að vísu ekki birt hér nein meðaltala, en mér sýnist það þó geta auga leið, að það getur varla verið um minni hækkun að ræða en 50—100%. En til þess að segja um það, hvar hún liggur þar á milli, þyrfti auðvitað nánari upplýsingar, en ólíklegt má telja á grundvelli þessara upplýsinga, að hækkunin geti verið minni en 50% og sennilega varla að meðaltali verið öllu meiri en 100%. Hvað sem þessu líður, er auðsætt, að hér er um miklu meiri hækkun að ræða en venja er til, að verkkaup hækki í eitt skipti.

Hvað sem þessu líður, get ég endurtekið það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel nauðsynlegt, að unnið sé að því að lagfæra það mál, sem hér er um að ræða, skapa sérmenntuðum mönnum þau kjör, að landið geti notið svo mikils af þeirri þjónustu, sem þeir veita, sem nauðsynlegt er, og það tel ég út af fyrir sig öllum aðilum í hag. Annað mál er það, að ekki er óeðlilegt, að það standi nokkuð í mönnum að samþykkja tafarlaust, að ríkið skuli hækka þessar greiðslur um 50—100% í einu.

Með tilliti til þeirra hörðu orða, sem hv. 9.

þm. Reykv. hafði um þá löggjöf, sem hér er um að ræða, þegar hann taldi hana barnaskap og fram eftir þeim götunum, þá get ég ekki látið hjá líða í þessu sambandi að rifja upp eitt eða tvö atvik frá þeim tíma, þegar hv. þm. var í stjórnaraðstöðu — eða frá dögum vinstri stjórnarinnar — um þá afstöðu, sem sú stjórn hafði til þessara mála. Þá var yfirleitt ekki léð máls á því, að hlutur þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, yrði lagfærður, en tvisvar sinnum í lok stjórnartímabils vinstri stjórnarinnar komu mál þessi þó á dagskrá: Í annað skiptið, þegar bjargráðalögin svokölluðu voru sett vorið 1958, en í þeim var ákveðið, að laun skyldu hækka yfirleitt í landinu um 5%, til þess að bæta launþegum að nokkru upp þá kjaraskerðingu, sem þeir urðu fyrir af völdum bjargráðanna. Mér er nú sagt, að það hafi ekki legið algerlega laust fyrir, að opinberir starfsmenn fengju þessa launauppbót. Ég hef heyrt ýmsa forustumenn samtaka opinberra starfsmanna úr herbúðum þáv. stjórnarsinna segja það á fundum, að það hafi kostað þá allmikla baráttu að fá því yfirleitt til leiðar komið, að opinberir starfsmenn fengju líka þessi 5%. Hvað er það rétta í því, skal ég hins vegar ekki segja um, því að mér er ókunnugt um, hvað kann að hafa farið fram bak við tjöldin í því efni. En hitt er víst, að ríkisstj. gerði það að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir því, að yfirleitt yrði á það fallizt, að opinberir starfsmenn fengju þessi 5%, að það næði aðeins til þeirra, sem hefðu ekki hærri laun en þá voru greidd innan Alþýðusambandsins. Þeir, sem voru fyrir ofan þau laun, fengu ekki þessi 5%, svo að með þessu var skertur hlutur þeirra, sem gegndu hinum ábyrgðarmestu stöðum í þjóðfélaginu, frá því, sem áður var. Að vísu voru það ekki mjög margir einstaklingar, sem þetta tók til, en það er þó óumflýjanleg staðreynd. — Á haustinu 1958, eða skömmu áður en vinstri stjórnin fór frá völdum, komu launamál opinberra starfsmanna aftur til hennar kasta. Þá var það þannig, að meginhluti verkafólks og þeirra, sem eru innan Alþýðusambandsins, höfðu fengið 9% kauphækkun, nokkrir þeirra hærra launuðu höfðu þá að vísu fengið minna, en opinberir starfsmenn eða þorri þeirra fékk hins vegar ekki nema 6% kauphækkun. Það var aðeins örlítill hluti þeirra, sem eru í allra lægstu launaflokkunum, sem fékk 9%. Þetta þýddi líka, að hlutdeild þeirra skertist miðað við það, sem áður hafði verið. Síðan hafa samtök opinberra starfsmanna unnið að því að fá bætta upp þá skerðingu, sem þeir urðu fyrir haustið 1958, og mun það nú hafa tekizt að einhverju leyti.

Þessi var afstaða vinstri stjórnarinnar til þessara mála, og er mér ekki kunnugt um, að hv. 9. þm. Reykv. hafi þá látið það á einn eða neinn hátt í ljós, að hann væri þessari afstöðu ósamþykkur. En nú get ég ekki stillt mig um að spyrja: Hvað veldur þeirri hugarfarsbreytingu, að hv. þm. áleit fyrir 4 árum, að efnahagsástand þjóðarinnar væri þannig, að það væri ekki eingöngu svo, að það gæti alls ekki komið til mála að leiðrétta nokkuð hlut hinna sérmenntuðu manna, heldur yrði þvert á móti að skerða kjör þeirra miðað við það, sem aðrir fengu, en nú tekur þessi hv. þm. þannig til orða, að það sé barnaskapur að ganga ekki tafarlaust að því að hækka laun þeirra, sem eru þó bezt settir af þeim, um a. m. k. 50—100%? Hver er skýringin á þessu? Er hún sú, að hv. þm. og aðrir hv. stjórnarandstæðingar hafi nú öðlazt skilning á þessu máli, sem þeir höfðu ekki fyrir 4 árum, þegar þeir höfðu aðstöðu til þess að hafa áhrif á gang málanna? Því bæri auðvitað að fagna, ef svo væri, því að batnandi mönnum er bezt að lifa. Eða er það þannig, — það gæti líka verið önnur skýring, — að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar hafi batnað svo mjög á þessum 4 árum, að nú gætu mjög stórfelldar leiðréttingar í þessum efnum komið til greina og verið raunhæfar, þótt þær væru óraunhæfar á þessum tíma? Það gæti líka verið skýringin. En allmjög mundi það þó koma í bág við málflutning hv. stjórnarandstæðinga um efnahagsmálin, eins og hann hefur verið undanfarin ár, því að þeir telja, að vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið af núv. hæstv. ríkisstj., hafi afkomu þjóðarinnar stöðugt farið hrakandi. En e. t. v. bendir sú afstaða, sem þeir hafa tekið í þessu máli, til þess, að þeir hafi í þessu skipt um skoðun, og væri það út af fyrir sig vel.

Hv. 9. þm. Reykv. klykkti út með því að fullyrða, að engin hætta væri á því, að sú hækkun, sem hér er um að ræða, þó að samþ. væri, mundi hafa óheppileg áhrif á efnahagskerfi þjóðarinnar, það væri grýla ein og bábiljur. Ég skal ekki ræða um þetta atriði, það mundi leiða of langt. En ég vil ljúka máli mínu hér með því að leggja eina eða tvær spurningar fyrir þennan hv. þm., sem ég býst við að honum verði ljúft að gefa greið svör við: Ef sú hækkun til verkfræðinganna á sér stað, sem hér er um að ræða, hver er þá skoðun hv. þm. á því, hvað eigi að verða með þá verkfræðinga, sem þegar eru á launalögum, eins og t. d. prófessorar við verkfræðideildina og nokkrir yfirverkfræðingar o. s. frv.? Telur hann þá ekki eðlilegt, að laun þeirra hækki einnig um 50—100%? Hvað álítur hv. þm. um sína eigin stéttarbræður, læknana? Telur hann eðlilegt eða eðlilegt ekki, að þeirra launakjör væru samræmd þeirri hækkun, sem hér er um að ræða? Og ef verkfræðingar og læknar eiga að fá þessa hækkun, mundi hann þá telja sanngjarnt eða ósanngjarnt, að aðrir háskólamenntaðir menn, svo sem menntaskólakennarar, prestar, lögfræðingar o. s. frv., fengju sambærilega hækkun? En ef allir þessir aðilar fá 50—100% hækkun, hver er þá skoðun hv. þm. á því, hvort ekki eigi að hækka a. m. k. til samræmis við þetta kaup verkamanna, iðnaðarmanna, sjómanna o. s. frv., að ógleymdum bændunum, telur hann þá ekki eðlilegt, að afurðaverð þeirra hækki í sama hlutfalli? Mig langar til að biðja hv. þm. að gera grein fyrir

afstöðu sinni í þessu efni, áður en lengra er haldið í því efni að ræða það, hvort efnahagskerfi þjóðarinnar stafi hætta af þeirri hækkun, sem hér er um að ræða, eða ekki. Ég vil strax taka fram, að ég mundi álíta það svar út í hött, þó að sagt væri, eins og hér kemur fram í grg. verkfræðinganna, að hér sé ekki um að ræða launagreiðslur, heldur þóknun. Mér er að vísu ljós sá munur, sem á þessu er. En auðvitað er hér fyrst og fremst um að ræða launagreiðslur, þó að þær séu í þessu formi, að það er talin þóknun fyrir unnin störf, þannig að auðvitað kemur eitthvað til frádráttar því, sem þeir fá, sem þessi störf taka að sér.

Að síðustu get ég ekki stillt mig um það, að mér fannst það dálítið einkennilega að orði komizt, þegar hv. þm. talaði um það, að ríkisstj. mundi ekki haldast uppi að halda niðri lífskjörum launastéttanna í landinu. Það var eins og hv. þm. væri þeirrar skoðunar, að lífskjör almennings í landinu séu á hverjum tíma ákvörðuð af þeirri ríkisstj., sem við völd situr, það, að menn beri ekki það úr býtum, sem þeir telja æskilegt, stafi af því einu, að ríkisstj. af illvilja sínum vill ekki skammta meira en raun er á. Ef þessi skoðun væri rétt, þá væri vandamál fátæktarinnar ekki eingöngu hér á landi, heldur alls staðar í heiminum, auðveldara úrlausnar en það raunverulega er. Og einnig hlýtur sú spurning að vakna, hvort það sé algerlega á valdi ríkisstj. hverju sinni að ákveða það, hvaða lífskjör almenningur býr við. Ef svo er, hvers vegna voru þá ekki lífskjörin stórbætt á vinstristjórnarárunum? Vægast sagt vil ég segja um slíkan málflutning, að mér finnst hann varla samboðinn svo greindum og vel menntuðum manni sem hv. 9. þm. Reykv. er.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur nú lokið að mörgu leyti ágætri og skemmtilegri ræðu. Þó finnst mér, að honum í nokkrum veigamiklum atriðum hafi orðið skyssa á í þessari ræðu. Ég skal koma lítillega að því.

Undir lok ræðu sinnar beindi hann til mín tveim eða fleiri spurningum. Og það var fyrst, hvað eigi að ske með þá verkfræðinga, sem starfa hjá ríkinu, t. d. við háskólann, og eru á föstum launum, hvort þeir eigi þá ekki að mínum dómi að hækka í launum til jafns við það, sem aðrir verkfræðingar gera kröfu um. Í öðru lagi spurði hann, hvort ég teldi ekki, að mínir eigin stéttarbræður, t. d. við háskólann og í þjónustu ríkisins, ættu einnig að fá tilsvarandi hækkun launa og síðan aðrir langskólagengnir menn í þjónustu hins opinbera. Ég vil svara þessu játandi. Ég tel, að allar þessar stéttir eigi að fá verulega hækkun launa frá því, sem nú er, og ég vona, að bæði hv. fyrirspyrjandi og hæstv. ríkisstj. séu á sama máli og að að því sé nú stefnt.

Ég skal ekki tala um hin aumu kjör langskólagenginna manna hér á landi, en aðeins minna á, af því að ég þekki það frá minni eigin stétt, að ævitekjur lækna á Íslandi ná ekki ævitekjum kennara. Með þetta er ég óánægður. Ég tel, að tekjur þessara manna eigi að hækka verulega, laun þeirra eigi að hækka verulega; ég get ekki sagt nú á þessari stundu og á þessum stað, hve mikið, m. a. vegna þess, að ég veit ekki með vissu, hve mikil launahækkun fólst í þeirri gjaldskrá verkfræðinganna, sem ríkisstj. ógilti. Í forsendum fyrir brbl. er því haldið fram, að sú hækkun nemi allt að 320%. Hv. 11. þm. Reykv. var nú hófsamari í sínu mati á því, eins og hans var von og vísa, því að hann er sanngjarn maður. Hann gizkaði á, að launahækkunin mundi nema um 50—100%. Þetta kann að vera rétt, en hvorugur okkar veit þetta alveg með vissu, og er erfitt að segja um þetta, vegna þess að það eru tvær gjaldskrár, sem hér er um að ræða, og þær eru ekki alveg sambærilegar. Það eru breytingar í nýju gjaldskránni, sem eru viðtækari en svo, að þær taki til launamála einna. Það eru skipulagsbreytingar, sem miða að því að gera þjónustuna betri. Ef við staðnæmdumst við og yrðum sammála um, að hér væri um að ræða 50—100% hækkun, þá get ég alveg svarað fyrir mitt leyti fsp. hv. þm. játandi. Mér finnst, að aðrir langskólagengnir menn, einnig í þjónustu hins opinbera, eigi að njóta svipaðra kjarabóta.

Síðan spurði hv. þm. mig að því, hvort ég teldi þá ekki, að láglaunastéttirnar, launþegar yfirleitt, ættu að fá meira í sinn hlut um leið. Því svara ég einnig hiklaust játandi. Ég er þeirrar skoðunar, að launþegar landsins beri of lítið úr býtum af þjóðartekjunum og þeir eigi að réttu lagi að fá meira í sinn hlut af þeim. Þetta segi ég og fullyrði hér að vísu án þess að vera við því búinn að sanna, að þeir geti og eigi rétt á að fá meira í sinn hlut. En getur hv. 11. þm. Reykv. tekið mér fram og sannað hér hið gagnstæða? Ég hygg, að honum muni reynast erfitt að sanna hið gagnstæða öðruvísi en með þeirri fullyrðingu, að atvinnuvegirnir þoli ekki, að launþegarnir beri meira úr býtum. Hér eru skoðanir, sem rekast á, og engar tölur liggja fyrir um það, sem sanni mál annars og afsanni mál hins.

Hv. síðasti ræðumaður vildi gefa það í skyn, að áhugi minn fyrir kjarabótum vinnustéttanna væri tiltölulega nýr og ég hefði verið annars sinnis á árum vinstri stjórnarinnar. En því miður er ég hræddur um, að hv. ræðumaður vaði hér reyk. Hann minntist á málaleitan opinberra starfsmanna í tíð vinstri stjórnarinnar um 5% kauphækkun. Ég get alveg sagt honum það hiklaust, að ég studdi þá málaleitan þar, sem ég taldi það mestu máli skipta, að málið yrði stutt, og það gerði ég hiklaust. Hv. ræðumaður fullyrti ekki heldur, að ég hefði ekki gert það, hann varpaði því fram sem spurningu, og hér fær hann svar. En þegar hann hafði varpað fram þessari spurningu, felldi hann dóm, sem eins og brbl., sem hér er um að ræða, er reistur á rangri forsendu. Hann sem sagt lætur í ljós undrun á því, að ég skuli nú vera að berjast fyrir

kjarabótum, úr því að ég hafi ekki gert það í tíð vinstri stjórnarinnar, þ. e. a. s., hann er búinn að fá svarið við þeirri spurningu, um leið og hann varpar spurningunni fram. Ég studdi málaleitan starfsmanna ríkisins í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar það mál var þá til umr., á sama hátt og ég styð málstað verkfræðinganna í dag. Hér er því ekki um neina hugarfarsbreytingu að ræða og af þeirri ástæðu ekki neitt að undrast yfir. Ég hef talið, að þjóðin hefði ekki efni á því að leika verkfræðingastétt landsins eins hart og hún hefur verið leikin á undanförnum árum og eins hart og hún er leikin með þessum lögum. Ég hef talið, að hún hefði ekki efni á því. Ég er viss um, að þjóðarhagur yrði meiri, ef vel væri gert til verkfræðinganna og þeir ekki teknir þeim fantatökum, sem þeir hafa verið teknir nú upp á síðkastið. Það er ákaflega mikið komið undir verkfræðingum, allt sem snertir framleiðslu í okkar atvinnugreinum. Með því að eiga marga og hæfa verkfræðinga, nota þá í þjónustu atvinnuveganna og gera þeirra starfskjör sem bezt, þá aukum við framleiðsluna — og ekki aðeins framleiðsluna, heldur aukum við einnig framleiðnina, aukum möguleikana til þess að bæta lífskjör allrar þjóðarinnar, hækka laun allra launþega.

Hæstv. samgmrh. sagði í ræðu sinni í gær, að þessi brbl. hefðu ekki verið sett eingöngu til þess að klekkja á verkfræðingastétt landsins, það hefði ekki verið ósk hæstv. ríkisstj. eingöngu að koma í veg fyrir þeirra launahækkun, heldur hefðu lögin og verið sett í þeim tilgangi að vera öðrum hliðstæðum stéttum til aðvörunar. Þetta er afsökun, sem hæstv. ráðh. flutti, að ég hygg, fyrir hönd hæstv. ríkisstj. Þetta er ný afsökun fyrir þessum harkalegu lögum. Ég get skilið þessa afsökun, en ég get ekki tekið hana gilda. Hér er um það að ræða, að hæstv. ráðh. játar, að hér sé slegið hart og hér sé slegið þungt öðrum til „skræk og advarsel", eins og danskurinn segir.

Hæstv. ráðh. nefndi mikið af háum tölum í ræðu sinni í gær. Heldur er ég nú hræddur um, að þar hafi verið um nokkuð villandi samanburð að ræða. Hann komst þar upp í mörg hundruð prósent hækkun á gjaldskrá verkfræðinganna. Ég vil bara minna á, að gætnari samflokksmaður hans hefur gizkað á, að hækkunin sé þó ekki meiri en 50—100%. Flestar tölur hæstv. ráðh. í hans ræðu munu vera fengnar með því að bera hæsta tímagjaldstaxta nýju gjaldskrárinnar að öllum aukakostnaði viðbættum saman við almennan tímagjaldstaxta þeirrar gömlu. Með því móti má fá mjög háar og mikilfenglegar tölur, það skal ég játa, en samanburðurinn er villandi og það sem verra er, hlýtur að vera gerður villandi af ráðnum hug.

Mér þykir fyrir því, að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, því að mig langaði til að beina til hans fsp. (**Forseti:** Nú er hæstv. ráðh. mættur í d.) Herra forseti. Mig langar til í lok ræðu minnar að mega beina tveim fsp. til hæstv. samgmrh.

Hér munu hafa starfað að undanförnu einn eða fleiri erlendir verkfræðingar. Það er skráð einhvers staðar, að hér muni a. m. k. hafa verið einn eða fleiri bandarískir verkfræðingar á vegum hæstv. ríkisstj. og að þeim hafi verið greitt tímakaup, 1075 kr. á klst. Þetta er margfalt hærra tímakaup en íslenzka verkfræðinga hefur dreymt um fram á þennan dag. Mig langar til þess að spyrjast fyrir um, hve margir erlendir verkfræðingar séu nú við störf hjá ríkinu og hvort búast megi við, að tala erlendra verkfræðinga fari vaxandi í náinni framtíð.

Önnur fsp. mín er í sambandi við þá breytingu, sem samþ. var í hv. Nd. á þessu frv., en sú breyting hljóðar svo: „Ákvæði þessarar gr. skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi." Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti nokkuð sagt hv. d. um það, hve lengi hæstv. ríkisstj. búist við, að þessi lög verði í gildi. Það hefur ekkert verið sagt um það. Það gæti verið, að þessi lög yrðu í gildi aðeins nokkrar vikur eða nokkra mánuði, en það gæti einnig orðið í mörg ár. Hefur ríkisstj. í þessu sambandi stigið skref til samkomulags við verkfræðinganna? Er útlit fyrir að dómi hæstv. ríkisstj., að þessir samningar muni takast í náinni framtíð eða ekki?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Seinni spurningin er: Getur ráðh. sagt hv. dm. það, hversu lengi þessi lög verði í gildi? Þetta er nú dálítið einkennileg spurning. Spurningin er fram borin vegna ákvæðis, sem sett var inn í lögin í hv. Nd., þar sem kveðið er svo á, að ákvæði l. skuli gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi. Það er náttúrlega, þótt ríkisstj. sé öll af vilja gerð til þess að semja, þá getur hún ein út af fyrir sig ekki ákveðið það, hvenær samningar takast. Hér er um tvo aðila að ræða, sem verða að talast við, áður en samningar takast, og það er vitanlega undir báðum þessum aðilum komið, hversu fljótt samningarnir verða gerðir. Eitt get ég upplýst hv. fyrirspyrjanda um, og það er það, að ríkisstj. er vitanlega hvenær sem er til viðræðu við verkfræðinga um samninga. En hitt er vitanlega eðlilegt, úr því sem komið er, að samningar við verkfræðinga, sem starfa hjá ríkinu, bíði, þar til séð verður, hvað gerist í samningum um kaup og kjör almennt hjá starfsmönnum ríkisins. Ég geri mér í hugarlund, að samningar, sem gerðir verða við verkfræðinga, yrðu á einhvern hátt sniðnir í samræmi við það, sem gerist ekki seinna en 1. júlí á þessu ári í sambandi við kaupgjaldsmálin. En hv. fyrirspyrjanda til huggunar vil ég segja það, að ríkisstj. vill vitanlega koma þessum málum á fastan grundvöll og semja við verkfræðinga, þegar þeir tjá sig tilbúna til að semja í samræmi við það, sem launakjörin almennt eru í landinu.

Fyrri spurningin var um það, hvort erlendum verkfræðingum hafi verið greiddar 1075 kr. um

tímann. Ég get því miður ekki upplýst það. Mér þykir ósennilegt, að svo hafi verið. Hitt er vitað mál, að 1957, þegar vinstri stjórnin sat að völdum, voru teknir upp samningar við bandarískt firma um athugun á okkar virkjunarmálum, og þetta firma hefur haft yfirumsjón með athugun á virkjun Þjórsár og Dettifoss undanfarin ár. Þetta firma mun hafa tekið þetta að sér að nokkru leyti í ákvæðisvinnu, og ég hygg, að það liggi alls ekki ljóst fyrir, hversu hátt tímakaupið hefur verið, vegna þess að þetta hefur að einhverju leyti a. m. k. verið í ákvæðisvinnu. Það má vel vera, að taxtar, sem verkfræðingar vinna eftir, séu hærri í Bandaríkjunum, og hefur oft verið vitnað til þess, heldur en hér, og þessir verkfræðingar erlendu, sem hafa unnið hér að okkar virkjunarmálum undanfarið, hafi fengið hærra kaup en íslenzkir verkfræðingar. Ég get því miður ekki sagt um það, hver munurinn er, en það má vel vera, að hann sé einhver. En það hefur verið álitið óhjákvæmilegt, ekki aðeins af núv. ríkisstj., heldur einnig fyrrv., að fá þekkt útlent firma til þess að starfa að þessum málum, áður en við færum að ráðast í stórvirkjanir, sem kosta kannske milljarða ísl. kr., því að það munu vera skilyrðin til þess, að unnt sé að fá lán í Alþjóðabankanum til þessara framkvæmda, að heimsþekkt firma hafi gert athuganirnar og setji sinn stimpil á áætlanirnar. Þetta er ekki sagt vegna þess, að íslenzkir verkfræðingar geti ekki unnið þetta. Þá vantar aðeins það að vera þekktir og hafa starfað undir firmamerki, sem er heimsþekkt og viðurkennt.

Ég hef í rauninni ekki meira um þetta að segja. Það er reyndar spurt, hversu margir erlendir verkfræðingar starfi hér nú. Þeir eru áreiðanlega mjög fáir, ég veit ekki um aðra en þessa, sem ég nefndi, frá þessu fyrirtæki, og þeirra verki er nú að verða lokið að þessu sinni. Áætlunargerðinni er að verða lokið. Þeir hafa setið við nú að undanförnu, okkar verkfræðingar og einhverjir frá þessu fyrirtæki, til að reikna út síðustu tölurnar í þeim áætlunargerðum, sem fram hafa farið um Dettifossvirkjun og Þjórsárvirkjun. Ef ráðizt verður í stórvirkjun, þá býst ég við, að við þurfum enn á þessu fyrirtæki að halda að einhverju leyti. En ég vil aðeins upplýsa það, að eins og er munu þessir verkfræðingar vera mjög fáir, ég gæti trúað einn eða tveir, sem hægt væri að segja að hafi verið í starfi hér nú síðustu mánuðina, en eru að ljúka störfum að sinni. Og þar sem verkið hefur verið tekið á nokkurn hátt í ákvæðisvinnu, þá býst ég við, að það sé mjög erfitt að finna út, hversu tímakaupið hefur verið hátt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði þessa máls, sem ég ætlaði að ræða hér, og það er sú breyting, sem gerð var á frv. í Nd., þar sem bætt var við ákvæðum um það, að ákvæði þessarar gr., 1. gr. frv., skuli gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi. Ég tel, að bæði í Nd. og einnig hér í þessari hv. d. hafi gætt nokkurs misskilnings í ræðum manna, þegar inn á þetta atriði er komið.

Eins og kunnugt er, starfa í þjónustu ríkisins bæði svonefndir ríkisstarfsmenn, sem eru fastir starfsmenn og taka laun samkv. launalögum, og svo auðvitað margir hópar manna, sem taka laun samkv. kjarasamningum stéttarfélaga. Áður var það svo, að verkfræðingarnir voru eins og aðrir fastir starfsmenn ríkisins, tóku laun samkv. launalögum. Síðan brutust þeir undan því kerfi, sögðu upp og mynduðu stéttarfélag, sem síðan náði samningum við ríkisstj. Eftir að þetta hafði átt sér stað, að Stéttarfélag verkfræðinga var stofnað og hafði náð samningum við þáv. ríkisstj., þá voru verkfræðingar ekki lengur ríkisstarfsmenn í skilningi launalaga og væntanlega ekki heldur í skilningi laga frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Greinarmunurinn á föstum ríkisstarfsmönnum og mönnum, sem taka laun samkv. kjarasamningum stéttarfélaga almennt, hefur fyrst og fremst verið í því fólginn, að ríkisstarfsmennirnir hafa lengri uppsagnarfrest. Ef þeir hafa 3 mánaða uppsagnarfrest eða lengri, þá eru þeir þar með fastir ríkisstarfsmenn og njóta réttinda eða hafa skyldur samkv. því. Aftur á móti hafa þeir, sem eru ráðnir samkv. kjarasamningum stéttarfélaga, yfirleitt miklu skemmri uppsagnarfrest. Og verkfræðingarnir viku sér undan þessum 3 mánaða uppsagnarfresti með því að semja um það í sínum kjarasamningum, að þeir skyldu hafa 88 daga uppsagnarfrest, sem er í sjálfu sér ekkert annað en að fara í kringum lögin.

Nú hefur, eins og öllum er kunnugt, orðið allveruleg breyting á aðstöðu ríkisstarfsmanna með lögum frá fyrra ári um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þá er það ekki lengur einhliða á valdi ríkisstj. eða Alþingis að ákveða þessum mönnum kaup og kjör, heldur var þeim veittur réttur til þess að gera samninga um kjör sín og ef samningar tækjust ekki við ríkisstj., þá skyldi kjaradómur skera úr. Þessi nýju kjör samkv. þessum lögum eiga að ganga í gildi 1. júlí n. k., enda hafa undanfarna mánuði staðið yfir þrotlausar samningaumleitanir milli þessara aðila, og þessar viðræður fara nú fram undir stjórn sáttasemjara ríkisins. En þó að um margt hafi tekizt að semja og mikið miði í samkomulagsátt síðustu vikurnar, þá má þó ganga út frá því, að launaupphæðin sjálf, ágreiningur um hana, fari í kjaradóm.

Í þeirri launaflokkaröðun, sem sett hefur verið fram af hálfu ríkisstj., og reyndar fylgdi henni launaskali, en þetta var hvort tveggja birt öllum almenningi og lagt fram í byrjun febrúar s. l., þá voru verkfræðingar settir inn í þetta kerfi. Þeim var raðað þar í launaflokk. Og með því tel ég, að fram hafi komið skýr vilji ríkisstj. um það, að eftirleiðis yrði ekki samið við verkfræðingana á sama grund-

velli og áður, þ. e. a. s. samið við stéttarfélag þeirra, heldur yrði samið um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkinu, á sama grundvelli og annarra ríkisstarfsmanna, þ. e. a. s., þeir yrðu fastráðnir starfsmenn með þriggja mánaða uppsagnarfresti og féllu undir þessa löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vildi ekki fallast á þessa till. ríkisstj. um það, að þessir kjarasamningar við bandalagið tækju til verkfræðinga almennt. Það var aðeins í undantekningartilfellum, þar sem um yfirverkfræðing hafði verið að ræða, sem engin deila var um að hafði tekið laun samkv. launalögum. Þetta atriði, hvort kjarasamningar milli bandalagsins og ríkisstj., sem nú standa yfir, eigi að ná til verkfræðinga almennt, sem nú vinna í þjónustu ríkisins, eða ekki, það er deiluatriði, sem líklegt er að fari undir kjaradóm, og ég skal að sjálfsögðu ekkert segja um það fyrir fram, hvernig dómurinn kemur til með að líta á það. Ef t. d. dómurinn fellur á þá leið, að verkfræðingarnir falli undir þetta nýja samningakerfi, þá er deilumál milli verkfræðinga og ríkisvaldsins út af kaupi og kjörum þessarar stéttar þar með leyst.

Ég tel, að það sé eðlilegt, eins og málin standa, að verkfræðingar verði eins og aðrir, sem starfa hjá ríkinu, heyri undir kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það eru margir menn til, sem starfa hjá ríkinu og taka laun samkv. launalögum og munu framvegis taka laun samkv. kjarasamningum við bandalagið, eins og t. d. iðnaðarmenn og ýmiss konar skrifstofufólk, vélritunarstúlkur, bókarar og annað þess konar fólk. Þetta fólk er auðvitað líka til á hinum frjálsa markaði, og það eru til stéttarfélög, sem semja fyrir þessar sömu stéttir þar. Engu að síður eru þeir hópar úr þessum stéttum, sem vinna hjá ríkinu, undir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Alveg á sama hátt finnst mér eðlilegt, að verkfræðingarnir væru, enda er það sagt í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna í 3. mgr. 3. gr., að ríkisstarfsmenn þeir, sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., eigi rétt til að vera félagsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum bandalagsins. Það er þess vegna alveg ljóst, að verkfræðingur, sem vinnur hjá ríkinu, ef bandalagið fer að semja um hans kaup og kjör, þá á hann auðvitað sama rétt og hver annar ríkisstarfsmaður til að hafa þar áhrif á, vera félagsmaður í bandalaginu og koma þar fram sínum sjónarmiðum.

Ég tel þess vegna, að þó að það á sínum tíma væri skiljanlegt, að verkfræðingarnir brytust út úr því launakerfi, sem þá gilti, þegar laun þeirra voru ákvörðuð eingöngu með launalögum, og þeir vildu ekki una því fyrirkomulagi og töldu sig mjög vanhaldna í launum, — það höfðu margir samúð með baráttu þeirra þá, — en eftir að sú mikla breyting hefur átt sér stað, að opinberir starfsmenn hafa fengið samningsrétt, þá tel ég algerlega óþarft að semja sérstaklega við Stéttarfélag verkfræðinga, heldur sé langeðlilegast, að kjör þeirra falli undir þá samninga, sem nú er verið að gera við bandalagið. Og ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég tel þetta viðbótarákvæði við frv., sem sett var inn í Nd., á þá leið, að ákvæði gr. skuli gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi, það sé fyrst og fremst miðað við það, að um þetta takist samningar fyrir milligöngu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þeir samningar verði þáttur í þeim heildarsamningi, sem ríkisstj. er nú að gera við opinbera starfsmenn í heild.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka frekar þátt í þessum umr., en vegna þessa atriðis, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, fannst mér nauðsynlegt að fá vissar upplýsingar. Hann setur fram, að mér skilst, alveg nýjan skilning á þessu niðurlagsákvæði 1. gr. Mér skilst, að hann vilji skilja það á þá lund, að það sé miðað við kjarasamninga þá, sem nú fara fram, þannig að lög þessi eða 1. gr. eigi ekki að gilda lengur en þangað til sá kjarasamningur hefur öðlazt gildi eða kjaradómur hefur verið kveðinn upp. Eftir því sem ég hef komizt næst, hefur þetta ákvæði alls ekki verið túlkað á þessa lund, heldur á þá lund, að þarna væri átt við sérstaka samninga við Stéttarfélag verkfræðinga. Ég held, að þannig hafi þetta verið skilið í Nd. Mér skilst, að á þá lund hafi meiri hl. n. skilið þetta ákvæði.

Ég held líka, að það sé alveg ljóst, hvað sem líður sjónarmiðum um það, hvað eðlilegt er, — en ég get þar tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég teldi út af fyrir sig eðlilegt, að verkfræðingar féllu undir þá almennu kjarasamninga, eins og aðrir ríkisstarfsmenn, — þá held ég, að það verði ekki um það deilt, að það kom alveg greinilega fram á Alþingi í umr. um kjarasamningalögin á sínum tíma, að verkfræðingum var ekki ætlað að falla undir þau. Þess vegna held ég, að það sé alveg ný lögskýring, ef á að fara að halda því nú fram, að verkfræðingar falli þar undir. En hvað sem um það er, þá er að gefnu þessu tilefni alveg nauðsynlegt, að það komi skýrt fram, hvaða skilningur er lagður í niðurlagsmálsgrein 1. gr. af hálfu meiri hl. allshn., sem mælir með samþykkt þessa frv., og alveg sérstaklega af hálfu hæstv. ríkisstj. Þess vegna vil ég alveg eindregið mælast til þess, að því sé lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj. og af talsmönnum meiri hl., hvaða skilning hann leggur í þetta, hvort hann fellst á þann skilning, sem virðist alveg nýr, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, eða hvort hann skilur það eins og ég hef haldið að þetta væri skilið, að þarna væri átt við sérstaka samninga við verkfræðinga og það væri alls ekki miðað

við kjarasamninga opinberra starfsmanna. Um þetta vildi ég sem sagt spyrjast fyrir hjá hæstv. ríkisstj. og frsm. meiri hl.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég get vel tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það væri vissulega full ástæða til þess af hálfu þeirrar n., sem hefur fjallað um þetta mál, að fram komi glögg yfirlýsing um það, á hvern hátt þetta ákvæði, sem hér hefur borið á góma, beri að skilja. En ég vil aðeins árétta það, sem ég sagði áðan, ef það hefur á einhvern hátt valdið misskilningi, að ég tel, að ef kjaradómur kemur til með að úrskurða það, að um kjör verkfræðinga skuli samið í þeim heildarkjarasamningi, sem verið er að gera við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en í kröfum ríkisstj. eru flokkaðir verkfræðingar og gerðar till. um þeirra laun, þá skilst mér, að hinn 1. júlí verði kominn á samningur um kaup og kjör verkfræðinga hjá ríkisstofnunum, ef kjaradómur fellst á það, að verkfræðingar skuli vera undir þessum heildarsamningi. Ef aftur á móti kjaradómur hafnar því, þá skilst mér, að málið sé opið áfram, og það verður þá ekki fyrr en samið verður við Stéttarfélag verkfræðinga einhvern tíma eftir 1. júlí, sem þessi lög falla úr gildi.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hér hefur borið á góma það ákvæði, sem sett var inn í frv. þetta í Nd., og talið, að það skipti miklu máli að fá fram, hvaða hugsun lægi á bak við það. Það er auðvitað eðlilegt, að menn vilji fá það fram. En ég held, að það skipti í rauninni ekki öllu máli, hvort það yrði ofan á, sem kom hér fram hjá hv. 9. landsk. þm., að það væri hans skoðun, að endanlegur úrskurður um þetta mundi liggja fyrir, annaðhvort með samningi eða með úrskurði kjaradóms í sambandi við launaákvarðanir opinberra starfsmanna, eða hvort það þarf að leysast með sérstökum samningum. Mér sýnist ákvæðið vera alveg ljóst, og ég held, að það hljóti að vera öllum hv. þm. einnig ljóst, að ef það verður niðurstaða t. d. kjaradóms, að þessi ákvæði, sem um ræðir í þeim lögum, nái ekki til verkfræðinga, þá hljóti að verða að taka upp sérstaklega samninga við verkfræðinga, þannig að alla vega verði að koma til þess með einhverjum hætti, annaðhvort með úrskurði kjaradóms eða samkomulagi, ef það kynni að verða í sambandi við kjör opinberra starfsmanna, eða þá að sérstaka samninga yrði að taka upp við verkfræðinga, sem auðvitað kemur ekki til að mynda sér skoðun um, fyrr en hitt atriðið liggur fyrir, hvort kjaradómur tekur um það ákvörðun eða ekki, þannig að ég get ekki séð, að efnislega hafi það getað skipt máli í sambandi við þetta ákvæði eða afstöðu til frv., hvort yrði ofan á í þessu tilfelli. Það virtist hins vegar eðlilegt og ég tel, að það sé sjálfsagt að tímabinda þessi lög. Þau geta ekki gilt óendanlega, þessi binding, og þá væri ekki óeðlilegt að binda það við þau tímamörk, að fram hefðu farið nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga hjá ríkisstofnunum, því að eðlilegt er að sjálfsögðu, að gjaldskrárákvæði séu síðan sett með einhverri hliðsjón af þeirri niðurstöðu, sem yrði í slíkum kjarasamningum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Ed., 28. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 444 felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 64. og 65. fundi í Ed., 29. marz og 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 507).

---

20. Atvinna við siglingar.

Á 35. fundi í Nd., 5. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 17. maí 1957, um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum [130. mál] (stjfrv., A. 235).

Á 36. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hæstv. forseti. Árið 1957 var gerð sú breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að tekin voru upp á ný námskeið til undirbúnings undir hið minna fiskimannapróf, en þessi námskeið höfðu fallið niður þá um sinn. Í þessum l. var líka ákveðið, að þetta fyrirkomulag skyldi aðeins gilda um 5 ára skeið, eða frá 1957—1962. Fyrri breyt. eða fyrra meginatriði þessa frv. er að framlengja þetta ástand um önnur 5 ár og láta það gilda til 1967 í staðinn fyrir 1962. Hitt atriðið, sem felst í þessu frv., er það að heimila, að þessi námskeið fari fram eða geti farið fram á öðrum stöðum en þeim, sem lögin kveða nú á um að skuli vera aðalstaðirnir fyrir þessi námskeið, en það eru utan Reykjavíkur Ísafjörður, Akureyri, Neskaupstaður og Vestmannaeyjar, en það hefur komið fyrir, að námskeið, sem átti að halda á þessum stöðum úti á landi, hafa farizt fyrir, vegna

þess að ónóg þátttaka hefur verið, en ekki þá verið talin heimild til að flytja þau á annan stað, þar sem þó var eftirspurn eftir því, að námskeið yrði haldið. Sem sagt, þessar tvær breyt. eða efnisatriði felast í frv., annað það að framlengja þetta ástand um 5 ár og hitt að gera kleift að halda námskeiðin utan Reykjavíkur á fleiri stöðum en þeim fjórum, sem tilgreindir eru nú í lögum.

Þetta hefur verið rætt við skólastjóra Stýrimannaskólans, bæði þann, sem nú er, og þann, sem áður var, og eru þeir hlynntir þessum breyt. báðum. Sömuleiðis liggur fyrir bréf frá Fiskifélaginu um þetta efni, sem fer í sömu átt. Ég vænti, að um þetta þurfi ekki að verða miklar umr. Málið liggur einfaldlega og ljóst fyrir.

Það hefur orðið góður árangur af þessum námskeiðum. Eins og segir í grg., hafa 362 menn sótt þau á þessum 5 árum, sem þau hafa verið haldin, og 339 af þessum 362 hafa lokið þaðan prófi. Það hefur verið nokkurt umtal að vísu um það, hvort hækka bæri þetta 120 tonna mark, sem gert er ráð fyrir að minna fiskimannaprófið nægi til, en niðurstaðan hefur orðið sú að gera það ekki, eru allir eða a. m. k. allflestir, sem hlut eiga að máli, því samþykkir. Í l. er líka það ákvæði, að þeir, sem lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi, sem hér er um að ræða, geti, ef þeir fá vissa einkunn, setzt í annan bekk stýrimannaskólans og lokið þaðan hinu meira prófi á einu ári til viðbótar.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég vildi leyfa mér að leggja til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað að umr. lokinni til hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 235, n. 307).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 307, mælir n. með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um atvinnu við siglingar, með þeirri breyt., að heimildin til þess að halda námskeið fyrir hið minna fiskimannapróf framlengist til ársloka 1965, í stað 1967, eins og frv. gerir ráð fyrir. N. gengur út frá því, að þáltill. á þskj. 34 um endurskoðun l. um Stýrimannaskóla Íslands o. fl., sem hv. allshn. Sþ. hefur nú mælt með, sbr. nál. á þskj. 297, nái fram að ganga, og væntir, að af samþykkt þeirrar till. leiði það, að gagnger endurskoðun á l. um sjómannafræðslu fari fram á næstunni. Þess vegna áleit n. nægilegt að heimila námskeiðin samkv. frv. til ársloka 1965.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn., er n. þeirrar skoðunar, að ekki megi draga úr þeim kröfum, sem gerðar eru til staðgóðrar menntunar og þekkingar yfirmanna á fiskiskipum og farskipum. Á herðum þessara manna hvílir mikil ábyrgð, og öryggi skipshafna og skipa er oft undir því einu komið, að stjórnendur skipanna séu starfi sínu vaxnir, og öll þau margbrotnu tæki, sem nú er farið að nota í stórum og smáum skipum, krefjast meiri kunnáttu skipstjórnarmanna en áður. Þetta sjónarmið telur n. að eigi fyrst og fremst að hafa í huga við væntanlega endurskoðun l. um sjómannafræðslu að því er skipstjórnarmenn varðar. Hinu er svo ekki að neita, að þau námskeið, sem frv. þetta fjallar um, hafa komið að verulegu gagni, þó að segja megi, að þau geti ekki talizt fullkominn skóli. Þetta sést m. a. af ummælum skólastjóra stýrimannaskólans, sem vitnað er til í nál. sjútvn. á þskj. 307, en hann bendir á, að sú æskilega þróun virðist vera að skapast, að æ fleiri taki próf á slíkum námskeiðum sem áfanga til fiskimannaprófs frá stýrimannaskólanum, en það próf veitir réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum af hverri stærð sem er í innan- og utanlandssiglingum.

Sú þróun, sem nú er að verða í skipakaupum okkar, að því er snertir stærð fiskiskipa, gerir það einmitt nauðsynlegt, að sem flestir skipstjórnarmenn ljúki fiskimannaprófi. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vekja athygli á ábendingu, sem fram kemur í umsögn Fiskifélags Íslands um þetta frv., en umsögnin barst eftir að sjútvn. hafði gengið frá nál. sínu. Í umsögninni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur sú meginbreyting orðið á stærðarskiptingu vélbátaflotans, að mjög hefur fjölgað hinum stærri skipum, og er fjöldi þeirra skipa, sem nú eru byggð, yfir 120 rúmlestir. Með fjölgun þessara skipa eykst að sjálfsögðu þörfin fyrir menn með réttindi yfir 120 rúmlestir, en raunin hefur orðið sú, að oft verður að grípa til undanþáguveitinga til þess að tryggja vel hæfa skipstjórnar- og fiskimenn á hina stærri báta. Á árunum 1947—1951 var gripið til þess ráðs til að bæta úr sams konar ástandi, sem þá hafði skapazt, að halda sérstök námskeið fyrir þá, sem höfðu hin minni réttindi, sem þá höfðu miðazt við 75 rúmlestir, svo að þeim gæfist tækifæri til að afla sér aukinnar menntunar við sitt hæfi og öðlast jafnframt réttindi til að stjórna fiskiskipum af hvaða stærð sem væri. Vér teljum, að nú hafi skapazt það ástand, að rétt væri að gera nú sams konar ráðstafanir, og vísast um þetta til bráðabirgðaákvæðis l. um atvinnu við siglingar, nr. 66 17. júlí 1946."

Ég tel fyrir mitt leyti rétt, að þessi ábending Fiskifélagsins komi til athugunar í sambandi við endurskoðun l. um sjómannafræðslu. En eitt vil ég þó benda á í þessu sambandi. Flestar aðrar stéttir verða að taka út sína skólagöngu, áður en þær hverfa að lífsstarfinu.

Er það ekki að fara dálítið aftan að siðunum að ætla að skóla sjómenn, sem margir hverjir hafa lokið hálfri starfsævinni eða meira, og sjálfsagt flestir staðið sig með prýði í störfum. Ég varpa þessu fram til umhugsunar, en ekki af því, að ég sé endilega mótfallinn till. Fiskifélags Íslands um viðbótarnámskeið fyrir þá, sem nú hafa 120 rúmlesta réttindi. Ég held nefnilega, að þörfin, bæði nú og fyrr, fyrir slík námskeið sýni það, svo að ekki verður um villzt, að við þyrftum að koma betra skipulagi á sjómannafræðsluna en nú er, skipulagi, sem tryggði okkur vel menntaða skipstjórnendur frá byrjun starfsævinnar, og að slíku skipulagi ætti að stefna við endurskoðun l. um sjómannafræðslu. En hvað sem þessu líður, þá mæli ég með því frv., sem hér liggur fyrir, fyrir hönd sjútvn. og legg til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem n. hefur orðið sammála um.

ATKVGR.
Brtt. 307 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 330).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 52. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er hingað komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ., með breyt. þó, sem ég skal leyfa mér að gera grein fyrir síðar.

Í þessu frv., sem er ákaflega einfalt, eru aðeins tvö efnisatriði. Hið fyrra og aðalatriðið er það, að framlengdur verði til ársloka 1965 frestur sá, sem gefinn hefur verið til þess að halda námskeið til lúkningar hinu minna fiskimannaprófi. Árið 1945 voru þessi námskeið felld niður, vegna þess að bæði félög yfirmanna, sem starfandi voru, og sjómannaskólinn voru treg til þess, að heimild yrði í l. til þess, að menn mættu sigla skipum, nema með því að hafa tekið hin almennu próf í sjómannaskólanum. Eftir að þessi námskeið féllu niður, varð það mjög algengt, að leitað væri eftir undanþágu, til þess að menn gætu með litla þekkingu siglt skipum, þar sem fulllærðir menn voru ekki fáanlegir. Þetta varð til þess, að árið 1957 var aftur tekið upp þetta kerfi með minnaprófsnámskeiðum og þá veitt til 5 ára eða til ársloka 1962, og hefur þetta nú fallið niður við s. l. áramót. Fiskifélagið hefur sent ráðuneytinu 2 bréf, hið síðara 1962, árið sem leið, sem lýsir málinu allvel, og með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa það upp. Bréfið er svo hljóðandi:

„Með l. nr. 30 frá 17. maí 1957 var svo ákveðið, að tekin skyldu upp á nýjan leik námskeið við stýrimannaskólann og utan Reykjavíkur til undirbúnings hinu minna fiskimannaprófi. Skyldi þetta fyrirkomulag gilda til ársloka 1962. Að óbreyttum l. yrði því árið í ár síðasta árið, sem slík námskeið yrðu haldin. Oss telst svo til, að á þessu tímabili hafi útskrifazt frá þessum námskeiðum 279 nemendur, er skiptast þannig á árin: 1958 64, 1959 110, 1960 79 og 1961 26, en um árið 1962 lágu ekki fyrir neinar upplýsingar, þegar þetta bréf var skrifað. Próf frá námskeiðum þessum veita réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlesta. Og þar sem vér teljum ekki síður brýna nauðsyn fyrir slík námskeið nú en áður, þá leyfum vér oss að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að gerðar verði ráðstafanir til þess að fá lagaákvæði þessi framlengd til næstu 5 ára á Alþingi því, er nú situr.“

Frv., sem flutt var í framhaldi af þessu bréfi og óskum úr fleiri áttum, gerði svo ráð fyrir, að þetta námskeiðafyrirkomulag yrði framlengt til ársins 1967. Í hv. Nd. var aftur gerð á þessu máli sú breyt. í sjútvn., sem samþ. var í d. og ég út af fyrir sig gat ekki verið að leggjast á móti, að í staðinn fyrir, að þetta fyrirkomulag yrði látið gilda næstu 5 ár, þá var samþ., að það skyldi gilda aðeins til ársloka 1965 eða 3 ár. Og voru þar sömu öfl að verki og áður, sem hafa viljað reyna að komast sem mest hjá þessum námskeiðum, en beina mönnum beint inn í sjómannaskólann. Ég skal þó segja það, að fyrirkomulagið við þessi námskeið er þannig, að þeir, sem þar fá 1. einkunn, geta próflaust setzt í 2. bekk sjómannaskólans til þess að ljúka hinu meira skipstjórnar- eða fiskimannaprófi, og ef þeir ekki ná 1. einkunn, geta þeir fengið leyfi til að ganga undir próf og sanna þannig hæfni sína til að setjast í bekkinn og ljúka hinu meira fiskimannaprófi á aðeins einu ári. Og í bréfi, sem skólastjóri sjómannaskólans hefur sent ráðuneytinu um þetta mál, er frá því skýrt, að það tíðkist nú meira og meira, að þessir námskeiðsmenn fari inn í skólann á eftir til þess að öðlast hin meiri fiskimannaréttindi.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem um þetta atriði þarf að segja, en tækifærið var notað til þess að gera nokkra breyt. á 3. mgr. 1. gr. l. frá 1957, þannig að námskeiðin utan Reykjavíkur skuli ekki jafnstranglega vera bundin við þá staði, sem þau hafa verið bundin við, þ. e. Ísafjörð, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjar, heldur sé ráðh. heimilt að ákveða, að námskeiðin skuli haldin á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst,

eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku.

Það hefur komið fyrir og oftar en einu sinni, að námskeið, sem fyrirhugað var að halda á einhverjum þessara 4 staða, hafa fallið niður, vegna þess að þátttaka fékkst ekki næg, en mundi hafa fengizt nægileg, ef á öðrum stað hefði verið efnt til námskeiðsins. Þennan möguleika var talið rétt að opna um leið, svo að ekki væri jafnbundið við þá 4 staði, sem í l. voru áður einvörðungu nefndir, til þess að námskeiðin gætu farið fram.

Ég held, að það sé ekki rétt, að námskeiðin falli alveg niður frá og með s. l. áramótum, heldur verði mönnum gert kleift nú í næstu 3 árin, skulum við segja, eins og hv. Nd. hefur ákveðið, að sækja þau á svipaðan hátt og verið hefur og koma þannig í veg fyrir, að meira af undanþágufólki verði ráðið til skipstjórnar en nauðsynlegt er.

Ég vildi vænta þess, að hv. d. gæti afgr. þetta mál tiltölulega fljótlega. Það getur verið, að það þurfi að taka ákvarðanir í sambandi við það bráðlega. Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins við þessa umr. segja nokkur orð um þetta mál, ekki þó vegna þess, að ég finni ástæðu til þess að gera brtt. við málið, þ. e. námskeiðin í sambandi við minna fiskimannaprófið, að þeim verði haldið áfram, og ég tel sjálfsagt að framlengja þau. Hins vegar sé ég fulla ástæðu til að vekja athygli á því, að fyrir nokkrum árum, eins og kunnugt er, stækkuðu fiskibátarnir yfirleitt úr 75 tonnum upp í kringum 100 tonn. Áður voru flestir línubátarnir, sem gerðir voru út á Suðvesturlandi, að stærð í kringum 60 tonn, og var þá hið minna fiskimannapróf miðað við 75 tonn. Síðan hefur þetta verið hækkað, eftir að bátarnir stækkuðu, og fært upp í 120 tonna réttindi, og er þá nefnt minna fiskimannapróf.

Á sínum tíma voru gerðar sérstakar breytingar eða ráðstafanir í þessu sambandi, það var, að haldin voru sérstök námskeið við stýrimannaskólann, og veittu þau viss réttindi til stærra fiskimannaprófs. Nú er það svo, að þessi sama saga hefur endurtekið sig. Á allra síðustu árum hafa fiskiskipin stækkað úr því að vera í kringum 100 tonn, og flestir þeir bátar, sem nú eru byggðir, eru í kringum 150—170 og 200 tonn og þar yfir. Það leiðir aftur af sér, að þeir menn, sem voru með hið minna fiskimannapróf, hafa ekki réttindi til að stjórna þessum bátum, sem mest er um núna, og ég ætla, að það séu einmitt hinir sömu sjómennirnir, sem stunda atvinnu sína á þessum nýju bátum, sem áður voru á eldri fiskibátunum.

Ég vil í þessu sambandi benda sérstaklega á, að ég teldi, að það þyrfti að athuga sérstaklega, hvort ekki væri rétt, að nú væru endurtekin við stýrimannaskólann slík námskeið, eins og voru hér fyrir nokkrum árum, og gefa þeim mönnum, sem nú hafa hið minna fiskimannapróf, tækifæri til að þreyta próf við stýrimannaskólann, sem veitti þeim hliðstæð réttindi og þeir fengu, eða stærra fiskimannaprófið, þegar þeir hafa gengið undir slíkt próf. Væri þá eðlilegt í því sambandi, að sett yrðu viss skilyrði fyrir þá, sem óskuðu að þreyta slíkt próf eða fara á slík námskeið, t. d. að þeir hefðu verið skipstjórar eitthvert ákveðið árabil. Ég ætla, að það hafi verið, þegar þessi lög komu til framkvæmda, 3 eða 5 ár, sem viðkomandi skipstjóri hafi þurft að vera búinn að gegna skipstjórn á fiskibát, áður en hann fékk aðstöðu til að fara á slíkt námskeið. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og tel, að það hafi skapazt nú á síðustu árum það viðhorf í sambandi við að tryggja skipstjóra á þann flota, sem nú er í uppbyggingu, fiskibátaflotann, að án þess að eitthvað slíkt komi til þurfi að meira eða minna leyti að bjargast við undanþágur, til þess að þeir menn, sem vanastir eru þessum veiðum, geti fengið að stjórna þeim skipastól, sem nú er verið að byggja upp til fiskveiðanna.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði hér, að skipin stækkuðu og þess vegna dugðu raunverulega ekki þessi námskeið, sem hér hefur verið talað um og veita réttindi til 120 tonna skipstjórnar, þau nægðu ekki til þess að fara með þau stærri skip, sem nú er algengast að smíða. En þeir, sem hafa fjallað um þessi mál mest, bæði skólastjórar og kennarar stýrimannaskólans, bæði fyrrv. skólastjóri og núv., telja, að það sé ekki varlegt, að þessi stóru, nýju skip verði fengin í hendur mönnum með hinu minna prófi eða kannske með litlu viðbótarprófi. Þau eru orðin svo stór, að þau geta farið á milli landa og gera það mörg. En þessi námskeiðsréttindi, sem sett eru, ná alls ekki til slíkra siglinga, enda þurfa menn að læra þá miklu meira í siglingafræði en þeir gera á þessum námskeiðum.

Það, sem þess vegna er eðlilegast að mínu viti, er, að ef menn hafa námskeiðsréttindi, þessi 120 tonna réttindi, þá fari þeir í hið meira fiskimannapróf og geti lokið því á einu ári. Það veitir þeim réttindi til þess að fara með öll fiskiskip bæði í innanlands- og utanlandssiglingum. Þessu nýju, stóru skip eru orðin dýr og þýðingarmikið þess vegna, að þau séu ekki látin í hendur þeirra manna, sem kunna ekki til fulls með þau að fara. Ég held þess vegna, að þetta 120 tonna mark, sem hefur verið sett, þó að það nái ekki til nema tiltölulega fárra af hinum stóru, nýju skipum, verði látið gilda núna fyrst um sinn, og ef menn vilja fá sér réttindi til hinna stærri skipa, þá taki þeir hið meira fiskimannapróf, sem taka má á einu ári eða einum vetri, eftir að þeir hafa stundað nám á þessum námskeiðum.

Annars er þetta mál mjög vandmeðfarið og erfitt, því að hagsmunirnir rekast nokkuð mikið á. Það er ekki óalgengt, að ýmsir beztu

fiskimennirnir hafi lítil eða takmörkuð réttindi, og er því oft sótt fast á að fá fyrir þá undanþágu. En hið æskilegasta hlýtur að verða það, að menn sæki skólann, sem stofnaður er til þess að veita mönnum eðlilega fræðslu, og fái sín fullu réttindi, eins og skólinn veitir, og þá rétt til að sigla bæði utan lands og innan á öllum fiskiskipum, bæði smáum og stórum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 330, n. 504).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það. sem hér um ræðir, hefur þá efnisbreytingu eina inni að halda, að gert er ráð fyrir, að hið minna fiskimannapróf haldi enn um sinn áfram, og er gert ráð fyrir með þessu frv., að heimild ráðh. verði til að halda þessum námskeiðum áfram til ársloka 1965 samkv. því, sem ákveðið er á þskj. 307 og 330 eftir 2. umr í hv. Nd. Sjútvn. þessarar d. hefur rætt og yfirfarið frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 555).

---

21. Heimilishjálp í viðlögum.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 1952, um heimilishjálp í viðlögum [174. mál] (stjfrv., A. 327).

Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig í tengslum við þau tvö frv., sem síðast hafa verið hér til umr., og gerir ráð fyrir þeirri breyt. á l. um heimilishjálp í viðlögum, að nú megi starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Í núgildandi l. um heimilishjálp í viðlögum er svo ákveðið, að sveitarstjórnum og sýslunefndum sé heimilt að ákveða, að komið skuli á fót þessari heimilishjálp, eftir því sem þessar sveitarstjórnir eða sýslunefndir ákveða. Hlutverk þessarar heimilishjálpar á að vera að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er, eins og það er orðað í l., með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, að hjálpar sé þörf. Greiðsla fyrir þessa heimilishjálp skal svo ákveðin með sérstakri gjaldskrá, en ríkissjóður greiðir 1/3 af þeim kostnaði, sem ekki fæst greiddur af þeim, sem hjálparinnar eða aðstoðarinnar njóta.

Í till. þeirrar n., sem getið var hér um í sambandi við byggingarsjóð aldraðs fólks, var gert ráð fyrir því, að annað stigið í aðstoðinni við gamla fólkið væri að aðstoða það á heimilunum, sem þess þyrfti með, því að enn mundu ýmsir geta starfað á ýmsan veg, þó að ekki væri auðvelt að sinna heimilisstörfunum til fulls, og gæti þess vegna verið nauðsynlegt og áreiðanlega þarft, að þessu yrði mætt með hjálp á heimilunum, og þá eðlilegast, að l. um heimilishjálp í viðlögum yrðu aukin á þennan hátt.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði einnig vísað til sömu n. og hinum tveimur frv., sem frá n. komu, þ. e. a. s. til heilbr.- og félmn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 327, n. 370).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. Frv. gerir ráð fyrir að rýmka heimildina um heimilishjálp svo, að hægt sé að veita öldruðu fólki hana, og láta hjálpina einnig ná til lengri tíma en lögin annars gera ráð fyrir. Með því er ætlunin að stuðla að því, að fólkið geti lengur búið á heimilum sínum, en neyðist ekki til þess að fara á hæli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta litla frv. er líka í tengslum við það mál, sem áður hefur verið rætt hér í dag, þ. e. a. s. byggingarsjóð aldraðs fólks. Þar er gert ráð fyrir sem lið í aðstoð við þetta fólk, að heimilishjálp, ef starfrækt er í sveitarfélagi samkv. sérstökum l. frá 1952, nái einnig til þessa fólks og sé styrkhæf á sama hátt og hún. Í þeim l. er aðeins gert ráð fyrir, að þessi heimilishjálp sé veitt í viðlögum, þegar það er talið af lækni eða hjúkrunarkonu eða öðrum heilbrigðisaðilum í sveitarfélaginu, að hjálpar sé þörf vegna veikinda eða annarra erfiðleika. En hér er gert ráð fyrir, að það megi veita hinu aldraða fólki varanlega heimilishjálp. Þetta er eina ákvæði frv.
Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 327, n. 464).

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er einnig fylgifrv. frv. um byggingarsjóð aldraðs fólks. Í gildandi l. um heimilishjálp í viðlögum er kveðið svo á, að sveitarstjórnum og sýslunefndum skuli heimilt að setja á fót heimilishjálp, er veiti aðstoð þeim heimilum, sem eigi í erfiðleikum um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Frv. er einungis um það, að við 1. gr. l. er bætt heimild til þess að starfrækja einnig heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og mælir heilbr.- og félmn. einróma með þessari breytingu.
Heimilishjálpin samkv. gildandi l. er framkvæmd þannig, að viðkomandi sveitarstjórnir setja gjaldskrá vegna veittrar heimilishjálpar, og skal gjaldskráin staðfest af ráðh. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða gefa eftir greiðslu á gjaldi að nokkru eða öllu leyti, og síðan endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögunum 1/3 hluta af halla, sem verða kann á heimilishjálpinni með þessu móti. Gildir þetta sama að sjálfsögðu um þá heimilishjálp, sem veitt kynni að verða öldruðu fólki samkv. því frv., sem hér liggur fyrir.
Ég endurtek það, að heilbr.- og félmn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 593).

---

22. Stofnlánadeild landbúnaðarins (stjfrv.).

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [102. mál] (stjfrv., A. 124).

Á 19. og 20. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því að hækka nokkuð framlag til nýbýla og til þeirra jarða, sem hafa orðið aftur úr með ræktun. Er gert ráð fyrir samkv. 1. gr. frv., að til ræktunar nýbýla verði hækkun 650 þús. kr., eða úr 6½ millj. í 7.15 millj. Er þá gert ráð fyrir, að hækkunin nái til 44 býla, með því að hún nemi um 15 þús. kr. á hvert býli í ræktun. Þá er og gert ráð fyrir því samkv. 2. gr., að í stað þess að miða við 10 hektara, eins og gert var með l. frá 1957, skuli miðað við 15 hektara og að þær jarðir, sem ekki hafa ræktun upp að 15 hekturum, njóti þeirra hlunninda, sem þessi lög gera ráð fyrir. Er gert ráð fyrir að hækka þannig framlag til þessara jarða úr 6 millj. í 7.6 millj., eða um 1.6 millj. Hækkun samkv. frv. er þess vegna 2 millj. 250 þús. En samkv. 64. gr. l. hefur verið veittur styrkur til bygginga, ekki aðeins á nýbýlum, heldur einnig á jörðum, sem hafa léleg íbúðarhús. Hefur verið veittur styrkur allt að

40 þús. kr. á hvert hús, en eftir þessa hækkun er gert ráð fyrir, að styrkurinn geti farið upp í 50—55 þús., óafturkræfur styrkur.

Það er enginn vafi á því, að þessi lög, sem samin voru 1957 og gera ráð fyrir, að styrkur upp að 10 hekturum skyldi vera miklu hærri en til þeirra býla, sem höfðu tún yfir þetta mark, hafa ýtt undir ræktun á hinum smærri býlum. Síðan það varð, hafa um þúsund jarðir, sem voru með tún innan við 10 hektara, náð þeirri túnstærð í árslok 1961. Og 1387 jarðir, sem áður voru með túnstærð undir 5 hekturum, eru þá með túnstærð frá 5.1 hektara til 9.99 hektara. 438 jarðir eru með 2.5 til 5 hektara túnstærð. Þessum jörðum hefur þokað mjög hægt í ræktuninni, en eftir því sem bústærðin eykst, eftir því vex mönnum geta til þess að auka ræktunina, og þess má geta, að um 200 jarðir eru með tún undir 2.5 hekturum, en það er af persónulegum ástæðum, sem tæplega má búast við breytingu á, fyrr en ábúendaskipti verða. Það kemur í ljós, að eftir því sem ræktuninni fleygir fram og þeim býlum fækkar, sem eru með hin smáu tún, vex bústærðin, og þannig er það, að 1955—1956 eru aðeins 846 jarðir, sem hafa 20 kúgildi og yfir. En í árslok 1961 eru 1426 jarðir, sem hafa 20 kúgildi eða meira. Og 1956 eru það 545 jarðir, sem eru með 7.5 kúgildi, en í árslok 1961 eru það 385. Með frv. er prentuð tafla, sem skýrir þetta vel, hvernig bústærðin breytist með aukinni ræktun.

Samkv. þeim gögnum, sem eru fyrir hendi, nemur samkv. ákvæðum frv. framlagsskyld túnaaukning 17654 hekturum á 2023 jörðum til að ná 15 hektara takmarkinu, og áætlað er, að á jörðum með 10—15 hektara tún verði framlagsskyld ræktun 3500—4000 hektarar. Heildarræktunarþörfin nemur því allt að 21654 hekturum, þannig að þessu marki sé náð. Það má þess vegna gera ráð fyrir, að árlega þurfi framlag til 2700 hektara, og nemur þá fjárþörfin til þessarar ræktunar árlega 6 millj. 750 þús. kr. En samkv. ákvæðum 63. gr. er svo fyrir mælt, að framlög skuli veitt til íbúðarhúsabygginga á lögbýlisjörðum á sama hátt og nýbýlastofnendum er veitt. Þessi styrkur hefur verið greiddur af því fé, sem ráð er fyrir gert samkv. 64. gr., og þess vegna er hækkunin 1.6 millj., eða úr 6 millj. upp í 7.6 millj.

Þá er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að bústærðin, meðaláhöfn, hefur aukizt, og ef við tökum árin 1956—1961, þá kemur í ljós, að meðaláhöfn í árslok 1956 var 13.8 kúgildi, en í árslok 1961 16 kúgildi.

Það er von mín, að þetta frv. verði til þess að ýta undir ræktunina á hinum smærri býlum, það hjálpi nokkuð til með nýbýlin, að nú er gert ráð fyrir að skila 15 hektara landi og hækka styrk til bygginga frá því, sem var, og einnig að hækka styrk til bygginga á hinum eldri jörðum, sem eru óbyggðar og illa stæðir bændur búa á, bæði til bygginga og ræktunar. Það er ánægjulegt til þess að vita, að ræktunin hefur aukizt jafnt og þétt á undanförnum árum, og ef við athugum aðeins 5 síðustu árin og ræktunarframkvæmdir þeirra ára, kemur í ljós, að ræktunarframkvæmdir 1957 námu 3339 hekturum, 1958 3511 hekturum, 1959 3855 hekturum, 1960 4444 hekturum og 1961 3933 hekturum plús eitthvað ópekkt, að mér er sagt, sem þarna muni bætast við við nánari athugun, þannig að þetta gæti orðið um 4000 hektarar. En til skýringar á ræktuninni 1960 má geta þess, að það eru sennilega kornakrar í þeirri tölu, 400—450 hektarar, þannig að túnræktunin hefur ekki verið nema um 4000 hektarar. Í árslok 1961 var túnstærðin 79795 hektarar, og þegar það er vitað, að talsvert á annað kýrfóður kemur af hverjum hektara, en kúafjöldinn var í árslok 1961 38167, þá er augljóst, að bændur landsins fóðra annan fénað að mestu leyti á töðu. Og útengjaheyskapur er sem sagt alveg að hverfa. Er það út af fyrir sig mjög gott, því að útengjaheyskapur krefst aukins vinnuafls og verður að teljast úreltur á þessum tímum.

Í samræmi við hina auknu ræktun hefur búskapurinn aukizt, og ef við athugum t. d. kúafjöldann, þá eru í árslok 1958 32960 kýr, í árslok 1959 33128, hafði fjölgað um 1137, í árslok 1961 36383, hafði fjölgað um 2118, í árslok 1962 38167, hafði aukizt um 1784. Og í samræmi við þetta er aukning mjólkurafurðanna, sem upplýsingar er að fá um í Árbók landbúnaðarins 1962, þannig að í stað þess að flytja inn smjör, eins og gert var 1959, eru nú miklar birgðir bæði af osti og smjöri, enda þótt salan hafi einnig aukizt innanlands. Og það má sama segja um annan búfénað, að í árslok 1958 eru 737404 sauðkindur á landinu, en í árslok 1961 817759. Eina búgreinin, sem hefur ekki aukizt, er hrossarækt, sem margir höfðu búizt við, að hefði minnkað meira en raun ber vitni, því að í árslok 1958 eru 31822 hross, í árslok 1961 30936. Og ef við tökum svo töluna á þeim jörðum, sem framfleyta þessum bústofni, þá er það svo, að 1957—1958 eru það 5168 bújarðir, 1958—1959 5208, 1959—1960 5159 og 1960—1961 5261, þannig að jörðunum hefur heldur fjölgað, enda er það í samræmi við nýbýlaaukninguna, sem er venjulega 40—50 á ári, þannig að þótt ein og ein jörð fari í eyði, þá nemur fjölgun nýbýlanna meira en að vega upp á móti því.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu. Það er vitanlega nauðsynlegt að koma hér á móti hinum aukna ræktunarkostnaði, sérstaklega hjá þeim, sem eru að hefja nýbýli, og hinum, sem enn hafa litla ræktun. Og eins og það þótti nauðsynlegt 1957 að miða markið ekki við 5 hektara eins og áður, heldur við 10, vegna þess að ræktunarkostnaður hafði aukizt og þörfin fyrir aukna bústærð var meiri en áður, þá er sama ástæða nú og þá var tilfærð, að 10 hektarar eru nú of lítið ræktað land til þess að framfleyta sæmilegum bústofni. Og ég býst við því, að þegar þessu marki er náð, að engin

jörð sé með minna en 15 hektara, þá þyki einnig eðlilegt og sjálfsagt að draga þetta strik ofar, jafnvel upp í 20 hektara.

Ég vil svo leggja til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Eysteinn Jónsson: Ég vil lýsa fylgi við þetta frv., svo langt sem það nær. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að benda á, að þessar ráðstafanir, sem hér eru ráðgerðar, hrökkva ekki mikið til að leysa þann mikla vanda, sem fyrir liggur varðandi ræktun og aðra uppbyggingu í sveitunum á þeim býlum, sem skemmra eru á veg komin, og nýbýlum og raunar á flestum bújörðum. Það er gert ráð fyrir, að í þessu frv. felist 650 þús. kr. framlög á ári í heild til landbúnaðarins, og sjáum við á því, að þótt þetta sé eilítið spor í rétta átt, þá hrekkur þetta skammt.

Ég hefði álitið, að það ætti að setja markið hærra en 15 hektara strax í sambandi við hærri jarðræktarframlögin, og enn fremur, að það ætti að hækka þau talsvert frá því, sem nú er, þ. e. a. s. borga talsvert meira en gert er ráð fyrir út á hvern hektara á þeim býlum, sem styttra eru komin. Vænti ég, að þetta verði athugað í þeirri n., sem málið fær til meðferðar.

En ég stóð upp til að styðja þetta, svo langt sem það nær, og eins til að benda á þann stórkostlega vanda, sem orðinn er með sívaxandi stofnkostnaði, ekki aðeins í ræktun, heldur ekki síður á byggingum í sveitunum. Og bendi ég á, að jarðræktarlögin og yfirleitt öll löggjöf, sem fjallar um framlög til stuðnings uppbyggingu í landbúnaði, er nú gersamlega úrelt orðin. Það er orðin slík verðlagsbylting í þessum greinum eins og öðrum á örstuttum tíma, að öll sú löggjöf er úrelt orðin. Og ef ekki á að verða stórtjón og menn gefist upp í stórhópum við það að rífa sig út úr vandanum, þá verður áreiðanlega að auka mjög verulega jarðræktarframlagið í öllum greinum og færa það í samræmi við þetta nýja viðhorf. Þó að þetta frv. sé, eins og ég sagði, pínulítið spor í þá átt, nær það óendanlega skammt í þessu tilliti.

Mig langar þá til að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann muni ekki leggja fyrir þetta þing nýja jarðræktarlöggjöf eða frv. til breytinga á jarðræktarlögunum. Það mun nú vera búið að framkvæma endurskoðun á þeirri löggjöf, og ég held það sé áreiðanlegt, að það frv. sé hjá honum eða hæstv. ríkisstj. Vil ég því nota tækifærið og spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort stjórnin muni ekki leggja það mál fyrir þetta þing. Þessi mál eru öll komin í mikið óefni, sem okkur er öllum ljóst, og þeim mun lengur sem dregst, að fram fari allsherjarbreyting á þessum framlögum, þeim mun hættara er við, að varanlegt tjón verði af.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lýsti fylgi sínu við frv., og er ekkert nema gott um það að segja, en honum finnst það ganga of skammt. Það má rétt vera, að æskilegt væri, að það gengi lengra og að strikið væri dregið ofar en við 15 hektara. Það hefur nú verið svo, að það hefur verið látið við það sitja að hækka strikið um 5 hektara í hverjum áfanga, og hygg ég, að það sé eftir atvikum gott að miða að þessu sinni við 15 hektara. Og ég vil vekja athygli á því, af því að ég hef annaðhvort heyrt skakkt til hv. ræðumanns eða hann hefur misskilið frv., að þetta frv. á að gegna tvenns konar hlutverki. Það eru 650 þús. kr. veittar til nýbýla, en ekki í heild til landbúnaðarins, eins og mér heyrðist hv. ræðumaður segja, en 2 millj. 250 þús. í heild til nýbýla og til eldri jarða, sem hafa orðið aftur úr.

Ég vil taka undir með hv. ræðumanni um það, að jarðræktarlögin eru vitanlega orðin að mörgu leyti úrelt, vegna þess að þeim hefur ekki verið breytt núna á annan áratug, og það hefur margt gerzt síðan. Jarðræktarstyrkurinn nú er um 1200 kr. á hektara, eins og hann var 1947. En það hefur vitanlega aukizt ákaflega mikið ræktunarkostnaðurinn á þessu tímabili. Búnaðarþing mun hafa skipað nefnd 1960 eða 1961 til þess að endurskoða jarðræktarlögin, og hún lauk starfi á s. l. sumri og sendi frv. í ráðuneytið. Ég lét fara fram nokkra athugun á frv. í rn., og síðan skipaði ég nefnd þriggja manna til að endurskoða þetta frv., og í bréfi til n. var tekið fram, að óskað væri eftir, að endurskoðun yrði hraðað eftir föngum. Í þessari n. eru: Pétur Gunnarsson tilraunastjóri, formaður, Kristján Karlsson fyrrv. skólastjóri og Birgir Finnsson alþm.

Samkv. frv. þeirrar n., sem búnaðarþing kaus, er gert ráð fyrir allvíðtækum breyt. á núgildandi jarðræktarlögum auk sérstaklega mikillar hækkunar, og út af fyrir sig er ekki nema eðlilegt, að það sé athugað í stórum drættum, hvort þetta frv. búnaðarþingsnefndarinnar er þannig, að það sé eðlilegt að leggja það fram óbreytt, eða hvort rétt er að gera vissar breyt. á því. Ég get t. d. bent á eitt atriði í því frv. af mörgum, að það er gert ráð fyrir að hækka styrk á heyhlöður um 400%. Það má vel vera, að þetta sé nauðsynlegt. Það er líka nauðsynlegt að veita styrk á súgþurrkun, til þess að helzt allir bændur geti komið upp súgþurrkun og varið sig gegn óþurrkum. En það eru ýmis atriði í frv., sem er eðlilegt að athuga og samræma, ef þörf gerist.

Ég er innilega sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að jarðræktarlögin þarf að endurskoða, það þarf að hækka hinn almenna jarðræktarstyrk frá því, sem nú er, því að það hlutfall, sem nú er í styrk á móti tilkostnaði, er vitanlega ekkert í samræmi við það, sem áður var, og þannig er þetta búið að vera lengi. Þetta er búið að vera lengi, en hefur vitanlega farið versnandi, eftir því sem ræktunarkostnaðurinn hefur aukizt.

Það hefur kannske dregið úr eða friðað menn þrátt fyrir þetta að sjá, að ræktunin eykst

stöðugt samt sem áður og hefur ekki dregið úr henni. En eigi að síður hlýtur að vera sanngjarnt að hraða endurskoðun þessara l. Hvort frv. verður lagt fyrir þetta þing eða ekki, það fer eftir því, hvenær við fáum frv. Vonandi verður það svo fljótt, að það verði hægt eftir áramótin. Ég vil þó ekki að svo komnu fullyrða um það, en ég veit, að frv. er í góðra manna höndum, þar sem þessi n. er. Og það er rétt einnig, það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að í sambandi við byggingar í sveitum eru þær náttúrlega orðnar dýrar eins og annars staðar.

En það er rétt að geta þess, að 1960 var samþ. frv. til l. um breyt. á þessum l., þannig að byggingarstyrkur til þeirra bænda, sem áttu eftir að byggja, var hækkaður, óafturkræfur styrkur, úr 25 þús. í 40 þús., og samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka styrkinn úr 40 þús. í allt að 55 þús. Auk þess hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að stofnlánadeild landbúnaðarins láni 150 þús. kr. út á hvert íbúðarhús í sveitum, þannig að samanlagður styrkur og lán eru þá rúmlega 200 þús., sem bændur eiga kost á að fá, og það er áreiðanlega ekki lægri hundraðshluti en verið hefur áður. Ég geri ráð fyrir, að það sé hægt að byggja íbúðarhús í sveit fyrir 300—400 þús. Ef það væru 400 þús., þá er styrkur og lán 50%. En árin 1957 og 1958 mun lán úr byggingarsjóði hafa numið 30% af kostnaðinum.

Þetta tel ég rétt að komi fram, þótt ég sé því sammála, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri æskilegt að gera meira og gera betur í þessu efni. En þetta er spor í rétta átt. Og hvað jarðræktarlögin snertir, þá vildi ég aðeins upplýsa þetta: Frv., sem frá mþn. kom, er í athugun hjá n., sem ég hef skipað og óskað eftir að hraði störfum. Og verði þeirri endurskoðun lokið svo fljótt, að unnt sé að leggja það fram hér á þessu þingi, geri ég ráð fyrir, að það verði gert, vegna þess að ég tel eðlilegt, að jarðræktarstyrkurinn verði hækkaður frá því, sem nú er.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð. — Það er fyrst að leiðrétta, því að mér varð mismæli áðan. Það er ekki heildarkostnaðurinn við frv., sem er 650 þús., heldur það, sem gert er ráð fyrir að aukið framlag til íbúðarhúsa kosti. En heildarframlagið er áætlað, eins og ráðh. benti á, rúmar 2 millj. kr. En við sjáum það einnig á þessari fjárhæð, rúmlega 2 millj. kr., að þó að hér sé stigið lítið spor í rétta átt, þá hrekkur það skammt til að bæta úr þeim vanda, sem orðinn er, eins og reyndar kom líka fram hjá hæstv. ráðh.

Ég skal ekki fara út í við þetta tækifæri að kappræða fram og aftur um landbúnaðinn og stjórnarstefnuna, en aðeins segja, að þó að byggingarstyrkur sé dálítið hækkaður og lánshæðin hækkuð, þá hrökkva þessar hækkanir ekki einu sinni til að mæta þeim hækkunum á byggingarkostnaði, sem orðið hafa sem kunnugt er.

En það er nú alvarlegast í þessu, ef litið er á framkvæmdirnar í heild og kostnaðinn, eins og hann er orðinn, annars vegar og svo stuðninginn hins vegar, einkum við útihúsabyggingar, að þá er jarðræktarframlagið nánast orðið að engu. Og einmitt vegna þess, að eftir því sem dregst lengur að leiðrétta þetta, eftir því er meiri hætta á því, að menn gefist bókstaflega upp vegna þess, hversu dökkt er í álinn að þessu leyti til, þá vildi ég mjög fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann drifi hið nýja jarðræktarlagafrv. fram í þingið, þannig að það gæti orðið að l. í vetur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 190 og 349, 350).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., er stjórnarfrv. og fjallar um aukinn stuðning ríkisins til þeirra, sem stofna nýbýli, og til þeirra bænda á eldri lögbýlum, þar sem ræktað land er enn í minna lagi, eða eiga eftir að byggja viðunandi íbúðarhús á jörðum og hafa örðugan fjárhag.

Landbn. d. varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins, svo sem nál. bera með sér. Hv. fulltrúi Framsfl., Ágúst Þorvaldsson, klauf sig frá, og mun hann gera grein fyrir áliti sínu hér á eftir. Er þar þó ekki að ræða um ágreining um gildi málsins, heldur vill hann ganga nokkru lengra eða gera nokkurt yfirboð.

Meiri hl. n. flytur nokkrar brtt. á þskj. 350. Við 1. gr. er orðalagsbreyt., sem betur þótti fara. Önnur brtt. er, að inn komi ný gr., sem kveður á um hækkun á óafturkræfu framlagi til íbúðarhúsa á nýbýlum úr 40 í 50 þús. kr., og má raunar segja, að þá breyt. hafi af vangá vantað í frv. upphaflega. En í framhaldi af þeirri breyt. er svo 3. brtt. um skýrari ákvæði í 63. gr. stofnlánadeildarlaganna um skilyrði fyrir þessu framlagi til þeirra, er rétt eiga á því til íbúðarhúsbygginga á eldri jörðum, sem enn hafa ófullnægjandi íbúðarhús. Þessi styrkur hefur verið veittur nú síðustu ár, en hefur raunar vantað nægilega skýr ákvæði fyrir nýbýlastjórn að vinna eftir við veitingu hans. Orðin: „örðugan fjárhag" eða það hugtak er bersýnilega mjög teygjanlegt, en það er vitanlega ætlazt til, að hér sé um stuðning að ræða til hinna efnaminni til þess að draga úr aðstöðumun.

Það hefur nokkuð borið á góma, í hvers konar formi aukinn stuðningur við ræktunina í landinu væri hagfelldastur og sanngjarnastur. Litlu býlin, þau sem hafa lítil tún, eru

eitt af stóru vandamálum landbúnaðarins. Ég tel því hagfellt og skynsamlegt, svo sem gert er í þessu frv., að beina auknum ræktunarstuðningi til smærri býlanna, og þess vegna er lagt til að beina honum skv. þessu frv. að 5 hekturunum milli 10 og 15, en sú ræktunaraukning breytir mjög til batnaðar búskaparaðstöðu þessara býla.

Meiri hl. n. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fluttar eru á þskj. 350.

Frsm. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. mínu á þskj. 190 um þetta mál, þá mæli ég með því, að frv. nái fram að ganga með nokkrum breyt., sem ég hef borið fram till. um og prentaðar eru aftan við nál. á þskj. 190.

Þessar breyt. eru í því fólgnar, að ég vil láta hækka styrkinn til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum og til endurbyggingar á íbúðarhúsum á jörðum, sem hafa ónothæf íbúðarhús. Ég vil láta hækka þennan styrk úr 40 þús. kr., sem hann er núna í l., í 60 þús. kr. Þetta er þriðjungshækkun, og ég geri till. um, að varið verði til þessara framkvæmda úr ríkissjóði 3 millj. kr. á ári í stað þeirra 2 millj. kr., sem l. ákveða. Hv. meiri hl. landbn. gerir till. um að hækka þetta í 50 þús. kr. á hvert hús, og þykir mér það of skammt gengið í hækkunarátt. Í till. meiri hlutans er ekki gert ráð fyrir auknu framlagi úr ríkissjóði til samræmis við hækkunartill., og fæ ég ekki skilið það á annan hátt en þann, að meiri hl. búist við samdrætti í stofnun nýbýla á næstu árum, því að 2 millj. kr. gera ekki með 50 þús. kr. styrk nema að fullnægja 40 styrkveitingum. Vera má, að þetta kunni illu heilli að reynast svo, að nýbýlastofnendum fækki frá því, sem verið hefur að undanförnu, en ég hef ekki viljað gera ráð fyrir því í mínum brtt., heldur miðað við svipaða nýbýlastofnun árlega og verið hefur að undanförnu.

Till. mín um þetta er gerð með tilliti til þess í fyrsta lagi að örva menn til að hefja landnám og reisa nýjar bújarðir á áður ónumdu landi, og í öðru lagi miðast hún við það, að ríkið leggi af mörkum til þessa svo þýðingarmikla starfs svo ríflegan stuðning, að einhverju dálitlu muni fyrir þá, sem ætla að gera það að lífsstarfi sínu að rækta og nema og byggja landið, hvort sem þeir gera það heldur á þann hátt að stofna nýbýli eða reisa úr rústum þær jarðir, sem orðið hafa aftur úr eða hafa af einhverjum orsökum farið í eyði. Slíkt þjóðnytjastarf er þess vert, að því sé stuðningur veittur. Þess vegna hef ég einnig gert um það brtt. á þskj. 190, að jarðræktarframlagið á nýbýlum og jörðum, sem hafa innan við 15 hektara tún, verði 65% af kostnaðarverði við ræktunina framvegis í stað 50%, eins og verið hefur og gert er ráð fyrir í frv. að verði áfram í lögum.

Í 3. brtt. minni er ríkissjóður skyldaður til þess að leggja fram það fé, sem til þarf næstu 8 ár, svo að hægt sé að framkvæma þetta. Ég held, að um það séu ekki skiptar skoðanir, að búskapur íslenzkra bænda verði að byggjast á ræktuðu landi, en sá áhættusami rányrkjubúskapur, sem hér hefur verið stundaður frá landnámstíð, verði að hverfa. Og þá held ég líka, að menn greini yfirleitt ekki á um það, að 15 hektarar séu algert lágmark, eins og stendur, þess ræktaða lands, sem mögulegt sé að lifa af. Þeir, sem ætla sér að lifa af landbúnaði og ekki geta komizt upp fyrir 15 hektara með túnið sitt, hljóta að verða aftur úr og hverfa brátt úr leik á sviði búskaparins. Mér finnst, að það verði að stækka búin og það sem fyrst. Það er talið, að meðallandsbúið, eins og það er núna, framfleytist á 15 hekturum af ræktuðu landi eða af vel ræktuðu túni. Ég held, að það þurfi að hraða stækkuninni, svo að litlu jarðirnar fari ekki í eyði, og ég álít, að hið opinbera verði að vera rausnarlegt í stuðningi sínum við að efla einstaklingsbúskap okkar Íslendinga. Ég tel, að okkur muni ekki henta annað form á rekstri landbúnaðar en einstaklingsrekstur, sem styðst jöfnum höndum við samvinnufélög bænda og vinsamlegt ríkisvald.

Mér finnst, að eins og nú er sé ríkisvaldið of smátækt í stuðningi við landbúnaðinn. Í því sambandi vil ég benda á, að af áætluðum heildartekjum fjárlagafrv. má telja, að 55 millj. fari beint til jarðræktar og bygginga í sveitum. Það eru jarðræktarframlög áætluð um 14 millj. og til framræslu 12 millj. og framlög samkv. stofnlánadeildarl. 29 millj. kr. Þetta virðist mér vera um 2½% af heildarupphæð fjárl. Það er smá upphæð af hálfu hins opinbera til þess að hjálpa til við hið þýðingarmikla starf að rækta og byggja landið og skila því í hendur næstu kynslóðar betra en það er nú. Mér finnst þetta vera of smá upphæð í þessum tilgangi.

Brtt. þær, sem ég hef fram borið, eru aðeins tilraun í þá átt að örva stuðning við þá, sem vilja hefja landnám í sveitum, og við aðra, sem eiga í vök að verjast og má ekki á milli sjá, hvort þeir hrekjast af hólmi eða sigra í búskaparbaráttunni.

Ég er þess að vísu minnugur, að allar umbótatill. okkar framsóknarmanna voru fyrir fáum árum, eða í fyrra, felldar hér á hv. Alþ., þegar stofnlánadeildarlögin voru til meðferðar. Nú hefur hins vegar ein þeirra till., sem við þá bárum fram hér í hv. Nd., um það að færa markið úr 10 hekturum upp í 15, sem njóti sérstaks styrks, verið tekin upp, og er það aðalefni þessa frv. Auðvitað fagna ég þeirri breytingu og skilningi á þessu máli, sem í því birtist. En ég tel, að einnig þurfi til að koma skilningur á því, að rétta þurfi lengra fram örvandi hönd. Mínar till. gefa hv. alþm. tækfæri til að rétta nútímalandnámsmönnum í íslenzkum sveitum örvandi hendur, og því mæli ég með því, að þær verði samþ., um leið og ég mæli með því, að frv. verði að öðru leyti samþ. og nái fram að ganga.

Lmdbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að þetta frv., sem hér er um að ræða, er merkilegt og gott spor í áttina til þess að auka ræktun og stækka búin í landinu. Þegar rætt var um það 1957 að auka styrk til ræktunar á túnstærð upp að 10 hekturum, lýstu framsóknarmenn því sem stóru og miklu átaki. Og þeim er það þakkarvert, að markið skyldi vera sett svona hátt, að hugsa sér það, að allar jarðir á Íslandi skyldu hafa a. m. k. 10 hektara tún. Og það má merkilegt heita, að hv. framsóknarmenn, eins og þeir tala nú, skyldu ekki þá strax 1957, fyrir aðeins 5 árum, setja markið 15 hektara. En ég ætla ekki að vanþakka það og vanmeta, einfaldlega vegna þess, að það er eðlilegt, að þetta sé tekið í áföngum, og þessu fylgir alltaf talsverður kostnaður.

Hv. frsm. minni hl. gat ekki átt samleið með meiri hl. í þessu efni, en það hefði verið eðlilegra, að svo hefði verið. En eigi að síður er eigi ástæða til að sakast um það. Hann hefur viljað nota tækifærið til þess að auglýsa það frammi fyrir alþjóð, að hann vildi stefna hærra, hann vildi gera hærri kröfur á ríkissjóðinn, hann vildi vinna betur fyrir bændurna en stjórnarliðarnir o. s. frv., og allar þessar hugleiðingar og auglýsingar hv. þm. miðast við það, að fortíðin sé gleymd. En er það nú alveg víst, að fortíðin sé gleymd? Ég held, að það sé ákaflega hæpið fyrir hv. þm. að treysta því fullkomlega. Og ég verð að segja það, að þetta tal hv. framsóknarmanna nú og kröfugerð á ríkissjóð í hverju einasta máli, alveg uppi í skýjunum, hlýtur að leiða til þess, að menn taka ekki mark á þessum ræðum. Það er ekki langt síðan, það eru aðeins örfáir dagar síðan hér var verið að ræða um iðnlánasjóð, eflingu iðnlánasjóðs, og það var lagt til að innheimta 0.4% miðað við aðstöðugjaldið og það gengi í iðnlánasjóðinn, og það var gert ráð fyrir, að þetta væru 7 millj. kr. á ári. Og iðnaðurinn skilur það, að það þarf að efla lánastofnun fyrir þennan atvinnuveg, og tekur því þess vegna af skynsemi að leggja þetta fram. En hv. framsóknarmenn vilja iðnaðinum svo vel, að þeir vilja ekki innheimta þetta gjald hjá iðnaðinum, heldur vilja þeir innheimta 15 millj. kr. á ári til iðnaðarins úr ríkissjóði.

Ég hef talað við menn, sem hafa hlustað á þingfréttir í útvarpinu og kynnt sér afstöðu hv. framsóknarmanna í þessu máli sem mörgum öðrum, og ég verð nú að segja, að þetta mælist ekki vel fyrir. Og það mælist ekki heldur vel fyrir hjá bændum, sem muna fortíðina, þegar hv. framsóknarmenn nota hvert tækifæri til þess að lýsa óánægju sinni og óbeit á því, að það skuli vera hafin raunhæf aðgerð til þess að efla stofnlán til landbúnaðarins, búa til trausta lánastofnun til frambúðar fyrir landbúnaðinn, til þess að landbúnaðurinn geti fengið veigameiri og betri lán en áður hefur tíðkazt. En hv. framsóknarmenn hafa flutt frv. á þessu þingi og áður um það, að ríkissjóður leggi árlega fram 30 millj. kr. til stofnlánadeildarinnar. En mundi það nú vera nóg, jafnvel þótt það væri gert, til þess að byggja þessa deild upp og gera hana varanlega? Þeir hafa líka lagt til, að ríkissjóður legði fram 50 millj. til veðdeildarinnar og 50 millj. til bústofnlánasjóðs. Ég segi, að ef það væru nógir peningar til, þá væri ágætt að fá þessar milljónir í lánasjóði fyrir landbúnaðinn og aðra atvinnuvegi. Og ætli það yrði þá ekki að leggja meira úr ríkissjóði í fiskveiðasjóð en gert hefur verið, aðeins 2 millj. kr. á ári, en útgerðarmenn hafa talið það heillavænlegast fyrir sig að leggja mest af mörkum sjálfir til þess að byggja upp sínar lánastofnanir og sætt sig við það að fá aðeins 2 millj. úr ríkissjóði. Og mig undrar það, að ekki skuli hafa komið fram krafa frá hv. framsóknarmönnum um það að leggja nokkra tugi millj. árlega úr ríkissjóði til fiskveiðasjóðs. En það á kannske eftir að koma seinna.

En þegar um þessi mál er rætt og hlustað er á ræður hv. framsóknarmanna, rifjast ýmislegt upp úr fortíðinni óhjákvæmilega. Það t. d. rifjast upp fyrir mér, að 1958 var grundvöllurinn raunar rifinn undan lánastofnun landbúnaðarins með yfirfærslugjaldinu. Þegar búnaðarsjóðirnir skulduðu mest erlendis og það er allt í einu sett á 55% yfirfærslugjald, þá er það raunverulega ekkert annað en gengisfelling, og grunnurinn er alveg rifinn undan þessum sjóðum. Við skyldum nú ætla það, að framsóknarmenn hefðu viljað styrkja undirstöðuna, á meðan þeir voru í ríkisstj. Þeir sömdu frv. til fjárl. fyrir árið 1959. Og hvað gerðu þeir við samningu þess frv.? Þeir lögðu til, að ríkissjóður héldi áfram að greiða 4 millj. til búnaðarsjóðanna, eins og hann hafði gert mörg undanfarin ár áður. Af hverju var það ekki hækkað í samræmi við það, sem búnaðarsjóðirnir höfðu tapað vegna gengisfellingarinnar? Það getur ekki verið vegna þess, að þessir hv. menn hafi ekki viljað gera eitthvað fyrir landbúnaðinn? Það dettur mér ekki í hug. Ætli það hafi ekki verið vegna þess, að það hefur ekki verið alveg ótæmandi brunnur, ríkissjóðurinn, þá frekar en nú? Ég býst við því. Og það er einmitt þetta, sem rifjast upp, þegar framsóknarmenn nú í hvert skipti, sem mál er flutt, koma með yfirboð. Og ég geri ráð fyrir, að þótt þetta frv. hefði verið öðruvísi og gengið lengra, þá hefði samt komið yfirboð frá hv. þm., sem talaði hér áðan. Hann segir, að sér virðist ríkisvaldið gera of lítið fyrir landbúnaðinn. Það getur vel verið, og ég get samþykkt það, að það væri æskilegt, að það væri hægt að gera meira.

En ég verð að segja, að það er nokkuð gert fyrir landbúnaðinn, og það er dálítið hæpið fyrir hv. þm. að tala um, að það séu aðeins 2.5% af fjárl., sem gengju til landbúnaðarins. Það er dálítið hæpið, því að þegar um það er að ræða, verðum við að minnast þess, að við höfum aðeins ein fjárlög á árinu 1963. En þegar hann er að miða við fjárgreiðslur áður til landbúnaðarins, voru tvenn fjárlög, annars vegar útflutningssjóður og hins vegar fjárlög ríkisins. Og ef við viljum vera sanngjarnir,

verðum við að viðurkenna það, að landbúnaðurinn fær auðvitað sinn hluta af fjölskyldubótunum og hækkun almannatrygginganna. En þegar miðað er við prósentuna, sem fer til verklegra framkvæmda og landbúnaðar, þá verður að minnast þess, að greiðslur almannatrygginganna hafa hækkað mjög mikið og framlög til þeirra á fjárl., og við verðum líka að minnast þess, að útflutningssjóðurinn er ekki lengur til.

Það er eitt, sem er ekki rétt í nál. hv. minni hl. Hann talar um, að það eigi að lengja lánstímann aftur á lánunum. Ég veit ekki annað en lánstíminn á lánum úr stofnlánadeildinni sé nú eins langur og hann hefur verið nokkurn tíma, og ég kemst ekki hjá að leiðrétta þetta og sé, að hv. þm. hefur ekki kynnt sér það.

Þá segir hv. minni hl., að meiri hl. landbn. geri till. um að hækka styrk þennan, þ. e. byggingarstyrkinn, upp í 50 þús. kr., án þess þó að gera ráð fyrir auknu framlagi úr ríkissjóði til að mæta hækkuninni. Þetta er líka algerlega rangt, og er það leiðinlegt, að hv. þm., sem er í landbn., skuli ekki hafa lesið frv., því að það stendur skýrt fram tekið í aths. við frv., neðst á bls. 2, að samkv. ákvæðum 63. gr. er svo fyrir mælt, að framlög skuli veita til íbúðarhúsabygginga á lögbýlisjörðum á sama hátt og nýbýlastofnendum eru veitt. Þessi styrkur hefur verið greiddur af því fé, sem 64. gr. gerir ráð fyrir, og er því framlag samkv. 64. gr. ákveðið 7.6 millj. kr., eða það er ákveðið ekki 6.75 millj. eins og áður, heldur 7.6 millj. Og það er þessi hækkun, sem á að mæta hækkuninni á þessum lið. Og ég vil geta þess, að styrkurinn, þegar hann er hækkaður upp í 50 þús. kr., þá hefur hann hækkað um 100% frá því 1957, og þá var styrkurinn aðeins miðaður við byggingar á nýbýlum, en nú verður hann miðaður við íbúðarhúsabyggingar ekki aðeins á nýbýlum, heldur á öllum þeim býlum allra þeirra bænda, sem hafa meðaltekjur eða minni, eða m. ö. o. flestra þeirra, sem eiga eftir að byggja upp.

Ég tel, að 15 hektara takmarkið sé ekki nægjanlegt. Það er ekki nægjanlega stórt tún, 15 hektarar. En það er ákaflega mikil framför frá því, sem áður hefur verið, og ég er alveg sannfærður um, eins og ég sagði hér í framsöguræðu við 1. umr., að þetta er aðeins áfangi. Eftir nokkur ár verður markið sett í 20 ha, og það er vitanlega heilbrigt að taka þetta stig af stigi.

Ég tel ekki ástæðu til þess, að ég hefji hér umr. um frv. frá 1957, þegar verið var að lögfesta 10 ha. Þá var formaður Framsfl. forsrh. og landbrh., og þá talaði hann um, að það væru ýmsir þm. með óskalista, vildu ganga nokkru lengra en þáv. hæstv. ríkisstj. taldi sér fært. Og hæstv. forsrh. sagði, að það væri ekki nóg að gera kröfur á ríkissjóðinn, vegna þess að það væri takmarkað fé, sem hann hefði yfir að ráða, og taldi, að hann hefði full rök að mæla, þegar ekki væri hægt að hans dómi að ganga lengra en þá var gert.

Ég er sannfærður um, að hv. frsm. minni hl. veit, að þessu er þannig varið enn í dag, að það er vitanlega alltaf takmarkað fé, sem hægt er að fá hverju sinni til hinna ýmsu framkvæmda, og við getum allir átt frómar óskir. Og ég trúi því, að hv. 2. þm. Sunnl. meini það, að það væri æskilegt að ganga lengra og gera meira. Og ég trúi því líka, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að þetta spor, sem nú er stigið, sé mikilvægt, og þegar með sanngirni er á málið litið, þá hafi verið eðlilegt og þá ekki síður í samræmi við það, sem áður hefur skeð, að miða við þær tölur, sem greindar eru í frv. Og einmitt vegna þess, að innst inni er skoðunin þessi hjá hv. þm., er síður ástæða til þess að vera að orðlengja þetta frekar eða að hafa önnur og harðari orð út af því, sem fram hefur komið áður. En hér er bók, sem eru Alþingistíðindi, harla fróðleg, og ég var að lesa í henni áðan, og ég býst við, að ég eigi eftir að gera það betur, þegar tími leyfir.

Ég þakka svo fyrir góðar undirtektir við þetta frv. og legg til, að það nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég held, að það hafi verið meira af vana hjá hæstv. ráðh., að hann fór upp í ræðustólinn, heldur en af því að honum hafi fundizt hann eiga beint þangað mikið erindi, því að sannleikurinn er sá, að hann er svo oft búinn að vera hér í þessum ræðustól og segja þetta sama, sem hann var að segja núna, að ég eiginlega kann þetta allt saman, því að hann er svo oft búinn að tala hér í svipuðum dúr.

Hann segir t. d., að hann telji það hina mestu svívirðu af mér og okkur framsóknarmönnum hér á Alþ. að hafa verið á móti stofnlánadeildarskattinum. En sannleikurinn er sá, að stofnanir bændanna, tvær höfuðstofnanir þeirra, Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands, hafa báðar mótmælt þessum skatti, og seinast mun samflokksmaður hans í gær hafa mælt fyrir slíkri till. á búnaðarþingi, svo að það eru fleiri en framsóknarmenn, sem hafa ýmislegt við þessa skattlagningu að athuga. Það var þetta sama hjá hæstv. ráðh. og vant er: yfirboð, yfirboð. Ef við hér í stjórnarandstöðunni leggjum eitthvað annað til en það, sem í frv. stjórnarinnar stendur, þá heitir það yfirboð, það skal ævinlega heita yfirboð. En hvað hefði unnizt yfirleitt í löggjafarstarfi fyrir almenning á Íslandi, ef þeir, sem í stjórnarandstöðu eru oft og tíðum, hefðu ekki reynt að komast lengra en stjórnin á hverjum tíma sá sér fært að fara? Þetta veit sjálfur hæstv. ráðh. ósköp vel, að þannig vinnst þetta löggjafarstarf til gagns fyrir almenning í landinu, að það verður að sækja á. Það verður sífellt að sækja í hendur ríkisvaldsins það, sem almenningur þaðan fær, og oft með harðri hendi að toga það og ekki sízt hjá núv. ríkisstj.

Ég ætla ekki að orðlengja um þessa ræðu, hún er gömul, hefur oft verið flutt, og það er kannske eðlilegt. En mér hefði fundizt ráðh.

geta alveg sparað sér að halda þessa ræðu núna, því að í minni ræðu, sem ég flutti um þetta mál hér áðan, var hvergi vikið að honum á nokkurn hátt. Það var aðeins gerð grein fyrir þeim till., sem ég var hér að mæla fyrir, og þeirri stefnu, sem ég vildi láta hafa og minn flokkur í þessu efni.

Hann segir, að ég fari rangt með það, að lánstími hafi verið styttur í Búnaðarbankanum. Ég skil ekkert í, að hæstv. ráðh. skuli halda þessu fram. Ég hef margoft tekið lán í Búnaðarbankanum, bæði fyrr og síðar. Lánin voru þar yfirleitt í ræktunarsjóði til 20 ára, þangað til nú fyrir þremur árum, þá voru þau færð niður í 15 ár, og seinast í haust voru þau þetta. Það getur skeð, að það hafi verið lengdur lánstíminn núna eftir áramótin. Ég skal ekki segja um það, það má vel vera. En lán, sem tekin voru hér í Búnaðarbankanum í haust, voru til 15 ára, segja mér menn, sem tóku lánin, en ég tók þar ekkert lán sjálfur í haust.

Hann kennir okkur framsóknarmönnum sí og æ um það, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður hafi ekki getað sinnt hlutverki sínu, eins og þeir yfirleitt orða það. En það er á hvers manns vitorði, að gengisfellingin mikla, sem þessi hæstv. ríkisstj. stóð fyrir, auðvitað át upp eignir þessara sjóða, vegna þess að þeir voru með mikið af erlendu lánsfé í takinu. Það er leiðinlegt að þurfa að vera sífellt að endurtaka þetta.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að gera aðrar aths. við þessa ræðu. Eins og ég sagði áðan, er þetta allt saman gamalt og margþvælt og ástæðulaust í sambandi við þetta mál að fara að hafa hér almennar umr. um þessi atriði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. kvartar undan því, að ég skyldi hafa tekið hérna til máls áðan, af því að eitthvað af því, sem ég þá sagði, hafi verið sagt áður. Það er nú kannske ekkert óeðlilegt, þegar rætt er um landbúnaðarmál, að það hafi eitthvað af því verið sagt áður. Skyldi ekki hv. 2. þm. Sunnl. hafa talað eitthvað svipað áður og hann gerði hér í dag? En ég skil eitt, og það er það, að þessi hv. þm. vill ekki láta minna á fortíðina, en það var það, sem ég leyfði mér að gera áðan, því að það er dálítið óþægilegt, þegar fortíðin stangast alveg á við það, sem menn vilja í dag lifa eftir og kenna. Og það er þetta, sem hv. þm. verður að sætta sig við, að þegar hann kemur eins og riddari með útrétta hönd og segir: Hér eru peningarnir, bara ef þið viljið standa með mér, — þá er eðlilegt að fólk spyrji: Hvernig var þetta, meðan þú og þínir flokksbræður höfðu lyklana að ríkissjóði?

Hv. þm. sagði, að lán úr stofnlánadeildinni hefðu verið til 15 ára á s. l. hausti. Það var í októbermánuði á s. l. hausti, sem bankaráð Búnaðarbankans samþykkti, að lánin skyldu verða til 20 ára, þ. e. a. s. út á vel gerðar framkvæmdir. Það má vel vera, að eitthvað af lánum hafi verið til 15 ára, en þá hefur það ekki fengið það vottorð frá byggingarfulltrúanum, sem þurfti til þess að fá 20 ára lán, og það er þess vegna, sem er óeðlilegt, að hv. þm. segir hér í nál: „Enn fremur að lengja aftur lánstímann“ — þann lánstíma, sem hefur verið lengdur. Það er afsakanlegt, þótt hv. þm. hafi kannske ekki verið búinn að kynna sér þetta 13. des., þegar nál. er skrifað. Það mætti kannske afsaka það — og er þó tæplega, því að eðlilegt hefði verið að hringja í Búnaðarbankann og spyrja um það, hvernig þessu væri varið, áður en þessi staðhæfing var fest á blað. En það er ekki afsakanlegt, að hv. þm. veit ekki betur núna og fullyrðir enn, að þessu hafi ekki verið breytt.

Það má segja, að það sé kannske ekki ástæða til að vera að rifja allt of mikið upp af liðnum tíma. En þó er það nú svo, að þegar hv. þm. gefur það í skyn hér áðan, segir það beinlínis, að gengislækkunin mikla hafi grafið undan búnaðarsjóðunum, segir það í þeim tón og með þeim skilningi, að það séu núv. stjórnarflokkar, sem hafi raunverulega valdið þessum skemmdum, þá náttúrlega væri eðlilegt að eyða nokkrum orðum til þess að minna hv. þm. á það, *hvers vegna nauðsyn bar til* að breyta skráningu íslenzku krónunnar. Og þá rifjast upp ýmislegt af því, sem sagt var og gert ekki aðeins vorið 1958, þegar yfirfærslugjaldið var sett, 55%, heldur einnig það, sem gerðist allt til 4. des. það ár, og ég hygg nú, að hv. þm. sé svo minnisgóður, að það sé nú nægjanlegt aðeins að drepa á þessi atriði, til þess að hann geri sér ljóst, hvað það var, sem olli gengisskráningunni 1960.

Hv. þm. talar um, að stofnanir bændanna mótmæli 1% gjaldinu á búvörurnar, mótmæli því að byggja þannig upp varanlegan lánasjóð fyrir landbúnaðinn. Búnaðarþing hefur nú ekki gert þetta einróma.

Hv. þm. segir, að hv. flokksmaður minn hafi mælt gegn þessu í gær á búnaðarþingi. Ég veit það ekki. Ég gizka á, hvaða mann hann talar um, en það mætti nú svo vera, að hann væri hvorki flokksmaður minn né flokksmaður hv. þm., sem var að tala, því að mér er ekki kunnugt um það, í hvaða flokki þessi hv. búnaðarþingsmaður er. Hitt veit ég, að hann hefur skrifað í Frjálsa þjóð og hann hefur lagt aðgerðir Framsfl. í innheimtu af búvörum bænda að líku. Hann kennir Búnaðarfélaginu og framsóknarmönnum um búvörugjaldið í bændahöllina, hann kennir mér og Sjálfstfl. um búvörugjaldið vegna stofnlánadeildarinnar, og satt að segja get ég og við sjálfstæðismenn unað vel við okkar hlut, þegar sá samanburður er gerður, að ég held. En jafnvel þó að það komi fyrir, að Stéttarsamband bænda að meiri hl. til og búnaðarþing að meiri hl. til vaði vill vegar, þá er það náttúrlega ekki til þess að fagna yfir. Það er eitt, sem er alveg víst, og það er það, að reynslan og framtíðin mun sanna það, að hér var rétt að farið, og það er þess vegna, sem gerir ekkert til, þótt hnút-

um sé kastað út af þessu í bili. Þessi stofnun mun byggjast upp, hún mun verða landbúnaðinum til mikils gagns bæði í nútíð og framtíð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 350,1 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 190,1 felld með 19:13 atkv.
— 350,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., verður 5. gr., samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 190,2 felld með 19:12 atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 350,3 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
— 190,3 felld með 18:14 atkv.
6. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 350,4 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 374).

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Sökum þess að ég var ekki hér viðstaddur, þegar 2. umr. málsins fór fram, en hef síðan kynnt mér það, hvernig umr. féllu, þótti mér vert við þessa umr. að láta það koma fram, að ég hef í landbn. svo og hér í d. stutt þetta frv. og skrifað undir nál. um það ásamt með fulltrúum bæði Alþfl. og Sjálfstfl. í landbn. Hins vegar hef ég tjáð mig sammála þeim brtt., sem hv. fulltrúi Framsfl., hv. 2. þm. Sunnl., hefur fram borið við frv., en hann hefur þeirra vegna gefið út sérstakt nál. í landbn. um þetta mál, þar sem hann þó tjáir sig vera samþykkan frv. sem slíku. Ég vil taka það sérstaklega fram, að aðalefni þessa frv. er aukin fyrirgreiðsla fyrir minnstu búin til ræktunar og einnig aukin fyrirgreiðsla til bygginga.

Þegar l. um stofnlánadeild landbúnaðarins voru sett hér á þinginu í fyrravetur, bar ég fram við stjfrv. ýmsar brtt. og taldi þá ekki hvað veigaminnsta þá till., að ég lagði til ásamt hv. 2. þm. Sunnl., að einmitt þær breyt., sem eru meginuppistaðan í þessu frv., yrðu þá gerðar. Hæstv. landbrh. lagði að vísu til þá, að þessar till. væru felldar, en viðurkenndi réttmæti þeirra og nauðsyn og hét því, að sú hlið málsins yrði skoðuð, þótt á öðru stigi væri. Og ég tel, að þetta frv. sé fyrst og fremst efndir af hans hálfu á þeirri undirtekt, sem hann þá hafði við þá till. mína og 2. þm. Sunnl. um að hækka styrkinn til jarðræktar á smæstu jörðunum með sérstökum styrk allt upp í 15 ha. túnstærð. Af þessum ástæðum tel ég mér skylt og sjálfsagt að fagna því, að þetta frv. er fram komið, og einnig að tjá samþykki mitt við samþykkt þess, enda hef ég skrifað undir nál., sem í þá átt fer. Hitt er annað mál, að ég teldi æskilegt, að lengra hefði verið hægt að ganga í þeim efnum, en læt það að sjálfsögðu ekki ráða úrslitum um stuðning minn við frv. sem slíkt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 374, n. 488 og 496).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjfrv. og komið frá Nd. Breytingar þær, sem í frv. felast við stofnlánadeildarlögin frá 1962, eru við þann kafla l., sem fjallar um landnám ríkisins, ræktun og byggingar í sveitum.

Með nýbýlalögunum frá 1946 er gert ráð fyrir sérstökum fjárstuðningi til ræktunar á nýbýlum vegna fyrstu 5 hektara í nýrækt. Síðan var þessi aukafjárstuðningur til ræktunar færður upp í 10 hektara, og jafnhliða var 1957 aukajarðræktarstyrkur lögleiddur til annarra jarða, sem höfðu minni tún en 10 hektara. Þótti þá skynsamlegt að örva ræktunarframkvæmdir á smájörðum með auknum fjárstuðningi, jörðum, sem höfðu minna ræktað land en þetta, og væri þá hægt að stunda bú á jörðunum og risa undir auknum byggingarkostnaði og vélakosti. Síðan þessi aukajarðræktarstyrkur var lögleiddur, hefur mikið áunnizt, og munu nú um 1000 býli hafa náð þessu marki til viðbótar þeim, sem áður höfðu náð því, miðað við árslok 1961. Eru þó enn eftir á annað þúsund jarðir með minni tún en þetta.

En síðan 1957 hefur enn sýnt sig, að 10 hektara túnstærð er of lítil. Vinnuafl og vélakostur nýtist ekki nógu vel á svo litlum bújörðum. 15 ha. eru nú taldir lágmark, þar sem 10 þóttu viðunandi 1957. Af þeim sökum er þetta frv. flutt, sbr. 1., 2., 3. og 5. gr. þess. Aukaframlagi er nú ætlað að ná til 15 ha. Þá er og lagt til, að byggingarstyrkur til endurbygginga á sveitabæjum hækki úr 40 þús. kr. á hús í 50 þús., samkv. 48. gr. stofnlána-

deildarlaganna. Hvort tveggja þetta verður að teljast til bóta, og er landbn. sammála um það út af fyrir sig. Hins vegar flytja tveir nm. brtt. við frv. og vilja ganga enn lengra í auknum stuðningi við ræktun á jörðum þessum og einnig við byggingar á íbúðarhúsum í sveitum. Má að sjálfsögðu um það deila jafnan, hvað ganga á langt í slíkum fjárstuðningi, og raunar ágætt að geta gengið sem lengst. En ég tel þó jafnan betra að hafa eina kráku í hendi en tvær í skógi, eins og danskurinn segir, og á þessu stigi mun ekki vera ráðlegt að setja markið hærra en þetta.

Landnám ríkisins hefur gert þá áætlun, sem felst í þessu frv. um það, hvað hækka þurfi liði samkv. frv. frá því, sem verið hefur. Gerir landnámsstjóri ráð fyrir, að framlög til ræktunar verði á 2700 hektara á ári samkv. þessu frv., eða 6 millj. 750 þús. kr., og 850 þús. kr. í íbúðarhúsabyggingar, eða alls 7.6 millj. samkv. þessum tveim liðum. Er það 1.6 millj. kr. hækkun frá því, sem nú er í gildi samkv. l. Miðað við þá reynslu og kunnugleika, sem landnám ríkisins hefur í þessum efnum, tel ég mjög líklegt, að áætlun þessi sé nærri lagi, og því ekki ástæða til á þessu stigi málsins að gera brtt. við þetta eða þær tölur, sem frv. gerir ráð fyrir til hækkaðra framlaga til landnáms, ræktunar og bygginga í sveitum. Það var að vísu gerð hækkun á einum lið frv., að því er snertir byggingarstyrkinn, í Nd., en það er hækkun úr 40 þús. kr. upp í 50 þús. á hús, en sú hækkun mun ekki hafa þau útgjöld í för með sér, að ástæða sé til að breyta frv. þess vegna.

Ég tel, að frv. miði í rétta átt og það muni þegar áorka talsverðu í þá átt, að túnin stækki, sem er afar nauðsynlegt. Segja má að vísu, að 15 hektara túnstærð sé ekki lokatakmark. En það er þó stór áfangi frá 10 hektara túnstærðinni, sem þótti viðunandi 1957.

Árið 1961 voru sérmetnar jarðir á landinu 5261 og áhöfnin að meðaltali 16 kúgildi. Hafði þeim þá fjölgað frá 1956 um 86 og bústærðin vaxið frá sama tíma um 2.2 kúgildi til jafnaðar á jörð. Á þessu tímabili hefur þó talsvert af jörðum farið í eyði, eða svipað og næsta ár á undan, þar sem aðstaðan er allra verst. En nýbýlin virðast hafa gert heldur betur en vega upp á móti fækkun, að því er heildina snertir, enda er landnám ríkisins hin þarfasta stofnun.

En því má ekki gleyma, að meðaláhöfn jarðanna er allt of lítil, 16 kúgildi. Er því brýn nauðsyn á að auka ræktunina, einkanlega á smábýlunum. 1961 voru 1445 býli með túnstærð undir 10 hekturum og 1262 með tún undir 15 hekturum, eða samtals 2707 býli af 5261, sem í byggð var 1961. Þetta er allt of stórt hlutfall. Ef allt er með felldu, vex áhöfnin með aukinni ræktun, búin stækka, afkoman batnar. Þetta frv. miðar í rétta átt að þessu leyti, og legg ég því til fyrir hönd meiri hl. landbn., að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem frsm. meiri hl. n. hefur hér sagt, að því er varðar þetta frv., að það miði í rétta átt, en betur megi, ef duga skal, í framtíðinni. Það er að vissu leyti rétt hjá hv. þm., þó að það sé ekki að öllu leyti, að stækkandi bú bæti afkomu bænda. Því miður hefur bændastétt landsins ekki þá sögu að segja nú hin síðari ár, því að þrátt fyrir stækkandi bú hefur afkoman ekki batnað hjá íslenzkri bændastétt, og skal ekki almennt farið út í þau mál hér við þetta tækifæri. En við höfum, minni hl. n., flutt hér nokkrar brtt., sem ég ætla mér að gera grein fyrir í örstuttu máli.

Við framsóknarmenn höfum að vísu áður lagt fram breyt. við stofnlánadeildarlögin og frv., þegar það var hér til umr. á hv. Alþ. fyrir ári. Það er líka annað mál í þessari deild, sem fjallar um vissa þætti þess, sem ég ætla mér ekki að ræða nú, vegna þess að ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti þessarar d. taki það mál á dagskrá og það komi hér síðar til umr.

Hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) beitti sér fyrir því í n. í Nd. Alþingis, að hækka skyldi framlag þess opinbera til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Og árangurinn varð sá, að þetta framlag var hækkað úr 40 þús. í 50 þús., en upphaflega gerði frv. ekki ráð fyrir neinni hækkun, og ber að sjálfsögðu að meta þetta, þótt þessi byggingarstyrkur nái ekki eins langt og hv. 2. þm. Sunnl. lagði fram till. um og við leggjum hér fram till. um, sem skipun minni hl. landbn. í Ed.

Það er hvort tveggja, að byggingarkostnaður hefur hækkað mjög mikið, og svo hitt, að lánin frá stofnlánadeildinni eru miklu óhagstæðari nú en áður var, og ber því brýna nauðsyn til að hækka framlag þess opinbera til íbúðarhúsa, svo að þeir, sem standa í þessum framkvæmdum, komist léttar frá þeim en ella. Vaxtahækkunin úr 3½%, eins og hún var, áður en núv. stjórn kom til valda, í 6% hækkar ársgreiðslu af 42 ára lánum til íbúðarhúsabygginga úr 4.6% á ári í 6.6%, eða hvorki meira né minna en 44% hækkun, sem þessi árgreiðsla veldur á ári hverju, og þetta er ekki svo lítill peningur. Ofan á þetta kemur síðan 1% skattur á bændur til stofnlánadeildarinnar, og nemur hann rúml. 2000 kr. á hvern bónda í landinu, ef miðað er við verðlagsgrundvallarbúið, eins og það er ákveðið fyrir yfirstandandi ár, 1962—63. Bændur verða því að fá einhverjar tekjur á móti þessum sífelldu skatta- og vaxtabyrðum, og því höfum við lagt til að hækka framlag til íbúðarhúsabygginganna úr 40 þús. kr., eins og það er nú í l., í 60 þús. kr., og er þetta þó ekki nema örlítið brot af allri þeirri fjárhæð, sem bændur verða að greiða í 42 ár vegna þeirra hækkana, sem orðnar eru.

Önnur meginbreyting okkar á frv. er að auka styrkinn til aftur-úr-jarða og til nýbýlinga. Og við höfum miðað við þá túnstærð, sem við teljum nauðsynlega og eðlilega fyrir

það bú, sem verðlag bænda miðast við, og það mun láta nærri, að það þurfi 20 hektara tún, svo að bóndinn sé allajafna nokkurn veginn heybirgur fyrir þann bústofn, er hann hefur. Og auk þessa má geta þess, að hin síðari ár hefur það færzt mjög í vöxt, að bændur beita búfé sínu og ekki sízt nautpeningi á ræktað land, og mun það verða allmiklu tíðara í framtíðinni en verið hefur til þessa. Þessi hækkun á hektarafjöldanum er líka þeim mun nauðsynlegri sem ríkisframlag samkv. jarðræktarlögum til bænda er orðið harla lítið, eða aðeins 1224 kr. á hektara, þegar kemur yfir 10 hektara ræktun. S. l. vor kostaði grasfræið um 90 kr. kg, svo að þetta framlag borgar vart þriðjung af því grasfræi, sem þarf í hektarann, hvað þá meira, svo að ljóst má öllum vera, hversu lítill þessi styrkur er orðinn samanborið við allar þær hækkanir, sem orðið hafa.

Þá leggjum við til, að þátttaka þess opinbera í heildarkostnaði við ræktun hækki úr 50% í 65% af kostnaði jarðræktar. En sem kunnugt er er jarðræktin sá grundvöllur, sem búskapurinn byggist á. Það mátti segja áður fyrr, að landrýmið réði meiru um bústærð og afkomu bænda, en nú er það ekki landrýmið, aftur á móti hið ræktaða land, sem afkoma bænda veltur allajafna mest á. Miðað við svipuð lífskjör og hlutfallslega fólksfjölgun hér á landi í framtíðinni og verið hefur undanfarandi ár, mun íbúum Íslands fjölga upp í 214 þús. til ársins 1970, eða sem næst um 37 þús. á árunum 1961 til og með 1970. Og eigi landbúnaðurinn í framtíðinni að verða sínu hlutverki þá jafnvel vaxinn og verið hefur, þarf framleiðsluaukning að verða mjög mikil og jöfn á næstu árum. Sá samdráttur í framræslu lands og ræktun þess, sem jarðræktarskýrslur bera með sér að verið hefur hin síðari ár, spáir ekki góðu um framtíðina í þessum efnum. Þess vegna ber okkur skylda til þess gagnvart landi og þjóð að búa svo vel að þessum framkvæmdum, að þær fari í framtíðinni vaxandi, í stað þess að þær hafa minnkað hin síðari ár.

Skortur á eigin fé og líka lánsfé háir mjög bændastétt landsins. Þess vegna leggjum við til, að ríkið taki nú meiri þátt í jarðræktarkostnaði en verið hefur, svo að geta bænda vaxi á ný til þessara nauðsynlegu framkvæmda.

Þá leggjum við að lokum til, að ríkið greiði hverju sinni þá fjárhæð, sem lagasetning þessi hefur í för með sér í framtíðinni. Yrði þá svipaður háttur á hafður í þessum efnum og við jarðræktarframkvæmdir samkv. jarðræktarlögum.

Ég vona, að hv. þm. skilji þýðingu þessara mikilvægu till. og samþykki þær. Ég ætla mér ekki að orðlengja þetta frekar, vegna þess að ég veit, að hér ríkir skilningur meðal hv. þm. deildarinnar um þessi efni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða fyrir mig í rauninni að taka hér til máls og sízt af öllu að halda langa ræðu út af þeirri ræðu, sem hv. frsm. minni hl. flutti hér áðan. Hann nefndi að vísu nokkrum sinnum samdrátt, hann nefndi nokkrum sinnum mikilvægi þessara till., sem minni hl. flytur, o. s. frv. Og það er dálítið gaman að lesa nál. minni hl. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsfl. undir forustu þáv. forsrh. og landbrh., Hermanns Jónassonar, beitti sér fyrir því árið 1957 að stórhækka jarðræktarframlög til þeirra, sem höfðu innan við 10 hektara túnstærð.“ Og þetta var alveg geysimikið átak.

Hv. þm. muna kannske eftir greinum með feitum fyrirsögnum, sem birtust í Tímanum, þegar þetta stóra og mikla átak var unnið á árinu 1957. Nú hef ég aldrei gert lítið úr þessu, og það er alveg rétt, sem sagt hefur verið, að þetta hefur gert gagn, þetta hefur ýtt undir ræktun á litlu jörðunum. En ef það hefur verið alveg sérstaklega stórt átak 1957 að færa hámarkið úr 5 hekturum upp í 10 hektara, er það þá ekki talsvert átak í ár að færa það úr 10 hekturum upp í 15 hektara? Og hv. framsóknarmenn í Nd. gerðu enga till. um það að hækka hámarkið úr 15 hekturum að þessu sinni. Ég er alveg sammála um það, að 15 hektara túnstærð er of lítil, 20 hektara túnstærð er of lítil. Það þarf að vinna að því, að túnin stækki enn þá meira, að það sé ekki aðeins slegið ræktað land, heldur einnig, að það sé beitt ræktað land. En það er dálítið einkennilegt að setja svona lagað fram og beinlínis alls ekki gott fyrir þann, sem vill láta taka mark á máli sínu eða skrifum. Það munu vera fleiri en ég, sem brosa að þessu nál., og segi ég það ekki vegna þess, að ég efist um það, að hv. frsm. minni hl. meinar það, sem hann sagði hér áðan, að hann vill láta ræktunina aukast með enn meiri hraða en verið hefur, og hann meinar það, að búin þurfa að stækka meira, og hann meinar það, að það þurfi að búa betur í haginn fyrir bændur yfirleitt heldur en gert hefur verið. En það verður miklu meira mark tekið á þessum ræðum hans og skrifum, ef hann sýndi um leið einhverja sanngirni og væri ekki að reyna að gera það hvítt, sem var meira og minna flekkótt, þegar hans flokkur fór með þessi mál, landbúnaðarmálin. En hann hefur haft tilhneigingu til þess, þessi hv. þm., að verja allt, sem hans flokkur hefur gert í þessum málum ásamt öðrum, t. d. á vinstri stjórnar tímanum, þegar það var verst, og alls ekki viðurkennt það. Enda var það svo, að þegar þessi hv. þm. kom út úr samstarfinu við vinstri stjórnina, var hann svo svartsýnn, jú, hann hefur séð sólina, en þegar hann var að ræða hér um landbúnaðarmál, fyrst eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, þá taldi hann alveg öruggt, — og það geta hv. þm. séð, ef þeir fletta upp í þingtíðindunum, — hann taldi alveg öruggt, að það yrði geysilegur samdráttur í landbúnaðinum, það mundi vanta mjólk, það mundi vanta smjör og allar landbúnaðarvörur. Þetta var hans spádómur þá. Og ef þið, hv. þm., munið ekki eftir þessu, sem þið hljótið að

gera, þá getið þið séð það í þingtíðindunum. Og þessi hv. þm. hefur talað minna um samdrátt núna upp á síðkastið, en samt getur hann ekki látið það vera að koma með það hér í nál., fullyrða það, að það sé samdráttur í ræktuninni, jafnvel þótt það, sem hann skrifar hér í nál., stangist á við þá fullyrðingu. Það segir nefnilega í nál., að það hafi ekki verið samdráttur í ræktun.

Við vitum ekki enn, hver ræktunin hefur verið 1962, enda er það spurningarmerki, en engin ástæða til þess að ætla, að hún hafi verið minni en 1961, en 1961 er ræktunin mest, sem hún hefur orðið, að einu ári undanskildu. 1957 er ræktunin 3570 hektarar, 1961 er hún 3951 hektari, en 1959 verður hún mest, 4499 hektarar. En hvernig á að skýra það, að þetta eina ár hleypur svona upp? Mér hefur verið sagt, að það ár hafi verið óvenjulega mikil sandræktun, jafnvel 100 hektarar ræktaðir, óvenjumikið það ár, og til þess megi rekja það, að þetta eina ár hleypur þarna langt upp. Ég vil ekki fullyrða, að þessi skýring sé að öllu leyti rétt, en eitthvað hefur hún við að styðjast. En 1960 er fyrsta árið eftir gengisbreytinguna. Eftir að björgunarstarfið var hafið, dregur nokkuð úr þessu, en jafnar sig svo aftur á árinu 1961, þannig að þá er ræktunin orðin meiri en hún hefur nokkurn tíma orðið að þessu eina ári undanskildu.

Það út af fyrir sig er alveg rétt, sem sagt var hér áðan, að ræktunarstyrkurinn er orðinn alveg í öfugu hlutfalli við það, sem honum var ætlað að vera í ræktunarkostnaðinum. Það er alveg rétt. Grasfræið er dýrt, og áburðurinn er dýr og allt þess háttar. En það hefur nú verið gerð tilraun til þess að lækka grasfræið með því að afnema tollinn af því alveg með nýju tollskránni, og áburðarverðinu er nú haldið niðri með niðurgreiðslum og hækkar vissulega ekki meira en efni standa til. Steinefnaáburðurinn verður aðeins lægri en í fyrra, en Kjarninn hækkar um 6%.

Að gefnu tilefni er kannske rétt að gera grein fyrir því, hvernig stendur á því, að Kjarninn hækkar. Tíminn segir í morgun, að landbrh. hafi verðlagt áburðinn. Það er náttúrlega ekki rétt. Áburðarverksmiðjustjórnin verðleggur áburðinn og kemur með rökstudda till. til landbrh. um, hvaða verð skuli vera á áburðinum. Og það væri rétt fyrir hv. framsóknarmenn að spyrja fulltrúa sína í áburðarverksmiðjustjórninni, sem eru 2 af 5, hvort þeir hafi talið fært að verðleggja Kjarnann á lægra verði en þetta, hvort þeir hafi talið það forsvaranlegt, hvort þeir hafi haft aðra till. um annað og lægra verð eða annar eða báðir kannske haft till. um hærra verð. En landbrh. hefur fallizt á rökst. till. þeirra um, að það væri ekki eðlilegt og ekki fært að hafa verðið lægra en raun ber vitni, og kemur þar vitanlega margt til. Áburðarverksmiðjan er orðin of lítil fyrir áburðarþörfina. Það er fluttur inn köfnunarefnisáburður, sem er allmiklu dýrari en innlendi áburðurinn, og með aukinni ræktun er það nú svo, að áburðarverksmiðjan er orðin of lítil fyrir okkur. Þó eru ekki nema fá ár síðan það var flutt út talsvert af Kjarnaáburði. En það er út af fyrir sig gleðilegur vottur. Verksmiðjustjórnin er með á prjónunum áætlanir um stækkun á verksmiðjunni, og það er vitanlega mjög nauðsynlegt, að það komi í gagnið sem allra fyrst.

En að öðru leyti um jarðræktarlögin og þá fullyrðingu, sem hér er við höfð, að bændur séu skaðaðir á annan tug millj. vegna seinagangs í því að fá jarðræktarlög, þá er nú kannske rétt að leita eftir orsökunum að því hvernig á því stendur. Það er rétt, að landbrn. fékk frv. til nýrra jarðræktarlaga frá n., sem búnaðarþing hafði skipað. Búnaðarþingsnefndin var ekki kosin af Alþ. eða skipuð af ríkisstj., en það hefði vissulega flýtt fyrir starfinu, ef svo hefði verið. Ég er ekki með þessu að gera lítið úr starfi þessarar mþn. búnaðarþings. Ég er ekki heldur að gefa í skyn, að það hefðu valizt betri menn til þessa starfs, þó að þeir hefðu verið skipaðir eða kosnir á annan hátt. En staðreyndin er sú, að þegar ein ríkisstj. eða stjórnarmeirihl. á að taka á sig útgjöld, sem nema a. m. k. 17 millj. kr. á ári, eins og þetta frv. hafði í för með sér, þá er ekki óeðlilegt, að það séu gerðar kröfur til þess, að fulltrúar stjórnarflokkanna fái tækifæri til þess að fara höndum um þetta mál og gera athugun á því, hvort þetta frv. á að vera svona eða öðruvísi, — ekki aðeins það, hvort hækkunin á styrknum er eðlileg, heldur og einnig, hvort ekki ber að breyta ákvæðum jarðræktarlaganna á ýmsan hátt með tilliti til breyttra viðhorfa. Og ég skipaði hina færustu menn í það að athuga þetta frv. Mér er kunnugt um, að þeir eru með ótal brtt. við frv., ekki til þess að spilla því, heldur til þess að gera það fullkomnara og færara um það að þjóna landbúnaðinum með breyttum staðháttum.

En það verður að segja það eins og er, að eins og frv. var hjá mþn. búnaðarþings, þá voru það í öllum aðalatriðum gömlu jarðræktarlögin með hækkun á styrk, en ákaflega lítið um nokkur nýmæli eða breyt. til samræmis við breytta tíma. Mér er kunnugt um það, að n., sem nú mun vera að starfa við þetta, mun vera mjög langt komin og kannske skilar hún svo fljótt, að það sé a. m. k. hægt að sýna frv., — það hefði ég viljað gera, þó að það ynnist ekki tími til þess að gera það að lögum á þessu þingi, þá hefði ég viljað leggja það hér fram til staðfestingar á því, að það væri vilji stjórnarinnar, að frv. kæmi fram, þótt það yrði ekki að l. fyrr en í haust. Og ég hefði vonað, að þeir gætu flýtt sér svo mikið með það, að það mætti a. m. k. sýna það, en það kemur í ljós. En mér er kunnugt um, að þeir eru með allmiklar breyt., og ég spyr nú: Hvernig stendur á því, að búnaðarþing endurskoðaði ekki eða gerði till. um endurskoðun jarðræktarlaganna fyrr en þetta? Það er ekki fyrr en sumarið 1962, sem þetta frv. berst. En hversu lengi er það, sem bænd-

ur hafa búið við skarðan hlut með því að fá of lítinn jarðræktarstyrk? Ég tel, að jarðræktarstyrkurinn hafi verið of lágur mörg undanfarin ár og miklu lægri en ætlazt var til með jarðræktarlögunum. Og við skulum segja, að þetta hafi ekki skekkzt mikið fyrr en á árunum 1957 og 1958 með bjargráðunum. Ég tel þó, að það hafi verið skekkt áður, en alvarleg skekkja hlýtur að hafa komið á það 1958 með bjargráðunum. Hvers vegna var ekki þá strax hafizt handa með endurskoðun jarðræktarlaga? Hvers vegna var það látið dragast? Það skeður ekki fyrr en 1962, að það kemur frv. frá búnaðarþingi, og það er ætlazt til þess, að ríkisstj. taki frv., sem kemur frá búnaðarþingi, og flytji það alveg ómelt og óskoðað af fulltrúum stjórnarflokkanna. Meiri hl. í þessari búnaðarþingsnefnd voru þó stjórnarandstæðingar, aðeins 1/3 hluti að vísu, betri parturinn, var frá stjórnarflokkunum.

Ég hygg, þegar menn líta á málið með eðlilegum hætti og sanngirni, þá verði ríkisstj. ekki ásökuð um það, þótt hún léti fram fara endurskoðun á frv., og það er áreiðanlegt, að frv. verður miklu fullkomnara og betur úr garði gert, þegar það kemur nú úr n., heldur en það var, þegar það kom frá búnaðarþingsnefndinni, án þess að ég ætli nokkuð lítið úr henni að gera, því að núv. n. kemur með ýmis nýmæli, sem eiga að vera í þessum nýju l. og eru til frambúðar, sem mþn. búnaðarþings lét undir höfuð leggjast að koma með. Þess vegna er það náttúrlega ekki rökrétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði hér áðan. Það er ekki rökrétt hjá honum, þegar hann talar um, að það sé nauðsynlegt að koma með þetta 20 hektara ákvæði, vegna þess að bændur séu snuðaðir með jarðræktarlögunum, vegna þess að það hlýtur að verða leiðrétt ekki seinna en á næsta hausti. Það er vitað, að frv. er að verða tilbúið, og þá er ekkert lengur til fyrirstöðu að flytja málið, þegar búið er að endurskoða það, þannig að bændur munu ekki búa við skarðan hlut lengur en orðið er, og tel ég, að það sé vissulega orðið nógu langt.

Það má segja, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að hærri styrkurinn verði strax í ár — útborgaður styrkur í vor verði veittur á 15 hektara, og ef till. framsóknarmanna væru samþ., þá kæmi það í þetta sinn í 20 hektara markið, en það eru út af fyrir sig engin rök í málinu. Þó finnst mér ekkert út af fyrir sig við því að segja, þótt stjórnarandstaða komi með yfirboðstill., og stjórnarandstaðan hlýtur að gera það í trausti þess, að frv., eins og það er úr garði gert af hendi ríkisstj., verði að lögum samt sem áður, þótt þeir flytji þessar till., því að ekki getur það verið, að þeir vilji torvelda það, að 15 hektara ákvæðið verði lögfest. Allir vita, að tíminn er orðinn naumur til þingloka, og að gera breyt. á frv. hér, sem kannske væri eitthvað umdeild, gæti orðið til þess, að frv. dagaði uppi. Það getur ekki verið, að það sé meiningin hjá hv. minni hl. Hv. minni hl. flytur sínar till. í trausti þess, að þær verði felldar, sýndartill., og að frv. verði nú að l. samt sem áður.

Í sjálfu sér er ekki mikið um þetta að segja meira. Frsm. hv. minni hl. endurtók hér, sem hann hefur svo oft gert, talaði um óhagstæð lán hjá stofnlánadeildinni, hækkaða vexti o. s. frv., og þess vegna væri þörf á að hækka byggingarstyrkinn meir en gert hefur verið. Og hann sagði áðan eitt ákaflega merkilegt, sem hv. þm. hafa kannske tekið eftir. Hann segir, að það hafi verið fyrir atbeina hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ), að styrkurinn var hækkaður úr 40 þús. í 50 þús., því að ekkert hafi verið um það í frv., eins og það var, þegar það var lagt fram. Hvað gerðist í hv. Nd.? Var fjárframlag til þessara mála hækkað í heild á frv.? Nei, það var gerð brtt. um að gera ákvæðið skýrara. En hér er í grg. frv. neðst á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta, sagt greinilega, að það skuli hækka styrk til byggingar íbúðarhúsa. Annaðhvort hefur hv. þm. farið vísvitandi rangt með eða hann hefur ekki lesið frv., — og við skulum segja, að ástæðan fyrir fullyrðingunum hér áðan hafi verið sú, að hann hafi ekki lesið frv., því að þetta er svo skýrt hér. Þar segir: „Skv. ákvæðum 63. gr.“ — ekki frv. heldur l. — „er svo fyrir mælt, að framlög skuli veitt til íbúðarhúsabygginga á lögbýlisjörðum á sama hátt og nýbýlastofnendum er veitt. Þessi styrkur hefur verið greiddur af því fé, er 64. gr. gerir ráð fyrir, og er því framlag skv. 64. gr. ákveðið 7,6 millj. kr.“

M. ö. o.: Það er hækkað úr 6.75 millj. upp í 7.6 millj., til þess að hægt sé að hækka styrkinn til íbúðarhúsabygginga.

Það er óþarfi að hafa fleiri orð um þetta. Fullyrðing hv. þm. er viðhöfð af því, að hann hefur ekki verið búinn að átta sig á þessu máli, og ég skal a. m. k. láta mér nægja þá skýringu, þangað til því yrði mótmælt. Ég vil minna á það, að 1957 og 1958 er byggingarstyrkur aðeins 25 þús. kr., og þá er ætlazt til, að hann sé veittur aðeins til nýbýla. En 1961 er þessi styrkur hækkaður upp í 40 þús. kr., og þá er farið að framkvæma það þannig, að það sé ekki aðeins á nýbýli, heldur til flestra býla, a. m. k. þeirra manna, sem fjárhagslega eru ekki sterkir. Þannig hefur það verið í framkvæmd. Og nú þegar þetta er hækkað upp í 50 þús. kr., er komin 100% hækkun á byggingarstyrkinn, og lánin hafa verið hækkuð úr 75 þús. í 150 þús. Þannig er 100% hækkun á styrk og 100% hækkun á láni síðan 1958, en byggingarvísitalan mun vera eitthvað 44% eða 45%. Og verður því að segja, að það er betur búið að þessum málum nú en var í tíð vinstri stjórnarinnar. Og vitað er, að 1958, þegar bjargráðin voru lögfest, var ekkert gert til þess að hækka lánin eða hækka styrkinn, og það er einnig vitað, að það var ekkert gert, eftir að bjargráðin voru lögfest, til þess að auka framlag til búnaðarsjóðanna, til þess að þeir gætu haldið lánveitingum

áfram. 4 millj. voru látnar nægja, sem höfðu verið á fjárlögunum mörg undanfarin ár.

Nú hefur þessu verið snúið við. Búnaðarsjóðirnir hafa verið endurreistir. Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að þeir geti byggt sig upp, að þeir geti aukið lánin til bygginga, ræktunar og annars í sveitum landsins. Og starfsemin hefur verið færð út, lánað hefur verið út á hjóladráttarvélar, sem ekki hefur verið gert áður. Lán munu vera veitt út á súgþurrkun á þessu vori, sem hefur ekki verið gert áður. Og lán hafa verið hækkuð að hundraðshluta til í hlutfalli við hækkandi dýrtíð og meira en það, sbr. það, sem ég sagði áðan um byggingu íbúðarhúsanna. Og nú er verið að vinna að því að efla veðdeildina, þannig að hún þurfi ekki lengur að búa við það að lána aðeins 35 þús., heldur standa nú vonir til og verður vonandi hægt að fullyrða það, áður en margir dagar líða, að lánað verði allt að 100 þús. kr. úr veðdeildinni í stað 35 þús. Veðdeildin hefur verið févana undanfarið og vitanlega mjög mikil þörf á því að efla hana.

Hv. frsm. minni hl. talaði hér um 1% gjaldið til stofnlánadeildarinnar og taldi, eins og svo oft áður, að það væri ekki gott, að bændur skyldu þurfa að borga það. En hann nefndi ekki að þessu sinni gjaldið til bændahallarinnar, sennilega orðinn leiður á því að nefna þetta hvort tveggja samtímis, enda svolítið óþægilegt í meðförunum.

Ég er samþykkur því, að bændur þurfa að fá auknar tekjur með auknum gjöldum. En bændur munu aldrei hafa borgað gjald, sem þeir fá betur endurgreitt en búvörugjaldið til stofnlánadeildarinnar. Það er ég alveg sannfærður um, það kemur vel í ljós fljótlega. Og hv. frsm. minni hl. ætti nú að vera þess minnugur, að bændur hafa alla tíð haft þörf fyrir að fá auknar tekjur til þess að mæta útgjöldunum. Þetta var ekki síður á þeim tímum, er þessi hv. þm. studdi ríkisstj. Þá bara gerðist það, að bændur fengu ekki í sinn vasa það verð, sem var skráð og 6 manna nefnd samþykkti að þeir ættu að fá. Og hv. 1. þm. Dalamanna þáverandi, hv. frsm. minni hl., ég minnist ekki þess að hafa heyrt það nokkurn tíma, að hann hreyfði hönd eða fót til þess að fá þetta lagað.

Ég minnist þess, að þegar bændur vantaði nærri 30 aura á mjólkurlítrann á skráð verð, þá var það mjög tilfinnanlegt. Ég man ekki, hvað það voru mörg prósent, hvað mjólkurlítrinn var þá. Ætli mjólkurlítrinn hafi verið meira en 3 kr. þá í verðgrundvellinum, 10%? Þetta var tilfinnanlegt, og þetta hefði verið ástæða til að tala um, en hv. þm. gerði það ekki. En hann gerir mikið úr 1% gjaldinu til þess að byggja upp stofnlánadeild landbúnaðarins, og hann gerir mikið úr 6% vöxtum. En hvers virði er það að byggja upp lánastofnun fyrir landbúnaðinn, sem getur innan skamms tíma fullnægt lánaþörfinni og losað þannig við lausaskuldir og víxla og vaxtagreiðslur af þeim? Ég hygg, að lausaskuldirnar og víxlarnir, sem bændur vitanlega urðu að búa við, á meðan lánin voru mjög takmörkuð og takmarkaðri en nú, hafi vel vegið upp á móti mismuninum á 3½% og 6%, þannig að það út af fyrir sig segir ekki allt, hvað vextirnir eru í stofnlánadeildinni. Hitt segir miklu meira, hvað hægt er að lána mikið með 6% vöxtum og hvað það er stór upphæð, sem bændurnir þá losna við að taka með 9½ eða 10% vöxtum.

Ég talaði um það, þegar ég fór hér upp í pontuna áðan, að ég ætlaði ekki að tala langt mál, enda gerist þess ekki þörf í tilefni af ræðu hv. frsm. minni hl. Það er nokkuð, sem við vitum, það sem hann sagði hér áðan, að reikna má með og við a. m. k. vonum, að það geti orðið áframhaldandi fólksfjölgun, það verði talsvert á 3. hundrað þús. manns hér á landi eftir 10 ár, og það verði eftir 30—40 ár helmingi fleiri landsmenn en núna. Þess vegna er gott að eiga mikið land ræktanlegt. Og það er enginn vafi á því, að það verður haldið áfram að rækta landið og undirbyggja atvinnuvegina, til þess að þjóðin, þó að henni fjölgi, geti haft nægileg verkefni. Þess vegna er það ánægjulegt, að í dag hafa allir atvinnu. Samdrátturinn og atvinnuleysið, sem spáð var í ársbyrjun 1960, hefur sem betur fer ekki komið. Því var spáð af stjórnarandstöðunni þá, að hér mundi innan skamms verða 4000—5000 atvinnuleysingjar. Því var spáð, að það mundi verða mjólkurskortur, smjörleysi og vandræði vegna samdráttar í landbúnaði. En í staðinn fyrir atvinnuleysið þá er nú stjórnarandstaðan farin að tala um vinnuþrælkun, fólkið vinni of mikið. Í staðinn fyrir smjörskortinn og mjólkurleysið þá er það nú svo, að mjólkurbirgðir hafa aldrei verið meiri í landinu en nú, og þó hefur verið flutt mikið út af mjólkurdufti á árinu. Aðeins eitt mjólkurbú, Mjólkurbú Flóamanna, mun hafa fengið um 7 millj. kr. í útflutningsuppbætur á mjólkurduft á s. l. ári. Ég veit ekki, hvað það er mikið yfir allt landið, ég hef ekki spurt um það enn þá, en þær skýrslur koma vitanlega bráðum fram. En þetta út af fyrir sig er mjög ánægjulegt, og fullyrðing hv. frsm. minni hl. um það, að bændurnir hafi það yfirleitt verra nú en þeir hafi haft það áður, ég held, að hún standist ekki. Tekjur bænda hafa aukizt, sem betur fer, með aukinni framleiðslu, og þó að verðið á landbúnaðarvörum þyrfti að vera hærra, þá búa þeir þó við samningsverð, og þeir fá það verð, sem samið hefur verið um.

Ég veit, að bændur vinna mjög mikið og bændakonur til þess að framleiða eins og gert er. En tekjurnar eru meiri tiltölulega en þær voru fyrir 3 árum, og efnahagur hefur, sem betur fer, ekki versnað. Þetta finnst mér að allir sanngjarnir menn eigi að viðurkenna, enda þótt það sé sjálfsagt og eðlilegt um leið að viðurkenna, að æskilegt er, að bændur og bændafólk geti haft betri kjör en það hefur nú. Við getum verið sammála um, að það sé æskilegt, um leið og við viðurkennum, að það hafi farið betur um þessi mál en á horfðist í árslok 1958 og miklu betur en stjórnarand-

staðan spáði um það leyti, sem núv. ríkisstj. tók við völdum. Spádómar stjórnarandstöðunnar byggðust á því, að stjórnarandstöðunni fannst vera svo dökkt í álinn og erfiðleikarnir svo miklir fram undan, að það hlytu að vera á næsta leiti hálfgerðir vandræðatímar, ekki aðeins í landbúnaði, heldur og í atvinnulífinu yfirleitt.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég batt mitt mál í framsögu minni eingöngu við þann stutta þátt eða þau fáu atriði, sem við flytjum brtt. um, minni hl. n., og gaf ekki ástæðu til í þeirri ræðu, að jafnviðtækar umr. yrðu um þetta mál eins og hæstv. landbrh. hefur hér komið fram með. Og raunar þurfti hæstv. ráðh. ekkert að segja, vegna þess að hann hefur á hv. Alþ. frá því fyrsta, að ég kynntist honum, flutt tvær ræður. Önnur ræðan, sem ráðherrann flytur, hún er þegar hann er í hæstv. ríkisstj., hin er þegar hann er í stjórnarandstöðu, og hvorar tveggja ræðurnar kann ég, svo að það skiptir engu máli, hvort hæstv. ráðh. talar hér eða ekki. Og það væri hægt að minna hann á nokkrar ræður og nokkur atriði frá því, að hann var í stjórnarandstöðu, og var að tala þá sem hv. þm. Rangæinga, áður en hann lagði niður sitt kjördæmi og gekk í ráðherrastól, en ég ætla að takmarka mig hér við jarðræktina og við byggingarnar.

Eitt af því, sem hæstv. ráðh. sagði, var það, að það hefði verið hægt að hækka styrkinn til íbúðarhúsabygginga án þess að breyta l. að öðru leyti. Þetta er algerlega rangt, og hér stendur í 48. gr., með leyfi forseta:

„Til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þús. kr. á hvert býli.“

Sem sagt, það er hámark á upphæðinni. Og þess vegna var það útilokað, þó að heildarframlagið væri hækkað á fjárlögum, að það væri hægt að greiða meira til hverrar íbúðar, án þess að lagaákvæði skv. 48. gr. þessara l. breyttist. Þetta var því fjarstæða, eins og margt annað, sem hæstv. ráðh. sagði.

Út af því, sem ráðh. sagði varðandi jarðræktarlögin, að það væri undarlegt, að bændur skyldu ekki hafa beðið um endurskoðun á þessari löggjöf fyrr en 1962, eins og ráðh. orðaði það, þá er málið nú ekki algerlega rétt upplýst af hæstv. ráðh. Árið 1960 markar sérstök tímamót í sögu hér á landi — og ekki sízt fyrir það, að sú ríkisstjórn, sem þá sat að völdum, hafði lofað þjóðinni fyrir kosningar gulli og grænum skógum, batnandi lífskjörum án nokkurra nýrra álaga. Þessir háu herrar voru náttúrlega kosnir út á sín loforð til þess að efndirnar færu eitthvað í áttina þar eftir. Efndirnar urðu vitanlega í þessum efnum eins og öðrum þveröfugar við loforðin, og bændurnir hafa ekki sízt farið halloka fyrir þeirri stjórn, sem nú situr að völdum, svo að verulegur grundvöllur fyrir endurskoðun jarðræktarlaga skapaðist ekki fyrr en hæstv. ríkisstj. hafði gert sínar viðreisnarráðstafanir. Og það var árið 1960, þegar bændur halda sína búnaðarfélagsfundi og búnaðarsambandsfundi, sem þeir gerðu margvíslegar till. um breyt. á jarðræktarlögum. Þessar till. koma fram á búnaðarþingi árið 1961, og þá er kosin n. á því þingi til að endurskoða jarðræktarlögin. Og snemma á búnaðarþingi 1962 eru till. n. samþ. breytingalítið og málið af Búnaðarfélagi Íslands sent í landbrn.

Ekki hefur það komið fram í málinu, að neitt hafi verið gert í því, fyrr en í haust, þann 26. nóv., að ég ætla, að hæstv. landbrh. datt í hug, að hægt væri kannske um sinn að tefja málið með því að setja n. í það að nýju. Og þessi n. er búin að sitja á rökstólum í fjóra mánuði, og ekkert hefur frá henni komið. Þó hefur ráðh. bæði á Alþ. og búnaðarþingi, við setningu þess, gefið í skyn, að málið mundi verða lagt fyrir Alþ., og enn þá nú fyrir örfáum mínútum gaf hæstv. ráðh. í skyn, að málið yrði lagt fyrir Alþ. Nú skiptir það mig engu máli, hvað hæstv. ráðh. segir, vegna þess að ég legg ákaflega lítið yfirleitt upp úr því, sem hann segir, af því að það stenzt svo fátt af því, því höfum við bændur mjög mikla reynslu fyrir. En hinu finna bændur fyrir, að þeir eru stórkostlega féflettir í þessari löggjöf, miðað við þær dýrtíðaraðstæður, sem hæstv. landbrh. og núv. stjórn hafa skapað landbúnaðinum. Og upphæðin er hvorki meira né minna en hátt á annan milljónatug á ári, eða um 17 millj., eins og hæstv. landbrh. drap á. Og hvert árið sem líður er of dýrt fyrir félitla bændastétt að missa af þessum tekjum, enda hefur það sýnt sig í jarðræktinni, að hún hefum dregizt saman frá því, sem hún hafði þróazt upp í á þeim árum, sem voru áður en hæstv. núv. ríkisstj. kom til valda.

Þegar minnzt er á þessa löggjöf, er rétt að drepa á það, að við lagasetninguna 1957 urðu nokkrar umr. um þetta mál, og þar ætla ég, að hæstv. núv. ráðh. hafi gefið þjóðinni nokkur fyrirheit. Eg hygg, að nokkrir bændur hafi búizt við meira af honum sem valdamiklum manni í þessum efnum en raun hefur borið vitni um. En þar segir hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Æskan hefur ekki farið úr sveitum þessa lands af því, að hún hafi ekki viljað vera í átthögunum og helga þeim sína starfskrafta, heldur eingöngu vegna þess, að hana hefur skort fé til þess að stofna bú í sveit, til þess að byggja hús, til þess að kaupa jörð, til þess að kaupa vélar og öll tæki, sem búskapurinn þarfnast. Það hefur verið hægara fyrir æskufólkið að gifta sig og taka á leigu íbúð hér í Reykjavík, til þess hefur þurft minna stofnfé. Það er þess vegna, sem margt af okkar efnilega æskufólki hefur farið gegn vilja sínum úr sveitinni að sjávarströndinni. Þetta er hin raunverulega staðreynd, og þessu fáum við aldrei breytt, nema við viðurkennum þessa staðreynd, nema við hættum að blekkja okkur

sjálf. Það er verkefni næstu tíma að finna lausn á því, hvernig við eigum að sporna við hinum stöðuga flutningi æskufólks úr sveitum landsins og gera þessu efnilega æskufólki, sem vill vera kyrrt í sveitunum, mögulegt að vera þar.“

Þetta segir hæstv. ráðh., þegar hann er í stjórnarandstöðu, og margur skyldi ætla, að hann hefði búið þessu æskufólki annað hlutskipti. Það er ekki nóg að hrópa á götum og gatnamótum og fundum Sjálfstfl., að batnandi hagur bænda og viðreisnin fari saman, því að slíkt er endileysa ein. En ég held, að þegar verið er að ræða um þessa löggjöf, sem hér er til umr. nú, og þá þætti hennar, sem snúa að æskulýð landsins, farist hæstv. ráðh. ekki að segja mikið, það væri betra fyrir hann að gera meira, en segja minna.

Hver hefur brugðið fæti og fellt æskufólkið frá sínum draumum og vonum til sveitalífsins frekar en hæstv. núv. ráðh.? Það hefur enginn gert. Svo hastarlega og illa er búið að landbúnaðinum nú, að þeir einir treystast til að búa og geta búið, sem eru orðnir grónir, sem kallað er, og eru lengi búnir að byggja upp sín bú og sinn búskap. Hinir, sem eru að byrja, hafa ekki í neitt hús að venda, og jafnvel þó að þeir gætu byrjað, þá eygja þeir ekki möguleikana á því að komast frá þeirri skuldasúpu, sem til yrði að stofna undir slíkum kringumstæðum. Og það er ekki vel fyrir þjóðinni séð og fólkinu séð, þegar eingöngu þeir geta hafið búskap, sem verða að treysta á efnahag sinna forfeðra til þess að komast klakklaust áfram í sínum búskap.

Ég held, að það væri gott fyrir hæstv. ráðh. að hugleiða sumt af því, sem hann hefur sagt, meðan hann var í stjórnarandstöðu, nú, á meðan hann situr í valdastólnum. Það er ekki víst, að hann eigi eftir að vera þar svo lengi, og hann hefði sannarlega gott af því og það mundi verða virt við hann, ef hann væri það framsýnn, að hann beitti sér fyrir því, að brtt. okkar í minni hl. yrðu samþ. hér á Alþingi.

Þess er líka skemmst að minnast, að það var haft viðtal við hæstv. landbrh. í útvarpinu fyrir ekki alllöngu. Og þar segir hæstv. ráðh. m. a., að það þurfi og það sé nauðsynlegt að styrkja jarðrækt mikið, allt upp í 20 hektara. Hvers vegna vill þá ekki hæstv. ráðh. nú, þegar fram kemur till. samhljóða hans orðum og að ég ætla vilja, beita sér fyrir samþykkt hennar? Jarðræktarlagabreyting síðar skiptir engu um þessi atriði málsins, — ekki neinu. Þess vegna held ég, að það væri framsýni ráðh., ef hún væri einhver til, sem ætti að ráða mestu um það, að þessar till. yrðu samþ. En því verður nú sennilega ekki fyrir að fara, því að ráðh. er í ráðherrastólnum, og þá er annað sjónarmið uppi en þegar hann er þar ekki.

Ég ætla mér ekki að fara að fjölyrða hér um þessi mál og allra síst á jafnviðum grunni og hæstv. ráðh. gerði. En eitt er víst, hvernig sem í því liggur, um bændastétt landsins, að þrátt fyrir allar verðhækkanir á landbúnaðarafurðum, og að einhverju leyti hækkandi lán versnar hagur hennar með ári hverju sem líður. Dýrtíðin er orðin svo gífurleg í landinu og hún sleikir svo margar krónur, að það er útilokað mál, að bændur geti lengi haldið í horfinu undir þessum kringumstæðum. Það er líka sannast sagna, þegar sjálfstæðismenn tala um, að þeir hafi byggt upp stofnlánadeild landbúnaðarins, — hver er þá uppbyggingin og hvaðan koma peningarnir? 2 kr. á móti hverri 1 koma frá bændastéttinni sjálfri. Þetta er uppbyggingin. Það er seilzt í vasa bændanna og þeim talin trú um, að það sé búið að byggja upp sjóði landbúnaðarins fyrir framtíðina af þeirra eigin fé. Þetta eru peningar, sem fara í ríkisbanka og bændurnir fá þaðan aldrei aftur sér til eignar. Og það er ómögulegt að segja, hvernig þessum málum verður ráðið fyrir þeirra hönd við þá stofnun í framtíðinni, og allra síst ef hæstv. núv. stjórn situr að völdum. Þetta er öll uppbyggingin, það eru teknar 2 kr. úr vasa bændanna ofan á vaxtahækkunina og alla aðra dýrtíð til þess að byggja upp sjóði landbúnaðarins. Ef maður tekur lán, eins og veitt eru nú úr stofnlánadeild landbúnaðarins, 150 þús. á íbúðarhús, þá hefur bóndi, sem hefði fengið slíkt lán, áður en núv. stjórn kom til valda, þurft að greiða í árgjald 6900 kr. Hvað þarf hann að greiða nú? Hefur hæstv. ráðh. gert sér grein fyrir því? Hann þarf að greiða 9900 kr. Þarna eru 3000 kr., sem hæstv. ráðh. hefur skyldað bændur til að greiða til stofnlánadeildarinnar, og þar á ofan á ári hverju 2000 kr., eða 2% af sínum tekjum í skatt í stofnlánadeildina.

Þetta er uppbygging stofnlánadeildarinnar. Hún er byggð upp af fé bændanna sjálfra á móti 1 kr. frá ríki og neytendum í landinu. Áður fyrr þóttu það engin tíðindi, þó að sjóðir Búnaðarbankans væru byggðir upp með hinu almenna sparifé í landinu og af ríkisfé. Og ef einhver svipuð hlutföll ríktu í þessum málum nú og voru kringum 1930, þá ætti ríkið að leggja fram, miðað við fjárlög yfirstandandi árs, sem næst 60 millj. kr. á ári hverju. Það væri hægt að segja, að sjóðirnir væru byggðir upp, ef þessi háttur væri á hafður, en ekki á kostnað bændanna sjálfra.

Það er ekki heldur að undra, þótt bændastéttin sé sáróánægð með þau kjör, sem hæstv. ríkisstj. býr henni að öllu leyti, sem hún getur við ráðið. Það er ekki hæstv. ríkisstj. að þakka, þótt bændur fái meira útborgunarverð nú en áður, það er ekki henni að þakka. Það er forustu Stéttarsambands bænda að þakka fyrst og fremst. Og ég kann alls ekki við þann tón, þegar hæstv. ráðh. er að tala um það, að ríkið greiði svo og svo mikið í afurðaverðinu, eins og áðan, og telur það eftir til Mjólkurbús Flóamanna, að ríkið hafi orðið að greiða því nokkuð yfir 7 millj. í útflutningsuppbætur. Og það er sannast sagna, að útflutningsuppbæturnar hafa farið minnkandi ár frá ári, frá því að hæstv. núv. ríkisstj. kom til valda, og

því sízt ástæða fyrir þá stjórn, sem þegar hefur margskattlagt bændurna æ ofan í æ, að vera að telja eftir nokkrar krónur, sem renna einstaka bændum í landinu til góða.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú svo, að þegar hv. 1. þm. Vesturl. fullyrðir, að bændurnir borgi 2 kr. á móti hverri 1, sem kemur í stofnlánadeild landbúnaðarins, og er svo taugaveiklaður, að hann ber hér í ræðustólinn, þá er náttúrlega spurning, hvort á að halda áfram að ræða við hann um þessi mál. Og þegar sami hv. þm. fullyrðir það, að útflutningsuppbæturnar til landbúnaðarins hafi farið minnkandi síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, þá styður það einnig þá skoðun, að það eigi ekki að ræða við hann um þessi mál á þessu stigi. En það er nú svo margt, sem maður venst við, og ég ætla þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessar fullyrðingar, sem ekki styðjast við nein rök hjá hv. þm. og eru barnalegar fullyrðingar, samt að segja aðeins nokkur orð í tilefni af ræðu hans hér áðan.

Hvaðan skyldi þessi hv. þm. hafa það, að ég væri að telja eftir uppbætur til Mjólkurbús Flóamanna, 7 millj. kr. á útflutt mjólkurduft? Ég hygg, að enginn nema hann, sem hlustaði á mig áðan, geti talið, að ég hafi sagt það í þeim tón. Ég sagði frá þessu sem staðreyndum og að einmitt vegna þessa er fært að greiða bændum nú fullt grundvallarverð vegna útflutningsuppbótanna yfirleitt, sem ekki var áður, þegar bændur vantaði kannske 10% af mjólkurverðinu. Það hefur sennilega verið, þegar uppbæturnar voru sem mestar. En ég hef að vísu séð þetta áður einhvers staðar í blöðum, skrifað af einhverjum framsóknarmanni, að útflutningsuppbæturnar í því formi, sem þær eru nú, væru nú lítils virði og minna virði en þær áður voru. Hvernig voru útflutningsuppbæturnar á landbúnaðarafurðirnar, meðan útflutningssjóðurinn starfaði? Hefur hv. 1. þm. Vesturl. gert sér grein fyrir því? Ég held ekki. Hann hefði ekki talað eins og hann gerði hér áðan, ef hann hefði verið búinn að gera sér grein fyrir því. Þegar útflutningssjóður starfaði, komust útflutningsuppbæturnar hæst 94.5%. Og útflutningsuppbæturnar voru miðaðar við það, sem sjávarútvegurinn var talinn þurfa að fá til þess að fá framleiðslukostnað á fiskafurðum. Bændurnir fengu aldrei hærri prósentur á útfluttar landbúnaðarvörur en útvegurinn fékk, því að það var allt miðað við það, hvað útvegurinn þyrfti að fá. Þess vegna var það, að þegar landbúnaðurinn flutti út osta eða mjólkurduft fyrir kannske 3 kr. kg, þá fengust ekki nema 94.5% útflutningsuppbætur á þennan ost, sem hefði þurft að verðleggja, til þess að bóndinn fengi fullt verð, 12—15 kr. kg. Bóndinn fékk undir þessu kerfi aðeins brot af þeim uppbótum, sem hann þurfti til þess að fá fullt verð, og satt að segja hélt ég, að hv. 1. þm. Vesturl., sem hefur starfað í bændasamtökunum og Stéttarsambandinu, hafi gert sér grein fyrir því, hvaða ranglæti bændur voru látnir búa við á þessum tímum samanborið við aðra atvinnuvegi. Og hvernig stæðu þeir nú, ef þeir byggju enn við þetta kerfi, þegar þeir selja út mjólkurduft fyrir 4 kr., fengju í uppbætur 94.5%, tæpar 8 kr., en þetta mjólkurduft er skráð að heildsöluverði 16 kr., að mig minnir? M. ö. o.: þeir fengju þriðja partinn af því, sem þeir fá nú í uppbætur, ef það væri búið við óbreytt kerfi. Ég hygg, að bændur, aðrir en hv. 1. þm. Vesturl., óskuðu ekki eftir því, að þetta væri endurtekið, og ég verð að segja það hv. 1. þm. Vesturl. til vorkunnar, að hann hefur ekki gert tilraun til þess að breyta þessu gamla kerfi, hann hefur ekki gert sér grein fyrir því ranglæti, sem bændur bjuggu við, og varð það þó áþreifanlegt, vegna þess að það vantaði á fullt verð, vegna þess að þeir bjuggu ekki við þá löggjöf, sem þeir búa við nú.

Hv. þm. fullyrti það hér áðan og er í samræmi við annað, sem hann sagði í sinni ræðu, að það ætti ekki að þakka núv. ríkisstj. þessa löggjöf, heldur Stéttarsambandinu, — það var Stéttarsambandið, sem setti l., en ekki ríkisstj. En mér er kunnugt um það, að aðrir bændur en þessi hv. þm. þakka það núv. ríkisstj., að hún hafi beitt sér fyrir því, að þetta var gert, og er alveg ástæðulaust að vera um það að metast. En það vita allir, að það er útilokað að tryggja bændum fullt verð, nema þeir hafi sölutryggingu á allri framleiðslunni. Þess vegna er það, að hlutur bænda hefur verið stórum bættur frá því, sem áður var.

Hv. þm. gerði mér nú svo hátt undir höfði að lesa hér ræðukafla, sem ég hafði flutt 1957, og hann telur, að ég mundi ekki geta flutt svipaða ræðu nú, talað um unga fólkið og uppbyggingu sveitanna á sama hátt nú og þá. Ég er dálítið undrandi, að hann skyldi lesa þessa ræðu, vegna þess að hún er enn töluð út úr mínu hjarta og algerlega í samræmi við þá vinnu, sem nú er lögð í það að byggja upp sveitirnar. En hv. þm. er blindur í sinni sök, og þess vegna er svo erfitt við hann að ræða. Hann gerir sér ekki grein fyrir því, við hverju núv. ríkisstj. tók. En hann ætti samt að muna, hvaða augum hann leit á framtíðina, þessi hv. þm., um það leyti sem björgunarstarfið hófst, því að hv. þm. gerði sér þá fulla grein fyrir því, að við værum illa á vegi staddir. Og ef engin viðreisn hefði komið og ráðstafanir til þess að bjarga út úr öngþveitinu, hvernig væri æskumaðurinn á Íslandi þá staddur í dag? Nú eru ekki nema þrjú ár liðin, síðan björgunarstarfið hófst, og við getum verið sammála um það, stjórnarandstaðan ætti að geta verið sammála um það, að þetta björgunarstarf hefur tekizt mun betur en ástæða var til að vona. Það hefur tekizt mun betur, þó að við getum viðurkennt, að enn er ýmislegt eftir að laga. En 3 ár eru ekki langur tími.

Hv. þm. sagði, að hann byggist ekki við, að ég yrði lengi í valdastól úr þessu, þar sem kosningar eru fram undan. Ég hef aldrei spáð fyrir kosningum og ætla ekki að gera það

núna heldur. Ég ætla engu að spá um það, hvort ég verði í valdastól eftir næstu kosningar eða ekki. En ég hygg, að hv. 1. þm. Vesturl. geti ekki heldur spáð um það. Ég hygg, að ef við ættum að segja alveg eins og er, þá viti hvorugur okkar nokkuð um það, hvernig næstu kosningar fara. Og við skulum bara láta bíða allar fullyrðingar um það. Hitt veit ég, að það væri ekki gott, ef þjóðin kysi yfir sig einhverja glundroðastjórn eins og hún bjó við á árunum 1956—1958. Ég held, að það væri farsælast fyrir þjóðina, hvaða menn sem sitja í valdastólunum, að það væri hægt að halda áfram á þessu spori, sem nú hefur verið markað, að byggja upp atvinnuvegina og fá festu í fjármálin. Og það er enginn vafi á því, að ef við getum búið við meðalárferði á þessu ári, þá er aðstaða bænda miklu betri á þessu ári en hún var á árunum 1960 og 1961, og það er vottur þess, að það er rétt stefnt. Bændur búa við hækkað afurðaverð allt þetta ár, en hækkun á rekstrarvörum er sáralítil, og þess vegna er það, að það mun vera betra ár hjá bændum í ár, ef árferðið er í meðallagi, heldur en hefur verið, og það sannar, að það er rétt stefnt eins og nú er.

Hv. þm. var að tala um það, og var það eitt af merkilegum fullyrðingum hans, að sjóðir Búnaðarbankans hafi áður verið byggðir upp með sparifé landsmanna og væri þar munur en núna. Ég held nú, að a. m. k. flestir þm. ættu að vita það, að sjóðir Búnaðarbankans störfuðu að ákaflega miklu leyti með erlendu lánsfé, og það var óhamingjan, að það skyldi vera. En af þeirri braut var horfið um áramótin 1959—1960, og hafa sjóðirnir starfað með innlendu lánsfé síðan, og er þess vegna ástæða til þess að ætla, að sú uppbygging, sem nú er hafin á stofnlánadeildinni, verði varanleg og ekki undan henni grafið.

Fullyrðingar hv. þm. um jarðræktarlögin eru harla merkilegar, þar sem hann segir, að það hafi ekki verið aðstaða til að hefja endurskoðun jarðræktarlaganna fyrr en á árinu 1961. Ég ætla nú ekki að rökræða þetta atriði, vegna þess að mér finnst þessi fullyrðing svo út í bláinn. Vitanlega hefði verið hægt að hefja endurskoðun jarðræktarlaganna strax á árinu 1958 eða jafnvel fyrr. Það, sem vantaði í jarðræktarlögin, er það ákvæði, að það skuli vera veittur styrkur hverju sinni í samræmi við aukinn ræktunarkostnað. Ef það hefði verið síðasta áratuginn, hefði vitanlega verið allt öðru máli að gegna. En ég tel það gott, að sú n., sem fékk frv. til athugunar, frv. búnaðarþingsnefndarinnar, er nú við það að ljúka störfum. Það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að ég hafi næstum lofað því, að þetta frv. yrði lagt fram nú á þessu þingi. Ég sagði, að ég hefði viljað það, og ef ég fengi frv. nógu fljótt, þá teldi ég betra, að það væri hægt að sýna það nú, þótt það gæfist ekki tími til að lögfesta það. En ég segi, að ég get ekkert fullyrt um það, meðan frv. er ekki komið í mínar hendur.

Hv. þm. ætti nú að hafa hægan aðgang að þessari n., þar sem flokksbróðir hans er starfandi í henni, og ég tel, að n. sé vel skipuð með þeim Pétri Gunnarssyni og Kristjáni Karlssyni, sem vissulega hafa góða þekkingu á ræktunarmálum. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að till., sem frá þeim koma, verða til bóta, en ekki til hins verra.

Þá vil ég segja það einnig, að ég sagði ekki, að bændur hefðu verið skaðaðir um 17 millj. kr. með því, að jarðræktarlögin hafi ekki komið fyrr í gildi. Ég sagði, að það mætti ætla, að till. búnaðarþingsnefndarinnar hefðu numið allt að 17 millj. kr. hækkun á jarðræktarl. frá því, sem er. Það segir ekki það, að það hafi verið í samræmi við aukinn ræktunarkostnað, þær hækkanir, sem búnaðarfélagsnefndin lagði til að yrðu, og því síður það, að hækkanirnar hjá búnaðarþingsnefndinni hafi verið helzt á þeim liðum, sem mest nauðsyn er á að yrðu hækkaðir. Og það hygg ég, að sú n., sem nú starfar, hafi sannfærzt um, að það var brýn ástæða til þess að breyta ýmsu af því, sem búnaðarþingsn. hafði lagt til, einungis til þess að samræma l. við breytta búskaparhætti.

Ég get staðið við það, sem ég sagði hér, þegar ég fór í pontuna, að orðlengja þetta ekki öllu meira, því að þegar hv. þm., frsm. minni hl., fullyrðir hér, að bændur leggi 2 kr. á móti hverri 1, sem í stofnlánadeildina kemur, og enn fremur, að útflutningsuppbæturnar séu bændum sízt hagstæðari nú en þær voru áður, meðan útflutningssjóður starfaði, þá er vitanlega ekki ástæða til þess að tala langt mál við þennan hv. þm.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég get ómögulega látið vera að víkja örfáum orðum að einni staðhæfingu hjá hæstv. ráðh., þ. e. hinu svokallaða björgunarstarfi, sem hann og hans ríkisstj. hefur unnið í þágu landbúnaðarins í landinu. Hann varð allfjölorður um það áðan, þetta björgunarstarf. Það byrjaði, þegar ríkisstj. þessi kom til valda, og hún hefur haldið sleitulaust áfram með miklu meiri árangri en hún gerði sér vonir um, þegar hún byrjaði, og þess vegna sé nú betur búið að bændastéttinni í landinu en áður hefur verið. Ég ætla mér ekki að fara út í marga hluti af þessu tagi, en drepa hér aðeins á það, sem hann sagði um lánin og styrkina til bygginga hjá bændum. Hann sagði það réttilega, að lánin til íbúðarhúsa hefðu verið hækkuð úr 75 þús. í 150 þús. kr. og styrkur til íbúðarhúsbygginga hefði verið hækkaður úr 25 í 50 þús. kr. Ekki get ég fengið út úr þessu nema 100 þús. kr. hækkun, ef ég legg þetta saman.

En þá er að gera sér grein fyrir því, hvernig björgunarstarfið tókst að öðru leyti, og þá fyrst og fremst, hvernig byggingarkostnaðurinn hefur reynzt þessi undanfarin ár og hvernig hann er núna, borið saman við það, sem var fyrir 4 árum. Hæstv. ráðh. drap á þetta sjálfur. Mig minnir, að hann nefndi eitthvað 44% hækkun byggingarkostnaðarins. Þó vil ég ekki

alveg ábyrgjast, að ég hafi tekið rétt eftir. (**Landbrh.**: Það mun vera nálægt áætlun.) Ég held, að hún sé ekki svona mikil, en jæja, látum það nú vera. En hvernig lítur dæmið út, ef þetta væri svona? Um þetta þarf ekki að deila ákaflega mikið, því að hagstofan birtir opinberlega skýrslur yfir þennan byggingarkostnað, og hún birtir þær þrisvar sinnum á ári, og byggingarkostnaður bændanna getur ekki hækkað minna en byggingarkostnaður í bæjunum. Ég hefði haldið, að tiltölulega væri dýrara fyrir bóndann að byggja sér íbúðarhús en aðra, vegna flutningskostnaðar sérstaklega.

Við skulum hugsa okkur, að bóndinn byggi bara nákvæmlega jafnstórt og menn byggja yfir sig í bæjum og auðvitað jafngóð hús, vegna þess að ég ætlast ekki til, að bændur búi í lakari húsum en við búum í hér. Þessar byggingarvísitölur voru þannig, að í febrúar 1959, fyrir 4 árum, var vísitalan um 133, eða rúmmetrinn 1233.10 kr. Þetta þýðir það, að 400 rúmmetra íbúð, — en þær upplýsingar hef ég fengið frá Efnahagsstofnun ríkisstj., að meðalstærð íbúða í sveitum sé rúmlega 400 rúmmetrar, eða nokkru meira en í bæjum og er það skiljanlegt, — að slíkt hús ætti að hafa kostað um 493 þús. fyrir 4 árum, en byggingarvísitalan í febrúar s. l. var samkv. skýrslum hagstofunnar 182, eða rúmmetrinn 1689,16 kr. En þá kostar líka þessi 400 rúmmetra íbúð 675 þús. kr. og hefur hækkað á þessum 4 árum um 182 þús. kr. Þetta er íbúðarhús bóndans.

Þá kem ég að útihúsunum. Samkv. upplýsingum frá teiknistofu landbúnaðarins kostar að meðaltali eftir reynslunni, sem fengizt hefur, um 22 þús. kr. að byggja yfir kúna, þ. e. fjósið, hús yfir fóður, áburð o. þ. h., — það kostar því bónda, sem ætlar sér að byggja fjós yfir 20 kýr, núna um 440 þús. kr. En byggingarvísitalan gildir þar líka, og þetta fjós hefði verið 120 þús. kr. ódýrara fyrir 4 árum.

Þá kem ég að þriðja liðnum. Það eru landbúnaðarvélarnar. Samkv. áliti Stéttarsambands bænda munu landbúnaðarvélar á meðalbú kosta nú kringum 250 þús. kr., en þar er hækkunin a. m. k. upp undir helming, eða um 125 þús. Þegar maður leggur þessa hækkunarliði saman hjá bóndanum og sleppir allri ræktuninni, allri hækkuninni á ræktuninni, og hækkuninni á bústofninum, þá eru þessar hækkanir hjá bónda, sem þarf að byggja yfir sig íbúð, byggja fjós yfir 20 kýr með tilheyrandi hlöðu og áburðarhúsi o. fl. og þarf að kaupa landbúnaðarvélarnar, yfir 400 þús. kr. En á móti þessu kemur það, sem hæstv. ráðh. taldi réttilega fram, 25 þús. kr. hækkun á styrknum og um 75 þús. kr. hækkun á lánum. Og þó að við drögum þetta frá, þá er samt 320 þús. kr. hækkun eftir. Og svo segir hæstv. ráðh., að hann og hans ríkisstj. hafi verið að bjarga bændunum núna undanfarin ár og björgunarstarfið hafi tekizt miklu betur en þeir hafi gert sér vonir um. Hvað gerðu þeir sér þá vonir um?

Hæstv. ráðh. talaði um það í ræðu sinni hér áðan, að við stjórnarandstæðingar hefðum spáð atvinnuleysi. Ég held, að ég hafi talum, að það gæti svo farið, að aukavinna fólksins minnkaði, þegar dýrtíðin ykist, eins og hún hefur nú gert, og horfur væru á, að aukavinnan gæti þá minnkað og fólk tapaði henni. Nú segir hæstv. ráðh. og er glaður — og það er gott, að aldrei hafi verið meiri atvinna í landinu en núna. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh. Hún hefur aldrei verið meiri. Og hvernig stendur á þessu? Það stendur þannig á því, að það hefur fiskazt meir. Það hefur fiskazt svo miklu meir en áður, að á árinu, sem var að líða, var aflamagn landsmanna 768 þús. tonn, en var ekki nema 505 þús. tonn 1958. Viðbótin ein á aflamagninu þetta eina ár, miðað við 1958, eru 263 þús. tonn, eða 52% meira aflamagn en þá var. Og þessi afli er svo mikill, að hann er meiri en tveggja ára afli var fyrir 8 árum. Aflamagnið árið 1961 er um 127 þús. tonnum meira en það var 1958. Það er ekki að undra, þótt það sé atvinna hérna í landinu.

En þá kem ég að því, sem ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh.: Er þetta viðreisninni að þakka? Kom hún með aflann á land? Mikil dæmalaus ríkisstj. er það, sem getur komið með fiskinn svona á land. Og ef hæstv. ríkisstj. getur sýnt okkur fram á það, að þetta sé á valdi hennar, þá mundi ég vera tilleiðanlegur til að kjósa hana. En það gerðist hlutur 1958, sem hæstv. ráðh. og hans flokkur átti ekki ýkjamikinn hlut að. Það var stækkun landhelginnar. Og þar liggur ástæðan fyrst og fremst fyrir því, hversu aflamagnið hefur orðið mikið hér við land á næstu árum á eftir. En hvernig væri ástatt hérna í landinu, ef fiskaflinn í fyrra hefði verið eins og hann var fyrir 4 árum, og var þó talið gott aflaár þá?

Ég vil ekki teygja tímann lengur, því að mér skildist á hæstv. ráðh., að hann vildi ljúka umr. núna. En ég get ekki látið hjá líða, áður en ég hætti, að minna á það, að ekki er grundvallarverð landbúnaðarins þannig úr garði gert, að neinn gróði geti verið af meðalbúinu í landinu. En þar ætla ég ekkert að sakast við hæstv. ráðh., hann hefur ekki gert verðlagningu landbúnaðarins á s. l. hausti, það skal ég taka fram. En þannig er nú verðlagsgrundvöllurinn t. d., — ég nefni aðeins örfátt, — að öll útihús bóndans eru talin á 164 þús. kr. Þetta er nú allt fjármagnið, sem á að liggja í útihúsunum, og fyrningin reiknuð eftir því. Allar landbúnaðarvélar bóndans, sem hann á að nota, eru 65 þús. kr. — það er hálfur traktor — og fyrningin reiknuð eftir því. Allar skuldir bóndans, bæði við ræktunarsjóð og aðrar stofnanir, eru taldar 102 þús., ekki einu sinni þessi 150, sem á að lána núna, og vextirnir reiknaðir eftir því. En í ofanálag kemur það, að reiknaðir eru 4% vextir af ræktunar-

lánunum, þó að þeir séu núna 6½% og séu búnir að vera árum saman. Svona er þetta reiknað út. Skyldi bóndinn vera of sæll af útreikningi verðlagsins hjá sér? En ég skal endurtaka það, að ég er ekki að saka hæstv. ráðh. neitt í þessu sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 496,1 felld með 7:6 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 496,2 kom ekki til atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 496,3.a felld með 8:6 atkv.
— 496,3.b felld með 9:6 atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 496,4 kom ekki til atkv.
5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 496,5 felld með 7:6 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 496,6 felld með 9:6 atkv.
8.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

---

23. Byggingasjóður aldraðs fólks.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks [172. mál] (stjfrv., A. 325).

Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Árið 1959 í marzmánuði, eða nánar tiltekið 4. marz, var samþ. á Alþingi svo hljóðandi tillaga:

„Alþingi ályktar að kjósa í Sþ. 5 manna nefnd til að athuga, á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. N. kýs sér formann úr sínum hópi.

N. skal m. a. taka til athugunar þessi atriði:

1) Stofnun vistheimila fyrir aldrað fólk og þá, sem hafa skerta starfsorku.
2) Stofnun vist- og hjúkrunarheimila.
3) Aðild að greiðslu stofnkostnaðar.
4) Fyrirkomulag á rekstri þessara heimila.

Að athugun lokinni leggi ríkisstj. fyrir Alþingi frv. um þetta efni."

Hinn 11. marz voru síðan kosin í n. þau Alfreð Gíslason, Kjartan J. Jóhannsson, Ólafur Ólafsson læknar, þar af eiga tveir þeir fyrst nefndu sæti í þessari hv. d., og Ragnhildur Helgadóttir alþm. og Sigríður Thorlacius. N. kaus sér síðan sem formann Ragnhildi Helgadóttur.

Í nál., sem þessi n. skilaði í félmrn. nú fyrir ekki löngu og prentað er sem fskj. með þessu frv., er nánar greint frá störfum n. og þeim till., sem hún gerir til þess að ná því marki, sem í þáltill. fólst. N. hefur haft uppi ýmsa viðleitni til þess að afla sér sem fyllstra upplýsinga frá öðrum löndum, eins og líka er skýrt frá í nál., t. d. um það, hvað væri gert af hálfu hins opinbera víða um lönd til að hjálpa öldruðu fólki til þess að nota starfsorku sína, í öðru lagi, hvernig atvinnumöguleikum aldraðs fólks væri háttað, í þriðja lagi, hvað gert væri til að greiða fyrir öldruðu fólki um útvegun húsnæðis við þess hæfi utan stofnana, og í fjórða lagi, hvernig væri fyrirkomulag vistheimila aldraðs fólks og sérstaklega ef um vinnuheimili væri að ræða. Um allt þetta hefur n. fengið ýtarlegar upplýsingar, sem nánar er gerð grein fyrir í nál.

Það, sem liggur til grundvallar fyrir þessari till. sennilega fyrst og fremst, er það, að víðast hvar hefur meðalaldur manna hækkað mjög á síðustu árum vegna bættra lífskjara, hollustuhátta og framfara í læknavísindum. Hefur hlutfall á milli aldursflokka breytzt við það, hópur þeirra, sem komast yfir 65 ára aldur, orðið hlutfallslega stærri en áður og mun enn fara stækkandi á komandi árum. Í nál. segir, að á tímabilinu 1860—1950 hafi meðalævi 65 ára fólks á Íslandi lengzt um 4 ár, og á einum áratug, frá 1940—1950, varð lengingin á meðalævi 65 ára karla á Íslandi 1½ ár og 65 ára kvenna á Íslandi ½ ár miðað við næsta áratug á undan. Síðan eru gefnar ýmsar upplýsingar í nál. um það, hvernig þessi þróun hefur verið í öðrum löndum og hvernig talið er að hún muni verða á næstu árum. Og það ber allt að einum brunni, að þróunin gengur í þá átt, bæði hér og annars staðar, að þetta aldraða fólk verður æ stærri hundraðshluti af heildartölu þjóðfélagsþegnanna með hverju ári sem líður og að fjöldinn allur af þessu fólki er starfshæfur langt fram eftir aldri og miklu lengur en áður hefur verið.

Samkv. þjóðskránni íslenzku voru 1. des. 1960 taldir 14429 manns á Íslandi, sem voru um 65 ára og eldri, og er nánar sundurliðað, hvernig sú tala skiptist á kjördæmi og nokkra kaupstaði, sem ég hirði ekki um að lesa, því að hv. alþm. geta séð það í grg., sem frv. fylgir.

Þá telur n., að beinast liggi við að segja, að starfsorka aldraðs fólks hagnýtist bezt með því, að það haldi áfram að sinna þeim störfum, sem því eru tömust, meðan starfsþrek þess leyfir. Af þessu mætti náttúrlega draga ýmsar ályktanir, og ég fyrir mitt leyti teldi ekki útilokað að draga af því þá ályktun, að mjög kæmi til álita nú þegar með þessum breyttu

hlutföllum, hvort ekki væri tími til kominn að endurskoða lögin um aldurshámark opinberra starfsmanna t. d., því að þau eru svo fyrirvaralaus og undantekningarlaus, að þar verður hver opinber starfsmaður að víkja úr starfi, þegar hann er sjötugur að aldri, þótt ég hafi séð þess mörg dæmi, að menn séu mjög vel starfshæfir, þótt þeir hafi náð þeim aldri, og margir hverjir enn um nokkurt skeið á eftir. En það er mál, sem kemur kannske ekki beint þessu við. Ég aðeins nefni það sem möguleika, að það væri ekki úr vegi að athuga þetta einnig.

Þá segir n., að í þeim löndum, sem bezt búa að öldruðum borgurum, sé reynt að gera þeim kleift að búa að sínu og bjarga sér sjálfir svo lengi sem heilsa þeirra leyfir, og er það talið eitt grundvallarskilyrði til þess, að starfsorka manna nýtist svo lengi sem mögulegt er. Mörgu öldruðu fólki verður það ofraun að eiga að skipta um umhverfi eða starf og láta af starfi, sem það hefur lengi stundað. En það fer eftir heilsufari og heimilishögum einstaklinganna, hvaða ráðstafana er völ þeim til aðstoðar.

Í stórum dráttum, segir n., má flokka þetta aldraða fólk í fimm flokka: 1) Aldrað fólk með fulla starfsgetu. 2) Þá, sem hafa orku til að starfa hluta úr degi. 3) Þá, sem hafa litla starfsgetu og þurfa sérstök vinnuskilyrði. 4) Þá, sem enga starfsgetu hafa. 5) Þá, sem þurfa sérstaka hjúkrun vegna líkamlegs eða andlegs ástands.

Þá telur n., að til aðstoðar þessu fólki ætti að gera eftirfarandi ráðstafanir: 1) Aðstoða það við útvegun hentugs húsnæðis, ef þörf krefur. 2) Útvega því hjálparfólk til ræstinga, sendiferða og aðstoðar á heimilum eftir því, sem þörf er á. 3) Vinnumiðlun eða milliganga um útvegun á starfi við þess hæfi. 4) Starfsleiðbeiningar. 5) Vinnulækningar og endurhæfing.

Þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, er flutt í þeim tilgangi að reyna að sinna því verkefni, sem talið er þar undir 1. lið, þ. e. að aðstoða við útvegun hentugs húsnæðis, ef þörf krefur. Þegar fólk er orðið aldurhnigið og líkamsþrek þess tekið að þverra, þarfnast það þægilegs og notalegs húsnæðis af hæfilegri stærð, sem ofbýður ekki þreki þess. Eigi það kost á slíku húsnæði, getur það lengur séð um sig sjálft heldur en ef það verður að sætta sig við óhaganlegt húsnæði.

Þetta frv. um byggingasjóð aldraðs fólks fer í stuttu máli í þá átt, að stofnaður skuli sérstakur sjóður, sem nefnist byggingasjóður aldraðs fólks. Hlutverk sjóðsins er samkv. 2. gr. að stuðla með lánveitingum og styrkjum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk. Í þriðja lagi eða í 3. gr. eru svo tekjumöguleikar sjóðsins taldir. Er þar í fyrsta lagi talinn ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum þar um í l. um happdrættið, en það hefur orðið að samkomulagi við stjórn happdrættisins eða sjómannadagsráðið, að vissum hluta af happdrættistekjunum, a. m. k. 40%, verði ráðstafað í þessu skyni. Í öðru lagi eru svo frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla, og vaxtatekjur. Sem sagt, meginuppistaðan í tekjuöfluninni eru þessi 40% af happdrættistekjum dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Stjórn sjóðsins er svo gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins annist, og lánveitingar og styrki úr sjóðnum má svo veita þeim, sem taka að sér byggingu slíkra íbúða eins og hér er um að ræða, sem ég geri ráð fyrir að verði fyrst og fremst sveitarfélög og kannske einhverjir aðilar aðrir. Sá möguleiki er a. m. k. látinn opinn í frv. og þá gert ráð fyrir, að sveitarfélögin eða þeir, sem byggja, sjái sjálfir um útvegun á þeim hluta kostnaðarverðsins, sem þessi framlög úr byggingasjóði aldraðs fólks hrökkva ekki til að greiða. Styrkir og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega samkv. frv. nema allt að 50% af byggingarkostnaði. Nokkur einstök smærri atriði eru líka talin í frv., sem ég hirði ekki um og þarf ekki að rekja, en þetta eru aðalatriðin.

Samhliða þessu frv. og raunar í framhaldi af því hefur n. svo samið tvö önnur frv.: Annað um heimilisaðstoð eða heimilishjálp fyrir þetta fólk, ef á henni kann að þurfa að halda, og er frv. um það á dagskrá þessarar hv. d. í dag einnig, og verður þá gerð grein fyrir því. Í þriðja lagi hefur svo n. samið þriðja frv. um framlengingu á leyfi dvalarheimilis aldraðra sjómanna til að halda áfram happdrætti sínu enn um 10 ára skeið.

Ég tel, að hér sé um allmerkilegt mál að ræða. Þó að það sé ekki stórt í sniðunum kannske enn þá, getur það með tímanum orðið til þess að veita verulegum hópi gamals fólks möguleika til að fá íbúð við sitt hæfi, litla og þá kannske frekar ódýra, en það sem mest á ríður: íbúð, sem er viðráðanleg og það getur betur komið sér fyrir í heldur en kannske í eldri íbúðum, sem það er nú í, sem hafa verið sniðnar við allt annað en þarfir aldraðs fólks. Og einnig á þetta að leiða til þess, að fólk, sem annars mundi hafa lent á elli- eða hjúkrunarheimili, gæti á þennan hátt notið betur ellidaganna og haft meiri möguleika til starfa, ef það fengi íbúðir sem þessar.

Það er náttúrlega ekki hægt á þessu stigi málsins að segja fyrir um það, hve miklir tekjumöguleikar sjóðsins kunna að verða, og ég vil engar tölur nefna í því sambandi á þessu stigi, en ef allt gengur þar eins og áður, ætti þó að vera um talsvert verulega upphæð í þessu skyni að ræða, og ef sveitarfélögin koma svo á móti með sinn skerf, ætti að mega gera ráð fyrir, að allnokkrar íbúðir af þessu tagi gætu komizt upp á hverju ári á næstu árum. Kannske verður svo eitthvað aukið við þetta síðar og möguleikarnir til íbúðabygginganna fyrir aldrað fólk auknir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að rekja þetta mál öllu lengra, en vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hér er hreyft við mikilsverðu máli. Það er eitt af aðaleinkennum hvers þjóðfélags að búa vel að öldruðu fólki. Og ég hygg raunar, að það megi af fáu ályktа betur um það, á hverju menningarstigi þjóðfélag stendur, heldur en af því, hvernig það býr að öldruðu fólki.

Það er staðreynd, sem gerð hefur verið grein fyrir af hæstv. félmrh. í framsögu fyrir þessu máli og rakin er í grg. með þessu frv., að öldruðu fólki fjölgar hlutfallslega, þ. e. a. s. aldur þess lengist og starfsþrek þess endist betur en áður var. Þetta leiðir til þess, að það skapast að sumu leyti sérstök vandamál í sambandi við það. Frá sjónarmiði þjóðfélagsins hlýtur að vera æskilegt að stuðla að því með öllum ráðum, að starfskraftar gamals fólks nýtist sem bezt og sem lengst, og þess vegna hlýtur viðleitnin að beinast að því, að því séu búin slík starfsskilyrði, að það geti notað starfsorku sína við störf, sem því henta. Jafnframt þarf svo að hugsa um hina hliðina, að því séu sköpuð þau skilyrði til aðbúnaðar hvað húsnæði snertir, sem öldruðu fólki henta. En það er ljóst, að á högum fólks verður allmikil breyting frá því kannske að vera í stórri fjölskyldu eða þurfa að sjá fyrir stórri fjölskyldu, þar til gamalmenni — hjón eða einstaklingar — standa oft eftir tvö ein og þurfa þá á nokkuð annarri aðstöðu hvað húsnæði snertir að halda heldur en áður var. Og þegar um húsnæðisvandræði er að tefla á annað borð, þá er auðsætt, að slíkt fólk getur orðið í nokkrum vandræðum. Ég held, að það verði þess vegna að gera hverjar þær skynsamlegar ráðstafanir, sem völ er á, til þess að greiða götu þessa fólks á þann hátt, sem ég hef lauslega drepið á. Af þeim sökum tel ég, að taka beri vel hverri þeirri viðleitni, sem í þá átt miðar. Ég álít þess vegna, að það frv., sem hér liggur fyrir, stefni í rétta átt, svo langt, sem það nær.

Ég vil aðeins í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að þetta frv. eða samning þess á rætur að rekja til þáltill., sem samþykkt var hér á Alþingi 1958, en sú till, var einmitt flutt af framsóknarmönnum, 1. flm. hennar var þáv. þm. Mýramanna, Halldór E. Sigurðsson. Sú till. var að vísu ekki aðeins um það, á hvern hátt öldruðu fólki yrði séð fyrir húsnæði eða búin skilyrði i því sambandi, heldur var hún víðtækari, og í henni fólst það, að athuga skyldi, á hvern hátt væri hægt að búa öldruðu fólki skilyrði til þess að nota starfsorku sína. Mér skilst nú, að sú nefnd, sem kosin var samkv. þessari þáltill., hafi athugað það mál nokkuð almennt. En í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, felst í raun og veru ekki nema einn þáttur þeirrar athugunar. Eftir er að fylgja málinu fram betur og gera þær ráðstafanir, sem nefndin telur að gera þurfi til þess að bæta að öðru leyti skilyrði aldraðs fólks til þess, að það geti nýtt sína starfsorku. Ég vil vænta þess, að frv. eða ráðstafanir í þá átt megi fara á eftir þessu frv. Það er áreiðanlegt, að það er mjög mikilsvert mál. Þjóðfélagið hefur ekki ráð á því að láta starfskrafta aldraðs fólks fara í súginn vegna þess, að það hafi ekki völ á þeim störfum, sem við hæfi þess eru. Jafnframt get ég fyrir mitt leyti tekið undir orð hæstv. félmrh. hér áðan, að það er nú orðið vissulega athugunarefni, hvort þjóðfélagið hefur í raun og veru efni á því að kasta frá sér sínum starfsmönnum svo skjótt sem nú er gert almennt, vegna þess að það er vitað mál, að þeir menn endast yfirleitt miklu betur en áður var og þegar ákvæðin um aldurshámark embættismanna voru sett. Ég get þess vegna tekið undir það, að það sé orðið tímabært að taka þau ákvæði til athugunar, þó að mér sé ljóst, að það er nokkuð erfitt mál, vegna þess að það hlýtur alltaf að vera miðað við einhvern meðalhófsaldur, en það er hins vegar misjafnt, hvernig einstaklingarnir eldast.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram við 1. umr. málsins, að þetta mál, sem hér er flutt, er sprottið upp af þeirri till., sem framsóknarmenn fluttu hér á Alþingi á sínum tíma. Mér virðist frv. miða í rétta átt. Hins vegar getur verið álitamál, hvort nógu langt er gengið í því efni, og m. a. er náttúrlega alveg óvíst, hverjar tekjur þessi sjóður hefur. Þar sem hæstv. félmrh. upplýsti það ekki, hverjar tekjur hefðu verið af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna og hvers mætti vænta í því efni, þá er með öllu óvíst, hve hárri fjárhæð þau 40%, sem þessum byggingarsjóði eru ætluð, muni nema. En hvað sem um það er, þá er það atriði, sem úr má bæta síðar, ef hér er réttur grunnur lagður. En það, sem ég vildi um leið leggja áherzlu á, er þetta, að það er ekki nægilegt að veita öldruðu fólki aðstoð til þess að eignast eða fá til afnota íbúðir við sitt hæfi, heldur er hitt að mínu viti ekki síður nauðsynlegt, að af þjóðfélagsins hálfu sé veitt aðstoð til þess, að hið aldraða fólk geti sem lengst verið sjálfbjarga og staðið á eigin fótum, því þó að bygging elliheimila sé nauðsynleg og þeir, sem þar hafa verið að verki, eigi mikla þökk skilið fyrir sitt framtak, getur það þó aldrei verið það æskilega frá mínu sjónarmiði séð, að aldrað fólk þurfi að dveljast þar langdvölum. Hitt er frá mínu sjónarmiði æskilegra, að það geti sem lengst verið í sem nánustum tengslum við hið starfandi líf og búið og starfað við sem svipaðastar aðstæður og það hefur áður starfað við. Þetta er sem sagt ekki nema einn þáttur þessa máls, en út af fyrir sig mikilsverður þó. Það er þýðingarmikið, að aldrað fólk eigi völ á húsnæði, sem því hentar, að það eignist slíkt húsnæði eða fái það með öðrum hætti til afnota. En ég get þó um leið og ég segi þetta ekki stillt mig um að láta í ljós þá skoðun, að hitt sé þó ekki síður þýðingarmikið, að hinu unga fólki í landinu séu búin þau skilyrði, að það geti eignazt þak yfir höfuðið. Og ef búið er þannig að unga fólkinu, að það geti eignazt sínar íbúðir, eru

náttúrlega nokkrar líkur til þess, að hið aldraða fólk geti fremur komizt af án aðstoðar þess opinbera.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 368).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. og mælir einróma með því, að það sé samþ.

Eins og fram kemur í áliti milliþn., sem var kosin af Alþingi 11. maí 1959, aflaði hún sér bæði erlendra og innlendra upplýsinga. Þær leiddu í ljós, að á undanförnum áratugum hefur meðalmannsævi lengzt verulega, og er talið víst, að enn eigi hún eftir að lengjast verulega á næstu áratugum. Ellilífeyrisaldur hér á landi er nú miðaður við 67 ár. Sem betur fer bendir athugun, er fram hefur farið á fólki, sem er að nálgast þann aldur, til þess, að 8—9 af hverjum 10 geti haldið áfram að vinna sama eða svipað starf og þeir hafa unnið. Langflestir vildu þeir líka halda áfram að vinna, en nokkrir óskuðu eftir styttri vinnutíma eða léttari vinnu. Það hefur einnig komið í ljós, að það er ekki aðeins, að þetta aldraða fólk geti og vilji vinna, heldur er það heilsubetra og hamingjusamara, ef það fær starf áfram við sitt hæfi.

Þetta er mjög mikilsvert fyrir fámenna þjóð eins og okkur Íslendinga, þar sem fjöldi verkefna kallar á hverja vinnufúsa hönd. Sjálfsagt er að greiða fyrir þessu fólki, svo að það megi sem lengst njóta þess að vinna með félögum sínum. Það, sem einkum er þörf á, er að hjálpa þeim, sem þurfa eða óska eftir að stytta vinnutíma sína eða fá léttari störf. Þetta verkefni ætti að vera auðvelt að leysa í samvinnu við þær vinnustofur, sem nú eru að rísa upp í Reykjavík fyrir öryrkja og til endurhæfingar sjúkra. Þessar vinnustofur og heimili eru að vísu reist að frumkvæði einstakra hópa eða félaga, eins og t. d. S. Í. B. S., en þróunin hlýtur og að verða sú, að þær taki við öllum, sem þurfa, án tillits til fyrri sjúkdóms eða aldurs.

Þetta, hvað fólk endist betur en áður, vekur einnig til umhugsunar um það, eins og hæstv. ráðh. og hv. 3. þm. Norðurl. v. minntust á við 1. umr. þessa máls, hvort aldurshámark embættismanna er ekki of lágt eða a. m. k. of rígbundið. Það er full ástæða til að athuga það nánar, og ef ekki þykir ráðlegt að slaka á aldurshámarkinu, er nauðsynlegt að finna ráð til þess að nota sérþekkingu og reynslu þeirra, sem verða að láta af störfum fyrir aldurs sakir, bæði þeirra vegna og þjóðfélagsins. Ég minnist þess, að einn þekktasti heilaskurðlæknir heims þurfti að láta af störfum nýlega í heimalandi sínu. Hann fluttist til annars lands og veitir þar nú forstöðu sjúkrahúsi, þar sem hin frábæra þekking hans, reynsla og tækni fær enn þá notið sín um hríð.

Það var sammála álit okkar, sem vorum í n., sem vann að þessu máli, að það, sem mest þörf væri á að gera fyrir þennan stóra hóp aldraðs fólks, væri að greiða fyrir því, að það gæti fengið þægilegar og hentugar íbúðir. Til þess að stuðla að því er þetta frv. um byggingasjóð aldraðs fólks samið og flutt. Frv. var breytt lítils háttar frá því, að n. skilaði því af sér, en fullt samkomulag náðist um breytingarnar milli okkar, sem vorum í n., og forustumanna D. A. S. Við erum sammála um, að þetta hljóti að stuðla að því, að aldrað fólk hafi sem lengst skilyrði til þess að lifa og starfa sem virkir þátttakendur í önnum daglega lífsins og að því að búa þjóðinni og börnum hennar betri og bjartari framtíð.

Þær tekjur, sem vænta má að sjóðurinn fái til að byrja með, eru að vísu ekki miklar. Þó má búast við, að árlega verði unnt að styrkja a. m. k. 10 íbúðir, er hver væri ætluð hjónum eða 2 einstaklingum. Á aðeins 5 árum væri þannig hægt að stuðla að því, að 100 manns fengju hentugar íbúðir. Í þessu sambandi má geta þess, að talið er, að 2 manna íbúð kosti álíka mikið og eitt rúm í elliheimili eða dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Við, sem vorum í n., sem undirbjó þetta frv., og aðrir, sem um þetta mál hafa hugsað, bæði hér á landi og erlendis, eru sammála um, að aldrað fólk eigi í lengstu lög að búa á eigin heimilum. Til þess að stuðla að því má margt gera, t. d. sjá um, að það, sem þess þarf með, eigi kost á heimilisaðstoð og hjúkrun. Um dvalarheimili aldraðs fólks er talið, að þau eigi að vera í sem nánustum tengslum við það umhverfi, sem fólkið hefur lifað í og vanizt. Heimilin eiga helzt ekki að vera stór. Nokkur lítil heimili eru talin heppilegri en eitt stórt. Okkur, sem að þessu frv. höfum unnið, er ljóst, að þessar aðgerðir leysa ekki allan vanda þessa fólks, en við erum viss um, að það er spor í rétta átt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna fsp., sem hv. 1. þm. Vesturl. var með hér við 2. umr. um eignir sjómannadagsins og byggingarnar í Laugarási.

Eignir sjómannadagsins munu vera nú tæpar 38 millj. Þar af eru byggingarframkvæmdir 34.9 millj. Hagnaður af happdrættinu til 30. apríl 1962 nam 29.3 millj. Þar í eru að vísu taldar nokkrar tekjur, sem D. A. S. hefur haft af aðalumboðinu í Reykjavík. Greiddir vinningar happdrættisins voru fyrstu 8 árin 59.7

millj. Það var rétt, sem ég skýrði hér frá við 2. umr., að það hefur orðið núna s. l. ár nokkur hagnaður á bjórekstrinum, og bæði sá hagnaður og hagnaður, sem áður hefur orðið á þeim rekstri, hefur gengið til þessara framkvæmda og meðfram til þess að greiða þann halla, sem hefur verið á rekstri heimilisins, sem stafar aðallega, eins og ég sagði, af rekstri sjúkradeildarinnar. En auk þess eru nokkrar tekjur, sem sjómannadagsráð hefur haft, bæði af skemmtanahaldi á sjómannadaginn og auk þess hafa borizt verulegar upphæðir sem gjafir til sjómannadagsins eða stofnunarinnar, sem D. A. S. hefur í Laugarási.

Ég vona, að ég hafi svarað þeim fsp. á fullnægjandi hátt, sem hv. 1. þm. Vesturl. bar fram.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið varðandi happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sem ég gerði fsp. um. Ég vona, að það sé rétt eftir tekið hjá mér, að heildartekjur af happdrættinu þangað til á miðju árinu 1962 hafi frá upphafi verið 29 millj. kr. rúmlega og byggingarkostnaður sé tæpar 35 millj. kr. Aðrar tekjur skilst mér að hafi verið núna síðustu árin einhver hagnaður af bíói og margvíslegar gjafir, sem dvalarheimilinu eða stjórn sjómannadagsins hafa borizt með ýmsum hætti. Er þá ekki annað sýnilegt en fjárhagsgrundvöllur byggingarinnar hvíli á mjög sterkum grunni, og skilst mér, að sá fjárhagur út af fyrir sig eigi verulega að geta létt þeim dvölina, sem þarna dveljast, þar sem ekki þarf að taka sérstakt tillit til vaxtagreiðslna né annars af skuldum, sem þurft hefur að grípa til vegna framkvæmdanna.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. shlj. og breytingalaust.

Tildrög þessa máls eru þau, að árið 1959 var kosin hér á Alþingi nefnd til þess að athuga skilyrði aldraðs fólks til þess að nota starfsorku sína. Í n. voru kosin þau Alfreð Gíslason læknir, Kjartan J. Jóhannsson læknir, Ólafur Ólafsson læknir, Ragnhildur Helgadóttir og Sigríður Thorlacius. N. hefur skilað allýtarlegu nál., sem er prentað sem fskj., þar sem gefnar eru ýmsar upplýsingar, bæði um starf n. og þær till., sem hún hefur að flytja, og leyfi ég mér í aðalatriðum að vísa til þessa nál.

Höfuðástæðan til þess, að þetta mál hefur komið fram, er sjálfsagt sú, að öldruðu fólki fjölgar sífellt í hlutfalli við íbúatöluna, þ. e. a. s. stöðugt vaxandi hundraðshluti þjóðarinnar nær hærri aldri nú en áður. Í nál. á bls. 4, sem frv. fylgir, er gerð grein fyrir þessu, þar sem kemur í ljós, að árið 1901 hefur fjöldi 65 ára manna og eldri verið 6.9% af heildaríbúatölunni, en þessi tala er 1960 komin yfir 8%. Þetta hefur leitt til þess, að menn hafa farið að leiða hugann að því, hvað væri hægt að gera, til þess að starfsorka þessa fólks, sem oft er tiltölulega lítið skert fram eftir öllum aldri, mætti á einhvern hátt notast. Það eru ýmsar leiðir, sem taldar eru koma til greina í því sambandi, og vísa ég þar enn og aftur til nál., sem frv. fylgir. En ein af þeim leiðum, sem taldar hafa verið koma til greina, er sú að reyna að skapa þessu fólki viðunandi húsnæði. Það er nú svo, að þegar fólk hefur náð þessum aldri, þarf það ekki eins mikið húsnæði og fyrr á árum, meðan börn voru heima og fjölskyldan stærri, en hins vegar oft erfitt að fá hentugt húsnæði fyrir þetta fólk.

Efni frv. er það, að stofnaður skuli byggingasjóður aldraðs fólks og hlutverk sjóðsins sé að stuðla með lánveitingum og styrkjum til þess, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir þetta fólk. Tekjur í þessu skyni eru ætlaðar ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum þar um í lögum um happdrættið. Það hefur náðst samkomulag við sjómannadagsráð, sem stjórnar happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, um það, að verulegur hluti af tekjum happdrættisins renni til þessarar starfsemi. Og í öðru frv., sem hér er á dagskrá á eftir, er því slegið föstu, að þessi hundraðshluti af tekjunum skuli vera 40%. Stjórn þessa sjóðs er Tryggingastofnun ríkisins falið að annast, og lán úr honum má veita gegn öruggum tryggingum sveitarfélögum eða öðrum aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með, sem takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga koma líka til greina samkv. ákvæðum 6. gr. Þessir styrkir og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega samtals nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðarinnar.

Þetta er aðalefni frv. Mér er að vísu ljóst, að þær tekjur, sem hér er um að ræða handa þessari starfsemi til að byrja með, eru ekki eða verða ekki um alla framtíð fullnægjandi, það er nokkurn veginn víst. En með henni mætti þó gera verulegt átak, þar sem gert er ráð fyrir, að sveitarsjóðirnir, sem hér eiga hlut að máli, komi líka til og leggi hönd á plóginn með því að leggja fram eða útvega þann helming af byggingarkostnaðinum, sem ekki er séð fyrir í lögum þessum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að rekja þetta nánar. Það var fullt samkomulag um málið í hv. Ed., og ég vænti, að svo verði einnig hér.

Frv. fylgja önnur tvö frv., sem eru hér næst

á dagskránni, annað um breytingu á l. um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sem er bein afleiðing af þessu frv., og annað, sem er um heimilishjálp aldraðs fólks, sem líka hefur verið tekið til athugunar af nefndinni.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki meining mín að fara að mæla gegn þessu frv., sem hér er til umr., nema síður sé, heldur vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli vera fram komið, þó að ég hefði hins vegar kosið, að hér væri meira mál á ferðinni en raun ber vitni um. En að því mun ég víkja síðar.

Ég hef tekið eftir því, að í blöðunum hefur þetta mál verið nokkuð rætt, síðan það kom fram hér á hv. Alþingi, og hafa stjórnarblöðin gert sér mjög far um að merkja þetta hæstv. ríkisstj. og flokkum sínum. Í Morgunblaðinu var frá því sagt, þegar skýrt var frá þessu máli, að það væri ánægjulegt, að viðreisnarstjórnin skyldi beita sér fyrir því. Í Vísi var frá því sagt, að það væri ánægjulegt, að Sjálfstfl. beitti sér fyrir þessu máli. Og í Alþýðublaðinu var frá því skýrt, að það væri mjög ánægjulegt, að hæstv. félmrh. legði á það mikla áherzlu, að þetta mál næði fram að ganga, og aðeins væri einn galli hér á, að framsóknarmenn vildu nú fara að eigna sér málið. Það var slæmur ljóður á ráði málsins frá sjónarmiði Alþýðublaðsins. En af þessari ástæðu þykir mér rétt að skýra nokkuð sögu þessa máls hér á hv. Alþingi, ef það mætti verða þeim að liði, sem um það hafa fjallað, og þeim öðrum, sem vilja vita hið sanna og rétta um þetta mál sem önnur.

Á Alþingi 1957 flutti ég ásamt hv. þáv. 1. þm. Árn., Ágúst Þorvaldssyni, till. til þál. um þetta efni. Till. dagaði uppi. En á Alþingi 1958 var till. endurflutt og þá í nokkuð fyllra formi en áður hafði verið. Flm. voru þá Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Björgvin Jónsson, Páll Þorsteinsson og Sigurvin Einarsson. Þessi till. var 32. mál þingsins og var á þskj. 52. Hún var lögð fram á Alþingi, útbýtt 29. okt. og lögð fram á 6. fundi Sþ. Hún var til umr. á 9. fundi Sþ. þann 12. nóv. 1958. Í framsöguræðu, sem ég flutti fyrir þessu máli þá, gerði ég grein fyrir málinu í meginatriðum. Í fyrsta lagi benti ég á það, að öldruðu fólki fjölgaði mjög í landinu og þess vegna þyrfti að taka þetta mál til meðferðar nú frekar en áður hefði verið. Fólk margt léti af störfum um sjötugt, en ætti þá eftir ónotaða starfsorku. Þetta þyrfti þjóðfélagið að horfa á, bæði til þess að gefa þessu fólki tækifæri á að skapa verðmæti, sem það gæti gert, og í öðru lagi til þess að ellin yrði ekki þessu fólki óbærileg, enn fremur, að þéttbýlið skapaði ýmis vandamál í sambandi við þetta. Heimilin gætu ekki sinnt þessu aldraða fólki, eins og áður hefði verið. Þess vegna þyrfti að taka málið til meðferðar nú, þó að það hefði ekki þurft áður fyrr. Í till. okkar var gert ráð fyrir því, að n., sem fengi málið til meðferðar á milli þinga, ætti að athuga um stofnun vinnuheimila fyrir aldrað fólk og fólk, sem hefði skerta starfsorku, í öðru lagi stofnun vist- og hjúkrunarheimila, í þriðja lagi aðild að greiðslu stofnkostnaðar og í fjórða lagi fyrirkomulag á rekstri þessara heimila. Þessi till. okkar fór til fjvn. eftir fyrri umr. og gekk þangað 19. nóv. 1958. Umr. um þetta mál er að finna í D-deild Alþingistíðindanna frá 1958, og tóku ekki þátt í þeim umr. hér á hv. Alþingi aðrir en ég sem 1. flm. og hv. þm. Alfreð Gíslason læknir. Fjvn., sem þá áttu sæti í 4 framsóknarmenn, 3 sjálfstæðismenn, 1 Alþfl.-maður og einn Alþb.-maður, afgreiddi nál. sitt á þskj. 295. N. varð á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Hún lagði til, að sú breyting ein yrði gerð á málinu, að í staðinn fyrir það, að ríkisstj. skipaði n. eftir tilnefningu ýmissa stofnana, þá yrði n. kosin af Alþingi. Þetta mál var tekið fyrir á fundi í Sþ., 31. fundi þingsins, hinn 4. marz 1959, og till. var afgreidd frá Alþingi alveg eins og n. gekk frá henni og að stofni til alveg eins og hún var upphaflega lögð fyrir þingið. Af hálfu fjvn. hafði ég framsögu um þetta mál hér á hv. Alþingi, og tóku ekki aðrir hv. alþm. þátt í þeim umr. Hinn 11. maí 1959 var svo n. kosin, sem til var ætlazt í till., og átti frú Sigríður Thorlacius sæti í henni af hálfu okkar framsóknarmanna.

Þetta er sagan um tildrög þessa máls, og þarf engan að undra, þótt Framsóknarflokksmenn telji sig hafa komið þar við.

Síðan þetta gerðist á vorinu 1959, að n. var kosin í þetta mál, hefur málið verið í meðferð n. Hún hefur að eðlilegum hætti unnið að málinu, eins og hún var kosin til. Og nú fyrst á þessu hv. Alþingi skilar n. áliti til þingsins, svo sem ráð var fyrir gert í till., að gert yrði. Það, sem ég vil segja um störf n., er það, að ég hafði í upphafi gert ráð fyrir því, að hún mundi taka málið víðtækara til meðferðar en gert hefur verið. Í till. okkar var gert ráð fyrir því, að heildarlöggjöf yrði sett um vinnu- og vistheimili fyrir aldrað fólk. Við bentum á það í grg. og einnig í framsögu, að nauðsyn bæri til að setja upp slíka löggjöf. Það, sem n. hefur hins vegar gert, er að leysa einn þáttinn, um íbúðir fyrir aldrað fólk. Hins vegar lít ég svo á, að aðrir þættir málsins séu enn óleystir.

Í sambandi við frv. n., það sem hæstv. ríkisstj. leggur hér fyrir, vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort það er ekki svo, að sú aðstoð, sem veitt er með frv., nái einnig til vistheimila, þó að það séu ekki einstaklingshús, eins og þarna er gert ráð fyrir, þ. e. að 50% lán og styrkur nái einnig til þess hluta vistheimilis, sem eru íbúðir fyrir þetta aldraða fólk. Mér finnst það ekki koma greinilega fram í frv., en tel, að það megi lesa þetta út úr grg. frv.

Ég verð að segja það, að þó að ég hefði viljað, að meira hefði verið að gert, þá fagna ég

þessu frv. En ég hefði líka talið eðlilegt, að tekjur af happdrættinu skiptust a. m. k. jafnt. Dvalarheimili aldraðra sjómanna er stofnun, sem er búin að njóta þessa tekjustofns lögverndað nú um nokkurra ára skeið, er búið að reisa miklar byggingar og hefur þess vegna ekki eins brýna þörf og mörg héruð munu hafa fyrir slíkar stofnanir. Af þeirri ástæðu hefði ég talið eðlilegt, að hér hefði verið um 50% skipti að ræða á milli þessara tveggja stofnana. Hins vegar er heimild fyrir dvalarheimilisstjórnina í lögum um happdrættið að lána til íbúðarhúsa fyrir aldrað fólk, og getur það þá notið einhvers af hinum hlutanum, en það hefði verið hin mesta nauðsyn, að þessi fjárhæð hefði verið meiri. Enn fremur finnst mér skorta í þessa afgreiðslu n., að það skyldi ekki vera sett löggjöf um vinnuheimili fyrir þetta fólk og fólk með skerta starfsorku. Það er mikil nauðsyn á því að setja heildarlöggjöf um þá starfsemi. Hún hefur að verulegu leyti byggzt á störfum áhugamanna, og er ekki nema gott um það að segja. En hér þarf að koma til, þótt síðar verði, heildarlöggjöf, og ég er n. sammála um, að eðlilegt er, að það sé löggjöf, sem nái bæði til þess fólks, sem er með skerta starfsorku vegna sjúkleika, og þeirra, sem hafa hana skerta fyrir aldurs sakir. Til þess var einnig ætlazt í till. okkar framsóknarmanna 1958. Mér finnst, að það hefði verið líka nauðsynlegt að hafa fyllri ákvæði um dvalarheimilin fyrir aldraða fólkið en hér er, en geri ráð fyrir því, að þau eigi að njóta sömu hlunninda um lán og styrki og gert er ráð fyrir með þessu frv., nema annað upplýsist.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál öllu meira að þessu sinni, en ég vil vegna þess, sem ég tók fram hér í upphafi, og vegna blaðaskrifa, sem um þetta hafa orðið, leggja áherzlu á, að það var af hendi okkar framsóknarmanna, sem þetta mál var flutt hér á Alþingi og borið uppi gegnum þingið, þar til afgreiðslu þess lauk 4. marz 1959. N. hefur svo af eðlilegum ástæðum skilað sínum störfum eftir 4 ár að nokkru leyti, en þó ekki að því leyti, sem till. raunverulega ætlaðist til. Og ég get um leið látið í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki lagzt á þetta mál, eins og við verðum oft að sætta okkur við, sem erum ekki hennar stuðningsmenn, heldur ber það fram hér á þessu þingi, og ég treysti því, að það nái fram að ganga, og ber að meta þann þátt hennar sem annarra, er málinu hafa lagt lið.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur nú gefið hér allýtarlega skýrslu um gang málsins á Alþingi áður, mjög nákvæma, jafnvel um fundahöld og hverjir þar hafa tekið til máls og annað þess háttar, og skortir þar ekkert á annað en tímasetningu, hvað klukkan hefði verið, þegar málið hefði verið tekið fyrir þá og þá. En það getur kannske komið síðar. Mér finnst þetta tog um það, hverjum þetta eða hitt sé að þakka eða hver hafi borið það fram, og annað þess háttar þýðingarlítið. Það getur verið ósköp gott að halda því öllu saman til haga, en aðalatriðið er þó, að málið nái fram að ganga. Og sízt ættu þeir, sem telja sig hafa átt mikinn hlut að málinu í upphafi, að vinna gegn því, að málið sé flutt og því hrundið í framkvæmd. Ég skal svo ekki fara lengra út í það, en sjálfsagt hafa ýmsir átt hlut að því, bæði fyrr og síðar, að koma þessu máli á framfæri. Ég sleppti viljandi að ræða um það í minni frumræðu eða þessum fáu orðum, sem ég sagði í upphafi. Aðalatriðið er, að málið náist heilt í höfn. Svo geta menn togazt á um það á eftir, hverjum sé meira eða minna að þakka, að málið sé komið á það stig, sem það nú er.

Hv. þm. bar fram eina fsp. til mín og það var ástæðan til þess, að ég tók hér aftur til máls. Hann spurði eitthvað á þá leið, hvort frv. næði til vistheimila gamals fólks og þær fyrirgreiðslur, sem í frv. er gert ráð fyrir, væru handbærar í því skyni eins og til íbúðabygginga fyrir einkaíbúðir þessa gamla fólks.

Í frv. er lögð á það áherzla, og raunar er það rauður þráður gegnum frv. allt, að n. heldur því fram, að hún telur ákjósanlegast, að aldrað fólk, sem þess æskir, geti sem lengst dvalizt á eigin heimilum, en gerir þó ráð fyrir, að sá hópur hljóti alltaf að verða allstór, sem af ýmsum ástæðum þarfnast hælisvistar. Ég er alveg sammála þessum skilningi eða þessari stefnu hjá n. Ég tel æskilegt, að á meðan þetta gamla fólk getur séð um sig sjálft, þá geri það það og fái aðstoð, ef þess þarf með, til að annast þau heimilisstörf, sem það getur ekki annazt sjálft. Á þessum forsendum tel ég, að sú aðstoð eða sú hjálp, sem þetta frv. leggur til að veitt verði, bæði styrkir og lán, verði fyrst og fremst látin ganga til íbúðabygginga þar, sem aldraða fólkið getur búið sér og lifað sér án þess að fara á vistheimili. Það er rétt, að það sker ekki úr í frv. sjálfu, hvort aðstoðin sé einskorðuð við þetta. Það, sem í 5. gr. segir um þetta, er, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Styrki og lán úr sjóðnum má veita gegn öruggum tryggingum sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnirnar mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki."

Þetta gæti hugsazt að ná einnig til vistheimila, en ég tel þó, að það sé aðalskilningur þeirra, sem frv. hafa samið, að þetta eigi að ganga til íbúðabygginga, þar sem hver fjölskylda geti verið ein og út af fyrir sig, og ekki til neinna vistheimilabygginga. Og ég tel, að það sé sá skilningur, sem í þetta beri að leggja. Um vinnuheimilin segir n. beinlínis, að hún telur ekki að svo stöddu rétt að stofna til sérstakra vinnuheimila eða vinnustofa fyrir aldrað fólk. Hún telur, að gamalt fólk með skerta starfsorku eigi að fá að vera með í störfum með þeim öryrkjum, sem reist hafa verið vinnuheimili fyrir og hafa einnig skerta starfsorku, en ekki að gamla fólkið sé skilið frá og sérstök heimili séu höfð fyrir það, held-

ur af hverju sem skerðing starfsorkunnar stafar, þá sé fólkinu haldið til vinnu á sama stað, hvort sem það er af elli eða öðrum orsökum.

Ég held, að það hafi ekki verið annað í ræðu hv. þm., sem ég þarf að ræða um. Meginhluti hans ræðu var að rekja gang málsins, og hef ég út af fyrir sig ekkert við því að segja. Mér virtist hann vera frv. hlynntur, þó að honum virtist það ganga skemmra en hann hefði sjálfur óskað. En byrjun er þetta þó, og byrjun, sem örugglega miðar í rétta átt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þetta frv. og jafnframt þeirri mþn., sem fjallaði um þetta mál og vann að því, og þeim öðrum, sem hlut eiga hér að máli, og þá kannske ekki síst 3. þm. Vesturl., eftir orðum hans að dæma, en það voru einmitt þau, sem gáfu mér tilefni til að standa upp, eða öllu frekar þær söguskýringar, sem hann gaf hér.

Mér finnst í sambandi við þær umr., sem orðið hafa um þetta frv., að gleymzt hafi ákaflega stór hlutur hjá mörgum hv. ræðumönnum, og það er sá hlutur, sem varðar fjármagnið, sem til byggingasjóðs aldraðra á að fara. En sú fjármagnsmyndun á sér auðvitað miklu lengri sögu en kom fram hjá 3. þm. Vesturl.

Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefur nú starfað í nær 9 ár, en það tók til starfa á árinu 1954 skv. sérstakri löggjöf, sem sett var á hv. Alþingi. En það var ekki byrjunin á þeirri starfsemi, sem ágóði þess átti að renna til. Búin var að standa yfir í mörg ár söfnun sjómannasamtakanna til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Á s. l. ári átti sjómannadagurinn 25 ára afmæli, en það má segja, að allt frá fyrstu tíð hafi starfsemi þessa dags, sem er byggður upp af stéttarfélögum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, bæði undirmanna og yfirmanna, miðað að því að safna fé til að byggja dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn. Og ég vil taka það fram nú þegar, að auðvitað hlaut að koma að því, eftir að svo stórkostlegum áfanga var náð, eins og raun ber vitni um að Laugarási hér í Reykjavík, þá var óhjákvæmilegt að færa þessa starfsemi út á þann veg, að þarna væri ekki eingöngu verið að ætla öldruðum sjómönnum vist, þó að hins vegar það skilyrði sé enn þá sett fyrir vistdvöl, að þeir eigi forgangsrétt til dvalar á heimilinu. Hins vegar eru þarna bæði konur og karlar, sem aldrei hafa komið á sjó, alls staðar að af landinu. Geri ég ráð fyrir, að það séu jafnvel fleiri í dag, sem eru vistmenn á þessu heimili, utan af landi heldur en hér af svæðinu í kringum Reykjavík og Hafnarfjörð.

Eins og ég sagði áðan, hafði söfnun staðið yfir í mörg ár í þessu augnamiði, þegar þetta happdrættisleyfi fékkst fyrir þessi samtök, og það höfðu safnazt margar millj. kr. Og mér finnst einmitt rétt í sambandi við 1. umr. þessa máls, að það komi fram, að í sambandi við þá söfnun var sýnt gífurlega mikið og óeigingjarnt starf af þeim áhugamönnum, sem að þessu máli unnu. Ríkisstj. kom á móti ósk þessara manna um að gefa þeim þennan tekjustofn, sem væri fólginn í happdrættinu, sem þeir sjálfir byggðu upp að öllu leyti, vegna þess að hinar stóru og miklu upphæðir, sem þeir höfðu þegar safnað, voru sífellt að rýrna vegna þeirrar verðrýrnunar, sem átti sér stað á þessum árum. Allt þetta fé, sem búið var að safna þá og hefur verið safnað auk þess síðan, hefur farið í þessa byggingu dvalarheimilis aldraðra á Laugarási í Reykjavík. Og í dag er höfuðstóll þessara eigna eða byggginganna að Laugarási kominn í tæpar 35 millj. kr.

Fyrstu 8 árin hefur happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna skilað í ágóða rúmum 29 millj. kr., og eru þá taldar með tekjurnar af aðalumboðinu hér í Reykjavík. Þegar happdrættið var farið að skila jafnöruggum og árvissum ágóða og raun bar vitni um eftir fyrstu starfsárin, komu strax óskir fram um það frá aðilum úti um land, að þeir fengju hluta af þessum ágóða til að styrkja elliheimili og dvalarheimili, sem þar væru í byggingu. Þessi ásókn var mjög þrálát á þá, sem fóru með stjórn þessara mála hér í Reykjavík. Og hún var svo þrálát og byggð á það sterkum rökum, að strax árið 1960 var samþ. á aðalfundi samtakanna að leita til ríkisstj. um framlengingu happdrættisleyfisins næstu 10 ár og bjóða um leið bæði huga og hönd til samstarfs til að leysa þann vanda, sem skortur bygginga yfir aldraða væri og yrði enn meiri á komandi árum, í því formi, að af þeim happdrættiságóða, sem áfram mundi renna til sjómannadagsins, yrði veittur styrkur til slíkra heimila úti um land. Þetta var ítrekað aftur 1961. Hvort hæstv. ríkisstj. hefur tjáð mþn. þetta eða hvernig það er til orðið, þá er sú staðreynd kunn, að formaður mþn. og fleiri aðilar úr henni leituðu til forustumanna þessara sjómannasamtaka og fóru þess á leit, að reynt yrði að ná samkomulagi um þessi tvö mál. Og ég mundi nú segja, að þau frv., sem hér liggja fyrir, séu einmitt byggð á þeim viðræðum og góða vilja, sem lýsti sér hjá báðum aðilum að vinna að þessum málum.

Hv. 3. þm. Vesturl. minntist nokkuð á skiptinguna. Skiptingin er sú, að dvalarheimili aldraðra sjómanna mun áfram fá á næstu 10 árum 60% af tekjum happdrættisins og skal því þá varið til áframhaldandi uppbyggingar á Hrafnistu hér í Reykjavík, en 40% ganga til hins fyrirhugaða byggingarsjóðs. Þegar þess er gætt, að rúm 70% af tekjum happdrættisins koma héðan úr Reykjavík og úr Hafnarfirði, auk þess sem þetta heimili, Hrafnista að Laugarási, hefur ekki bundið sig við íbúa á þessu svæði, heldur hafa þar átt forgangsrétt sjómenn hvaðanæva af landinu, þá er ekki ósanngjarnt, að þessi skipting sé höfð í huga, miðað við það líka, að þeirri áætlun, sem verður að nást á Hrafnistu í sambandi

við byggingarnar þar, verður ekki náð fyrr en að þessum 10 árum liðnum með þeirri fjárhæð, sem ætlað er að happdrættið gefi. Þar eru nú þegar byggingar, sem rúma tæplega 200 vistmenn. Þar af eru um 40 vistmenn, sem geta dvalizt á sjúkradeild, sem er mjög fullkomin, en segja má, að allt það, sem til sameiginlegra nota sé, sé þegar byggt, aðeins eigi eftir að byggja yfir vistfólkið sjálft í viðbót. Og það er mjög nauðsynlegt fyrir rekstur Hrafnistu að fá þessa viðbót, og fyrr en því er lokið, næst ekki hagkvæmur rekstur. En það er fyrirhuguð og þegar hafin bygging á 2 álmum til viðbótar, sem munu rúma 130 vistmenn, og þar fyrir utan var í hinni upphaflegu áætlun, sem gerð var um byggingarnar í Laugarási, gert ráð fyrir litlum íbúðum fyrir aldraða sjómenn, sem þarna kæmu til sinnar síðustu dvalar, og hefur ekki enn verið hafizt handa um þær. Það er líka eftir að ganga frá lóð og ýmsu öðru, þannig að til þess að ljúka þeim áætlunum, sem þarna eru fyrirhugaðar, veitir sízt af þessum peningum. Og auðvitað verða aðrar tekjur, sem þessum samtökum hlotnast, látnar ganga til þessara bygginga og þess starfs, sem þarna er unnið, eins og hingað til.

Í dag er, eins og ég sagði, rúm fyrir tæpa 200 vistmenn. En að Hrafnistu er gert ýmislegt fleira. Þar hefur verið útbúið mikið og gott vinnupláss fyrir þá, sem það geta nýtt af vistmönnum heimilisins. Og á s. l. ári urðu tekjur vistmanna af þeirri vinnu, sem unnin er á heimilinu og heimilisstjórnin sér um að sé unnin, tæp ½ millj. kr. Að vísu eru þetta mjög litlar upphæðir, sem koma á hvern og einn, en eru hins vegar mikill og góður styrkur fyrir þetta aldraða fólk. Auk þess að hafa þessa starfsemi fram yfir önnur elliheimili hér á landi, sem mér er kunnugt um, þá er fyrirhugað í þeirri álmu, sem nú er hafin bygging á, að auka þetta vinnupláss um helming, þannig að ég mundi nú segja, að einmitt á þessu dvalarheimili aldraðra sjómanna væri komið að miklu leyti til móts við þær upphaflegu hugsanir, sem fram komu hjá hv. 3. þm. Vesturl. hér á Alþingi fyrir nokkrum árum.

Ég varð þess var í einu dagblaðanna í morgun, að sá misskilningur hafði komið fram hjá einum þm. í hv. Ed., að vistgjöld á Hrafnistu væru jafnvel hærri en annars staðar. Þetta er hinn mesti misskilningur. Meðalvistgjöld á Hrafnistu eru 15 kr. lægri á dag en lægsta gjald á Elliheimilinu Grund. Og auk þeirrar þjónustu, sem ég hef þegar minnzt á í sambandi við vinnupláss og annað slíkt, þá eru þarna allflestir í eins manns herbergjum, mjög rúmgóðum, og má segja, að hver maður hafi um 30 kúbikmetra til umráða til sinnar eigin íbúðar, fyrir utan ganga og setustofur, sem eru fjölmargar á heimilinu.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, og eins er rétt að láta það koma fram líka, vegna þess að þess er ekki getið í grg. með frv., sem hér hafa verið lögð fram, en ég gaf hins vegar hv. n. í Ed. upplýsingar um það eða frsm., hverjar eru þær tekjur, sem verið hafa af þessu happdrætti síðustu árin. En 7. árið, sem það starfaði, urðu tekjur happdrættisins 5.4 millj. kr. nettó, 8. árið 4.5 millj. og 9. happdrættisárið, sem enn þá stendur yfir, hefur verið gerð áætlun um, að tekjurnar yrðu 5.5 millj. kr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 12. þm. Reykv. þarf ég lítið að segja. Ég gleðst yfir því, sem þeir gera vel þarna á heimilinu, og því starfi, sem þeir hafa lagt þar fram. Það er ekkert óeðlilegt frá hans sjónarmiði, þó að honum finnist um of að þurfa að láta 40% af tekjunum af hendi. Hins vegar er það jafneðlilegt frá mínum bæjardyrum séð, að mér hefði fundizt eðlilegt, að þarna hefði orðið um helmingaskipti að ræða, en skal ekki um það deila.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að mestu máli skipti, að málið næði fram að ganga, en ekki, hver hefði flutt það, þá vil ég taka undir þetta með hæstv. ráðh. Það skiptir mestu máli, og þess vegna fagna ég því, eins og ég tók fram í minni ræðu hér, að þetta mál skuli vera fram komið og að það skuli ekki vera setzt á það af hæstv. ríkisstj., eins og við eigum oft að venjast, sem erum ekki hennar stuðningsmenn. En það er ekki eingöngu ég, sem tek það upp að skýra, hver var höfundur málsins upphaflega, og ég hefði ekki heldur farið að gera það hér á hv. Alþingi nema vegna þess, að stjórnarblöðin voru að reyna að fá sérstakan pólitískan stimpil á málið. Ég hafði hér fyrir framan mig á borðinu frv. til l. um loftferðir, sem nýbúið er að leggja hér fram á hv. Alþingi. Og hvernig haldið þið, hv. alþm., að byrji skýringin, þegar verið er að gera grein fyrir þessu máli? Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa ykkur upphafið að þeirri grg. Hún er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er samið að boði Ingólfs Jónssonar flugmálaráðherra og í samræmi við þáltill., sem samþ. var 1956 skv. till. Gunnars Thoroddsens ráðh."

Hér er ekki verið að draga af því, hverjir hafa verið flm. eða upphafsmenn málsins. Og það var ekki ég, sem var að byrja á því að fá flokksstimpil á þetta, heldur voru það blöð hæstv. ríkisstj., og þess vegna skýrði ég málið. Og mín reynsla er nú sú af sumum hv. stuðningsmönnum hæstv. ráðh., að það þurfi að skýra nokkuð nákvæmlega mál fyrir þeim, ef þeim á að vera fullkomlega ljóst, hvernig þau hafa til orðið.

Út af því, sem ég spurði hæstv. ráðh. um aðstoð við vistheimilin, þá vil ég bera fyrir mig hér neðst á bls. 8, í grg. með frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um aðstoð við byggingar vistheimila vísast til grg. og frv. um byggingasjóð aldraðs fólks."

Þess vegna lít ég svo á, að það sé skilningur n., að vistheimilin eigi að njóta sömu aðstoðar og einstaklingshúsin, þó að n. leggi

höfuðáherzlu á, að þau gangi fyrir, en bendir þó á þau vistheimili, sem hugsað er að byggja, og gerir ráð fyrir, að þau verði byggð, sem ekki er búið að byggja nú, þegar frv. kemur fram. Það er tekið fram í upphaflegu þáltill., að einmitt stofnanir fyrir aldrað fólk og fólk með skerta starfsorku fari saman. Þess vegna er það í samræmi við till., að n. leggi það til. Hitt tel ég að vanti, að það sé sett löggjöf um slíka starfsemi, og það bíður betri tíma.

Ég vil svo endurtaka það, að ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Það er spor í rétta átt, og jafnvel þó að það gangi of skammt, þá mun ég ekki flytja við það brtt., heldur styðja það óbreytt, til þess að það nái fram að ganga hér á hv. Alþingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég átti fyrir nokkrum árum sæti í mþn., sem fjallaði um málefni öryrkja. Sú n. kynnti sér m. a. fjárhag happdrættanna, sem koma þar við sögu, og gerði sér grein fyrir því, hvort hún vildi leggja til, að breytingar yrðu gerðar á happdrættunum, t. d. happdrætti S.Í.B.S., og enn fremur kynnti n. sér happdrætti D.A.S. í þessu sambandi. Þá fékk mþn. þær upplýsingar frá forráðamönnum happdrættis D.A.S., að stefna þeirra væri sú að styðja byggingu sjómannaheimila, sem jafnframt gætu orðið almenn elliheimili, utan Reykjavíkur í framhaldi af byggingu Hrafnistu.

Okkur, sem áttum sæti í þessari mþn., leizt mjög vel á þessar fyrirætlanir forráðamanna D.A.S. og sýndist vera mikil nauðsyn á því einmitt að koma upp dvalarheimilum fyrir aldraða sjómenn, sem aðrir gætu þá einnig notið góðs af úti um landið, í framhaldi af því myndarlega átaki, sem gert hefur verið í Hrafnistu. Okkur sýndist vera ærið verkefni þarna fyrir hendi og engin ástæða til að skerða í neinu tekjur af happdrætti D.A.S. Það mundi ekki af því veita á næstu árum til þess að byggja upp úti um landið slík dvalarheimili.

Nú sé ég, að hér er komið fram frv. um að skerða tekjur D.A.S. af happdrættinu og leggja 40% af þeim tekjum til þess að styðja að því að lána öldruðu fólki til að koma upp íbúðum. Ég get ekki lýst ánægju minni yfir því, að skertar eru þannig tekjur D.A.S., því að ég býst við, að verkefni þess séu ærin, eins og ég hef þegar drepið á. Samt sem áður mun ég fylgja þessu eindregið, vegna þess að ég tel, að það sé svo mikil nauðsyn að veita sérstök lán til þess að greiða fyrir byggingum aldraðs fólks, að ég vil ekki á einn eða annan hátt verða meinsmaður þess.

En ég verð að segja, að ég sé eftir því, að það skuli hafa verið talið nauðsynlegt að skerða tekjur D.A.S. í þessu skyni og menn skuli ekki hafa treyst sér til að afla á annan hátt tekna til þess að styðja að byggingum aldraðs fólks. En samt sem áður mun ég ekki beita mér á móti þessu.

Þá vil ég í þessu sambandi minnast á það, sem kom hér áðan fram hjá hv. 12. þm. Reykv. (PS), sem mun, eftir því sem mér skildist á honum, vera í stjórn D.A.S. eða stjórn Hrafnistu eða hafa eitthvað með þetta að gera a. m. k. Mér skildist á honum, að þetta mundi verða til þess, að það yrði að fella niður fyrst um sinn a. m. k. allar fyrirætlanir um að byggja dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn utan Hrafnistu eða utan Reykjavíkur. Og eiginlega rökstuddi hann þetta þannig, að þar sem meir en helmingur af öllum tekjum D.A.S. kæmi hér af Faxaflóasvæðinu, þá væri í raun og veru öllu fullnægt með því, að Hrafnista fengi þessi 60%, sem eftir verða, og þessi 40%, sem eiga þá að ganga til að styðja byggingar aldraða fólksins, ættu þá að vera hlutur annarra byggðarlaga. Þessi hugsanagangur er náttúrlega ekki réttur, vegna þess að að sjálfsögðu nýtur aldrað fólk alls staðar að af landinu, bæði frá Faxaflóasvæðinu og annars staðar, góðs af þessari nýju lánastarfsemi. Það verður ekki bundið við neitt byggðarlag, heldur verður það almennt fyrir þá, sem eftir því sækjast.

Ég vil eindregið beina því til forráðamanna D.A.S. og þ. á m. þessa hv. þm., að þessi stefna verði ekki höfð á oddinum, heldur verði reynt að brjótast í því, jafnvel þó að D.A.S. missi nú þessi 40%, að reisa sjómannaheimili utan Reykjavíkur. Auðvitað verður miklu minna hægt að gera, vegna þess að tekjurnar verða stórkostlega skertar. En samt sem áður mundi ég telja það holl ráð til forráðamanna sjómannasamtakanna að halda þessari stefnu samt sem áður og reyna að klífa þrítugan hamarinn til að gera líka einhverjar framkvæmdir úti á landi til viðbótar við það, sem þeir svo myndarlega hafa gert hér við Faxaflóa með Hrafnistu.

Ég er ekki nógu kunnugur til þess að vita, hve mikið má gera með þeim 60%, sem eftir verða, en mér skildist á hv. þm., að það mundi kannske verða nokkrum erfiðleikum bundið að halda stefnunni. En ég held það sé ákaflega nauðsynlegt fyrir þessi samtök að sýna fullan lit á því að hafa einnig framkvæmdir á sínum vegum annars staðar en á Faxaflóasvæðinu, og ég stóð upp til að undirstrika þetta eða beina því til hv. þm., sem þarna ræður sjálfsagt nokkru, að þetta verði gert þrátt fyrir þessa tekjuskerðingu.

En ég endurtek, að það er náttúrlega mjög slæmt að þurfa að skerða tekjur D.A.S. í þessu sambandi, því að við þóttumst sjá það á þeim upplýsingum, sem við fengum í þessari mþn., sem ég var í, að það væru ærin verkefni fram undan í þessu efni og þetta gæti líka hjálpað til þess að leysa elliheimilavandamálið víðs vegar um landið, ef D.A.S. fengi að halda óskertum tekjum sínum.

En þrátt fyrir allt þetta mun ég ekki beita mér á móti þessu frv., vegna þess að ég óttast, að þá strandi þessi tilraun, sem á nú að gera til að byrja að lána til að koma upp íbúðum fyrir aldrað fólk.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að beita mér gegn þessu máli, mun greiða því atkv. Hins vegar efast ég um, að með þessu frv. sé tekið á þeirri hlið málsins, sem mesta þýðingu hefði fyrir aldrað fólk.

Það hefur komið hér fram í umr., að fyrir þeim mönnum, sem fluttu á sínum tíma þáltill. um þetta mál og komu því þannig af stað, vakti fyrst og fremst að koma upp með þjóðfélagslegri aðstoð vinnuaðstöðu fyrir aldrað fólk, svo að vinnuorka þess nýttist þjóðfélaginu. Það er að vísu rétt, að aðstaða fólks til þess að neyta vinnuorku sinnar batnar, ef séð er fyrir veigamiklum þætti í daglegu lífi fólks eins og íbúðarhúsnæðismálinu. En þó er það ekki aðalúrlausn málsins. Gömul hjón, sem hafa gert átak í hárri elli til þess að eignast íbúðina sína, geta eftir sem áður setið þar atvinnulaus og engin úrræði haft til þess að neyta sinnar vinnuorku, svo að það mál, sem ég tel þýðingarmest í sambandi við vandamál gamla fólksins, er þrátt fyrir þetta frv. óleyst.

Ég vil þó í sambandi við þetta mál spyrja um nokkur atriði:

Í fyrsta lagi: Hvað mikið fé er líklegt að fáist til að fullnægja tilgangi frv. með þessum 40% af happdrættiságóða dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eða m. ö. o., hve miklar eru happdrættistekjurnar nú og hve mikið fé kæmi þarna til með að falla til íbúðabygginga fyrir aldrað fólk úti um landið? Ég held, að það hafi ekki verið upplýst í þessum umr.

Þá verður mér að spyrja um það, af því að mér sýnist ekki, að það séu skýr ákvæði um það í frv.: Hvernig hugsa menn sér að búa um það, að það verði aldrað fólk, sem framvegis njóti þeirra íbúða, sem byggðar verða á grundvelli þessa frv.? Við skulum segja, að í upphafi fái einungis 67 ára karlar og konur slíkar íbúðir til kaups og fái 50% lán. Þau eiga fyrir sér nokkur ár, kannske áratug eða svo, svo er íbúðin seld, e. t. v. með opinberri ráðstöfun, skiptaráðandi á að ráða þeirra dánarbúi, þetta er þeirra eign, — hvaða ráðstafanir eru hugsaðar til þess að tryggja, að þessar íbúðir verði áfram íbúðir fyrir aldrað fólk? Eða eiga þær þá að ganga kaupum og sölum og verða íbúðir fyrir hvern sem er?

Í þessu sambandi vil ég enn fremur spyrja um það, af því að það kemur ekki fram í frv.: Að hvaða leyti eiga þessar íbúðir að vera sérstaklega útbúnar fyrir aldrað fólk? Í hverju eiga þær að vera frábrugðnar öðrum íbúðum, þannig að þær henti betur öldruðu fólki? Verður það e. t. v. þannig, að vegna þess, hvernig þær verða tilbúnar, henti þær miður öðru fólki en gamalmennum? Ég hef yfirleitt ekki komizt í kynni við það, að sérstakar íbúðir væru útbúnar fyrir gamalt fólk, að öðru leyti en ég hef orðið þess var í Svíþjóð og Finnlandi, að stundum er neðsta hæð í verkamannabústöðum alveg sérstaklega útbúin fyrir öryrkja og þá að öðru leyti fyrir aldrað fólk, sem talið er að verr þoli stigagöngur og hafi verri aðstöðu með því að búa á efri hæðum slíkra bygginga. Það er einasta tegund íbúðarhúsnæðis fyrir öryrkja og gamalt fólk, sem ég hef komizt í kynni við, það er sem sé, að neðsta hæð verkamannabústaða hefur verið tekin frá og búin að nokkru leyti öðruvísi út, sérstaklega með notkun öryrkja fyrir augum. En sérbyggingar fyrir aldrað fólk hef ég ekki orðið var við nema í formi þessara alkunnu stofnana, gamalmennahælanna, elliheimilanna. En þeir, sem samið hafa frv., og þeir, sem bera það fram, hafa sjálfsagt hugmyndir um það, að hverju leyti þessar íbúðir eigi að vera sérstaklega útbúnar fyrir gamalt fólk.

Hins vegar held ég, að öllum verði ljóst, að þýðing þessa frv. hlýtur að verða tiltölulega takmörkuð. Það aldrað fólk, sem orðið er 67 ára gamalt eða eldra og hefur ekki eignazt íbúðir á sinni löngu ævi, mér þykir það vera anzi hugrakkt eða ekki illa á vegi statt, ef það þorir að ráðast í það að fara að kaupa íbúð 67 ára gamalt, þó að það eigi kost á að fá lán, sem nemur 50% af kaupverðinu. Þetta 67 ára gamla fólk getur ýmist verið illa á vegi statt eða vel statt. Og við skulum segja, að það fólk, sem svo er illa á vegi statt, að því hefur ekki tekizt að afla sér íbúðar fram að 67 ára aldri, ég hef ákaflega takmarkaða trú á því, að það verði margt af þessu fólki eftir 67 ára aldur, sem ræðst í það að kaupa sér íbúð. Hins vegar gæti vel eitthvað af þessu fólki verið svo vel á vegi statt, að það þyrði í þetta að ráðast, og þó finnst mér ólíklegt, að það yrði margt, ef það hefði ekki leyst sín íbúðarmál fram að þeim aldri. Ég er þess vegna afskaplega efins um það, að þetta frv., þó að það líti vel út á pappír, geti orðið neitt stórmál, sem leysi vandamál nokkurs verulegs fjölda af hinu aldraða fólki í landinu. Samt sem áður kynni það að verða svo, að það leysti úr vanda einhverra einstaklinga, og gæti þannig verið þess virði að gera það að lögum. En stórmál held ég að þetta sé ekki af þeirri ástæðu, að mér finnst svo afskaplega ólíklegt, að margt af fólki eldra en 67 ára gömlu ráðist í það að kaupa sér íbúð, þótt það eigi kost á 50% láni. Ég hefði talið miklu eðlilegra þjóðfélagslega og orðið miklu glaðari við, ef hér hefði komið fram á hv. Alþingi frv. til l. um byggingasjóð ungs fólks, af því að ég er sannfærður um, að af slíku frv. væru meiri og almennari þjóðfélagsleg not og kæmi til hjálpar af þjóðfélagsins hendi á þeim hluta mannsævinnar, sem reglulega væri ástæða til að hjálpa fólki til þess að búa fjölskyldunni viðunandi heimili. Ég held, að það sé nærri því í ótíma gert að ætla sér að fara að hjálpa fólki til þess að leysa sín húsnæðismál, þegar það er komið nálægt sjötugu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 1. þm. Austf. sagði.

Ég vil fyrst þakka honum þann velvilja, sem kom fram í orðum hans í garð þeirra samtaka,

sem sjómannafélögin hér í Reykjavík og Hafnarfirði komu upp á sínum tíma og hafa staðið að byggingum þeim, sem nú má sjá á Laugarási hér í Reykjavík. En hann hefur — og það má vera, að fleiri hafi eitthvað misskilið mín orð um þá starfsemi, sem fram undan er hjá þessum samtökum. Það er auðvitað ekki meining þeirra, sem þar fara með stjórn nú, að draga neitt úr því, sem þeir hafa ætlað sér áður fyrr. Hins vegar er, eins og ég þóttist hafa sagt hér áðan, grundvallarnauðsyn að ljúka þeim fyrirhuguðu samhangandi byggingum að Laugarási, einfaldlega til þess að fá þar fram nauðsynlegan heilbrigðan rekstrargrundvöll, sem sérhvert fyrirtæki verður helzt að hafa, og þegar því er lokið, verður haldið áfram við fyrirhugaðar áætlanir í þessum málum, eins og hv. 1. þm. Austf. minntist réttilega á. Og það var einmitt á einum síðasta fundi, sem ég og formaður margumræddrar mþn. áttum í félmrn. um þessi frv., að þá var að till. minni bætt inn í þetta frv. til l. um breyt. á l. um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna síðustu mgr., sem þar má sjá, sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrki eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.“

Þessi heimild var ekki fyrir í eldri lögunum, en ef þetta frv. verður samþ., þá verður hún fyrir hendi, þannig að möguleiki verður á að koma í þessu máli til móts við hinar fjölmörgu óskir, sem okkur hafa borizt utan af landi um þetta mál. Hins vegar geri ég mér fulla grein fyrir því, að ef samþ. verður frv. um byggingasjóð aldraðs fólks, um hinar einstöku íbúðir, þá mun það mikið létta á í þessu efni, en þetta auðvitað opnar þann möguleika fyrir hin smærri bæjarfélög að koma sér upp 1, 2, 3 íbúðum innan sinna vébanda, og það er einmitt það, sem þetta miðar að. Það er m. a. eitt stærsta atriðið að slíta ekki gamla fólkið úr því umhverfi, sem það er orðið rótgróið í, heldur gefa því tækifæri til þess að eyða sínum efri dögum í því samfélagi og meðal þeirra, sem það hefur eytt kannske megninu af sinni starfsævi með. Það er einmitt vegna þessa, að ég álít, að það séu fleiri áhugamenn til um þessi mál heldur en sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði, sem gætu komið þarna til móts við þennan sjóð og lagt fram ekki aðeins fé, sem þeir aðilar eiga þegar í sjóði, heldur safnað meira fé til þess að hjálpa til við þetta nauðsynjamál, og það var einmitt þess vegna, sem stjórnendur sjómannasamtakanna hér í Reykjavík fóru út í að marka þá braut á sínum tíma vegna óska frá sjómannafélögum úti um land þessa efnis. Þess vegna koma mér nokkuð spánskt fyrir sjónir orð hv. 4. landsk., forseta A. S. Í., sem eftir hans tali vill helzt sleppa því, að þetta frv. verði samþ., en stofna í stað þess byggingasjóðs fyrir ungt fólk. Ég held einmitt, að sú þróun og þær skoðanir, sem ríkt hafa meðal íslenzku þjóðarinnar, a. m. k. síðustu árin, séu þær, að það sé samfélagið sjálft, sem eigi frekar öllu að hjálpa þeim, sem eru komnir á þann aldur að geta ekki unnið fyrir sér með fullri starfsorku, og þeim, sem hafa orðið af einhverjum öðrum ástæðum undir í lífsbaráttunni, það sé þá frekar að leggja meira að hinum, sem ungir eru og hafa fulla heilsu. A. m. k. held ég, að það hljóti að vera hugsunarháttur flestra í okkar þjóðfélagi í dag. Þar fyrir utan mun þetta frv. og fyrirhugaðar íbúðir auðvitað létta á þeirri ósk að byggja dvalarheimili víða um land.

Þá hefur sú breyting verið gerð ekki alls fyrir löngu hér á hv. Alþingi, að úr erfðafjársjóði má veita fé til styrktar dvalar- og elliheimilum, þannig að þar hefur komið nokkur fjárhæð til eða getur komið nokkur fjárhæð til, sem getur orðið til styrktar slíkum stofnunum. En eins og ég sagði, ef þetta frv. verður að lögum, þá mun það létta á óskinni um byggingu elliheimila, og jafnvel getur það orðið til styrktar þeim, sem þegar eru komnir af stað með slíkar framkvæmdir, því að það er ekkert eðlilegra en þetta sé haft í grennd við elli- og dvalarheimili, til þess að nýta megi sama starfslið og er á elliheimilunum til að aðstoða gamla fólkið, sem þar býr, eins og segir í þriðja frv., sem hér er lagt fram, en það frv. gerir ráð fyrir heimilishjálp til þessa fólks.

Bollaleggingum hv. 4. landsk. um sölu íbúðanna finnst mér ekki vera ástæða til að svara. Hann benti sjálfur á svar við því, sem hann var að spyrja um, sem ég álít vera aðalatriðið, en það er, ef byggt er í sambyggingum, að þessar íbúðir, sem væru þá eingöngu ætlaðar öldruðu fólki, verði einmitt staðsettar þannig í því húsi, að þær gætu orðið til nota fyrir aldrað fólk. Auk þess eru ýmiss konar önnur ráð í sambandi við slíkan útbúnað íbúða til þess að létta undir með öldruðu fólki, sem þar mundi dveljast.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það voru aðallega orð hv. 4. landsk. þm., sem gáfu mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð í viðbót, því að mér fannst, auk þess að það andaði heldur kalt í garð málsins frá honum, þá teldi hann það í ótíma gert að fara að byggja yfir fólk, þegar það væri orðið sjötugt. Einnig fannst mér kenna nokkurs misskilnings hjá honum á því, hvernig þessi hús yrðu byggð og notuð.

Hv. þm. óskaði eftir því að fá að vita, hvernig um það ætti að búa, að aldrað fólk yrði aðnjótandi þessara íbúða í framtíðinni, þó að þær væru í upphafi reistar fyrir gamalt fólk. Þetta er einfaldlega hugsað þannig, að bæjarfélögin og sveitarfélögin reisi þessar byggingar og eigi þær, — og sú hugsun er í frv. og alveg sérstaklega í grg. undirstrikuð, — og byggi þau til þess að leigja út til gamla fólksins með óákveðinni lágri leigu. Það er ekki hugsað sem aðalleið, þó að hún geti komið til greina samkv. 6. gr. frv., að láta einstak-

linga fá aðstoð til að byggja fyrir sjálfa sig, heldur hitt, að sveitarfélögin geri það og sveitarfélögin leggi fram helminginn af byggingarkostnaðinum og þessi byggingasjóður aldraðs fólks leggi fram hinn helminginn. Hv. þm. taldi, að það mundu fáir vera svo efnaðir undir lokin, að þeir gætu snarað út byggingarkostnaði fyrir svona byggingu. Það er alls ekki meiningin. Það er ekki meiningin, að þetta gamla fólk leggi yfirleitt nokkurn skapaðan hlut út, heldur fái aðstöðuna gegnum sveitarfélagið, sem þessi heimili byggir. Það er að vísu gert ráð fyrir þeim möguleikum, að þetta geti átt sér stað, en ég vil heldur skoða það sem undantekningartilfelli en sem aðalreglu.

Þá spurði hv. þm., hvernig íbúð, sem sérstaklega væri gerð fyrir gamalt fólk, ætti að vera. Því er ég náttúrlega ekki tilbúinn til að svara á stundinni. En ég veit þó, að ýmsar kröfur þarf að gera til íbúðar, sem gamalt fólk notar, aðrar en þarf að gera til íbúða, sem venjulegur fullfrískur maður á að nota, sérstaklega það, að þar þarf að vera lítið eða ekkert um stigaganga. Ef byggingin er á mörgum hæðum, þá þarf að vera lyfta í húsinu. Íbúðin á ekki að vera stór, hún á þvert á móti að vera lítil, og það á að vera einn kostur hennar, að hún sé lítil, til þess að það sé minna að hirða fyrir húsmóðurina, og ýmsar fleiri kröfur þarf sjálfsagt að gera, til þess að hún nýtist sem bezt af þessu fólki, sem gerir allt aðrar kröfur til lífsins heldur en meðan það er á bezta aldri. Og ég er ekki í vafa um það, að þetta má gera með góðum árangri, því þó að hv. þm. hafi ekki séð þessar byggingar erlendis, þá veit ég, að þær eru til, alveg sérstaklega byggðar fyrir aldrað fólk, og það meira að segja á Norðurlöndum. Þar eru íbúðir, bæði einstakar og í svokölluðum blokkum, sem eru sérstaklega fyrir gamla fólkið gerðar.

Ég get vel fallizt á, að það eigi að hjálpa ungu fólki til að byggja, sem þarf á því að halda, og tel, að það njóti yfirleitt þeirrar fyrirgreiðslu, sem allir húsbyggjendur í þessu landi fá, annaðhvort með l. um húsnæðismálastjórn eða verkamannabústaðalögunum, sem að vísu veita ekki fullnægjandi aðstoð, en aðstoð þó, sem hefur hjálpað mörgum manninum til að koma upp sínu húsi. En ég vil ekki, að það útiloki gamla fólkið, og það finnst mér næstum því að segja koma úr hörðustu átt hjá hv. þm., að hann eins og hálftaldi það eftir að aðstoða gamla fólkið á þennan sama hátt, fólk, sem er búið að vinna langan vinnudag. Hv. þm. sagði, að þetta væri allt í ótíma gert, og eins og ég hef áður sagt, fannst mér anda heldur köldu frá honum til frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég varð harla lítið fróðari af svarræðu hæstv. ráðh. Ekki fékkst neitt upplýst um það, hver fjárhagsgrundvöllur þessa frv. er, — um það var spurt, — og lítið um það, hvernig þessar íbúðir ættu að vera frábrugðnar öðrum með tilliti til þess, að þær eru sérstaklega fyrir aldrað fólk, og um það, að það væri nokkuð vel um það búið, að íbúðir, sem byggðar væru í upphafi fyrir aldrað fólk, yrðu það framvegis, nema þær væru byggðar á vegum sveitarfélaga. Það vissi ég mætavel. En þetta, að byggingarnar séu gerðar af sveitarfélögum, er samkv. frv. aðeins einn möguleiki af þremur, sem nefndir eru í frv. Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að byggt verði samkv. ákvæðum þessa frv. af öðrum aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Um þessa aðila, hverjir sem þeir nú eru, — ég veit ekki einu sinni, hverjir þeir eru, og ég hygg, að þingmenn viti það ekki almennt, — eru engin skilyrði um það, hvernig eigi að búa um, að þær íbúðir, sem þessir aðrir aðilar en sveitarfélögin byggi, verði framvegis fyrir gamalt fólk. Þess vegna spurði ég. Svo kemur í 6. gr., að tryggingaráð geti ákveðið, að hluti sjóðsins komi til úthlutunar á vegum húsnæðismálastjórnar ríkisins og þessi lánastarfsemi á vegum húsnæðismálastjórnar skuli vera innan þess ramma að lána einstaklingum yfir 67 ára aldri til kaupa á íbúðum, sem verða þá persónuleg eign þessa fólks. En ég sé hvergi, að nein ákvæði séu um það að tryggja, að þessar íbúðir, sem fá fé úr sjóðnum sem lánsfé, verði áfram íbúðir fyrir gamalt fólk, og þess vegna spurði ég hæstv. ráðh., og hann gaf engin svör við þessu. Það hefur m. ö. o. enn þá ekki fengizt svar við því, hvernig það verði tryggt, nema þegar um fyrsta aðilann er að ræða, sveitarfélögin, að þessar íbúðir, þó að þær séu byggðar fyrir gamalt fólk, verði áfram til þeirra nota.

Hæstv. ráðh. taldi, að það hefði andað heldur köldu frá mér til málsins. Ég lýsti því yfir, að ég mundi fylgja frv., en lét hins vegar í ljós, að ég óttaðist, að þetta yrði ekki að mjög almennum notum af því, hversu fátt það yrði af öldruðu fólki, sem réðist í það að kaupa yfir sig íbúð hátt á sjötugsaldri. Finnst mér líklegast, að það fólk á þessum aldri, sem vel væri stætt, hafi á ævinni fram að þessum aldri með einhverjum hætti leyst sín húsnæðismál. Það af því, sem væri svo báglega statt, að því hefði ekki tekizt það fram að 67 ára aldri, finnst mér ákaflega ólíklegt, að geti a. m. k. notað sér möguleikana samkv. 6. gr. Það gæti notið góðs af því, ef sveitarfélag byggði slíkar íbúðir. En eitt skal ég taka fram í sambandi við það, sem ég sagði um húsnæðisþörf og þörf sérstakrar löggjafar til þess að greiða fyrir húsnæðismálum ungs fólks, af því að það hefði svo almenna þýðingu í þjóðfélaginu og þá væri verið að hjálpa á þeim aldri, sem fólk þyrfti fyrst og fremst að koma fótum undir heimili, að það er ekki af því, að ég telji ekki gamla fólkið, sem búið er að skila sínum langa vinnudegi til þjóðfélagsins, þess verðugt, að því sé hjálpað. Ég tel bara, að hjálp á því aldursskeiði, sem hér um ræðir, muni í svo tiltölulega fáum tilfellum koma að gagni, og einungis er það þess

vegna, sem ég læt í ljós, að ég óttist, að frv. hafi ekki mjög almenna þýðingu. Ég tel það mjög gott í þeim fáu tilfellum, sem það kann að koma öldruðu fólki að gagni til þess að leysa sín húsnæðismál, — það sé mjög gott, komi í verðugan stað niður. Ég vil taka það fram, svo að hvorki hæstv. ráðh. né aðrir geti lagt það út á hinn versta veg fyrir mér, en viljann skortir ekki til þess, það var mér ljóst.

Að lokum skal ég svo segja það, svo að mín afstaða til þessara mála verði ljósari, að ég sætti mig betur við þá lausn á húsnæðismálum gamals fólks, að því sé gert fært að vera annaðhvort á heimilum sinna aðstandenda eða þar, sem hjón geti verið meira út af fyrir sig heldur en almennt hefur verið hægt á hinum opinberu stofnunum, elliheimilunum. Ég held, að opinberar stofnanir, elliheimili, með mörg hundruð gamals fólks, sé ekki hin æskilegasta þjóðfélagslausn á málum gamla fólksins. Ég held, að æskilegast sé, að hægt sé að búa gamla fólkinu heimili sem mest í námunda við heimili fólks á öllum aldri, og að sérstaklega sé gamla fólkinu meira yndi að því að vera í námunda við barnafjölskyldur og börn missi mikils í að geta ekki haft samneyti við gamla fólkið. Þess vegna er það óeðlileg þjóðfélagsráðstöfun að safna mörgum hundruðum gamals fólks saman í opinberum stofnunum og aðskilja það þannig frá hinu venjulega lifandi lífi og aðskilja alveg sérstaklega börn og gamalmenni, sem eru hvor annarra yndi og stoð.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins eitt orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, 4. landsk. þm. — Hann sagði, að ég hefði vikizt undan því að svara, hvernig ætti að tryggja það, að aldrað fólk yrði áfram aðnjótandi þeirra íbúða, sem í upphafi væru byggðar og styrktar skv. l., og sagði, að ég hefði ekki svarað þessu. En hefði hv. þm. aðeins lesið niðurlag 6. gr., hefði hann ekki þurft að spyrja, þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði einungis notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lán hvíla á þeim.“ Þ. e. a. s.: ef einhverjum öðrum en öldruðu fólki verður hleypt inn í þessar íbúðir, verða lánin að greiðast upp.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 479, 480, 481).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks er komið til þessarar hv. d. frá Ed., en þar mun það hafa verið samþ. óbreytt eins og það var lagt fyrir. Heilbr.- og félmn. ræddi frv. á nokkrum fundum, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 479, eru nm. sammála um, að með frv. sé stefnt að því að leysa vandamál aldraðs fólks, sem fram að þessu hefur ekki verið sinnt nægilega af hálfu þess opinbera, þ. e. a. s. að greiða götu þess aldraða fólks, sem getur verið sjálfu sér nægt í ellinni og þarf þess ekki með að vistast á elliheimilum eða hjúkrunarheimilum. Út frá þessu sjónarmiði er n. öll sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga. Hins vegar bar á góma í n. ýmsar brtt. við frv., og varð ekki samkomulag um þær allar. Meiri hl. n. hefur flutt sérstakar brtt. á þskj. 480, en annar minni hl. n., hv. 4. landsk. þm., flytur brtt. á þskj. 481, og hafa allir nm. óbundnar hendur um það að flytja eða fylgja brtt.

Brtt. okkar, sem erum í meiri hl., fela það aðallega í sér, að í stað þess, að í frv., eins og það kom til d., var gert ráð fyrir, að veita mætti styrki úr sjóðnum til íbúðabygginga aldraðs fólks, þá leggjum við til, að það verði fellt niður, og um þá brtt. út af fyrir sig, hygg ég, að sé ekki ágreiningur meðal nm. Við teljum, að með því að veita eingöngu lán úr sjóðnum séu meiri líkur til þess, að hann eflist og vaxi. Fleiri brtt. okkar við frv. leiðir af þessari till.

Í öðru lagi leggjum við til breyt. á 6. gr. frv., en þar var, eins og frv. kom til d., gert ráð fyrir, að húsnæðismálastjórn hefði með úthlutun á nokkrum hluta sjóðsins að gera til húsbygginga aldraðs fólks. Þetta leggjum við til að verði fellt niður. Við teljum það óþarft, að fleiri aðilar fjalli um stjórn sjóðsins en Tryggingastofnun ríkisins, sem á aðallega að hafa stjórn hans með höndum samkv. frv.

Þá flytjum við þá brtt. við 7. gr., að lán úr sjóðnum megi nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, sem séu veðtryggð, og að heimilt sé að veita þau lán á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna, þannig að samanlagt megi lán á íbúðunum nema 85%, og ég sé það á brtt. hv. minni hl., að hann flytur brtt., sem fer í svipaða átt og þetta. Út af fyrir sig hygg ég því, að ekki sé ágreiningur um þetta atriði. Það var rætt í n., hvort setja skyldi inn í frv. ákvæði um lánskjör og lánstíma, en meiri hl. n. fannst ekki ástæða til þess og vildi heldur hafa það á valdi sjóðsstjórnar og ráðh. að ákveða lánskjörin, eins og kemur fram í nál. okkar. Hins vegar er enginn ágreiningur um það í n., að þessi lánskjör eigi að vera hagstæð lántakendum og með því hagstæðasta, sem tíðkast á vettvangi húsnæðismálalána, eins og kemur fram í nál. okkar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. eða brtt. N. sem heild mælir með því, að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d., gerði ég við það nokkrar aths. Ég fagnaði að vísu framkomu frv. og lýsti yfir, að ég mundi

greiða atkv. með því, en gerði aths. við ýmis efnisatriði þess. Ég lét í ljós, að íbúðir fyrir aldrað fólk, sem væru í eigu annarra aðila en sveitarfélaga, mundu að minni hyggju ekki verða til þess að greiða fram úr húsnæðismálum margra gamalmenna. Ég taldi, að það væri hjálp, sem kæmi nokkuð seint, þegar ætti að fara að aðstoða einstaklinga við að kaupa sér íbúð um og yfir sjötugt, og taldi, að mjög fáir þeirra einstaklinga, sem nokkra getu hefðu, mundu lúta að slíku, einkanlega þegar svo þær íbúðir ættu að vera með kvöð, sem gerði íbúðirnar lítt seljanlegar.

Ég lét einnig í ljós óánægju með það, að í frv. er talað um aðra aðila, sem sveitarstjórnir kynnu að mæla með og tækjust þá í hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki, en ættu þó að njóta réttinda til lána og styrkja samkv. þessum lögum. Ég spurðist þá fyrir um, hvaða aðilar þetta væru, sem þarna væri hugsað til, og fékk frá hæstv. ráðh. engin svör um það. Nú vita menn það, að hér í Reykjavík hefur einn slíkur aðili komið á fót elliheimili og rekið það um langa hríð. Þegar þetta gerist, þá er það að vísu gert til þess að leysa þjóðfélagslegt vandamál, sem hinu opinbera ber fyrst og fremst skylda til að leysa. En það er þó sennilega alltaf í og með hugsað sem gróðafyrirtæki, og ég er andvígur því, að þessi þjóðfélagsvandi sé gerður að gróðavegi fyrir einn eða neinn. Að þessu atriði barst talið í hv. heilbr.- og félmn., og menn skiptust á skoðunum um það, hvað mundi verða um elliheimilisbyggingar, sem slíkir aðilar hefðu komið á fót, þegar þeir féllu frá. Þá kom mönnum saman um, að annaðhvort hyrfu svona mannvirki úr þessari notkun ellegar þá að sveitarfélagið yrði að koma til og yfirtaka allt saman.

Það ber sem sé yfirleitt að þeim brunninum, að þessi mál verða varla leyst á þann hátt, að tryggt sé, að það fé, sem til þess er varið að leysa vandann, komi áframhaldandi að gagni, nema því aðeins að það sé gert af sveitarfélögunum. Þá gengur það frá einni aldraðri kynslóð til annarrar, og fjármagnið, sem veitt er til þess að leysa húsnæðismál aldraðs fólks, er í höndum þess aðila, sem skylduna ber til að sjá þessu fólki farborða um húsnæði og margt annað, og það virðist mér því vera eina eðlilega leiðin.

Þegar við fórum að athuga frv., kom ýmislegt fleira í ljós, sem allir nm. viðurkenndu að þyrfti að breyta. T. d. 5. gr., sem er þannig orðuð hjá þeirri mþn., sem samdi frv., að styrki og lán úr sjóðnum megi veita gegn öruggum tryggingum sveitarfélögum og öðrum aðilum o. s. frv. Allir nm. voru á einu máli um það, að þarna væri meinloka á ferðinni og þyrfti að breyta þessari grein þegar af þeirri ástæðu, að meiningarlaust væri að veita styrki gegn öruggum tryggingum, en styrkir og lán voru þarna sett sem hliðstæður, og átti að heimta öruggar tryggingar fyrir hvoru tveggja.

Eins og sjá má af þskj. 480, fór svo, að öll n. taldi, að rétt væri að breyta frv. í verulegum atriðum. Á þskj. 480 eru 6 brtt. frá meiri hl. n. Ég tel þessar brtt. yfirleitt vera til bóta á frv., og málsins vegna mundi ég að lokum samþykkja frv., þó að engar brtt. næðu fram að ganga við það, en ég mundi þó öllu fremur með nokkurri ánægju samþykkja það að samþykktum brtt. meiri hl. n., eins og þær liggja fyrir á þskj. 480, því að ég tel þær til bóta. Sumum þeirra er ég í raun og veru alveg fyllilega samþykkur.

Ein meginbrtt., sem gerð er á þessu þskj., er sú, að horfið sé frá því að veita nokkra styrki til þessara mála, en gera það eingöngu í lánsformi og hækka lánin aftur þannig, að sameiginlega megi hvíla sem veð á þeim húsum, sem byggð eru samkv. þessum lögum handa öldruðu fólki, allt að 85% af kostnaðarverðinu: 50% lán úr sjóðnum og enn fremur megi lán á samhliða veðrétti eða 1. veðrétti nema allt að 35%, þannig að sameiginleg lán með veði í byggingunum mættu vera allt að 85%. Ég held, að það sé réttara að fella styrkina niður, og er þeim brtt. samþykkur, einkanlega þegar lánveitingarnar eru þá rýmkaðar að sama skapi og hér er gert.

En þau atriði, sem ég er ósammála í brtt. meiri hl., eru þau, sem ég gerði aths. við strax við 1. umr., nefnilega að ég tel, að til lítils muni koma að ætla einstaklingum eftir 67 ára aldur að standa í þessum byggingarframkvæmdum og koma þannig upp íbúðarhúsnæði fyrir sjálfa sig. Ég tel, að bezt fari á því, að þarna séu allir aðrir aðilar en sveitarfélögin leystir af hólmi og löggjöfin verði eingöngu um það að greiða sem bezt götu sveitarfélaganna til að koma upp húsnæði fyrir aldrað fólk og þetta húsnæði gangi svo til framhaldandi nota, alltaf á hendi sveitarfélagsins, en hinu aldraða fólki sé leigt þetta húsnæði með mjög vægum kjörum, sem sjálfsagt er, þar sem sveitarfélagið mundi aldrei geta látið sér detta í hug að gera þetta að gróðavegi, og það hefði fengið hagkvæm lán til alllangs tíma til þess að koma byggingunum upp og gæti þannig veitt sérstaklega hagkvæm kjör. Að vísu fékkst ekki samkomulag um það í hv. n. að ákveða vaxtakjör og lánstíma í frv. sjálfu, og í upphaflega frv. er það ekki heldur, og finnst mér það einn af ókostum frv. En hv. frsm. tók það fram áðan í sinni ræðu, að það væri ætlun meiri hl. n., sem að þessum till. stendur, að lánskjör yrðu veitt til langs tíma og með lágum vöxtum, þannig að lánin yrðu með þeim hagkvæmustu lánum, sem veitt væru til íbúðarhúsnæðis. Ég álít þó alveg sjálfsagt, að í löggjöf sem þessari sé ákveðið, til hve langs tíma lánin skuli veitt sveitarfélögunum og hver vaxtafóturinn skuli vera. Þannig er það í l. um verkamannabústaði og yfirleitt tekið fram í lögum. Ég man ekki til þess, að þetta sé reglugerðarákvæði í neinni þeirri löggjöf, er snertir lánsfjárútvegun til byggingarmála.

Þó að ég að ýmsu leyti geti fallizt á, að till. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. séu til bóta á frv., þá er þó í þeim till. haldið þeim þátt-

um frv., sem ég er andvígur, svo að ég felli mig ekki við till. í heild. En hef tekið fram, að ég tel þó frv. vera mér skapfelldara að breytingunum samþykktum. En ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 481 allvíðtækar brtt. við frv. Brtt. eru eiginlega við allar greinar þess og einnig við fyrirsögnina.

Ég legg til, að verksvið frv. eða l. verði rýmkað þannig, að frv. heiti „Frumvarp til laga um byggingasjóð aldraðs fólks og öryrkja.“ Þessa till. mína byggi ég á því, að þær íbúðir, sem á annað borð eru byggðar með tilliti til þess, að vanburða fólk að einhverju leyti eigi að búa við þessar íbúðir og hagnýta þær, þá henti þær jafnt öryrkjum sem öldruðu fólki, og sveitarfélag, sem komið hefur upp slíku húsnæði, sé jafnvel að því komið að notfæra það hvort sem væri fyrir aldrað fólk eða öryrkja, og það teldist ekki notkun, sem færi út fyrir ramma laganna, þó að öryrkjar væru látnir búa í slíkum íbúðum, sem sveitarfélag ætti. Mér finnst því, að þessi brtt., sem rýmkar nokkuð verksvið l., sé eðlileg.

Þá er 2. brtt. mín um það, að hlutverk þessara laga skuli eingöngu vera það að koma upp íbúðarhúsnæði fyrir aldrað fólk og öryrkja utan Reykjavíkur. Þetta er vegna þess, að hér er um það að ræða, að Reykjavík hefur haft allt það fé, sem komið hefur inn fyrir happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, það hefur farið til að byggja elliheimilisstofnun mikla í Reykjavík. Á samkv. frv. að halda áfram að verja 60% af tekjum happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna til þess að ljúka byggingu þessarar miklu stofnunar. Reykjavík hefur notið alls þess fjár, sem komið hefur inn fyrir happdrættið, og á að njóta áfram 60% af því. Með því að gera skiptingu eins og fyrirhugað er hér á þessu fé tel ég eðlilegt, að Reykjavík haldi 60%, en það verði landsbyggðin, kauptún, bæir og sveitir utan Reykjavíkur, sem fái hin 40% til þess að byggja íbúðarhúsnæði fyrir aldrað fólk og öryrkja. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni, vegna þess að venjulegur fundartími er nú liðinn.) Ég gæti hugsað, að það yrðu allt að 10—12 mínútur að gera grein fyrir brtt. Að öðru leyti ætlaði ég ekki að fjölyrða um málið, svo að ég legg það alveg á vald hæstv. forseta, hvort ég á að hætta mínu máli nú eða ljúka því. (**Forseti:** Ég vil þá biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson [frh.]: Herra forseti. Ég var þar kominn ræðu minni í gær, þegar fundartíma lauk og forseti ákvað að fresta umr., að ég var byrjaður að gera grein fyrir brtt. minum við frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Ég lagði í fyrsta lagi til, að fyrirsögn frv. breyttist þannig, að frv. héti „Frv. til laga um byggingasjóð aldraðs fólks og öryrkja“, þ. e. a. s. „og öryrkja“ bættist við í fyrirsögnina, og væri þar með rýmkað verksvið þessarar löggjafar, þannig að þær íbúðir, sem sveitarfélög byggðu, væri sveitarfélögunum heimilt að nota fyrir aldrað fólk og öryrkja. Þetta legg ég til af því, að ég tel, að þær íbúðir, sem byggðar væru með sérstökum hætti fyrir fólk, sem að einhverju leyti væri vanburða, væru jafnnothæfar fyrir almenna öryrkja og fyrir aldrað fólk, og mætti ekki svipta sveitarfélög réttinum til að nota íbúðirnar þannig, ef verkast vildi.

Þá er 2. brtt. mín við frv. við 2. gr. þess, á þá lund, að gr. orðist svo:

„Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því með lánveitingum, að byggðar verði utan Reykjavíkur hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk og öryrkja.“ Hér er lagt til, að þessi sjóður starfi eingöngu að því að byggja íbúðarhúsnæði fyrir aldrað fólk og öryrkja utan Reykjavíkur. Þetta legg ég til sökum þess, að það fé, sem happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefur aflað, hefur eingöngu fram að þessu runnið til elliheimilisbyggingar i Reykjavík, svo sem kunnugt er, og hefur þó féð komið frá fólki, sem keypt hefur happdrættismiða í þessu happdrætti hvarvetna á landinu. Nú er með frv., sem hér liggur fyrir, lagt til, að 40% af happdrættistekjunum skuli renna til byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir aldrað fólk, en ekkert tekið fram um það, hvort það skuli vera í Reykjavik, utan Reykjavíkur eða hvort tveggja. Virðist því samkv. frv., eins og það er, vera heimilt, að það skuli bæði mega nota féð í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Dvalarheimili aldraðra sjómanna á að fá næstu 10 árin 60% af tekjunum áfram og þá væntanlega til þess fyrst og fremst að fullbyggja dvalarheimili aldraðra sjómanna, sem þegar er orðin mikil stofnun. Mér finnst því ekki óeðlilegt, og af því er sprottin till. mín, að þessi 40%, sem nú á að greina þarna frá, fari til byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir aldrað fólk og öryrkja utan Reykjavíkur, og væri þá hluti landsbyggðarinnar sízt meiri eða í hærra hlutfalli en íbúðaskiptingin er milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar að öðru leyti. Samkv. þessari till. mundu þá áfram renna 60% af tekjum happdrættisins til áframhaldandi byggingar elliheimilis aldraðra sjómanna í Reykjavík, sem nú er orðið almennt elliheimili, og svo til íbúðabygginga utan Reykjavíkur að því er snertir 40% af tekjunum. Þetta er ein af minum meginbrtt. við frv.

Þá er 3. till. mín við 3. gr. frv., á þá lund, að á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, er verði svo hljóðandi:

„Ríkissjóðsframlag að jöfnu á móti happdrættiságóðanum samkv. 1. lið.“

Í 3. gr. segir, að tekjur sjóðsins skuli vera í fyrsta lagi ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum þar

um í lögum um happdrættið. Mín till. er svo um það, að næsti töluliður verði um, að ríkissjóður leggi fram til þessa sjóðs jafnmikla upphæð og nemur ágóðanum af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, þ. e. a. s. þeim hlutanum, sem renna skal í þennan sjóð. Upplýst hefur verið, að miðað við reynslu síðasta árs megi reikna með, að það séu um 2 millj. kr., sem renni til þessa sjóðs af happdrættistekjunum, og finnst mér það frekar lítið, þegar miða skal við það að byggja íbúðarhúsnæði fyrir aldrað fólk hvarvetna á landinu. Þó að ég afmarki sviðið það þrengra, að þessi sjóður skuli eingöngu sjá fyrir byggingum fyrir aldrað fólk og öryrkja utan Reykjavíkur, tel ég, að 2 millj. kr. upphæð orki þar ákaflega litlu. Og mér finnst líka óviðkunnanlegt, að úr því að flutt er sérstakt lagafrv. um þetta mál á annað borð, þá sé ekki séð fyrir einum einasta eyri í tekjuöflun umfram það, sem nú fer til þess að byggja húsnæði fyrir aldrað fólk í landinu, þ. e. a. s. happdrættistekjurnar. Með þessu frv. er í rauninni ekkert annað gert en skipta happdrættistekjunum í tvennt. Ég teldi í alla staði sanngjarnt, að ríkissjóður legði fram framlag að jöfnu á móti þessum hluta happdrættisteknanna, sem koma frá fólkinu sjálfu, og þannig yrði samstarf milli ríkisins og einstaklinganna um að gera átak í þessu máli. 4 millj. kr. eru ekki stór upphæð, þegar á að byggja fyrir það. Hver íbúð kostar a. m. k. 300—400 þús. kr., og það eru þá aðeins örfáar íbúðir, sem hægt er að byggja á ári hverju, þó að upphæðin yrði 4 millj. kr. Meðmn. mínir fengust ekki til að gera breytingu í þessa átt á frv., og þess vegna er þessi till. meðal minna sérstöku till. við frv. og er um það að tvöfalda tekjur sjóðsins, og mundi hann þó sízt vera of mikils megnugur, miðað við þá þörf, sem fyrir er. Það má sannarlega reikna með því, að mörg sveitarfélög vildu notfæra sér þessa heimild um aðstoð til þess að byggja íbúðarhúsnæði fyrir aldrað fólk.

4. till. mín er orðalagsbreyting, og í henni felst einnig efnisbreyting. Upphaf greinarinnar er skýrara orðað: „Tryggingastofnun ríkisins skal annast stjórn og daglega starfrækslu sjóðsins undir yfirstjórn félmrn.“ En í frv. er hún svona: „Stjórn sjóðsins annast Tryggingastofnun ríkisins. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lánveitingar.“ Ég taldi ekki eðlilegt, að fulltrúi frá stjórn happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna ætti tillögurétt um lánveitingar á þessum hluta sjóðsins og hef því lagt til, að síðari hluti 4. gr. falli niður, tel, að þar séu mjög eðlileg yfirráð í höndum tryggingaráðs og undir yfirstjórn félmrn.

Þá er 5. brtt. mín á þá lund, að í stað 5., 6. og 7. gr. frv. komi tvær nýjar greinar. Með niðurfellingu 5., 6. og 7. gr. er sem sé slegið striki yfir þá hugmynd, að aðrir aðilar, sem sveitarfélög kynnu að mæla með, tækju að sér að reisa íbúðir handa öldruðu fólki, þeirri hugsun sé alveg sleppt og það séu sveitarfélögin ein, og enn fremur, að lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig megi einnig veita, en það er aðalefni 6. gr. Ég hef, eins og ég hef áður tekið fram, enga trú á því, að það verði margir um og yfir sjötugt, sem fari að byggja yfir sig, ef þeir hafa ekki ráðizt í það áður, og tel, að málið sé í öruggustum farvegi með því, að öll framkvæmdin samkv. þessum lögum sé í höndum sveitarfélaganna. — 7. gr. er um það, að styrkir og lán skuli veitast úr sjóðnum og megi lánið nema allt að 50% af byggingarkostnaði. Ég legg til, að allar þessar þrjár greinar falli niður, en í staðinn komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

„a. (5. gr.) Lán með 3% vöxtum til 40 ára má veita úr sjóðnum gegn 1. veðrétti, og má lánið nema allt að 85% af byggingarkostnaði.“

Meðnm. mínir, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, fengust ekki til að ákveða, til hve langs tíma lán úr þessum sjóði skyldu veitt, né heldur að ákveða vaxtafótinn, og leggja til, að það sé ákveðið af ráðuneytinu með eins konar reglugerðarákvæðum. Ég tel eðlilegast, að þetta sé í lögunum sjálfum, og hef tímamarkið ekki lengra en ákvæðin í verkamannabústaðalögunum, sem ákveða 42 ára lánstíma, en lánsvextirnir eru hins vegar ákveðnir mjög lágir, sem sé 3%. Þá er enn fremur heimilað, að lánsupphæðin sé mjög há, og þannig komið mjög til móts við sveitarfélögin, sem vildu notfæra sér þessi lög til þess að koma upp þessum húsum, og þeim gert mögulegt með svona ódýru lánsfé að leigja þessar íbúðir á mjög vægu verði hinu aldraða fólki, sem þeirra nyti.

Þá er b-liður þessarar brtt., sem kæmi aðallega í staðinn fyrir 6. gr., á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Séu þessi ákvæði ekki uppfyllt og íbúðirnar teknar til annarrar notkunar,“ — þ. e. a. s. heldur en fyrir gamalt fólk og öryrkja, — „skal sveitarfélagið þegar endurgreiða sjóðnum eftirstöðvar lána. Dragist slíkar endurgreiðslur sveitarfélags úr hömlu, er sjóðnum heimilt að láta selja íbúðirnar án undangenginns dóms og sátta til greiðslu á eftirstöðvum þeirra upphæða, sem veittar höfðu verið.“

Ekki er nú líklegt, að oft þyrfti til þess að koma, þegar það er haft í huga, að sveitarfélögin ein samkv. mínum brtt. kæmu til með að hafa á hendi þessar íbúðir og mundu sennilega áframhaldandi hafa þörf fyrir að sjá öldruðu fólki og öryrkjum fyrir húsnæði. En þó taldi ég rétt að hafa þessi ákvæði, þau eru ekki óáþekk því, sem er í brtt. meðnm. minna, en þó ekki samhljóða.

Þá er 6. till. mín við 8. gr. Hún yrði 7. gr. og lagt til, að hún orðist svo:

„Lán úr sjóðnum má því aðeins veita, að íbúðirnar eða húsin séu byggð samkv. teikningum, sem félmrh. hefur samþykkt. Sveitarfélag, sem sækir um lán úr sjóðnum, skal sýna félmrh. fram á þörf aukins íbúðarhús-

næðis fyrir aldrað fólk og öryrkja, og enn fremur, að sveitarfélagið sé fært um að koma íbúðunum upp án tafar.“

Ákvæði ekki ósvipuð þessu en nokkru ónákvæmari eru í 8., gr., a- og b-lið, frv., en hér er nokkru nánar og fastar ákveðið um þetta.

Eins og ég hef þegar gert grein fyrir, er mín síðasta brtt. um það, að frumvarpsheitið verði: „Frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks og öryrkja.“

Það má segja, að hér sé um að ræða allgagngerðar breytingar á hinu upprunalega frv. En aðalbreytingarnar eru í fyrsta lagi, að byggingarnar megi sveitarfélögin nota ekki aðeins fyrir aldrað fólk, heldur einnig fyrir öryrkja, í öðru lagi, að fé þessa sjóðs, sem hefur til umráða 40% af happdrættistekjum D.A.S., verði eingöngu varið til íbúðarhúsnæðis fyrir aldrað fólk og öryrkja utan Reykjavíkur, og í þriðja lagi, að ríkið leggi fram jafnt framlag á móti happdrættistekjunum, þ. e. a. s., eftir því sem ætla má nú um sinn, um það bil 2 millj. kr., og að ákveðið sé í frv. sjálfu um vaxtakjör og lánstíma og það sé miðað við alllangan lánstíma og mjög hagkvæma vexti, en horfið frá því að heimila lán handa öðrum aðilum en sveitarfélögum, sem ákveðið er um í frv., en ekki nefndir hverjir séu, og algerlega horfið frá hugsuninni um, að einstaklingar fari að byggja yfir sig um og yfir sjötugt. Menn sjá það vafalaust í hendi sér, að það er búið mjög að takmarka þann hóp, sem kæmi til með að nota þann rétt sem einstaklingar, þegar þetta er í kringum sjötugsaldurinn, og enn færri eru þeir, ef það væri um 75 ára eða áttræðisaldurinn. Lögin færu þá fram hjá flestum, og mætti segja, að það væri mjög um of að bjóða þá fram hjálp til fólks til að byggja yfir sig og sína, eins og ég vék að í ræðu minni við 1. umr. málsins. Að því skal ég ekki víkja frekar. Mér finnst, að einstaklingunum sé ekki ætlandi þetta hlutverk og sé dálitið út í hött af ríkinu að bjóða mönnum um sjötugt að aðstoða þá við íbúðabyggingar. En sveitarfélögin eru að mínu áliti réttur og eðlilegur aðili þar að, og mætti þó fyllilega koma að sömu notum fyrir hið aldraða fólk.

Ég hef tekið það fram áður, að frv. fylgi ég, þótt mér þætti það stórum betra, að brtt. mínar næðu fram að ganga, og allflestum brtt. meðnm. minna á þskj. 480 get ég einnig fylgt og tel þær flestar, ef ekki allar, til nokkurra bóta á frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég stóð ekki upp til þess að ræða efnislega það frv., sem hér liggur fyrir til umr. Ég er þakklátur hv. heilbr.- og félmn. fyrir að hafa sameiginlega lýst því yfir, að hún styðji frv.

Það er ekkert óeðlilegt, þótt fram komi ýmsar skoðanir á málinu, þegar um svo mikið vandamál er að ræða eins og hér er á ferðinni, og skal ég ekkert ræða þann ágreining, sem er á milli meiri hl. og minni hl. n. Læt ég hv. frsm. um að ræða það mál. En ég gat ekki látið þetta mál fara svo í gegnum þessa hv. d. að mótmæla ekki þeirri stefnu, sem sýnist hafa verið ráðandi í mþn., sem samdi þetta frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 9 á þskj. 325:

„Ekki vill n. mæla með því, að vistheimili séu reist í afskekktum og fámennum byggðarlögum, því að þangað mundi erfitt að fá nægjanlegt starfslið, lækniseftirlit og annað, sem nauðsynlegt er, til að aðbúð vistmanna verði ákjósanleg. Þróunin hefur orðið sú, að eðlilegt er, að vistheimili eru einkum reist á þeim stöðum, sem mannaferð liggur helzt að, eða á verzlunarstöðum viðkomandi héraða. Aldrað fólk saknar þess mjög, ef samband þess rofnar við ættingja og vini vegna fjarlægðar.“

Ég tel, að þessi ummæli séu byggð á frámunalega miklum misskilningi á þessum málum. Ég tel, að sú stefna, sem hér hefur verið uppi, að safna saman svo að segja öllu öldruðu fólki víðs vegar af landinu, eftir því sem hægt hefur verið að fá rúm fyrir það, í Reykjavík, sé algerlega röng. Það er einn þátturinn í því að láta fólkið flýja til borgarinnar og skilja byggðina eftir mannlausa. Margt af þessu fólki er flutt þangað mjög nauðugt, og síðasta ósk þess og skilyrði fyrir því, að það yfirleitt vilji taka rúm á þessum heimilum, er, að skrokkurinn verði fluttur í burtu í heimasveitina, þegar það hefur gefið upp öndina.

Ég tel, að það eigi að stefna að því að byggja upp sem mest af íbúðum aldraðs fólks, hvort heldur það yrðu séríbúðir eða það yrði í ákveðnum vistheimilum, þar sem ræturnar eru sterkastar, og flytja það ekki í burtu frá þeim stöðum. Og ég veit, að það eru fjöldamargir staðir á landinu, þar sem þetta fólk vildi heldur búa en vera safnað saman hér í Reykjavík, þar sem það er í hálfgerðum fangelsum. — Þetta vildi ég láta koma fram sem mína skoðun á málinu, áður en málið fer út úr þessari hv. deild.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að leiðrétta aðeins misskilning hv. síðasta ræðumanns. Hann taldi, að þau sjónarmið, sem kæmu fram í áliti mþn., sem þetta frv. samdi, væru á misskilningi byggð, og þeim sjónarmiðum vildi hann mótmæla. En ég vil hins vegar benda á, að mótmæli hv. þm. eru á misskilningi byggð.

Hann vitnaði hér til þeirra ummæla n., að hún teldi ekki ráðlegt, að vistheimili fyrir aldrað fólk yrðu byggð á fámennum og afskekktum stöðum. Nefndin taldi, að hið aldraða fólk vildi fremur vist á þeim stöðum, þar sem mannaferð lægi helzt að og það ætti hægast með að eiga skipti við sína ættingja og kunningja, fremur en vera staðsett einhvers staðar fjarri allri mannabyggð. Í þessi ummæli vildi hv. þm. leggja þann skilning, að mþn. teldi æskilegast, að allt aldrað fólk á landinu yrði flutt til Reykjavíkur, er það hefði náð tilteknu aldursmarki og önnur skilyrði leyfðu því ekki að eiga heppilega vist á þeim stað, þar sem það áður hefði dvalizt. En

að sjálfsögðu liggur hér til grundvallar það, sem raunverulega stendur í þessu nál., sem sé, að við teljum, að hið aldraða fólk vilji helzt dveljast á þeim stöðum, er, eins og við orðum það, mannaferð liggi helzt að. Það eru fleiri staðir á landinu, sem telja má þannig ástatt um, heldur en Reykjavík. Við eigum, sem betur fer, ýmsa fleiri staði, þar sem þéttbýli má teljast eða margbýli, heldur en höfuðstað landsins. Og það er það, sem við er átt að sjálfsögðu. Við teljum ekki, að það eigi að reisa vistheimili einhvers staðar uppi í afdal, sem enginn á leið um, nema kannske til að flytja matvæli eða einhverja nauðsyn á hið tiltekna vistheimili. Hins vegar teljum við, sem sæti áttum í þessari mþn., að hið aldraða fólk sé betur komið í þorpum, kauptúnum eða kaupstöðum, frekar en á afskekktum stöðum á landinu. Það var aðeins þetta, sem ég vildi benda á. Það er ekki átt við, að hér sé um Reykjavík eina að ræða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Úr því að hv. 8. þm. Reykv. fann ástæðu til þess að ræða þetta mál, þá er ég tilbúinn til að ræða málið miklu ýtarlegar. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur sig hafa meiri þekkingu á þessum málum og áhuga fólksins úti á landsbyggðinni heldur en ég hef. Ég hef nú í s. l. 20 ár staðið sem fulltrúi fyrir dreifbýlið, hef svo að segja kynnzt hverju heimili á Vesturlandinu og þykist hafa þar miklu meiri þekkingu á en hv. 8. þm. Reykv., og mér er það fullkunnugt, að margt af þessu fólki fer þaðan sárnauðugt til elliheimila, hvort heldur þau eru í þorpum eða í kaupstað. Mér er líka kunnugt um, að það eru ýmsir staðir á landinu, þar sem bæði eru skólasetur og heitt vatn, sem eru miklu betur til þess fallnir að vera elliheimili fyrir það fólk, sem hefur aldrei verið annars staðar en í sveit. Þar eru miklu meiri skilyrði fyrir það til að geta haldið áfram að vinna með þeim kröftum, sem það enn á og fara að sjálfsögðu dvínandi, hvort heldur er við jarðrækt eða annað. Það hefur þar miklu viðari sjóndeildarhring og er það mun hugþekkara að vera þar síðustu stundirnar heldur en vera flutt til Reykjavíkur, þar sem það svo að segja situr í fangelsi. Það mundi einnig tryggja mörgum þessum sveitum öruggari læknishjálp en nú er gert, ef heimili væru sett á slíka staði. Ég mótmæli því þeirri skoðun, sem einnig kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv., og vænti þess, að hún eigi ekki að mæta meirihlutavilja alþm. á Alþingi.

ATKVGR.
Brtt. 481,1 felld með 16:8 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 481,2 felld með 15:6 atkv.
— 480,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 481,3 felld með 16:9 atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 481,4 felld með 16:11 atkv.
— 480,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 481,5.a felld með 18:11 atkv.
— 480,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 481,5.b felld með 18:10 atkv.
— 480,4 (ný 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 480,5 (ný 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
— 481,6 felld með 18:8 atkv.
8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 480,6 (ný 9. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 481,7 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 508, 525).

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 525 litla brtt. við þetta frv. Það er lagt til, að orðin „styrkir og“ í upphafi 8. gr. falli niður. Þessi breyting er eingöngu flutt til samræmis við þær breytingar, sem gerðar voru á frv. við 2. umr., en þá var, eins og þdm. munu minnast, ákveðið að fella niður úr frv. þau ákvæði, sem miðuðust við, að byggingasjóðurinn veitti styrki, og eingöngu gert ráð fyrir, að hann veiti lán. Af einhverjum ástæðum hefur okkur yfirsézt að breyta þessu í 8. gr. frv., og þess vegna er þessi brtt. fram borin.

ATKVGR.
Brtt. 525 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 591).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í hv. Nd. voru gerðar lítils háttar breyt. á frv. frá því, sem var, þegar það var afgreitt héðan. Breytingarnar eru að tölunni til nokkrar, en efnislega er þar aðallega um eina breyt. að ræða, og það er, að sú heimild, sem í frv. var til þess að veita þessa aðstoð sem styrk, er numin í burtu, og eftir frv., eins og það er nú, er aðeins um lán að ræða. Þá er einnig numið úr frv., eins og það var, heimild til þess að láta húsnæðismálastjórn úthluta einhverju af þessum lánum, og gert ráð fyrir, að tryggingaráð annist það eitt. Þetta eru aðalbreytingarnar. Þá þriðju má að vísu nefna, þar sem

gert er ráð fyrir því, að lán í þessu skyni megi nema 50% af stofnkostnaði, þá var bætt við í Nd., að lánið mætti veita annaðhvort samhliða eða næst á eftir öðrum lánum, sem fengin væru annars staðar og næmu allt að 35% af stofnkostnaði. Aðrar breytingar, sem eru smáar, eru aðallega orðalagsbreytingar. — Ég vildi mjög leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþ. eins og hv. Nd. gekk frá því.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur gert grein fyrir þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd. Um þær breytingar var haft samráð við heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., og við getum alveg fallizt á þær breytingar, sem gerðar hafa verið, og mælt með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 612).

24. Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna [173. mál] (stjfrv., A. 326).

Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð að láta fylgja með þessu frv. Það kemur í beinu framhaldi af því frv., sem hér var síðast til umr., um byggingasjóð aldraðs fólks, og gerir ráð fyrir því, að leyfistími happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna verði framlengdur til ársloka 1974. Það er líka í lögin sett, að ágóði happdrættisins skuli renna í byggingasjóð aldraðs fólks, en 60% af ágóðanum skuli þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Þetta er a. m. k. enn sem komið er meginuppstaðan í þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir til þess að afla byggingasjóði aldraðs fólks tekna, og því rökrétt að framlengja leyfistíma happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna enn um nokkurt skeið.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þetta frv., þó að það kannske samkv. eðli sínu ætti að vera annars staðar, verði látið fylgja því frv., sem þessi hv. d. var að afgreiða rétt í þessu, og vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 369).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Þetta frv. er um framlengingu happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Um þær breyt. frá gildandi l., sem lagt er til að gerðar verði, er fullt samkomulag milli hinnar þingkjörnu n., sem undirbjó frv. um byggingarsjóð aldraðs fólks, og forustumanna D. A. S. En aðalbreytingin er, að hluti af tekjum happdrættisins renni til sjóðsins. Fyrst um sinn rennur hitt til að ljúka þeim áföngum hjá D.A.S. hér í Reykjavík, sem þegar hafa verið undirbúnir, en síðar er gert ráð fyrir að styrkja byggingu dvalarheimila aldraðs fólks annars staðar á landinu.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal taka það strax fram, að ég er samþykkur þessu frv. Hér er um mikla fjáröflun að ræða, sem hefur leyst stórkostlegan vanda hjá þeim, sem kannske eru hvað bágast staddir í þjóðfélaginu.

1954, þegar þessi lög munu hafa verið samþ., var gert ráð fyrir, að fjáröflun sú, sem hér um ræðir, væri til 10 ára, en nú er gert ráð fyrir, að hún sé framlengd um önnur 10 ár. Við þessu er að sjálfsögðu ekkert nema gott eitt að segja. En það má vel vera, að það sé mín fáfræði, en mig langar til að fá það upplýst hér, annaðhvort nú við þessa umr., ef það væri mögulegt, eða þá fyrir 3. umr., í fyrsta lagi, hvað tekjur þessa happdrættis eru orðnar miklar frá upphafi, og í öðru lagi, hvað hefur kostað bygging dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Og þá ætla ég, að komi í ljós, hvað bygging þessi með þeim útbúnaði öllum, sem að sjálfsögðu er tilheyrandi, hvílir á fjárhagslega sterkum grunni. Og í þriðja lagi langar mig til að vita það, hvort nokkrum hluta af því fé, sem hefur safnazt á þennan hátt, hefur verið varið til rekstrar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Ég veit ekki, hvort það er rétt skilið, en eftir því sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan í sambandi við 1. dagskrármálið, þá reiknaðist honum svo til, að það væri möguleiki að fá með þessum 40%, sem heimilt yrði að taka af fjáröfluninni árlega til að byggja sérstök heimili yfir gamalt fólk, upphæð, sem mundi kannske nægja fyrir 10 íbúðum. Ég veit ekki, á hvaða verði hver íbúð er reiknuð, en ef til vill nálægt 1/2 millj. kr. eða kannske meira. Þá skilst mér, að hér sé reiknað með, að tekjur dvalarheimilis aldraðra

sjómanna, sem til umráða komi árlega, geti orðið eitthvað í kringum 12—13 millj. kr. En þetta er náttúrlega ekki hægt að segja neitt um.

Ég vil enn fremur segja, að ég tel þetta rétta stefnu, að breyta hér nokkuð um með tilliti til þess, að það er fólk misjafnlega á vegi statt, misjafnlega sjálfbjarga, sem þarf á aðstoð að halda í þessum efnum. Það er alveg rétt, eins og hv. 3. þm. Vestf. gat um, að það er sjálfsagt, að hver og einn bjargi sér eins lengi og mögulegt er og þjóðfélagið stuðli að því, og ég tel, að með þessum frv., sem hér liggja fyrir og fjalla um þessi efni, sé að öllu leyti stefnt í rétta átt að því er þessi mál áhrærir.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Ég get því miður ekki leyst úr öllum spurningum hv. 1. þm. Vesturl., en ég skal leitast við að leysa úr einhverjum af þeim, eftir því sem mér er kunnugt um.

Um tekjur D.A.S. frá upphafi get ég því miður ekki sagt, því að ég veit ekki, hverjar þær eru, en nú á undanförnum einu eða tveimur árum hafa tekjurnar numið 6½—7 millj. á ári, og það er búizt við, að þær hækki á næstu árum upp í 8 millj. kr. Það er gert ráð fyrir að fjölga nokkuð miðum í happdrættinu, og þá er búizt við, að tekjur hækki á 1—2 árum upp í 8 millj. kr. á ári. Ég get ekki heldur upplýst, hvað dvalarheimili aldraðra sjómanna hefur kostað til þessa. En rekstur dvalarheimilisins er, að því er mér er bezt kunnugt um, þannig, að rekstur sjálfs dvalarheimilis aldraða fólksins hefur nokkurn veginn staðið undir sér, a. m. k. núna undanfarin ár, eftir að það komst í þá stærð, sem það er nú í ár og s. l. ár. Rekstur sjálfs dvalarheimilisins stendur undir sér með þeim gjöldum, sem vistmennirnir eru látnir greiða. En hins vegar hefur verið nokkur halli á sjúkradeild heimilisins, og ég hygg, að þessum halla hafi verið mætt af tekjum sjómannadagsráðs. En nú eru tekjur sjálfs sjómannadagsráðs nokkuð aðrar og meiri en bara tekjur af happdrættinu, og það voru a. m. k. um skeið og eru nú nokkrar tekjur af bíói, sem stofnsett var og rekið í dvalarheimilinu. Það er von um, að það geti orðið til þess að styrkja rekstur heimilisins enn betur í framtíðinni.

Um þessar 10 íbúðir, er ég gizkaði á að mundi a. m. k. vera hægt að styrkja eða lána til á næstu árum, þá er miðað við litla íbúð í fjölbýlishúsi fyrir 2 manneskjur aðeins, og þar er miðað við það, að þessi íbúð sé að vísu lítil, en hins vegar nægileg og eins hentug og við verður komið með nútímatækni. Upplýsingar um verðið hafði ég frá manni, sem hefur verið a. m. k. í fyrra og í ár að byggja og haft með höndum reikningshald fyrir allstóra byggingu eða byggingar, sem í eru svona íbúðir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir þessi svör. En ég vil ítreka þær tvær fyrirspurnir mínar, sem ekki var tækifæri til að svara nú, að svar komi við þeim við 3. umr. þessa máls. Þær eru: Hvað hefur dvalarheimili aldraðra sjómanna kostað til þessa, og hverjar eru heildartekjur, sem komið hafa af happdrættinu til og með síðustu áramótum?

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt í beinu framhaldi af því máli, sem var hér til umr. næst á undan. Í því felst heimild til að framlengja happdrættisleyfi dvalarheimilis aldraðra sjómanna til ársloka 1974 og að hagnaðinum af því verði varið á þann hátt, sem rætt hefur verið við hið fyrra frv., þ. e. a. s. 60% ágóðans varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en að öðru leyti renni hagnaðurinn í byggingasjóð aldraðs fólks. Ég þarf ekki að hafa um þetta frv. fleiri orð. Það er mjög einfalt og raunar rætt í sambandi við það mál, sem var síðast til umr.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 326, n. 463).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. fylgir því frv., sem var hér til afgreiðslu áðan, um byggingasjóð fyrir aldrað fólk, og í frv. eru ákvæði um tekjuöflun til þess byggingasjóðs, eins og fram hefur komið í umr. um það mál.

Samkv. gildandi lögum ætti happdrættisleyfi dvalarheimilis aldraðra sjómanna að renna út 24. apríl 1964, en samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að leyfið framlengist til ársloka 1974, og jafnframt er ákveðið, að 40% af ágóða happdrættisins renni í byggingasjóð aldraðs fólks.

Hins vegar verður 60% af ágóðanum eftir sem áður varið til dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og jafnframt er stjórn dvalarheimilisins heimilað að veita styrki eða lán til annarra dvalarheimila.

Eins og fram hefur komið í umr. um byggingasjóð aldraðs fólks, hefur stjórn dvalarheimilisins hug á því að styrkja rekstur og byggingu dvalarheimila annars staðar á landinu en hér í Reykjavík. og kemur þetta fram í þessu frv.

Heilbr.- og félmn. mælir öll með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 326, 543).

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 543 svo hljóðandi brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárins til byggingasjóðsins."

Ástæðan til þess, að heilbr.- og félmn. tók þetta mál tfl athugunar á ný milli 2. og 3. umr., var aths., sem gerð var af hálfu sjómannadagsráðs um gildistöku ákvæðis frv. Svo sem hv. d. er kunnugt, á núgildandi happdrættisleyfi dvalarheimilis aldraðra sjómanna að renna út í apríl næsta ár, en samkv. gildistökuákvæði þessa frv. á byggingasjóður aldraðs fólks að fá 40% af nettótekjum happdrættisins nú þegar. Bent var á, að þetta gæti komið sér illa fyrir happdrættið vegna þeirra ráðstafana, sem þegar hefðu verið gerðar, t. d. í sambandi við kostnað við vinninga happdrættisins og aðrar skuldbindingar þess.

Mál þetta var rætt við hæstv. félmrh. og lýsti hann því yfir, að af hálfu ráðun. mundi happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna verða sýnd fyllsta lipurð, þegar að því kæmi að ákveða, hvernig haga skyldi innborgunum happdrættisins til byggingasjóðsins, og þá með sérstöku tilliti til þeirra skuldbindinga, sem ég gat um og til hefur verið stofnað, áður en ákvæði þessa frv. öðlast lagagildi. Að fenginni þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. taldi fulltrúi sjómannadagsráðsins, sem við n. ræddi um málið, að hann gæti eftir atvikum fallizt á afgreiðslu málsins með þeirri breytingu, sem heilbr.- og félmn. flytur á þskj. 543.

ATKVGR.
Brtt. 543 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 592).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á þessu frv. var gerð lítils háttar breyt. í hv. Nd. Þessi breyt. er eingöngu í því fólgin, að á eftir 1. gr., sem áður var í frv., komi ný gr., sem hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárins til byggingasjóðsins."

Þetta þótti rétt að hafa, þar sem þessi byggingasjóður aldraða fólksins og stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna eiga að vera saman um þann arð, sem happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna gefur af sér..

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 613).

---

25. Innflutnings- og gjaldeyrismál o. fl.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. [212. mál] (stjfrv., A. 437).

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er mjög einfalt. Undanfarin ár hefur verið í lögum heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að lækka aðflutningsgjöld af þeim bifreiðum, sem lamaðir og fatlaðir kaupa frá útlöndum. Á s. l. ári var þessi heimild takmörkuð við 150 bifreiðar, en hún hefur ávallt undanfarið verið samþ. til eins árs í senn. Í þessu frv. er lagt til, að á árinu 1963 verði talan hin sama og í fyrra, þ. e. a. s., að heimilað verði að lækka aðflutningsgjöld af 150 bifreiðum, sem fluttar eru inn handa lömuðum og fötluðum. Fleiri skýringa tel ég þetta frv. ekki þurfa og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 437, n. 484).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er að kveða á um tölu þeirra bifreiða, sem heimilt er að lækka aðflutningsgjöld á vegna fatlaðra og lamaðra. Gerir frv. ráð fyrir því, að sú tala sé óbreytt frá því, sem er í núgildandi lögum.
Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og eins og nál. á þskj. 484 ber með sér, mælir hún einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég er samþykkur þessu frv., en eitt langar mig til að vita í sambandi við þetta mál. Það er, hvort umsækjendur um eftirgjöf á skatti vegna þessara bifreiða eru ekki mun fleiri en sú tala bifreiða, sem frv. gerir ráð fyrir að verði heimilt að slá aðflutningsgjöldum af, hvort hugsanlegt sé um flesta þá, sem sækja um afslátt á þessum bifreiðum, að það sé hægt að veita þeim úrlausn, eða hvort þeir séu allmiklu fleiri.
Ég held, að það hafi verið í hittiðfyrra, árið 1961, sem 250 aðilum var veitt undanþága frá lögum í þessum efnum, en árið sem leið munu það hafa verið 150, og svo mun vera ráð fyrir gert enn þá. En hverjar upplýsingar hefur n. fengið um það, hve margir umsækjendur eru nú, og eru líkur til, að hægt sé að fullnægja þeim með þeirri bifreiðatölu, sem frv. gerir ráð fyrir?

Frsm. (Ólafur Björnsson): Varðandi þá fsp., sem borin var hér fram af hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), þá hefur þetta mál ekki borið á góma í n. og hún hefur ekki fengið um það neinar upplýsingar. Hins vegar er ég reiðubúinn til þess að útvega þessar upplýsingar fyrir 3. umr., ef hv. þm. telur það viðunandi, en hæstv. viðskmrh. er ekki viðstaddur hér í d. núna, þannig að hann getur ekki svarað fsp., en vera má, að honum sé um þetta kunnugt.

Björn Jónsson: Ég hafði hugsað mér að beina ofur lítilli fsp. til hæstv. viðskmrh. í sambandi við þetta mál, ef hann væri hér viðstaddur, og þar sem hv. form. fjhn. hefur gengizt inn á að bera honum fsp., þannig að svör við þeim geti borizt fyrir 3. umr., þá vil ég, þótt hæstv. ráðh. sé ekki viðstaddur, koma þessari fsp. á framfæri.
Mér er kunnugt um það, að mjög lengi hafa öryrkjasamtökin í landinu haft mikinn áhuga á því, að þessar tollaeftirgjafir af bifreiðum yrðu afskrifaðar á vissum árafjölda, og ég hygg, að það hafi verið rætt um, að það mætti helzt ekki vera um lengri tíma að ræða í því sambandi en 5—8 ár. Ég hygg, að það sé öllum ljóst, hversu mikla þýðingu það hefur fyrir marga öryrkja að geta haft sæmileg farartæki til að bera sig yfir og hvaða þýðingu það getur haft fyrir þá, svo að þeir geti stundað sína atvinnu. En þá er það líka auðsætt, að eftirgjöf einu sinni yfir langa ævi dugir skammt til. Þegar það er svo, að við endurnýjun á bílakosti öryrkjanna þurfa þeir að greiða upp þá eftirgjöf, sem þeir hafa áður fengið, þá nær þessi aðstoð vitanlega mjög skammt í þeim tilfellum. Nú er það svo, að það er að ýmsu leyti óhagstæðara fyrir öryrkja en aðra að vera með gamla bíla, og þeir þurfa helzt, ef vel á að vera, að geta endurnýjað þá oftar en aðrir. Manni sýnist því, að sé á annað borð rík ástæða til þess, að öryrkjarnir fái eftirgjöf á tolli af sínum bifreiðum, þá sé þeim málum þannig komið fyrir, að þeir fái einnig eftirgjöf, þegar um endurnýjun á bílakostinum er að ræða.
Mér er kunnugt um það, að öryrkjasamtökin hafa gert um þetta fjölda ályktana á sínum þingum, og það mun ekki hafa verið látið ólíklega um það, að til móts við þessar óskir yrði gengið að einhverju leyti. En mér vitanlega hefur enn þá ekki orðið neitt af framkvæmdum í þessum efnum.
Ég geri mér ekki alveg ljóst, hvort þörf er nokkurrar lagabreyt. í sambandi við þetta. Ég hygg, að það væri hægt að koma þarna til móts við óskir öryrkjanna með reglugerðarákvæðum frá ráðuneytinu. En sem sagt, ég hygg, að það sé fyllilega kominn tími til þess, að þessi mál séu athuguð og einhverjar ákvarðanir teknar í þeim, því að eins og þessum eftirgjöfum er háttað núna, koma þær að tiltölulega mjög takmörkuðu gagni, meðan ekki er um það að ræða, að eftirgjöfin sé afskrifuð á eðlilegum árafjölda.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hafði lofað tveim hv. þdm. því við 2. umr. málsins að leita upplýsinga um fsp., sem þeir þá báru fram.
Önnur fsp., borin fram af hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), var þess efnis, hvort fullnægt hefði verið eftirspurninni eftir þeim bifreiðum, sem hér er um að ræða, eða þeirri tölu bifreiða, sem heimilað er að lækka aðflutningsgjöld á. Hæstv. viðskmrh., sem ég leitaði til varðandi

þetta efni, tjáði mér, að eftirspurninni hefði nokkurn veginn verið fullnægt síðastliðin ár. Það hefði ekki verið um að ræða, að umsóknir hefðu borizt umfram þetta, sem teljandi væri.

Hin fsp. var frá hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ), þess efnis, hvaða reglur giltu um afskrift þeirrar kröfu, sem ríkið á á hendur þeim, sem þessar bifreiðar fá, varðandi það, að þeir endurgreiði lækkun aðflutningsgjaldanna, ef bifreiðarnar eru seldar. Hæstv. ráðh. tjáði mér, að þeirri reglu hefði til skamms tíma verið fylgt, að krafa þessi afskrifaðist á tíu árum, en á s. l. ári hefði því verið breytt þannig, að krafan afskrifaðist nú á fimm árum, þannig að endurgreiðsluskyldan falli niður, ef bifreiðin er seld, eftir að fimm ár eða meira eru liðin frá því, að hún var keypt. Vænti ég, að hv. þm. telji þessar upplýsingar eftir atvikum fullnægjandi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 437, n. 574).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og samþ. shlj. að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, enda felst í því sama tilhögun og verið hefur á undanförnum árum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 617).

---

26. Lögreglumenn.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um lögreglumenn [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eftir þær almennu umr., sem hér hafa farið fram, er það e. t. v. nokkuð hversdagslegt að ræða um sjálft dagskrármálið, og ég vildi, áður en ég vík að því, einungis geta þess út af þessum almennu umr., að þær sýna, að þörf er á því, að þingsköp verði endurskoðuð. Það er ekki sérstaklega þessi fsp. eða þessar umr., sem ættu að gefa tilefni til þess, þótt þær hljóti enn að vekja upp hugsun um það, heldur vitum við, að slíkar fsp. og slíkar umr. eru alltíðkaðar hér í þingsölunum. En það er ekki gert ráð fyrir þeim í þingsköpum, og það er t. d. ljóst, að ef þessi fsp., sem hv. þm. bar fram, hefði verið flutt samkv. þingsköpum, þá hefðu umr. orðið töluvert takmarkaðri og ræðutími hv. þm. sjálfs mun styttri. Til þessa er ætlazt eftir þingsköpum, jafnvel um þær fsp., sem þingið er búið að samþykkja að skuli svara og ráðh. hefur þó haft nokkurn tíma til þess að undirbúa svar sitt við fsp. Nú var fsp. hv. þm. að vísu nokkuð víðtæk strax í fyrstu, en varð þó enn víðtækari á seinna stigi málsins, þegar hann vildi láta ríkisstj. fara að svara fyrir og gefa skýringar á einstökum blaðagreinum í jafnmerku og ágætu blaði eins og Morgunblaðið er. En allt þetta sýnir, að hér er töluvert farið út fyrir þær reglur, sem þingsköp hafa sett og þm. komið sér saman um.

Ég er ekki sérstaklega að áfellast þennan hv. fyrirspyrjanda að þessu sinni. Ég játa, að þetta hefur verið tíðkað af öllum flokkum — nokkurn veginn jafnt, geri ég ráð fyrir. Þó hygg ég raunar, að þegar þessi hv. þm. sat í forsetastól, hafi það komið fyrir, að hann hafði brugðið nokkuð skyndilega við til þess að koma í veg fyrir þá fsp. eða aths., sem hann taldi sér óhentuga og flytja átti utan dagskrár. En einnig þau viðbrögð sanna, að flokkarnir ættu að koma sér saman um endurskoðun á þingsköpunum, setja nefnd allra flokka til þess að færa þingsköpin í nokkuð sæmilegt horf.

Það er ekki einungis varðandi þetta atriði, heldur sitthvað fleira, t. d. varðandi útvarpsumr., þar sem, hvað sem útvarpsumr. annars almennt líður, er ljóst, að ákvæðin t. d. um vantraust og eldhúsumr. eru með öllu orðin úrelt og gefa tilefni til þess, að slík endurskoðun fari fram. Okkur hlýtur öllum án tillits til flokkaágreinings og án tillits til þess, hver flokkur er í ríkisstj. þessa stundina eða hina, að koma saman um, að sem bezt skipu-

lag þurfi að vera á störfum þingsins og umr. þar séu í nokkurn veginn föstum formum. Vil ég því skjóta því hér fram að gefnu þessu tilefni til flokkanna, hvort þeir gætu fallizt á, að slík endurskoðun væri undirbúin, á fyrsta stigi með samráði þeirra allra. Að lokum hlýtur það svo, einkanlega ef ekki verður samkomulag, að koma í hlut forsrh. að undirbúa endanlega frv. um þessi efni, sem lagt verði fyrir þingið.

Ég er ekki sérstaklega hrifinn af snöggum breyt. á þingstörfum og held, að það sé bezt að halda þar í það, sem vel hefur reynzt, en mér er þó ljóst, að t. d. slíkar umr. eins og þessar eru sízt heppilegar. Þær gera lítið til í upphafi þings, þegar menn hafa enn fá mál um að fjalla, en þegar líður á þingtíma, þá er ljóst, að þær geta verkað stórlega truflandi á þingstörf, og raunar hlýtur að því að koma, að störf þingsins verði svipuð hér og annars staðar, betur skipulögð og séð fyrir því, að hægt sé að ljúka þeim á nokkurn veginn fyrir fram áætluðum tíma. Það krefst þess að vísu, að ríkisstj. hafi verulega íhlutun um störfin. Það bitnar á stjórnarandstöðu hverju sinni. Enginn veit, hver er í stjórnarandstöðu hér að nokkrum árum liðnum, og ætti því að vera hægt að líta á það mál hlutlaust og án flokkaágreinings. En eftir því sem störf þingsins verða umfangsmeiri og menn með eðlilegum hætti verða ófúsir til þess að sitja langtímum saman yfir starfi, sem lítið miðar áfram, þá er nauðsyn á því, að þetta verði tekið til endurskoðunar og við kynnum okkur rækilega, hvernig er háttað störfum á öðrum þjóðþingum, sem helzt eru sambærileg. Ég hef leyft mér að gera þennan fyrirvara eða hafa þessar almennu umr., áður en ég vík að sjálfu umræðuefninu, frv. til laga um lögreglumenn, en geri það að mjög gefnu tilefni, eins og ég hef gert grein fyrir.

Löggjöfin um lögreglumenn er nú orðin nokkuð gömul. Segja má, að hún að meginstefnu til sé nær 30 ára, með lítils háttar breytingum, sem gerðar hafa verið 1940 og 1961. Alþ. óskaði þess vegna eftir því 1960, að löggjöfin í heild yrði endurskoðuð, og aukin hvatning til þess kom fram í sambandi við þál. frá 1961 varðandi fyrirkomulag tollgæzlunnar. Þessi endurskoðun á lögreglumannalögunum hefur nú farið fram af hálfu dómsmrn., og hafa hana annazt menn, sem það hefur kvatt sér til ráðuneytis.

Í því frv., sem hér er lagt fram, eru engar stórvægilegar breyt., en þó nokkrar, sem töluverða þýðingu hafa, og vonast ég til þess, að menn verði sammála um, að allar horfi þær til bóta, svo langt sem þær ná. Rétt er að geta þess sérstaklega, að athugað var, hvort unnt væri að sameina að öllu löggæzlu og tollgæzlu þannig, að sömu menn önnuðust hvor tveggja störfin og hvarvetna, einnig hér í Reykjavík. Hafði ég látið mér til hugar koma, að bæði geti orðið einhver sparnaður af þvílíkri sameiningu og eins gæti það vel hentað, að sömu mennirnir væru ekki ætíð við sömu störfin, heldur gætu þeir fengið tilbreytingu, sem þeim og starfinu væri holl, með því að taka þvílíka sameiningu upp. Að athuguðu máli reyndist þetta þó ekki gerlegt, fyrst og fremst vegna þess, að fróðir menn telja, að tollgæzlumenn þurfi slíka sérhæfingu í sínu starfi og margháttaðan kunnugleika, sem ekki væri hægt að afla, ef þeir ættu einungis að vera deild úr almennu löggæzluliði og gegna löggæzlumannsstörfum öðru hvoru. Þess vegna var horfið frá bollaleggingum um þvílíka allsherjar sameiningu, en látið við það sitja, að á einstöku stöðum, þar sem það þætti henta og héraðsstjórnir teldu það horfa til bóta, þá væri hægt að sameina lögreglustarfið og tollgæzlustarfið.

Annars eru aðalbreytingarnar, sem í þessu frv. felast, þær, að rýmkaðar eru reglur um heimild til lögreglumannahalds með tilstyrk ríkissjóðs. Nú er ætlazt til þess, að ríkisvaldið hafi ekki afskipti af þessu, nema þar sem 1000 íbúar eða fleiri eru í bæjarfélagi eða þorpi, og er þá gert ráð fyrir því, að hægt sé að skipa tvo lögregluþjóna, þannig að 500 íbúar komi á hvorn lögregluþjón. Samkv. frv. er ráðgert, að atbeini ríkisins geti komið til í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, og komi þá 1 lögregluþjónn á hverja 500 íbúa, og er það eins og áður var. Og ætlazt er til þess, að það sé ekki einungis hægt að skipa lögregluþjón í þorpum og bæjarfélögum, heldur einnig í sýslufélögum, og mundi þá framlag það, sem hingað til hefur verið greitt úr sveitarsjóðum, verða greitt úr sýslusjóði. Þetta er mun sveigjanlegra og eðlilegra fyrirkomulag en það, sem nú er, enda hefur það komið í ljós, að á fjárlögum hafa verið veittir styrkir til þess að halda uppi löggæzlu í einstökum byggðarlögum, þar sem ekki var til þess almenn heimild samkv. þessum gömlu lögreglumannalögum.

Önnur höfuðbreyting frv. er sú, að nú á ríkissjóður almennt að greiða helming lögreglukostnaðar í stað 1/6 hluta áður. Þetta er þó að Reykjavík undantekinni, því að þar á ríkissjóður aðeins að greiða 1/3 hluta af hinum almenna löggæzlukostnaði. Og er þó sá munur á, sem jafnar þessi met aftur, að í Reykjavík skal vera staðsett ríkislögreglumannadeild, og er miðað við það sem almenna reglu, að hún sé 1/3 hluti af hinu venjulega lögregluliði, svo að þegar allt kemur til alls, verður þarna á ekki verulegur munur. Þess er svo að gæta, að samkv. bráðabirgðaákvæði í frv. er ráðgert, að þessi breyt. á kostnaðarhlutföllum, sem á að verða sveitarfélögunum mjög til hags frá því, sem verið hefur, komist í framkvæmd í þremur áföngum, þannig að kostnaðaraukinn lendi ekki allur í einu á ríkissjóði, heldur aukist við frá ári til árs um greiðslu ríkissjóðshlutans, þangað til því marki er náð, sem ég áður gerði grein fyrir. Þetta ætti að verða til þess að gera ríkissjóði þetta nýja fyrirkomulag síður tilfinnanlegt, og þó ekki að koma illa við sveitarfélögin, bæði vegna þess, að þau fá þegar í stað nokkra leiðréttingu á því, sem

verið hefur, og eins verður að ætla, að sú fjölgun lögregluliðs, sem mundi leiða af þessum lögum, muni ekki öll verða þegar í upphafi, heldur koma á nokkurra ára bili.

Þá eru settar nýjar reglur um störf héraðslögreglumanna, sem hafi fasta þóknun, en fá auk þess greiðslur fyrir unnin störf. Í núgildandi lögreglumannalögum er gert ráð fyrir slíkri héraðslögreglu, en nánast byggt á því, að þar sé um sjálfboðastarf að ræða. Það er ljóst, að þetta starf er nú orðið svo umfangsmikið, að ekki er hægt að ætlast til þess, að menn vinni það í sjálfboðavinnu. Það verður að vera nokkur hluti af eiginlegu starfi þess, sem það tekur að sér, einnig til þess að hægt sé að búast við því, að hann leggi á sig nauðsynlega þjálfun og fái þá þekkingu, sem eðlilega útheimtist í þessu skyni. Og er þá ætlazt til þess, að héraðslögreglumenn hafi nokkur fleiri störf með höndum en einungis að halda uppi löggæzlu á samkomum og fái fyrir þau störf fasta þóknun. Hins vegar yrði greitt sérstaklega fyrir þær samkomur, sem þeir halda löggæzlu uppi á, og þá einnig heimilað að leggja sérstakt gjald á þær samkomur, þar sem á löggæzlu þarf að halda, sem gæti að verulegu leyti eða öllu runnið til löggæzlumannanna, sem þar starfa.

Loks er boðið, að við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði starfræktur lögregluskóli, og er þar með löggjöf staðfestur sá háttur, sem á hefur komizt. Áður var ráðgert, að lögreglunámskeið gæti átt sér stað. Nú er þetta allt orðið umfangsmeira og leitað til Reykjavíkurlögreglunnar frá fleiri aðilum, og því eðlilegra, að fastari skipun verði á komið en hingað til hefur gilt.

Þetta eru meginatriði þeirra breytinga, sem lagðar eru til. Smávægilegar breyt. eru fleiri, eins og sú, að ef lögreglumaður starfar í sveitarfélagi og greitt er framlag til hans frá ríkissjóði, þá sé hann skyldur til þess eftir boði lögreglustjóra, sem ræður yfir því sveitarfélagi, að gegna kalli út um allt lögsagnarumdæmi þess lögreglustjóra, ef sérstaklega er ástæða til þess.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið, vonast til þess, að það fái greiðan framgang, legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að ræða þetta frv. og mun ekki heldur gera það. En aðeins út af því, að hæstv. dómsmrh. notaði þessa litlu fsp., sem ég gerði utan dagskrár, og umr. um hana sem rök fyrir því, að það þyrfti að fara að endurskoða þingsköpin, þó að hann um leið viðurkenndi, að hún væri vissulega ekki sjálf þess eðlis, að hún hleypti slíkri skriðu af stað, þá vil ég aðeins taka það fram, að þessi fsp. virtist gefa frekar lítið tilefni til þess, að út frá henni yrði farið að endurskoða þingsköpin, því að allar þær umr., tvær, þrjár ræður af hvorri hálfu, okkar utanrrh., tóku ekki einu sinni hálftíma hér. En okkur hæstv. ráðh. er báðum kunnugt um, að hér hefur það oft komið fyrir í þingi, að fsp. hafi verið gerðar utan dagskrár og allur þingtíminn fram til kl. 4 farið í að ræða slíkar fsp. Og það hafa allir flokkar sýnt sama áhugann á því, sérstaklega þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu, að geta haft þessa aðstöðu til þess að geta spurt svona, því að hin reglan, sem sett var upp um árið, þegar þingsköpunum var breytt, að maður gæti lagt fram skriflega fsp. og síðan fengi maður henni svarað, ýmist eftir viku eða hálfan mánuð máske, — það hefur komið fyrir mig með slíkar fsp., að það væri neitað að svara þeim, — hún er engan veginn hentug, þegar eitthvað mikið liggur á. Hins vegar er náttúrlega alveg gefið, að það er ekki hægt að hafa annan hátt, þegar maður er að óska t. d. ákveðinna upplýsinga, þar sem viðbúið er, að ráðh. þurfi að athuga ýmsar tölur og hafa góðan undirbúning.

Ég verð að segja það sem mína reynslu af þingstörfum, að þau hafa ekki tafizt og þing orðið eins löng og þau oft hafa orðið vegna þess, að það hafi verið gerðar svo miklar fsp. utan dagskrár. Reglan er almennt sú, og þar eiga sömu sök allar ríkisstjórnir, sem ég hef haft kynni af, að almennt ganga þingstörf lengi vegna þess, hve ríkisstjórnir eru lengi að undirbúa sín mál. Ég man varla eftir því, og ég held alls ekki, að það hafi komið fyrir, að vegna þm. sjálfra og þeirra umr. eða annars slíks hafi þing tafizt þannig. Það er yfirleitt vegna þess, hvernig ríkisstjórnirnar hafa undirbúið málin.

Viðvíkjandi þessum fsp. utan dagskrár, þá er það alveg rétt, að um þær eru ekki neinar reglur, þær eru sem sé algerlega á valdi forseta, og það er náttúrlega mjög misjafnt, hvernig forsetar beita þessu. Þegar þeim finnst t. d., eins og hæstv. ráðh. minntist á, komið síðla á þing og mikið þurfa að hraða störfum, þá eru forsetar ákaflega íhaldssamir og leyfa kannske alls ekki fsp., þannig að ég held, að það hafi ekki verulega komið að sök.

Ég verð að segja, að það er vafalaust nauðsynlegt, eins og hæstv. ráðh. benti á, að endurskoða viss atriði í þingsköpunum, en ég er — og býst við, að hann mundi líka vera, ekki sízt þegar hann væri í stjórnarandstöðu — mjög íhaldssamur um að endurskoða það, sem veitir þm. einhvern rétt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 408, 409, 410).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur á nokkrum fundum sínum farið yfir og rætt frv. til l. um lögreglumenn, og leggur n. til í heild, að frv. verði samþ. með

þeim breytingum, sem hún gerir sérstakar till. um og prentaðar eru á þskj. 409. Tveir nm., hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 11. landsk. þm., áskilja sér þó rétt til þess að flytja og fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Allshn. sendi frv. til umsagnar og athugunar Dómarafélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga, og mæla þessi félagssamtök bæði með samþykkt frv. í öllum höfuðatriðum.

Frv. þetta, ef að lögum verður, kemur í stað gildandi l. um lögreglumenn, nr. 50 1940, ásamt nokkrum breyt., sem á þeim l. hafa síðan verið gerðar. Er frv. miðað við breyttar aðstæður frá því, að áðurnefnd lög voru sett, og vaxandi þörf fyrir aukna og örugga löggæzlu í bæjum og héruðum. Einnig er með frv. komið til móts við eindregnar óskir sveitarfélaganna um, að ríkissjóður taki meiri þátt í kostnaði við löggæzlu en hingað til hefur verið gert.

Eins og í grg. með frv. segir, eru þessar breyt. frá gildandi l. veigamestar:

Í fyrsta lagi: Rýmkaðar eru reglur um heimild til lögreglumannahalds með tilstyrk ríkissjóðs, þannig að ríkisstj. er heimilt, að fengnum till. sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að fyrirskipa, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi lögreglulþjóni á hverja 500 íbúa. Í gildandi l. er hins vegar miðað við, að í kaupstöðum eða kauptúnum, þar sem eru þúsund íbúar eða fleiri, megi hafa tvo lögreglumenn.

Í öðru lagi: Ríkissjóður greiði almennt helming lögreglukostnaðar í stað 1/6 hluta í gildandi l., og má segja, að þetta sé í rauninni veigamesta breyt., sem gerð er í frv. frá gildandi l. Þá er felld niður í frv. sú takmörkun gildandi l. um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við löggæzlu, að hún komi ekki til, nema a. m. k. einn lögreglumaður komi á hverja 700 íbúa, en í frv. er miðað við, að einn lögreglumaður verði á hverja 500 íbúa, eins og áður sagði.

Í þriðja lagi er gerð sú undantekning frá þeirri reglu, að ríkissjóður greiði almennt helming kostnaðar af löggæzlu á móti sveitarfélögunum, að í Reykjavík skuli ríkissjóður aðeins greiða 1/3 hluta kostnaðarins. En allshn. hefur flutt brtt., þar sem hún leggur til, að í Reykjavík greiði ríkissjóður 2/5 hluta af þessum kostnaði. Það sjónarmið, að ríkissjóði beri ekki að greiða jafnmikinn hluta kostnaðarins af löggæzlu í Reykjavík og annars staðar á landinu, byggist á því, að Reykjavíkurborg nýtur að langmestu leyti þjónustu ríkislögreglumannadeildar, og er í frv. gert ráð fyrir, að tala ríkislögreglumanna verði ekki lægri en þriðjungur borgarlögreglumanna, en ríkissjóður greiði einn allan kostnað af ríkislögreglumannahaldi.

Í fjórða lagi er heimilað að ákveða, að lögreglumenn sveitarfélaga gegni jafnframt tollvarðarstöðum og þá með aukinni hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði. Í þessu sambandi má geta þess, að á Alþ. hefur oftar en einu sinni verið látinn í ljós sá vilji með samþykkt þáltill., að hafið yrði nánara samstarf milli tollgæzlu og löggæzlu til hagræðis og sparnaðar fyrir þá aðila, sem eiga að bera kostnað af þessum tveim þáttum löggæzlunnar.

Í fimmta lagi: Markaðar eru reglur um störf héraðslögreglumanna, sem hafi fasta þóknun, en fái auk þess greiðslur fyrir unnin störf. Fasta þóknun héraðslögreglumanna og allan annan kostnað á sýslusjóður að greiða, en ríkissjóður endurgreiðir síðan helminginn. Ríkissjóður greiðir þó að öllu leyti kostnað við þjálfun, einkennisfatnað og annan búnað héraðslögreglumanna.

Í sjötta lagi: Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði starfræktur lögregluskóli, og er með því staðfest sú framkvæmd, sem orðin er á heimild gildandi l. um námskeið fyrir lögreglumenn. Verður að telja þessi nýmæli eðlileg og æskileg.

Um brtt. allshn. á þskj. 409 er þetta að segja í fáum orðum:

1. brtt. n. er um það, eins og ég áður drap á, að ríkissjóður skuli endurgreiða 2/5 hluta af lögreglukostnaði í Reykjavík í stað 1/3 hluta, eins og ráðgert er í frv. Það er ekkert leyndarmál, að forráðamenn Reykjavíkurborgar töldu talsvert á sig hallað með því ákvæði frv., að ríkissjóður skyldi aðeins endurgreiða borgarsjóði 1/3 hluta löggæzlukostnaðar, miðað við það, að öðrum sveitarfélögum yrði endurgreiddur helmingur þessa kostnaðar. Þótti að athuguðu máli rétt að koma til móts við eindregnar óskir forráðamanna borgarinnar um, að þessu ákvæði yrði breytt þannig, að ríkissjóður greiddi 2/5 hluta kostnaðarins í stað 1/3 hluta, eins og frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar stendur það óhaggað, að Reykjavíkurborg lýtur að langmestu leyti þjónustu ríkislögreglumannanna, en ríkissjóður greiðir allan kostnað af því lögreglumannahaldi, eins og ég áður sagði.

Önnur brtt. n. er aðeins orðalagsbreyt., sem ekki er ástæða til að ræða.

Í þriðja lagi leggur n. til, að sú breyt. verði gerð á 5. gr. frv., að núv. tollvörðum verði ekki gert skylt að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum, en í frv. er gert ráð fyrir, að þeim tollvörðum, sem ráðnir hafa verið til starfa, eftir að gildandi lög um lögreglumenn tóku gildi, sé skylt að vinna slík störf sem ríkislögreglumenn. Eðlilegt verður þó að telja og sjálfsagt, að hér eftir verði þeir tollverðir, sem ráðnir verða til starfa, þjálfaðir í lögregluskóla ríkisins.

3. og 4. brtt. n. leiðir aðeins af því, að þessu frv. hefur seinkað nokkuð, og er gildistaka l. af þeim sökum færð aftur um eitt ár, svo og tímamarkið fyrir þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við löggæzlu og lögreglu.

Ég tel svo ekki ástæðu til á þessu stigi að fara fleiri orðum um frv., en eins og ég áður tók fram, leggur allshn. í heild til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún gerir till. um á sérstöku þskj.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. allshn. á þskj. 408, er ég í öllum aðalatriðum samþykkur frv. til l. um lögreglumenn. Hins vegar áskildi ég mér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv. Í samræmi við þennan fyrirvara hef ég leyft mér að flytja brtt. við 1. gr. frv. Brtt. eru á þskj. 410 og eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „fyrirskipa" í 1. málsgr. komi: „ákveða".

2. Á eftir orðunum „á hverja 500 íbúa" í sömu málsgrein komi: „Þó skal aldrei ákveða fleiri lögregluþjóna en sveitar- eða sýslufélag hefur samþykkt, enda hafi við ákvörðun sveitarstjórnar m. a. verið tekið tillit til umferðar og fjölda skemmtistaða í viðkomandi byggðarlagi.

Nú ákveður hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri en 500 íbúa, að hafa lögreglu, og skal ríkissjóður þá greiða helming kostnaðar skv. 1. málsgr. 2. gr."

Þessar breyt. skýra sig að mestu leyti sjálfar. Aðalbreytingin er, að það skuli vera á valdi viðkomandi sveitar- eða sýslufélags, hvað vera skuli margir lögregluþjónar á hverjum stað, enda hafi þá við ákvörðun sveitarstjórnar verið tekið tillit til umferðar á vegum og fjölda skemmtistaða í viðkomandi nágrenni og viðkomandi byggðarlagi. Það virðist flest mæla með því, að viðkomandi sveitar- og sýslufélög fái hér nokkru um að ráða, enda er þessi breyt. flutt í samræmi við skoðanir fjölda þeirra manna, sem fást við stjórn sveitarstjórnarmála.

Í frv., eins og það nú er, er tala íbúa þeirra sveitar- eða sýslufélaga, sem falla undir lögin, miðuð við 500 manns. Nú er það vitað, að víða um land eru staðir, sem hafa færri íbúa, en þar sem er þó hin mesta nauðsyn, a. m. k. vissa hluta árs, að hafa til staðar lögreglu. Væri hægt að tilfæra mörg dæmi þar um, þó að það verði ekki gert hér. Því hef ég talið rétt, að þar sem hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri íbúa en 500 manns, hefur ákveðið að hafa lögreglu, skuli ríkissjóður greiða helming þess kostnaðar, sem af slíkri ráðstöfun leiðir skv. 1. málsgr. 2. gr. Finnst mér margt mæla með því, að þessi breyt. verði samþ. Það er vitað, að hvorki eitt né annað sveitarfélag fer að leggja á sig aukakostnað með því að ráða lögreglu, nema til þess sé alveg sérstök ástæða. En ef sú ástæða er fyrir hendi, virðist mér allt mæla með því, að viðkomandi stað verði þá greidd sama upphæð eða sami kostnaður og öðrum sveitarfélögum, sem hafa fleiri íbúa, er greiddur. Útgjöld fyrir ríkissjóð mundu af þessu ekki nema nema mjög lítilli upphæð.

Breyt. við 1. gr. er aðeins orðalagsbreyting til samræmis við brtt. mínar, sem síðar koma.

Ég hafði ákveðið að flytja brtt. við 5. gr. En á fundi í allshn. náðist samkomulag um orðalag um, að núv. tollvörðum verði ekki skipað að vinna lögreglustörf gegn vilja sínum. Taldi ég ekki þörf á frekari breytingu, enda mun þessi breyt. að einhverju leyti hafa verið gerð í samráði við tollverðina.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en ég vildi óska þess við hæstv. forseta, að hann bæri upp síðustu málsgr. í brtt. mínum sérstaklega. Óska ég, að um hana fari fram nafnakall.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er nú um þetta mál eins og fleiri, sem tekin eru til meðferðar á þessum fundi, að það er tekið til umr. með afbrigðum, og er það þriðja málið í röð, sem til hefur þurft afbrigði, að umr. mættu fara fram. Afbrigðin í þessu máli þurftu til að koma vegna þess, að nál. hv. allshn. mun ekki hafa verið útbýtt fyrr en á þessum fundi, og er bagalegt að hafa ekki séð nál. fyrr og þær brtt., sem því fylgja, ekki sízt vegna þess, að mér virðist vafasamt, að þær till. sumar hverjar, sem n. leggur fram, séu til bóta frá því, sem í stjórnarfrv. stendur.

Ég vildi leyfa mér að vekja sérstaka athygli á því, að í 4. brtt. á þskj. 409 frá n. er lagt til, sem ekki var í stjórnarfrv., að l. nr. 45 frá 5. apríl 1956 falli úr gildi. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hv. þd. á efni þessara l. frá 1956. Í þessum l. felst viðbót við l. frá 1940, um lögreglumenn, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í þessari viðbót:

„Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn skv. 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kauptúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna síldveiða, enn fremur á öðrum stöðum og árstíðum eftir ákvörðun ráðh., þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana vegna hliðstæðra orsaka. Ráðh. er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn skv. 6. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri gerir grein fyrir þörf þess. Lögreglustjóri getur þá krafizt þess, að forráðamenn samkomuhalds annist hæfilega gæzlu innanhúss. Í reglugerð skal kveðið nánar á um löggæzlu skv. þessari gr."

Þannig hljóðar það nýmæli, sem á sínum tíma fólst í lögunum frá 1956. Skv. till. hv. allshn. eiga þessi lög að falla úr gildi. Vera má, að það samræmist ekki fyllilega formi laga, að l. verði áfram í gildi, en þá þarf að íhuga það, hvort frá hinum nýju lögum er þannig gengið, að sú löggæzla, sem þarna er gert ráð fyrir að ríkislögreglan annist, falli ekki niður eða verði örðugri af fjárhagsástæðum fyrir hlutaðeigandi en hún er skv. þessum lögum.

Ég vildi leyfa mér að benda á þetta, en jafnframt vil ég, úr því að ég er farinn að ræða þetta mál, aðeins láta þá skoðun í ljós, að mér virðist aðalefni till. hv. 11. landsk. á þskj. 410 mundi vera til bóta, eða a. m. k. síðari málsgr. 2. brtt. um það, að hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi með færri en 500 íbúa geti ákveðið að hafa lögreglu og átt rétt á endurgreiðslu eða greiðslu

á hluta af kostnaði úr ríkissjóði. Ég held, að það mark, sem þarna er sett, 500 íbúar, sé ekki einhlítt í þessu efni. Það kemur ýmislegt fleira til greina en íbúafjöldinn, eins og raunar var tekið til greina með lagasetningunni frá 1956. Og ég geri ráð fyrir því, að til séu hreppsfélög, sem hafi, þó að þau fylli kannske ekki íbúatöluna 500, ekki minni þörf fyrir lögreglu en önnur, sem ef til vill hafa nokkrum íbúum fleira.

Með því að nál. og brtt. hafa ekki legið fyrir fyrr en á þessum fundi, hefði ég nú viljað mælast til þess við hæstv. forseta, að þessari umr. yrði ekki lokið að sinni, þannig að ráðrúm gefist til þess að athuga nánar þessar till., sem fyrir liggja, og þau atriði l., sem þær snerta, og bera fram brtt., ef þurfa þætti. Og ég hygg, að það þyrfti ekki að tefja málið til muna, þó að það væri gert. Vildi ég mega vænta þess, að við því yrði orðið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Frv. því, sem hér um ræðir, var útbýtt á Alþ. 11. okt., eða daginn eftir að þing var sett. Því var vísað til 2. umr. og allshn. þann 15. okt. og hefur legið hjá n. síðan. Þær brtt., sem fram hafa komið, bæði frá n. og einstökum þm., á þskj. 408, 409 og 410, svo og framsöguræða hv. frsm., benda ekki til þess, að nein ástæða hafi verið til að tefja þetta mál svo lengi sem raun ber vitni um í n. Það væri því fróðlegt að heyra um það hér við umr., hvaða önnur ágreiningsatriði það eru, sem hafa tafið þetta mál svo langan tíma í hv. allshn. Það væri mjög fróðlegt fyrir okkur alþm. að fá að heyra um það. Skal ég svo ekki ræða meir um það atriði sérstaklega.

En ég vil ekki láta þetta mál fara hér úr þessari hv. d. nema gera grein fyrir minni afstöðu til löggæzlunnar yfirleitt. Ég lít svo á, að löggæzlumál eða lögreglumál séu eingöngu mál ríkissjóðs eða ríkisstj., en ekki sveitarfélaga eða bæjarfélaga, og því beri að stefna að því, þó að ekki sé hægt að gera það í einum áfanga, að allur kostnaður við lögreglumál sé greiddur úr ríkissjóði. Ég veit, að í þessu frv. er gerð tilraun til þess að minnka þá byrði, sem hvílir á sveitarfélögum og bæjarfélögum í sambandi við löggæzluna, og er það rétt stefna. En ég tel, að það eigi að taka alla þessa byrði af sveitarfélögunum. Og meginástæðan fyrir því er sú, að langsamlega mestur hluti af lögbrotum í landinu stafar frá víndrykkju, langsamlega mestur hlutinn vegna neyzlu á áfengi, og enginn annar aðili hefur verulegar tekjur af þeim viðskiptum en ríkissjóður. Að vísu hafa þeir, sem selja áfengi, nokkrar tekjur og einnig sveitarsjóðirnir, þar sem útsölur eru, en langmestur hlutinn af tekjum af vínsölu rennur í ríkissjóð, og þess vegna ber þeim aðila að bera uppi hlutfallslegan kostnað við lögbrotin.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að það er vaxandi þörf tollgæzlu í landinu, einkum og sér í lagi síðan skip fóru að sigla beint frá útlöndum á hinar ýmsu hafnir. Og það er vaxandi krafa um það, að sú tollgæzla sé aukin. Nú er svo ráð fyrir gert í þessu frv., sem ég tel alveg rétt, að nota jafnframt löggæzlumenn til tolleftirlits, einkum á þeim stöðum, þar sem lítið er við löggæzlumenn að gera. Það bendir einnig til þess, að það sé réttmætt að gera kröfu um þetta, að ríkissjóður greiðir allan kostnað við tollgæzlu og hefur sameiginlegs verkefnis hér að gæta um tollgæzlu annars vegar og löggæzlu hins vegar. Ég vil því mega kasta þeirri spurningu hér fram: Er mögulegt, að hv. n. og hæstv. dómsmrh., sem hefur borið fram þetta frv. sem stjórnarfrv., vildu taka það til athugunar, áður en málið fer út úr þessari hv. d., hvort ekki sé hægt að setja inn ákveðin fyrirmæli í ákvæði til bráðabirgða um það, að stefna beri að því að ná því takmarki, sem ég þegar hef hér lýst, þó að því sé ekki náð með því frv., sem hér er nú, og ekki í einum áfanga, frekar en ætlazt sé til þess, að þeim kostnaði, sem hér um ræðir, sé að fullu dreift á þá aðila, heldur er þar ætlazt til, að þetta verði ekki að fullu komið yfir á ríkið fyrr en 1964? Og ég skil vel, að vegna þeirrar fjárhæðar, sem það kostar ríkissjóð, þurfi að hafa lengri umhugsunartíma en hér væri fyrir hendi. Þó vildi ég samt sem áður, að þetta væri tekið til athugunar, og ef mögulegt er, sett inn í bráðabirgðaákvæði, að að þessu máli skyldi vinna þannig, að á einhverju tímabili væri allur þessi kostnaður kominn yfir á ríkissjóð og tekinn að fullu af sveitarsjóðunum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt, að það komi hér fram, að það var í samráði við mig og raunar eftir ósk minni, að hv. allshn. afgreiddi málið ekki fyrr en nú. Það voru viss atriði, sem raunar hv. frsm. gat um, sem þurftu nánari athugunar við. Það má segja, að þau hefðu getað lokizt fyrr en raun ber vitni. Staðreyndin er, að sú athugun tók þennan tíma, og það var ekki fyrir seinagang n., heldur þá athugun, sem ráðuneytið óskaði eftir að gera á málinu, sem á hefur orðið þessi frestur. Það er rétt, að þetta liggi alveg ljóst fyrir.

Varðandi hina athugasemd hv. 1. þm. Vestf. vil ég einungis benda á það, sem hann raunar sjálfur gat um, að í þessu frv. er verulega stefnt í þá átt að létta kostnaði af sveitarfélögunum og taka hann yfir á ríkið. Á þessu stigi málsins þótti ekki fært að fara lengra í þeim efnum. En ef það að fenginni reynslu þykir ráðlegt að ganga lengra, þegar liðinn er sá frestur, sem miðað er við í bráðabirgðaákvæðum frv., þá er ekkert til fyrirstöðu, að Alþ. ákveði það á sínum tíma. Um hitt verður ekki deilt, að frv. er mjög veruleg réttarbót fyrir sveitarfélögin frá því, sem verið hefur.

Hitt finnst mér eðlilegt, að betur verði athuguð brtt. sú, sem fram er komin frá hv. minni hl. hv. n., og eins athugasemd hv. 3. þm. Norðurl. e., og þess vegna bar ég fram þá ósk áðan, að umr. yrði frestað og málið tekið fyrir á næsta fundi, þegar unnizt hefur tími til

þess að skoða málið. Það er rétt, að þegar mál er búið að liggja jafnlengi fyrir eins og þetta, þá er að vissu leyti óviðkunnanlegt að afgreiða það með afbrigðum. Ég tek fyllilega undir þá athugasemd.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 5, n. 408, 409, 410, 436).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Frá því, að þetta frv. var síðast til umr. hér í þessari hv. d., hefur allshn. komið saman og athugað þær brtt., sem bornar voru fram við frv. Mun ég síðar skýra frá því. Ég vil einnig geta þess, að þegar frv. þetta var síðast til umr. hér í d., benti hv. 3. þm. Norðurl. e. á, að í einni af brtt. allshn. á þskj. 409 væru felld niður lög nr. 45 frá 1956, þegar frv. þetta öðlaðist lagagildi, en það ákvæði hefði hins vegar ekki verið tekið í frv., eins og það var lagt fram í upphafi. Þetta er alveg hárrétt athugað hjá hv. þm. Þetta ákvæði féll af vangá niður úr frv., eins og það var lagt fram hér í upphafi í þessari hv. d. Hins vegar tel ég, að ákvæði þessara laga, þ. e. a. s. laga nr. 45 frá 1956, en það er breyt. á gildandi l. um lögreglumenn, sem eru nr. 50 frá 1940, séu tekin upp í frv. því, sem hér er til umr. Ákvæðið um sumarlögreglu er í 2. mgr. 4. gr. frv., þar sem rætt er um sérstaka löggæzlu á vertíðum, og ákvæðið um löggæzlu ríkislögreglumanna á samkomum er að finna í niðurlagi 1. mgr. 3. gr. frv., þar sem segir, að hlutverk ríkislögreglumanna sé m. a. að halda uppi almennri löggæzlu og reglu.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, þegar málið var síðast til umr., vil ég einnig taka fram, að sumarlöggæzla eða vertíðarlöggæzla, eins og hún mun einnig vera kölluð nú, hefur um margra ára skeið verið kostuð af framlögum, sem veitt eru til hennar á fjárl. hverju sinni, þannig að það er engin breyting frá því, sem verið hefur, þótt gert sé ráð fyrir því og ákveðið í frv., að vertíðarlöggæzlu skuli haldið uppi eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Ég vona, að hv. 3. þm. Norðurl. e. taki þessi rök gild, en hann hafði tjáð mér, að hann mundi e. t. v. flytja brtt. við frv. fyrir 3. umr. málsins út af þessum atriðum.

Meiri hl. allshn. getur ekki fallizt á 2. brtt. hv. 11. landsk. þm., sem prentuð er á þskj. 410, en þar segir, að aldrei skuli ákveða fleiri lögregluþjóna en sveitar- eða sýslufélag hefur ákveðið. Með þessu væri, ef samþykkt yrði, opnuð leið fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd til að fækka lögregluþjónum, jafnvel niður í ekki neitt, án minnsta samráðs við ríkisvaldið eða viðkomandi lögreglustjóra, og sjá vitanlega allir, sem um það hugsa, hvað af slíku gæti leitt. Rétt er einnig að hafa í huga, að í ákvæði 1. gr. frv. segir: „allt að einum lögregluþjóni á hverja 500 íbúa“, og er þetta ákvæði alls ekki bundið við, að þessu 500 íbúa marki hafi endilega verið náð, og engin ástæða virðist til þess að gera ráð fyrir, að tilhneiging verði til þess af ríkisvaldsins hálfu að þrýsta óhóflega á í þessu efni.

1. og 3. brtt. hv. 11. landsk. þm., sem prentuð var upphaflega á þskj. 410, er allshn. hins vegar efnislega samþykk og flytur brtt. við frv., sem eru þessum tveim brtt. hv. þm. efnislega shlj. Þeim brtt. mun nú nýlega hafa verið útbýtt hér í d. og munu vera á þskj. 436. Hv. 11. landsk. hefur beðið mig um að taka fram, að hann tæki þar með aftur 1. og 3. brtt. sína á þskj. 410.

ATKVGR.
Brtt. 436,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 410,1 tekin aftur.
— 410,2 felld með 18:4 atkv.
— 436,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 409,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 409,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 409,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 409,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 409,5 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 58. og 59. fundi í Nd., 22. og 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 441, 452).

Gísli Guðmundsson: Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls, frv. til l. um lögreglumenn, vakti ég athygli á því, að með þessu frv., ef að lögum yrði, væru felld niður ákvæði l. frá 1956, sem leggja ríkislögreglunni nokkrar skyldur á herðar varðandi löggæzlu í verstöðvum og á samkomum víðs vegar um land. Síðar, áður en 1. umr. lauk, ræddi ég lauslega um þetta mál við hv. allshn., sem hefur haft frv. til meðferðar, og varð það þá eiginlega að samkomulagi, að ekki yrðu bornar fram brtt. um þetta efni eða önnur af minni hálfu við 2. umr. Um síðustu helgi, áður en 3. umr. átti að hefjast, höfum við hv. 2. þm. Austf. rætt saman um þetta mál, og það varð að ráði hjá okkur að bera fram brtt. við frv., sem prentaðar eru á þskj. 452.

Hér er um þrjár brtt. að ræða.

1. brtt. er við 1. gr. frv., og það, sem í henni felst, er, að ef sveitarstjórn eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, eins og segir í frv., óskar þess, að þar verði sett lögregla, þá skuli hún eiga rétt á því og á þátttöku ríkissjóðs í kostnaði. En í frv., eins og það liggur fyrir, er þetta allt

í heimildarformi fyrir ríkisstj. Okkur sýnist, að ef slíkt sveitarfélag vill leggja á sig þann kostnað, sem hér er um að ræða, þá sé rétt, að það eigi þennan rétt og eigi þá sjálft að dæma um það, þegar það er reiðubúið að leggja fram sinn hluta kostnaðarins, hvort þarna sé þörf á lögreglu. Þetta er efni í 1. brtt.

2. brtt. varðar ríkislögregluna og er að efni til að verulegu leyti shlj. lögum frá 1956. Okkur finnst það óeðlilegt, að ríkislögregla, sem kostuð er að öllu leyti úr ríkissjóði, starfi ekki fyrir allt landið, og við leggjum til, að á þessa ríkislögreglu verði lögð sú skylda að annast löggæzlu í verstöðvum eftir því, sem er nánar til tekið í brtt. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að í þessum verstöðvum, þ. e. síldarmóttökustöðvunum fyrir norðan og austan á sumrin og í verstöðvunum hér fyrir sunnan og vestan, safnast saman fjöldi fólks, aðkomumanna, sem ekki eiga heima á þessum stöðum, og það er þess vegna eðlilegt, að þjóðfélagið í heild sjái um aukna löggæzlu, sem því svarar.

Við leggjum til, að ríkislögreglan sjái um þessa löggæzlu og enn fremur löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, eins og hlutaðeigandi lögreglustjóri gerir grein fyrir þörf þess, en þó er það ákvæði í heimildarformi. Það er eins um þessar samkomur, sem haldnar eru víða um land, að þær sækir fjöldi fólks utan þeirra byggðarlaga, þar sem samkoman er haldin, og er því fremur vandamál þjóðfélagsins en eins sveitarfélags að halda uppi löggæzlu, þegar svo stendur á.

Við ætlumst ekki til, að starfsemi ríkislögreglunnar í höfuðborginni verði rýrð af þessum sökum, og þess vegna felst það í till. okkar, að fjöldi ríkislögreglumanna miðist ekki aðeins við fjölmenni lögreglunnar í Reykjavík einni saman, heldur við fjölmenni þeirra lögreglumanna, sem í landinu verða starfandi samkv. 1. gr. þessa frv., en það finnst okkur óeðlilegt, að þessir ríkislögreglumenn skuli allir endilega hafa búsetu og bækistöð í Reykjavík. Það virðist okkur ekki eðlilegt og sérstaklega ekki, ef sú breyt. væri gerð á, sem við förum fram á. Þess vegna höfum við lagt til, að hlutfallslegur fjöldi af ríkislögreglunni verði staðsettur í einstökum landsfjórðungum, ef hlutaðeigandi aðilar á þeim svæðum óska þess.

Ég skal svo aðeins geta þess, að 3. till. er um það að fella niður 2. mgr. 4. gr., en þessi mgr. er um það, að ráða megi lögreglumenn til starfa, þar sem þess þurfi vegna sérstakra aðstæðna, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, og binda megi slík framlög því skilyrði, að ákveðinn hluti kostnaðar af löggæzlunni sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi. Þetta stendur í frv. eins og það er nú. Ef okkar brtt. nær fram að ganga, ætti ekki að vera þörf á þessu ákvæði. En eins og hv. þm. er kunnugt, hafa svona fjárveitingar verið í fjárl. til löggæzlu í einstökum verstöðvum, ákveðnar fjárupphæðir, sem hafa þá verið til þess notaðar, en þegar löggæzlan hefur kostað meira, hefur hlutaðeigandi sveitarsjóður orðið að greiða það, og hefur þá sums staðar verið um allháar upphæðir að ræða.

Við teljum, að ef okkar brtt. nær fram að ganga, muni síður vera þörf slíkra fjárlagaveitinga. En eigi að síður er það þó auðvitað svo, að Alþ. getur með fjárl. hverju sinni samþ. að veita upphæðir til löggæzlu á einstökum stöðum, ef því sýnist svo, og þarf ekki að taka fram í öðrum lögum það, sem hverju sinni er tekið fram í fjárl.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En af því að hér er um nokkuð flókið mál að ræða og e. t. v. ekki gott að átta sig á því fyrir þm., sem ekki hafa sérstaklega rannsakað málið, þá vil ég nú fyrir hönd okkar flm. mælast til þess, að málinu verði frestað eitthvað, t. d. til næsta fundar a. m. k., og að hv. n. taki brtt. okkar til vinsamlegrar athugunar, og erum við þá að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að ræða við hana um málið og þá um þær af okkar brtt., sem samkomulag kynni að verða um.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt. þeim, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. og fleiri hafa borið fram á þskj. 452.

Ég sé ekki, að 1. brtt. á þessu þskj. sé skýrar eða betur orðuð en frv. sjálft um það efni, sem brtt. hljóðar um. Þvert á móti finnst mér einmitt, að ákvæði frv. um þetta efni, þ. e. a. s. 1. gr. frv., séu gleggri og skýrari í orðalagi en sú brtt., sem hv. þm. hafa borið fram.

Varðandi 1. mgr. 2. brtt. hv. þm. um, að staðsetja skuli ríkislögreglumenn í einstökum landsfjórðungum, ef meiri hl. hlutaðeigandi sýslunefndar og bæjarstjórnar óskar þess, sé ég ekki betur en hér sé gersamlega raskað þeim grundvelli, sem frv. byggist á, hvað viðkemur skiptingu kostnaðar við löggæzlu milli ríkissjóðs annars vegar og bæjar- eða sýslufélags hins vegar. Annars segir í 1. mgr. 7. gr. frv., að ríkislögreglumönnum sé skylt að gegna löggæzlustörfum, hvar sem er á landinu, svo að ég sé ekki betur en þessi brtt. hv. þm. sé í raun og veru óþörf.

Síðast þegar frv. þetta var til umr. hér í þessari hv. d., lýsti ég þeirri skoðun minni, að efni laga nr. 45 frá 1956 — og 2. og 3. mgr. brtt. hv. þm. á þskj. 452 er shlj. þeim lögum — væri tekið upp í frv. eins og það er, og verð af þeim sökum að telja enn sem fyrr, eins og ég lýsti, þegar þetta frv. var hér síðast til umr., að flutningur þessara brtt., þ. e. a. s. 2. og 3. brtt. á þskj. 452, sé raunverulega alveg óþarfur.

Forseti (RH): Það hefur komið fram ósk um, að umr. þessum verði frestað.

Frsm. (Einar Ingimundarson): Hæstv. forseti. Ég hafði ekki æskt þess, að þessari umr. yrði frestað. Þvert á móti tel ég ekki ástæðu til, að n. komi saman til fundar út af þessum brtt.

Ég hafði þegar gert grein fyrir því, a. m. k. frá mínu sjónarmiði, að ég teldi þær vera óþarfar, og ég ber ekki fram neina ósk um það, að umr. verði frestað þeirra vegna.

Forseti (RH): Það hefur, eins og ég sagði áðan, komið fram ósk um, að umr. verði frestað, en tilgangurinn með þeirri frestun var, eins og flm. þeirrar óskar sagði, að málið yrði frekar athugað í nefnd. En nú hefur fram komið, að ekki þykir ástæða til að athuga málið frekar í n. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur orðið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru mér nokkur vonbrigði, að hv. form. allshn. skuli nú, að mér virðist, hafa tekið fram fyrir hendurnar á hæstv. forseta, sem mér virtist áðan hafa í huga að fresta umr., og veit ég ekki, hvort hv. form. hefur borið sig saman við meðnm. sína um þetta, hvort verða skyldi við ósk okkar flm. eða ekki. (**EI:** Við meiri hlutann.) Hann segist hafa borið sig saman við meiri hl. um það að óska ekki eftir því að fá ráðrúm til þess að athuga brtt. Mér kemur þetta nokkuð á óvart, því að ekki er nú fram á mikið farið, og oft er það nú svo, að það reynist vel til samkomulags í sambandi við brtt., ef n. er fáanleg til þess að taka þær til athugunar og ræða við flm. En úr því að n. vill ekki gera þetta eða meiri hl. hennar, þá er auðvitað ekkert við því að segja. Út af fyrir sig óska ég ekki eftir því, að málinu sé frestað, ef ekki er hægt að fá n. til þess að athuga till. Ég held samt, að hv. form. n. hefði gert rétt í því að gefa sér tíma til þess að íhuga brtt. og það, sem í þeim felst, því að mér heyrðist á því, sem hann sagði hér áðan, að honum væri t. d. ekki sjálfum ljóst, að í brtt. okkar á þskj. 452 fælist breyt. á 1. gr. frv. Honum virtist ekki vera það sjálfum ljóst. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þessi brtt., ef samþ. yrði, gerði ekki annað en gera frvgr. óljósari. Það varð ekki öðruvísi skilið en þannig, að hann áliti, að í henni fælist engin efnisbreyting. En ég vil leyfa mér að benda á það, að í frvgr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt, að fengnum till. sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að ákveða, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi lögregluþjóni á hverja 500 íbúa."

Eins og hv. þm. heyra, er hér aðeins um að ræða heimild fyrir ríkisstj. Jafnvel þó að hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki að óska eftir því, að lögregla verði stofnuð á staðnum, þá eru ekki í þessari gr. samkv. frv. nein fyrirmæli til rn. um að verða við þeirri ósk. En í brtt. okkar eru slík fyrirmæli í því tilfelli, að óskir komi fram. Hins vegar höfum við ekki hróflað neitt við því ákvæði frvgr., að ríkisstj. hafi heimild til þess að setja á stofn lögreglu í slíku sveitarfélagi, þó að ósk liggi ekki fyrir. Við höfum ekki hróflað við því ákvæði frvgr., ekki gert um það neina efnislega brtt. En þarna er, eins og hv. þm. sjálfsagt verður ljóst við að heyra þetta lesið upp, um efnisbreyt. að ræða, sem hv. form. allshn. hefur ekki gert sér grein fyrir enn sem komið er, því að hann hefur ekki haft ráðrúm til þess eða n. að kynna sér efni brtt.

Þá er það 2. brtt. frá okkur hv. 2. þm. Austf. á þskj. 452. Hv. form. allshn. dæmdi þá till. úr leik á þeim grundvelli einfaldlega, að hún raskaði allri skiptingu kostnaðar, sem annars fælist í frv., milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Þetta fæ ég ekki skilið, og þetta held ég einnig að stafi af því, að hv. þm. hafði ekkert ráðrúm til að kynna sér til hlítar áhrif brtt. á frv., ef hún yrði samþ.

Það er ekkert í þessari till. um það, að breyta skuli því almenna hlutfalli, að sveitarfélag greiði helming lögreglukostnaðar og ríkissjóður hinn helminginn. En hér er um að ræða staði, þar sem við teljum og raunar þarf ekki að vera neinn ágreiningur um að sé um sérstaka löggæzluþörf að ræða, — aðeins þá staði. Það er gert ráð fyrir, að ríkislögreglan inni af höndum tiltekna löggæzlu á þessum stöðum í verstöðvum, þar sem, eins og ég sagði áðan, safnast saman fjöldi fólks úr öðrum sveitarfélögum eða lögsagnarumdæmum og þar sem okkur sýnist þess vegna mjög eðlilegt, að ríkislögreglan komi til skjalanna og ríkið beri kostnað af. Ég sé ekki, að þetta raski neinum hlutföllum. Hitt er svo annað mál, að á þessu kunna að vera einhverjir gallar, sem við höfum ekki komið auga á, eitthvað annað, sem ekki væri í fullu samræmi við lögin, og það hefði ég að sjálfsögðu mjög gjarnan viljað ræða við n. og að sjálfsögðu taka til greina gild rök í þeim efnum.

En það vakti fyrir okkur í þessu sambandi t. d., svo að ég reyni að skýra það mál nánar, að ríkislögreglumenn, sem staðsettir verða á Norðurlandi — skulum við segja — í réttu hlutfalli við tölu fastra lögreglumanna í sveitarfélögum þar, gætu á öðrum árstímum, þótt þeir væru sérstaklega staðsettir á Norðurlandi, komið til liðs við ríkislögreglumenn á Suðurlandi, þegar meiri þörf er fyrir löggæzlu þar, og svo gagnkvæmt, þannig að þessi lögregla í fjórðungunum gæti unnið nokkuð saman og verið eitthvað hreyfanleg, þó að hún væri fyrst og fremst staðsett í vissum landshlutum.

Hv. þm., formaður allshn., vitnaði til þess, að í 7. gr. frv. stæði, að ríkislögreglumönnum væri skylt að gegna löggæzlustörfum hvar sem er á landinu, og það er rétt, að þau orð standa í frv. En ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að ríkislögreglan í Reykjavík hafi alls ekki til þessa starfað á þennan hátt, að hún hafi sinnt löggæzlu hvar sem er á landinu, þannig að hægt sé að hafa þetta orðalag þar um. Og svo mun varla verða, meðan það er talin sjálfsögð regla, að allir ríkislögreglumenn séu staðsettir og búsettir hér í Reykjavík. Þess vegna ætla ég, að þetta ákvæði í 7. gr. reynist gagnslítið til þess að ná þeim tilgangi, sem fyrir okkur hv. 2. þm. Austf. vakir. Hv. þm. og hv. stjórnarvöld verða að fara að venja sig við

þá hugsun, og það er eins gott, að á því verði ekki allt of mikill dráttur, að það sé ekki endilega sjálfsagt, að stofnanir, sem ríkið setur upp til þess að starfa á vegum þjóðfélagsins, séu staðsettar hér í Reykjavík, og aðrir landshlutar eigi líka sína kröfu, án þess að á nokkurn hátt sé á rétt höfuðborgarinnar gengið eða eigi að ganga í því sambandi. Og hér er um að ræða eitt af þeim málum m. a. Þetta kann að koma mönnum dálítið undarlega fyrir sjónir, ýmsum, sem eru búnir að venja sig við þessa hugsun, ef sett er upp ný stofnun á vegum ríkisins, þá eigi hún að vera staðsett í höfuðborginni, þar á að safna öllu saman. En það eru til önnur viðhorf í þessu máli, sem eru engu síður þjóðholl en hin, og það er rétt að gera sér grein fyrir því.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en mér þykir það leitt — mér þykir það mjög leitt, að hv. meiri hl. allshn. skuli ekki vera til viðræðna um breyt. á frv. Það hefur ekki verið ætlun okkar, sem stöndum að þessum brtt., að tefja þetta mál á neinn hátt, en tækifæri höfum við gjarnan viljað fá til að ræða við hv. n. um málið.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. með því að fara að ræða efnishlið þessara brtt. Hv. fyrri flm., 3. þm. Norðurl. e., hefur gert það svo, að ekki verður um bætt. En ég get ekki orða bundizt út af þeim svörum, sem komu fram frá hv. form. allshn. um þá hógværu ósk fyrra flm., að hv. allshn. vildi verja nokkrum augnablikum til þess að líta á þessar brtt. Þetta finnst mér líka því óvæntara og í raun og veru því óvenjulegra, þegar litið er á málsmeðferð þessa þingmáls á þessu þingi. Málið er lagt fyrir hv. Nd. 15. okt. s. l. og vísað þá til hv. allshn. Hv. allshn. skilar nál. 19. þ. m., ég hygg, að ég fari þar rétt með, og sama dag mun hafa farið fram umr. um nál. og málinu vísað til 3. umr.

Það var lögð áherzla á það að hraða umr., og það var gefið í skyn, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. vék að, að það væri ekki ástæða til að tefja umr. við 2. umr., þótt nál. væri nýframkomið, vegna þess að það ætti að geta gefizt kostur á athugun á brtt. fyrir 3. umr. Ég skal ekki fullyrða, að form. hv. allshn. hafi beint tekið undir þetta, en þeirri ábendingu var ekki mótmælt. Svo kemur sú brtt., sem hér er til umr., og þá lýsir form. hv. allshn. því yfir, að hann fyrir n. hönd sé ekki til viðtals um að líta á þessa brtt., og upplýsir svo, að hann hafi á bak við sig meiri hl. n. Það er sem sagt, að eftir alla þá yfirlegu í þessu efni í allan vetur er ekki einu sinni hægt að kalla saman n. til þess að líta á brtt., þegar loksins gefst tækifæri til að gera slíkar till. Það var þetta, sem ég vildi lýsa undrun og óánægju yfir, og ég vildi óska þess, að hv. form. allshn. vildi endurskoða þetta viðhorf og kalla saman n. nokkur augnablik til þess að líta á till. og dæma hana þá úr leik, ef svo vill verkast.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér sýnist, að sú brtt., sem hér kemur fram á þskj. 452, sé mjög athyglisverð, og ég vildi gjarnan fá að heyra frá hv. allshn., hvort hún skilur þessa brtt. eins og ég. Mér heyrðist hér áðan á hv. form. allshn., að hann álíti ekki verulega breyt. í þessu, en mér sýnist þessi brtt. umturna alveg og það á mjög góðan hátt 1. mgr. l. gr. Brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. ákveður samkv. ósk sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að í sveitarfélagi eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum lögregluþjóni á hverja 500 íbúa, og hefur heimild til slíkrar ákvörðunar, að fengnum till. sveitarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til.“

Það er tvennt nýtt að mínu áliti, sem í þessu felst. Eins og 1. gr. er nú í l., er ríkisstj. heimilt, þegar hún hefur bara hlustað á till., að ákveða, að í hverju sveitar- eða sýslufélagi skuli vera svo og svo margir lögregluþjónar. Samkv. þessari brtt., sem hér liggur fyrir, skilst mér svo í fyrsta lagi, að ríkisstj. ákveði þetta samkv. ósk sveitarstjórnar. Það þýðir m. ö. o., að það er sveitarstjórnin eða sýslunefndin, sem tekur ákvörðun og lætur ósk sína í ljós, og þá á ríkisstj. að ákveða þetta samkv. þeirri ósk. Ríkisstj. ákveður samkv. ósk sveitarstjórnar eða sýslunefndar. Í hvert skipti sem orðið samkvæmt stendur í þessu sambandi hjá okkur, ef við segjum t. d. samkv. till. í staðinn fyrir að fengnum till., þá þýðir það, að það ber að fara eftir því, sem þarna er lagt fyrir. Mér sýnist þess vegna vera alveg ákveðið, að það er sveitarstjórnin og sýslunefndin í fyrra tilfellinu, sem er sá, sem raunverulega ákveður, og það er aðeins formið, sem ríkisstj. gerir. Hún ákveður þetta samkv. ósk sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að í hverju sveitar- eða sýslufélagi, sem í eru 500 íbúar eða fleiri skuli vera allt að einum lögregluþjóni á hverja 500 íbúa. Og ég álít þetta mjög skynsamlegt. Ég álít þetta mjög rétt.

En áður en greidd eru atkv. um svona ákvörðun, þá hygg ég, að það sé alveg brýn nauðsyn á, að allir hv. þm. geri sér ljóst, bæði þeir, sem flytja till., og hv. nm., hvað sé átt við með þessu. En ég fæ ekki skilið þetta öðruvísi. Ríkisstj. ákveður samkv. ósk sveitarstjórnar eða sýslunefndar. Og ef þetta er ekki rétt hjá mér, þá vildi ég eindregið óska eftir því, að bæði hv. flm. og hv. meiri hl. í allshn., ef allt í einu er skapaður þar sérstakur meiri hl., vildu leiðrétta þetta. Ég hef hingað til gengið út frá, að það hafi verið enginn meiri hl. í henni. Eg hélt, að þetta mál hefði verið afgreitt af n. sameiginlega, það hefðu aðeins verið fluttar brtt., það er kannske misminni hjá mér. Ég man ekki eftir, að n. hafi klofnað, það er kannske misminni. (**EI:** 3 af 5 eru meiri hl.) 3 af 5 eru meiri hl., en það er enginn meiri hl., sem stendur að þessu nál., heldur heil nefnd. (**EI:** Það er alveg rétt.) Jæja, þá er það rétt hjá mér, og þá þakka ég form. fyrir þær upplýsingar. Það er n. í heild, sem stendur að

þessu, og þá er ekki vani að skapa allt í einu sérstakan meiri hl. við 3. umr. máls, meðan umr. stendur yfir, svo að segja utan dagskrár. Ef það er n. öll, sem ber ábyrgð á því, að hún mælir með þessu frv. við okkur, þá finnst mér eðlilegt, að n. athugi þetta. Ef n. hefði verið klofin og hér væri eitthvert harðvítugt pólitískt deilumál, þá skil ég ákaflega vel, að menn væru ekki að þessu.

Svo í öðru lagi er seinni parturinn af þessu: ríkisstj. hefur heimild til slíkrar ákvörðunar, að fengnum till. sveitarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til. M. ö. o.: samkv. fyrri hluta setningarinnar var það sveitarstjórnin og sýslufélagið, sem var hinn raunverulegi valdhafi í þessum efnum, og ríkisstj. ákvað þá því aðeins, að sveitarstjórnin óskaði þess. Svo kemur hins vegar í seinni hlutanum, að ríkisstj. hefur heimild til svona ákvörðunar um að setja einn lögregluþjón á hverja 500 íbúa, að fengnum till. sveitarstjórnar, ef brýna nauðsyn ber til. Við þekkjum nú orðið brýna nauðsyn. Það er orðið í sambandi við stjórnarskrána mjög ákveðið og ýmiss konar fordæmi, og stundum finnst manni kannske ekki alveg farið eftir orðanna hljóðan, en a. m. k. má alltaf um það deila. Ég skil sem sé seinni hlutann þannig, að ríkisstj. hafi ekki heimild til þess að ákveða slíkt, nema brýna nauðsyn beri til. M. ö. o.: mér sýnist þetta alveg umturnun á 1. málsl. í 1. mgr. Fyrst er valdið lagt í hendur sveitarstjórnar eða sýslunefndar og ríkisstj. falið að framkvæma það, sem sveitarstjórnin óskar, í seinni hluta málsl. er síðan ríkisstj. gefin heimild til, sams konar heimild og nú er í 1. gr., til að gera þetta, ef brýna nauðsyn ber til og því aðeins að brýna nauðsyn beri til. Ég fæ ekki betur séð en þetta sé mjög veigamikil breyt., sem þarna er lögð til, og ég vildi fyrir mitt leyti, ef ég hef eitthvað misskilið í þessu, eindregið óska, að það væri upplýst.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að menn séu a. m. k. sammála um það, hvernig menn skilja greinarnar, áður en menn eru látnir greiða atkv. um þær. Og ég sé ekki, eins og mætt er yfirleitt á þessum þingfundi, að það geri mikið til, hvort svona mál dregst til fimmtudagsins eða ekki, því að það er líklega varla fært að greiða atkv. um það einu sinni núna, og þetta er nú svo lítið, sem um er að ræða, hvort það væri nokkur möguleiki á, að hægt væri að hafa samkomulag um þetta í n., og n. tæki ekki upp á því að fara að klofna síðla í 3. umr. málsins, þótt hún slampaðist óklofin fram að þessu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var út af aths. hv. 2. þm. Austf., þá hygg ég, að hann hafi misminnt. Í huga mér stendur málið þannig, að 2. umr. hafi verið frestað, eftir að fram kom aths. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. og til athugunar á brtt., sem hv. 11. landsk. þm. hafði borið fram, og n. hafi við 2. umr. flutt brtt., sem í aðalatriðum gekk til samkomulags við hv. 11. landsk. þm., og sú brtt. sé nú komin inn í frv. eftir frestun málsins, og þá hafi einnig verið athuguð meginaths. hv. 3. þm. Norðurl. e. og komizt að þeirri niðurstöðu, að efni það, sem hann fjallaði um, væri þegar í frv. frá upphafi. Ég skildi svo, að þetta ætti sér stað allt við 2. umr., og þess vegna var aths. sú, sem hv. 2. þm. Austf. bar fram, á misskilningi byggð, eftir því sem mig minnir. Aðrir leiðrétta þá, ef þar er um misminni að ræða.

Hitt vil ég svo taka undir, sem hv. frsm. sagði, að 1. brtt. á þskj. 452 er ákaflega óljós og mjög torskilin. Það mætti kannske fara þess á leit, að tillögumenn fengju tóm til þess að setja þá till. í það horf, að ekki þyrfti að verða mikill ágreiningur, hvað í henni fælist, vegna þess að það er ljóst af ummælum hv. 1. flm. till. og hv. 3. þm. Reykv., að þeir leggja mjög annarlegan skilning í þá till. Þeir ætlast til þess, að sveitarstjórn eða sýslunefnd hafi þarna hreint ákvörðunarvald um fjölda lögregluþjóna, þar sem engin ákvörðun ríkisstj. komi til, og verði ríkið þó framlagsskylt til lögreglunnar. Ef þetta vakir fyrir tillögumönnum, þá segir till. það ekki. Till. hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, svo í upphafi: „Ríkisstj. ákveður samkv. ósk sveitarstjórnar eða sýslunefndar“ o. s. frv. Það getur engum blandazt hugur um, að þarna er ákvörðunarvaldið hjá ríkisstj., en hinir bera einungis fram ósk. Ef þeir ætlast til, að ríkisstj. missi sitt ákvörðunarvald, verður að orða það á annan veg og segja: „Ríkisstj. skal samkv. eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar gera svo og svo.“ En þegar orðalagið er þannig, að það er fyrst berum orðum tekið fram, að það er ríkisstj., sem þetta ákveður, en hinir bera einungis fram óskina, þá er ekki hægt með venjulegum lögskýringarreglum að segja, að ákvörðunarvaldið sé fengið í hendur sveitarfélags eða sýslufélags og tekið úr höndum ríkisstj.

Það er annað mál, sem velktist fyrir hv. 3. þm. Reykv., að það er stundum tekið fram, að „ríkisstj. skal skipa eftir tilnefningu“ eða „ríkisstj. skipar eftir tilnefningu“ þessa og þessa aðila, og er það skilið á þann veg, að tilnefningaraðilinn ráði raunverulega og það sé ríkisstj., sem einungis eigi að setja sinn stimpil á þetta. Þetta er orðalag, sem er búið að fá hefð og er skilið á þennan ákveðna veg, sem hv. 3. þm. Reykv. gerði grein fyrir. Ég hygg, að það hafi aftur á móti komið fyrir og orðið ágreiningsmál á sínum tíma, að ákveðið var, að bæjarstjórn skipaði t. d. lögregluþjón eftir tilnefningu lögreglustjóra, og var þá litið þannig á af dómstólum, að bæjarstjórnin mætti ekki fara út fyrir neinn þann, sem lögreglustjóri hafði tilnefnt, en bæjarstjórnin gat hins vegar neitað tilnefningunni. Ef orðalagið hefði verið: „bæjarstjórn skipar að fengnum till. lögreglustjóra“, þá mundi bæjarstjórnin algerlega frjáls að sínu vali og einnig geta tilnefnt einhvern annan en lögreglustjóri hafði stungið upp á.

Það má segja, að allt þetta sé nokkur orðhengilsháttur, en viss hefð hefur komizt á

skilning tiltekinna orðasambanda. Ég þori að fullyrða, að ef það er það, sem vakir fyrir hv. flm., sem hv. 3. þm. Reykv. skýrði svo örugglega, — ég gat því miður ekki heyrt grg. hv. 3. þm. Norðurl. e. í upphafi, en skildist þó á hans síðari ræðu, að það væri það sama, sem vekti fyrir honum, — þá þarf að orða þetta skýrar. Og mér finnst alveg sjálfsagt, ef aðilar óska eftir því að fá færi að orða það þannig, að það falli saman við þeirra hugsun, þá gefist þeim tóm til þess. Það liggur ekki svo á afgreiðslu málsins. En þá er rétt, að það komi alveg ljóst fram, að það er vegna þess, að þeir óski eftir því, að þetta sé umorðað.

Hins vegar vil ég geta þess, að mér finnst ekki vera neinn hraði á meðferð málsins nú eða það sé verið að ýta málinu áfram meira en góðu hófi gegnir. Eins og ég segi, málinu var frestað við 2. umr., til þess að þau atriði yrðu íhuguð, sem við þá umr. var hreyft. Hitt er tiltölulega sjaldgæft, eins og við vitum, að þó að brtt. séu bornar fram við 3. umr., þá sé máli sérstaklega frestað, til þess að nefnd athugi það, sérstaklega ef búið er að athuga meginhluta hugsunarinnar við 2. umr. Þeim mun minni ástæða er til þess að fresta núna, þar sem málið var á dagskrá hér í gær. Brtt. lá þá fyrir, og að sjálfsögðu var flm. fært að bera sig saman við n. og hafa veður af hennar skoðun á þeim tíma, sem síðan er liðinn. Eins og venja er til við 3. umr. sker ákvörðunarvilji hv. þm. úr. Vilja þeir fallast á þessa brtt. eða ekki? Nú er það ljóst, að það vakir töluvert annað fyrir flm. en þeirra till. segir, og mér finnst sanngjarnt, að þeir fái færi á að leiðrétta þetta, ef þeir óska eftir.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. 3. umr. þessa máls hófst s. l. þriðjudag og snerist eðlilega um brtt. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e. Frv. um lögreglumenn stefnir á margan hátt í rétta átt, en til þess að gera það sanngjarnara og hagnýtara fyrir fólk utan Reykjavíkur, þá bárum við brtt. fram á þskj. 452. Umr. á þriðjudaginn voru á ýmsa lund sérstæðar og athyglisverðar, og vil ég því, þar sem margir hv. dm. voru fjarverandi, geta þeirra að nokkru.

Hv. fyrri flm. brtt. gerði grein fyrir henni og gat þess, að við flm. væntum þess, að hv. allshn., sem hefur fjallað um frv. um lögreglumenn, sæi um, að umr. yrði ekki lokið að þessu sinni og að tækifæri gæfist til, að brtt. yrði athuguð í n., og frsm. lýsti því yfir fyrir hönd okkar flm., að við værum reiðubúnir til að ræða við n. um orðalagsbreytingar og annað það, sem n. kynni að þykja að betur mætti fara án þess að hverfa frá meginatriðum brtt. Hv. formaður allshn. lýsti því yfir sem skoðun sinni, að lítil eða engin efnisbreyt. væri í brtt. okkar, enda væri hún óljós og ekki á neinn hátt til bóta og því væri algerlega ófært að fresta umr. til þess að taka málið fyrir í n., og að lokum gat hann þess, að þá þegar væri fenginn meiri hl. innan n. gegn brtt.

Þessi yfirlýsing mun hafa vakið undrun flestra þeirra þdm., sem á hlýddu, og hv. form. allshn. á eftir að upplýsa, hvernig slíkt mátti ske og hvernig það sé þingræðislegt og skv. viðteknum venjum, að form. þn. geti myndað meiri hl. eða klofið n. án þess að kalla saman nefndarfund til þess að gefa öllum nm. kost á að ræða og taka afstöðu til málsatriða. Þessi yfirlýsing hv. form. allshn. um fenginn meiri hl. í allshn. gegn brtt. okkar var því furðulegri sem n. hefur til þessa staðið óklofin að meginefni þessa frv. um lögreglumenn og því taktlitið af form. að kljúfa n. utan nefndarfundar og án vitundar sumra nefndarmanna.

Hæstv. dómsmrh. kom svo hv. form. allshn. til aðstoðar. Kvað hann brtt. okkar hv. 3. þm. Norðurl. e. óljósa og torskilda og því væri rétt að fresta umr. til þess að gefa flm. tækifæri til að betrumbæta hana. En ekki tók hæstv. dómsmrh. undir það, að málið yrði athugað í n. Ræða hæstv. dómsmrh. var á þá lund, að það mátti teljast fullvíst, hvaðan ummæli og afstaða form. hv. allshn. væri runnin, en þessi maður, hv. form., er yfirleitt þekktur að meiri sanngirni en framkoma hans í þessu máli sýndi.

Hæstv. dómsmrh. vék sér undan því að ræða brtt. efnislega, en taldi, eins og áður er sagt, að hún væri óljós og torskilin. Ég vil nú álíta, að hæstv. dómsmrh. mundi tæplega hafa haft öll þau fullyrðingaorð í þessu efni, ef hann hefði ekki verið fyrir fram ákveðinn, hver örlög brtt. skyldi fá, að hann frá upphafi hefur sennilega sett sjónaukann fyrir verra augað, þegar hann skoðaði till. Og það er því meiri ástæða til að álíta, að svo hafi verið, þar sem það henti þó hæstv. dómsmrh. í lok ræðu sinnar að geta þess, að það mundi sennilega vera álit ýmissa í d., að ræða hans væri að verulegu leyti orðhengilsháttur. Og ég tel, að það hafi verið sannmæli, það var ekki efnisleg aðfinnsla varðandi brtt., heldur orðhengilsháttur um einstök atriði hennar.

Þetta mun hæstv. ráðh. hafa gert sér ljóst, og fékkst hann að lokum til að viðurkenna það í lok ræðu sinnar. Að ég tel, að hæstv. ráðh. hafi hitt á rétt orð yfir málflutning sinn, styður m. a. það, að við flm. höfðum, áður en till. var útbýtt, borið hana undir viðurkenndan lögfræðing, sem m. a. hefur talsverða reynslu í því efni að semja lagafrv., og lýsti hann því yfir við okkur, að það væru ekki sjáanlegar neinar ástæður til þess að finna að þessari brtt. formlega séð. Það mun því vera staðreynd, að það er tómur orðhengilsháttur, ef hæstv. ráðh. og stjórnarmeirihl. vill ekki fallast á þær breyt., sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. leggjum til að gerðar verði á frv. um lögreglumenn. Ástæðan gegn meginefni till. er því sú að vilja ekki fallast á, að sveitarstjórnir og sýslun. eigi ákvörðunarrétt um lögreglulið sitt og fái ekki í sumum tilfellum fjárhags-

lega aðstoð í því efni fram yfir það, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil svo leiðrétta ummæli, sem ég viðhafði, þegar hv. form. allshn. hafði neitað að stuðla að frestun umr. til þess að taka brtt. til athugunar í allshn. Ég benti þá á, hversu slík afstaða form. væri óviðurkvæmileg, ekki síst eftir að málið hefði legið hjá n. í nálægt 5 mánuði, og síðan væri málið afgr. gegnum 2. umr. með afbrigðum. Hið rétta mun vera, að málið var tekið fyrir með afbrigðum í hv. þd., en síðan umr. frestað skv. eindregnum tilmælum nokkurra þdm. Það stendur því eftir sem áður, að augljóst er, að allir tilburðir hafa verið hafðir til að hraða málinu á óeðlilegan hátt, þó að betur hafi úr rætzt að sumu leyti en til hefur staðið á hverjum tíma.

Þessa óþolinmæði hæstv. dómsmrh. og stjórnarstuðningsmanna má kannske rekja til skiljanlegrar ástæðu, þeirrar, að dómsmrh. hæstv. hafi verið orðinn órólegur að vonum um það, að hann gæti ekki heimt málið úr þeim utanþingsfjötrum, sem það virðist hafa verið í í nokkra mánuði, og þess vegna ekki verið viðbúinn að sýna þá biðlund eða þá þolinmæði í sambandi við athugun málsins eins og hann hefði annars gert.

Síðan mál þetta var til umr. í þessari hv. d. s. l. þriðjudag, hefur það gerzt, að hv. form. allshn. boðaði í morgun okkur flm. umræddrar brtt. á fund sinn til þess að ræða um ágreiningsatriði. Satt að segja hélt ég, að hér væri um að ræða fund í allshn., en svo var ekki, heldur aðeins einkafund með hv. form. Sést á því, að hv. stjórnarmeirihl. heldur sig við þá ákvörðun að gefa ekki allshn. tækifæri að ræða brtt. og taka afstöðu til hennar í heild. Við hv. 3. þm. Norðurl. e. endurtókum fyrri yfirlýsingar okkar um, að við værum fúsir að taka til greina orðalagsbreyt. og annað, sem ekki færi í bága við meginhugsun till. En við þessu fengum við engin svör frá hv. form. allshn. Með því er augljóst, að hv. stjórnarlið vill ekki samþ. aðalefni brtt. okkar, en kveinkar sér þó mjög undan því að sýna það í verki og kýs að reyna að breiða yfir viðhorf sitt með orðhengilshætti, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram á sínum tíma.

Í sannleika er málið ákaflega einfalt og í aðalatriðum þetta: Í fyrsta lagi: Á að veita sveitar- og sýslufélögum óskoraðan rétt til að ráða því að stofna til lögregluliðs, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi aðilum, eða á ríkisstj. á hverjum tíma að haga slíkri framkvæmd eftir geðþótta, hvað sem óskum heiman úr héraði líður? Í öðru lagi: Eiga byggðarlögin utan Reykjavíkur að njóta einhvers, en þó takmarkaðs réttar til aðstoðar ríkislögreglunnar með því, að hún sé að nokkrum hluta, en þó litlum, staðsett úti á landi? Eða á að hafa hana alla staðsetta í Reykjavík, og þá jafnvel þótt liði hennar verði verulega fjölgað? Og er ekki rétt og sanngjarnt, að allir borgarar landsins, sem greiða til ríkissjóðs kostnað af þessu lögregluliði, fái meira en verið hefur að njóta nauðsynlegrar aðstoðar þess?

Hér er um tvö meginsjónarmið brtt. okkar að ræða. Atkvgr. um till. sker úr um það, hvort hv. Alþ. vill í þessu tilfelli veita fólkinu úti á landi eðlilegan rétt og sjálfsagða lágmarksaðstoð, sem það á í þessu efni rétt á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 452,1 felld með 17:14 atkv.
— 452,2 felld með 18:15 atkv.
— 452,3 tekin aftur.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. er það, að ríkið taki meiri þátt í lögreglukostnaði en verið hefur. Jafnframt er svo um búið, að meiri líkur eru til þess, að fullnægjandi löggæzla fáist víðs vegar um landið, heldur en hingað til hefur átt sér stað. Frv. hefur þegar verið afgr. í hv. Nd., og varð þar ekki ágreiningur um það að meginstefnu, heldur einungis hitt, að sumum þótti of skammt gengið í þátttöku ríkisins í kostnaði sveitarfélaganna við löggæzlu. Um slíkt má auðvitað lengi deila, hversu langt skuli fara í breytingum á fyrri lagaákvæðum, en enginn mælti því í mót, að hagur sveitarfélaganna yrði þó mun betri samkv. þessu frv. en hingað til hefur verið, svo að jafnvel frá sjónarmiði þeirra, sem telja, að stefna beri að því, að ríkið eigi smám saman að taka við allri löggæzlu, verður ekki um það deilt, að þetta frv. er spor í rétta átt og mjög verulegt spor í þá átt að færa kostnaðinn af sveitarfélögunum yfir á ríkið.

Frv. var lagt fyrir hv. Nd. snemma þings, og var þá ráðgert, að það tæki gildi þegar um áramót. Af ýmsum ástæðum varð á því nokkur dráttur, að það fengi fullnaðarafgreiðslu í hv. Nd., og var þá gildistímanum breytt og þar með brott numið það ákvæði til bráðabirgða, að sveitarfélögin fengju nokkra leiðréttingu sinna mála þegar á þessu ári. Ég hef orðið var við nokkra óánægju hjá sumum þm. af þessum sökum. Þeir hafa tjáð mér, að sum sveitarfélög hafi reiknað með því framlagi frá ríkinu í sínum fjárhagsáætlunum á þessu ári, því framlagi, sem þeim var ætlað samkv. bráðabirgðaákvæðinu, eins og það var í fyrstu. Ég hef ekkert á móti því, að þessu verði breytt í það horf, sem upphaflega var, ef mönnum sýnist það réttara, og fjmrh. er því einnig samþykkur. Hv. n. tekur það þá til athugunar, hvort hún telur ástæðu til breyt. á þessu ákvæði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða

meira um málið á þessu stigi, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, voru gerðar á þessu frv. nokkrar breyt. í Nd. Satt að segja þótti mér þetta frv. nokkuð gallað, þegar það kom fram hér á þingi fyrst í vetur, en sem betur fer hafa fengizt a. m. k. tvær eða jafnvel fleiri veigamiklar breyt. til bóta. Ég nefni það sérstaklega, að nokkuð var gengið til móts við réttmætar kröfur Reykjavíkurborgar um þátttöku í kostnaði við lögreglukostnað þar, og eins þá breyt., sem gerð var í sambandi við skyldu tollgæzlumanna til að annast lögreglustörf. Þetta eru breyt., sem ég tel mjög til bóta.

Ég stend aðeins upp hér til þess að benda á eina áberandi veilu í þessu frv. enn og til þess að skora á þessa hv. d. að gera þar breyt. á. En það er í upphafi frv., þar sem ákveðið er, að ríkisstj. hafi heimild til án samþykkis viðkomandi sveitarfélags að ákveða tölu lögreglumanna upp í visst hámark. Ég tel þetta ákvæði, eins og það er nú í frv., algerlega óviðunandi og óréttmætt í garð sveitarfélaganna. Hér þarf að koma ákvæði um, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða tölu lögreglumanna að fengnu samþykki sveitarfélaganna. Það er ekkert eðlilegra og sjálfsagðara en að sá aðili, sem á að bera kostnað af viðkomandi ráðstöfun, verði að láta sitt samþykki fylgja, áður en þeim kostnaði er skellt á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 441, n. 513, 520).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. allshn. á þskj. 513 ber með sér, mælir n. einróma með samþykkt frv. Tveir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum brtt., og hefur annar þeirra flutt brtt. á sérstöku þskj.

Í hv. Nd. var sú breyt. gerð á upphaflega frv., eins og það var lagt fyrir þá deild, að hækkuð var hlutfallstala þess kostnaðar, sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður greiddi af lögreglukostnaði í Reykjavík. En samhliða þeirri breyt. var einnig breytt því upphaflega ákvæði frv., að lögin skyldu að fullu koma til framkvæmda 1. jan. 1965. Allshn. þessarar hv. d. leggur til, að þessu ákvæði verði aftur breytt í hið upphaflega horf, þ. e. a. s. hún fellst á það sjónarmið, að eðliiegt sé, að ríkissjóður greiði þann aukna hluta lögreglukostnaðar í Reykjavík, sem samþ. var í Nd., en hækkunin árlega verði greidd í samræmi við það, sem stóð í upphaflega frv., þannig að fyrsti hluti hækkunarinnar komi til framkvæmda nú þegar á þessu ári, en ekki á næsta ári, og lögin komi að fullu til framkvæmda 1. jan. 1965 í stað 1. jan. 1966, eins og er í frv. nú. Er orsökin fyrst og fremst sú, að þegar frv. upphaflega var lagt fyrir, munu sveitarfélög almennt hafa gert ráð fyrir því, að það yrði hagað kostnaðargreiðslum eins og þar var lagt til, og þykir því óeðlilegt að fara að breyta frá því ákvæði, þótt þessi till. væri gerð um nokkra hækkun til Reykjavíkur, sem á ekki að hafa þau áhrif, að það réttlæti, að það verði ekkert greitt af þessum aukna kostnaði fyrr en 1964. Vænti ég, að allir hv. þdm. geti fallizt á þessa breytingu.

Það er hins vegar önnur breyt., sem n. hefur láðst að gera á frv. og ég vil því leyfa mér að leggja hér fram skrifl., en það er breyt., sem óhjákvæmilegt er að gera á 13. gr. frv., eins og það kemur frá Nd., en í henni segir, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1964, og er það í samræmi við þá frestun á greiðslu kostnaðar, sem ég gerði áðan grein fyrir. En með hliðsjón af því, að við gerum ekki ráð fyrir að fresta þessum kostnaðargreiðsluákvæðum eins og þau upphaflega voru í frv., þá er nauðsynlegt að breyta þessu aftur í hið fyrra horf, og leggur allshn. til, að 13. gr. verði breytt á þann veg, að í stað orðanna „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964“ komi: „Lög þessi öðlast þegar gildi“. Vildi ég mega leyfa mér að afhenda forseta þá till. og biðja hann að leita afbrigða fyrir henni.

Á Alþingi 1959 flutti ég ásamt núv. hv. 2. þm. Norðurl. e. till. um endurskoðun l. um lögreglumenn, og var sú till. samþ. ásamt annarri till., sem þá var flutt af hv. þáv. þm. Siglf. um athugun á sameiningu tollgæzlu og löggæzlu. Í till. um endurskoðun l. um lögreglumenn var sérstaklega gerð grein fyrir því í grg., hvaða atriði það væru, sem einkum þörfnuðust endurskoðunar, og var þar fyrst og fremst um að ræða ákvæði þágildandi laga eða núgildandi um greiðslur ríkissjóðs í lögreglukostnaði, sömuleiðis ákvæðin um ríkislögreglumenn og ákvæðin um héraðslögreglu, einnig að við töldum nauðsynlegt að setja í lög um lögreglumenn einhverjar reglur um, hvernig greiða skyldi kostnað við tímabundna löggæzlu í verstöðvum og á öðrum þeim stöðum, þar sem af sérstökum ástæðum væri nauðsynleg tímabundin aukin löggæzla.

Það verður að telja, að það frv., sem hér liggur nú fyrir, sé mjög til bóta varðandi þessi ákvæði öll, þó að mönnum kunni að sýnast sitt hvað um einstök ákvæði þess að öðru leyti, því að hér er gert ráð fyrir mjög aukinni hlutdeild ríkissjóðs í lögreglukostnaði, og það er jafnframt formlega ákveðið í þessum lögum, að ríkinu sé skylt að greiða eftir tilteknum reglum kostnað við héraðslögreglu. En heimildin til þess að greiða kostnað við þá löggæzlu, sem er hin nauðsynlegasta úti um sveitir landsins, hafði verið mjög vafasöm og afleiðingin orðið sú, að margar lögreglusamþykktir, sem settar höfðu verið úti um héruðin, fengu ekki staðfestingu, þar sem talin var

mjög hæpin heimild til þess að greiða þann kostnað. Nú eru í þessu frv. skýr ákvæði um þetta efni, bæði um það, að hlutur ríkissjóðs er stóraukinn í greiðslu lögreglukostnaðar, ákveðið er, eftir hvaða hlutfalli greiða skuli kostnað við héraðslögreglu, og sérstakt ákvæði er um tímabundna löggæzlu.

Ég vil láta þá skoðun í ljós sem mitt álit í sambandi við lögreglumálin yfirleitt, að það sé eðlilegt, að ríkið yfirtaki yfirleitt alla löggæzlu í sínar hendur og beri allan kostnað af henni. Það hefur lengi verið skoðun sveitarfélaganna, að það væri eðlilegt, og það virðist í rauninni vera sjálfsagður hlutur, að ríkið sjálft, ekki sízt þar sem það skipar þá embættismenn, sem á hverjum stað hafa yfirstjórn lögreglumálanna, — þó að lögregluþjónarnir séu kostaðir af öðrum aðila, — að ríkið þess vegna greiði allan kostnað við löggæzluna, og það hlýtur að verða smám saman þróunin. Það er hins vegar erfitt að stíga það skref í einu, og þess vegna ber að fagna því, að það er þó gert ráð fyrir, að kostnaðarhluti ríkissjóðs verði mjög aukinn með þessu frv., eins og það liggur hér fyrir.

Ég vildi aðeins segja örfá orð um þá brtt., sem fram hefur komið frá einum nm. allshn., hv. 9. þm. Reykv., þar sem hann leggur til, að það verði breytt því ákvæði í 1. gr. frv., að ríkisstj. sé heimilt að fengnum till. sveitarstjórnar að mæla fyrir um lögregluhald í sveitarfélagi, eins og þar segir, og vill, að það sé ekki heimilað, nema fyrir liggi beinlínis samþykki sveitarstjórnarinnar. Það má vafalaust færa fullgild rök fyrir því sjónarmiði. En ég tel hins vegar, og það er skoðun meiri hl. n., að það sé ástæðulaust að breyta þessu ákvæði, m. a. með hliðsjón af því, að það er gert ráð fyrir stóraukinni aðild ríkissjóðs í kostnaði, og ef ríkisstj. ákveður að beita þessari heimild, felur það um leið í sér, að ríkið verður að leggja fram aukin framlög til löggæzlunnar á viðkomandi stað, þannig að það ætti að vera fullt aðhald um það, að ekki væri að ástæðulausu farið að fjölga löggæzluliði. Hins vegar kann vel svo að fara, að það geti risið ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar um það, hvað þessir aðilar telji nauðsynlegt í sambandi við löggæzlu, og ég tel, að það geti verið mjög varhugavert að slá því endilega föstu, að það sé víst, að sveitarstjórn hafi þar á réttu að standa, en ekki lögreglustjóri, sem á að bera ábyrgð á löggæzlunni, og ef svo ólíklega vildi til, að ágreiningur yrði um þetta efni, þá eigi ekki tvímælalaust að ákveða, að það sé sveitarfélagið, sem hafi þar hið afgerandi atkvæði.

Ég tel þess vegna þessa till. ekki heppilega til breyt. á þessu ákvæði, einkanlega með hliðsjón, eins og ég sagði áðan, af þeirri meginstefnu, sem hlýtur að verða, að smám saman yfirfærist þessi löggæzlukostnaður og löggæzlustjórnin yfirleitt að öllu leyti yfir á ríkissjóð. Það er því, herra forseti, till. n., að frv. verði afgr. óbreytt að öðru leyti en því, að sú breyt. verði á því gerð, sem segir í nál., og sömuleiðis sú breyt., sem felst í hinni skrifl. brtt., sem ég lýsti og leyfi mér að afhenda hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 553) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Á þskj. 520 flyt ég eina brtt. við þetta frv. til l. um lögreglumenn. Brtt. snertir 1. gr. frv. og er á þá leið, að í stað orðanna „ríkisstj. er heimilt, að fengnum till. sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að ákveða, að í sveitar- eða sýslufélagi“ o. s. frv., að í stað þessara orða komi: „ríkisstj. er heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórnar eða sýslunefndar“. Ég lít svo á, að það sé réttara að gera ráð fyrir, að samþykki sveitarstjórnar þurfi til varðandi ákvæðið um tölu lögreglumanna á viðkomandi stað.

Það eru aðallega tvær ástæður fyrir því, að ég tel rétt að flytja þessa brtt. Fyrri ástæðan er sú, að ég tel það ekki nema sanngjarnt, að þegar tveir aðilar hafa á hendi sameiginlegan rekstur og standa sameiginlega undir kostnaði, þá hafi báðir úrskurðarvald í þeim efnum, sem snerta samstarfið. Þess vegna þykir mér ekki sanngjarnt, að ríkisstj. ein geti ákveðið tölu lögreglumanna í sveitarfélagi, án þess að samþykki sveitarstjórnar liggi fyrir. Það er ríkisstj. eða ríkissjóður og sveitarstjórnin eða sveitarsjóður, sem sameiginlega standa undir kostnaði í sambandi við þessi störf. Aðeins þessi ástæða ein finnst mér nægja til þess, að hér standi í lögum: „að fengnu samþykki sveitarstjórnar“ í stað „að fengnum till. sveitarstjórnar“.

En það er einnig önnur ástæða til þess, að ég flyt þessa brtt., og hún er aðstaða sveitarfélagsins í þjóðfélaginu. Mér finnst ég verða var við það á síðari árum, að viss tilhneiging sé til að taka fleiri og fleiri mál úr höndum sveitarstjórna og afhenda þau ríkisvaldinu. Slík þróun er að mínum dómi mjög óheppileg í lýðfrjálsu landi. Það er mikill kostur, að sveitarfélögin hafi visst sjálfsforræði um sín mál og fái að halda því. Hins vegar er skiljanlegt, að tilhneigingin til þess að svipta sveitarfélögin sjálfsforræðinu smátt og smátt sé rík. Ríkisvaldið leitast við að auka sín völd og sín áhrif, og ríkisvaldið hefur sérstaklega góða aðstöðu gegnum löggjafarvaldið að fá sitt fram á kostnað sveitarfélaganna. Hér er eitt dæmi af mörgum um það, að vald, sem að mínum dómi ætti að vera í höndum sveitarstjórnar, skal frá henni tekið. Þetta tel ég óheppilegt, ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur yfirleitt þá tilhneigingu, sem þetta er dæmi um, — tel það mjög óheppilegt í okkar lýðfrjálsa landi. Það má segja, að það sé kostur að hafa öflugt ríkisvald, en það er ekki gildandi nema að vissu marki. Mjög öflugt ríkisvald er hættulegt, og það er lýðræði og þjóðræði til tryggingar að dreifa valdinu, eins og gert er ráð fyrir með vissu sjálfsforræði sveitarstjórna.

Það eru þannig tvær meginástæður fyrir því, að ég flyt þessa till., og ég hygg, að enginn sanngjarn maður og réttsýnn geti borið á móti, að þessar ástæður eru báðar veigamiklar, annars vegar sú, að sá, sem ber kostnað, á líka að ráða, og hins vegar sú ástæðan, að hættulegt sé að skerða mjög vald sveitarfélaganna.

ATKVGR.
Brtt. 520 felld með 11:3 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 553 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 513 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 554).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 619).

---

27. Veitingasala o. fl.

Á 13. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl. [89. mál] (stjfrv., A. 109).

Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. um veitingasölu og gististaðahald hefur verið flutt hér áður, árin 1951, 1957 og 1958, og náði ekki fram að ganga vegna ágreinings. Hinn 10. okt. 1961 var skipuð 5 manna nefnd til þess að leitast við að semja frv., sem samkomulag gæti náðst um, og bæta löggjöfina um gistihúsahald og veitingasölu, sem virðist í mörgum tilfellum vera nokkuð ábótavant. Í n. áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Benedikt Gröndal alþm., dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir, Pétur Daníelsson veitingamaður, Símon Sigurjónsson framreiðslumaður og Þorvaldur Guðmundsson forstjóri. N. var skipuð með tilliti til þess, að aths. frá veitingamönnum og þjónum, sem fram höfðu komið við hin fyrri frv., gætu komið fram, og náði n. algeru samkomulagi við samningu þessa frv. og hefur tekizt að sníða, að ég ætla, þá ágalla burt, sem voru á hinum fyrri frv. Mætti því ætla, að í sambandi við þetta frv. gæti orðið samkomulag.

Stærsta nýmæli till. þessarar er það, að hún leggur til, að eftirlit í gisti- og veitingahúsum, sem í eldri frv. var lagt til að falið yrði Ferðaskrifstofu ríkisins, jafnhliða heilbrigðiseftirliti, verið falið sérstökum eftirlitsmanni, sem starfar undir yfirstjórn landlæknis. Eins og nú er háttað, eru veittar á fjárlögum 20 þús. kr. til Ferðaskrifstofu ríkisins til þess að hafa eftirlit á hendi með veitingasölu og gistihúsahaldi. Má þess vegna ætla, að hér verði um nokkurn aukakostnað að ræða, þegar þetta verður ekki lengur í höndum ferðaskrifstofunnar, en það má þó geta nærri, hvort þetta eftirlit getur verið fullnægjandi með því að hafa aðeins 20 þús. kr. til umráða, eins og ferðaskrifstofan hefur áður haft, og ef þetta kostar meira, þá verður það vegna þess, að eftirlitið verður í auknum mæli frá því, sem verið hefur, og hefur verið áætlað, að það þyrfti að hækka þennan kostnað upp í 40—50 þús. kr., því að eftirlitið þarf nú ekki að vera allt árið um kring, heldur vitanlega aðallega á sumartímanum og úti á landi. Og reynslan sker úr því, hvað þessi kostnaður þarf að vera mikill. Úr því að verið er að hugsa um það að breyta l. og auka eftirlitið, bæta staðhættina, þá verður a. m. k. fyrst um sinn, á meðan verið er að koma þessum málum í lag, að hafa eftirlit og kosta þá nokkru til þess, að það beri árangur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja frv. eða aths., sem eru prentaðar með því. Hv. þm. geta vitanlega kynnt sér það bezt með því að lesa frv. í gegn og grg., og gæti ég ekki með því að ræða það hér gert það betur en hér er völ á að fá með lestri þeirra gagna, sem fyrir liggja. En það má geta þess, að eftirlit með gisti- og veitingastöðum hefur ekki borið tilætluð áhrif af þeim ástæðum, sem ég áður nefndi, og einnig vegna þess, að eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn hefur skort vald til þess að fylgja eftir aðfinnslum sínum, og einnig er óljóst, hvaða kröfur gildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða.

Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frv. þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrrnefnda atriðinu ræður frv. einnig bót á. Eftirlitinu er gert að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breyt. til samræmis við ákvæði frv. og reglugerðar, og er þá á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn eftir kröfu landlæknis að gefinni aðvörun eða ekki eða grípa til annarra ráða, t. d. að neita að endurnýja leyfið, næst er endurnýja skal.

Það er enginn vafi á því, að ef þetta frv.

verður að lögum, þá skapast aukinn möguleiki á því að fylgjast með því, að veitingasala og gistihúsahald geti orðið með því lagi, sem æskilegt er, en af eðlilegum ástæðum, þá er þetta víða frumstætt hér á landi vegna fjárskorts og mannfæðar. Og það liggur í augum uppi, að það er erfitt að halda uppi veitingasölu og gistihúsahaldi, þegar nýtingartíminn er kannske aðeins 2—3 mánuðir af árinu. Allt er þetta eðlilegt. Eigi að síður er ljóst, að hverju ber að keppa í þessu efni, og það er mikils virði, að bæði veitingamenn og framreiðslumenn virðast nú hafa fengið skilning á því, að hverju ber að keppa, og vilja gera það. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef þetta frv. verður að lögum, þá er það til mikilla bóta.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 31. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 109, n. 171).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Endurskoðun á lögum um veitingasölu og gististaðahald, sem verið hafa í gildi síðan 1926, hefur í raun og veru staðið yfir í rúmlega áratug. Tvívegis hafa verið flutt frv. á Alþ., en í hvorugt skiptið hafa þau hlotið afgreiðslu. Hygg ég, að höfuðástæðan fyrir því, að málið náði ekki fram að ganga, a. m. k. í seinna skiptið, hafi verið andstaða frá samtökum veitingamanna við nokkur atriði. Þegar sú andstaða kom fram, þótti þm. rétt að láta málið bíða og taka það til frekari athugunar.

Nú hefur enn einu sinni verið skipuð nefnd til að fjalla um þetta mál. Hún byggði starf sitt á því, sem áður hafði verið gert, sem fram hafði komið um vilja hv. þm. og þingdeilda við afgreiðslu fyrri frv. Enn fremur gerði n. sér far um að sætta sjónarmið þeirra höfuðaðila, sem um er að ræða, þ. e. veitingamanna annars vegar og samtaka starfsfólks í þessari grein hins vegar. Voru fulltrúar frá þessum samtökum í n., er gekk frá því frv., sem nú er komið fyrir þingið.

Tilgangurinn með þessari endurskoðun er í fyrsta lagi að setja ný lög í samræmi við nútímaaðstæður, þar sem gildandi lög eru um 37 ára gömul. Í öðru lagi að koma betri skipan á leyfisveitingar til þessarar starfsemi. Í þriðja lagi að viðurkenna nauðsynlega flokkun fyrirtækja eftir stærð og verkefnum og þar með mismunandi kröfur, sem gera verður til þeirra. Í fjórða lagi að skapa aukið aðhald og eftirlit varðandi hreinlæti og ýmsa þjónustu og tryggja, að stjórnendur séu hæfir til starfa sinna. Og í fimmta lagi hefur nú komið fram í þessu síðasta frv. tilraun til að taka upp eftirlit með matstofum á vinnustöðum.

Í I. kafla frv. eru ýtarlegar orðaskýringar, þær sem nauðsynlegar þykja. Í II. kafla eru almenn ákvæði, sem fjalla fyrst og fremst um leyfisveitingar til þeirrar starfsemi, sem lögin eiga að fjalla um. III. kaflinn fjallar um gististaði, IV. kaflinn um veitingastaði, V. um matstofur á vinnustöðum, VI. kaflinn um gisti- og veitingastaðaeftirlit, VII. kaflinn um ýmis ákvæði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja nákvæmlega efni frv., enda búið að tala fyrir því allýtarlega við 1. umr. Ég vil þó benda á, að nú er gert ráð fyrir að flokka bæði veitinga- og gististaði eftir stærð þeirra og þeim verkahring, sem hver um sig ætlar sér, og gert ráð fyrir, að hægt sé í reglugerðum og við eftirlit að taka tillit til þess. Hingað til hefur þetta allt verið undir einum hatti og hefur leitt til ýmissa árekstra og misskilnings. Þá er það að segja um leyfi, bæði gistihúsaleyfi og veitingahúsaleyfi, að til skamms tíma hafa þau verið bundin við nöfn manna. Er ætlunin að breyta þessu og binda leyfin við þann stað, sem starfsemin á að fara fram á. Virðist vera óeðlilegt, að einstaklingar geti gengið með slík leyfi upp á vasann og sett sig niður nokkurn veginn þar, sem þeir vilja, heldur ætti leyfi að vera bundið við ákveðna starfsemi á ákveðnum stað. Þessi breyt. er gerð með frv., sem hér liggur fyrir.

Eitt af stærstu atriðunum, sem breytt er, er gisti- og veitingastaðaeftirlit. Þetta eftirlit hefur um langt árabil verið í höndum Ferðaskrifstofu ríkisins. Nú er lögð til sú breyt., að svo verði ekki framvegis, heldur verði landlækni falið þetta eftirlit og annist það eftirlitsmaður undir hans stjórn. Höfuðástæðan fyrir þessari breyt. er sú, að með vexti ferðaskrifstofunnar hefur hún sjálf orðið einn stærsti viðskiptavinur gisti- og veitingahúsa í landinu, vegna þess að hún semur um gistingu og greiðasölu fyrir hönd stórra hópa af ferðamönnum, sem á hennar vegum eru. Er því augljóst, að ekki er sanngjarnt að láta stærsta viðskiptavininn jafnframt vera hinn opinbera eftirlitsmann. Nauðsynlegt er, að þetta eftirlit sé mjög strangt, bæði af hreinlætisástæðum og menningarástæðum.

Þar sem héraðslæknar eða heilbrigðisnefndir hafa aðstöðu til að annast þetta eftirlit, eins og nú er t. d. í Reykjavík og fleiri stórum stöðum, er sjálfsagt, að svo verði áfram. En í stað þess, að ferðaskrifstofan ráði til þess mann hluta úr ári, er nú gert ráð fyrir, að það sama verði gert undir yfirstjórn landlæknis.

Þá vil ég vekja athygli á því nýmæli, sem felst í V. kafla frv., en þar er gert ráð fyrir nokkru eftirliti með matstofum á vinnustöðum. Aðrar þjóðir hafa fyrir löngu sett lagaákvæði um slíkt eftirlit. Í frv. ríkir sú hugsun, að sama eftirlit varðandi hreinlæti og aðrar óhjákvæmilegar kröfur nái til matstaða á vinnustöðum, þar sem 30 manns eða fleiri starfa, og nær til veitingastaða. Hlýtur að vera

augljóst, að fólk á sömu kröfu um, að fylgzt sé með hreinlæti og öðru á slíkum matstofum og á veitingastöðum, sem menn ganga inn á.

Þá eru ákvæði um, að heimilt skuli vera að nota slíkar matstofur fyrir hvers konar samkomur fyrir starfsfólk það, sem notar þær í vinnu sinni, án þess að leyfi komi til, en ekki megi leigja þær til annars samkomuhalds eða veitingasölu nema að fengnu veitingaleyfi skv. lögum þessum. Ég vil benda á, að þetta er eingöngu takmörkun á leigu, en ekki á láni. Ef fyrirtæki vilja styðja félagslíf á þeim svæðum, þar sem þau starfa, með því að veita húsnæði til frjálsra afnota hópum manna eða samtökum, er þeim það frjálst. Ef þau taka peninga fyrir slíka leigu og stunda veitingasölu, þá eru þau raunverulega að annast sömu starfsemi og venjulegir veitingastaðir og eiga að lúta sama eftirliti og sömu lögum og slík starfsemi. — Ég sé ekki ástæðu til að fara ýtarlegar út í frv., nema tilefni gefist til. Samgmn. hefur farið yfir frv. vandlega og mælir með því, að það verði samþ. með 2 brtt., sem gerð er grein fyrir á þskj. 171, en þar er raunverulega um leiðréttingar að ræða, en ekki efnisbreytingar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 171,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 171,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
23.—28. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 229).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 38. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og er á margan hátt svipað þeim frv., sem áður hafa verið flutt á hv. Alþ. um þetta efni. Það hefur þó verið reynt að samræma skoðanir hinna ýmsu manna, sem um þetta eiga helzt að fjalla, annars vegar veitingamanna og hins vegar veitingaþjóna, og svo í þriðja lagi heilbrigðiseftirlitsins. Þetta hefur tekizt með því, að skipuð var nefnd til þess að taka hin eldri frv. til athugunar og semja nýtt upp úr þeim. Þessi n. var skipuð af samgmrh. í okt. 1961, og lauk hún störfum á s. l. hausti. Í n. voru Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Benedikt Gröndal alþm., dr. Jón Sigurðsson borgarlæknir, Pétur Daníelsson veitingamaður, Símon Sigurjónsson framreiðslumaður og Þorvaldur Guðmundsson forstjóri.

Till. n. ganga að mestu leyti í sömu átt og hin eldri frv., en breytingarnar eru í því, eins og ég áðan sagði, að samræma hinar ýmsu skoðanir, sem ekki hafði tekizt áður. Stærsta nýmæli tillagna n. er það, að hún leggur til, að eftirlit með gisti- og veitingahúsum, sem í eldri frv. var lagt til að falið yrði Ferðaskrifstofu ríkisins jafnframt heilbrigðiseftirlitinu, verði falið sérstökum eftirlitsmanni, sem starfar undir yfirstjórn landlæknis. Eins og kunnugt er, þá eru veittar árlega 20 þús. kr. til Ferðaskrifstofu ríkisins til að hafa þetta eftirlit með höndum, en það hefur verið talið alls ófullnægjandi af eðlilegum ástæðum, því að ef það á að halda uppi eftirliti með veitinga- og gistihúsum um landið allt, þá hlýtur að fylgja því allmikill ferðakostnaður. Það er gert ráð fyrir, að það verði eitthvað aukinn kostnaður við þessa skipulagsbreytingu, en flestum, sem til þessara mála þekkja, sýnist vera nauðsynlegt að auka eftirlitið og hreinlætið, ef á að koma hér á veitingahúsmenningu með auknum ferðamannastraumi.

Lagt er til, að gistihúsahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, sem lögreglustjórum er heimilt að gefa út, og er það eins og var í hinum fyrri frv.

Frv. skýrir sig að mestu leyti sjálft ásamt grg., sem því fylgir, og er alveg ástæðulaust að vera að lesa það upp hér fyrir hv. þm., sem hafa vitanlega kynnt sér málið, og tel ég, að það sé í rauninni óþarft hvað þetta snertir.

Það, sem má telja þessu frv. til gildis og fram yfir núgildandi lög, er það í fyrsta lagi, að með því að lögtaka þetta frv. verður meira og betra eftirlit með gististöðum og veitingastöðum en áður hefur verið. Og ef þetta frv. verður að lögum, þá ætti það að leiða til þess, að það yrðu meiri framfarir í okkar gistihúsarekstri og veitingasölu en áður hefur verið. Nú er það eðlilegt, að veitingasala og gistihúsahald hér á landi sé allt af vanefnum gert, vegna þess að umferðin er ekki nógu mikil til þess, að það borgi sig að hafa veitingasölu og gistihúsahald úti um land. Og það er kunnugt, að þetta eru kannske aðeins 3 mánuðir á ári, sem það er um nokkurn verulegan ferðamannastraum að ræða. Meiri hluti ársins er dauður tími. Og þess vegna er það, að þegar þessi mál eru athuguð á raunsæjan hátt, þá er ekki nema eðlilegt, að þetta sé allt af vanefnum gert. En það verður að standa til bóta, það verður að vinna markvisst að því, sem ábótavant er í þessum efnum, um leið og skipuleggja þarf meiri ferðamannastraum til landsins og bæta þannig úr því fámenni og þeirri litlu sölu, sem veitingahús og gististaðir

hafa, ef aðeins er um innlenda ferðamenn að ræða.

Ég hygg að segja megi, að þetta standi til bóta, enda hefur ferðamannastraumur aukizt allverulega hin síðari ár og á eftir að aukast meir, og þetta frv., ef það getur orðið að lögum, ætti að vera hjálp í því að ná því marki í þessum efnum, sem ætlazt er til.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 229, n. 489, 478).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Löggjöf sú, sem við höfum búið við varðandi veitingasölu og gistihúsahald, er að meginstofni til frá árinu 1926 og er því 37 ára gömul. Veitingastarfsemi og hótelrekstur hefur að sjálfsögðu tekið miklum breytingum hér á landi á þessu langa tímabili, og því er orðin brýn þörf nýrrar löggjafar um þetta efni, sem miðuð sé við nútímaaðstæður, og þá m. a. haft í huga, að Ísland er að verða ferðamannaland.

Á undanförnum árum hafa oft verið flutt á Alþ. frv. um veitingasölu og gististaðahald, en þau hafa ekki náð fram að ganga, vegna þess að um þau hefur ekki náðst samstaða með þeim aðilum, er mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessa atvinnugrein. Það er fyrst með því frv., sem hér liggur fyrir, að nauðsynleg samstaða hefur skapazt, en frv. þetta er samið af sex manna nefnd, sem skipuð var af hæstv. samgmrh. seint á árinu 1961. Í n. áttu m. a. sæti fulltrúar frá heilbrigðisyfirvöldum og vinnuveitendum og vinnuþegum í þessari atvinnugrein. Meginbreyt., sem í frv. felast, skulu raktar hér á eftir.

Gisti- og veitingastaðir eru flokkaðir niður. Skiptast þeir alls í níu flokka: gistiheimili, gistihús eða hótel, gistiskála, greiðasölu, skemmtistaði, söluskýli, tækifærisveitingar, veitingastofur og veitingahús. Eru nánari ákvæði um þessa skiptingu í 1. gr. frv. Í núgildandi lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins, 7. gr., segir m. a., að ferðaskrifstofan skuli hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Frv. gerir ráð fyrir, að ákvæði þetta verði afnumið. Skal samkv. ákvæði frv. ráða sérfróðan mann til að hafa eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar hann undir stjórn landlæknis, en getur leitað aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðsnefnda, ef þess telst þörf. Eru um þetta nánari ákvæði í VI. kafla frv. Breyt. þessi er m. a. reist á því, að Ferðaskrifstofa ríkisins er stór viðskiptaaðili við ýmsa veitinga- og gististaði og sé því ekki viðeigandi, að hún hafi á hendi eftirlit með þeim. Verður að telja eðlilegt, að eftirlit þetta heyri beint undir heilbrigðisyfirvöld, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Samkv. l. frá 1926 var leyfi til gistihúsaeða veitingastarfsemi bundið við nafn og leyfið heimilaði einungis atvinnurekstur í ákveðnum hrepp eða kaupstað. Eftir frv. er leyfið eins og áður bundið við nafn, en nú heimilast einungis atvinnurekstur í tilteknum húsakynnum, m. ö. o. það er bundið við ákveðið gistihús og ákveðið veitingastarf. Sá, sem t. d. ætlar sér að reka tvö gistihús í sama sveitarfélagi, verður að afla sér tveggja leyfa. Þá er leyfi einnig tímabundið samkv. frv. og þarf að endurnýjast á fjögurra ára fresti. Í frv. er það skilyrði sett fyrir veitingu gistihúsaleyfis, að gistihúsið hafi rúm fyrir eigi færri en 20 gesti og að við reksturinn starfi maður, er hafi sérþekkingu á matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn. Enn fremur þurfa húsakynni eða búnaður að vera í samræmi við reglur, er ráðuneytið setur. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, er gististaðnum óheimilt að nefnast hótel eða gistihús. Um þetta eru ákvæði í 11., 12. og 13. gr. frv.

Samgmn. hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess með tilteknum breyt., sem fram koma á þskj. 489. Fyrsta brtt. varðar 1. mgr. 3. gr. frv., en í 3. gr. segir, að enginn má gera sér gistihúsahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra. Hér er hugtakið „gistihúsahald" of þröngt. Þarna á að vera „gististaðahald", því að þessi grein á við allar tegundir gististaða, þ. e. a. s. hún á auk gistihúsa að geta átt við gistiheimili og gistiskála. Þess vegna er efnisbreytingin sú, að í stað orðsins „gistihúsahald" kemur „gististaðahald". Að öðru leyti er breytingin aðeins lagfæring á orðalagi.

2. brtt. frá n. er í sambandi við 11. gr. frv., en í þeirri gr. eru talin upp skilyrði fyrir því að fá gistihúsaleyfi. Í 4. tölul. þessarar gr. segir sem eitt af skilyrðunum, að í gistihúsinu starfi að staðaldri við daglega stjórn maður, er fullnægir skilyrðum 12. gr., en þau skilyrði 12. gr. eru, að maðurinn hafi lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistahúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir. Nm. fannst fullstrangt að hafa þetta ákvæði alveg fortakslaust og án undantekninga, þarna væri þörf fyrir undanþáguheimild, og þess vegna hefur n. lagt til, að aftan við 11. gr. bætist ný mgr., sem hljóðar þannig:

„Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá skilyrði 4. töluliðs, sé maður með sérþekkingu samkv. 12. gr. ekki fáanlegur til starfans eða líkur séu til þess, að gistihúsið beri ekki kostnað af að hafa slíkan mann í þjónustu sinni." — En þessi undantekning ætti auðvitað fyrst og fremst við um hin smærri gistihús eða hótel.

Þá er 3. brtt. n. við 15. gr. frv., 3. tölul., en í þeim tölul. segir: „Leyfi fyrir veitinga-

stofu, er veitir rétt til sölu á heitum og köldum drykkjum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum," — þetta orð „heitum" mun vera prentvilla, þarna átti að standa „heilum máltíðum," en vegna þess að það var ekki ljóst, að þarna var um villu að ræða, þetta gæti staðizt efnislega, þá þótti nauðsynlegt að leiðrétta þetta með brtt.

Einn nm., hv. 4. þm. Vestf., hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. við 4. gr. frv., og er sú till. fram komin á þskj. 478, en þá till. flytur hann ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. Meginbreyt., sem gerðar eru í 4. gr. frv. um skilyrði fyrir veitingu leyfis, eru þær, að lögreglustjóri skal nú leita álits heilbrigðisnefndar eða héraðslæknis, áður en hann veitir leyfi. Hann skal enn fremur leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar, áður en leyfi er veitt, en samkv. gildandi l. frá 1926 þarf skilyrðislaus meðmæli bæjarstjórnar, og það er sú regla, sem hv. tillögumenn vilja taka upp á ný með brtt. sinni.

Í 4. gr. frv. er enn fremur það nýmæli, að synjun eða veitingu leyfis megi skjóta til ráðh. Það verður að telja, að réttur sveitarstjórna sé nægjanlega tryggður með því að mega láta í té umsögn um leyfisbeiðni og með því að geta skotið málinu til ráðh., ef lögreglustjóri tekur ekki tillit til sjónarmiða sveitarstjórnar. Einnig má benda á, að þar sem leyfi verður samkv. frv. bundið við rekstur í tilteknum húsakynnum, hefur sveitarstjórn sem byggingaryfirvald sterkan íhlutunarrétt um það, hvaða veitinga- eða gistihúsastarfsemi megi fara fram innan marka sveitarfélagsins. Það verður því ekki talið sanngjarnt, að sveitarstjórn hafi algert neitunarvald um það, hvort leyfi sé veitt eða ekki. Meiri hl. n. hefur því ekki aðhyllzt þá brtt., sem hv. tillögumenn hafa flutt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Um þetta frv. má heita samkomulag í samgmn., þó að ég flytji ásamt 1. þm. Norðurl. e. eina brtt. við frv., eins og hv. frsm. n. gat hér um áðan. Hann skýrði réttilega frá því, að ákvæði 4. gr. eru um það m. a., að leita skuli álits bæjar- eða sveitarstjórnar, áður en veitt er leyfi til veitingarekstrar. En í þessu felst sú breyt. frá núgildandi l., að sveitarstjórnirnar eru sviptar þeim rétti að ráða mestu um það, hvort slíkt leyfi skuli veitt, og valdið fengið í hendur lögreglustjóra. En í gildandi l. nr. 21 frá 1926, 3. gr., 5. tölul. segir: „Hefur meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu." Þetta á að fella niður, sem gilt hefur undanfarin 37 ár, og ég veit engin dæmi til um, að hafi gefizt illa. Ég sé ekki, að það sé neitt fram komið, sem mælir með því að svipta sveitarstjórnirnar þessum rétti. Hins vegar er eðlilegt að mínum dómi, að sveitarstjórnirnar hafi þennan rétt. Það er vitað mál, að víða úti um land, í kaupstöðum og kauptúnum, er skortur á gisti- og veitingastöðum, sem er mjög bagalegur, og jafnvel vansæmandi fyrir þessi byggðarlög að hafa ekki neitt slíkt til móttöku gesta. Sveitarstjórnir hafa því hlaupið hér undir bagga, ýmist með lánveitingum, ábyrgðum eða beinum framlögum til þeirra aðila, sem hafa viljað taka þessa þjónustu að sér. Og með þeim hætti hefur verið komið upp á ýmsum stöðum gistiþjónustu og veitingaþjónustu, sem ekki var áður til að dreifa. Það er því ekki óeðlilegt, að sveitarstjórnirnar hafi nokkur afskipti af leyfisveitingum til þessa atvinnurekstrar, þegar það er vitað, að þessi mál hafa þurft svo mjög á aðstoð sveitarstjórnanna að halda.

Nú getur maður auðveldlega hugsað sér það, að eftir að sveitarstjórn hefur þannig styrkt einhvern aðila til að koma upp veitingarekstri, þá komi einhver annar og sæki um sams konar leyfi eða svipað leyfi, t. d. til veitingasölu, þó að ekki sé til gistiþjónustu, og vilji setja sig niður við hliðina á hinum, sem áður er búið að styrkja til þessa rekstrar. Að vísu er þetta lögmál frjálsrar samkeppni, en þarna getur hún farið út í öfgar, því að afleiðingin getur auðveldlega orðið sú, að viðskipti dragist svo frá þeim aðila, sem styrktur hefur verið til að koma henni upp, að hann gefist upp og hún jafnvel falli niður að einhverju leyti eða jafnvel öllu leyti, sú þjónusta, sem þannig var komið á. Af þessum ástæðum tel ég mjög varhugavert að svipta sveitarstjórnirnar þessum rétti, sem þær hafa haft í undanfarin 37 ár og mér vitanlega hefur aldrei verið fundið að.

Menn segja, að það sé alveg óhætt að treysta lögreglustjóranum til þess að beita sanngjarnlega þessu valdi, og auðvitað má segja það. En hvaða ástæða er til þess að vantreysta sveitarstjórnunum til þess að sýna þarna fulla sanngirni, eða hafa þær ekki gert það undanfarna áratugi? Það hvílir sú siðferðilega skylda á sveitarstjórnunum að greiða fram úr þessum málum, þar sem svo er ástatt eins og ég nefndi áðan, en sú skylda hvílir ekki á lögreglustjóranum. Af þessu tel ég eðlilegra, að það haldist sá háttur, sem verið hefur og hefur gefizt vel, en ekki sé hér breytt til. Það breytir engu hvað snertir húsnæði, sem á að hafa til þessa, að sveitarstjórnir hafi úthlutun byggingarleyfa með höndum og þ. h., það hefur engin áhrif á þetta mál. Um áfrýjunarréttinn til ráðuneytis leggjum við ekki til að sé neitt breytt til. Hann helzt eins og lagt er til í frvgr. Það eina, sem við leggjum til, er það, að sá réttur, sem sveitarstjórnirnar hafa haft og gefizt vel, haldist, þ. e. að samþykki sveitarstjórna þurfi til þess, að veita megi leyfi til gistihúsa- og veitingarekstrar.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það eru örfá atriði, sem ég hefði gjarnan viljað fara um nokkrum orðum, í frv. og í brtt., sem fram hafa komið frá samgmn. þessarar hv. þd.

Það er þá fyrst varðandi tvö atriði í 15. gr. frv. Við 3. tölul. liggur fyrir brtt. frá samgmn. um, að í stað „heitum máltíðum" komi „heilum máltíðum". Ég veit ekki, hvort ég hef skilið frsm. n. rétt, en mér skildist jafnvel á honum, að n. hefði getið sér þess til, að þarna hefði verið um prentvillu að ræða, en eftir því

sem orð hans féllu, skildi ég það svo, að það mundi ekki hafa verið leitað álits þeirra, sem frv. sömdu, um, hvort svo væri. Ég efa það nefnilega mjög, að þarna sé um neina prentvillu að ræða. Ég held einmitt, að þessi skilgreining „heitar máltíðir" hafi sína miklu þýðingu í þessu sambandi, vegna þess að þegar gerðar eru kröfur um allan útbúnað á einhverjum veitingastað, þá skiptir það meginmáli, hvort þar á að vera aðstaða til eldamennsku önnur en eingöngu til þess að selja heita drykki, svo sem kaffi, kókó, te og slíkt. Ég vildi því beina því til hv. samgmn., að hún tæki aftur til 3. umr. þessa 3. brtt., sem er á þskj. 489, og athugaði þetta atriði betur.

Þá er það 4. tölul. í þessari sömu frvgr., sem er um það, að leyfi fyrir söluskýli, sem veitir rétt til sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum, skuli falla undir veitingaleyfi, veitingaleyfi skuli einnig ná til þess. Þetta tel ég að sé mjög varhugavert. Ef maður hugleiðir, hvernig hugsazt gæti, að framkvæmdin yrði á þessu, þá liggur næst að halda, að einnig þetta ætti að teljast eðlilegur liður í veitingastarfsemi, það væri söluskýli, ef sala á þessum vörum færi fram inni í veitingastofunni sjálfri. Það kannast allir Reykvíkingar og sjálfsagt allir þm. við það, að eitt af þeim vandamálum, sem myndast í þéttbýlinu, er hangs unglinga á veitingastofum og sælgætissölum, og ég býst við, að við getum öll verið sammála um, að allt það, sem geti ýtt undir þá þróun, sé mjög óæskilegt. Ef hugsað væri, að þessi starfsemi yrði í framkvæmdinni þannig, eins og ég nú nefndi, sýnist þarna sem verið sé að löggilda leið til þess, að þessi óæskilega þróun geti haldið áfram og þetta færzt í aukana, í stað þess að nú er reynt að draga úr þessu svo sem verða má. Ef hins vegar yrði litið svo á, að þetta leyfi fyrir söluskýli væri bundið við það, að þetta væri alveg aðskilinn rekstur, þetta væri húsnæði, sem væri alveg aðskilið frá veitingastofum, þá er þarna bara orðið um hreina verzlun að ræða, og sé ég ekki satt að segja, hvers vegna veitingaleyfi ætti þá að ná til þessarar sérgreinar af verzlunarrekstri.

Mér er kunnugt um það, að kaupmannasamtökin munu hafa þetta til athugunar, og ég ætla, að það hafi þegar komið fram ósk um, að fulltrúar þeirra fengju að setja fram sín sjónarmið við n., áður en málið kemur hér til 3. umr.

Þá er það svo að síðustu varðandi 17. gr. frv., sem er um matstofur á vinnustöðum, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 menn eða fleiri. Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að til þessara matstofa skuli gera um hreinlæti og vinnuaðstöðu sömu kröfur og gerðar eru til veitingahúsa af svipaðri stærð. Það hefur, eins og öllum er kunnugt, færzt mjög í vöxt á síðari árum, að fólk matast á vinnustöðum, þar væri komið upp matstofum, og þetta færist stöðugt í aukana og er vinsælt. Það er enginn vafi á því, að bæði atvinnurekendur og starfsmenn telja sér hag í þessu fyrirkomulagi, enda má segja, að það verði í ýmsum tilfellum bráðnauðsynlegt, þar sem starfsfólk þarf um svo langan vel að sækja til vinnustaðar, að það er gersamlega útilokað, að það komist heim til sín í máltíðir á þeim venjulega tíma, sem veitt er leyfi frá vinnu til að matast.

Nú er auðvitað alveg sjálfsagt, enda er það svo nú, að slíkar matstofur séu háðar eftirliti og það séu gerðar til þeirra fyllstu hreinlætiskröfur. En fljótt á litið sýnist manni, að það muni vera nokkuð langt gengið að gera til þeirra sömu kröfur um alla vinnuaðstöðu og gerðar eru til veitingahúsa af svipaðri stærð — eða sem ætluð eru u. þ. b. 30 gestum. Slík veitingahúsastarfsemi fer fram allan daginn, og að jafnaði má búast við, að það sé meiri fjölbreytni varðandi það, sem á boðstólum er, heldur en í matstofu á vinnustað. Einnig býst ég við, að undir vinnuaðstöðu mundu falla geymslur og slíkt, sem er ólíkt meiri ástæða til þess að gera strangar kröfur til í sambandi við veitingastaði eða veitingahús heldur en í sambandi við slíka matstofu, sem venjulega framleiðir aðeins eina heita máltíð á dag fyrir starfsfólk og síðdegiskaffi. Sú starfsemi er að mínu viti hreint ekki fyllilega sambærileg við veitingastarfsemi á veitingahúsi, sem ætlað er álíka mörgum gestum.

Ég vek nú aðallega máls á þessu vegna þess, að mér sýnist, að verði svona strangar kröfur gerðar til matstofanna, — að vísu verður auðvitað að gera til þeirra kröfur og sjá um, að þær séu sómasamlega úr garði gerðar miðað við sína starfsemi og þá einnig hvað aðstöðu starfsfólksins snertir, þess sem við eldamennsku og framreiðslu fæst, — en mér sýnist, að með því að gerðar séu þetta strangar kröfur til matstofanna, gæti það e. t. v. leitt til þess, að dragi úr því, að matstofum sé komið upp á vinnustöðum, sem er, eins og ég áður sagði, þó talið yfirleitt, þar sem það hefur verið gert, til mikils hagræðis, bæði fyrir starfsfólk og vinnuveitendur. Því vildi ég nú beina því til hv. samgmn., hvort hún vildi ekki taka þetta atriði einnig til athugunar á milli umræðnanna.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Út af ábendingum hv. 2. þm. Reykv. varðandi 15. gr. frv. vil ég taka þetta fram: Í 3. tölul. þeirrar gr. segir, að leyfi fyrir veitingastöðum veiti rétt til sölu á heitum og köldum drykkjum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum. Við þetta hefur n. gert þá brtt., að í staðinn fyrir „heitum" komi „heilum". Nú skal ég að vísu viðurkenna, að þarna hefur mér orðið á lítils háttar í sambandi við orðalag á brtt., því að orðið heitum kemur fyrir tvisvar í þessari mgr., og það er ekki tekið skýrt fram í brtt., í hvoru tilfellinu það sé, sem orðið „heitum" á að breytast í „heilum", en það er að sjálfsögðu, eins og menn átta sig á, í síðara tilfellinu, og þess vegna get ég vel dregið

þessa brtt. til baka til 3. umr. og endurbætt hana fyrir þann tíma. En þessi breyt. var gerð samkv. ábendingu formanns þeirrar n., sem undirbjó þetta frv., og ég tel engum vafa undirorpið, að þarna í síðara skiptið hafi átt að standa „heilum máltíðum". Hann benti n. sérstaklega á þetta, þegar hann kom á fund n. og fór yfir frv. með henni.

Varðandi 4. tölul. þessarar gr. kann það e. t. v. að vera álitamál, hvort sú starfsemi, sem talin er þar upp, heyri fremur undir veitingarekstur eða almenna verzlun. Eftir að n. afgreiddi frv. og nál. hafði verið samið, kom fulltrúi borgarstjórnarinnar í Reykjavík að máli við mig og benti á, að þetta atriði þyrfti frekari athugunar við, og óskaði eftir að koma sínum sjónarmiðum á frekara framfæri við n., og ég lofaði því, að það skyldi tekið til athugunar milli 2. og 3. umr. Og þá má að sjálfsögðu, úr því að n. þarf aftur að fjalla um þetta mál, athuga betur 17. gr. um matsölu á vinnustöðum og hvort ástæða sé til að breyta því ákvæði eitthvað eða slaka til á því.

Þá kem ég að ræðu hv. 4. þm. Vestf., sem mælti fyrir brtt. sinni á þskj. 478, varðandi breyt. við 4. gr. frv. Mér finnst rétt að vekja athygli á því, að skilyrði fyrir veitingu leyfa, bæði gistihúsaleyfa og veitingaleyfa, eru miklu fleiri en þau skilyrði, sem talin eru upp í 4. gr. Það mætti e. t. v. svo að orði komast, að í 4. gr. væru hin persónulegu skilyrði til þess að öðlast leyfi. En svo að maður taki t. d. gistihúsaleyfi, þá eru í 11. gr. fjölmörg skilyrði fyrir því að fá að reka gistihús, og á sama hátt eru í 15. gr. ýmis skilyrði fyrir því að reka veitingastað. Þessi skilyrði voru ekki í l. og eru ekki í l. frá 1926. Það þarf þess vegna nú að uppfylla miklu fleiri skilyrði til þess að fá leyfi. Og það var þess vegna áður, meðan skilyrðin voru fá, þá var í sjálfu sér miklu eðlilegra, að þetta væri að verulegu leyti lagt á mat sveitarstjórnar, hvort ástæða væri til þess, að umsækjandi fengi leyfi. Nú eru þau atriði, sem þarf að meta, miklu færri, vegna þess að það eru komin ákveðin skilyrði inn í þetta frv., sem ætlazt er til að verði að l. að sjálfsögðu. Þess vegna er miklu minni ástæða en áður til þess, að bæjarstjórn eða sveitarstjórn hafi alveg neitunarvald um það, ef maður uppfyllir öll þessi skilyrði, sem talin eru hér í 4. gr. og 11. gr. og 15. gr., — þó að hann uppfylli þetta allt saman, á sveitarstjórn samt sem áður að geta neitað honum um leyfið. Ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess frekar en t. d. segjum verzlunarleyfið, sem sveitarstjórn hefur ekki afskipti af.

Hv. þm. taldi, að þetta hefði gefizt vel, eða vissi ekki nein dæmi annars. Ég þekki persónulega ýmis dæmi, þar sem þessi heimild hefur gefizt illa, þó að ég ætli ekki að fara að gera þau tilfelli að umræðuefni hér, og mér virtist einmitt þessi hv. þm. benda á rök fyrir því, að bæjarstjórn gæti synjað, þar sem mér fannst, að raunverulega væri bæjarstjórn að misbeita valdi sínu, en það var, ef bæjarstjórn hefði styrkt einhvern til veitinga- eða gistihúsahalds, þá væri eðlilegt, að hún neitaði öðrum um leyfi, ef sá nýi leyfishafi gæti e. t. v. eyðilagt fjárhag þess manns, sem áður hafði fengið leyfi.

Ég tel, að hvorki í þessari atvinnugrein né annarri komi það til mála, að sveitarstjórnir beiti völdum sínum til þess að loka atvinnugreininni og bægja mönnum frá henni, eingöngu með tilliti til fjárhagsafkomu annarra. Ég tel, að bæjarstjórnir og sveitarstjórnir fái nægilegan íhlutunarrétt um leyfisveitingu með því, að það er skylda lögreglustjóra að leita álits sveitarstjórnar, áður en hann veitir leyfið, og að sveitarstjórnir geta áfrýjað leyfisveitingu eða leyfissynjun lögreglustjóra til ráðh. Og þennan rétt tel ég alveg fullnægjandi fyrir sveitarfélag til þess að gæta hagsmuna sinna í sambandi við þessi mál.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég er 2. flm. að brtt. á þskj. 478, og þó að hv. 1. flm., 4. þm. Vestf., hafi nú gert góða grein fyrir ástæðum, sem að baki brtt. liggja, þykir mér samt ástæða til að bæta nokkrum orðum við, sérstaklega eftir seinni ræðu hv. 9. landsk., af því að mér virðist, að hann muni vera lítt kunnugur þessum málum og ekki lífsreyndur í þeim í samanburði við mig. En till. tek ég þátt í að flytja vegna persónulegrar reynslu í þessum málum.

Það er svo, að á öllum þéttbýlum stöðum þurfa að vera veitingasala og gististaður. Margir þessir staðir eru svo smáir, að þetta tvennt fer bezt saman og fullnægir saman. Og þannig er ástatt víða, að það gengur illa að láta þá starfsemi bera sig, ekki sízt árlangt, og þá vill um leið verða misbrestur á því, að þessi rekstur sé með þeim menningarbrag, sem æskilegur er.

Kröfur eru gerðar til þess á þessum stöðum, að sveitarstjórnirnar hlutist til um, að þessi þjónusta sé fyrir hendi, hana vanti ekki og hún sé viðunandi. Viða hefur það gerzt, að sveitarstjórnir hafa orðið að beita sér fyrir að fá menn til að gerast veitingamenn og reka gistihús í sveitarfélaginu. Jafnframt hefur orðið að leggja fram fé úr sveitarsjóði til styrktar rekstrinum, taka á sveitarfélagið ábyrgðir eða veita lán til að bæta húsakost vegna rekstrarins. Þetta hefur orðið sveitarfélagsmál. En þó að svona standi sakir, er alltaf að koma fram fólk, sem vill gjarnan um stundarsakir hafa veitingasölu, t. d. um hásumarið, meðan mest er gestakoman, mest af ferðamönnum, eða á kvöldin til að drýgja tekjur sínar. Veitingasölur, sem enga heildarþjónustu veita fyrir staði, en eru reknar sem aukastörf á þeim tíma, sem líklegt er að þær geti gefið arð, svarað kostnaði, eru sjaldan æskilegar. Slíkar sölur leysa ekki heildarvandann, þvert á móti auka þær hann oft og tíðum, af því að svona takmörkuð og tímabundin starfsemi dregur frá þeim, sem veitir þjónustuna allt árið, og

torveldar það, að nokkur vilji taka þann rekstur að sér fyrir byggðina. Það eykur vanda þessa máls sem sveitarfélagsmáls, byggðarmáls.

Ég þekki ákaflega vel kröfur þær, sem gerðar eru til sveitarstjórna í þessum efnum, og erfiðleika þá, er þær eiga við að fást til að koma á samfelldri þjónustu árlangt í þessum efnum. Í minni heimabyggð gerðist það t. d., þegar ég var þar oddviti og þessi mál hvíldu á mér að töluverðu leyti sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, að rekið var þar gistihús að sumrinu, myndarlega rekið, ágætt gistihús. En því var lokað, hvernig sem á því stóð, þegar haustaði. Og ég get sagt frá því til sönnunar því, hvernig viðhorfið er í þessum málum, að eitt sinn, þegar nýlega var búið að loka þessu húsi, þá vakti upp heima hjá mér maður úr Reykjavík, kaupsýslumaður, og sagði mér, að hann hefði leitað gistingar eins og venjulega hjá sumargistihúsinu. Nú var búið að loka því, og veitingamaðurinn, sem það rak, veitingamaður sumargistihússins, sagði manninum, að hann skyldi fara til oddvitans, hann ætti að sjá um það, að gestir gætu fengið gistingu hér í þorpinu. — Það stóð þannig á hjá mér, að ég gat lofað þessum manni að vera. Ég held, að hann hafi ekki farið ósáttur við staðinn. En samt sem áður var þetta nú svona, og svona er þetta.

Ég er á því, að hv. 9. landsk. þm. þekki ekki nógu vel gang þessara mála, þegar hann vill nú breyta þessu 37 ára gamla ákvæði um íhlutunarrétt eða nokkurs konar neitunarvald sveitarstjórnanna í þessu sambandi. Hann segir, að sveitarstjórnirnar geti haft nægileg áhrif með umsögnum sínum. Þar við bætist svo, að þær geti kært til ráðh. Í þriðja lagi nefnir hann svo þá aðstöðu, sem sveitarstjórnir hafa við lóðaveitingar og byggingarleyfisveitingar. Allt eru þetta of linar ástæður. Það er fjarstæðulegt að leggja þá fyrirhöfn á sveitarstjórn, sem ber hita og þunga í þessum málum, að þurfa að kæra eða leita úrskurðar, eiginlega kæra fyrir ráðh. Það er oft og einatt, að það snertir ekkert lóðir né byggingarleyfi, þegar sótt er um veitingasölu. Það er ekki alltaf verið að byggja í því sambandi.

Nei, sannleikurinn er þetta. Lögreglustjórinn er ekki sá aðilinn, sem vandinn hvílir á í þessum efnum og ábyrgðin. Sumarveitingamaðurinn vísaði ekki gestinum á Húsavík til lögreglustjórans, og átti hann þó heima þar. Það sannar mál mitt. Þar að auki er það svo, að það eru ekki allir þessir smá-þéttbýlisstaðir þannig settir, að lögreglustjóri hafi þar heimili; sýslumaðurinn situr ekki nema á einum stað, en það getur verið, að hann sé á öðrum héraðsenda. Og lögreglustjóri er ekki í hverju þéttbýlisplássi. En það getur verið, að þegar menn sækja um veitingaleyfi, þar sem lögreglustjórinn á ekki heima, sýnist honum sanngjarnt það, sem er til óhagræðis, og undir öllum kringumstæðum er hann ekki eins kunnugur þessum málum og sveitarstjórnin og ber ekki þungann af þeim á sama hátt. Löggjöfin á að vera þannig, að hann gangi frá leyfisveitingunni sem embættismaður, en hins vegar á það að vera sveitarstjórnin, sem hefur mest um það að segja, hvort leyfið á að veita, því að hún kann bezt að meta það, hvort eðlilegt er að veita þetta leyfi, hvort þetta er heppileg þjónusta, sem þarna er verið að sækja um að veita, og hvort hún er ekki til óhagræðis fyrir byggðina.

Ég vænti þess þess vegna, að hv. deild geti fallizt á það að samþykkja brtt., og enn fremur vil ég vænta þess, að hv. 9. landsk. endurskoði afstöðu sína, því að ég veit, að hann vill ekki gera neinni sveitarstjórn eða neinu byggðarlagi óleik með því að breyta þessum ákvæðum, en til þess gæti það hreint og beint leitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 489,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 478,1 felld með 10:6 atkv.
— 478,2 kom ekki til atkv.
4.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 489,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 489,3 tekin aftur til 3. umr.
15.—16. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
21.—28. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 532, 489,3, 569).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af umr., sem spunnust um þetta frv. við 2. umr. málsins, hefur samgmn. tekið málið til athugunar á ný, og við þá athugun hefur verið haft samráð við form. n., sem samdi þetta frv., enn fremur var rætt við borgarlækni, sem átti líka sæti í n., sem undirbjó frv., og einnig við fulltrúa frá borgaryfirvöldum Reykjavíkur.

Þessar athuganir og umr. leiddu til þess, að n. sá ástæðu til að gera frekari brtt. við frv. en fram komu við 2. umr. málsins, og liggja þessar brtt. hér fyrir á þskj. 569.

Fyrsta brtt. á þessu málsskjali er varðandi 1. gr. Ég tek fyrst a-liðinn, en í þessum a-lið segir, að málsliðurinn: „Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum um lokunartíma og annað“ — að þessi málsl. í 1. gr. frv. skuli falla niður. Þessi málsl., sem ég hef vitnað til, er í nánum tengslum við 4. tölul. 15. gr. frv., en sá tölul. var nokkuð umræddur við 2. umr. málsins, en hann hljóðar á þá leið, að leyfi fyrir söluskýli veiti rétt til sölu á gosdrykkj-

um, öli, sælgæti og tóbaksvörum, en þetta söluskýli átti að vera einn þáttur veitingastarfseminnar, sem sérstakt leyfi þyrfti til.

Það kom fram við 3. umr., að hér kynni það að vera á döfinni, að verið væri að veita hinum svokölluðu sjoppum nokkra lögvernd og löghelga þær sem veitingastarfsemi, í stað þess að borgaryfirvöld hafa talið, að hér væri miklu frekar um verzlunarstarfsemi að ræða.

N. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að taka þessi sjónarmið til greina, einnig með hliðsjón af því, að skilsmunurinn á veitingasölu og söluskýli er ekki svo mikill, að það sé sérstök ástæða til þess að hafa þetta hugtak „söluskýli" um sérstaka veitingastarfsemi. Þess vegna lagði n. til, að þetta hugtak söluskýli yrði alveg máð út úr frv., og það kemur fyrir bæði í 1. gr. og í 4. tölul. 15. gr. og enn fremur í 22. gr., og um þetta fjallar a-liður 1. brtt. og enn fremur 2. brtt. á þskj. 569, — þar segir, að 4. tölul. 15. gr. 1. mgr. skuli falla niður, — og enn fremur 4. brtt., þar sem orðið söluskýlisleyfi í 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. er fellt niður.

B-liður fyrstu brtt. fjallar um orðið „heilar" í 1. gr. frv., sem hljóðar þannig: „Veitingastofa: Veitingastaður, þar sem seldir eru heitir og kaldir drykkir, brauð og kökur, en ekki heilar máltíðir." Þetta orð eða hugtak, „heilar máltíðir", bar nokkuð hér á góma við 2. umr. málsins, og þá var það í sambandi við 3. tölul. 15. gr. frv., þar sem segir, að veitingastofa veiti rétt til sölu á heitum og köldum réttum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum. N. hafði lagt til við 2. umr. málsins, að orðin „heitar máltíðir" í þessum 3. tölul. breyttust og yrðu „heilar máltíðir", þannig að þar væri samræmi á milli 15. gr. og 1. gr., og sú brtt. var gerð eftir sérstakri ábendingu form. n., sem samdi þetta frv. Við þá athugun, sem fór fram milli 2. umr. og 3. umr., var þetta mál, þó að það sé kannske ekki merkilegt, kannað til hlítar, leituð uppi handrit af frv. og annað slíkt, til þess að finna út, hvort orðið ætti að vera, þ. e. a. s. í 15. og 1. gr., hvort það ætti að vera „heitum" eða „heilum", því að að sjálfsögðu á sama orðið að vera á báðum stöðunum, en á öðrum staðnum er notað „heilum máltíðum", en hinum staðnum „heitum". Og niðurstaðan af öllum þessum rökræðum varð sú, að í stað þess að breyta „heitum" í „heilum" í 15. gr., eins og nefndin ætlaði sér að gera við 2. umr., en dró þá brtt. til baka, þá væri skynsamlegra að fara að þessu á annan veg og breyta „heilum" í 1. gr. í „heitum". Að vísu voru menn sammála um það, að í öllum höfuðatriðum meinti þetta það sama, en í vissum markatilfellum væri betra að nota orðið „heitum" máltíðum heldur en „heilum", þó að vísu með þeim fyrirvara og með þeim skilningi, að með „heitum máltíðum" er ekki átt við einstaka heita rétti, eins og t. d. hamborgara eða heitar pylsur.

Þá kom fram við 2. umr. málsins ábending varðandi 17. gr. frv. um matstofur á vinnustöðum, þar sem bent var á, að það kynnu ef til vill að vera gerðar of strangar kröfur til matstofa á vinnustöðum, þar sem þær skyldu uppfylla sömu kröfur skv. gr. um hreinlæti og vinnuaðstöðu og gerðar væru til veitingahúsa af svipaðri stærð. Borgarlæknir sagði að vísu, að ekki hefði verið meiningin þrátt fyrir þetta ákvæði að leggja þarna alveg á sama mat, því að vitanlega hlytu matstofur vinnustöðva, þar sem venjulega væri ekki framleidd nema ein máltíð yfir daginn og tvisvar sinnum kaffi, það væri ekki hægt að líta á það sömu augum og veitingahús, þar sem væri opið lengur og veittir fjölbreyttari réttir, þannig að þegar þetta væri metið, þá yrði alltaf að taka tillit til þessa munar. En hins vegar féllst hann á, að þetta væri ef til vill of fortakslaust, að nota þetta orðalag um vinnuaðstöðuna. Það yrði þó að sjálfsögðu að gera sömu hreinlætiskröfur, en til þess að gefa til kynna, að kröfurnar um vinnuaðstöðu þyrftu ekki að vera eins strangar á matstofum á vinnustöðum og hjá veitingastofum, þá var það niðurstaðan að breyta orðalaginu og í stað orðanna „og vinnuaðstöðu" kæmi: „og eftir atvikum vinnuaðstöðu," og um það fjallar 3. brtt. á þskj. 569.

Ég held þá, að ég hafi gert grein fyrir öllum þeim brtt., sem n. leggur til að gerðar verði á frv.

ATKVGR.
Brtt. 569,1.a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 569,1.b samþ. með 14 shlj. atkv.
— 569,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 489,3 tekin aftur.
— 569,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 569,4 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 601).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 620).

---

28. Tónlistarskólar.

Á 56. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla [206. mál] (stjfrv., A. 413).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu er í fyrsta sinn gert ráð fyrir því, að lagaákvæði séu sett um fjárhagsstuðning ríkisins við íslenzka tónlistarskóla. Tónlistarskólar þeir, sem nú starfa í landinu, eru allir einkaskólar, en hafa notið fjárhagsstuðnings bæði ríkis og þeirra sveitarfélaga, þar sem þeir starfa. Þessi fjárhagsstuðningur hefur þó reynzt ónógur og staðið rekstri skólanna nokkuð fyrir þrifum, en aðsókn að ýmsum skólanna, einkum hinum stærstu, þ. e. tónlistarskólunum í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði, hefur mjög farið vaxandi. Má hiklaust fullyrða, að tónlistarskólarnir gegni mjög mikilvægu hlutverki í íslenzkum skólamálum og í íslenzku tónlistarlífi.

Í byrjun október s. l. boðaði menntmrn. skólastjóra allra tónlistarskólanna til fundar í Reykjavík til þess að ræða fjármál skólanna og skipulag. Er þetta frv. samið í samræmi við niðurstöður og ályktanir þess fundar, en höfundar frv. eru þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Jón Nordal skólastjóri og Magnús Jónsson alþm. Engin ósk kom fram um það á skólastjórafundinum, að ríki eða sveitarfélög, annar hvor aðilinn eða þeir báðir í sameiningu, tækju að sér rekstur tónlistarskólanna. Allir skólastjórarnir voru á einu máli um, að æskilegra væri, að þeir yrðu áfram einkaskólar, en að stuðningur ríkisins og sveitarfélaga við þá yrði aukinn og þó einkum að föstu skipulagi væri komið á þennan fjárhagsstuðning.

Í samræmi við þetta er í 1. gr. frv. ákvæði um, hvaða skilyrði tónlistarskólar skuli fullnægja til þess að geta notið ríkisstyrks. Í 2. gr. er síðan sagt, að þeir skólar, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skuli fá allt að 1/3 hluta rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans. Má gera ráð fyrir, að afleiðing þessa frv., ef samþ. verður, yrði sú, að íslenzkir tónlistarskólar, sem fullnægja skilyrðum laganna, fái yfirleitt 2/3 hluta rekstrarkostnaðar síns greidda af opinberu fé, helminginn frá ríkinu og helminginn frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Er gert ráð fyrir því, að menntmrn. geri í sambandi við undirbúning fjárl. till. um fjárveitingu til hvers skóla um sig með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans á undangengnu starfsári.

Þá er gert ráð fyrir því í 6. gr., að veita skuli tónlistarskóla styrk til hljóðfærakaupa í fjárl. og menntmrn. skipti styrknum með hliðsjón af þörfum skólanna. Styrkurinn má þó aldrei nema hærri upphæð en 1/3 hluta af andvirði hljóðfærisins.

Heimilað er einnig að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja skilyrðum 1. gr. um tónlistarskóla. Slíkar umsóknir skulu sendar menntmrn. eigi síðar en 15. júní ár hvert ásamt nákvæmri skýrslu um kennslu s. l. vetur og kostnað við hana, svo og starfs- og kostnaðaráætlun fyrir næsta ár. Ef ástæða þykir til styrkveitinga, er gert ráð fyrir, að menntmrn. geri till. um fjárlagastyrk til slíkrar tónlistarkennslu með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölþætta fræðslu er um að ræða.

Í framhaldi af skólastjórafundinum á s. l. hausti var þeim Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, Jóni Nordal skólastjóra og Magnúsi Jónssyni alþm. falið að gera till. um styrkveitingar til tónlistarskóla í sambandi við samningu fjárl. fyrir árið 1963. En það var sýnilegt, að ekki mundi takast að ljúka samningu frv. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana, áður en afgreiða þyrfti fjárlfrv.

Í núgildandi fjárl. er farið eftir þeim till., sem þeir þremenningarnir gerðu. Á yfirstandandi ári eru framlög til tónlistarskóla í fjárl. að upphæð 889264 kr. auk 200 þús. kr. fjárveitingar til hljóðfærakaupa o. fl. Árið áður hafði ríkisstyrkur til tónlistarskólanna numið 550 þús. kr., og lætur því nærri, að fjárstyrkur ríkisins til tónlistarskólanna hafi verið tvöfaldaður á þessu ári. Ef þetta frv. verður að lögum, má gera ráð fyrir, að ríkisstyrkur til tónlistarskólanna aukist enn um rúmar 300 þús. kr. og verði rúmlega 1,2 millj. kr. á næsta ári auk fjárveitingar til hljóðfærakaupa. Á næsta ári mun ríkisstyrkurinn því verða næstum því þreföld sú upphæð, sem hann nam í fyrra, auk þess sem hann mun fara eftir föstum reglum. Er hér tvímælalaust um mikið framfaraspor að ræða, sem mun verða íslenzkum tónlistarskólum til stóraukins stuðnings og íslenzku tónlistarlífi þar með til mikillar eflingar.

Í þessu sambandi er ástæða til að fara nokkrum orðum um þá sérstöðu, sem tónlistarskólinn í Reykjavík hefur meðal íslenzkra tónlistarskóla. Hann er ekki að öllu leyti einkaskóli, þar sem við hann starfar kennaradeild, sem hefur það hlutverk að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara til starfa við barna-, unglinga- og framhaldsskóla. Var þessari deild komið á fót með reglugerð, sem gefin var út af menntmrn. 1. júní 1959 um kennaramenntun í söng og tónlist. Kennaraskólinn hefur áfram með höndum kennslu, sem veitir réttindi til söngkennslu í skólum skyldunámsins, nema í skólum, sem hafa sérkennara í söng. Tónlistarskólinn starfrækir hins vegar deild til að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara til starfa við barna-, unglinga- og framhaldsskóla, og hafa tónlistarkennarar úr kennaradeild tónlistarskólans forgang til kennslu í þeim skólum, sem hafa sérkennara í söng. Er samstarf með tónlistarskólanum og kennaraskólanum um menntun söng- og tónlistarkennaranna. Skortur á slíkum kennurum hefur staðið kennslu í þessum greinum nokkuð fyrir þrifum undanfarið. Í námsskrá, sem menntmrn. gaf út 16. sept. 1960 fyrir skyldufræðslustigið, eru allýtarleg ákvæði um söng- og tónlistarkennslu. Án fjölgunar söng- og tónlistarkennara og bættrar menntunar þeirra væri ekki unnt að framfylgja ákvæðunum í hinni nýju námsskrá um söng- og tónlistarfræðslu. En kennaradeild tónlistarskólans hefur þegar útskrifað allmarga tónlistarkennara, og er að-

sókn að deildinni góð. Þeir kennarar, sem starfa við kennaradeild tónlistarskólans, eru opinberir starfsmenn og sömuleiðis skólastjóri tónlistarskólans, sem jafnframt er skólastjóri kennaradeildarinnar. Að öðru leyti annast kennarar tónlistarskólans kennslu í kennaradeildinni, auk þess sem nemendurnir stunda nám í kennaraskólanum.

Hinn 27. maí 1960 samþ. Alþingi svofellda þáltill. frá Magnúsi Jónssyni, Benedikt Gröndal og Kjartani J. Jóhannssyni, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hluta ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til þess að njóta ríkisstyrks."

Í þessu frv. eru ákvæði um öll þau atriði, sem nefnd eru í þessari þáltill.

Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. Ef frv. þetta nær fram að ganga, má segja, að traustum stoðum sé rennt undir starfsemi íslenzkra tónlistarskóla og þeir eigi að geta dafnað vel á komandi árum íslenzkri æsku og íslenzku tónlistarlífi til gagns og örvunar. Ég vona, að samstaða takist um, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 413, n. 471, 461).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er í raun og veru mjög einfalt í sniðum. Tónlistarskólar hafa verið settir á stofn víða á landinu og vinna nú þegar mikið og gagnlegt starf. Þeir eru flestir einkaskólar, og standa að þeim samtök áhugamanna í hinum ýmsu byggðum.

Með þessu frv. er lögfestur fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þessa skóla, og er gert ráð fyrir, að þessi styrkur skuli nema allt að 1/3 hluta rekstrarkostnaðar, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans. Er augljóst, að þetta þýðir, að ríkið muni greiða 1/3 og bæjarfélögin 1/3, þannig að skólarnir þurfa ekki að hafa í eigin tekjur, sem eru fyrst og fremst skólagjöld, nema 1/3 af kostnaði sínum. Hér eru ýmis nánari ákvæði, sem öll varða beint eða óbeint framkvæmd á þessu höfuðatriði. Er ekki ástæða til að fjalla um þetta nánar á þessu stigi, nema hvað menntmn. hefur rætt þetta mál, og eru þeir 4 nm., sem mættir voru, — einn var fjarverandi vegna veikinda, — sammála um að mæla með samþykkt frv., en nm. áskilja sér þó venjulegan rétt, ef brtt. koma fram.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil ekki gera lítið úr þessu frv., en þó verð ég að lýsa yfir því, að frv. nær æðimiklu skemmra en ég hafði búizt við, úr því að á annað borð er verið að lögfesta reglur um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, sem auðvitað er sjálfsagður hlutur. Ég hafði vænzt þess, að sú löggjöf, sem hér er fyrirhuguð, yrði þannig úr garði gerð, að verulega munaði fyrir tónlistarskólana miðað við það, sem þegar hefur náðst með þeim fjárveitingum, sem nú eru í fjárlögunum, og hafði ég vænzt, að stefna frv. yrði sú að leitast við að koma á helmingaskiptum milli ríkis og sveitarfélaga um rekstur tónlistarskólanna.

Eins og frv. er úr garði gert, er ekki um neina nýja tekjustofna að ræða fyrir tónlistarskólana. Það eitt er nýtt að lögfesta skýringu á styrkhæfum skólum, sem ég fellst að sjálfsögðu á, og auk þess er það nýtt að lögákveða hámark styrkveitinga úr ríkissjóði, en skv. 2. gr. frv. skulu styrkhæfir skólar fá allt að 1/3 rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri upphæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.

Tónlistarskólarnir hafa ávallt haft þrenns konar tekjustofna: 1) Skólagjöldin. 2) Styrk frá sveitarfélögum. 3) Styrk frá ríkinu. Í mörgum skólum hafa skólagjöldin orðið að vera svo há, að þau bæru uppi a. m. k. helming rekstrarkostnaðar, vegna þess, hve framlög hins opinbera voru lág. Í reyndinni hefur þetta fyrirkomulag þýtt það, að gjald fyrir nemanda hefur sums staðar orðið að vera yfir 2000 kr., er á Akureyri nú 2400 kr., sem er verulegur kostnaður fyrir þá foreldra, sem hafa átt og eiga börn í tónlistarskóla. Það fer því fjarri, að öllum foreldrum sé kleift að kosta börn sín til tónlistarnáms. Ég hygg, að það séu fyrst og fremst sérréttindi efnameiri manna að veita börnum sínum slíka fræðslu. Efnalítið fólk á þess lítinn kost að láta börn sín njóta tónlistarfræðslu við þær aðstæður, sem hér ríkja, og því miður mun þetta frv. ekki bæta svo úr þessu ranglæti sem margir höfðu vænzt.

Frv. gerir sem sagt ráð fyrir því, að ríkið leggi fram í mesta lagi 1/3 kostnaðar við rekstur tónlistarskólanna, þó gegn því, að 1/3 komi væntanlega frá bæjarfélögunum, að því er virðist, en alla vega verður að fá 2/3 hluta frá nemendum sjálfum og sveitarfélögum, því að ég held, að það sé varla að vænta annarra tekjustofna, svo að nokkru nemi. Það er auðvitað hugsanlegt, að sveitarfélögin tækju á sig að greiða allan þennan mismun, 2/3, en mér finnst það ekki líklegt. Ég mundi ekki vilja reikna með því, að sveitarfélögin tækju meira á sig en svarar 1/3, og ef svo væri, þá yrði að innheimta þann mismun, sem enn myndaðist, með skólagjöldunum, og það yrði þá um 1/3 af kostnaðinum.

Auk þess er sá hængur á ákvæðum þessa frv., að ríkisstyrkurinn eða þessi 1/3 hluti er hugsaður sem hámark, hins vegar er ekkert ákvæði um lágmarksstyrk. Það er því á valdi ríkisvaldsins að ákveða styrkinn undir hámarkinu, eins og orðalag 2. gr. bendir ótvírætt til, enda rækilega undirstrikað í aths. við frv., og þetta tel ég stórgalla. Og ég er ekki alveg viss um, að hv. frsm. menntmn. hafi farið rétt með áðan, þegar hann taldi, að þetta mundi í raun þýða, að það yrði veittur til tónlistarskólanna 1/3 af rekstrarkostnaði þeirra. Það er engan veginn öruggt.

Ég vil eindregið hvetja til þess, að 2. gr. verði breytt með það fyrir augum að tryggja betur fjárhagsstuðning hins opinbera við skólana. Þykir mér miður, að hv. menntmn. skyldi ekki sjá ástæðu til þess að lagfæra frv. í þá átt.

Ég hef leyft mér að flytja 2 brtt. við frv. Hin fyrri er við 2. gr. og miðar að því að auka fjárhagsstuðninginn, þannig að hámark fjárveitingar úr ríkissjóði verði helmingur rekstrarkostnaðar, en lágmark 1/3 kostnaðarins, en þó aldrei hærra en sem nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Verði þessi brtt. samþ., þá er þó a. m. k. gerð tilraun til þess að koma á helmingaskiptum á milli ríkis og sveitarfélags um rekstur tónlistarskóla.

Mér er ljóst, að þetta er aðeins tilraun til þess að ná því marki, sem ég hefði óskað að stigið yrði í einum áfanga, en hins vegar get ég fallizt á þessa lausn nú að sinni. Og ég vænti þess, að hv. menntmn. geti við nánari íhugun orðið mér sammála um þetta. Og ég vænti þess satt að segja enn fremur, að hæstv. menntmrh., sem ég veit að vill þessu máli vel og skilur þarfir tónlistarskólanna manna bezt og gerir sér grein fyrir þeim erfiðleikum, sem steðja að alþýðu manna um að greiða há skólagjöld, — ég vænti þess, að hann verði mér líka sammála um þetta, enda er það höfuðatriðið fyrir mér, að skólagjöldin megi hverfa sem allra mest. Ég hef þá trú, að ef það væru frjálslegri ákvæði í þessu frv., þá yrði það hvatning fyrir sveitarfélögin um að leggja sitt af mörkum til þess að eyða skólagjöldunum í tónlistarskólunum, sem er sjálfsögð réttarbót fyrir efnalítið fólk.

Hin brtt., sem ég flyt, er ekki eins mikilvæg og raunar ekki annað en orðalagsbreyting, en mér finnst rétt, að það komi skýrt fram, að menntmrn. skuli hafa samráð við skólastjóra tónlistarskólanna um tillögugerð varðandi ríkisstyrk til skólanna. Eins og 3. gr. frv. er orðuð nú, þá finnst mér tæplega nógu skýrt að orði kveðið um þetta atriði, og þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. í þá átt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt við hv. menntmn. þessarar d. fyrir skjóta og góða afgreiðslu hennar á þessu frv. og meðmæli hennar með samþykkt þess.

Að því er snertir þær brtt., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. (IG) var nú að lýsa, vil ég aðeins láta þessa getið: Hann kvaðst hafa orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með það, að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við tónlistarskóla væri ekki aukinn meir en gert væri ráð fyrir í þessu frv. En meginreglan er þar, að ríkið skuli greiða 1/3 kostnaðar við rekstur skólanna á móti 1/3 frá hlutaðeigandi sveitarfélögum, en síðasta þriðjunginn er ætlazt til að tónlistarskólarnir fái annaðhvort með skólagjöldum eða öðrum styrkjum en frá ríki og sveitarfélögum.

Ég vil láta þess getið, að í fyrra, árið 1962, nam ríkisstyrkur til tónlistarskóla 550 þús. kr. Eftir samþykkt þessa frv. mun ríkisstyrkurinn á árinu 1964 verða 1.4 millj. kr., þannig að það lætur nærri, að í kjölfar þess, sem gert var við samþykkt fjárlaga fyrir þetta ár, og þessa frv. þrefaldist styrkur ríkisins til tónlistarskólanna, það munar ekki miklu, að hann þrefaldist. Um þessa staðreynd hygg ég að ekki sé hægt að fara þeim orðum, að ekki sé um að ræða gagngera breytingu á starfsaðstöðu tónlistarskólanna, ef frv. nær fram að ganga. Í sambandi við þetta má ekki gleyma því, að þessi stórfellda endurbót á fjárhagsaðstöðu tónlistarskólanna kemur í tvennu lagi. Í fyrsta lagi var styrkur á gildandi fjárlögum aukinn mjög verulega, þó að lagasetningu væri þá ekki lokið. Þá var um að ræða aukningu úr 550 þús. kr. í fyrra upp í 0.9 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlögum nú, en sú fjárlagaupphæð var einmitt sett vegna þess, að þetta frv. var í undirbúningi. Það varð hins vegar niðurstaðan, að frv. var gert þannig úr garði, að styrkurinn mun enn aukast frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar fjárlögin voru samin, þannig að nú getur hann orðið 1.2 millj. kr. að viðbættum 200 þús. kr. til hljóðfærakaupa, eða samtals 1.4 millj. kr., og það er sú upphæð, sem ég vitnaði til áðan.

Ég held í raun og veru, að það væri of stórt spor að stíga í einu lagi að gera ráð fyrir því, að ríki og sveitarfélög eigi að skipta á milli sín öllum rekstrarkostnaði skólanna, ekki vegna þess að ríkinu væri ofgert með því að ætla því að greiða allt að helmingi rekstrarkostnaðarins, heldur óttast ég, að sveitarfélögunum, ýmsum þeirra a. m. k., mundi finnast sér ofgert með því.

Ég hygg, að í kjölfar frv. muni fylgja — ekki mjög aukin greiðsluskylda af hálfu sveitarfélaganna, heldur mun til þess ætlazt, að þau auki framlög sín mjög verulega, eins og ríkið er þegar reiðubúið til að auka sín framlög. Og hygg ég, að ýmsum sveitarfélögum muni þykja nóg um þá breyt., sem hér er lagt til að gera, jafnvel þó að ekki yrði gengið enn lengra. En það skal ég taka fram, að ríkisstj. mun bjóða fram sem styrk til skólanna 1/3 af rekstrarkostnaði þeirra, eins og samþykkt fjárhagsáætlana skólanna mun gera ráð fyrir, og menntmrn. mun þá beinlínis ætlast til þess

af hlutaðeigandi sveitarfélögum, að þau leggi líka fram 1/3 af rekstrarkostnaðinum. En í framhaldi af þeim skólastjórafundi tónlistarskóla, sem haldinn var á s. l. hausti, hefur verið gert ráð fyrir því, að starfsemi tónlistarskólanna muni verða aukin mjög verulega á næsta starfsári og rekstrarkostnaður þeirra þannig aukast mjög verulega.

Ég tel líka rétt að láta þess getið, að sérstaklega einn tónlistarskólinn hefur mjög verulegar tekjur frá þriðja aðila, þ. e. a. s. ekki frá ríkissjóði og ekki frá sveitarsjóði, heldur frá styrktarfélagi, sem að skólanum stendur, og á ég hér við tónlistarskólann í Reykjavík, sem er rekinn af Tónlistarfélaginu, sem jafnframt rekur kvikmyndahús hér í bænum og nýtur skattfrelsis, nýtur undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts, vegna þess að allar tekjur kvikmyndahússins skulu ganga til rekstrar tónlistarskólans. Hér er raunverulega líka um ríkisstyrk að ræða, þó að hann sé í því óbeina formi, að kvikmyndahúsið eða tónlistarskólinn er undanþeginn greiðslu skemmtanaskatts. Ef það væri lögákveðið, að ríki og sveitarfélög skyldu, hvor aðili um sig, greiða helming rekstrarkostnaðar, þá vaknar sú spurning, hvernig fara ætti að í þessu tilviki. Það er vandamál, sem þarf alveg sérstakrar athugunar við.

Ég er sammála hv. þm. um það, að það er æskileg framtíðarstefna, að skólagjöld geti lækkað mjög mikið eða jafnvel orðið engin í þessum skólum, eins og þau eru engin í almennum ríkisskólum. Ég tel þó ekki tímabært að gera slíkar ráðstafanir nú, enda ekki eftir því óskað af forvígismönnum tónlistarskólanna, sem á fundi sínum á s. l. hausti lýstu mikilli ánægju með það, ef sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, gæti náð fram að ganga, enda mun hún hafa í för með sér næstum þreföldun ríkisstyrks til skólanna, og þá mun líka vera ætlazt til þess, að styrkur sveitarfélaganna til skólanna aukist í sama hlutfalli eða næstum því þrefaldist og geri þar með skólunum kleift að auka starfsemi sína mjög verulega, eins og ráðgert hefur verið.

Varðandi seinni brtt. hv. þm. get ég lýst því yfir, að menntmrn. hefur alltaf haft í hyggju að ákveða rekstrarstyrki til einstakra skóla í samráði við skólastjóra og stjórn hvers tónlistarskóla um sig.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá menntmn. með þessu frv., var ég ekki viðstaddur afgreiðslu þess. Ég vil taka það strax fram, að ég tel þetta mikinn og merkilegan stuðning, sem hér kemur til móts við tónlistarskólana í landinu, en þess var sannarlega þörf. Tónlistarnám hefur átt erfitt uppdráttar víða úti um landið, og tónmenningu og söngmenningu hefur hrakað þar verulega um langt bil og hefur orðið langt á eftir ýmissi annarri mennt úti um land. Þetta er mikill skaði, vegna þess að tónlistarnám og tónlist öll göfga vissulega þjóðlífið og eru eitt af aðalmenningareinkennum þjóðfélagsins, þar sem hægt er að halda uppi lifandi og öflugri tónmenningu.

Ég endurtek, að ég þakka það, sem hefur áunnizt með frv. þessu frá því, sem áður var. Hitt er mér fullkomlega ljóst, að það hefði, úr því að þessi mál voru tekin endanlega til meðferðar, að mínu viti átt að ganga lengra en frv. gerir ráð fyrir, og mundi ég í því tilfelli vera fullkomlega samþykkur brtt., sem 4. þm. Norðurl. e. flytur hér, í sambandi við það, að framlag frá ríkissjóði hefði átt að nema allt að helmingi í rekstrarkostnaði skólanna. Ég er ekki viss um, að sveitarfélögunum þætti þetta svo verulega aukin byrði. Tónlistarskóli Árnessýslu hefur starfað lengi undanfarið, og sveitarfélagið þar greiddi á s. l. ári t. d. 50 þús. kr. til skólans á móti 10 þús. kr. frá ríkissjóði, svo að ég er ekki viss um, að þeir hefðu ekki sætt sig vel við þann hlut, þó að þeir hefðu átt að borga allt að helmingi. Mér er það vel ljóst og hefur verið það vel ljóst, að hin háu skólagjöld hafa hamlað mjög frá því, að unglingar sæktu þessa skóla eins og vera skyldi. Þeir hafa ekki haft fjármagn til þess að borga um 1800 kr. og upp undir 2000 kr. í skólagjöld.

Ég ætla ekki að fara að rökstyðja þetta neitt nánar. Mér finnst bara eðlilegt, að þessi menningargrein, sem tónlistarlífið vissulega er, ætti að njóta skilnings og stuðnings ríkisins ekki síður en annað nám í landinu. Og ég veit, að því yrði mjög fagnað í mínu héraði, ef það yrði hægt að hækka það sem mest. Hitt er annað mál, að það er þakkarvert, það sem áunnizt hefur með frv., og enn betra væri það þó, ef brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,1 felld með 15:12 atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 461,2 felld með 16:13 atkv.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Tónlistarskólar hafa á undanförnum árum í vaxandi mæli gegnt mjög mikilsverðu hlutverki í íslenzkum fræðslumálum og íslenzku

tónlistarlífi. Þeir eru allir einkaskólar, að tónlistarskólanum í Reykjavík undanteknum að nokkru leyti, þar sem við hann starfar kennaradeild, sem í raun og veru er hluti af kennaraskólanum og annast menntun söng- og tónlistarkennara.

Fjárhagsaðstaða tónlistarskólanna hefur undanfarin ár verið allótrygg, vegna þess að skólarnir eru einkaskólar, þótt þeir að vísu hafi hlotið styrk bæði úr ríkissjóði og frá þeim sveitarfélögum eða bæjarfélögum, þar sem þeir starfa. En vöxtur tónlistarskólanna hefur verið svo ör, að stuðningur hins opinbera við þá hefur ekki vaxið að sama skapi og fjárþörf þeirra hefur vaxið vegna aukinnar starfsemi þeirra.

Þetta hefur hinu háa Alþ. áður verið ljóst, en 27. maí 1960 samþ. Alþ. þáltill. frá Magnúsi Jónssyni, Benedikt Gröndal og Kjartani J. Jóhannssyni, sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hluta ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði þessir skólar þurfi að uppfylla til þess að njóta ríkisstyrks."

Þetta mál hefur síðan verið athugað vandlega undanfarið í menntmrn., og í byrjun okt. s. l. boðaði rn. skólastjóra allra tónlistarskólanna til fundar hér í Reykjavík til þess að ræða fjármál skólanna og skipulag. Þetta frv., sem hér er lagt fyrir hið háa Alþ. og Nd. hefur þegar samþ. með shlj. atkvæðum, er samið í samræmi við niðurstöður og ályktanir þess fundar, en höfundar frv. eru þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Jón Nordal skólastjóri tónlistarskólans í Reykjavík og Magnús Jónsson alþm.

Á skólastjórafundinum kom engin ósk fram um það, að ríki eða sveitarfélög, annar hvor aðilinn eða báðir í sameiningu, tækju algerlega að sér rekstur tónlistarskólanna. Skólastjórarnir voru á einu máli um, að æskilegra væri, að þeir yrðu áfram einkaskólar, en stuðningur ríkis og sveitarfélaga við þá yrði aukinn að mun, og þó einkum, að föstu fjárhagsskipulagi væri komið á þennan stuðning. Það er í samræmi við þetta, að í 1. gr. frv. eru ákvæði um, hvaða skilyrðum tónlistarskóli skuli fullnægja til að geta notið ríkisstyrks. Í 2. gr. er síðan sagt, að þeir skólar, sem fullnægja skilyrðum 1. gr., skuli fá allt að 1/3 rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans. Má hiklaust gera ráð fyrir því, að afleiðing þessa frv., ef samþ. yrði, verði sú, að íslenzkir tónlistarskólar, sem fullnægja skilyrðum laganna, fái yfirleitt greidda 2/3 hluta rekstrarkostnaðar síns af opinberu fé, helminginn frá ríkinu og helming frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Skipanin, sem gert er ráð fyrir, er sú, að menntmrn. geri í sambandi við undirbúning fjárl. till. um fjárveitingu til hvers skóla um sig með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans á undangengnu starfsári.

Í 6. gr. er enn fremur gert ráð fyrir því, að veita skuli tónlistarskólum styrk til hljóðfærakaupa í fjárl. og að menntmrn. skipti styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Heimilað er einnig að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja skilyrðum 1. gr. um tónlistarskóla, en slíkar umsóknir skal senda menntmrn. fyrir 15. júní ár hvert ásamt skýrslu um kennslu og kostnað við hana, svo og starfs- og kostnaðaráætlun fyrir næsta ár. Ef ástæða þykir til styrkveitingar, er gert ráð fyrir, að rn. geri till. til Alþ. um fjárlagastyrk til slíkrar tónlistarkennslu með hliðsjón af því, um hversu fjölþætta kennslu er að ræða.

Í framhaldi af skólastjórafundinum á s. l. hausti fól menntmrn. þeim Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, Jóni Nordal skólastjóra og Magnúsi Jónssyni alþm. að gera till. um styrkveitingar til tónlistarskóla í sambandi við samningu fjárl. fyrir árið 1963, þar sem ekki var talið, að takast mundi að ljúka samningu frv. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, áður en afgreiða þyrfti fjárlfrv. Í núgildandi fjárl. er farið eftir þeim till., sem þeir þremenningarnir Birgir Thorlacius, Jón Nordal og Magnús Jónsson gerðu. Á yfirstandandi ári eru þess vegna framlög til tónlistarskólanna í fjárl. að upphæð 889 þús. kr. auk 200 þús. kr. fjárveitingar til hljóðfærakaupa o. fl., eða tæplega 1100 þús. kr., en árið áður hafði ríkisstyrkur til tónlistarskólanna numið 550 þús. kr., og lætur því nærri, að ríkisstyrkur til tónlistarskólanna sé nú á þessu ári helmingi hærri en hann var í fyrra.

Ef þetta frv. verður að lögum, má gera ráð fyrir, að ríkisstyrkur til tónlistarskólanna aukist enn um rúmar 300 þús. kr. og verði þannig um 1.2 millj. kr. á næsta ári auk a. m. k. 200 þús. kr. framlags til hljóðfærakaupa, þannig að á árinu 1964 ætti styrkur ríkisins til tónlistarskóla að geta numið 1.4 millj. kr. eða næstum því þrefaldri þeirri upphæð, sem hann nam í fyrra. Hygg ég, að allir, sem málefnum tónlistarskólanna og tónlistarlífinu unna, muni geta talið hér vera um að ræða mikið framfaraspor, sem verða muni íslenzkum tónlistarskólum til stóraukins stuðnings og íslenzku tónlistarlífi þar með til eflingar.

Ég tel, að með samþykkt þessa frv. væri að öllu leyti fullnægt innihaldi þeirrar þáltill. frá 27. maí 1960, sem ég gat um í upphafi máls míns. Og það er vissulega tími til kominn að setja fastar reglur um fjárhagsstuðning þess opinbera við tónlistarskólana og jafnframt auka þennan stuðning mjög verulega frá því, sem verið hefur.

Ég hygg, að óhætt sé að segja, að verði þetta frv. að lögum, þá hafi traustum stoðum verið rennt undir starfsemi íslenzkra tónlistarskóla og þeir eigi að geta dafnað vel á komandi árum íslenzkri æsku og íslenzku tónlistarlífi til gagns og örvunar.

Ég leyfi mér að vænta þess, að í þessari hv. d. náist sams konar samstaða um af-

greiðslu málsins og náðist í hv. Nd., en þar var frv., eins og ég gat um áðan, að lokum afgr. með shlj. atkv. allra dm.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 413, n. 556, 579).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. þd. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir. Eins og fram kemur í nál., mælir n. með, að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Einn nm., hv. 5. þm. Reykn., var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. við þessa umr. Þegar það var til 1. umr. hér í þessari hv. þd., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði með allýtarlegri ræðu, og hef ég ekki neinu við það að bæta.

Ég sé, að einn nm., hv. 5. þm. Austf., flytur á þskj. 579 brtt. við frv., og ég ætla, að þær séu alveg shlj. brtt., sem einn flokksbróðir hans flutti í Nd., þegar frv. var þar til umr. Ég vil annars víkja nokkrum orðum að þessum brtt. hv. þm.

Fyrri brtt. hans er við 2. gr. frv., og er efni hennar það, að framlag ríkissjóðs skuli vera allt að helmingi rekstrarkostnaðar við skólana og ekki lægra en 1/3 af rekstrarkostnaðinum. En í frv. er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins geti orðið allt að 1/3 af rekstrarkostnaði. Í brtt., eins og reyndar einnig í frv., er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins nemi þó ekki hærri upphæð en framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til þess skóla, sem í hlut á.

Eins og fram kemur í grg. við frv., var við undirbúning þess haft samráð við skólastjóra tónlistarskólanna, og þeir munu yfirleitt og að ég held allir hafa lýst ánægju sinni með þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, og talið það vera til stórra bóta og að manni skilst viðunandi, einnig varðandi þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaðinum. Því hefur ekki verið hreyft, að tónlistarskólarnir ættu að vera reknir af ríkinu, en ef ríki og sveitarfélög ættu saman að greiða allan rekstrarkostnað, sýndist það þó óneitanlega eðlilegast, að þessir aðilar rækju þá skólana sameiginlega. En samkv. frv. er gert ráð fyrir, að þeir haldi áfram að vera einkaskólar, og ég býst við, að það mundi mörgum líka þykja sú tilhögun, að skólarnir yrðu reknir af ríki og sveitarfélagi, síður en svo æskileg, enda þá ekki víst, að þess mikla stuðnings, sem tónlistarskólarnir hafa haft af samtökum áhugamanna um tónlist og tónmennt, gætti í jafnríkum og heillavænlegum mæli og nú er. Ég á þar ekki við þann fjárhagslega stuðning, sem þau samtök, sem komið hafa skólunum á fót á hinum ýmsu stöðum landsins, hafa veitt skólunum, miklu frekar þann stuðning, sem skólarnir hafa haft af ötulum áhuga og ég vil segja áróðri þessa fólks fyrir aukinni tónlistarfræðslu og tónmennt. Í frv. er ekki gert ráð fyrir afskiptum ríkisvaldsins af skólunum umfram það, sem nauðsynlegt er til þess að koma úthlutun eða skiptingu á ríkisframlaginu í fast horf.

Á fjárlögum fyrir árið 1962 var fjárveiting til tónlistarskólanna, að ég ætla, 550 þús. kr. Í fjárl. fyrir yfirstandandi ár er fjárveitingin hækkuð í nærri 900 þús. kr., og auk þess er 200 þús. kr. fjárveiting til að styrkja félögin til hljóðfærakaupa. Það lætur því nærri, að framlag á fjárlögum hafi tvöfaldazt frá því, sem það var í fyrra. Verði frv. að lögum, er áætlað, — ég ætla, að það komi hér fram í grg., — að þetta framlag muni hækka upp í 1200 þús., og auk þess verður að sjálfsögðu veitt áfram ekki lægri upphæð en nú er til hljóðfærakaupa, eða 200 þús. Þetta verður þá samtals ekki minna en 1400 þús., og er þá ekki langt frá því, að á næsta ári, árinu 1964, muni, ef frv. verður að lögum, hafa þrefaldazt fjárveiting til tónlistarskólanna frá því, sem var árið 1962.

Það virðist augljóst, að svo stórkostleg hækkun á ríkisframlaginu ætti að gefa mikla möguleika til þess að stilla skólagjöldum nemenda svo í hóf, að þau verði viðráðanleg. En ég ætla, að fyrir flm., hv. 5. þm. Austf., vaki það að létta af nemendum greiðslu skólagjalda, svo sem einnig mun hafa vakað fyrir flokksbróður hans, sem flutti shlj. brtt. við frv. í Nd. Við verðum auðvitað að horfast í augu við það, að tónlistarkennsla er ávallt býsna kostnaðarsöm. Sú kennsla getur ekki nema að sáralitlu leyti farið fram í hóptímum, en fer að langsamlega mestu leyti fram þannig, að kennari kennir einum nemanda í einu. Ég hef verið að spyrjast fyrir um það, hvernig muni vera annars staðar í okkar nágrannalöndum með tónlistarskóla eða skóla, sem veita kennslu og tilsögn í tónlist, og ég skal að vísu játa það, að ég hef ekki fengið ýtarleg svör frá þeim, sem ég hef verið að spyrja um þetta. En þeir, sem ég hef spurt og ég hef haft ástæðu til þess að ætla að mundu þekkja eitthvað til slíks í okkar nágrannalöndum, hafa tjáð mér, að þeir vissu ekki til þess, að slíkir skólar væru reknir án þess, að nemendur væru látnir greiða einhver skólagjöld.

Það liggur sem sé ljóst fyrir, að ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, þá verða stórkostlega aukin framlög ríkisins og væntanlega þá um leið framlög sveitarfélaganna til tónlistarskólanna, og er því enginn vafi á því, að þeim mun verða mjög mikill fengur að þeirri löggjöf, sem í frv. felst, og af framansögðu verður ekki fallizt á 1. brtt. hv. þm.

Síðari brtt. er um það, að menntmrn. skuli

hafa samband við skólastjórana, er áætla skal styrktarupphæð til hvers skóla um sig. Ég sé, að í umr. um málið í Nd. upplýsti, að mig minnir, hæstv. menntmrh., að það hefði að sjálfsögðu alltaf verið ætlunin að hafa samráð við skólastjórana í þessu sambandi, og sýnist því ekki vera ástæða til þess að taka það ákvæði inn í frv., enda hlaut samhljóða brtt. ekki samþykki hv. Nd.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta hlaut þá afgreiðslu í menntmn., að n. mælir með samþykkt þess, svo sem lýst hefur verið, en nm. áskildu sér þó rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum, ef fram kæmu.

Ég tel tímabært að setja löggjöf um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, og ég tel, að frv. þetta stefni í rétta átt. En ég vil með brtt. þeim, sem ég flyt á þskj. 579, ganga nokkru lengra um heimild til fjárframlaga af hálfu ríkis og bæjarfélaga en gert er í frv., þannig að í stað þess, eins og í 2. gr. frv. segir, að tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skuli fá allt að 1/3 rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans, þá legg ég til, að tónlistarskólar skuli fá allt að helmingi og aldrei minna en 1/3 rekstrarkostnaðar, m. ö. o. tek til í minni brtt. 1/3 sem lágmark í stað þess, að í frv. er það hámark, og þar sem orðalagið er „allt að 1/3", þá er það algerlega háð fjárveitingu hverju sinni og til hve margra skóla hún dreifist, hve hátt hlutfallið verður. Því fleiri skólar sem koma til greina, þeim mun minna kemur hlutfallslega í hlut hvers. Þetta er í sjálfu sér svo skýrt, að um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð. En af því að það er nú eiginlega þegar búið að tala fyrir þessari brtt. á fremur neikvæðan hátt, þá verð ég að bæta við þetta örfáum orðum.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., að skólastjórar tónlistarskólanna hefðu verið með í ráðum, þegar þetta frv. var samið, og þeir út af fyrir sig gætu fellt sig við ákvæði frv., eins og þau væru úr garði gerð. Vel má vera, að þetta sé rétt. En þess ber að gæta, að hér eiga fleiri hlut að máli en skólastjórar tónlistarskólanna. Þetta mál snertir ekki síst þá, sem tónlistarnámsins ætla að njóta, og hinn almenna nemanda, sem verður að greiða skólagjöld, og ber að sjálfsögðu að skoða þá hlið málsins ekki síður en það, sem beint snýr að skólastjórunum.

Það er að vísu rétt, að hér er um að ræða stuðning til einkaskóla, og það mátti skilja á orðum hv. 2. þm. Reykv., að það væri ekki eðlilegt, að ríkið hlutaðist mjög til um skólastarfið, þar sem hér væri um einkaskóla að ræða. En frv. sjálft gerir ráð fyrir allmiklum afskiptum menntmrn. af þessum skólum. Í 5. gr. frv. segir, að styrkur skuli eigi veittur fyrr en menntmrn. hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Og í 9. gr. segir, að það megi gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntmrn. Hér er vissulega gefin heimild til þess, að menntmrn. hafi allvíðtæk afskipti af starfi þessara skóla, enda virðist mér, að þó að ekki sé stigið stærra skref en gert er nú með þessari löggjöf um stuðning við tónlistarfræðslu, muni fyrr en síðar reka að því, að komið verði upp ríkisskóla í þessari gr., einum eða fleiri. Það er alveg í samræmi við aðra þætti skólakerfisins hjá okkur, þar sem allt hnígur meira og meira að því, að ríkið sjái um bæði hina almennu fræðslu í landinu og einnig sérmenntun á sem flestum sviðum, og í frv., sem nú er að ganga gegnum þingið um kennaraskólann, stefnir það einnig í þá átt að færa út verksvið kennaraskólans og taka þar upp fleiri deildir og koma þeirri fræðslu í fast horf undir umsjá rn. og á kostnað ríkisins.

Ég tel, eins og ég tók fram, að þetta frv. stefni í rétta átt, og það má vel vera, að það sé eðlilegt að stíga ekki stærra skref um meginstefnuna heldur en gert er með þessu frv. En ég tel, að frv. yrði betur úr garði gert eða sú löggjöf, sem hér á að setja, ef brtt. þær, sem ég flyt, verða samþykktar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki mikið þessar umr., en ég taldi þó rétt að segja hér örfá orð með hliðsjón af þeim till., sem hér hafa komið fram, vegna þess að í senn átti ég nokkra aðild að því, að þessu máli var hreyft í upphafi, og átti auk þess sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó frv.

Hv. síðasti ræðumaður sagði í lok síns máls, að hann teldi, að að því mundi koma, að ríkið yfirtæki þessa fræðslu. Þetta kann vel að vera. Ég skal engu um það spá. En þetta frv. er byggt á öðru sjónarmiði. Það er byggt á því grundvallarsjónarmiði, að hér sé um að ræða frjálst skólahald, sem stutt sé af ríkisvaldinu með hliðsjón af því, hversu hér sé um mikilvægt menningaratriði að ræða, og ákvæði frv. um fjárframlög til þessara skóla er beinlínis sniðið með hliðsjón af þessu grundvallarsjónarmiði, sem frv. hvílir á. Það er þess vegna ekki út í hött, sem þessi ákvæði eru sett í frv., og ég tel, að sú breyt., sem hér er lagt til að gera á frv., mundi algerlega kippa burt þessum grundvelli. Ég er ekki með því að segja, að þessi tilhögun út af fyrir sig gæti ekki komið til greina síðar meir. En ef ætti að lögfesta það, að hið opinbera greiddi raunverulega allan kostnað við þetta skólahald, yrði að sjálfsögðu að byggja þessa löggjöf upp með allt öðrum hætti, því að þá er sjálfsagt, að yfirstjórn þessara mála yrði færð yfir frá þessum frjálsu félagasamtökum og yfir til ríkisvaldsins eða sveitarstjórna og allt kerfið byggt upp á þann hátt.

Þess vegna tel ég, hvað sem annars má segja um þessa hugmynd, ef ríkið yfirtæki þessa fræðslu yfirleitt, að þá sé ekki hægt að samrýma þessar till. því kerfi, sem er gert ráð fyrir að byggja þessa löggjöf á, því að hlutfallsgreiðslurnar, sem hér er miðað við, 1/3

frá ríki, 1/3 frá sveitarfélagi og 1/3 af skólagjöldum og framlögum hlutaðeigandi áhugamannasamtaka, eru við það miðaðar, að hér verði eðlileg starfsskipting, og það væri auðvitað með öllu óeðlilegt að hafa þessa skóla í höndum frjálsra samtaka án nokkurrar aðildar ríkisins, ef þessi samtök gætu síðan sótt sína styrki til ríkis og sveitarfélags. Og ég álít, að það væri ekki til framdráttar þessari menningarstarfsemi að gera hana háðari ríkisvaldinu en hér er gert ráð fyrir.

Það hafa víðs vegar um landið myndazt merkileg samtök, einmitt til að hrinda þessari fræðslustarfsemi áleiðis, og ef það yrði hér breytt um, þá er mjög hætt við því, að sá mikilvægi áhugi, sem þar hefur verið beizlaður, mundi hverfa eða a. m. k. minnka mjög verulega, eins og alltaf vill verða, þegar menn hafa það á tilfinningunni, að þeir þurfi ekki annað en afhenda öðrum aðila reikningana til þess að fá kostnað greiddan. Það er því ákveðin sannfæring mín, að það beri að reyna að vinna að framgangi þessara mála og eflingu einmitt á þeim grundvelli, sem hér er lagður, og beizla þessa mikilvægu áhugamannastarfsemi, sem risið hefur upp víðs vegar um landið og ætla má að geti risið víðar upp, eftir að þessi grundvöllur er fenginn.

Eins og allir hv. þdm. vita, hefur stuðningur ríkisins við tónlistarskóla verið mjög handahófskenndur. Það eru einstakir styrkir veittir í fjárl., án þess að nokkurt raunverulegt mat fari fram á því, hvernig skóla sé um að ræða, og einmitt með hliðsjón af því átti ég á sínum tíma frumkvæði vegna reynslu minnar í fjvn. að því, að undirbúin væri sérstök löggjöf um þessi mál.

Hv. 5. þm. Austf. vitnaði hér í ýmis ákvæði í frv., sem hann taldi ekki í samræmi við það sjónarmið, að þetta ætti að vera frjáls starfsemi, heldur væri gert ráð fyrir víðtækum ríkisafskiptum, og vitnaði þar í tvær greinar, 5. gr., þar sem getið er um, að menntmrn. eigi að kanna aðstæður til skólahalds, og 9. gr. um samþykkt námsskrár. Ég er ekki hv. ræðumanni alveg sammála um skilning á þessum gr. Hér er ekki um raunveruleg afskipti ríkisvaldsins að ræða af skólahaldinu sem slíku. Raunverulega geta skólarnir alveg starfað eins og þeim lystir, en þetta eftirlit er óumflýjanlegt að hafa til þess að komast að raun um það, hvort skólarnir fullnægja skilyrðum, sem talin eru verða að vera fyrir hendi, til þess að um fullkominn tónlistarskóla sé að ræða. Skólunum er auðvitað alveg í sjálfsvald sett, að þeir hafi námsskrár sínar á annan veg, en eins og hv. ræðumanni mun kunnugt af athugun sinni á 1. gr. frv., er einmitt nauðsynlegt að fylgjast bæði með námsskrám og einnig hvaða skilyrði eru til skólahalds á staðnum til þess að kynna sér það til hlítar, hvort forsenda sé fyrir að veita skólanum viðurkenningu samkv. 1. gr. frv.

Það er rétt að skýra frá því hér, að áður en þetta frv. var samið, var sendur maður til þess að kynna sér skólahald allra tónlistarskóla í landinu, einmitt til þess að hafa til hliðsjónar um það, hvaða reglur eðlilegt væri að setja um skólana, til þess að þeir uppfylltu þær kröfur, sem gerðar eru til þess að kallast í þessu sambandi tónlistarskóli. Ég tel því, að hér sé aðeins um formsatriði að ræða, en ekki það, að það sé verið af hálfu ríkisvaldsins með þessum gr. að taka nokkurn þátt af yfirstjórn skólanna í hendur þess opinbera.

Varðandi svo skilning á því atriði, að gert er ráð fyrir, að styrkur megi nema allt að 1/3, þá er þetta ákvæði ekki orðað með það í huga, að skólarnir séu yfirleitt ekki styrktir að 1/3, yfirleitt ekki styrktir að þessu hámarki, heldur er orðalagið haft þetta rúmt vegna þess, að í 1. gr. frv. er auðvitað ekki hægt að setja ákvæði, sem tryggja það örugglega, að um fyrsta flokks skóla sé að ræða í hverju tilfelli. Jafnvel þó að þeir uppfylli það að hafa einn fastan kennara og svo og svo fullkomnar námsskrár, þá geta verið önnur atriði í kennslu og öðrum starfsháttum skólans, sem leiða til þess, að það verði metið svo, að skólinn sé ekki á sama hátt fyrsta flokks skóli eins og annar hliðstæður skóli annars staðar er. Og þess vegna er höfð þessi heimild til þess að víkja frá þessu marki. En að sjálfsögðu verður það alltaf meginreglan, að skólarnir fái þennan styrk. Og miðað við þann kostnað, sem verið hefur af skólahaldi tónlistarskólanna til þessa, held ég, að sé örugglega hægt að fullyrða það, að þessi styrktilhögun með 1/3, eða réttara sagt 2/3 hluta greidda af opinberu fé, sem skólarnir geta raunverulega gengið út frá að fá, ef þeir uppfylla skilyrði laganna, þá séu settar það styrkar stoðir undir þessa tónlistarskóla miðað við tilkostnað þeirra undanfarin ár, að það ætti ekki að vera neinum vanda bundið að starfrækja skólana með eðlilegum hætti.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram, herra forseti, sem skýringu á þessum atriðum, sem sérstaklega hefur verið rætt um í þessu frv., og hvaða hugsanir hafa legið að baki hjá þeim, sem frv. sömdu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 579,1 felld með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 579,2 felld með 10:8 atkv.
3.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 623).

29. Virkjun Sogsins.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins** [113. mál] (stjfrv., A. 160).

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út s. l. vor, um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins. 1. gr. frv. kveður svo á, að heimilt sé að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi allt að 65 millj. kr. eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast lánið fyrir hönd ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er, hefur verið talið nauðsynlegt að ráðast í þessa framkvæmd, og mun það auka orku Sogsins til verulegra muna, en kostnaður við framkvæmdina er áætlaður um eða yfir 65 millj. kr. Þess vegna voru þessi brbl. út gefin, og þarf ekki nánari skýringar á því. Lán til framkvæmdanna hefur fengizt að nokkru leyti í Svíþjóð, og nokkur hluti þess mun verða af innlendu fé.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 198).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út s. l. vor. Með þeim l. var stjórn Sogsvirkjunarinnar heimilað að taka lán til stækkunar á aflstöðinni á Írafossi allt að 65 millj. kr. og ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lánið.

Eins og kunnugt er, var frá upphafi gert ráð fyrir þessari stækkun, og var nú talið tímabært að hefja þessar framkvæmdir og ganga frá lántöku, svo að verkið tefðist ekki af þeim sökum.

Fjhn. hefur fjallað um málið og varð sammála um að mæla með samþykkt þess, og er því lagt til, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 35. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til staðfestingar á brbl. er komið frá Nd. Brbl. voru gefin út s. l. sumar, vegna þess að það þótti ekki heppilegt að draga það að fá heimild til lántökunnar, þangað til hv. Alþ. kæmi saman. Eins og hv. alþm. sjá, fer frv. fram á að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast 65 millj. kr. lán vegna stækkunar á virkjun Írafoss við Sog. Mál þetta skýrir sig sjálft, og er því ekki þörf á að fara mörgum orðum um það, en málið er komið á það stig, að lántaka hefur fengizt fyrir verkinu, og mun því væntanlega ljúka á þessu ári.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 582).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s. l. sumri, til þess að afla heimildar til lántöku vegna Sogsvirkjunarinnar. Svo sem kunnugt er, þá er ríkissjóður meðeigandi Sogsvirkjunarinnar ásamt Reykjavíkurborg og þar af leiðandi sem slíkur ábyrgur fyrir skuldbindingum virkjunarinnar. En með hliðsjón af þeim framkvæmdum, sem unnið er að í sambandi við stækkun Írafossvirkjunarinnar, var óumflýjanlegt að afla þessarar heimildar til lántöku vegna þeirrar framkvæmdar.

Iðnn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 630).

30. Happdrætti háskólans.

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [217. mál] (stjfrv., A. 453).

Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað samkv. l. frá 1933 og hefur því starfað nú um nær 3 áratugi. Tilgangur þess var fyrst og fremst sá að afla fjár til að reisa byggingu fyrir Háskóla Íslands sjálfan og síðan önnur hús, sem háskólinn og starfsemi hans þyrfti á að halda. Starfsemi happdrættisins hefur síðar verið færð út, og samkv. l. frá 1959 er gert ráð fyrir, að megintilgangurinn sé þessi: að reisa byggingar í þágu skólans, en enn fremur er gert ráð fyrir, að háskólinn taki að sér viðhald bygginga háskólans og happdrættisfé sé einnig varið til að koma á fót og efla rannsóknarstofnanir við hinar ýmsu deildir háskólans og greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Hér kemur einnig til, að háskólinn þarf að verja allmiklu fé í umönnun lóða og garðrækt, en það er allmikið svæði, sem hann nú þegar hefur fengið til umráða, og stækkaði mjög við gjöf Reykjavíkurborgar á 50 ára afmæli háskólans. Þótt háskólinn hafi eignazt myndarlegt hús, eru mörg verkefni fram undan um húsbyggingar. Er nauðsyn til að reisa hús fyrir læknadeild og styðja með fjárframlögum byggingu raunvísindastofnunar. Það þarf að bæta aðstöðu kennara til rannsókna og vinnu. Það þarf að skapa stúdentum stórum bætta aðstöðu, bæði til margvíslegrar félagsstarfsemi, félagslegra iðkana og lestrar og náms. Þannig mætti lengi telja upp hin mikilvægu og kostnaðarsömu verkefni, sem fram undan eru á vegum háskólans og að verulegu leyti er ætlað að fjár sé aflað til með starfsemi happdrættisins.

Háskólaráð hefur nú farið fram á heimild til þess að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, og er meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, að verða við þessari ósk háskólaráðs. Þessi nýi flokkur happdrættismiða verður hliðstæður núv. aðalflokki og númer þá eða miðatala 60 000 — 65 000. Þetta fyrirkomulag er tekið að nokkru eftir erlendri fyrirmynd, sparar til muna vinnu og er aðgengilegt fyrir viðskiptamenn happdrættisins.

Í annan stað er gert ráð fyrir því, að happdrættið megi taka í sínar hendur útsölu hlutamiða. Slíka heimild hefur það ekki haft, en hins vegar tvö happdrættin stóru, sem svo eru kölluð, önnur, sem hér starfa, þ. e. S.Í.B.S. og Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, hafa slíka heimild.

Þetta er meginefni frv., sem hér liggur fyrir, og vænti ég þess, að það fái góðar undirtektir hjá Alþ. Ég legg til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 453, n. 485).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er að heimila Háskóla Íslands að fjölga hlutamiðum í háskólahappdrættinu. Um ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er fram borið, má vísa til grg. frv. og framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. við 1. umr. Það er þó e. t. v. ástæða til þess að skýra aðeins nánar eitt atriði.

Í 1. gr. frv. er talað um heimild til þess að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs, eins og það er orðað í frv., sbr. og grg., þar sem rætt er um það, að þetta nýja fyrirkomulag muni spara til muna vinnu við útdrátt o. fl. Það, sem hér er um að ræða, er, að gert er ráð fyrir því, að það verði gefinn út nýr flokkur, B-flokkur, með númeraröð frá 1, og mundi það þá verða þannig, að ef númer kemur upp með vinning í þeim flokki, sem fyrir er, sem mundi þá framvegis verða kallaður A-flokkur, þá mundi það einnig verða vinningsnúmer í B-flokki. Þannig er það, sem sparnaðurinn við útdráttinn, sem um er talað í grg., kemur fram.

Hv. þdm. munu e. t. v. hafa veitt því athygli, að bæði lagafrv. og nál. hafa verið prentuð upp, en ástæðan til þess er þó ekki sú, að um neina efnisbreytingu sé að ræða, heldur var það eingöngu vegna prentvillu. Í hinu upphaflega þskj. var talað um frv. til l. um stofnun happdrættis á Íslandi, en í l. frá 1933 er það nefnt stofnun happdrættis fyrir Ísland, og var þetta auðvitað leiðrétt.

Fjhn. hefur athugað frv., og eins og nál. á þskj. 485 ber með sér, mælir hún eindregið með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 576).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til meðferðar og rætt það og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Efni frv. er, svo sem kunnugt er, að veita háskólanum heimild til að gefa út nýjan flokk hlutamiða vegna vaxandi tekjuþarfar þeirrar stofnunar sökum þeirra ýmsu nýrra verkefna, sem háskólanum hefur verið falið að inna af hendi. Það hefur slæðzt inn villa í frv. þetta varðandi tilvitnun í lög, og leyfi ég mér því hér að flytja skrifl. brtt. við 1. gr.: „Í stað „l. nr. 14 4. apríl 1954" í 1. mgr. komi: nr. 14 4. apríl 1955, l. nr. 26 24. apríl 1957."
Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla með, að frv. þetta svo breytt verði samþykkt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 595) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 595 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 596).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 631).

---

31. Ríkisábyrgðasjóður.

Á 39. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð [139. mál] (stjfrv., A. 249).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árinu 1961 voru sett lög um ríkisábyrgðir, og á árinu 1962 voru sett lög um ríkisábyrgðasjóð. Þessi lög tvenn eru þegar farin að hafa veruleg áhrif, en eins og kunnugt er, var ríkisábyrgðamálum í rauninni komið í óefni, og þurfti þar gagngerðra endurbóta við. Ástæðurnar til breytinganna eru ýmsar. Í fyrsta lagi er þegar farið að gæta mjög þeirrar breyt., að aðalreglan er sú nú, að ekki er veitt sjálfskuldarábyrgð, heldur einföld ábyrgð, þegar ríkið tekur á sig ábyrgð einhverra lána. Þetta felur í sér þá gerbreytingu, að í stað þess, að með sjálfskuldarábyrgðinni gat lánveitandi, ef vanskil urðu, gengið beint að ríkissjóði og krafið hann um greiðslu án þess að gera tilraun til að krefja sjálfan skuldarann. Með hinni nýju aðferð hinnar einföldu ábyrgðar er nauðsynlegt fyrir lánveitanda eða kröfuhafa að reyna fyrst til þrautar innheimtu hjá skuldara. Síðan ríkisábyrgðalögin tóku gildi hafa því, nema sérstakar heimildir hafi verið til annars, verið veittar einfaldar ábyrgðir í staðinn fyrir sjálfskuldarábyrgðir, og ætla ég, að varðandi þau lán hafi ekki enn komið til þess, að ríkissjóður hafi þurft að greiða vegna vanskila. Hitt er svo augljóst mál, að enn eru í gildi og verða um nokkurra ára skeið margar sjálfskuldarábyrgðir, þar sem kröfuhafinn hefur heimild til að snúa sér beint að ríkissjóði og krefja hann greiðslu án þess að ganga úr skugga um vilja eða getu skuldarans til greiðslu. Þessi breyting, sem ég nú nefndi, er þegar farin að segja til sín, en að fullu gagni verður hún að sjálfsögðu ekki orðin fyrr en eftir nokkur ár.
Í öðru lagi er nú orðið meira aðhald varðandi veitingu ríkisábyrgða. Fjmrn. hefur samið við Seðlabanka Íslands, að hann taki að sér umsjá ríkisábyrgðasjóðs og enn fremur það eftirlit og þann undirbúning, sem ríkisábyrgðalögin gera ráð fyrir. Þegar einhver aðili biður um ríkisábyrgð, lætur Seðlabankinn kanna, hvort rök séu til þess að veita slíka ríkisábyrgð, hverjar tryggingar þurfi að setja. Og þegar ríkisábyrgð hefur verið veitt, þá er það hans verkefni að fylgjast með aðila og reyna í tæka tíð að gera ráðstafanir til þess, að til þess komi ekki, að ábyrgð falli á ríkissjóð.
Það hefur að undanförnu verið gengið í það af hálfu ríkisábyrgðasjóðsins að fá ákveðna samninga og undirrituð skuldabréf til tiltek-

inna ára og með tilteknum vöxtum um greiðslu hinna eldri vanskila, og má segja, að í öllum meginatriðum séu nú þessi mál að komast í fast form.

Ég tel engan vafa á því, að þessar breyt., þessar umbætur, sem gert er ráð fyrir með l. um ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðasjóð, muni hafa mikil áhrif til þess að forða ríkissjóði frá áföllum, án þess þó að draga úr þeirri nauðsynlegu fyrirgreiðslu, sem veita þarf með ríkisábyrgðum oft og einatt til bæði sveitarfélaga og ýmissa aðila, sem vilja koma nauðsynlegum og nytsömum framkvæmdum áfram. Það, sem þetta frv. fer fram á, er, að ríkisstj. sé heimilt fyrir hönd ríkisábyrgðasjóðs að taka allt að 50 millj. kr. innlent lán handa sjóðnum. Það er ljóst, að á s. l. ári og væntanlega á þessu ári geti fjárþarfir ríkisábyrgðasjóðs orðið nokkru meiri en fjárlög gera ráð fyrir, og má þó segja, að mjög sé það í óvissu enn þá, hversu tekst með það hvort tveggja, annars vegar að koma i veg fyrir, að greiðslur falli á ríkissjóð á næstunni, og hins vegar, hversu gengur að innheimta hjá skuldurum það, sem þegar er á fallið. En meðan ríkisábyrgðasjóður er að komast yfir örðugasta hjallann í þessu efni, er nauðsynlegt, að hann fái nokkurt lán í þessu skyni, og fer þetta frv. fram á, að skýlaus heimild sé til þess veitt. Hins vegar benda allar líkur til þess, að áður en langt um líður, þá muni þessi mál taka verulegum stakkaskiptum og þau fjárframlög, sem ríkissjóður þarf að inna af hendi, eða nauðsyn á lántökum í þessu skyni verði miklu minni en nú er.

Ég vænti þess, að þetta atriði, að veita ríkisábyrgðasjóðnum formlega heimild til nokkurrar lántöku í bili, þurfi ekki að valda neinum ágreiningi hér á Alþingi.

Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 428).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með l. um ríkisábyrgðasjóð frá síðasta ári var stefnt að því að koma þeim málum í fastara kerfi og reyna að leggja grundvöll að því, að draga mætti úr þeim miklu vanskilum, sem væru á ríkisábyrgðalánum. Þá var m. a. ákveðið samkv. þeim l., að allar áfallnar ríkisábyrgðir skyldu teknar til athugunar og samningar gerðir við viðkomandi aðila, eftir að athugað hefði verið, hvort þeir mundu vera þess umkomnir að standa undir þeim skuldbindingum, og ef svo var ekki, þá var gefinn eftir hluti af kröfunum, en að svo miklu leyti sem talið var fært að greiða þessar áföllnu kröfur, hefur Seðlabankinn að undanförnu unnið að því að koma þessum málum i það horf, að gengið yrði frá nýjum samningum og nýjum skuldabréfum, þar sem miðað væri við, að viðkomandi aðilar gætu risið undir greiðslum samkv. þessum nýju samþykktum. Með l. er einnig gert ráð fyrir, að strangari reglur séu hér eftir settar um ríkisábyrgðir, þannig að ætla má að öðru óbreyttu, að það séu minni líkur til þess í næstu framtíð, að veruleg áföll verði af hinum nýju ábyrgðum, og auk þess er þess að geta, að vegna mjög hagstæðrar afkomu má gera ráð fyrir, að þeir aðilar, sem ríkisábyrgðir hafa fengið, hafi margir hverjir mun betri aðstöðu til að standa í skilum.

Í fjárl. ársins í ár er gert ráð fyrir, að lagðar séu 38 millj. kr. til ríkisábyrgðasjóðs sem framlag til þess að mæta þeim kröfum, sem kunna að falla á sjóðinn. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að sjóðnum verði heimilað að taka 50 millj. kr. lán. Ástæðan til, að þessi leið er farin í stað þess að hækka framlag ríkissjóðs, byggist á því, að gert er ráð fyrir, eins og í upphafi sagði, að innan tíðar fari skuldbindingar sjóðsins minnkandi og það verði minna, sem hann þarf úti að láta vegna vanskila, og af þeim sökum sé ekki eðlilegt að fara að hækka þá beinu fjárveitingu, sem nú er til sjóðsins, heldur sé hægt að reikna með, að hann geti risið undir slíku láni, sem tekið yrði til að mæta kröfunum nú þessi fyrstu ár.

Fjhn. hefur athugað frv. og fellst fyrir sitt leyti á það sjónarmið, sem í því kemur fram, hvað sem líður skoðunum manna að öðru leyti um l. um ríkisábyrgðir. En n. mælir einróma með því, að þessi heimild verði veitt til lántöku fyrir sjóðinn, sem frv. fjallar um.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. fjhn. með fyrirvara. Ég tel við eiga að gera með nokkrum orðum grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði undir með fyrirvara. Ástæðan er sú, að ég tel ekki, að fram hafi komið, svo sem vera ætti, ýtarlegur rökstuðningur fyrir því, að sú 50 millj. kr. heimild, sem ríkisstj. biður um með frv. þessu til lántöku handa ríkisábyrgðasjóði, sé nauðsynleg eða eðlileg í alla staði. Í grg. frv. eru alls ekki færðar sönnur á lántökuþörf sjóðsins. Þar segir að vísu, að allar líkur bendi til, að ríkisábyrgðasjóður þurfi á talsverðu fé að halda á næstunni, en enginn reikningur fylgir fyrir liðið ár eða töluleg áætlun um þetta ár eða næstu ár, aðeins að líkur bendi til þessarar þarfar.

Við hv. 5. þm. Norðurl. e. báðum þess vegna um tölulegar upplýsingar í fjhn. um hag og horfur þessa útibús ríkissjóðs, sem ríkisábyrgðasjóðurinn er. Hann er útibú frá ríkissjóði. Hv. form. n. tók vel undir þessa málaleitun okkar, eins og hans var von og vísa, og fór á stúfana til að útvega upplýsingarnar, og eftir tæpar 5 vikur kom svo form. með skrá yfir, hvað greitt hefur verið 1962 vegna ríkisábyrgða og hvað upp í þetta hefur komið inn í sjóðinn. Skrá þessi er gefin út af ríkisbókhaldinu, svo að ekki virðist reikningshaldið hafa komizt til banka á því ári, þó að gert væri ráð fyrir því við setningu l. um ríkisábyrgðasjóð, að

hann yrði rekinn í banka. Og þótti það góð ráðstöfun af heilbrigðisástæðum þessara mála.

Samkv. skránni eru greiddar ábyrgðir árið 1962 rúmlega 113 millj. kr., en innborganir frá lántakendum þar upp í rúmlega 5 millj., eða 108 millj. munur. Upp í þann mun kemur ríkisábyrgðagjald frá nýjum lántakendum, eins og sjóðurinn á að taka, 1 millj. 755 þús., og svo verðhækkunartekjur vegna gengisfellingarinnar góðu 1961 23 millj. 665 þús. kr., og svo er fjárveitingin samkv. fjárl. 1962 38 millj. kr. úr ríkissjóðnum. Munurinn í sjóðnum, mismunurinn, er því 44 millj. og 698 þús., þ. e. halli.

Margt er vitanlega í þessari skrá forvitnilegt. Þar eru fyrirtæki með margra millj. kr. ábyrgðaráföll, en ég skal ekki fara mörgum orðum um þá hliðina, mér þykir ekki viðeigandi að tala þar um einstaka aðila, hvorki einstaka menn né fyrirtæki. Ég tel óviðeigandi að gera þau þannig að umræðuefni.

Hins vegar vildi ég leyfa mér að spyrja um tvær upphæðir, sem ekki ætti að vera neitt óþægilegt persónulega fyrir nokkurn, þótt spurt sé um. Og þá er fyrri spurningin: Hvaða Marshall-lán er það, sem ríkisábyrgðasjóður hefur greitt með rúml. 5 millj.? Það er fyrri spurningin. Og svo: Hvers konar lán eru það, sem hafa fallið á ríkisábyrgðasjóð fyrir raforkusjóð, nálega 30 millj. samtals?

Mér er spurn: Er verið að fara fram hjá ríkissjóði í bili með áföll af þessum fjárhæðum, fresta því, sem fram á að koma? Eða er það beint samkv. hlutverki sjóðsins, eins og l. hljóða, að greiða þessar upphæðir? Eru þær þess eðlis?

Ég gat þess áðan, að yfirlit um út- og innborganir ríkisábyrgðasjóðs 1962 hefði sýnt rúml. 44 millj. kr. halla fyrir árið 1962, og nú vil ég leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Hvar voru þessar 44 millj. fengnar að láni handa sjóðnum? Einhvers staðar standa þær sem skuld sjóðsins. Voru þær skuld við ríkissjóðinn, og á lánsheimildarupphæðin, sem beðið er um, að verða til þess, að hægt sé að kvitta þessa skuld? Um þetta var spurt í fjhn., en þar fengust ekki svör. En fulltrúar ríkisstj. töldu, að réttara væri þá að spyrja um þetta undir umr. heldur en fara að tefja afgreiðslu n. með annarri sendiferð, sem mátti hugsa sér að gæti tekið nokkurn tíma.

3. gr. l. um ríkisábyrgðasjóð er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekjur ríkisábyrgðasjóðs eru:

1. Áhættugjald fyrir ríkisábyrgðir samkv. 4. gr. l. nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það er goldið verður eftir gildistöku l. þessara.

2. Fé það, sem endurgreiðist samkv. kröfum þeim, sem greinir í 3. tölul. 2. gr., svo og fé, sem greiðist upp í kröfur ríkisábyrgðasjóðs samkv. 2. mgr. 4. gr.

3. Framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni, eftir því sem sjóðurinn þarf á að halda".

Svo er tekið fram í 4. gr., að sjóðurinn taki að sér áfallnar ábyrgðir allt frá 1. jan. 1961. Sem sagt, það á að byggja hann upp, skilst mér, fyrir þennan tíma aftur til 1. jan. 1961. Það eru því tvö ár, sem hér er um að ræða fyrir sjóðinn. Og upplýsingar lágu fyrir í n., að því er snertir seinna árið, 1962.

Ljóst er af þeirri gr., 3. gr., sem ég las upp áðan úr l. sjóðsins, að gert er ráð fyrir, að á fjárl. hverju sinni sé sjóðnum ætlað það fé, sem þarf til að jafna halla hans. Á árinu 1961 voru á fjárl. ætlaðar 38 millj. til þess að mæta ríkisábyrgðatöpum, árið 1962 jafnhá upphæð, og enn 1963 er jafnhá fjárhæð. Fjárhæðin hefur ekki verið hækkuð, og gæti það náttúrlega verið umræðuefni, hvers vegna hún hefur ekki verið hækkuð, ef fjárþörfin fer vaxandi, og þar sem það væri líka í samræmi við hækkandi fjárl. að öðru leyti. Það sýnist a. m. k. ekki fjarstæðukennt, þó að hún hækkaði í samræmi við umsetningu ríkissjóðs.

En svo kemur það líka til greina, að fjárveitingin samkv. fjárl. 1961 hefur ekki verið notuð. Hvers vegna var hún ekki notuð? Var það máske ekki gert, til þess að hægt væri að sýna á yfirborðinu betri útkomu hjá ríkissjóði? Mér virðist m. ö. o., að 38 millj. kr. standi inni hjá ríkissjóði sem skuld hans við ríkisábyrgðasjóð, og mér virðist því, að greiðsluafgangurinn, sem talið var að væri, ef ég man rétt, 57 millj. fyrir árið 1961, hafi í raun og veru verið 38 millj. kr. minni, þar sem þetta var vangoldið af fjárveitingu til ríkisábyrgðasjóðs af fjárveitingu upp í ábyrgðir, sem féllu á ríkissjóðinn og ríkisábyrgðasjóður átti að taka á móti, þegar búið var að setja honum lög og ákveða honum þau verkefni, sem honum voru ætluð fyrir 1961 og 1962. Það er augljóst, að ef þessar 38 millj., sem ráðstafað var á fjárl. 1961, hefðu verið teknar til síns rétta brúks, þá hefði verið lítill halli á ríkisábyrgðasjóði nú, eða aðeins munurinn á 44 millj. og 38 millj. Lántökuþörfin er þess vegna þeim mun minni. Er það ekki rétt skilið, hæstv. fjmrh., að ríkisábyrgðasjóður eigi inni hjá ríkissjóði þessar 38 millj. frá 1961?

Eins og hv. frsm. n. gat um áðan, hefur Seðlabankanum verið falið að semja um endurgreiðslu áfallinna ábyrgða fyrir ríkissjóð. Sjálfsagt er hann nú búinn að ganga frá miklu af þeim samningum, a. m. k. eru liðnir þeir eindagar, er hann setti til samningagerðarinnar. Frá Seðlabankanum tel ég, að hefði átt að liggja fyrir hjá fjhn. skýrsla um, hvaða endurgreiðslna mætti vænta til tekna fyrir ríkisábyrgðasjóð á þessu ári og næstu árum. Í stuttu máli: Það hefði átt að fylgja þessu frv. til n. áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins, a. m. k. fyrir árið 1963. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. fjmrh. annaðhvort að leggja fram hér við þessa umr. slíka áætlun eða láta fjhn. hana í té milli 2. og 3. umr.

E. t. v. spyr nú einhver stjórnarsinni eða jafnvel hæstv. fjmrh. sjálfur: Hvað gerir það til, þótt lántökuheimild þessi sé veitt? Hún verður ekki notuð, nema hennar þurfi með. — En frá mínu sjónarmiði er engin trygging fyrir því, að þetta verði þannig, að hún verði ekki

notuð, þó að hægt væri að komast af án hennar. Hæstv. ríkisstj. virðist einmitt gefin fyrir að taka lán og skjóta skilum hjá ríkissjóði á frest með því að taka t. d. lán vegna þess, sem ég kalla útibú ríkissjóðs. Það sýnir dæmið, sem ég nefndi, um 38 millj. kr. fjárveitinguna 1961. Ríkissjóður gat vel innt hana af hendi til ríkisábyrgðasjóðs. Hann þurfti ekki að taka lán hjá sjóðnum. En þá hefði vitanlega greiðsluafgangurinn orðið minni. Ég tel einnig, að lántaka, sem átti sér stað fyrir ríkissjóð hjá atvinnuleysistryggingasjóði 1962, sanni þetta, og fleira gæti ég nefnt.

Það er af þessum ástæðum, sem ég hef minnzt á, sem ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og óska nú rökstuðnings, að lántökunnar sé þörf. Vitanlega er ég ekki mótfallinn því, að lán sé tekið, ef þess þarf með, og þess vegna skrifaði ég undir nál., en hafði þó fyrirvara á.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með lögum frá síðasta Alþ. var ákveðið að stofna ríkisábyrgðasjóð. Skyldi hann taka við öllum kröfum, sem ríkissjóður hafði eignazt vegna vanskila á ríkisábyrgðalánum, og hafa framvegis með höndum umsjón með ríkisábyrgðalánum. Það var ætlunin, að með þessu kæmist betri skipan og meiri regla á þessi mál heldur en verið hefur áður, og jafnframt, að banka yrði falin umsjón sjóðsins. Sá banki skyldi sumpart vera fjmrn. til aðstoðar og ráðuneytis varðandi umsóknir um nýjar ríkisábyrgðir, hvort þær skyldu veittar og hverra trygginga skyldi krafizt, í öðru lagi hafa eftirlit með því, að staðið væri í skilum, og ganga eftir því, að skuldunautar greiddu tilskilda vexti og afborganir á réttum tímum.

Eftir að l. höfðu verið samþ., hófust viðræður við Seðlabanka Íslands um það, að hann tæki að sér ríkisábyrgðasjóðinn, vörzlu hans og umsjón, og á s. l. hausti var svo gerður samningur milli ríkissjóðs og Seðlabankans um þetta efni. Síðan hefur verið unnið að því, sumpart að afhenda ríkisábyrgðasjóði í vörzlu Seðlabankans umræddar kröfur, og jafnframt hefur Seðlabankinn lagt í það mjög mikla vinnu að athuga hverja einstaka vanskilaskuld og kröfu, kanna það, hvort skuldunautar gætu gert skil og með hverjum hætti, og vinna að samningum við þá um skil. Þetta hefur að sjálfsögðu verið og er gífurlega mikið starf og er ekki lokið enn.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. spyr, hvers vegna reikningur ríkisábyrgðasjóðs fylgi ekki þessu frv. Því er til að svara, að slíkur reikningur er að sjálfsögðu ekki til, þar sem ekki er enn búið að fara yfir allar þessar kröfur og ganga frá samningum við nærri alla aðila. Strax þegar búið er að ganga frá samningum, verður auðvitað saminn reikningur sjóðsins og birtur. Hins vegar er það hér eins og oftar, að þegar núv. ríkisstj. er að vinna að því að hreinsa til og reyna að lagfæra eitthvað af þeirri óreiðu, sem myndazt hefur og skapazt á undanförnum árum og áratugum, ekki sízt af völdum Framsfl., þá eru málsvarar þess flokks mjög undrandi yfir því, að stjórnin skuli ekki þegar búin að kippa í lag allri óreiðunni, sem Framsfl. hefur borið mesta ábyrgð á. En ég vil fullvissa þennan hv. þm. um það annars vegar, að óreiðan og vanskilin voru það mikil, að það tekur töluverðan tíma að kippa því í lag, en jafnframt, að það verður unnið að því með þeim hraða og atorku, sem unnt er. Hins vegar þarf hv. þm. ekki að kvarta yfir því, að hann hafi ekki þær upplýsingar, sem á þarf að halda. M. a. má benda á það, að í ríkisreikningi fyrir 1961, sem samþ. hefur verið og lögfestur hér á Alþ., er skýrsla um allar ábyrgðir ríkissjóðs í árslok 1961, sem telur hvorki meira né minna en um 40 blaðsíður, frá bls. 180—219, og er það sundurliðun á hverri einustu ábyrgð. Auk þess var að sjálfsögðu orðið við beiðni hv. þm. um það að láta fjhn. í té skýrslu yfir allar áfallnar ábyrgðir á árinu 1962. En þessu til viðbótar óskar svo hv. þm. eftir — og virðist fremur undrandi á því, að ekki skuli lögð fram áætlun, töluleg áætlun um afkomu ríkisábyrgðasjóðs þetta ár og hin næstu ár.

Afkoma ríkisábyrgðasjóðs er auðvitað ákaflega óviss samkv. eðli málsins, og það gegnir nokkurri furðu, að hv. þm. skuli ætlast til þess, að gerð sé áætlun mörg ár fram í tímann, hver kunni að verða vanskil á næstu árum á lánum þeim, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Vitanlega veltur þetta á afkomu atvinnulífsins í heild, það veltur á aflabrögðum, það veltur á markaðsverði, markaðsástandi o. s. frv.

Við skulum taka dæmi um togaraútgerðina, sem mjög hefur barizt í bökkum nú um nokkurra ára skeið. Töluvert af þeim ríkisábyrgðum, sem á hafa fallið hin síðustu ár, stafar af erfiðleikum togaraútgerðarinnar. Mér er spurn: Hvernig á að fara að spá því nú og setja upp tölulega áætlun, sem lögð yrði fyrir Alþ., um það, hver verði afkoma togaranna á næstu árum og hvort þeir muni geta staðið að fullu í skilum með lán sín eða ekki? Það veltur auðvitað að verulegu leyti á atvikum, sem við ráðum ekki yfir og getum ekki séð fyrir, svo sem aflabrögðum. Auðvitað er hægt að setja upp einhverja ágizkunaráætlun, en hún hlyti að sjálfsögðu af þeim ástæðum, sem ég hef getið, að vera svo ónákvæm og í rauninni út í loftið, að á henni yrði ákaflega lítið byggjandi.

Það er auðvitað sjálfsagt og gott og gagnlegt að gera áætlanir fram í tímann, eftir því sem föng eru á, og ætla ég, að núv. ríkisstj. hafi lagt og látið leggja í það meiri vinnu en aðrar ríkisstj. að gera slíkar áætlanir um framkvæmdir og afkomu þjóðarbúsins. En það sér hver maður, sem vill athuga það með nokkurri gaumgæfni, að ríkisábyrgðir eru með þeim hætti og hugsanleg eða væntanleg vanskil, að það er næsta ógerlegt að gera áætlanir um það mörg ár fram í tímann, hvort þessi og þessi aðilinn muni standa í skilum eða ekki.

Hv. þm. bar fram tvær fsp. um það, hvaða tiltekin lán það væru, annars vegar Marshall-

lán, hins vegar úr raforkusjóði, sem fallið hefðu á ríkissjóð eða ríkisábyrgðasjóð á s. l. ári. Mér þykir leitt, að hv. þm. skyldi ekki láta mig vita af þessari fsp. áður, þannig að ég gæti haft þau gögn við höndina, hvaða tilteknu lán þetta væru. En að sjálfsögðu er það skylt, ef hann óskar þess, að gefa þær upplýsingar þá við 3. umr. En sem sagt, þau gögn hef ég ekki við höndina hér.

Hv. þm. segir, að fjárveiting, 38 millj. í fjárl. fyrir 1961 til ríkisábyrgðasjóðs eða vegna áfallinna ríkisábyrgða, hafi ekki verið notuð, það sé vangoldið, og þessar 38 millj. standi því inni í ríkissjóði og að greiðsluafgangur sé því þessum 38 millj. minni árið 1961. Þetta er að sjálfsögðu alger misskilningur, og hv. þm. ætti að vita það sjálfur. Árið 1961 þurfti ríkisábyrgðasjóður ekki á þessari fjárveitingu að halda. Eins og kunnugt er, var það ákveðið með l., að hluti af gengishagnaði við gengisbreyt. í ágúst 1961 skyldi renna til ríkisábyrgðasjóðs til þess að standa að nokkru undir áföllnum ríkisábyrgðum, sem eru yfirleitt vegna atvinnuveganna. Og við uppgjör fyrir árið 1961 kom í ljós, að tekjur ríkisábyrgðasjóðs nægðu til þess að standa undir áföllnum ábyrgðum, án þess að 38 millj., sem ætlaðar voru samkv. fjárl., yrðu notaðar. Þess vegna voru þær ekki greiddar og verða að sjálfsögðu ekki greiddar. Og það er alger misskilningur, að hér sé um eitthvert vangoldið fé að ræða eða það standi í ríkissjóði. Auk þess er búið að leggja fyrir Alþ. og afgreiða sem lög ríkisreikninginn fyrir árið 1961, þar sem þetta er staðfest, að þessar 38 millj. skyldu ekki greiddar af hendi, vegna þess að þess var ekki þörf. Þessi hv. þm., 1. þm. Norðurl. e., fjallaði sjálfur í hv. fjhn. um ríkisreikninginn og hafði enga aths. við þetta að gera, og er því næsta furðulegt, að hann skuli nú koma, eftir að hann hefur sjálfur staðið að þessari afgreiðslu, og telja, að ríkisreikningurinn 1961 sé rangur að þessu leyti. Það er auðvitað fjarstæða ein.

Þá spyr hv. þm., hver sé þörf á því að fá þessa 50 millj. kr. lántökuheimild fyrir ríkisábyrgðasjóð. Í rauninni svaraði hann sér sjálfur. Hann skýrði frá því, að í upplýsingum frá ríkisbókhaldinu hefði það komið fram, að á árinu 1962 vantaði rúmar 40 millj. á það, að ríkisábyrgðasjóður hefði nægilegt fé til þess að standa undir ríkisábyrgðum áföllnum það ár, þrátt fyrir það að fjárlagaupphæðin, 38 millj., fyrir 1962 væri innt af höndum og hlutinn af gengishagnaði notaður að fullu. Og vitanlega er þessi lántökuheimild m. a. miðuð við það, að tekið verði lán til nokkurra ára, ekki langs tíma, til þess að jafna þennan halla á sjóðnum á s. l. ári. Hér er um að ræða bráðabirgðaskuld sjóðsins, og ætti hann að fá með þessu frv. formlega heimild til þess að fá lán til nokkurra ára til að jafna þennan mismun.

Hv. þm. segir, að ríkisstj. sé með þessu að skjóta á frest skilum hjá ríkissjóði. Ég skil nú satt að segja ekki þessi ummæli, því að öll miðar þessi starfsemi og hin nýja löggjöf um ríkisábyrgðir og um ríkisábyrgðasjóð einmitt að því að reyna að koma á skilum eða koma þessum málum í full skil og hverfa sem mest frá vanskilastefnunni, sem verið hefur leynt og ljóst stefna Framsfl. í þessum málum.

Og þetta er ákaflega auðvelt að rökstyðja, því að sumir málsvarar Framsfl., m. a. núv. formaður hans, hafa lýst því yfir beinlínis á Alþ., að oft og tíðum hafi verið veittar ríkisábyrgðir vegna lána vitandi vits um það, að ekki mundi verða staðið í skilum, þetta væri form, sem Framsfl. hefði viljað nota til þess að styðja eða koma á fót ýmsum nauðsynlegum fyrirtækjum og framkvæmdum.

Við höfum oft lýst því yfir af hendi núv. ríkisstj. og stjórnarflokka, að frá þessari stefnu viljum við hverfa. Ríkisábyrgðir er sjálfsagt og nauðsynlegt að veita í mörgum greinum til þess að koma á fót og aðstoða þjóðnytjafyrirtæki, og ekki sízt ýmislegt, sem gera þarf fyrir hinar strjálu byggðir landsins. En stuðningur við slík nauðsynleg mannvirki eða fyrirtæki á auðvitað að vera byggðar á traustum grundvelli, sumpart á beinum styrkjum, ef til þess þarf, og sumpart á ríkisábyrgðum á lánum, sem líkur eru til að viðkomandi aðili geti staðið undir. Hitt er auðvitað vansæmandi og í rauninni siðspillandi í fjármála- og efnahagslífi þjóðar, að veita ríkisábyrgðir á lánum, þar sem bæði skuldari og ábyrgðaraðili vita það eða gera ráð fyrir því, að allt lendi í bullandi vanskilum. Löggjöfin um ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðasjóð og allt það mikla starf, sem lagt hefur verið fram varðandi þetta mál, miðar að því að hverfa frá vanskilastefnu Framsfl. og inn á heilbrigðar brautir í fjárhags- og efnahagsmálum.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. afsakaði það, að ekki hefðu legið fyrir skýrir reikningar um ríkisábyrgðasjóð, með því, að ekki hefði unnizt tími til að gera þá reikninga. Þetta getur náttúrlega verið góð afsökun út af fyrir sig. En ég verð að segja það, að hún er þó ekki í fullu samræmi við þær yfirlýsingar, sem sami hæstv. ráðh. hefur gefið oft og einatt hér á Alþ., að reikningum skuli hraðað og þeir skuli liggja fyrir strax að árum loknum. En afsökunina er nú vert að taka gilda. Hins vegar er ekki fært að afsaka það, að ekki skuli liggja fyrir neinar tölulegar áætlanir í þessu sambandi. Hæstv. ráðh. sagði, að þær væri erfitt að gera, en vitanlega væri þó hægt að gera þær, það varð hann að viðurkenna.

Hæstv. ráðh. svaraði ekki þeim fsp. mínum um tvo útgjaldaliði, sem eru á yfirlitinu um ríkisábyrgðasjóð 1962 og ég bað um skýringar á. Mér finnst afar eðlilegt, að hann hefði ekki getað gefið þær upplýsingar nú, sem um var beðið, og mér þykir ágætt, að þær komi fram, annaðhvort til n. eða við 3. umr.

Þá lagði ráðh. ákaflega mikla áherzlu á það

frá upphafi til niðurlags í ræðu sinni, að nú væri verið að ráða bót á óreiðu, sem Framsfl. hefði átt mikla sök á í þessum málum. En óreiðan að því er ríkissjóðinn snertir í þessum efnum var ekki meiri en það, að jafnan voru árlega greiddar allar þær ríkisábyrgðir, sem féllu á ríkissjóð, þær voru greiddar jafnharðan, og það er sú hlið málanna, sem hér er til umr. Ég hef gert aths. við það, að nú eigi að skjóta á frest skilum hjá ríkissjóði á ábyrgðum, sem á falla. Hitt er svo annað mál og önnur hlið þessara mála, hvernig viðskipti ríkisins eru við þá, sem það veitir ábyrgðir. Um það greinir okkur dálítið á, mig og hæstv. ráðh., í orði. Ég er ekki viss um, hvort það er á borði. Ég tel, að ríkið eigi að styðja þá viðleitni í landinu, sem horfir til atvinnuaukningar og hagsbóta, þegar þess er þörf, og það eigi að gera það með sanngirni og ekki hafa í því sambandi endilega bankasjónarmið. En um þetta höfum við rætt áður. Það er þetta, sem hæstv. fjmrh. talar um sem óreiðusjónarmið. Ég er aftur að tala um það, að ég telji, að ríkissjóður eigi jafnharðan að greiða þau skuldatöp, sem á hann falla vegna ábyrgðarinnar, en ekki skjóta því til framtíðarinnar, og þá vil ég halda því fram, að það sé óreiðusjónarmiðið, sem hæstv. ráðh. hefur þar.

Ég gat þess og ráðh. viðurkenndi það, að sú fjárveiting, sem á fjárlögum var til að mæta ábyrgðartöpum 1961, hefði ekki verið innt af höndum. Hann taldi það afar eðlilegt, vegna þess að ráðstafað hafi verið verðhækkunarágóða af gengisfellingunni 1961 til þess að mæta slíkum töpum. En ég lít svo á, að þó að fé því væri þannig ráðstafað, þá átti það ekki að leysa ríkissjóðinn undan því að inna af hendi þá fjárveitingu í þessu skyni, sem búið er að ákveða til þessara hluta. Ég lít svo á, að ráðstöfun gengishagnaðarins hafi verið miðuð við að mæta í framtíðinni þeim töpum, sem þannig yrðu til, og þess vegna hefði hæstv. fjmrh. átt aðeins að taka af því fé það, sem vantaði á, að fjárlögin kvittuðu áfallin töp 1961. Og þess vegna lít ég svo á, að í raun og veru eigi ríkisábyrgðasjóður þetta inni hjá ríkissjóði, og þetta sé einn vottur þess, að verið sé að reyna að láta þetta útíbú ríkissjóðsins koma sem minnst við ríkissjóðinn. Og ég held mig við það, að þessi ráðstöfun hafi beinlínis verið gerð 1961 til þess að fá álitlegri niðurstöðu á ríkisreikningnum til þess að hæla sér af, eins og vissulega var gert þá fullkomlega.

Ég tel of mikið bera á því hjá hæstv. ríkisstj., að hún vilji skjóta á frest skilum frá ríkissjóði. Ég minnist þess ekki, að lánsheimildir handa ríkissjóði hafi verið fengnar áður til þeirra verkefna, sem nú hafa verið fengnar lánsheimildir fyrir. Það var fengin lánsheimild til að leggja Keflavíkurveg. Það var ekki ágreiningsmál að vísu. En það hefur líka verið fengin lánsheimild til þess að standa straum af byggingarkostnaði menntaskóla og kennaraskóla og hjúkrunarkvennaskóla, 28 millj. Það hefur verið fengin heimild til þess að taka lán til lögreglustöðvarbyggingar, 14 millj. kr., og til byggingar ríkisspítala. Þetta eru fyrirtæki, sem skila ekki neinu til baka í ríkissjóð beint. Það er aðeins verið að skjóta á frest að inna skyldur ríkissjóðs af hendi til þessara fyrirtækja. Ég minnist ekki, að slík stefna hafi verið gildandi áður.

Það má geta þess, að rekstrarhalli hjá rafveitunum, 88 millj. kr., hefur ekki verið greiddur, að hjá skipaútgerðinni er skuld, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, 3½ millj. kr., og svo er lántakan hjá atvinnuleysistryggingasjóði, beinlínis lántaka vegna rekstrar ríkissjóðs. Það er þetta, sem ég tel athugavert — mjög athugavert. Ég kalla það ekki beinlínis óreiðu, en þó hefði verið réttmætt að svara hæstv. fjmrh. með því, að þetta benti frekar til óreiðustefnu heldur en það, sem hann var að tala um til ámælis Framsfl. Og ég vildi, að það kæmi skýrt í ljós, að það væri ekki angi af þessari stefnu, sem lægi í því að biðja um 50 millj. kr. lántökuheimild handa ríkisábyrgðasjóði. Hann hefði áreiðanlega ekki þurft á þessari heimild að halda, ef 38 millj. kr. hefðu komið inn, eins og vera bar. Og það er áreiðanlegt, að löggjafinn, þegar hann ákvað, að gengishagnaðurinn ætti í framtíðinni að mæta ábyrgðartöpum, ætlaðist ekki til þess, að það tæki af ríkissjóði skylduna til að inna af hendi móti þessum töpum það, sem búið var þegar að ákvarða til þess á fjárlögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 2. umr. óskaði hv. 1. þm. Norðurl. e. eftir nánari upplýsingum um tvö atriði í skránni um áfallnar ríkisábyrgðir á árinu 1962. Í samræmi við þá ósk hefur verið samið svar eða upplýsingar út af þessum fyrirspurnum og hafa þær verið afhentar hv. fjvn., og mun hv. fyrirspyrjandi hafa fengið þau svör.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og afgreitt þaðan óbreytt. Efni þess er að gera þann viðauka við lögin frá 1962 um ríkisábyrgðasjóð að heimila ríkisstj. fyrir hönd sjóðsins að taka allt að 50 millj. kr. innlent lán handa sjóðn-

um. Málavextir eru þeir, að á s. l. ári voru samþykkt lög um stofnun ríkisábyrgðasjóðs. Ætlunin var sú að losa ríkisábyrgðirnar úr beinum tengslum við sjálfan ríkissjóðinn og fá banka þennan sjóð til umsjár og vörzlu. Nokkru eftir að l. voru sett, var samið við Seðlabanka Íslands um, að hann tæki að sér vörzlu sjóðsins, og hefur hann þegar lagt í það mikla vinnu að fá yfirlit um þær ríkisábyrgðir, sem á ríkissjóð hafa fallið á undanförnum árum, og leitað eftir samningum við skuldara um það, með hverjum hætti þeir gætu endurgreitt lánin. Auk þess hefur svo Seðlabanka Íslands verið falið samkv. l. um ríkisábyrgðir að vera fjmrn. til ráðuneytis um umsóknir um ríkisábyrgðir, og eru þessi mál nú óðum að komast í fast horf.

Það er ljóst, að nú á þessu ári og e. t. v. því næsta muni fjárþörf ríkisábyrgðasjóðs vera allmikil og væntanlega á þessu ári eins og síðasta nokkru meiri en tekjur hans eru, og er þá meðtalið framlag það, sem áætlað er í fjárlögum fyrir 1962 og 1963. Hins vegar er það von manna, að síðan breytist þetta fljótlega þannig, er áhrif þessara ráðstafana og hinna tveggja laga um ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðasjóð fari að koma í ljós, að meira aðhald verði, ekki aðeins um nýjar ábyrgðir, heldur komist einnig fastara horf varðandi eldri ábyrgðir, þannig að síður falli þær á ríkissjóð, og enn fremur, að fylgt verði af bankans hendi eftir, eins og föng eru á, að þegar aðilar hafa samið við ríkisábyrgðasjóðinn, þá verði við þær skuldbindingar staðið. Þá er enginn vafi á því, að breytingin frá sjálfskuldarábyrgð til einfaldrar ábyrgðar er þegar farin að hafa veruleg áhrif og mun þó í enn ríkara mæli síðar.

Það er því ljóst, að ríkisábyrgðasjóður þarf á nokkru fé að halda umfram þær tekjur, sem honum eru ætlaðar nú í ár og væntanlega á næsta ári, og til þess að afla honum þess fjár er gert ráð fyrir að heimila honum að taka það lán, sem hér greinir. Hins vegar er ætlazt til þess, að það lán verði til skamms tíma og eins og ég gat um verði sjóðurinn innan skamms orðinn þess megnugur að standa með sínum eðlilegu og venjulegu tekjum undir þeim gjöldum, sem á hann falla.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr. um heimild fyrir ríkisábyrgðasjóð til þess að taka lán allt að 50 millj. kr., gefur mér ástæðu til að rifja nokkuð upp þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í fjármálum á þessu kjörtímabili, sem nú er senn liðið.

Allt frá því að núv. stjórnarflokkar fóru að stjórna fjármálum ríkisins, hafa fjárlög hækkað um hartnær 150%. Þrátt fyrir það hefur núv. ríkisstj. gert sér far um að fara ýmsar aðrar leiðir til þess að leyna því, hve útgjöldin raunverulega hafa hækkað og álögur á þjóðina í heild. T. d. er nú svo komið, að á þessum háu fjárlögum er pósti og síma ekki ætluð nein greiðsla frá ríkisins hendi, eins og áður var, en þessu er mætt með því að hækka þjónustugjöld þessara stofnana um 80% eða allt að því. Sömu sögu er að segja um ríkisskip. Úr útgjöldum til þeirra hefur dregið mjög á fjárl. á síðari árum, en hins vegar hefur stofnunin verið látin hækka sín þjónustugjöld um svipaða upphæð og póstur og sími. Einnig á þetta sér stað með rafmagnsveitur ríkisins. Þær hafa verið látnar hækka sín þjónustugjöld á kjörtímabili núv. ríkisstj. um allt að 70% og sjúkrahúsin um 60%. Á öllum sviðum hefur því hæstv. ríkisstj. fylgt því að auka álögur á þjóðina í heild og reyna að koma útgjöldum fyrir á annan hátt en fjárlög sýna.

Til viðbótar því, sem ég hef hér sagt um þetta, vil ég minna á það, að ýmsar ríkisstofnanir hafa á þessu tímabili verið látnar stofna til skulda vegna rekstrarins, svo sem rafmagnsveitur ríkisins. Það lá fyrir við fjárlagaafgreiðslu um síðustu áramót, að rekstrarhalli þeirra mundi vera orðinn um 88 millj. kr., og gert er ráð fyrir 30 millj. kr. rekstrarhalla á yfirstandandi ári, svo að hér er um hartnær 120 millj. kr. fjárhæð að ræða í lok þessa árs, sem verður samansafnaður rekstrarhalli rafveitnanna. Við uppgjör ríkisins 1961 var lagt til hliðar 3.5 millj. kr. af halla Skipaútgerðar ríkisins það ár. Það var ekki fært á ríkisreikninginn, þó að það lægi þá fyrir sem staðreynd. Þetta var geymt til ársins 1962, og er mér nú ókunnugt um, hvernig með það hefur verið farið. Þá er kunnugt um það, að á árinu 1962 var ekki greitt lögboðið iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, og með fjárveitingunni 1963 eru 21 millj. kr., sem ríkissjóður á þar vangreitt. Þannig hafa í raun og veru safnazt saman á þessum þremur liðum, sem ég hef hér nefnt, vangreiddar skuldir ríkisstofnana, sem ríkissjóði ber að sjá um, um nær 140 millj. kr.

Í framhaldi af þessari stefnu hæstv. ríkisstj., að geyma þannig til framtíðarinnar það, sem áfallið er, er einnig fylgt sömu stefnu um framkvæmdir þær, sem nú á að fara að gera eða þegar eru hafnar. Á fjárl. yfirstandandi árs var Keflavíkurvegur með lánsheimild upp á 70 millj. kr., menntaskóli, kennaraskóli og hjúkrunarskóli með 28 millj. kr. lánsheimild, lögreglustöð 14.2 millj., ríkisspítalar og rannsóknarstofan 4 millj., eða alls 116 millj. kr. Til viðbótar þessu er svo það, að mikið hefur verið af því gumað, að nú ætti að fara að sýna þjóðinni framkvæmdaáætlun, sem mér skilst að eigi að vera til tveggja ára, eftir því sem um hefur verið talað, en allt það, sem gera á samkv. þessari framkvæmdaáætlun, á að gera fyrir lánsfé. Á fjárl. íslenzka ríkisins, sem eru orðin 2 milljarðar og 200 millj., hefur alltaf færzt í þá áttina að draga úr fé til framkvæmda, auka rekstrarútgjöldin og leysa framkvæmdaþættina með lánsfé, ef um framkvæmdir hefur verið að ræða, eins og nú á að vera vegna kosninganna í vor.

Þetta frv., sem hér er á ferðinni, er því einn þáttur hæstv. ríkisstj. að losa ríkissjóð sjálfan við útgjöld, sem áður höfðu verið greidd af ríkinu, meðan fjárl. voru lægri og tekjurnar minni. Það er þess vegna í beinu áframhaldi af því að reyna að leyna því, hvað hinar raunverulegu ríkistekjur eru orðnar háar og hvað mikið er af því gert að forða ríkinu frá þeim útgjöldum, sem voru talin sjálfsögð áður.

Tilgangurinn með ríkisábyrgðum hefur verið sá að aðstoða á þann hátt við uppbygginguna í landinu. Þess vegna hafa framkvæmdir í hafnargerð verið venjulega með ríkisábyrgð, því að ríkið hefur á þann hátt lagt höfnunum til aðstoð til þess að hraða framkvæmdunum umfram þær fjárveitingar, sem ríkissjóður hefur lagt til. Hefur öllum verið ljóst, að þetta hefur verið meginstefnan, og í verulegum atriðum var fylgt því að reyna að forða ríkissjóði frá áföllum vegna þessarar stefnu, þó að nokkur breyt. hafi orðið á því á síðari árum. Þegar l. um ríkisábyrgðir voru sett hér á hv. Alþ. 1960, var hafnargerðin undanþegin ákvæðum l., þannig að hafnargerðir búa enn þá við eldri ákvæði um ríkisábyrgðir.

Ef við gerum nú samanburð á áföllnum ríkisábyrgðum áður og nú og nokkra tilraun til þess að flokka þetta, þá kemur í ljós, að höfuðútgjöld vegna ríkisábyrgða eru nú á síðustu árum. Samkv. yfirliti um ríkisábyrgðir til ársloka 1960 voru áfallnar ríkisábyrgðir þá orðnar um 125 millj. kr. Af þessu voru innan við 100 millj. kr., sem höfðu fallið til útgjalda fyrir árslok 1958. Hins vegar hafa þessi útgjöld orðið allveruleg, sérstaklega á árunum 1961 og 1962. Ef borin eru saman útgjöld ríkisábyrgða áður fyrr og nú, þá kemur í ljós, að hafnargerðir eru alltaf verulegur hluti af ríkisábyrgðunum og munu nú vera ca. 50 millj. kr. af því, sem ríkisábyrgðirnar eru í heild. Síldarverksmiðjurnar hafa einnig verið þar stór útgjaldaaðili eða munu vera með álíka fjárhæð. En þess er að geta, að verulegan hluta af þessum síldarverksmiðjum átti ríkið sjálft og hefði orðið að mæta útgjöldum þeirra á annan veg, ef ríkisábyrgðaleiðin hefði ekki verið valin.

En það, sem gerir mestu útgjöldin vegna ríkisábyrgðanna, eru togararnir. Og það eru einmitt þeir togarar, sem við höfum keypt núna síðustu árin eða ákveðið var að kaupa 1959 og hafa komið síðan, sem eru þar þyngstir á metunum. Í yfirliti um útgjöld ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða 1962 sýnist mér, að rúmlega helmingurinn af því, sem ríkissjóður greiddi þá, hafi verið greiddur vegna togaranna, sem keyptir voru 1959 og síðar. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða, eða fyrir suma aðila 5—6 millj. kr. Þess vegna held ég, að það sé á misskilningi byggt hjá hæstv. ríkisstj., ef hún vill halda því fram, að það hafi orðið einhver breyt. til batnaðar í sambandi við þessi mál við valdatöku hennar.

Þá er það áberandi, að frystihús eða greiðslur vegna þeirra eru meira áberandi nú á síðari árum en áður var. Mun það hafa stafað af því, að árið 1960, þegar l. um stofnlánadeildina voru í undirbúningi, þá var svo ákveðið, að ekki skyldi gengið að þeim aðilum, er laganna áttu að njóta, og það var verulegur hluti af frystihúsunum, sem ríkissjóður varð að greiða fyrir, og virðist það hafa haldizt áfram. Nú er það um l. frá 1960 að segja, að þau áttu að tryggja þetta betur en áður var, að ríkissjóður yrði ekki fyrir áföllum, en það virðist ekki hafa komið fram enn þá. Hins vegar gerðu þau annað að verkum, að sérstaklega koma þau hart við bæjar- og sveitarfélög, þar sem þau hafa verri aðstöðu til þess að fá ábyrgðir vegna sinna framkvæmda heldur en áður hefur verið. Og ef litið er á þá skýrslu, sem ég hef fengið, eða þá flokkun, sem ég hef reynt að gera um útgjöld vegna ríkisábyrgðanna, þá kemur í ljós, að sáralítill hluti þeirra er vegna sveitarfélaga fyrir önnur lán en hafnargerðir. En með l. um ríkisábyrgðir frá 1960 gerði hæstv. ríkisstj. sér far um að leggja skatt á alla þá aðila, er ábyrgð fá hjá ríkissjóði, alveg án tillits til þess, hvort ríkissjóður hefur nokkur útgjöld af ábyrgðinni eða ekki. Samkv. þessu hefur ríkissjóður haft smátekjur, þó að það nemi ekki mikilli upphæð.

En á árinu 1961 gerðist annað, sem hefði átt að gera það að verkum, að frv. sem þetta hefði verið gersamlega óþarft, því að þá, með gengisbreyt. þeirri, sem ríkisstj. gerði í ágúst 1961, tók hún gengismismuninn í sínar hendur. Þessu fé var síðan ráðstafað í ríkisábyrgðasjóðinn, þegar hann var stofnaður með l. Tekjur þær, sem hæstv. ríkisstj. eða ríkisábyrgðasjóður hafði af þessum gengismun 1961, voru um 70—75 millj. kr., en það var álíka fjárhæð og ríkið varð að greiða vegna ábyrgðarskuldbindinga það ár. Á árinu 1962 hefur svo ríkisábyrgðasjóður haft tekjur samkv. þessum tekjustofni yfir 20 millj. kr., eða nær 100 millj. kr. í heild frá þessum tekjustofni. Þetta átti að vera veruleg búningsbót fyrir þennan sjóð. En það var annað, sem gert var jafnhliða, þegar ríkisábyrgðasjóðurinn fékk þessar tekjur. Á fjárlögum ársins 1961 var ákveðið, að ríkissjóður skyldi verja vegna ríkisábyrgða 38 millj. kr. En hæstv. fjmrh. ráðstafaði því þannig, að þessi fjárhæð var ekki notuð, heldur var ríkisábyrgðasjóðurinn látinn greiða að öllu leyti áfallnar ríkisábyrgðir 1961, án þess að ríkissjóður legði þar nokkuð til.

Hver var nú ástæðan fyrir því, að þessi leið var valin? Ástæðan var fyrst og fremst sú, að hæstv. ríkisstj. hafði hug á því við áramótin 1961 og 1962 að gefa út stórorðar tilkynningar um góða afkomu ríkissjóðs. Þess vegna voru í útvarpi og blöðum gefnar út tilkynningar um, að staða ríkissjóðs væri nú betri en nokkru sinni fyrr og staða hans hjá Seðlabankanum væri slík, að þar væru nú engar skuldir. Þegar hæstv. fjmrh. gaf yfirlit um greiðsluafgang ríkissjóðs 1961 í fjárlagaræðunni s. l. haust, þá skýrði hann frá því, að samkv. þeirri venjulegu reglu, sem hefði verið fylgt um ríkisuppgjörið, hefði greiðsluafgang-

urinn orðið 57 millj. kr. Þetta er tæpum 20 millj. kr. hærri upphæð en fjárhæð sú, sem ríkið átti að greiða vegna ríkisábyrgða samkv. fjárl. 1961. Og ef ríkissjóður hefði greitt áfallnar ríkisábyrgðir, eins og hann hefur orðið að gera undanfarin ár, umfram fjárlög, þá hefði ekki orðið greiðsluafgangur, heldur greiðsluhalli, þar sem greiðslur vegna ríkisábyrgðanna voru 71 millj. kr. þetta ár. En á þennan hátt er hægt að komast hjá því að sýna þá útkomu, sem áður var sýnd hjá ríkissjóði í sambandi við þessi útgjöld, en færa það til útibúsins, eins og þarna hefur verið gert.

Með l. um ríkisábyrgðasjóð var í raun og veru ekkert gert annað en ríkissjóður stofnaði útibú til þess að láta það annast eitt það verkefni, sem ríkissjóður hafði áður annazt. Og ef þetta útibú ríkissjóðs, ríkisábyrgðasjóðurinn, hefði fengið þessar 38 millj., sem Alþ. var búið að samþykkja á fjárl. að ættu að ganga til ríkisábyrgða, þá hefði þessi sjóður ekki haft greiðsluhalla í árslok 1962 nema 8,7 millj. kr. í staðinn fyrir 44 millj., eins og nú er gefið upp. Ef þannig hefði verið staða ríkisábyrgðasjóðs, þá hefði þessi lántaka að verulegu leyti eða öllu leyti verið algerlega óþörf. En með því að ríkissjóður tók til sín til þess að geta auglýst greiðsluafgang 1961 það, sem átti að ganga til þessara greiðslna, þá er frv. það fram komið, sem hér er til umr.

Þegar það er athugað, hvaða stefnu hefur verið fylgt í fjármálum ríkisins, þá er þetta frv. eðlilegt, því að það á m. a. að verða til þess, að útibúið taki lán, svo að ríkissjóður geti auglýst góða fjárhagsafkomu, eins og gert hefur verið af núverandi valdhöfum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal ekki fara út í þær almennu umr. um fjármál, sem hv. þm. innleiddi hér, en tel rétt að leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hans.

Það eru í fjárl. fyrir 1963, í 20. gr., áætlaðar 38 millj. kr. vegna áfallinna ríkisábyrgða eða til ríkisábyrgðasjóðs. Sama upphæð var í fjárl. fyrir 1962 og fyrir 1961. Í mörg ár hefur verið veitt einhver upphæð á 20. gr. fjárl. til þess að mæta hinum áföllnu ábyrgðum. Sú upphæð, sem í fjárl. er þannig áætluð, er ekki fast framlag, sem á að borga, hvernig sem allt veltist, og ekki fast framlag til ríkisábyrgðasjóðs. Þetta er áætlunarupphæð, sem skal greiða eftir því, sem þörf er á hverju sinni, þannig að ef fjárþörf vegna áfallinna ríkisábyrgða er eitt árið minni en 38 millj., þarf að sjálfsögðu ekki og á ekki að greiða úr ríkissjóði hærri fjárhæð en þörf er fyrir. Verður þá einhver hluti þessarar upphæðar eða öll upphæðin umfram, þannig að ekki þarf að greiða úr ríkissjóði. Ef hins vegar áfallnar ríkisábyrgðir eða þörf ríkisábyrgðasjóðs verður eitthvert árið óhjákvæmilega meiri en 38 millj., verður að greiða umfram úr ríkissjóði til þess að ná endunum saman.

Þannig er um fjölda liða í fjárl. Það er ekki framlag, sem skylt er að greiða nákvæmlega af þeirri upphæð, sem fjárl. gera ráð fyrir, heldur áætlun. Má nefna þess mörg dæmi, ýmist þannig, að ekki hefur þurft að nota til fulls áætlunarupphæð, og hins vegar hefur þurft að greiða meira á tilteknum lið en fjárl. gerðu ráð fyrir. Áætlunarfjárhæðin til ríkisábyrgðasjóðs er einn af þeim liðum, sem þannig er ástatt um. Árið 1961, fyrsta árið, sem ríkisábyrgðasjóður starfaði, — hann átti að taka við ríkisábyrgðum frá ársbyrjun 1961, — kom í ljós, að ríkisábyrgðasjóður þurfti ekki á þessum 38 millj. að halda, heldur hafði hann nægilegt fé með þeim tekjustofnum, sem honum voru ætlaðir, án þess að þessar 38 millj. væru greiddar úr ríkissjóði. Samkv. öllum venjum og réttum skilningi á fjárl. átti því ekki að greiða þessar 38 millj. úr ríkissjóði samkv 20. gr. fjárl., þar sem ríkisábyrgðasjóður hafði enga þörf fyrir það. Þessi aðferð var auðvitað sjálfsögð og óvefengd, og ríkisreikningurinn fyrir 1961, þar sem þetta kemur fram, hefur verið samþ. á Alþ. og afgreiddur hér, án þess að nokkur maður hreyfði nokkurri aths. Og ég man ekki eftir einni rödd frá hv. stjórnarandstæðingum um, að þar væri ekki rétt að farið. Þess vegna gegnir nokkurri furðu að fá hér nú aths. frá einum þm. um þetta atriði, eftir að hann hefur sjálfur hér á Alþ. átt þátt í því að afgreiða ríkisreikninginn þannig upp settan og færðan.

Á árinu 1962 kemur það hins vegar í ljós, að ríkisábyrgðasjóður þarf á meira fé að halda en þessum 38 millj. Þessar 38 millj hafa að sjálfsögðu verið greiddar af hendi, en samt sem áður er nokkurs fjár þörf. Og þá voru tvær leiðir fyrir hendi. Önnur var sú að greiða úr ríkissjóði umfram þá milljónatugi, sem á vantaði, umfram þessar 38 millj., og kæmi það sem umframgreiðsla í ríkisreikninginn 1962, eða fara hina leiðina, sem gert er ráð fyrir að fara og þetta frv. byggist á, og hún er sú, að í sambandi við þann halla, sem varð á ríkisábyrgðasjóði 1962, sé tekið lán til skamms tíma til að jafna þennan halla.

Ef svo væri, að við gerðum ráð fyrir um ófyrirsjáanlega framtíð stórkostlegum útgjöldum ríkisábyrgðasjóðs, eitthvað í áttina við það, sem varð á árinu 1962, þá væri vafalaust rétt að greiða umfram fjárlög á árunum 1962 og 1963 og hækka síðan við fyrsta tækifæri fjárveitingu í fjárl. En þeir, sem fjalla um ríkisábyrgðasjóð og hafa mest fylgzt með honum, gera ekki ráð fyrir, að þróunin verði þessi. Þeir gera ráð fyrir því, eins og ég gat um í minni framsöguræðu, að fjárþörf ríkisábyrgðasjóðs, þegar búið er að koma lagi á þessi mál, verði minni á hinum næstu árum en hún hefur verið, þannig að að því stefni, að sem allra flestir þeir, sem fengið hafa lán með ríkisábyrgðum, fari að standa í skilum, og að því er stefnt með þessum tvennum lögum.

Af þessari ástæðu er það, sem ekki þótti rétt að greiða stórfé umfram fjárlög eða fjárlagaáætlun fyrir árið 1962, en þær greiðslur eru óafturkræf framlög til ríkisábyrgðasjóðs, heldur brúa þetta bil með lántöku til skamms

tíma í trausti þess, að jafnvel á árinu 1964 og sérstaklega á næstu árum þar á eftir mundi hagur ríkisábyrgðasjóðs batna svo verulega, að hann gæti greitt upp að fullu þetta lán og staðið svo undir sínum greiðslum.

Þetta ætla ég, að ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir. En sérstaklega vil ég endurtaka, að ummæli hv. þm. varðandi áætlun fjárl., 38 millj. fyrir 1961, þær fullyrðingar hans eru á algerum misskilningi byggðar. Þá fjárhæð átti að sjálfsögðu eingöngu að greiða af hendi, ef þörf hefði verið fyrir hana. Það var ekki þörf á henni. Þess vegna var hún ekki greidd, og Alþ. hefur einróma staðfest það með samþykkt l. um ríkisreikning fyrir árið 1961.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Með frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að tekið verði 50 millj. kr. lán handa ríkisábyrgðasjóði. Það er sem sé gert ráð fyrir því í fyrsta skipti, að haldið verði út á þá braut, að ríkið taki lán til þess að greiða töp á ríkisábyrgðum.

Eins og hér hefur verið bent á, er ekkert flókið að átta sig á því, hvað hér er í raun og veru að gerast, þó að óneitanlega sé ýmislegt gert til að flækja það nokkuð fyrir mönnum.

Árið 1961 voru veittar 38 millj. á fjárlögum ríkisins til þess að mæta töpum á ríkisábyrgðum. Þetta fé var ekki notað til þess á því ári, það var ekki greitt, eins og hér hefur verið bent á. Og vegna þess að þetta fé var ekki borgað í þessu skyni, hefur ríkisábyrgðasjóðurinn, sem er bara eins konar reikningur í ríkisbúskapnum, komizt í þrot. Og í staðinn fyrir að greiða þetta fé úr ríkissjóði á nú að taka lán. Í staðinn fyrir að borga af ríkistekjunum 38 millj. á árinu 1961 á nú að taka lán. Og eins og hv. 3. þm. Vesturl. réttilega lagði áherzlu á, þá var greiðsluafgangurinn á árinu 1961 talinn 38 millj. kr. hærri, vegna þess að fé var ekki lagt fram til ríkisábyrgðasjóðsins. En nú kemur í ljós, að það þarf á fénu að halda, og þá á að taka það að láni og skjóta því yfir á framtíðina að standa straum af þessum útgjöldum. Þetta er vitanlega gert til þess að punta á pappírnum upp á afkomu ríkissjóðs 1961. Sannleikurinn er sá, að ef ríkissjóður hefði átt að standa undir greiðslum af ríkisábyrgðum á árinu 1961 af tekjum sínum, eins og áður tíðkaðist að gert væri, þá hefði enginn greiðsluafgangur orðið á því ári, heldur þvert á móti nokkur greiðsluhalli, því að greiðslur af ríkisábyrgðum urðu á því ári rúmlega 70 millj. Þeim var skotið yfir á þennan sérstaka reikning, sem skírður var ríkisábyrgðasjóður, og með því móti fékkst eitthvað á milli 60 og 70 millj. króna greiðsluafgangur.

Þetta var það, sem gerðist 1961. Og einnig hefur það gerzt í þessum málum, að það hefur ekki verið greitt fé úr ríkissjóði sjálfum á árinu 1961 og ekki nema tiltekin fjárveiting á árinu 1962, en ríkisábyrgðatöpunum velt yfir á sjávarútveginn með þeirri fjárupptöku, sem gerð var í sambandi við gengislækkunina 1961, þegar hækkunin á útflutningsvörubirgðunum var tekin eignarnámi og færð inn í ríkisbúskapinn, fyrst og fremst til þess að standa undir ríkisábyrgðatöpunum.

Nú, þegar það kemur í ljós, að þetta fé er ekki nógu mikið til að standa undir töpunum, og enn fremur með tilliti til þess, að ríkissjóður lagði ekki fram á árinu 1961 þessar 38 millj., þá er ætlunin með þessu frv. að ákveða lántöku handa ríkisábyrgðasjóðnum, sem er raunverulega lántaka ríkissjóðs. Sú stefna hefur sem sé verið tekin upp að velta ríkisábyrgðunum yfir á sjávarútveginn með eignaupptökunni 1961, sem ég var að lýsa, og svo yfir á framtíðina með lántöku, í stað þess að áður var ævinlega höfð sú stefna að greiða það, sem greiða þurfti af ríkisábyrgðaskuldunum, með sjálfum ríkistekjunum, en velta engu af því yfir á framtíðina né yfir á einstakar atvinnugreinar í landinu, eins og óneitanlega hefur verið gert nú með eignaupptöku gengishagnaðarins af sjávarvörubirgðunum á árinu 1961. En allar þessar sjónhverfingar, allar þessar færslur fram og aftur virðast vera gerðar að verulegu leyti til þess að leyna því, að þrátt fyrir gífurlegar skattaálögur á síðustu árum hefur ekki búnazt betur en svo, að ríkistekjurnar hafa í raun og veru samt sem áður ekki hrokkið til að greiða ríkisábyrgðatöp eftir hendinni, eins og áður var gert.

Þetta kom mjög greinilega fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan. En í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á, að nú er svo komið, að álögur til ríkissjóðs munu hafa hækkað um nærfellt 1 milljarð og 400 millj. kr. síðan 1958. Það er sem allra næst þeirri fjárhæð, þegar fjárlögin 1958 og fjárlögin 1963 eru borin saman, og er þá tekið tillit til þess fjár, sem notað hefur verið til þess að greiða niður vöruverð bæði tímabilin, og þessar tölur því algerlega sambærilegar. En það, sem skeð hefur, er, að allt þetta gífurlega fjármagn, sem mokað hefur verið á með nýjum álögum og tveimur stórfelldum gengislækkunum, hefur því miður ekki enzt til þess að standa undir öllum þeim greiðslum, sem ríkissjóður raunverulega þurfti að inna af hendi, ef vel hefði verið. Það er sérstaklega áberandi, að ríkissjóður hefur ekki verið þess megnugur að standa undir greiðslunum af ríkisábyrgðalánunum, heldur velt þeim að verulegu leyti, sem ég kalla, yfir á sjávarútveginn í sambandi við upptöku fjárins af útflutningsvörubirgðunum. Og nú er ætlunin að velta verulegum hluta af þessari byrði vegna ríkisábyrgðalánanna yfir á framtíðina með þeirri lántöku, sem hér er ráðgerð.

Enn fremur er nauðsynlegt að geta þess í þessu sambandi, sem hv. 3. þm. Vesturl. gerði raunar hér áðan mjög ræki lega, að fyrir utan þetta er nú farið að taka lán, gera ráðstafanir til þess að taka lán til að greiða margvísleg ríkisútgjöld, sem áður voru greidd af tekjunum, og þessar ráðstafanir eru þannig vaxnar, að þetta er dulbúinn greiðsluhalli á ríkisbú-

skapnum, sem ekki er einu sinni enn sem komið er kominn inn í reikningsskilin. Þetta er dulbúinn greiðsluhalli, því þó að hér sé oft um fjárfestingarútgjöld að ræða, sem er þannig haldið utan við og gert ráð fyrir lántöku til, þá er hér um dulbúinn greiðsluhalla að ræða á ríkisbúskapnum miðað við þann hátt, sem áður var á hafður.

Í þessu sambandi vil ég vísa til þess, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, þar sem hann benti á, að ekki er nú aðeins ráðgert að taka lán til þess að greiða upp ríkisábyrgðatöpin, sem áður voru greidd af tekjunum jafnóðum, heldur eru nú einnig ráðgerðar í stórum stíl lántökur í eina vegagerð, og það er líka nýjung í ríkisbúskapnum, því að vegaframlög hafa áður ævinlega verið greidd af ríkistekjunum. Enn fremur er nú gert ráð fyrir lántöku til að byggja lögreglustöð í Reykjavík og til skólabygginga í vaxandi mæli og ýmissa annarra framkvæmda, enn fremur til að greiða lögboðið framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs. Allt þetta benti hv. 3. þm. Vesturl. á, og þetta sýnir þrátt fyrir þessar óskaplegu álögur, þar sem ríkistekjurnar hafa meira en þrefaldazt á örfáum árum, hvernig útgjöldum er í vaxandi mæli skotið yfir á framtíðina.

Hverjum dyljast þau vandkvæði, sem stafa af þessu við afgreiðslu fjárlaga á næstu árum, þegar stórkostlegar afborganagreiðslur og vaxtagreiðslur af vegagerðarlánum, skólabyggingarlánum, lögreglustöðvarlánum og öðrum slíkum lánum og lánum til að greiða lögboðið framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs, þegar allt þetta bætist inn á fjárlögin á næstu missirum og næstu árum sem bein afleiðing af þessu búskaparlagi, sem nú hefur verið tekið upp? Efnt er til þess, að ríkissjóður hafi í framkvæmd mjög mikil fjárfestingarútgjöld án þess að greiða þau af tekjum sínum. Þetta þýðir lántökur til framkvæmda, sem ekki gefa ríkissjóði sjálfum neitt í aðra hönd, þó að þær út af fyrir sig séu nauðsynlegar. Enn fremur eru stórir póstar, sem í raun réttri eru greiðslur á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, greiddir með lántökum, eins og t. d. framlagið til atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er rekstrarútgjaldaliður í ríkisbúskapnum, sem allt í einu er tekið upp á að greiða með lánum.

En þetta er gert út úr vandræðum vegna þess, hvernig ríkisbúskapnum hefur verið stefnt, þar sem hinar gífurlegu álögur hafa ekki enzt til þess að halda uppi nauðsynlegustu verklegum framkvæmdum. Stjórnin hefur hrökklazt út á þessa braut, að taka lán og skjóta yfir á framtíðina ýmsum framkvæmdum, sem áður voru greiddar jafnóðum af tekjunum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn liður í þessu. Það er mjög alvarlegt, að þær stórkostlegu ríkistekjur, sem efnt hefur verið til, skuli ekki hafa enzt betur en þetta til að standa undir beinum þörfum og allra lífsnauðsynlegustu framkvæmdum. Hitt er svo ekki síður óviðkunnanlegt, að núverandi hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. skuli vera að reyna að leyna þessu með alls konar reikningsfærslubrellum, eins og óneitanlega stofnun þessa ríkisábyrgðasjóðs er. Þetta er ekkert annað en reikningsfærslubrella, til að rugla fyrir mönnum samhengið í þessum efnum. Þessi ríkisábyrgðasjóður er ekkert annað en reikningur í ríkisbúskapnum, en hann er settur upp til þess að vefa þennan vef, sem lítillega og lauslega hefur nú verið rakinn í sundur.

Eins er það t. d. með lánaviðskiptin út af Keflavíkurveginum, þeim hefur verið haldið utan við ríkisbókhaldið. Ég vona, að það sé búið að lagfæra það núna eftir þá sennu, sem um það varð í vetur, þegar menn urðu að standa hér í stórrifrildi til þess að reyna að fá þau viðskipti, Keflavíkurframkvæmdirnar, reikningsfærðar eftir eðlilegum leiðum í fjárlögin og ríkisbókhaldið. Ég vona, að þetta sé komið í lag, en mönnum er minnisstætt, hvernig þetta var, og það er ekki einu sinni, að greiðslur af lánunum til Keflavíkurvegarins séu ráðgerðar í fjárlögunum. Þó að þar sé ríkislán, sem allir vita að þarf að greiða af með ríkisfé, þá er ekki einu sinni sett inn í fjárlögin sú fjárhæð, sem þarf til að standa undir lánunum vegna Keflavíkurvegarins. Það er einn liður í þessum leiðinlega, hvimleiða sjónhverfingaleik. Og það er engin ánægja að þurfa að standa í að ræða um svona lagað, en óhugsandi annað en að jafnóðum sé bent á slíkar misfellur. En þetta er liður í því að setja þetta ekki upp hreint og beint eins og þetta er, vegna þess að menn virðast kinoka sér við að sýna af þessu rétta mynd. En auðvitað er slíkt skammgóður vermir, að þykjast ekki sjá þetta, því að auðvitað kemur að því, að það þarf að borga af þessum lánum, sem alls staðar er nú verið að efna til. Náttúrlega verður það að mestu leyti eftir kosningarnar, sem eiga að fara fram í vor, þannig að það er kannske hægt að punta sig eitthvað í nokkrar vikur enn þá á þessa lund. En það kemur auðvitað að því, að það þarf að greiða af þessum lánum. Það verður að greiða af lánunum, sem tekin voru vegna Keflavíkurvegarins, og þá kemur það beint inn í bókhaldið og í fjárlögin að lokum. Það þarf að fást við þær greiðslur.

Eins verður það um lánin, sem tekin hafa verið til greiðslu á lögboðnu framlagi til atvinnuleysistryggingasjóðs. Það var einn liður í þessum sjónhverfingaleik, að lögboðin gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs voru felld niður í einum fjárl. og ekki tekin með í útgjöldunum. Það var sagt, að það ætti að greiða þau með lánum. Það var sagt, að bókhaldsaðferðin væri rétt þannig, að það væri ekki fært inn í gjöld fjárl., sem ætti að borga með lánum. En hvað kemur svo í ljós? Svo kemur það auðvitað í ljós, að það verður að ætla greiðslum af láninu sæti í fjárl. og ríkisreikningnum. Eins verður það með greiðslur af öllum þessum lánum, sem verið er að efna til hingað og þangað og haldið er utan við rétt í bili til að gera mynd-

ina aðeins snotrari. Það þarf að greiða af öllu þessu, og þá kemur það blákalt fram og veldur alveg jafnmiklum erfiðleikum í framtíðinni, þótt því sé á þessa lund haldið utan við að svo vöxnu.

Það hefur oft verið talsvert mikið rætt um ríkisábyrgðirnar, og það er ekki nema eðlilegt, því að ríkisábyrgðastarfsemin hefur verið mikill þáttur í ríkisbúskapnum í raun og veru og er enn. Það hafa stundum verið ýmsir dómar felldir um, að þessi mál hafi ekki verið í eins góðu lagi, eða hvernig menn hafa orðað það, eins vel stýrt og átt hefði að vera. Auðvitað getur verið ákaflega mikið álitamál, hvernig stefna eigi varðandi ríkisábyrgðir. Sumir segja, að ríkið eigi aldrei að taka ábyrgð á neinu, nema það liggi alveg á borðinu, að það þurfi aldrei að leggja neitt fram úr ríkissjóði vegna erfiðleika með að standa í skilum. Mér er nú ekki alveg ljóst, hvort hæstv. núv. fjmrh. hefur beinlínis lýst þessu yfir sem alveg fastri stefnu sinni, en nær er mér að halda það. Ég álít, að þegar um opinberar framkvæmdir er að ræða, t. d. hjá sveitarfélögum og hjá kaupstöðum, þá geti oft verið lífsnauðsyn að veita ríkisábyrgð, jafnvel þótt menn telji sig vera í vafa um, að hlutaðeigandi kaupstaður eða byggðarlag geti staðið fullkomlega í skilum frá byrjun með greiðslur af lánum.

Ég hef sagt það hér áður, og ég skammast mín ekkert fyrir að upplýsa það, að á meðan ég hafði með þessi mál að gera, þá kom það fyrir, að ábyrgðir voru teknar fyrir framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, þótt augljóst væri, að byggðarlögin mundu ekki geta staðið að fullu í skilum frá byrjun. Ég nefni dæmi. Ég nefni af handahófi, en stórar framkvæmdir þó. Ég nefni t. d. Þorlákshöfn. Það hefði aldrei verið farið af stað með hafnargerð í Þorlákshöfn, ef sú regla hefði verið viðhöfð að neita algerlega ríkisábyrgðum, nema fyrir fram væri hægt að sýna fram á, að ekkert þyrfti að leggja út úr ríkissjóði vegna ábyrgðarinnar í byrjun starfrækslu mannvirkjanna. Þá hefði aldrei verið farið af stað með Þorlákshöfn. Það hefur talsvert fé verið lagt út vegna ríkisábyrgða fyrir Þorlákshöfn, en ég tel, að sú stefna hafi verið hárrétt samt sem áður að taka ríkisábyrgð fyrir hafnargerð í Þorlákshöfn. Ég nefni líka Akraneshöfn í þessu sambandi, sem nokkuð hefur orðið að leggja út fyrir. Þannig mætti halda áfram að taka dæmi um hafnargerðir víðs vegar um landið, sem hefur þurft að leggja nokkuð út fyrir. Og ég efast um, að ríkissjóður muni tapa nokkru á þessum ábyrgðum um það bil, sem upp verður staðið, því að þó að þessi byggðarlög og mörg önnur hafi ekki getað staðið í skilum með fyrstu greiðslur af lánunum, þá mun það í mörgum dæmum verða þannig, að það mun breytast, þegar frá líður, og lánin munu innheimtast.

En þetta er fjárfesting fyrir ríkissjóð, sem þarna á sér stað. Og ég segi, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar að framfylgja þeirri stefnu eða láta Seðlabankann fyrir sína hönd framfylgja þeirri stefnu að neita um allar ríkisábyrgðir nema þær, sem hægt er að sýna hreinlega fram á fyrir fram, að ekki geti komið til greina að verði nein töp á eða þurfi neitt að leggja út fyrir úr ríkissjóði, — ef hæstv. ríkisstj. ætlar að taka upp þá stefnu, þá verður annað tveggja að ske, að það verða stöðvaðar ýmsar þýðingarmestu framkvæmdir í landinu, víðs vegar um landið, hafnargerðir o. fl., þær verða hreinlega stöðvaðar, eða þá að ríkisstj. og Alþ. verður að taka að sér að leggja af ríkisfé miklu meira fram til þessara framkvæmda en enn þá hefur verið gert.

Hvað sem yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. í þessum efnum kann að líða, þá þykist ég sjá það, að ríkisstj. muni verða að framkvæma hafnarábyrgðirnar svipað og gert hefur verið. Ég tel mig sjá fram á, að hún muni þurfa og verða að gera það, ef hún ætlar ekki að stöðva flestar meiri háttar hafnarframkvæmdir í landinu. Ég segi þetta til að sýna, að það er varhugavert að fella órökstudda dóma, skjótræðisdóma um ríkisábyrgðirnar og áfellisdóma í sambandi við það, þótt ríkið hafi orðið að leggja nokkurt fjármagn fram á undanförnum árum til þess að greiða af ríkisábyrgðalánum, því að á bak við þær greiðslur standa ýmsar af merkustu framfaraframkvæmdum, sem gerðar hafa verið í landinu á síðustu áratugum og enginn mundi nú vilja segja að hefði verið rétt að stöðva eða neita um ríkisábyrgð. Þar með er ekki sagt, að það hafi ekki í þessu getað orðið, eins og í mörgum öðrum málum, einhver mistök. Það hafa ekki allar framkvæmdir heppnazt jafnvel, sem ríkisábyrgðir hafa verið veittar til. En ég segi þetta til þess að vara við því, að menn felli órökstudda áfellisdóma um þessi efni, heldur verða menn, ef menn ætla að dæma um þessi mál, að gefa sér tíma til að skoða þau ofan í kjölinn.

Nú vil ég aðeins minna á í þessu sambandi, að greiðslur vegna ríkisábyrgðalána, sem útlagðar eru fyrir aðra, hafa verið miklu stórfelldari á síðasta kjörtímabili en nokkru sinni áður, þannig að það er ekki á nokkurn hátt sambærilegt. T. d. upplýsti hv. 3. þm. Vesturl. áðan, að það, sem búið væri að leggja út samtals vegna ríkisábyrgða í árslok 1960, nam 120 millj. kr. samtals. En á árinu 1961 munu hafa verið lagðar út vegna ríkisábyrgða eitthvað milli 70 og 80 millj. Á árunum 1961 og 1962 virðast hafa verið lagðar út í sambandi við þessi mál eitthvað um 180 millj., á þessum tveimur árum, en allan tímann fram að árslokum 1960, ef ég hef tekið rétt eftir, þá hafa það verið samtals um 120 millj.

Ég hef hér fyrir framan mig efnahagsreikninginn frá 1958, og af honum sést, að á árinu 1958 voru greiddar af ríkisábyrgðalánum tæpar 24 millj. kr. á móti rúmlega 70 millj. 1961 og að því er ég bezt veit rúmlega 100 millj. á árinu 1962. Og þá kemur spurningin: Hvað er það, sem hefur gerzt í þessum málum? Ég get ekki varizt því, að mér finnst stund-

um eins og hæstv. ríkisstj. vilji gefa í skyn, að þarna sé hún að glíma við einhvern draug, sem aðrir hafi vakið upp og skilið eftir handa henni til þess að fást við. En sjálf hafi hún fært þessi mál öll í heppilegra horf. Ég hef ekkert yfirlit yfir þær ríkisábyrgðir, sem veittar hafa verið nú síðustu missirin, hef það ekki við höndina, og það er sjálfsagt of snemmt að fella nokkurn dóm um það, hvernig þau mál koma út í reyndinni. En ég vil nefna hér tvö atriði, sem valda sýnilega langmestu um, hvað þessar ríkisábyrgðagreiðslur hafa vaxið tröllslega árin 1961 og 1962.

Annað er, að það er augljóst, að á árinu 1961 eru lagðar út mjög stórar fúlgur fyrir fiskiðjuver vegna ríkisábyrgða, sem teknar hafa verið á stofnlánum til þeirra. En fram að þeim tíma voru greiðslur úr ríkissjóði vegna fiskiðjuvera mjög litlar samanborið við það, sem þær eru á árinu 1961. En það var vegna þess, að yfirleitt var höfð sú regla á, að ef fiskiðjuver var í vanskilum, þá var gerð gangskör að því, að það stæði í skilum eða þá að eigendaskipti yrðu að fiskiðjuverinu. Þannig eignaðist ríkið t. d. á sínum tíma fiskiðjuverið í Flatey og fiskiðjuverið á Seyðisfirði, og man ég eftir þeim tveimur, sem ekki gátu staðið í skilum. En vegna þess, að þannig var unnið að þessum málum, að það var upp á þetta passað og fast eftir gengið, þá stóðu fiskiðjuverin yfirleitt í skilum, og ef þau lentu í vanskilum, bættu þau mjög fljótlega úr því, öll þau, sem gátu, og það voru flest þeirra. Þau, sem alls ekki gátu það, urðu, eins og ég sagði, eign ríkisins, og ég man nú ekki nema eftir þessum tveimur, sem þannig fór um.

En á árinu 1961 gerist það, að ríkissjóður fer að leggja út fyrir fiskiðjuverin stórfé, án þess að séð verði, að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að innheimta þetta jafnóðum. Þetta kemur til sem nýr stórkostlegur liður í ríkisábyrgðunum. Og þessu heldur áfram að nokkru leyti og að mjög verulegu leyti, að því er ég bezt fæ séð, árið 1962. Það er sem sagt skipt alveg um innheimtuaðferð, og má vera, að þetta standi að einhverju leyti í sambandi við þau almennu skuldaskil, sem áttu sér stað fyrir sjávarútveginn á árinu 1961. En þarna festist mikið fé hjá fiskiðjuverunum, vegna þess að það er sýnilega ekki gengið á þessu tímabili jafnhart að því, að þau standi í skilum og áður. Þetta er annar aðalliðurinn, að því er bezt verður séð, sem gerir það að verkum, að ríkisábyrgðargreiðslur hafa hækkað svona gífurlega 1961 og 1962.

Hinn stóri liðurinn, sem kemur þarna til greina, eru ríkisábyrgðir vegna togara og þá sérstaklega vegna þeirra togara, sem keyptir voru til landsins eða samið var um á árinu 1959. Ég hygg, að það hafi verið samið um þá yfirleitt á árinu 1959, og ríkisábyrgðagreiðslur vegna þessara togara, sem samið var um á árinu 1959, eru svo tröllauknar, að aðrar ríkisábyrgðagreiðslur verða eins og hreinn hégómi í samanburði við þær. Það gefur því að skilja, að ef menn eru að reyna að láta líta svo út sem hér sé um einhvern gamlan arf að ræða, þá er slíkt með öllu óréttmætt, því að greiðslur vegna þessara togara frá 1959 eru svo stórfelldar, að þær valda alveg tímamótum í þessum málum og eru langstórfelldustu greiðslur vegna ríkisábyrgða, sem nokkru sinni hafa komið til greina, a. m. k. ef litið er á þær í heild.

En vegna þess að hafður er uppi þessi sífelldi áróður, nokkuð ýtinn áróður um það, að hér sé um arf að ræða, sem hafi verið óeðlilegur og gert mönnum erfitt fyrir, þá vil ég leyfa mér að lesa upp nokkrar greiðslur, sem inntar hafa verið að hendi vegna þessara sérstöku togaraábyrgða. Það hefur líka verið lagt út fé vegna fyrri togaraábyrgða, en það er smáræði samanborið við þetta.

Það eru hér greiðslur t. d.: Vegna hlutafélagsins Ásfjalls 1 millj. 374 þús. Vegna Guðmundar Jörundssonar vegna togarans Narfa 4 millj. 400 þús., þetta er á árinu 1961. Vegna Ísbjarnarins í Reykjavík vegna togarans Freys 1 millj. 662 þús. Og vegna togarans Sigurðar 2 millj. 342 þús. Vegna togarans Júpíters 1 millj. 274 þús. Og vegna togarans Víkings á Akranesi 2 millj. 704 þús. Enn fremur eru hér liðir vegna fiskiðjuvera, sem eru mjög stórir, eins og ég hef áður gert grein fyrir. Þetta er á árinu 1961.

Á árinu 1962 er mjög mikið lagt út vegna ríkisábyrgða og þá heldur þessu áfram. Þá er það Bæjarútgerð Hafnarfjarðar vegna togara 5 millj. 705 þús. og vegna fiskiðjuversins 4 millj. Vegna togarans Narfa, togara Guðmundar Jörundssonar, 5 millj. 708 þús. Ísbjörninn h/f í Reykjavík vegna togara líka á því ári 5 millj. 908 þús. Ísfell, aftur vegna togarans Sigurðar á árinu 1952, ég hafði áður lesið, hvað það var á árinu 1961, 7 millj. 778 þús. Og enn vegna fyrirtækis á Akranesi vegna togarans Víkings 6 millj. 558 þús. Þessar fjárhæðir eru svo stórkostlegar, að það dylst engum, þegar þessi dæmi eru nefnd, hvers vegna greiðslurnar af ríkisábyrgðalánunum hafa hækkað svona stórkostlega. Það er vegna þess, að það hefur verið lagt út stórfé í sambandi við ríkisábyrgðir fyrir fiskiðjuver, sem fremur lítið var um áður, og þó alveg sérstaklega vegna þeirra gífurlegu fjárhæða, sem lagðar eru fram vegna ríkisábyrgðarinnar út af togarakaupunum á árunum 1959 og 1960. Og þó að áður hafi verið lagðar nokkrar fjárhæðir fram vegna vanskila í sambandi við togarakaup og fiskiskipakaup, þá eru þær fjárhæðir allar miklu smærri en þessar, því að þá var um lægra verð að ræða á tækjunum og minni vanskil.

Þetta allt er nauðsynlegt fyrir menn að hafa í huga. Ég hef ekki fram að þessu verið svo mjög að skipta mér af umr. um þessi mál, en mér finnst ekki óeðlilegt, að samhengið í þeim sé ofur lítið rakið, þar sem það er ekki gert af þeim, sem það væri skyldara en mér.

Ég held því hiklaust fram, að væri settur upp listi núna, og ég vildi óska eftir því, að sú nefnd, sem fær þessi mál til meðferðar, geri það, — settur upp listi núna yfir það, sem lagt hefur verið út samtals vegna ríkisábyrgða frá fyrstu tíð og skoðað síðan, hvenær þær ábyrgðir eru og hvernig þær eru vaxnar, þá muni samhengi þessara mála upplýsast enn þá betur og þá muni koma í ljós, að þeir fjármunir, sem lagðir hafa verið út vegna byggðarlaganna í sambandi við framkvæmdir á þeirra vegum, hafnargerðir og raforkuframkvæmdir og ýmsar slíkar framkvæmdir, eru hégómlega lágar upphæðir samanborið við það, sem hefur verið greitt núna vegna þessara nýjustu ábyrgða.

Ég segi þetta ekki til þess að deila á neinn, ég segi þetta til þess að upplýsa staðreyndir. En ég verð að segja, að mér finnst ýmislegt af því, sem komið hefur fram úr stjórnarherbúðunum, bera nokkurn keim af gagnrýni á það, sem áður hefur verið gert í þessum málum. Ég er ekki að halda því fram, að það geti ekki verið réttmætt að gagnrýna sumt af því. Það verða ætíð einhver mistök. En ég vil ekki sitja þegjandi fleiri missiri en ég hef gert og hlusta á, að það sé gefið í skyn, að þessi viðureign við ríkisábyrgðirnar og þessar háu fjárhæðir, sem þar koma til greina, sé arfleifð að mestu eða öllu leyti frá því, að ég og mínir starfsfélagar — úr ýmsum flokkum raunar — stóðum fyrir framkvæmd þessara mála, en síðan hafi runnið upp í þessu tilliti ný öld, ný og betri öld.

Ég vil svo í framhaldi af þessu, sem ég hef rætt um heildarmynd þessara mála, og í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og það, sem hæstv. fjmrh. sagði því viðvíkjandi, aðeins minnast á einn einasta þátt enn þá. Hæstv. ráðh. sagði, að lántakan væri byggð á því, að forráðamenn ríkisábyrgðasjóðsins litu þannig á, að það mundi mjög fljótlega létta á sjóðnum og jafnvel hagur hans snúast við, þannig að hann færi að hafa tekjur til að greiða niður þetta lán, sem hæstv. ráðh. hyggst útvega handa sjóðnum, eða handa þessum reikningi í ríkisbúskapnum. Út af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðh., sem er náttúrlega forráðamaður þessara mála, en ekki þeir, sem framkvæma fyrir hann þessi mál í Seðlabankanum, hvort hann hafi ekki gert áætlun um það, hvað muni vera mikið ógreitt af lánunum, sem tekin voru til þess að kaupa nýju togarana, og hvað ríkisábyrgðasjóður eða ríkissjóður muni þurfa að leggja fram á þessu ári og næstu árum vegna þessara ríkisábyrgða, miðað við að þessi félög, sem hér eiga hlut að máli, geti ekki greitt af þeim sjálf. M. ö. o.: hvað þarf ríkissjóður að leggja fram vegna þessara ábyrgða á næstu árum, ef hann þarf eins og hingað til að greiða af lánunum fyrir þessa aðila? Ef þetta lægi fyrir, að hæstv. ráðh. upplýsti þetta, þá fæst kannske ofur lítil mynd af því, hverju má búast við í þessu efni. Ég veit, að það er ekki hægt að gera neina áætlun fyrir ríkisábyrgðasjóðinn, en eins og þetta horfir núna, þarf ríkisábyrgðasjóðurinn að leggja fram milljónatugi árlega bara vegna þessara togara, þó að ekkert annað sé tekið með í reikninginn. Og svo: Hverjar eru þessar tekjur, sem hæstv. ráðh. gerir sér von um að gætu komið inn í sjóðinn, ekki aðeins til þess að standa undir þessum útgjöldum öllum saman, heldur líka til að greiða af láni því, sem taka á samkvæmt þessu frv.?

Umr. frestað.

Á 61., 62. og 63. fundi í Nd., 28. og 29. marz, 1. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við ræðu þá, sem ég flutti hér við þessa umr., þegar hún fór fram hér fyrir nokkrum dögum, gerði hæstv. fjmrh. nokkrar aths. við mál mitt. Ég benti á það, að á fjárl. fyrir árið 1961 hefðu verið veittar 38 millj. kr. til þess að greiða ríkisábyrgðir. Þessar 38 millj. kr. hefðu ekki verið notaðar, en ef þær hefðu verið notaðar, mundi sjóðurinn ekki hafa þurft þessa lánsheimild, sem hér er nú beðið um. Í því sambandi vitnaði hæstv. ráðh. í ríkisábyrgðalögin um það, að ekki hefði borið nauðsyn til að greiða þessa fjárhæð, þar sem sjóðinn hefði ekki skort fé þá. Í því sambandi vil ég benda á það, að fjárveiting þessi var ákveðin, þegar fjárlög 1961 voru afgr. hér í des. 1960. Ég vil í öðru lagi benda á það, að l. um ríkisábyrgðasjóð voru ekki afgr. fyrr en 16. apríl 1962, eða nærri fjórum mánuðum eftir að þessi greiðsla hefði átt að fara fram. Ég vil einnig benda á það, að ef sá skilningur ráðh. er réttur, sem ég tel að sé samkv. ríkisábyrgðarlögunum, að ekki eigi að greiða nema það, sem þörf er á, þá beri ríkissjóði einnig að greiða það, sem á vantar, þegar halli er á sjóðnum. Á annan hátt er ekki hægt að framkvæma þessi lög, eins og þau liggja fyrir. Ég vil einnig benda á það, að ríkisgreiðslurnar á ríkisábyrgðalánunum 1961 voru 72 millj. kr., og það var því óvarlegt að ætla, að 38 millj. kr. mundu nægja til þess að greiða þær 1962. Það er því óvefengjanlegt, að með öllu hefði verið eðlilegt að láta þessa 38 millj. kr. fjárveitingu, sem veitt var til greiðslu á ríkisábyrgðum 1961, ganga til ríkisábyrgðasjóðsins, enda þótt þær óvæntu tekjur, sem honum áskotnuðust með gengisbreytingunni 1961, yrðu svo miklar það ár, að þær gerðu betur en hrökkva fyrir greiðslunum.

Það stendur því óhaggað, sem ég hélt hér fram fyrr við þessa umr., að ástæðan fyrir því, að þessar greiðslur voru látnar niður falla, var sú, að hæstv. ráðh. þurfti að auglýsa, að greiðsluafgangur hefði orðið hjá ríkissjóði, en það hefði ekki orðið, ef ríkisábyrgðagreiðslurnar hefðu að öllu leyti farið fram úr ríkissjóði það ár.

Þess vegna er það óeðlilegt og hefði átt á árinu 1962 að greiða ríkisábyrgðasjóði það,

sem á vantaði af greiðslum hans 1962, fyrst þetta var sett niður 1961, því að ef ríkissjóður á að hafa hag af því, að veitt sé fjárhæð til ríkisábyrgðasjóðs, sem ekki þarf að greiða á sama ári, ber honum einnig skylda til að greiða þann halla, sem er á sjóðnum, eins og var 1962. Hér er þess vegna ekki um annað að ræða en það eitt að láta útibúið taka lánið, en ríkissjóðinn standa betur.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er í rauninni næsta furðulegt að þurfa að standa í deilum hér á Alþ. um jafneinfaldan hlut eins og þann, sem hér liggur fyrir, hvort þessar 38 millj., sem veittar voru í fjárl. eða áætlaðar í fjárlögum 1961 til ríkisábyrgða, hafi átt að greiðast af hendi eða ekki. Ég benti á það fyrr við þessa umr., að þessi liður er einn af fjölmörgum liðum í fjárl., sem eru áætlunarliðir, og um þessa áætlunarliði er það þannig, að vitanlega eru þeir greiddir af hendi, ef á þeim þarf að halda. Það þarf stundum að greiða heldur meira en áætlað er í fjárl., ef það reynist nauðsynlegt. Stundum er ekki nauðsynlegt að greiða það að fullu, og er þá greitt minna eða ekkert. Þetta er svo algild regla, að ég hélt, að það væri ekki ástæða til þess að hefja umr. um það við hv. síðasta ræðumann og þó allra sízt við hv. 1. þm. Austf., sem verið hefur fjmrh. jafnlengi og hann hefur verið.

Hv. 1. þm. Austf. viðhafði nú það orðbragð hér og lætur málgagn sitt endurtaka það, að ég hafi svikizt um að greiða þessar 38 millj. 1961 til ríkisábyrgðasjóðs, sem að vísu, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, var þá ekki til, en hefði átt að greiða það til ríkisábyrgða. Ég vil endurtaka það hér, að á árinu 1961 þurfti ekki á þessum 38 millj. að halda, vegna þess að sá tekjustofn, sem með lögum var ætlaður á árinu 1961 til þess að standa undir ríkisábyrgðum, nægði, en það var hluti af gengishagnaðinum. Hann nægði — það sem til féll á árinu 1961 — til að standa undir ríkisábyrgðum áföllnum á því ári. Þess vegna þurfti ekki og átti ekki að greiða þessar 38 milljónir af hendi. Þetta hefur ekki heldur verið vefengt, þegar ríkisreikningurinn var saminn og var til meðferðar hér á Alþ. og lögfestur og kom ekki ein einasta aths. fram frá þessum hv. þm. þá.

Þetta vita auðvitað báðir þessir hv. þm. En ef þá vantar eitthvert fordæmi, sem þeir geta kannske eitthvað lært af, þá skal ég nefna það, að í fjárl. fyrir 1958 eru áætlaðar 40 millj. til dýrtíðarráðstafana á 19. gr. fjárl., í 1. tölulið. Fjárl. eru afgr. rétt fyrir ársbyrjun 1958. Fjmrh. var þá hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson. Hvað skeður? Á árinu 1958 eru sett lög, svokölluð bjargráðalög, þar sem m. a. er aflað tekna til þess að standa undir dýrtíðarráðstöfunum. Niðurstaðan verður sú, að þessar 40 millj. á fjárl. eru ekki greiddar af hendi, þær eru alls ekki greiddar af hendi. Vegna hvers? Vegna þess að þetta var áætlunarupphæð, sem síðar þurfti ekki á að halda, vegna þess að aðrir tekjustofnar, þ. e. a. s. útflutningssjóðs, stóðu undir dýrtíðarráðstöfunum að fullu. Þegar Eysteinn Jónsson greiðir nú ekki þessar 40 millj., sem ætlaðar voru í fjárlögum 1958, var hann þá að svíkjast um að greiða þetta af hendi? Var hann að punta upp á afkomu ríkisins á pappírnum, eins og þessi hv. þm. orðar það? Svo var alls ekki. Ég álít, að hér hafi verið rétt að farið. Á þessum 40 millj. til dýrtíðarráðstafana þurfti ekki að halda, vegna þess að ákveðið var síðar með l. að afla sérstakra tekjustofna til þess að standa undir þessu. En það er furðulegt, að sá sami hv. þm., sem í ráðherrastól hefur gert þetta, skuli leyfa sér að rísa hér upp og gagnrýna með sterkum orðum og svigurmælum, að í rauninni er hið nákvæmlega sama gert árið 1961. Það er ekki notuð áætlunarupphæð í fjárl., vegna þess að ekki þarf á henni að halda. Í rauninni er öllum ljóst, að þetta skot hv. 1. þm. Austf. hittir engan fyrir nema sjálfan hann.

Varðandi greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðalána í vanskilum hefur það verið þannig um allmörg undanfarin ár, — fram til 1961, þegar sérstakur tekjustofn var til þess ætlaður, — að greiðslurnar hafa farið fram úr áætlun fjárl. Á næstu 5 árum á undan því ári, þ. e. a. s. 1956—1960, voru ætlaðar í fjárl. samtals 105 millj. til að standa undir áföllnum ríkisábyrgðum, en greiðslurnar urðu 142,2 millj., fóru m. ö. o. á þessum árum milli 37 og 38 millj. fram úr áætlun. Þannig er það um þá áætlunarupphæð, sem fjárlög ákveða í þessu skyni, að ýmist þarf að borga meira en áætlunin segir til um eða eins og 1961 þarf ekki á henni að halda. Hv. þm. með sína reynslu í fjármálum ríkisins, hv. 1. þm. Austf. með sína reynslu sem fjmrh. og hv. 3. þm. Vesturl. með langa setu í fjvn., vita þetta allt saman ósköp vel. Það er auðvitað augljóst mál, að það var ekki rétt að greiða þessar 38 millj. af höndum út úr ríkissjóði árið 1956. Þvert á móti hefði verið rangt að greiða þær af hendi, þar sem engin þörf var fyrir þær.

Hv. 3. þm. Vesturl. segir svo hér áðan, að það hefði verið óvarlegt fyrir árið 1962 að reikna aðeins með 38 millj., sem eru áætlaðar í fjárl. fyrir það ár vegna áfallinna ríkisábyrgða. Þetta er ekki heldur rétt, því að auk þessara 38 millj., sem ætlaðar eru í fjárl. 1962, voru tekjur vegna gengishagnaðarins milli 23 og 24 millj., sem komu hér til viðbótar.

Það voru höfð þau orð hér af hv. 1. þm. Austf. við fyrri hluta þessarar umr., að með þessu frv. væri verið að velta yfir á framtíðina áföllnum vangreiddum framlögum ríkissjóðs. Hvað er það, sem hér er að gerast? Það er það, að verið er að reyna að koma á röð og reglu í stað óreiðu í sambandi við vanskil á ríkisábyrgðaskuldum. Það er verið að semja við vanskilaaðila og reynt að fylgja því eftir, að þeir greiði það, sem um er samið. Og það er í þriðja lagi verið að reyna að koma sem mest í veg fyrir áföll framvegis. Ég er sannfærður um, að árangur er væntanlegur og

hann mun ekki láta á sér standa vegna þeirrar nýju skipunar, sem upp hefur verið tekin um ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðasjóð. Og ég er sannfærður um, að það líður ekki langt, þangað til annars vegar ríkisábyrgðasjóður þarf að inna af hendi minni greiðslur en verið hefur, og á hinn bóginn, að meira fer að koma inn en áður af eldri vanskilaskuldum. M. ö. o.: áður en langt um líður verður fjárþörf vegna ríkisábyrgða miklu minni en hún hefur verið að undanförnu og er nú.

En framsóknarmenn lifa í hinum gamla og úrelta heimi. Þeir álíta, eins og var alltaf áður, að ef einhver vanskil vegna ríkisábyrgðalána féllu á ríkissjóð, þá yrði ríkissjóður auðvitað að borga það og þar með væri málið búið og allt saman afskrifað. Það var ekki verið að ganga eftir því, sem féll á ríkissjóð, það var allt logandi í vanskilum og almenningur var látinn borga.

Það, sem nú gerist, er þetta: Það er verið að koma röð og reglu í stað óreiðu á þessa hluti, og ég er sannfærður um það, að þau nýju vinnubrögð og þær nýju reglur, sem hér hafa verið upp teknar, munu verða þess valdandi, að fjárþörfin af hendi ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs verður innan skamms miklu minni en áður. Og það er þess vegna, sem þetta frv. er fram borið. Á árinu 1962 vantar milli 44 og 45 millj. kr. til þess, að tekjur ríkisábyrgðasjóðs hrökkvi fyrir gjöldum. Auðvitað mætti segja með hv. 3. þm. Vesturl.: Ríkissjóður á að borga á árinu 1962 þessa upphæð umfram fjárl. Það er alveg í samræmi við það, sem tíðkaðist hér áður, og svo er allt búið og jafnvel ekki hirt um að innheimta þessar vanskilaskuldir.

Ég er á allt annarri skoðun. Ég er sannfærður um, að innan skamms muni þetta breytast til batnaðar, þannig að ríkisábyrgðasjóður þarf aðeins um stundarsakir á þessu láni að halda. Og það, sem hér er farið fram á, er heimild til þess að taka lán, og gert ráð fyrir, að það verði til stutts tíma og endurgreitt af ríkisábyrgðasjóði, áður en langt um líður. Ef hins vegar ríkissjóður færi að greiða þetta af sínum tekjum árið 1962, þá er það óafturkræft framlag, eins og verið hefur áður, sem engin ástæða er til að inna af hendi.

Nei, það hefur orðið veruleg breyting á viðhorfum í þessum málum, og í rauninni skýra viss ummæli hv. 1. þm. Austf. hér við umr. þetta alveg greinilega. Hann lýsti því yfir, að í hans tíð hefðu oft verið veittar ríkisábyrgðir, þótt augljóst væri, að aðili gæti ekki staðið í skilum. Þetta var mórallinn, þetta var fjármálamórallinn á þeim tíma. Núv. ríkisstj. og stjórnarflokkar eru auðvitað, eins og margsinnis hefur komið fram, þeirrar skoðunar, að oft og tíðum sé sjálfsagt og nauðsynlegt að styðja framkvæmdir víðs vegar um landið, bæði framkvæmdir sveitarfélaga, einstakra félaga o. s. frv. eða einstaklinga með ríkisábyrgðum. Oft og tíðum getur það verið nauðsynlegt og sjálfsagt, og síðan núv. ríkisstj. tók við störfum, hafa vissulega margvíslegar ríkisábyrgðir verið veittar, ekki síst fyrir hinar strjálu byggðir til að greiða fyrir ýmiss konar framfaramálum þar.

En munurinn er þessi: Við teljum, að áður en ríkisábyrgð er veitt, eigi að kanna til hlítar: Eru möguleikar á því, að þetta fyrirtæki geti staðið í skilum og endurgreitt það lán, sem ríkið er að ganga í ábyrgð fyrir? Ef það er útilokað eða litlar líkur til þess, að svo geti orðið, þá á að koma slíku fyrirtæki á grundvöll með því að veita því beina styrki, og oft og tíðum þarf að gera það bæði með beinum styrk í upphafi og ríkisábyrgð. En að vera að blekkja sjálfan sig og aðra með því að veita ríkisábyrgðir til framkvæmda og fyrirtækja, þó að augljóst sé, eins og hv. 1. þm. Austf. orðar það, að aðilar geti ekki staðið í skilum, það er siðspilling í fjármálum, sem verður að uppræta. En það er ósköp eðlilegt, að það kenni nokkurrar viðkvæmni hjá höfundum vanskilastefnunnar, þegar reynt er að breyta til. En í rauninni verður það að segja, að í stað þess að ónotast út af þessum umbótum og hreingerningum ætti hv. 1. þm. Austf. heldur að þakka fyrir það, að einhver fæst til þess að taka til og gera hreint eftir allt of langa umgengni hans um fjárhirzlu ríkisins.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. — Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég mótmæli því algerlega, að hæstv. fjmrh. geti leyft sér að halda því fram, að við séum að halda hér uppi einhverri vanskilastefnu, Framsóknarflokksmenn. Ég hef sjálfur tekið þátt í því fyrir hönd míns flokks að gera samninga eða gera till. um, hvernig með skyldi fara um ríkisábyrgðalán, og ég mótmæli því, að ég hafi nokkuð frekar en annar í þeirri nefnd viljað styðja að vanskilum. Ég vil einnig taka það fram, að það sveitarfélag, sem ég er forsvarsmaður fyrir, hefur aldrei þurft að láta greiða fyrir sig ríkisábyrgð. Þess vegna hefur hæstv. ráðh. ekki rétt til þess að segja slíkt. Ég vil enn fremur taka það fram, að ég sýndi fram á það hér með rökum í ræðu minni fyrir nokkrum dögum, að vanskilaskuldirnar eru mestar frá tímum þeirrar stjórnar, sem þessi hæstv. ráðh. hefur stutt.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ég held því fram, að það skipti máli, hvort lögin, sem hæstv. ráðh. notar í þessu tilfelli í sambandi við greiðsluna 1961, eru samþ. fjórum mánuðum eftir að greiðslan átti að fara fram. Ég held því einnig fram, að ef hæstv. ráðh. hefur haft rétt til þess að fella niður greiðsluna, þó að fjárlög hafi veitt fé til þess arna 1961, þá bar honum einnig að greiða þetta umfram í fjárl. 1962 vegna ríkisábyrgða, ekki síst þar sem hann hafði haft þennan afgang 1961. Þess vegna held ég, að öll digurmæli hæstv. ráðh. um vanskilastefnu og annað því um líkt, hann ætti að spara sér þau. En það, sem er stað-

reynd í þessu máli, var auglýsingin um áramótin 1961. Henni þurfti hæstv. ráðh. að koma á framfæri og þess vegna var þessi leið farin.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Það eru fáein orð út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði. Ég hef leyft mér að halda því fram, að stofnun þessa svokallaða ríkisábyrgðasjóðs o. fl., sem hefur gengið í þá stefnu að slíta einstaka reikningsliði út úr ríkisbúskapnum og gera þá upp sér, — ég hef leyft mér að halda því fram, að upp á þessu hafi hæstv. fjmrh. fundið til þess að leyna því raunverulega fyrir þinginu og þjóðinni, hvernig afkoma ríkissjóðs hefur verið. Ég hef fært rök fyrir þessu, sem hæstv. fjmrh. hefur ekki getað hnekkt og mun ekki geta hnekkt.

Hæstv. fjmrh. þóttist sjá fram á það 1961, að það mundi ekki takast að ná greiðslujöfnuði á ríkisbúskapnum þrátt fyrir þær óhemjuálögur, sem lagðar höfðu verið á og voru meiri en nokkru sinni áður hafa þekkzt í sögu íslenzku þjóðarinnar, því að þessi hæstv. fjmrh. hefur gengið lengra í skattpíningu og tollaálögum en nokkurn tíma hefur áður þekkzt í íslenzkri sögu. Hann hefur gengið svo langt í þessu, að síðan 1958 hafa álögur til ríkisbúskaparins hækkað um 1400 millj., og það er ekki nema vorkunnarmál, þó að hæstv. ráðh. sé æðisárt um, ef þannig æxlast, að þrátt fyrir þessar óhemjuálögur verði ekki einu sinni jöfnuður á ríkisbúskapnum. Þess vegna var það í sjálfu sér ekki nema mannlegt, að hæstv. fjmrh. varð bilt við 1961, þegar hann þóttist sjá fram á halla, og fyndist hann þurfa að grípa til einhverra sjónhverfinga, eins og hann er þekktur fyrir í þessum efnum. En þá fann hæstv. ráðh. upp það ráð að kalla ríkisábyrgðatöpin ríkisábyrgðasjóð og láta síðan gengishagnað á birgðum útflutningsafurða, sem hann lét taka eignarnámi af sjávarútveginum, ganga inn á þennan reikning. Þessu fé, sem tekið var eignarnámi frá sjávarútveginum, er þannig ætlað að standa undir ríkisábyrgðatöpunum, ná ríkisábyrgðatöpunum þannig að nafninu til út af ríkisreikningnum fyrir 1961 og segja svo: Það varð greiðsluafgangur hjá ríkissjóði 1961. Var þetta ósleitilega auglýst af hendi hæstv. ráðh., þessi greiðsluafgangur, sem fenginn var með þessu móti að taka ríkisábyrgðagreiðslurnar út af reikningnum og taka þetta fé eignarnámi af sjávarútveginum. Ef hæstv. ráðh. hefði ekki gripið til þess að hrifsa þetta fé með eignarnáminu og taka þennan reikningslið út af fjárl., hefði það komið í ljós, að raunverulega var greiðsluhalli á ríkisbúskapnum 1961, en það mátti ekki sjást.

Svipaðan leik leikur svo hæstv. ráðh. árið 1962, í sambandi við fleira, eins og t. d. það, að hann vildi ekki á fjárlögum fyrir það ár telja til útgjalda lögboðin framlög til atvinnuleysistryggingasjóðs, af því að það ætti að inna þau af hendi með lántökum. Þannig voru fjárlögin greiðsluhallalaus höfð á hv. Alþ. með því að sleppa að telja til útgjalda lögboðin útgjöld, af því að það átti að greiða þau með lántökum. Hefur slík bókfærslukenning aldrei heyrzt fyrr, en þetta er þáttur í sjónhverfingaleik hæstv. ráðh. til þess að láta þetta allt líta betur út en ástæða er til. Það er alveg sérstök ástæða til að víta hæstv. ráðh. fyrir þetta. Fyrir utan það, sem ég benti á hér um daginn, að hann lét ekki setja inn á fjárl. fyrir 1963 greiðslur af lánum, sem ríkissjóður hefur þegar tekið og verður að standa undir, eins og t. d. lánunum vegna Keflavíkurvegarins. Hann lét ekki setja þetta inn á fjárlögin, og hann ætlaði ekki einu sinni að leita heimildar Alþ. fyrir lántökum til Keflavíkurvegarins, fyrr en hann loksins var pressaður til þess hér á Alþ. með mikilli fyrirhöfn að leita löglegs samþykkis fyrir þeim lántökum í framtíðinni. Það fékkst þó fram, en hitt fékkst ekki, að hæstv. ráðh. léti færa greiðslur af þeim lánum, sem búið var að taka, inn á fjárl. Allt að einu verður að greiða þessar greiðslur. Það væri fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa menn um þetta, en hann minntist ekkert á það í þeirri stuttu ræðu, sem hann hélt hér áðan, hvernig hægt er að afsaka þetta.

Hæstv. ráðh. sagði í sambandi við ríkisábyrgðasjóðinn, þegar hann var hér til umr., að það ætti að taka hann úr tengslum við ríkissjóðinn. Hvernig heldur hæstv. ráðh., að það sé hægt að taka þessi efni úr tengslum við ríkissjóðinn, þegar ríkisábyrgð er á lánunum og ríkið verður sjálft að standa við þá ábyrgð? Það sjá allir menn, að slíkt verður ekki slitið úr tengslum við ríkisbúskapinn eða ríkissjóðinn. Það er hægt að búa til einhvern sérstakan reikning yfir þetta og slíta reikninginn úr sambandi við ríkisreikninginn, gera ríkisuppgjörið rangt, samþykkja sérstök lög um, að þessu skuli haldið út af fyrir sig, þó að það standi í sjálfri stjórnarskránni, að það skuli færa allar ríkistekjurnar og ríkisútgjöldin á ríkisreikninginn. Það er hægt að gera svona sjónhverfingalistir, en það hefur bara ekki neina praktíska þýðingu. Ríkissjóður verður auðvitað að standa við sínar ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðasjóðurinn er ekkert annað en reikningur í ríkisbúskapnum, þó að hæstv. ráðh. sé að bisa við að halda honum utan við reikningsskil ríkissjóðs til þess að sýna þar skakka niðurstöðu.

Hæstv. ráðh. er að ræða það hér, að í raun og veru hafi þetta allt saman verið ákaflega eðlilegt. Á árinu 1961 hafi ekkert þurft á því að halda að leggja fram neitt af ríkistekjunum, — þessum venjulegu ríkistekjum — til að greiða ríkisábyrgðatöpin og þess vegna hafi mátt sleppa því, — það hafi alveg mátt sleppa því, það hafi verið alveg eðlilegt að sleppa því að greiða nokkuð af ríkistekjunum upp í ríkisábyrgðasjóðinn, því að það hafi ekki verið nauðsynlegt. Það hafi ekki þurft á því að halda.

Við sjáum þetta núna. Við þurfum ekki að deila um, hvort það hafi þurft á þessu að halda eða ekki. Er það ekki staðreynd, sem hæstv. ráðh. er að segja þinginu frá, að ríkis-

ábyrgðasjóðurinn sé kominn í þrot, er það ekki það, sem hann er alltaf að segja okkur, og þess vegna þurfi að taka lán handa honum? En í hinu orðinu segir svo hæstv. ráðh.: Sjóðurinn þurfti ekkert á þessum 38 millj. kr. að halda. En er það ekki staðreynd, sem hæstv. ráðh. er alltaf að útskýra, að ríkisábyrgðasjóðurinn sé kominn í þrot? Og hann þarf ekki aðeins þessar 38 millj., sem hæstv. ráðh. greiddi honum ekki 1961, þó að gert væri ráð fyrir því í fjárlögunum, heldur þarf hann meira til, því að ráðherrann gerir ráð fyrir að taka lán handa honum samtals 50 millj. kr. M. ö. o.: það, sem með öllum þessum sjónhverfingum og blekkingum hét greiðsluafgangur árið 1961, það heitir nú orðið ríkislántaka upp á 50 millj. Þannig er leikið fram og aftur með þessi efni.

Svo er hæstv. ráðh. alveg hissa á því, að þetta skuli sæta nokkurri gagnrýni, að mönnum skuli ekki þykja þetta eðlilegt og sjálfsagt. Ætli það hefði ekki verið eðlilegri framkvæmd á þessum málum, ef ríkisábyrgðasjóðurinn hefði átt að heita sjóður, en ekki bara ríkisábyrgðatöp, sem færð eru á sérstakan reikning, að það hefðu þá verið lagðar til hans þessar 38 millj. kr., sem Alþ. ætlaði upp í ríkisábyrgðatöpin árið 1961? En það mátti auðvitað ekki láta það, því að þá var lakari útkoma á pappírnum hjá hæstv. ráðh. 1961. Þess vegna mátti ekki láta það, þá var ekki hægt að gorta af því sem greiðsluafgangi. Við sjáum svo, hvaða hald er í þessu, að nú örstuttu síðar kemur svo hæstv. ráðh. og segir: Hann þurfti á þessu að halda, sjóðurinn, því að nú vantar hann 50 millj. Ég ætla að biðja ykkur að samþykkja, að það verði tekið að láni.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að þetta mál væri tiltölulega einfalt. Ég hallast að því, að það sé tiltölulega einfalt, þegar búið er að reyta utan af þessu umbúðirnar, sem hæstv. ráðh. hefur vafið það inn í, — þá er þetta tiltölulega einfalt. Það er engum manni ofvaxið að skilja, hvað hér hefur raunverulega gerzt, og þessi sjónhverfing mun því hafa ákaflega litla þýðingu. Þó má vera, að hæstv. ráðh. nái þeim tilgangi sínum að láta líta svo út í augum sumra, að það hafi verið glæsilegur greiðsluafgangur árið 1961, sem fenginn var þannig m. a. að greiða ekki 38 millj. kr., sem áttu að ganga upp í ríkisábyrgðatöpin, koma svo rúmlega ári síðar og biðja Alþ. um að standa að því, að lán verði tekið til þess að greiða þetta og meira til.

Já, sennilega eru það margir, sem álíta, að það hafi orðið mjög vænlegur greiðsluafgangur hjá hæstv. ráðh. Mér dettur í hug á stundinni annað, sem sýnir, að hæstv. ráðh. er talsvert ýtinn við svona sjónhverfingar. Ég man eftir því, að þegar hæstv. ráðh. tók við, þá gerði hann mikið úr því, að hann ætlaði að framkvæma alls konar sparnað. M. a. sagðist hann ætla að fækka stórkostlega nefndum. Það brá nú samt svo við, að þegar fyrstu reikningsskil komu frá hæstv. ráðh., þá hafði nefndum fjölgað, en ekki fækkað, og stóraukizt kostnaður við þær á allar lundir. En svo þegar næstu reikningsskil koma fyrir árið 1961, þá hafði nefndunum fækkað. Ég fór þá að kynna mér þetta dálítið, lagði vinnu í að kynna mér þetta, og þá komst ég að því, að þetta var ósköp einfalt og mjög í stíl við annað, sem kemur frá hæstv. ráðh. Hann hafði bara farið í gegnum reikninginn og einfaldlega breytt titlunum, og það, sem áður hétu nefndir, hét nú rannsókn á hinum og þessum málum og athugun á hinu og þessu o. s. frv. Nefndanöfnin höfðu verið strikuð út og annað sett í staðinn, og þannig kom glæsilegur árangur! Það hafði fækkað stórkostlega nefndum! En nefndunum hafði náttúrlega ekki fækkað neitt og kostnaðurinn vaxið stórkostlega. En síðan ráðh. gerði þetta, hef ég ekki heyrt hann gorta af því, að hann hafi fækkað nefndum.

Þetta er bara til að benda á eitt dæmi enn í þessu sambandi, sem sýnir, að hæstv. ráðh. getur ekki með neinni sanngirni undrazt, þó að einhverjum detti í hug að benda á leikaraskapinn í þessum efnum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég ætti ekki að vera að tala um þetta, því að það hefði verið breytt til frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1958, og tekin upp ný skipan á þeim málum, — dýrtíðargreiðslur, sem ráðgerðar hefðu verið á fjárlögunum 1958, hefðu með sérstakri löggjöf verið færðar yfir á annan sjóð, og hann gerði mikið úr þessu, að mér ætti að vera þetta minnisstætt. — Ég neita því algerlega, að hér sé um nokkra hliðstæðu að ræða, því að það var ekki í þessu sambandi verið að gera neina tilraun til þess að sýna ranga mynd af útkomunni í þessum málum. Og m. a. er hægt að benda á, að 1958 voru ekki aðeins nokkur gjöld, sem í fjárlögunum stóðu, með lögum færð yfir á útflutningssjóð, heldur var stór tekjupóstur, sem einnig var gert ráð fyrir í fjárl., einnig færður yfir til útflutningssjóðs, þannig að það var bæði um tekjur og gjöld að ræða í þessu sambandi. Hér er líka um algerlega ósambærilega hluti að ræða, vegna þess að það var skýrt tekið fram í l. um útflutningssjóð, sem sett voru, að þessi gjöld skyldu úr honum greidd, enn fremur skýrt tekið fram, að hann skyldi þeirra tekna njóta, sem áður höfðu runnið í ríkissjóð. Það voru hreinar línur um það.

Á hinn bóginn er það alveg víst, að engum datt það í hug á hv. Alþ., að ekki yrðu greiddar úr ríkissjóði þessar 38 millj., sem áttu að ganga til að greiða ábyrgðatöpin á árinu 1961, enda þurfum við ekkert um þetta að deila meira, því að þetta liggur alveg ljóst fyrir. Ríkisábyrgðasjóður er kominn í þrot, fyrst og fremst vegna þess að hann fékk ekki þessar 38 millj., sem hæstv. ráðh. segir nú, að hann hafi ekki þurft á að halda.

Nú getur hæstv. ráðh. e. t. v. sagt sem svo, að hann hafi ekki getað séð fyrir, hversu mikil ríkisábyrgðatöpin yrðu t. d. árið 1962. En ég fullyrði alveg hiklaust, að honum hlýtur að hafa verið alveg ljóst, að það þurfti að leggja

út gífurlegar fúlgur vegna ríkisábyrgðanna, sem teknar höfðu verið fyrir togaraútgerðina og nema milljónatugum, eins og ég sýndi fram á síðast, þegar þessi mál voru hér til umr.

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um, að hann vildi reyna að koma þessum málum í betra horf en þau hefðu verið, og m. a. væru allar þessar tilfæringar fram og aftur gerðar í því skyni. Og hann sagði hér áðan, að það mætti teljast til stórtíðinda að heyra fyrrv. fjármálaráðherra lýsa því yfir, að komið hefði fyrir á undanförnum áratugum, að veittar hefðu verið ríkisábyrgðir, þótt fyrirsjáanlegt hefði verið, að ekki gætið orðið staðið í skilum. Ég hef margoft lýst því yfir, og hv. Alþ. hefur verið það fullkomlega ljóst, að sú hefur verið framkvæmd þessara mála, að það hefur verið gengið í ríkisábyrgðir fyrir bæjar- og sveitarfélög sérstaklega í ýmsum dæmum, þó að fyrirsjáanlegt væri, að ekki væri hægt að standa í skilum með greiðslur af lánunum, a. m. k. fyrstu árin eftir að framkvæmdirnar áttu sér stað. Þetta hefur verið gert í mýmörgum dæmum víðs vegar um landið með fullu samþykki allra flokka á Alþ. og með fullu samþykki ráðh. úr öllum flokkum.

Kannske er það meiningin hjá hæstv. fjmrh. að deila á mig fyrir að hafa gengið í ríkisábyrgð fyrir Þorlákshöfn, tek það sem dæmi. Augljóst var hverju mannsbarni, að þegar ríkisábyrgðir voru teknar fyrir Þorlákshöfn, þá var óhugsandi, að hægt væri að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af þeim lánum fyrstu árin. Samt var gengið í þessar ríkisábyrgðir. Ber að skilja þessar ádeilur hæstv. ráðh. á mig þannig, að hann sé að deila á mig fyrir að hafa veitt ríkisábyrgðir við þessar aðstæður á Þorlákshöfn? Eða t. d. fyrir Sauðárkrók, Skagaströnd eða Akranes? Er það skoðun hæstv. fjmrh. núv., að það hafi verið hneyksli? Ekki varð annað ráðið af orðum hans en það hafi verið hneyksli að ganga í ríkisábyrgðir fyrir þessa staði, þó að það væri augljóst, að þeir gátu ekki greitt af lánunum. Það var fyrir fram augljóst um marga þessa staði, að þeir gátu ekki greitt af lánunum lengi vel. Hitt er svo annað mál, að menn gátu gert sér vonir um, að atvinnulíf þróaðist svo á þessum stöðum, að þeir gætu síðar staðið í skilum. Þannig væri hægt að halda áfram að nefna dæmi, hliðstæð þeim, sem ég var að nefna núna og hæstv. fjmrh. telur hneyksli af minni hendi.

Ég skal fúslega taka við þeim vitnisburði frá honum, alveg fúslega og kviði því ekkert að standa undir honum. Hitt er annað mál, hvort hæstv. fjmrh. stendur undir því, sem hann hefur sagt um þetta. Það er annað mál. Það er ekki aðeins, að það sé hægt að nefna þessi hafnarmannvirki, sem ég nú hef nefnt, heldur mætti einnig halda áfram og nefna t. d. rafveitur, sem staðið hafa undir ýmsum þýðingarmiklum byggðarlögum landsins, eins og t. d. rafveituna á Siglufirði og Andakílsvirkjunina, sem var alveg fyrirsjáanlegt að mundu ekki geta staðið fyrstu árin undir sínum greiðslum af ríkisábyrgðarlánunum. Og þannig mætti halda áfram að nefna mörg merkustu mannvirki á landinu, sem mundu aldrei hafa komizt upp, ef ætti að fylgja fram þeirri stefnu, sem hæstv. fjmrh. lýsir hér yfir í fljótræði sínu, að ekki sé annað meira sagt.

Svo er helzt að heyra, að hæstv. fjmrh. haldi því fram, að það hafi aldrei verið gerð nein tilraun til að semja um ríkisábyrgðir og fá greitt aftur það, sem út var lagt, fyrr en hann kom þarna. Þetta eru auðvitað hreinar blekkingar. Ég man eftir því á stundinni, að það var gerður samningur við Andakílsvirkjunina og fleiri stofnanir um endurgreiðslur á ríkisábyrgðarlánum. Það er ekkert nýtt. Slíkir samningar hafa verið gerðir þar, sem fyrirtækjum eða byggðarlögum hefur vaxið þannig fiskur um hrygg, að þau gátu farið að greiða aftur inn. Sannleikurinn er sá, að með þeirri einstrengingslegu stefnu, sem núv. hæstv. fjmrh. vill fylgja í þessu, verður lagður fjötur á margar þær þýðingarmestu framkvæmdir, sem þarf að vinna að í landinu, í mörgum kauptúnum og kaupstöðum. Það er sannleikurinn.

Hitt er svo annað mál og kemur til bjargar, að hæstv. fjmrh. getur ekki framkvæmt þessa stefnu og kiknar undir henni. Ætlar hæstv. ráðh. t. d. ekki að ganga í ríkisábyrgð fyrir nýja Þorlákshafnarláninu? Hafa verið lagðar fyrir hann áætlanir, sem sýna, að það sé undir öllum kringumstæðum klárt og ljóst, að Þorlákshöfn geti staðið í skilum með þetta nýja lán frá fyrsta gjalddaga og fram úr? Ég spyr: Ætlar hæstv. fjmrh. að neita Þorlákshöfn um ábyrgðina? Hefur hæstv. fjmrh. fengið óyggjandi greinargerð fyrir því, að Þorlákshöfn geti staðið fullkomlega í skilum frá fyrsta gjalddaga til hins síðasta? Vill hæstv. fjmrh. ekki gera svo vel að svara þessum spurningum?

Ég segi: Hæstv. ráðh. kiknar á þessu öllu saman, sem betur fer, vegna þess að Þorlákshöfn á að koma upp, jafnvel þó að hún geti ekki staðið undir vöxtum og afborgunum af lánum frá fyrsta gjalddaga, því að það getur hún ekki. Eða kannske hæstv. fjmrh. ætli að leggja fram löggjöf um, að ríkissjóður leggi fram það fé, sem þarf til hafnarbyggingar í Þorlákshöfn umfram það, sem staðið verður undir af lánum, því að eitthvað var hann áðan að tæpa á slíku? En aðalstefna hans var, að ef það væri ekki alveg ljóst, að fyrirtækin gætu staðið undir lánum sínum frá fyrstu tíð, þá ætti að neita þeim um ríkisábyrgð, sagði ráðh., og það væri ömurlegt hneyksli að heyra fyrrv. fjmrh. lýsa því yfir á Alþ., að ríkisábyrgð kæmi til greina undir slíkum kringumstæðum. En svo tæpti ráðh. á, þó að það væri óljóst, að ef þyrfti að styðja slíkar framkvæmdir, þá yrði ríkið bara að taka þeim mun meira á sig. Ætlar hann þá að leggja fram hér og fá samþykkt á Alþ. frv. um, að ríkissjóður leggi fram það, sem þarf til að greiða stofnkostnaðinn í Þorláks-

höfn svo langt niður, að það sé alveg óruggt, að aldrei geti orðið um nein vanskil þar að ræða á greiðslum af hafnarlánunum? — Annaðhvort verður hæstv. ráðh. að standa ómerkur að öllu því, sem hann hefur sagt um þetta, eða hann verður að gera nánari grein fyrir þessu.

Ég tek Þorlákshöfn hér vegna þess, að þar er um eina merkilegustu framkvæmd á Íslandi að ræða, og Þorlákshöfn er líka alveg týpiskt dæmi um það, sem hér er verið að deila um, og svo stórt og glöggt og ljóst dæmi, að það getur enginn verið í neinum vafa um, hvað hæstv. ráðh. talar gersamlega út í hött um þessi mál, einmitt þegar dæmi eins og Þorlákshöfn er tekið. En þó að ég taki hér Þorlákshöfn, þá er því sama til að dreifa um margar stórmerkar framkvæmdir víðs veg ar um landið, en bara smærri í sniðum. Ég tek stóra dæmið, vegna þess að það er svo ljóst, tek það eitt og læt það duga, af því að það er svo einfalt. Það gerir augljóst, að yfirlýsingar hæstv. ráðh. og gagnrýni hans, þetta er allt markleysa. Stefnuyfirlýsingarnar eru út í bláinn. Og ef hæstv. ráðh. fengi því ráðið að fara eftir því, sem hann lýsir yfir, þá sjáum við af þessu eina dæmi, í hvert óefni mundi leiða.

Hæstv. ráðh. var að tala um þessa óreiðustefnu, sem ég hefði staðið fyrir. Því miður hef ég ekki hér lista yfir útlagðar ábyrgðir í árslok 1958 og man ekki, hversu háa fjárhæð alls var þá búið að leggja út vegna ríkisábyrgða. En ég fullyrði, að þær fjárhæðir, sem þá var búið að leggja út vegna ríkisábyrgða, voru hreinir smámunir hjá því, sem síðan hefur verið lagt út vegna ríkisábyrgða af ríkisfé og úr þessum sjónhverfingasjóði vegna ríkisábyrgðanna.

Það eru tvær meginástæður fyrir því, að þessar fjárhæðir hafa vaxið svona mikið. Önnur ástæðan er sú, að á árinu 1961 — og ég hygg líka á árinu 1962, sérstaklega á árinu 1961, voru lagðar út háar fjárhæðir vegna fiskiðjuvera, fiskvinnslustöðva víðs vegar um landið. En slíkt hafði aldrei áður tíðkazt í svo stórum stíl. Ég hygg, að þetta hafi staðið að einhverju leyti í sambandi við löggjöfina um skuldaskil sjávarútvegsins. Þessar fjárhæðir voru að vísu yfirleitt greiddar vegna lána, sem búið var að taka ábyrgð á, áður en ég sleppti þessum málum. En ég hygg líka, að þessar fjárhæðir séu alls ekki tapaðar, þó að þær væru ekki innheimtar strax 1961. Þær munu yfirleitt skila sér þessar fjárhæðir. En áður, á meðan ég hafði með framkvæmd þessara mála að gera, söfnuðust yfirleitt alls ekki vanskilaskuldir upp vegna fiskiðjuveranna. Það var gengið frá því jafnóðum, nema í tveimur eða þremur dæmum eða svo, örfáum dæmum, sem vanskil urðu og húsin gátu ekki staðið í skilum, og þá voru þau hús boðin upp og urðu stundum eign ríkisins. Það var passað upp á þessar ábyrgðir. En 1961 var stórfé lagt úr ríkissjóði vegna ábyrgðanna fyrir fiskiðjuverin, og er það önnur aðalástæðan fyrir því, hversu töpin hafa verið miklu hærri nú síðustu missirin en áður.

En hin ástæðan, og langsamlega aðalástæðan, eru ríkisábyrgðirnar, sem teknar voru vegna kaupa á togurum á árunum 1959 og 1960 og eru mér alveg óviðkomandi, eru á ábyrgð þess stjórnarmeirihl., sem hæstv. fjmrh. talar hér fyrir. Og þær greiðslur eru svo gífurlegar, að allar aðrar greiðslur, sem komið hafa til greina vegna ríkisábyrgða, verða nánast dvergsmáar í samanburði við þær. Það leikur á 10—20 millj., sem ríkissjóður hefur orðið að leggja út fyrir einstaka togaraeigendur í sambandi við þessi lán. Þessi lán voru til tiltölulega skamms tíma og með allháum vöxtum, og ég leyfi mér nú að draga í efa, að sá fjmrh., sem tók þessar ábyrgðir, hafi getað gert ráð fyrir því, að þessar ábyrgðir yrðu áfallalausar fyrir ríkissjóð. Það var að vísu ekki núv. hæstv. fjmrh., sem tók þessar ábyrgðir, heldur annar ráðh. úr samstarfsflokki hans, en allar eru þær framkvæmdir að sjálfsögðu á ábyrgð þess stjórnarmeirihl., sem hæstv. fjmrh. talar fyrir. Ég mundi ekki tala mikið um óreiðu í sambandi við þessi mál, ef ég væri í sporum hæstv. fjmrh. og stjórnarmeirihl. Ég mundi ekki í sporum fjmrh. leyfa mér að gefa í skyn, að þau verk, sem ég hef sjálfur staðið að í þessu sambandi, eins og t. d. ríkisábyrgðirnar fyrir togarana, sem mestu valda nú um töpin, væru arfur frá öðrum. Ég mundi ekki leyfa mér að gera slíkt, að ógleymdri ríkisábyrgðinni fyrir Ásfjall h.f.

Ég held, að það væri lítil áhætta í því fyrir mig, að þessi mál yrðu borin saman, það yrðu t. d. bornar saman og skoðaðar þær ríkisábyrgðir, sem teknar voru fyrir 1958, og hvernig heppnazt hefur með þær annars vegar, og svo aftur þær, sem teknar hafa verið síðan, og hvernig heppnazt hefur með þær. Og ég held, að það færi vel á því fyrir hæstv. fjmrh. að tala um þessi mál með minni hroka.

Það væri líka fróðlegt í sjálfu sér, fyrst hæstv. fjmrh. gefur það í skyn, að þessi mál hafi verið mjög glannalega framkvæmd, og æskilegt, að hæstv. ráðh. hefði gert grein fyrir því, hvaða ríkisábyrgð hann á við, þegar hann talar um ríkisábyrgðir, sem hann telur að ekki hefði átt að veita. Eru það ríkisábyrgðirnar fyrir hafnargerðirnar víðs vegar, sem ég hef gert nokkuð að umtalsefni, fyrir rafveiturnar í einstökum byggðarlögum, eða hvað er það, sem hæstv. ráðh. á við?

Ég vil svo segja það að lokum, að ég held því hiklaust fram sem áður, að með því að fara að taka lán til þess að greiða ríkisábyrgðatöpin sé verið að skjóta ríkisútgjöldunum yfir á framtíðina. Það hefði verið eðlilegast að greiða töpin af ríkistekjunum jafnóðum, eins og gert var, og líka eðlilegast að greiða út fjárveitingu 1961, vegna þess að það þurfti á henni að halda, eins og reynslan sýnir ótvírætt. Nú gefur hæstv. ráðh. í skyn, að sú gagnrýni sé ekki réttmæt, vegna þess að það sé von á svo miklum tekjum eða endurgreiðslum inn á þennan reikning, sem hann kallar

ríkisábyrgðasjóð. Því vil ég enn beina því til hæstv. ráðh., sem ég gerði um daginn, en hann sniðgekk alveg í sinni ræðu, að hann gefi okkur upp áætlun sína um útgjöld og tekjur ríkisábyrgðasjóðs eða þessa reiknings.

Hvað gerir ráðh. ráð fyrir, að þurfi að leggja út marga milljónatugi, t. d. á þessu ári, vegna togaraábyrgðanna og svo vegna annarra ábyrgða? Hvað býst hann við að fá mikið inn? Ég álít, að það eigi að koma fram áætlun, og réttmætt að óska eftir því, að það komi fram áætlun um þetta. Og ef hæstv. ráðh. hefur ekki enn búið sig út með þá áætlun, þá mundi ég telja sjálfsagt, að sú áætlun yrði lögð inn í fjhn., sem væntanlega fær þetta mál.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil geta þess fyrst, að mér þótti leitt, að hv. 3. þm. Vesturl. skyldi misskilja mjög orð mín, þegar ég ræddi um vanskilastefnuna í þessum ríkisábyrgðamálum. Honum fannst það hart að verða fyrir slíkum ummælum, þar sem það sveitarfélag, sem hann veitti forstöðu, hefði aldrei lent í vanskilum, og í annan stað, þar sem hann sjálfur hefði tekið þátt í því í fjvn. að gera till. um samninga út af eldri vanskilum. Þetta er hvort tveggja alveg rétt. Ég veit ósköp vel, að hans ágæta sveitarfélag hefur staðið í prýðilegustu skilum, og ég veit það líka, að hann tók drengilegan þátt í því í sjálfri fjvn. ásamt öðrum nm. að gera till. í fyrra um samninga við þá, sem lent höfðu í vanskilum. Hitt var alveg ástæðulaust fyrir hann og misskilningur alger að tengja þetta saman. Þegar ég tala um vanskilastefnuna, sem Framsfl. ber fyrst og fremst ábyrgð á, þá átti ég við þá stefnu, sem hv. 1. þm. Austf. lýsti hér sjálfur, bæði fyrr í þessum umr. og endurtók nú. En hún er í stuttu máli á þá leið að veita ríkisábyrgðir vitandi vits um það, að aðilar muni ekki geta staðið í skilum.

Það eru til framhalds því, sem ég sagði áðan, aðeins örfá atriði, sem ég vildi nefna.

Hv. 1. þm. Austf. sagði m. a., að ástæðan til þess, að hinar margumtöluðu 38 millj. í fjárl. 1961 hefðu ekki verið greiddar, hefði verið sú, að ég hefði viljað punta upp á ríkisreikninginn og hefði notað þetta til þess að láta ríkissjóð skila greiðsluafgangi fyrir árið 1961. Þetta er auðvitað alrangt eins og flest annað, sem hann sagði. Í ríkisreikningi 1961 er gerð grein fyrir greiðsluafgangi og þeim mismunandi aðferðum, sem notaðar hafa verið við útreikning á honum. En þær eru aðallega tvær: önnur sú, sem ríkisbókari hefur yfirleitt notað að undanförnu, og hin aðferðin sú, sem Seðlabanki Íslands og ýmsar alþjóðlegar fjármálastofnanir nota og um margra ára skeið hefur komið fram í riti Seðlabankans, Fjármálatíðindum. Og í ríkisreikningi er það tekið fram, að greiðsluafgangur varð árið 1961 57 millj., ef reiknað er með aðferð ríkisbókara, en 72,4 millj., ef reiknað er með aðferð Seðlabankans. Þó að við drögum nú þessar 38 margumtöluðu millj. frá, verður greiðsluafgangur samt sem áður, 19 millj. eftir fyrri aðferðinni og 34,4 millj. eftir síðari aðferðinni, svo að það er gersamlega út í hött, þegar hv. þm. segir, að ástæðan til þess, að ég hef ekki látið greiða þessar 38 millj. út, hafi verið sú, að ég hafi viljað sýna greiðsluafgang hjá ríkissjóði þetta ár. Þó að þær hefðu verið inntar af hendi, var töluverður greiðsluafgangur samt.

Í rauninni þarf ekki að ræða frekar um þessa margumtöluðu upphæð. Ég benti hv. þm. á, að þetta væri alveg sambærilegt við það, að 40 millj. til dýrtíðarráðstafana hefðu ekki verið greiddar af hendi, vegna þess að síðar kom til annar tekjustofn til að standa undir þeim, nákvæmlega eins og var með ríkisábyrgðirnar 1961. Þá eru í rauninni engin svör við því önnur en þau, að það sé synd að ætla honum slíkt, að hann hafi eitthvað viljað gabba, því að hann er svo saklaus og frómur, en ég hins vegar sjónhverfingamaður. Það vita auðvitað allir menn og hv. þm. sjálfur, að þetta er gersamlega sambærilegt tilfelli. Ég hef ekki deilt á hann fyrir það, að hann lét ekki ríkissjóðinn inna af hendi þessar 40 millj. 1958. Ég tel einmitt þvert á móti, að sú ráðstöfun hafi verið rétt, eftir að Alþ. hafði ákveðið, að aðrir tekjustofnar skyldu standa undir dýrtíðarráðstöfunum, og þess vegna þurfti ekki á þeim tekjustofni að halda fyrir það ár, alveg eins og 1961 þurfti ekki á þessum 38 millj. að halda til þess að standa undir ríkisábyrgðum, vegna þess að búið var með lögum að sjá fyrir öðrum tekjustofni, sem nægði til þess. Að átt hafi svo, vegna þess að nú kemur í ljós um síðustu áramót, að ríkisábyrgðasjóður hefur ekki nægilegar tekjur árið 1962, — þess vegna hafi árið 1961, ári áður en þetta var vitað, átt að greiða út þessar 38 millj., þetta er bara tóm vitleysa, sem þýðir ekkert að vera að eyða orðum að.

Varðandi það, að ég hefði átt að sjá það fyrir löngu áður, þá virðist hv. þm. ætlast til mjög mikillar forsjálni og að maður sjái langt fram í tímann, — að ég hefði átt að sjá fyrir, að ríkisábyrgðasjóður mundi á árinu 1962 þurfa á þessu fé að halda, þá skal ég upplýsa það, að ríkisábyrgðasjóður hafði á árinu 1962 hvorki meira né minna en 63.4 millj. í tekjur, og miðað við alla reynslu undanfarinna ára hefði það átt að nægja.

Hitt er svo annað mál, að varðandi ríkisábyrgðasjóð er ákaflega erfitt að sjá fram í tímann, vegna þess að margar stærstu greiðslurnar, sem á hann falla, byggjast fyrst og fremst á því, hver aflabrögð verða hjá sjávarútveginum. Og í sambandi við þetta óskar hv. þm. eftir áætlun um tekjur og gjöld ríkisábyrgðasjóðs á þessu og jafnvel næsta ári. Auðvitað er hægt að setja saman einhverja áætlun, en hún verður meira og minna út í bláinn vegna þess, að m. a. voru á síðasta ári nýju togararnir fimm þungur baggi á ríkis-

ábyrgðasjóði. Og það, hvort þeir verða þungur baggi á árunum 1963 og 1964, veltur auðvitað fyrst og fremst á aflabrögðum togaranna og sölu þeirra og afkomu í heild. Það mætti vel svo fara, að ef aflabrögð togaranna og afkoma þeirra yrði svipuð og hún var á árinu 1958, mundi ekki einn einasti eyrir falla á ríkisábyrgðasjóð, meðan svo væri, heldur mundu togararnir sjálfir geta undir þessu staðið. Ef hins vegar yrði aflaleysi og erfiðleikar hjá togurunum, eins og var á árunum 1959, 1960, 1961, þá gegnir auðvitað allt öðru máli.

Þær upplýsingar, sem hann óskaði eftir að fá varðandi væntanlegar greiðslur vegna þessara fimm togara, getur hann auðvitað fengið, og ég hef hér yfirlit, sem hann getur ákaflega vel fengið, um það, hverjir eru vextir og afborganir á hverjum gjalddaga af þessum lánum, en lánin voru tekin árið 1959 og síðustu afborganir eru á árinu 1971. Það, sem eftir stendur af þessum lánum nú, samtals af þessum 5 togurum, eru tæplega 172 millj. kr., þ. e. a. s. eftirstöðvar lánanna sjálfra. Þar við bætast vextir. En að reikna t. d. með því, að öll þessi upphæð falli á ríkisábyrgðasjóð, það er meiri svartsýni en ég vil taka þátt í. Og ég vona, að flestir þm. standi saman um það að óska þess og vænta þess, að þeir erfiðleikar, sem að togurunum hafa steðjað nú síðustu árin, haldi ekki áfram til langframa, heldur verði þess ekki langt að bíða, að svo réttist þeirra hagur og bætist þeirra afli, að þeir geti staðið undir því, sem á fellur, og einnig farið að greiða eitthvað til baka af því, sem hefur orðið að leggja út fyrir þá á síðasta ári.

Annars er það næsta einkennilegt, hversu tíðrætt hv. 1. þm. Austf. verður um þessar sjónhverfingar og bókhaldsbrellur og ég noti alls konar töfrabrögð til þess að sýna sem bezta útkomu hjá ríkissjóði, og m. a. þetta að greiða ekki þessar nafntoguðu 38 millj. Ég hef nú sýnt fram á, að þó að þær hefðu verið inntar af hendi að fullu, hefði samt sem áður orðið greiðsluafgangur og hann nokkur á árinu 1961. En þessi viðkvæmni hv. þm. út af því, að greiðsluafgangur hefur orðið á hverju ári í tíð núv. ríkisstj., er skiljanleg, þegar athuguð er hans eigin fortíð í þessu efni. Að vísu var það þannig í ráðherratíð hv. 1. þm. Austf., að það var engin almenn regla til þá um, hversu skyldi reikna greiðslujöfnuð. Og þegar hann var að gefa Alþ. upp tölur um greiðslujöfnuð, þá voru þær hvorki í samræmi við þær reglur, sem alþjóðlegar stofnanir eða Seðlabankinn notar, og oft og tíðum alls ekki í samræmi við þær reglur, sem ríkisbókhaldið hefur notað, heldur líklega eitthvað, sem hann hefur reiknað út á hné sér, enda stóðst það líka eftir því.

En ef við athugum afkomu ríkissjóðs síðasta áratug eftir þeirri aðferð, sem nú er að verða alviðurkennd, sem sagt aðferð Seðlabankans og alþjóðlegra peningastofnana, til þess að reikna út greiðsluhalla eða greiðsluafgang, þá kemur í ljós, að á árunum 1950—1958, eða þau 9 ár, sem hv. 1. þm. Austf. samfleytt var fjmrh., var greiðsluhalli 5 árin, en greiðsluafgangur 4 árin. M. a. er það nú þannig með vinstri stjórnina sálugu, að það eina heila ár, sem hún lifði eða skrimti, árið 1957, var greiðsluhalli, og það hvaða aðferð sem notuð er, hvort sem það er Seðlabankans, ríkisbókhaldsins eða einhverjar einkaaðferðir hv. 1. þm. Austf. Hins vegar er það líka tvímælalaust, að ekki aðeins eftir reikningsaðferð Seðlabankans og alþjóðapeningastofnana, heldur einnig öðrum aðferðum við uppgjör á greiðslujöfnuði hefur orðið greiðsluafgangur á árunum 1959, 1960, 1961 og 1962. Kannske er það viðkvæmni hv. þm. út af þessum atriðum, sem veldur langlokuræðum hans hér nú og um daginn.

Hv. þm. segir, að með því að veita ríkisábyrgðasjóði heimild til þess að taka lán, eins og hér er farið fram á, allt að 50 millj. kr. lán, þá sé verið að velta yfir á framtíðina útgjöldum. Hér er málunum svo kirfilega snúið við sem hægt er. Með þeirri aðferð, sem hér er lagt til að hafa, er einmitt gert ráð fyrir því, að almenningur sé ekki látinn borga þessi töp. Hv. 1. þm. Austf. virðist vilja, að þetta sé greitt allt saman beint úr ríkissjóði sem óafturkræft framlag, m. ö. o. með sköttum og tollum, álögum á almenning. Till. mín er gagnstæð þessu. Hún er einmitt, að þetta lendi ekki á almenningi, heldur taki ríkisábyrgðasjóður lán til skamms tíma, sem á að endurgreiðast, þegar vanskilalánin verða endurgreidd. M. ö. o.: sú fjárþörf, sem ríkisábyrgðasjóður hafði á síðasta ári og hefur e. t. v. á þessu ári umfram sínar eðlilegu tekjur, greiðist ekki af almennum sköttum og tollum, heldur af vanskilaaðilunum sjálfum.

Loks er rétt að minnast á það, sem hv. 1. þm. Austf. var tíðræddast um, og þar er náttúrlega mjög komið við hans viðkvæmu sál og tilfinningar í þessum efnum, þar sem hann er af miklum móði að verja aðgerðir sínar og stefnu og skoðun í ríkisábyrgðamálum. Nú reynir hann að snúa þessu þannig í vonlausri vörn sinni í málinu að krefja mig sagna um að nefna það, hvaða ríkisábyrgðir hafi á undanförnum árum ekki átt að veita. Og svo telur hann upp nokkrar: ríkisábyrgð fyrir Þorlákshöfn, fyrir Andakílsvirkjun, fyrir Skeiðsfossvirkjun o. fl., og spyr, hvort ég hafi viljað neita um þessar ríkisábyrgðir. Náttúrlega bera þessi viðbrögð vott um vonleysi og ég held jafnvel samvizkubit hv. þm., því að hann veit ósköp vel sjálfur, hversu hans aðfarir í þessum efnum liggja undir gagnrýni og hafa verið óverjandi á undanförnum árum. Ég tók það fram áðan og hef margsinnis tekið það fram, að núv. ríkisstjórnarflokkar telja sjálfsagt að veita ríkisábyrgðir til þess að stuðla að framkvæmdum og uppbyggingu í landinu og ekki sízt úti um hinar strjálu byggðir. En um leið og þessari stefnu er yfirlýst og henni er framfylgt, teljum við, að þegar ríkisábyrgðir eru veittar, eigi að reyna að búa svo um hnútana, að aðili geti staðið í skilum og verði ekki vanskilamaður. Og við teljum þetta nauðsynlegt,

bæði af almennum fjármálaástæðum og enn fremur hreinlega af siðferðis- og siðgæðisástæðum í landinu, því að það, að hið opinbera, að Alþ., ríkisvald og ríkisstj. sé vitandi vits að gera einstaklinga, félög eða sveitarfélög að vanskilamönnum, getur ekki staðizt í einu þjóðfélagi og leiðir þá einnig aðra spillingu yfir landið á eftir.

Við skulum taka eitt dæmi, sem hv. þm. var tíðræddast um, og það er Þorlákshöfn. Og hann spyr: hefði ég viljað neita um ábyrgð fyrir Þorlákshöfn? Það er ágætt, að hann tekur þetta dæmi. Það hafa verið veittar mjög miklar ábyrgðir til byggingar Þorlákshafnar eða hafnargerðar í Þorlákshöfn. Hvernig var búið um hnútana nú? Það var m. a. búið þannig um hnútana nú, að þegar fjárlög fyrir árið 1963 eru afgreidd, er athugað, hversu mikið þurfi til framkvæmda á þessu ári og hversu mikið þurfi í vexti og afborganir af lánum þessarar hafnar. Og fjárveitingar Alþ., ýmist beinar fjárveitingar á 13. gr. til Þorlákshafnar og enn fremur það, sem ráðgert er að Þorlákshöfn fái úr hafnarbótasjóði, eru einmitt miðaðar við það, að hægt verði að standa í skilum með þau lán, sem þarna er um að ræða, þannig að ekki þurfi að lenda í vanskilum. Og auðvitað þarf, þegar um er að ræða nauðsynlegar framkvæmdir, að hafa margvíslegan hátt á, veita ríkisábyrgð, stuðla að því, að fyrirtækið eða mannvirkið komist upp, en búa þó þannig um hnútana um leið, að staðið verði í skilum. Stundum er nauðsynlegt, eins og ég gat um áðan, að veita styrki sem hluta af stofnkostnaði eða til hjálpar við reksturinn fyrstu árin.

Í öðru lagi er oft hægt að bjarga málunum með því, að umrædd lán verði afborgunarlaus fyrstu árin, þangað til fyrirtækið eða mannvirkið fer að fá tekjur og getur staðið undir sér. Sem dæmi má nefna, að þegar brezka framkvæmdalánið var tekið nú um síðustu áramót, var svo um samið, að það lán yrði afborgunarlaust fyrstu sex árin, bæði með það í huga, að greiðslubyrði landsins í heild út á við er svo þung, að þetta er nauðsynlegt þess vegna, og enn fremur til að geta haft það í huga við endurlán slíkra lána, að þar sem á þyrfti að halda óhjákvæmilega, verði hægt að sleppa afborgunum fyrstu árin. Þannig má ýmist með styrkveitingum eða með tilhögun afborgana og vaxtagreiðslna og með ýmsum öðrum hætti búa svo um hnútana í upphafi, að aðilar geti staðið í skilum, og það er, miðað við allt fjármálasiðferðið, nauðsynlegt, að þetta verði gert.

Sú stefna, sem hv. 1. þm. Austf. heldur hér fram alveg fram í rauðan dauðann og er forhertur í þeirri skoðun, er þessi, að það á alls ekki að hafa það með í dæminu, hvort aðilar geti staðið í skilum eða ekki, það er aukaatriði. Og það er þessi hugsunarháttur, það er þessi úrelta stefna, sem ég hef kallað vanskilastefnu og ég held að menn í sívaxandi mæli hverfi frá og fordæmi.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki níðast á því, að ég hef aðeins athugasemd. — Hæstv. ráðh. vill ekki játa, að hann hafi viljað punta upp á afkomuna 1961 með því að láta undir höfuð leggjast að greiða þessar 38 millj. til ríkisábyrgðasjóðs. Augljóst er þó, að þetta var til þess gert og til viðbótar til þess að punta upp á þetta ár. Þegar hæstv. ráðh. sá fram á hallann, tók hann líka gengishækkunina á birgðum sjávarvaranna og lét svo allar greiðslur af ríkisábyrgðalánum ganga yfir á þennan reikning, sem við höfum hér verið að ræða um og hæstv. ráðh. kallar ríkisábyrgðasjóðinn. Ef hæstv. ráðh. hefði ekki tekið þennan gengishagnað af sjávarútveginum og komið yfir á hann ríkisábyrgðagreiðslum, þá hefði orðið greiðsluhalli á árinu 1961. Þetta stendur fast.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ósanngjarnt að vera að fara fram á áætlanir, því að þær hlytu að verða út í bláinn. En ég svara: Einhver áætlun hlýtur að liggja til grundvallar því, að hæstv. ráðh. fer fram á einmitt 50 millj., en ekki einhverja allt aðra tölu. Einhver áætlun hlýtur að hafa verið gerð.

Hæstv. ráðh. segir, að ríkisábyrgðir komi ekki á almenning, ef það sé tekið lán, en aftur á móti á almenning, ef þær séu greiddar beint út af ríkistekjunum. Þetta er auðvitað alveg rangt. Almenningur verður að greiða lánið, svo framarlega sem ekki koma tekjur upp í það annars staðar frá eða innheimt er af útistandandi gjöldum Alveg sama verður upp á teningnum, þótt þetta sé lagt út af tekjum ríkisins.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri hneykslanlegt, að ég skyldi lýsa því yfir, að ríkisábyrgðir hefðu verið teknar, þótt augljóst væri, að vegna þeirra yrði ríkið að leggja út einhverja fjármuni. Þetta væri hneyksli, sagði hæstv. ráðherra, þetta væri vanskilastefna, og nú væri breytt um og ætti að taka upp nýja stefnu. Ég bað hæstv. ráðh. að athuga um Þorlákshöfn t. d. og þær ábyrgðir, sem yrði að taka vegna hennar, ef hún ætti ekki að stöðvast. Hvað segir svo hæstv. ráðh. um það? Jú, hann segir: Vaxtahallinn á Þorlákshöfn á árinu 1963 verður greiddur af framlagi á fjárlögum og framlagi úr hafnarbótasjóði. Segjum það, á meðan höfnin er í byggingu. En hvað verður um vaxtahallann á höfninni 1964, 1965, 1966 og 1967, sem auðvitað verður stórfelldur. Auðvitað verður hann greiddur úr ríkissjóði. Þetta heitir að svara út úr. Þetta er þó kannske ekkert einkennilegt, þegar þess er gætt, að það er ekki sársaukalaust fyrir hæstv. ráðh. að verða að játa, að stefnuyfirlýsing hans í þessu efni er markleysa, því að hann er þegar farinn að brjóta hana sjálfur.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ósvinna af mér að fara fram á það við sig að nefna dæmi þeirri fullyrðingu sinni til stuðnings, að það hefði verið óreiða á ríkisábyrgðunum og hefði átt að reka allt aðra ríkisábyrgðapólitík. Það er ákaflega auðvelt að kveða upp sleggjudóma, en það getur verið erfiðara að standa

við þá, og ég bað hæstv. ráðh. að svara því, hvort hann ætti við ábyrgðirnar fyrir Þorlákshöfn, fyrir Akraneshöfn, fyrir Sauðárkróks-höfn, fyrir Skagastrandarhöfn, fyrir Skeiðsfossvirkjunina, Andakílsvirkjunina, og þannig mætti lengi telja. Þá kiknaði hæstv. ráðh. og vildi ekki segja, að neitt af þessu hefði verið óreiða eða ófyrirsynju gert. En er það nokkur ósanngirni að fara fram á, að sleggjudómar séu rökstuddir? Það var ekkert annað, sem ég fór fram á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 573).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Efni þess er að heimila ríkisstj. fyrir hönd ríkisábyrgðasjóðs að taka 50 millj. kr. innlent lán handa sjóðnum, sökum þess að allar líkur benda til þess, að ríkisábyrgðasjóður þurfi á talsverðu fé að halda á næstunni, enda þótt sú fjárþörf verði væntanlega tímabundin. Af þeim sökum er eðlilegt, að sjóðurinn fái heimild til þess að taka lán til starfsemi sinnar, meðan komizt er yfir fyrstu örðugleikana. Er því með frv. þessu lagt til, að ríkisstjórnin megi fyrir hönd sjóðsins taka allt að 50 millj. kr. innlent lán til þess að greiða kröfur, sem fallið hafa eða falla munu á sjóðinn. Meiri hl. n. mælir með, að frv. verði samþ.

Umr. frestað.
Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 249, n. 573 og 585).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið til athugunar hjá fjhn. d. Þar hefur ekki orðið fullt samkomulag um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með frv., en ég er andvígur því og hef skilað minnihlutaáliti á þskj. 585.

Ríkisábyrgðir hafa aukizt síðustu árin miklu meira en nokkru sinni fyrr. Samkv. ríkisreikningi var heildarupphæð ríkisábyrgða í árslok 1958 1269 millj. kr., en í árslok 1961 voru ábyrgðirnar komnar upp í 2762 millj., höfðu þannig meira en tvöfaldazt á þremur stjórnarárum núv. stjórnarflokka. Enn er ekki búið að gera skrá um ábyrgðir, sem ríkið stóð í í árslok 1962, en fastlega má gera ráð fyrir, að drjúgum hafi bætzt við upphæðina á næstliðnu ári. Ríkið hefur þurft að borga töluvert á liðnum árum vegna ábyrgðanna, vegna þess að skuldunautar hafa ekki staðið í skilum.

Yfirlit um þær greiðslur undanfarin 7 ár er í nál. mínu. Þar sést, að þessar greiðslur hafa margfaldazt í tíð núv. stjórnar. Liggja til þess ýmsar orsakir. Ein af þeim og sú, sem mestu veldur, mun vera ábyrgðin, sem tekin var á lánum til kaupa á 5 nýjum togurum á árunum 1959—1960. Þetta voru útlend lán, sem tekin voru. Greiðslur vegna þeirra ábyrgða árið 1962 voru yfir 31 millj. kr., og alls er ríkið búið að borga á síðustu 3 árum 47½ millj. kr. vegna ábyrgðanna á þessum 5 togaralánum. Upphaflega var ábyrgðarupphæðin fyrir þá samtals 17 millj. 674 þús. þýzk mörk. Um síðustu áramót voru eftirstöðvar lánanna 14 millj. 989 þús. mörk. Heildarupphæðin hafði ekki lækkað nema um 2 millj. og 685 þús. mörk, eða um *tæplega 29 millj.* ísl. kr. með núv. gengi, þrátt fyrir að ríkið var búið að borga 47½ millj. af þessum lánum. Mismunurinn hefur farið í gengistap og vexti.

Því miður er það svo, að ekki blæs byrlega fyrir togaraútgerðinni, og hætt er við, að ríkið verði enn að borga af þessum lánum að einhverju leyti. Við samanburð á skýrslum kemur í ljós, að ríkið hefur síðustu árin þurft að borga margfalt meira af ábyrgðarkröfum vegna fyrirtækja, sem reka hraðfrystihús og aðrar fiskvinnslustöðvar, heldur en var fyrir daga núv. stjórnar. Þá var mjög lítið um, að slíkar ábyrgðir féllu á ríkissjóð. Þetta bendir til þess, að efnahagsráðstafanir núv. ríkisstj. hafi reynzt þeim atvinnufyrirtækjum þungar í skauti, þar sem þeim hefur gengið langt um verr en áður að standa í skilum. Kemur þar til vaxtahækkun o. fl. af því tagi. Það var þó sagt í upphafi stjórnartímabilsins, að ráðstafanir stjórnarinnar ættu að skapa atvinnufyrirtækjum viðunandi rekstrargrundvöll. Það hefur hér farið nokkuð á annan veg. Enn sem fyrr þarf ríkið að greiða af lánum til hafnarframkvæmda á mörgum stöðum. Þannig hefur það verið áður.

Í aths. með frv. þessu segir, að starfsemi ríkisábyrgðasjóðs sé nú að komast í fast form. Það form er ekki fastara en svo, að það er ekki búið að gera reikninga fyrir sjóðinn, ekki einu sinni fyrir árið 1961, hvað þá fyrir árið 1962. Fjhn. fékk þó upplýsingar hjá ríkisbókhaldinu um tekjur sjóðsins og greiðslur úr honum, og í nál. mínu er birt þetta yfirlit, sem við fengum hjá ríkisbókhaldinu. Þar kemur fram, að árið 1961 fékk sjóðurinn 75.4 millj. í tekjur vegna gengisbreytingarinnar. Það er sú upphæð, *sem tekin var eignarnámi af útflytjendum*, um leið og genginu var breytt. Þar að auki fékk sjóðurinn á því ári ríkisábyrgðargjaldið nýja, rúmlega millj., og vaxtatekjur 389 þús. Tekjur hans voru á því ári 76.8 millj. rúmlega, en greiddar ábyrgðarkröfur mínus innborganir 71.2, þannig að tekjuafgangur hjá sjóðnum árið 1961 hefur orðið rúmlega 5.6 millj. kr.

Á árinu 1962 fékk sjóðurinn enn af þessum verðhækkunartekjum, sem svo eru nefndar, vegna gengisbreytingar 23.6 millj. Þá fékk hann líka 38 millj. úr ríkissjóði, sem áætlað var á fjárl. til að standa straum af ábyrgðagreiðslunum, og svo fékk hann ríkisábyrgðagjald 1.7 millj. En þá vantar hann enn 44.6 millj. til þess að geta borgað allar ábyrgðarkröfurnar að frádregnum innborgunum, því að á því ári

urðu þær 108 millj. rúmlega. Hér kemur það þannig fram, að síðustu tvö árin, sem hafa verið fyrstu starfsár þessa ríkisábyrgðasjóðs, sem svo er nefndur, hefur orðið halli hjá sjóðnum að upphæð 39 millj. rúmlega, og þessa fjárhæð þarf ríkissjóður að greiða af tekjum ársins 1962 umfram áætlaða fjárveitingu til greiðslu á ríkisábyrgðum á fjárlögum fyrir það ár. Í aths. með frv. segir, að það sé augljóst, að verulegar fjárhæðir hljóti að falla á ríkisábyrgðasjóð á næstunni. Þetta er sjálfsagt rétt, það má gera ráð fyrir þessu. En síðan segir, að telja megi víst, að vanskil af ábyrgðalánum fari fljótlega minnkandi. Um þetta verður ekkert sagt, og ég tel miklu varlegra að gera ráð fyrir, að þau verði veruleg framvegis, vanskilin, og þar af leiðandi greiðslur ríkisins. — Er nú hæstv. ráðh. farinn? Það þykir mér stórum miður.

Já, um þetta verður ekkert fullyrt, en ég tel varlegra að gera ráð fyrir, að vanskilin verði töluverð framvegis og ríkissjóður þurfi því að borga háar fjárhæðir á næstu árum vegna ríkisábyrgðanna. Og ég tel það ákaflega óeðlilegt að taka nú lán til greiðslu á ábyrgðarkröfunum. Ég vil ekki ætla, að hagur ríkissjóðs sé svo slæmur, að þörf sé fyrir þetta lán. Hitt þykir mér líklegra, að þetta sé tilraun til að sýna betri útkomu á ríkisreikningi en hún raunverulega er. En það er lítil stoð í slíkum aðferðum. Við skulum hugsa okkur eitthvert fyrirtæki, sem hefði mikinn rekstur og mikil viðskipti, þ. á m. við banka, og vildi gjarnan sýna sem fallegasta ársreikninga. Og við skulum segja, að þetta fyrirtæki tæki upp á því að stofna útibú og láta útibúið taka lán, sem það notaði til að borga hluta af rekstrarkostnaði fyrirtækisins, en lánið yrði ekki fært á efnahagsreikning fyrirtækisins sjálfs og ekki gjöldin, sem það fór til að greiða. Hvað ætli menn segðu um slíkt bókhald hjá fyrirtækinu? En það er í raun og veru þetta, sem hæstv. ráðh. er að gera. Hann hefur stofnað þetta útibú frá ríkissjóði, sem nefnt er ríkisábyrgðasjóður, ætlast til, að hann taki lán til að borga hluta af ríkisútgjöldunum, svo að þau komi ekki á ríkisreikninginn og hann sýni þar af leiðandi hagstæðari útkomu en rétt er. Það er þetta, sem er að gerast, og þetta tel ég mjög óeðlilegt.

Hæstv. ráðh. sagði um þetta mál, þegar það var til 1. umr.: Ef ríkissjóður greiðir hallann frá 1962 á ríkisábyrgðunum, þá er það óafturkræft framlag. Þessu botnaði ég satt að segja ekkert í, þessu tali hæstv. ráðh. um óafturkræft framlag til ríkisábyrgðasjóðs. Er ekki ríkisábyrgðasjóður eign ríkisins? Og er það ríkinu glatað fé, ef einhvern tíma eftir mörg ár kynni að myndast einhver eign hjá sjóðnum? Ég held ekki. Þetta er í raun og veru allt ríkissjóðurinn, honum hefur verið skipt þarna niður og þetta útibú stofnað, og það er ekki hægt að tala um óafturkræft framlag í þessu sambandi.

Í ræðu hæstv. fjmrh. um þetta frv. hér í deildinni 26. marz benti hann á, að fjárveitingin á fjárl. til greiðslu á ríkisábyrgðum væri áætlunarupphæð. Ef ábyrgðarkröfurnar eitthvert árið væru minni en þessi áætlunarupphæð á fjárl., þyrfti ekki að nota hana alla. Og í framhaldi af þessu sagði hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hins vegar áfallnar ríkisábyrgðir eða þörf ríkisábyrgðasjóðs verður eitthvert árið óhjákvæmilega meiri en 38 millj., verður að greiða umfram úr ríkissjóði til þess að ná endunum saman.“

Þarna er ég sammála hæstv. ráðh., og þetta á hann að gera. Hann á að greiða þessar 39 millj. umfram áætlunarupphæð fjárl.

Við óskuðum í fjhn. eftir að fá upplýsingar um útkomuna hjá ríkissjóði 1962, en við fengum það svar við þeirri ósk, að ríkisbókhaldið hefði ekki lokið ríkisreikningi fyrir 1962. Aðrar upplýsingar fengum við ekki. En ég vil ógjarnan trúa því, að ríkissjóður sé svo tæpt staddur, að hann geti ekki greitt þessar 39 millj. af tekjum ársins 1962, og þetta er enn ólíklegra fyrir það, að árið áður, 1961, sparaði ríkissjóður sér 38 millj., sem voru ætlaðar á fjárl. þess árs til að greiða ábyrgðarkröfur. Það þurfti ekki á þeim að halda, af því að þessi upptæki gengishagnaður hjá útflytjendum var tekinn inn í ríkisábyrgðasjóðinn og nægði vel til að borga kröfurnar það ár. Ég held því, að það hljóti að vera, að ríkissjóður geti borgað þetta. Það er mjög ótrúlegt, að hann geti ekki greitt þær ábyrgðakröfur, sem áfallnar eru, án lántöku.

Í niðurlagi aths. með frv. segir, að lánið eigi að nota til að greiða kröfur, sem fallið hafa eða falla munu á ríkisábyrgðasjóð. Mér finnst hæstv. ráðh. ærið svartsýnn, ef hann gerir ráð fyrir greiðsluhalla hjá ríkissjóði 1963, svo að ekki verði hægt að greiða það, sem á hann kann að falla af ábyrgðum, án lántöku. Ég tel ekkert liggja á að veita heimild til slíkrar lántöku. Þegar líður að lokum ársins 1963, má taka málið til yfirvegunar. Ef þá skyldi koma í ljós fjárskortur hjá ríkissjóði, má athuga um lántöku á næsta þingi, t. d. rétt fyrir áramótin, þegar betur verður séð um afkomu ársins. Þessu liggur ekkert á núna.

Ég varð satt að segja hissa, þegar ég sá þetta frv. frá hæstv. ráðh. hér á þingi. Mér kom í hug gamla máltækið: Nú er Bleik brugðið. Ég hafði ekki búizt við, að hann færi fram á slíka heimild til lántöku til að borga hluta af útgjöldum ríkissjóðs s. l. ár. Hitt hefði mér þótt trúlegra, að hann bæri sig dálítið mannalega, eins og hann var vanur, ekki sízt þar sem kosningar eru á næsta leiti, segðist hafa nóga peninga í ríkissjóðnum til þess að borga þetta. Hann hefði þá minnt okkur á karlinn, sem missti krónuna á pallinn, lét hana liggja og sagði: „Það er nóg af þessu í Hákoti.“ Þetta hefði verið í betra samræmi við venjulegan framgangsmáta hæstv. ráðh.

Ég vildi nú gefa honum það holla ráð að hætta við þetta mál, taka frv. aftur og borga þessar 39 millj. af tekjum ársins 1962. Grunur minn er sá, að hv. meðnm. mínir í hv. fjhn.,

stjórnarflokkamennirnir, séu ekkert hrifnir af þessu frv. Ég hygg, að þeir telji það litla búmennsku að fara að stofna til ríkisskuldar til að borga þessar kröfur. En gera verða þeir fleira en gott þykir fyrir sinn hæstv. ráðh. Og það hefur hlaupið á snærið hjá þeim. Þeir hafa fengið fjórða manninn í skiprúm hjá sér, hv. 4. þm. Austf. Hann getur vel gert það fyrir hæstv. fjmrh. að styðja hann í þessu máli. Hv. 4. þm. Austf. tekur það ekki svo hátíðlega, þó að ríkissjóður auki sínar skuldir.

Ég er á móti þessari lántökuheimild og lántöku til að borga ábyrgðakröfurnar. Ég tel það ranga stefnu að stofna til skulda til að greiða þessar kröfur og velta þeirri byrði þannig yfir á framtíðina. Ég á bágt með að trúa því, að afkoma ríkissjóðs hafi verið svo bágborin árið sem leið, að hann geti ekki borgað þessar kröfur. Það er því till. mín, herra forseti, að frv. þetta verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:5 atkv.
2. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr..
Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Á 70. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

32. Framboð og kjör forseta Íslands.

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 12. febr. 1945, um framboð og kjör forseta Íslands [219. mál] (stjfrv., A. 455).

Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Samkv. gildandi lögum er svo ákveðið, að kjör forseta skuli fara fram samkv. kjörskrám yfir alþingiskjósendur. Á þeim tíma, sem þessi lög voru sett, var kjörskrá alþingiskjósenda samin árlega. Nú hefur hins vegar lögum um það efni verið breytt, þannig að þær kjörskrár eru samdar aðeins þegar alþingiskosningar eiga að fara fram. Af þessu leiðir, að nauðsynlegt er að breyta ákvæðum um framboð og kjör forseta, til þess að tryggt sé, að kjörskrá verði ævinlega til taks, þegar það kjör á að fara fram. Um þetta eru fyrirmæli þessa frv., og tel ég ekki ástæðu til að fylgja því úr hlaði með fleiri orðum.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, n. 476).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur kynnt sér frv. til laga um framboð og kjör forseta Íslands, og leggur n. einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Sunnl., Óskar Jónsson, var ekki viðstaddur vegna lasleika, þegar n. fjallaði um frv.

Um efni þessa frv. get ég verið fáorður, enda er því lýst í aths. við frv. Þegar lögum um kosningar til Alþ. var breytt árið 1959, varð ljóst, að einnig þurfti að breyta l. um framboð og kjör forseta Íslands í sambandi við samningu kjörskrár, og er það nauðsynleg breyting, sem þurfti að gera á þeim l., sem frv. þetta fjallar um. Eins og ég áður sagði, leggur allshn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Um rök fyrir frv. því, sem hér er til umr., frv. um framboð og kjör forseta Íslands, leyfi ég mér að vísa til þeirrar örstutta grg., sem frv. fylgir og ég veit, að allir hv. þdm. hafa rennt augum yfir. Við það er engu að bæta.

Ég leyfi mér, herra forseti, að mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, n. 581).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. nr. 36 12. febr. 1945, um framboð og kjör forseta Íslands, fjallar um kjörskrár við forsetakosningar. Í stuttri grg., sem fylgir frv., er gerð fullnægjandi grein fyrir efni þess, og auk þess skýrði hæstv. forsrh. frá höfuðatriðum þess, er hann mælti fyrir því við 1. umr. Þarf ég þar engu við að bæta. Allshn. þessarar hv. d. leggur einróma til, að frv. verði samþ., eins og nál. á þskj. 581 ber með sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 654).

---

33. Aðstoð við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa [177. mál] (stjfrv., A. 331).

Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Tvö kauptún, Þórshöfn og Grindavík, hafa staðið í því undanfarin 2 ár að eignast nokkur landsvæði, sem þau hafa talið sér nauðsynlegt að eignast vegna bygginga í kauptúninu og í grennd við höfnina sem athafnasvæði. Mörg önnur kauptún og sjávarþorp og raunar kaupstaðir einnig hafa verið í ýmsum athugunum í þessu sambandi á undanförnum árum, þó að ekki sé jafnlangt komið og hjá þessum tveim stöðum, sem ég nefndi. Eignarnámsmat hefur þar farið fram á báðum stöðunum, bæði undirmat og yfirmat, og nemur matsverðið á öðrum staðnum 3.9 millj. kr. rúmum og á hinum 7.2 millj. kr. rúmum.

Nú eru til lög um jarðakaup ríkisins, nr. 64 frá 1941, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður geti hlaupið í skarðið og keypt lönd fyrir hreppsfélög, eða eins og það er þar orðað: fyrir kauptún og sjávarþorp, — en ekki kaupstaði, þeir eru undanskildir, — og afhent sveitarfélögunum síðan á leigu með vægum kjörum eða selt þeim á kostnaðarverði með lágum vöxtum og lánað kaupverðið til langs tíma. En sá galli er á, að þar er aðallega átt við ræktunarlönd, sem gert er ráð fyrir að hægt sé að kaupa lágu verði. Þegar verðið er orðið slíkt sem ég nefndi, er sýnt, að ríkissjóður getur ekki gengið inn í þessi kaup, nema sérstakt fé sé áætlað í þessu skyni í fjárlögum, enda hefur sú orðið raunin á, að þessi lög hafa ekki komið til framkvæmda eða verið notuð nema í örfáum tilfellum, ég ætla í fjórum eða fimm tilfellum.

Þegar þess vegna þessi sveitarfélög, sem ég nefndi, leituðu til félmrn. um aðstoð og fyrirgreiðslu í sambandi við landkaupin, var ljóst, að þessa aðstoð mundi vart hægt að veita á grundvelli þessara laga, enda eru þau samin og hugsuð á allt öðrum forsendum. Varð þetta til þess, að jarðeignamál kaupstaða og kauptúna voru öll tekin upp til athugunar, og er þetta frv. einn þátturinn í þeirri athugun, eða réttara sagt niðurstaðan af athugunum. Komu þar raunar fleiri til en fulltrúar þeirra staða, þar sem skórinn kreppti fastast, og lögðu sitt lið til þess, að lausn, sem viðunandi væri, fengist.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram árlega 2 millj. kr. í 10 ár, á árunum 1963—72, sem stjórninni sé heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags. Lán þessi mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast afganginn, eða allt að 40% af kaupverðinu, en ef svo semst á milli sveitarfélags og seljanda, að sveitarfélag megi greiða landið með skuldabréfum, þá er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast allt að 100% af fjárhæð bréfsins.

Lánstíminn skv. lögunum er áætlaður 25 ár, og þá eru vextir, á núgildandi mælikvarða a. m. k., tiltölulega lágir eða 5%. Skilyrði fyrir ríkisábyrgðinni er, að ríkisábyrgðarlánið sé að dómi ríkisstj. með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því, og yfirleitt er gert ráð fyrir því, að til þessarar aðstoðar ríkisins komi ekki, nema nokkurn veginn sé sýnt eða nokkurn veginn öruggt, að viðkomandi sveitarfélag geti staðið undir þeim skuldbindingum, sem landkaupunum fylgja.

Í fjárl. yfirstandandi árs, eða ársins 1963, er gert ráð fyrir fyrstu greiðslu í þessu skyni, 2 millj. kr., sem ætlað er að hefja þessa starfsemi með, og hefur þessi upphæð þegar verið notuð með þeirri heimild, sem fyrir er í l., sem ég nefndi, nr. 64 frá 1941, til þess að leysa mál eins sveitarfélags, eða annars þeirra sveitarfélaga, sem ég nefndi, þ. e. a. s. Þórshafnar, og hefur sú upphæð nægt til þess, að vandkvæði eða erfiðleikar þess sveitarfélags í sambandi við landkaupin hafa verið í bili, að ég ætla, að fullu leyst. Hins vegar hefur ekki með þessu fjárframlagi verið hægt að leysa vandkvæði Grindavíkurkauptúns, en það bíður

næstu fjárúthlutunar eða fjárútvegunar í væntanlegum fjárl. 1964, og ýmsir aðrir, eins og ég mun koma að hér síðar, bíða mjög eftir, að fyrirgreiðsla af þessu tagi fáist.

Í sambandi við þessa endurskoðun hefur í félmrn. verið gert yfirlit yfir, hvernig jarðeignamál og lóðamál kauptúna og kaupstaða standi, með tilliti til þess, hverja muni þurfa að aðstoða á næstunni. Öllum er ljós þörfin á því, að sveitarfélögin sjálf eigi landið, sem þau standa á, og næsta nágrenni til þess að geta komið í veg fyrir óhóflegt gróðabrall og ört hækkandi verð fyrir landið, sem víða virðist vera að kollkeyra byggingastarfsemina á staðnum, ef ekki verður úr bætt mjög fljótlega og með einhverjum ráðum reynt að gera viðkomandi sveitarfélagi kleift að eignast landið og ráða landverðinu.

Þessi skýrsla, sem félmrn. hefur gert um þörf kaupstaða og kauptúna fyrir aukið landrými, er það fróðleg, og ég tel, að hv. alþm. mættu gjarnan kynnast niðurstöðum þeirrar athugunar, og skal því leyfa mér að lesa upp a. m. k. nokkra kafla úr þessari athugun, sem gerð hefur verið um málið. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Um kaupstaðina er það að segja, að þeir eiga allir nægilegt eða viðunandi landrými nema Keflavíkurkaupstaður. Þar er ástandið hvergi nærri gott, því að bæjarsjóður á lítið sem ekkert af landi því, sem kaupstaðurinn stendur á. Eigendur bæjarlandsins eru Keflavík h/f, sem á um helming þess lands, sem byggt er, þ. e. fyrir vestan Tjarnargötu, og landeigendur Ytra-Njarðvíkurhverfis og Vatnsness eiga landssvæði þar fyrir austan. Lóðaleigur hafa farið ört vaxandi síðustu áratugi, eða úr 10 aurum á fermetra á íbúðarhúsalóðum árið 1950 í kr. 1.05 á fermetra nú. Leiga fyrir verzlunarhúsalóðir er nú kr. 2.30 á fermetra. Hækkandi lóðaleigur hafa m. a. valdið því, að meiri áhugi er nú en áður hjá bæjarstjórn og bæjarbúum yfirleitt, að bærinn eignist sjálfur mest af landinu. Um aðra kaupstaði hefur ekki verið gert yfirlit, vegna þess að talið er, að þeir muni yfirleitt eiga meginið af landi því, sem þeir eru byggðir á, þó að nokkur frávik séu þar frá, annaðhvort þeir sjálfir eða ríkið, sem ávallt hefur með hagstæðum kjörum hjálpað viðkomandi sveitarfélögum til þess að komast yfir þessa erfiðleika.

En þau kauptún, sem segja má að líklegt sé að þurfi á aðstoð að halda á næstunni, eru þessi:

1) Sandgerði eða Miðneshreppur. Þar eru aðeins um 10 hektarar sunnan hafnarinnar og 2—3 hektarar annars staðar í eigu hreppsins. Allt annað land í hreppnum er eign einstaklinga, aðallega Miðness h/f og Garðs h/f. Um það bil í miðju kauptúninu eru jarðirnar Krókskot og Landakot, en sunnar svonefndar Bæjarskersjarðir. Fyrir um það bil 2—3 árum var samþ. í hreppsnefnd Miðneshrepps, að hreppurinn skyldi reyna að ná eignarhaldi á sem mestu af lóðum þar í hreppi, byggðum og óbyggðum, bæði innan og utan hins skipulagða svæðis. Skipulagsstjóri ríkisins vinnur nú að kortlagningu þessa svæðis, sem hreppsnefndin hyggst eignast, og má áætla stærð þess a. m. k. 1160 hektara. Þegar kortlagningu landsins er lokið, má búast við, að hreppsnefndin hefjist þegar handa um að tryggja sér land þetta, og hafa hreppsnefndarmenn í viðræðum við ráðuneytið tjáð, að leitað verði aðstoðar ríkisins um það, að svo megi verða.

2) Patreksfjörður. Patreksfjarðarhreppur á aðeins 1/10 af lóðum og landi þar í hreppi, þ. á m. hafnarsvæðið. Ólafur Jóhannesson h/f á Vatneyrarland, en dánarbú Sigurðar Andréssar Guðmundssonar Geirseyrarland. Hreppsnefnd Patrekshrepps vill, að hreppurinn eignist Geirseyrarland, og hefur ekkjan, sem situr í óskiptu búi, sem á Geirseyrina, óskað eftir, að hreppsnefndin geri dánarbúinu tilboð, og má búast við, að það verði gert. Talað hefur verið um 2 millj. kr. sem hugsanlegt kaupverð þess lands.

3) Súðavík. Þorpið stendur í landi jarðanna Súðavíkur, Traðar, Saura og Eyrardals, en þær eru í einkaeign nokkurra manna. Hreppurinn á aðeins litla lóðarspildu við höfnina. Eigandi Súðavíkurjarðar, en aðalbyggðin er í landi þeirrar jarðar, mun tilleiðanlegur að selja hreppnum jörðina, og hefur verið talað um 700—800 þús. kr. kaupverð. Líklegt er, að hreppsnefnd Súðavíkurhrepps biðji bráðlega um aðstoð ríkisins í sambandi við þau kaup.

4) Eskifjörður. Lóðir hreppsins eru að miklu leyti í einkaeign, en ríkissjóður á Mjóeyri. Næst Mjóeyrinni er land jarðarinnar Svínaskála. Hreppsnefnd Eskifjarðar hefur reynt að ná eignarhaldi á þessari jörð og boðið í hana 150 þús. kr., en því tilboði hefur eigandinn hafnað og talið, að hún sé ekki föl fyrir minna en 300—350 þús. kr. Þess skal getið, að Mjóeyrarland er leigt nokkrum einstaklingum og leigutíminn er ekki útrunninn fyrr en árið 1998.

5) Búðakauptún eða Fáskrúðsfjörður. Þar eru lóðir í kauptúninu nálega allar í einkaeign. Byggðin er í landi jarðarinnar Búða. Jörðin mun föl, en ætlað, að kaupverð hennar verði nokkuð hátt. Áhugi er á því ríkjandi hjá sveitarstjórninni að eignast jörðina með aðstoð ríkisins.

Þá er rétt að geta nokkurra kauptúna, sem ekki er ólíklegt að þurfi einhvern tíma á næstu árum aðstoðar ríkisins til þess að eignast lóðir og lönd, þó að þess þurfi ekki að sinni.

Þar er í fyrstu röð Flatey á Breiðafirði. En lóðir og lönd í Flatey eru aðeins að 1/8 eign Flateyjarhrepps. Hinir 7/8 hlutarnir eru í einkaeign. Eigendur eru allmargir og nær allir búsettir utan Flateyjar. Ef þessi staður á yfirleitt einhverja framtíð fyrir sér, verður varla hjá því komizt að aðstoða hreppinn til að eignast alla Flateyjarjörðina.

Þá er Hólmavík. Allar lóðir og lönd í Hólmavíkurkauptúni eru í einkaeign. Hreppurinn á aðeins 1/5 hluta jarðarinnar Kálfaness, en

það mun vera rétt utan við kauptúnið. Augljóst virðist, að nauðsynlegt er fyrir Hólmavík að eignast lóðirnar, sem kauptúnið stendur á, en hreppsnefndin hefur þó enn sem komið er enga samþykkt gert í þá átt.

Þá er Dalvík. Kauptúnið er í landi Böggvisstaða og Brimness. Hreppurinn á Böggvisstaði, en Brimnes er eign dánarbús Stefáns Jónssonar. Sveitarstjóri Dalvíkurhrepps telur, að samningar um kaup jarðarinnar muni líklegir, en verið geti, að hreppurinn verði að fá aðstoð, og ég ætla, að það sé komið nokkuð á veg að semja við eiganda þessarar jarðar hjá sveitarstjórn Dalvíkur.

Um Höfn í Bakkafirði segir, að þorpið stendur í landi jarðarinnar Hafnar í Skeggjastaðahreppi, og á Skeggjastaðahreppur hana að 1/3, en 2/3 hlutar hennar eru í einkaeign. Þann hluta þyrfti hreppurinn að eignast eða fá leigðan fyrir þorpsbúa til afnota fyrir þá. Engin alvarleg hreyfing er enn þá hjá hreppsnefndinni varðandi kaup á nefndum jarðarhluta.

Þá er Reyðarfjörður. Lóðirnar í kauptúninu eru að mestu í einkaeign. Hreppurinn hefur á leigu jörðina Kollaleiru, sem er ríkiseign. Hreppsnefndin hefur athugað um kaup á jörðinni Bakkagerði, en hún mun dýrseld. Hins vegar hefur leigu eftir lóðir og lönd á jörðinni verið í hóf stillt, þannig að ekki þarf að óbreyttu ástandi í þeim málum að búast við, að hreppsnefndin verði alvarlega í kaupaþörf.

Um Breiðdalsvík er það að segja, að lóðir og lönd eru eign nokkurra þorpsbúa.

Um Vík í Mýrdal segir, að kauptúnið er í landi jarðanna Suðurvíkur og Norðurvíkur. Þær eru í einkaeign og nytjaðar sem bújarðir, en hreppurinn á jörðina Engigarð, sem er um 3—4 km utan við kauptúnið. Leigugjöld eftir byggingarlóðir og ræktunarlönd eru svo lág í Vík, að enginn áhugi er fyrir því, að hreppurinn leggi út í að kaupa nefndar jarðir eða hluta af þeim.

Um Stokkseyri segir, að lóðir og land hreppsins eru að ca. 80% eign ríkissjóðs, en að nokkru í einkaeign. Hreppsnefndin vill kaupa ríkislandið, og má búast við, að úr þeim kaupum verði. Hins vegar mun áformað, að ríkið kaupi 2 smábýli fyrst, sem eru í hreppslandinu, og selji síðan Stokkseyrarhreppi allt landið.

Um önnur sveitarfélög má segja eftirfarandi:

Borgarnes. Lóðir og land í kauptúninu eru eign hreppsins, einnig jörðin Hamar ofan við kauptúnið.

Hellissandur. Lóðir og land eru eign ríkisins.

Ólafsvík. Hreppurinn á Ólafsvíkurjörð, sem kauptúnið stendur á, einnig jörðina Fossárdal innan við kauptúnið.

Grafarnes. Mestur hluti lóðanna í þorpinu er í ríkiseign. Aðrar lóðir og land umhverfis þorpið eru í einkaeign.

Stykkishólmur. Lóðir og land eru að langmestu leyti eign hreppsins.

Bíldudalur. Lóðir og land kauptúnsins að mestu leyti eign hreppsins.

Suðureyri. Kauptúnið stendur í landi jarðarinnar Suðureyrar, sem Suðureyrarhreppur eignaðist á s. l. ári með aðstoð ríkisins.

Bolungarvík. Hreppurinn á mestan hluta byggingarlóðanna, hinn hlutinn er í einkaeign.

Hnífsdalur. Hreppurinn á meiri hluta af landi því og lóðum, sem kauptúnið stendur á.

Drangsnes. Lóðir allar og land eru opinber eign.

Hvammstangi. Hreppurinn á meiri hluta lóðanna í kauptúninu og nóg ræktunarland.

Blönduós. Lóðir og land eru eign hreppsins.

Skagaströnd. Lóðir og land jarðanna Höfðahóla, Spákonufells og Finnsstaða eru eign ríkisins og hreppsins og ræktanlegt land geysimikið.

Hofsós. Lóðir og land eru eign Hofsóshrepps. Landrými er mikið. Landið eignaðist hreppurinn með aðstoð ríkisins, einmitt skv. l. nr. 64 1941 á árinu 1951.

Hrísey. Lóðir og land eru eign Hríseyjarhrepps.

Raufarhöfn. Lóðir og land eru eign hreppsins, síðan hann keypti Raufarhöfn af ríkinu á s. l. ári.

Vopnafjörður. Lóðir og land eru eign hreppsins, þar með talið allmikið ræktanlegt land í grennd við kauptúnið.

Bakkagerði í Borgarfirði eystra. Lóðir og land eru að mestu í eign hreppsins. Hinn hlutinn er í einkaeign. Landrými er mikið og ræktunarskilyrði góð.

Stöðvarfjörður. Síðan hreppurinn eignaðist jörðina Einarsstaði á árinu 1959 með aðstoð ríkisins, á hreppurinn nægilegt land.

Djúpivogur. Kauptúnið er byggt í landi jarðarinnar Búlandsness, sem er kristfjárjörð, og hefur kauptúnið jörðina alla til afnota með góðum kjörum.

Höfn í Hornafirði. Allar lóðir og land eru ríkiseign.

Eyrarbakki. Allar lóðir og land eru eign hreppsins, síðan hreppurinn keypti landið af ríkinu árið 1957.

Selfoss. Árið 1938 keypti hreppurinn allar lóðir innan skipulagða svæðisins. Enn keypti hreppurinn lönd til viðbótar á árinu 1943 og loks alla jörðina Helli í Ölfusi 1957.

Hveragerði. Lóðir og land í Hveragerðishreppi eru að mestu leyti í ríkiseign.

Þorlákshöfn. Árnessýsla og Rangárvallasýsla eiga allt land Þorlákshafnar.

Ég hygg, að af þessari upptalningu megi sjá tvennt:

1) Að þessi vandamál sveitarfélaganna, kauptúnanna og kaupstaðanna eru að verulegu leyti í sæmilegu horfi, þannig að þessi kauptún og þessir kaupstaðir eiga margir hverjir mikið af því landi, sem þeir þurfa til íbúðarhúsabygginga og til atvinnurekstrar, en þó er þarna verulegur hluti, sérstaklega af

kauptúnunum, þar sem eru Sandgerði, Patreksfjörður, Súðavík, Eskifjörður, Búðakauptún, þessi 5 og Keflavíkurkaupstaður kalla áreiðanlega mjög bráðlega á aðstoð ríkisins við lausn landa- og lóðamála sinna. Með þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, er leitazt við að verða við þessum óskum á þann hátt, sem viðráðanlegt er talið fyrir ríkissjóð. Það er alveg greinilegt, að þarna getur verið um svo stórar upphæðir að ræða, að ekki sé unnt fyrir fjmrh. eða ríkisstj. að takast á hendur þær greiðslur, sem þörf er á, nema því aðeins að heimild komi til í sérstökum lögum, eins og hér er gert ráð fyrir, og þá síðar ætlað fé í fjárlögum. Sem sagt, þetta frv. er tilraun til að leysa úr allmiklum vanda, vil ég segja, og ég tel, að þó að upphæðirnar séu ekki mjög stórar, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði og í ýmsum tilfellum geta verið ónógar, ég skal viðurkenna það, þá sé þó hafizt handa um viðfangsefnið, og ég vona, að með þessu frv. náist nokkur lausn.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn. — væntanlega — eða fjhn., ég læt það alveg á vald forseta, hvort hann vill. En ég held, að það sé meira félagsmál og kaupstaðamál, þó að það kosti nokkurt fé, þannig að það megi þangað fara. Það er till. mín.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. félmrh., að ég tel mikla þörf á framkomu þessa frv., því að mér er kunnugt um, að mörg sveitarfélög á landinu, einkanlega kauptúnahreppar, hafa verið í miklum vanda stödd vegna landþrengsla. Það er að vísu svo, að lögin frá 1941 um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa áttu vafalaust að bæta þarna nokkuð úr og hafa í einstökum tilfellum gert það, einkanlega þegar þorpin hafa verið í mikilli landkreppu í sambandi við ræktunarþörf. En að því er snertir að bæta úr byggingarlóðaþörf á hinu skipulagða svæði kauptúnanna, hafa þessi lög frá 1941 lítið bætt úr skák í flestum tilfellum og þessi landskortur sveitarfélagsins orðið til þess að setja byggingarframkvæmdir, jafnvel nauðsynlegustu opinberra bygginga, í spennitreyju og stöðva þær um lengri eða skemmri tíma.

Það er mönnum löngu kunnugt, að það er fátt eins óþægilegt bæjarfélagi eða yfirleitt skipulagðri byggð eins og það að reka sig hvarvetna á einkaeignarrétt á landi og verða að láta það ráða staðsetningu húsa og í mörgum tilfellum helztu grundvallarreglum skipulags, því að þá verður skipulag með engu heildarfyrirkomulagi framkvæmt. Bæjarfélögin flest hafa fyrir svo löngu rekið sig á þetta, að þau hafa leitazt við að bæta úr þessu og útvega sér meginhluta þess lands, sem kaupstaðirnir eru byggðir á, og kom það einmitt fram í ræðu hæstv. ráðh., að flest bæjarfélögin væru þannig stödd, að þau hefðu leyst þessi mál í aðalatriðum og væru ekki eins illa á vegi stödd og kauptúnin. En samt er það svo, að einstöku kaupstaðir eiga allan eða meginhluta síns skipulagða bæjarsvæðis í einkaeign og eiga þar gegn eignarréttinum að sækja.

Þetta hefur, eins og hæstv. ráðh. upplýsti, í Keflavíkurkaupstað leitt til óheyrilega hárrar lóðaleigu, sem vitanlega verður til þess að hækka húsaleiguna í þeim kaupstað, en þarna er svo komið, að kr. 1.15 verður að greiða í leigu á ári á hvern fermetra lands undir íbúðarhúsnæði og á 3. kr. á fermetra lands í leigu, þegar um verzlunarlóð er að ræða. Þarna er vitanlega um verðhækkanir að ræða vegna almennrar þjóðfélagsþróunar, vaxtar og viðgangs bæjarfélags, en ekki af því, að nokkur einstaklingur hafi lagt neitt af mörkum í erfiði, vinnu eða neinum öðrum verðmætum frá honum sjálfum til þess að hækka landið í verði. En svo er komið einmitt, að vegna þess að kauptúnin eiga nú ekki annars kost en að afla sér hins nauðsynlegasta lands, þá reka þau sig á það, að landið hefur hækkað gífurlega í verði. Og þó að leitað sé mats og yfirmats, þá verður niðurstaðan sú, að landið er orðið svo verðmætt vegna almennra aðgerða, að sveitarfélögin rísa naumast undir því að útvega slíkt fé, og ef ráðizt væri í kaupin samkv. niðurstöðu slíks mats, þá færi oft svo, að þetta legðist sem lítt bærilegur skattur á notendur þess húsnæðis, sem þar væri reist.

Málið er því orðið mikið vandamál, og hefði þurft að leysa það með einhverjum hætti fyrir löngu. Það hefði t. d. mátt gera ófýsilegra fyrir menn að eiga slík lönd og lóðir á skipulögðu svæði með því að setja á það verðhækkunarskatt, sem væri ákveðinn af hinu opinbera og tæki í burt megingróðamöguleikann af því að eiga land á slíkum stöðum, þannig að það væri auðveldara að koma því í það eðlilega horf, að hið skipulagða landssvæði í fjölbýli væri eign hins opinbera. Og mér er nær að halda, að þess sé full þörf enn, þótt þessi löggjöf komi, að setja verðhækkunarskatta á slík lönd og lendur, til þess að verðhækkunin haldi ekki áfram og sveitarfélögin rísi ekki, þegar fram líða stundir, undir því að taka landið til sín þrátt fyrir heimildir til þess. Ég er afar hræddur um, að verðhækkunin haldi áfram á slíkum löndum, ef ekki kemur til verðhækkunarskattur, sem greiðir fyrir því, að kaup og sala fari fram á þessum löndum og hið opinbera verði eigandinn.

Mér er alveg sérstaklega kunnugt um eitt þorp á Vestfjörðum, Súðavík, sem hér var nefnd í skýrslu hæstv. ráðh., í hvaða úlfakreppu það er búið að vera lengi vegna skorts á landi, vegna þess að allt landið, sem kauptúnið stendur á, er eign jarðanna Súðavíkur, Traðar og Eyrardals. Það eru meira en 30 ár síðan þetta þorp var þannig statt, að þar var skólahúsið komið að falli, þar var lítið samkomuhús, sem verið hafði í þorpinu, komið að falli,

og hvort tveggja talið ónothæft af heilbrigðisyfirvöldum. Þá vildu þrjú félagasamtök í kauptúninu koma upp félagsheimili, og í þessum félögum var sennilega meiri hluti íbúanna í þorpinu. En þegar þetta fólk í félögunum leitaði til jarðeigendanna þriggja til þess að fá lóð, bara nauðsynlegustu lóð til þess að setja hið nýja félagsheimili á, fékkst ekkert slíkt land. Það tók á annað ár, þangað til einn maður, sem átti þarna jarðarskika auk þessara þriggja jarðeigenda, fékkst til þess að selja félögunum 500—600 fermetra skika undir húsið. En slík var þörfin fyrir þetta hús, að undireins og það var komið upp, varð að taka það til notkunar sem ekki aðeins samkomuhús, eins og það var ætlað til, *og fyrir félagastarfsemina*, heldur einnig sem skólahús og kirkju, og gegndi það því hlutverki milli 25 og 30 ár. En það ætlaði sem sagt að ganga erfiðast af öllu fyrir þessi félög að komast af stað með bygginguna fyrir allar þessar þarfir fólksins í sveitarfélaginu vegna jarðeigendanna, sem höfðu ekki skilning á að láta þetta land af hendi.

Þó hefur Súðavíkurhreppur komizt í hann enn þá krappari núna á seinustu árum, þegar um það var að ræða, að sveitarfélagið ætti að sjá fyrir landi undir verkamannabústaði, en samkv. l. á bæjarfélag eða sveitarfélag, sem vill verða aðnjótandi hlunnindanna, sem felast í l. um verkamannabústaði, að leggja fram slíkar lóðir undir verkamannabústaðina, og það verður að liggja fyrir, til þess að byggingarfélag geti þar starfað og fengið lánveitingu samkv. lögum. En á s. l. tveim árum hefur staðið í stappi um það að fá land undir verkamannabústaði í Súðavíkurþorpi, en Súðavíkurþorp mun vera einna verst statt allra sjóþorpa á Vestfjörðum í húsnæðismálum, og þar er vafalaust höfuðorsökin sú, að ekki var auðfengið fyrir einstaklinga land undir íbúðarhús.

Mér er kunnugt um það, að forráðamenn sveitarfélagsins leituðu á liðnu ári til félmrn. um það að reyna að fá þessi mál leyst, voru búnir að leitast við að fá eina af þessum jörðum keypta. Gekk erfiðlega að ná samkomulagi um verðið, og sýnt þótti, að þó að jörðin væri sett undir mat og yfirmat, þá yrði þarna um jafnvel stærri upphæðir að ræða en svo, að þetta fámenna sveitarfélag risi undir. Með svona bráðabirgðaúrlausn var herjað út land undir verkamannabústaði þar á s. l. ári og byrjað á byggingunum, án þess þó að fullnægt væri l. um verkamannabústaði að því leyti, að sveitarfélagið væri öruggt um að geta lagt þessar lóðir undir verkamannabústaðina fram. Af þessu mega menn sjá, að það er a. m. k. fyrir þetta kauptún ákaflega brýn nauðsyn, eins og þau tvö, sem hæstv. ráðh. nefndi, að fá aðstoð ríkisins til þess að hið nauðsynlegasta byggingarland í kauptúninu verði eign sveitarfélagsins, og þar má áreiðanlega ekki lengi draga aðgerðir, ef í raun og veru á ekki að verða óyfirstíganlegur þröskuldur fyrir íbúa Súðavíkurþorps að geta byggt sér bráðnauðsynlegasta íbúðarhúsnæði. Og þannig mun ástandið raunar vera víðar.

Vitanlega ber að leita allra ráða til að fá samkomulag við landeigendur um að kaupa slík lönd og slíkar lóðir, og það munu sveitarstjórnirnar vafalaust gera á hverjum stað. En jarðeigendurnir eru sér þess meðvitandi, að almenna þróunin hafi margfaldað verðmæti þessa lands, og þess vegna ganga þeir eftir því og vita, að ekki er í önnur hús að venda með það að bæta úr landsskortinum.

Ég sé það, að í 6. gr. þessa frv. er heimild að taka löndin og lóðirnar eignarnámi. En það verður vitanlega að gera samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917, og er ég hræddur um, að verðið *geti, verði ekki neinar sérstakar ráðstafanir* gerðar, orðið æðihátt í ýmsum tilfellum, því að þarna er maður kominn að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, og er víst ekkert, sem þar getur úr skorið um réttmætt verð, nema opinbert mat. En opinberar virðingargerðir, þegar hefur staðið á líkt þessu, hafa yfirleitt lent í mjög háum upphæðum, eins og ráðh. raunar minntist á. En á því sé ég ekki að verði breyting með þessu frv., sem hér er lagt fram, og er þar vafalaust ekki gott við að gera. Almannaþörf heimtar þarna, að landið sé tekið eignarnámi, og það eitt er heimilt samkv. stjórnarskrá, en verðið verður ákveðið af opinberum, dómkvöddum matsmönnum. Og ég er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, ákaflega hræddur um það, að verðhækkanirnar á slíkum löndum, meðan þau eru í einstaklingseign í námunda við hafnarstæði eða í hjarta kauptúns, sem er í vexti, haldi áfram að aukast, þangað til óviðráðanlegt er fyrir fólkið, sem við á að búa, að borga af því skatta og skyldur, nema því aðeins að verðhækkunarskattar verði látnir koma til, svo að það verði ekki fýsilegt fyrir einkaeigendur að halda þessu landi í *von, jafnvel vissu um áframhaldandi* verðhækkanir, sem þeir þurfa ekkert annað en bíða eftir.

Það verður áreiðanlega ekki um það deilt, að einkaeign á landi er samfélaginu óhollt fyrirbæri í slíkum tilfellum sem þessum, og kauptúnin hafa líka borið upp raunir sínar við ríkisstj. og óskað úrræða til þess að geta orðið eigendur að því landi, sem þau eru byggð á, og sú þörf er nú í raun og veru af flestöllum viðurkennd.

Ég held, að frv. þetta sé að flestu til bóta frá löggjöfinni frá 1941, og fagna þessu frv. og mun af alhug fylgja því. Ég held þó, að ein breyt., sem gerð er hér og nefnd í grg., sé ekki til bóta. Það er í l. frá 1941 ákveðið, að land, sem sveitarfélögin hafa fengið aðstoð ríkisins til þess að kaupa, megi ekki selja aftur nema með samþykki ríkissjóðs. Það ákvæði virðist mér vera verndarákvæði gagnvart því, að slík lönd geti aftur farið að ganga kaupum og sölum og haldið áfram á verðhækkunarbrautinni. Hér segir í grg., að þessari kvöð sé ekki haldið í þessu frv. og að sveitarfélögunum sé þannig heimilt að selja

aftur lönd, sem þau þó hafa tryggt sér eignarhald á með aðstoð ríkisins til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir á landinu. Ég held, að þó að þetta sé vafalaust gert til þess að auka sveitarfélögunum frjálsræði, þá eigi þessi kvöð fremur, sem nú er í l., að haldast og eigi ekki að nema hana í burtu. Hún er eitt af sjálfsögðum verndarákvæðum gegn áframhaldandi verðhækkun lands, sem þannig liggur, að nota þurfi í almannaþarfir, og almannaþarfirnar beri að setja ofar einkaþörfinni í þessu tilfelli, enda frv. allt saman við það miðað að koma almannaþörfinni til hjálpar.

Það er mjög til bóta, að ríkið ætli ákveðna upphæð á ári, í þessu tilfelli 2 millj. kr., til þessarar aðstoðar við sveitarfélögin til landakaupa. En þó er ég afskaplega hræddur um, að þessi upphæð reynist allt of lág og það gangi mjög seint með þessu móti að koma hinum allmörgu kauptúnum, sem hér eru í vanda stödd, til hjálpar. Og það gæti svo farið, að verðhækkunarflóðaldan héldi áfram og þessi nauðsynlegustu landakaup heimtuðu að nokkrum árum liðnum enn þá miklu hærri fjárhæðir heldur en ef hægt væri að ganga að þessu verkefni tiltölulega fljótt og hjálpa þeim kauptúnum, sem verst eru sett um landþrengsli, nú á þessu og næstu árum á tiltölulega skömmum tíma.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég fagna framkomu þess, en ég óttast, að verðhækkunarskriðan haldi áfram og að frv. bæti ekki á nógu skömmum tíma úr þeim vanda, sem hér er við að glíma, og held, að óhjákvæmilegt væri, að verðhækkunarskattur væri settur á til þess að flýta fyrir því, að landeigendur á slíkum stöðum fengjust til að selja land sitt með hófsamlegu verði, þegar þeir sæju ekki fram á að geta tekið til sín áframhaldandi gróða af verðhækkun vegna almannaþróunar með því að halda landinu enn um sinn, kannske sem allra lengst í einkaeign.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 331, n. 388).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., er ríkissjóði gert að leggja fram 2 millj. kr. árlega á næstu 10 árum í sérstakan sjóð, sem ætlað er það hlutverk að aðstoða kaupstaði og kauptún til þess að eignast lönd og lóðir innan takmarka sinna, ef það er talið nauðsynlegt vegna almennra þarfa.

Í l. nr. 64 frá 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa, er ríkisstj. heimilað að kaupa landssvæði í kauptúnum og sjávarþorpum eða í grennd við þau og leigja þau síðan hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er horfið frá þessari stefnu og að hinni, að aðstoða sveitarfélögin til þess sjálf að verða eigendur að lóðum og löndum, sem eru innan takmarka þeirra. Er þessi stefna tvímælalaust til bóta til lausnar þeim vanda, sem ærið oft skapast við það, að slík lönd eru ekki í eign sveitarfélaganna. Reynslan hefur sýnt áþreifanlega, að kaupstaðir og kauptún, sem eru í örum vexti, komast oft í hinn mesta vanda, ef aðrir aðilar en sveitarfélögin sjálf eru eigendur að meginhluta þeirra lóða og þess lands, sem sveitarfélögunum er lífsnauðsyn að hafa fullan og óskertan yfirráðarétt yfir, svo sem allra landa og lóða undir götur, hafnarmannvirki, samgöngumiðstöðvar, opinberar byggingar, verkamannabústaði, leikvelli barna, opin svæði fyrir garða og margt fleira, sem tilheyrir nútímaskipulagi í fjölbýli. Og þessi vandi fer vaxandi í hlutfalli við þörfina, sem skapast vegna sívaxandi athafnalífs og aðstreymis fólks, sem því jafnan er samfara. Samfara slíkum vexti fylgir aukin eftirspurn eftir löndum og lóðum með síhækkandi verðlagi, sem óhjákvæmilega verkar neikvætt á lífskjör fólksins og hag sveitarfélagsins. Verðhækkun lands og lóða þeirra, sem hér um ræðir, er oftast beinlínis vegna fjárframlags hins opinbera samfara orku þess fólks, sem hana leggur fram til vaxtar og uppbyggingar staðanna, en langsjaldnast fyrir aðgerðir þeirra, sem eignuðust löndin á sínum tíma, — og þau voru þeim verðlítil, þar til eftirspurnin gerði þau verðmeiri af þeim ástæðum, sem ég þegar hef skýrt frá.

Sú spurning leitar því á með vaxandi þunga, hvaða ráð eru til þess að fyrirbyggja þessa þróun málanna í sambandi við lönd og lóðir í ört vaxandi kaupstöðum og kauptúnum í landinu. Að óbreyttum ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem mælt er svo fyrir, að engan má skylda til þess að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir, — og að óbreyttri 10. gr. l. nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms, sem mælir svo fyrir, að matsverð eignar skal miða við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum, verður það eitt til bjargar, að forráðamenn sveitarfélaga séu nægilega framsýnir til þess að festa kaup á löndum og lóðum fyrir sveitarfélagið, áður en hið opinbera leggur í stórfelldar framkvæmdir á staðnum, sem óhjákvæmilega setja verðlag lóðanna upp úr öllu valdi.

Menn hafa að vísu eygt þann möguleika að setja verðhækkunarskatt á söluverð eigna, sem þannig hækka í verði fyrir opinberar aðgerðir, en það mál er ekki svo einfalt sem ætla mætti, einkum þar sem öruggt er talið, að slíkan verðhækkunarskatt yrði þá að setja á allar eignir, en takmarka hann ekki aðeins við þær eignir, sem um ræðir í þessu frv. Er því hér um að ræða miklu víðtækara mál en það, sem takmarkast af þessu frv. Þykir því

ekki rétt að taka upp ákvæði um slíkt atriði í þetta frv., þar sem lausn þessa vanda eigi heima í öðrum lögum.

Rétt þykir að benda á, að svo virðist sem flestir þeir aðilar, sem fara með mat eigna, sem teknar eru eignarnámi samkv. l. nr. 61 frá 1917, um eignarnám, hafi mjög sterka tilhneigingu til þess að túlka þau lög í hag eiganda meira en í hag almenningsheilla. Sýnist því brýn þörf á því að endurskoða þau lög með það fyrir augum að tryggja betur hag almennings í sambandi við eignarnám, sem fram er látið fara vegna nauðsynlegs eignarréttar hins opinbera yfir ákveðnum eignum til tryggingar heilla almennings í landinu. En ákvæði um slíka endurskoðun á ekki heima í því frv., sem hér er til umr., þótt á þetta sé bent hér. Þar sem svo stæði á, að sveitarfélag hefði ekki bolmagn til þess að eignast nauðsynleg lönd eða lóðir með þeirri aðstoð, sem fyrir er mælt í þessu frv., og á því verði, sem upp er sett eða metið væri, mætti e. t. v. leysa vandann með leigunámi í stað eignarnáms, enda væri þá leigumatið miðað við eðlilega leigu á lóðum á staðnum. Hér þyrfti einnig ákveðið lagafyrirmæli, sem fremur ætti heima í öðrum l. en í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Í 1. gr. frv. á þskj. 331 kveður svo á, að ríkissjóður leggi fram 2 millj. kr. árlega á árunum 1963—1972, eða alls í næstu 10 ár um 20 millj. kr., sem heimilt er að lána kauptúnum og kaupstöðum til lóða- og landakaupa innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags, og að fé þetta skuli geymt á sérreikningi í Seðlabankanum, ef því er ekki ráðstafað að fullu árlega. Inn á þann reikning skal og greiða árlega vexti og afborganir. Hér er því beinlínis um sjóðssöfnun ríkissjóðs að ræða, en ekki eyðslufé.

Í 2. gr. frv. eru fyrirmæli um það, að fjmrn. annist allar framkvæmdir í sambandi við lánveitinguna og innheimtu á afborgunum og vöxtum, en getur þó falið það lánsstofnun, ef þörf krefur. Í 2. gr. er einnig svo ákveðið, að standi sveitarfélög eigi í skilum með afborganir og vexti af lánunum, megi halda eftir af framlögum, sem það á að fá úr jöfnunarsjóði, til jöfnunar vangreiddri fjárhæð.

Í 3. gr. frv. er kveðið svo á, að sjóðurinn megi lána 60% af kostnaðarverði hins keypta lands og ríkissjóður megi auk þess ábyrgjast 40%, en allt kaupverðið, ef það er greitt með skuldabréfum, enda sé landið sett að veði til tryggingar láni og ábyrgðum. N. leggur til, að aftan við 6. gr. lagafrv. bætist ný mgr., er orðist svo, sjá þskj. 388:

„Við 3. gr. Aftan við gr. bætist ný mgr., er orðist svo:

Eigi má sveitarfélag selja land, sem keypt hefur verið samkv. lögum þessum, nema samþykki ráðh. komi til, enda verði þá öll áhvílandi skuld við sjóðinn með veði í landinu greidd að fullu."

Það var rætt um það í n., hvort rétt væri að setja inn, að aðeins skyldi söluverðið greitt inn til afborgana á láninu, en samkomulag varð um, að greinin skyldi orðast eins og hér segir, þ. e. að allt lánið skyldi að fullu greitt, ef selja ætti landið, þótt ekki væri nema um einhvern hluta þess að ræða. Þykir rétt að tryggja land eða lóðir, sem keypt eru þannig, gegn því, að þær lendi í kaupbraski síðar meir.

Í 4. gr. frv. er mælt svo fyrir, að lánstími megi vera allt að 25 árum og vextir 5%, enn fremur, að skilyrði fyrir aðstoð séu, að kjörin séu svo hagstæð að dómi ríkisstj., að sveitarfélagið fái risið undir vöxtum og afborgunum. Og í 5. gr. eru sett þau skilyrði fyrir aðstoð, að ríkisstj. telji sveitarfélagi nauðsyn að eignast landið vegna almennra þarfa og kaupverðið sé eigi óhæfilega hátt. — 6. gr. kveður svo á um eignarnámsheimild, ef ekki takist samningar um kaup, og hvernig þá skuli með fara, en í 7. gr. ákveður, að leita skuli umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, áður en aðstoð er veitt.

Verði frv. samþ. þannig, falla úr gildi l. nr. 64 frá 27. júní 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa, þar sem þeirra er þá ekki lengur þörf. Nái frv. fram að ganga, og á því er mikil þörf, leysir það verulega þann vanda, sem ört vaxandi kauptún eiga við að glíma í sambandi við lóðakaup, en þó einkum á þeim stöðum, þar sem næg framsýni er höfð um kaup á löndum, áður en þau hækka vegna aðgerða hins opinbera. Hefur slík framsýni einkum verið rík á eftirfarandi stöðum: 1) Í Þorlákshöfn, en þar var höfninni afhent allt land jarðarinnar með mjög hagkvæmum kjörum, áður en hafizt var handa um byggingu mannvirkja þar. 2) Á Rifi. Þar keypti Rifshöfn alla jörðina fyrir um 38 þúsund krónur, áður en nokkrar framkvæmdir voru hafnar þar. Á báðum þessum stöðum koma þær ráðstafanir til þess að hafa geysiáhrif á afkomu hafnanna og alls almennings, er fram líða stundir. Er þess að vænta, að þessi fordæmi opni augu forráðamanna sveitarfélaganna fyrir þessu mjög svo þýðingarmikla atriði, að festa kaup á löndum, áður en þau hækka í verði fyrir aðgerðir þess, sem kaupa verður síðar, til þess að forðast margvíslega erfiðleika. Þessum aðilum er frv. þetta mikils virði, en það er einnig mikil hjálp þeim öllum öðrum, sem lönd og lóðir verða að kaupa, jafnvel hvaða verði sem þeir verða að sætta sig við.

N. leggur því einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er lagt til á þskj. 388 að gerð verði á 3. gr. þess. Hefur verið rætt um þetta atriði við ráðh., sem telur breyt. til bóta. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að bera fram frekari brtt. við frv. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að verða bornar. Einn nm., Guðlaugur Gíslason, hv. 3. þm. Sunnl., var fjarverandi vegna sjúkleika, er endanlega var gengið frá málunum í n., en hann hafði verið áður þátttakandi í meðferð málsins og lýsti sig sammála afgreiðslu þess í öllum atriðum.

Ég legg til, hæstv. forseti, fyrir hönd n., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef hér lýst og fram eru bornar á þskj. 388.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess, tjáði mig fylgjandi frv. að meginefni, en vakti athygli á, að ég teldi, að mjög þyrfti að taka til athugunar tvö atriði. Í fyrsta lagi að taka inn í þetta frv. það atriði, sem fellt hafði verið niður úr áður gildandi löggjöf, þ. e. a. s. lögum nr. 64 frá 1941, um kaup á landssvæðum í kauptúnum og sjávarþorpum eða í grennd við þau, eins og lögin heita, að þau mættu ekki selja slíkt land, sem þannig hefði verið keypt með aðstoð ríkisins, nema ráðh. samþykkti það. Og í annan stað, að ákvæði vantaði í þetta frv. um það að auðvelda sveitarfélögunum að geta fengið á sanngjörnu verði nauðsynlegt land, og benti ég á, að það yrði varla tryggt með öðrum hætti en með einhvers konar verðhækkunarskatti.

Hv. frsm. n. hefur nú gert grein fyrir afgreiðslu málsins í n., og skal ég engu við það bæta og dveljast þá heldur við þessi atriði, sem ég áðan vék að.

Það varð samkomulag um það í n. að taka upp í frv. ákvæði um, að sveitarfélag mætti ekki selja land, sem keypt hefði verið af almannanauðsyn samkv. þessum l., nema ráðherrasamþykki kæmi til. Og þannig hefur það annað atriði, sem ég gerði aths. við við 1. umr., fengið afgreiðslu í samræmi við mínar skoðanir á því.

Hins vegar var mjög tekið til athugunar hitt atriðið, hvernig ætti að tryggja, að sveitarfélögin fengju lönd sér nauðsynleg á sanngjörnu verði, og var það tekið til sérstakrar athugunar í flokkunum að beiðni n. Kom öllum saman um, að það væri vandi að finna þarna millileið, sem veitti nauðsynlega vernd, en rækist þó ekki á ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttarins. Og í sumum flokkunum varð það niðurstaðan, að æskilegt væri og jafnvel nauðsynlegt að setja slík lagaákvæði, en sumir þeirra töldu, að slík ákvæði, ef sett yrðu, ættu fremur heima í l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917, um eignarnám, heldur en í þessum lögum, því að með þessum l. væri þá sett ákvæði, sem legði nokkrar hömlur á hinn frjálsa eignarrétt aðeins í þessu tilfelli, en ekki almennt, og væri það ekki viðeigandi sem skyldi. Menn ræddu líka aðra leið til þess að fyrirbyggja óhóflegt verð á þessum löndum, sem hér um ræðir, nefnilega það, að við 6. gr. kæmu ákvæði um það, að þeir dómkvöddu menn, sem meta skyldu verðmæti slíkra landa, skyldu taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefði á landi vegna opinberrar mannvirkjagerðar á því eða almennrar þróunar. Hætt er þó við, að jafnvel sú aðferð rækist fremur á ákvæði stjórnarskrárinnar en skattlagningarleið. Niðurstaðan varð sú, að n. barst ekki vitneskja um það, að flokkarnir treystu sér til að flytja brtt. í þá átt, sem ég hafði farið fram á, nema hvað minn flokkur, Alþb., hefur ákveðið að freista þess að koma fram breyt. á frv. viðvíkjandi þessu efnisatriði og þá í formi verðhækkunarskatts, fremur en setja ákvæði um, að hinir dómkvöddu matsmenn skuli taka tillit við matsgerðina til almennra verðhækkana.

Ég leyfi mér því að bera fram brtt. við 5. gr. frv. Í 5. gr. segir: „Það er skilyrði fyrir aðstoð ríkisins samkv. l. þessum, að ríkisstj. telji sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast umrætt landssvæði vegna almennra þarfa. Rétt er að synja um aðstoð, ef ríkisstj. telur kaupverðið óhæfilega hátt.“ Þarna legg ég til, að við þessa grein bætist: „Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir og ríkisstj. telur kaupverð óhæfilega hátt og synjar þar af leiðandi um aðstoð samkv. l., er ríkisstj. heimilt að leggja árlegan verðhækkunarskatt á umrædd landssvæði, og má skatturinn nema allt að 20% af verðhækkun landsins vegna samfélagsþróunar eða opinberrar mannvirkjagerðar samkv. mati dómkvaddra manna. Helmingur verðhækkunarskatts rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en hinn helmingurinn í landakaupasjóð samkv. 1. gr. þessara laga.“

Þarna er ráð fyrir því gert, að þegar sveitarstjórn hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að almannaþörf heimti, að sveitarfélagið fái keypt land í lögsagnarumdæmi sínu, hefur lagt þetta mál fyrir ríkisstj. og fengið viðurkenningu hennar fyrir því, að sveitarfélaginu sé nauðsyn á að eignast umrætt landssvæði, en ríkisstj. segir: aðstoð verður ekki veitt samkv. l., vegna þess að verðið er of hátt, — þá komi þessi ákvæði til, að sveitarstjórnir geti þá gripið til þess að leggja á verðhækkunarskatt, sem að hálfu renni í sveitarsjóð og að hálfu til ríkisins í landakaupasjóðinn, og er þetta hugsað til þess, að þá dragi úr áhuga eigandans til þess að eiga landið áfram og synja um sölu á því í almannaþágu í vændum þess, að hann njóti áframhaldandi verðhækkana af landinu vegna almannaþróunar. Það má segja, að þarna sé heimild til að leggja allþungan skatt á, en hann er þó eingöngu lagður á þau verðmæti, sem landeigandi hefur ekki lagt fram á nokkurn hátt, heldur verða til við almannaþróun eða opinbera mannvirkjagerð. Og í þeim tilgangi er hann á lagður að fullnægja almannaþörf, og hún á samkv. anda stjórnarskrár að sitja í fyrirrúmi fyrir einkahagsmunum. En hans frumverðmæti í landinu á að metast af dómkvöddum matsmönnum, og á það á enginn skattpeningur að koma, aðeins hluti af verðhækkuninni, sem orðið hefur vegna almannaþróunar.

Það má vel vera, að það verði sagt, að svona skattlagning rekist á ákvæði stjórnarskrárinnar, og enn fremur má kannske segja, að því verði við borið, að þetta ætti heldur að koma inn í lögin um eignarnám. En ég held, að það fari ekkert illa á því, að þetta ákvæði komi hér vegna þessa sérstaka máls, sem er

sveitarfélögum landsins mjög mikið vandamál og þarf að leysa um leið og löggjöf er sett um þessi efni.

Lögin frá 1941 um landakaup voru að mörgu leyti hagstæð sveitarfélögunum, því að ríkið átti þá að kaupa slíkt land og leigja sveitarfélaginu það með 4% leigu af kaupverðinu. En það vantaði það, sem við átti að éta, það vantaði fjárveitingar hjá ríkinu til þess að annast þessi kaup, og þess vegna urðu l. í flestum tilfellum pappírsgagn eitt. Nú er hér sú bót á ráðin, að sveitarfélögin eiga í samráði við ríkið að kaupa löndin, og ríkissjóður leggur fram árlega 2 millj. kr. til þess að lána sveitarfélögunum vegna kaupanna. Þetta tel ég til bóta. En hin hliðin, hið óhóflega verðlag á lóðum og lendum í námunda við kaupstaði og kauptún og í lögsagnarumdæmum bæja og kauptúna, er mál, sem leysa þarf með einhverjum hætti, og það viðurkenndi hv. frsm. líka rækilega í sinni framsöguræðu, þó að hann hefði fallizt á það með sínum flokki, að betur færi á að reyna að reisa þar skorður við með breyt. á eignarnámslöggjöfinni frá 1917, sem ég tel, að alveg eins geti átt heima í þessum lögum. A. m. k. á það öllu betur heima í þessum lögum en þegar hv. d. var sammála um það hér fyrir skemmstu, að vinnulöggjafarákvæði væru sett inn í lyfsölulöggjöf. En það þótti hlýða þá. Hér er beint verið að setja lagaákvæði til lausnar þessu máli, sem frv. fjallar um, og ná ekki til annarra efnisatriða en landakaupa í almannaþágu fyrir kauptún og kaupstaði. Þessi löggjöf er að því leyti rýmri en lögin frá 1941, að aðstoð má einnig veita kaupstöðum, en hin lögin hafa eingöngu verið til aðstoðar við kauptún.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Þetta er nýmæli, sem felst í þessari brtt. minni, og má vel vera, að menn verði ekki á eitt sáttir um það. En nauðsynin er fyrir hendi til þess að ráða þarna bót á, og ég tel bezt fara á því að gera tilraun til þess að leysa þennan vanda í sambandi við setningu þessara laga. Brtt. er skrifleg, og verð ég því að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, ef hún verður tekin til umr. nú, en hins vegar gæti ég vel fallizt á það, að a. m. k. atkvgr. um hana yrði frestað til 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 403) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun ekki verða því andvígur, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga sem lög á þessu þingi. En mér þykir það ofmælt og að því megi ekki vera með öllu ómótmælt, sem ýmsir ræðumenn hafa sagt, bæði við 1. umr. og sérstaklega við þessa umr., að þessi löggjöf sé, að því er skilja mátti, eingöngu til bóta fyrir þau sveitarfélög, sem þurfa að eignast lönd, og að hin eldri lög frá 1941 hafi verið pappírsgagn, því að hvorugt er rétt. Með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, eru sveitarfélögum ætluð lakari kjör á fé, sem þau taka að láni til landkaupa, heldur en verið hefur, bæði lánstíminn styttri og vextir hærri. Og lögin frá 1941 hafa ekki verið pappírsgagn, því að heimild þeirra hefur nokkrum sinnum verið notuð til þess að kaupa lönd eftir ósk hreppsfélaga. Ástæðan til þess, að þetta frv. er lagt fram, er hins vegar sú, að eins og nú er komið, þá hefur reynzt erfitt að fá framkvæmda heimildina frá 1941. Stjórnarvöld hafa ekki treyst sér til þess að framkvæma hana. Lönd hafa hækkað mjög í verði í seinni tíð og fleira breytzt í sambandi við lánamál og annað. Og fleiri en fyrr óska nú eftir því eða eru líklegir til að óska eftir því, að lönd verði keypt. Þessi er ástæðan til þess, að þetta frv. hefur verið flutt, og eftir atvikum mun ég, eins og ég sagði áðan, ekki leggjast gegn því, að þetta frv. verði samþ., og þá í trausti þess, að þá gangi greiðlegar fyrir þau hreppsfélög, sem í hlut eiga, að koma skipulagi á sín mál á þessu sviði, jafnvel þó að með lakari kjörum sé en áður var. Er þess þá að vænta, að á það verði litið síðar, ef hreppsfélögunum reynist erfitt að standa undir þeim byrðum, sem á þau falla af þessum sökum.

Ég hef haft til athugunar að flytja brtt. við eina gr. frv., en mun ekki gera það við þessa umr. og íhuga það nánar, hvort ég tel nauðsynlegt að flytja þá brtt. við 3. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hvað snertir brtt. þá, sem lögð hefur verið fram skrifl. af hv. 4. landsk., og þau ummæli, sem hann hafði um sína brtt., þá kom þar ekkert nýtt fram frá því, sem kom fram í n., og raunverulega frá því, sem ég skýrði frá í minni framsöguræðu, N. hafði hins vegar ekki haft tækifæri til þess að sjá sjálfa till. eða orðalag hennar. Mér þætti því eðlilegast, að hv. 4. landsk. vildi taka till. aftur til 3. umr. Í því felst ekkert loforð frá minni hálfu um það, að n. fallist á till., mér finnst það eðlileg vinnubrögð, af því að n. hefur ekki sjálf séð orðalagið. Ég hygg, að eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, þá fáist ekki meiri hl. alþm. til þess að fylgja till. sem brtt. við þetta frv., og vil ég ekki taka þá áhættu að tefja málið við umr., sem kynnu út af því að spinnast. Hins vegar er þetta slíkur vandi, eins og ég lýsti í minni ræðu, að ég tel, að málið þurfi að undirbúa vel, áður en það er lögfest, og einkum og sér í lagi vegna þess, að það er talið, að það sé mjög varhugavert að setja slíkan skatt eingöngu á takmörkuð lóða- eða landssvæði, eins og hér er gert ráð fyrir í till.

Það er alveg á misskilningi byggt hjá hv. þm., að þetta atriði eigi eins heima í því frv., sem hér um ræðir, eins og ákvæðið um vinnudeilur sem sérstakur kafli í lyfsölulögunum, vegna þess að þar var enginn ágreiningur á milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda um það atriði. Báðir aðilar óskuðu þess eindregið, að sá kafli væri settur inn í löggjöfina. Að öðrum kosti hefði sjálfsagt ekki meiri hl. heilbr.- og

félmn. fallizt á, að svo væri gert, svo að það er ekki alveg jöfnu saman að jafna í þessum tveimur málum. Ég skal að öðru leyti ekki ræða þessi atriði.

Um aths. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. taldi hann sér þörf á að mótmæla því, sem hér hefði verið sagt um löggjöfina frá 1941, að hún hafi verið eingöngu pappírsgagn og þessi löggjöf, sem nú sé á ferðinni, sé miklu betri en sú löggjöf. Þessum tveimur atriðum óskar hann að mótmæla. Frá mér höfðu ekki komið þau ummæli, að l. frá 1941 hafi verið pappírsgagn, og þá er það þeirra að svara til þess, sem það hafa látið frá sér fara. Hitt er mín skoðun, að þessi löggjöf sé hollari fyrir sveitarfélögin en löggjöfin frá 1941, og skal ég færa fyrir því nokkur rök og er sá dómur minn engan veginn neinn hæstaréttardómur í þessu ágreiningsmáli milli mín og hv. 3. þm. Norðurl. e. Hann hefur þar sína skoðun og ég mína. En ég vil aðeins benda á, að l. frá 1941 gera ráð fyrir því, að ríkið kaupi landið og leigi það með 4½% sveitarfélögum. En í þessu frv. hér er ákveðið að aðstoða sveitarfélögin til þess að kaupa landið, og lánið, sem veitt er til aðstoðar, ber aðeins 5% vexti. Það er því sýnilegt, að með þessu móti nýtur sveitarfélag allrar þeirrar verðhækkunar, sem kynni að verða á landinu, eftir að það hefur eignazt það, en það nýtur ekki, ef ríkissjóður er eigandi að landinu samkv. l. frá 1941. Og þegar litið er á, að það hefur einnig verið sótt mjög fast á að selja lönd, sem ríkið á, til sveitarfélags, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, þá er sýnilegt, að hér er betur gert við sveitarfélögin en með l. frá 1941, a. m. k. að mínu áliti.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þær aths., sem hér hafa verið gerðar. Ég hef ekki séð brtt. frá hv. 3. þm. Norðurl. e., en verði hún komin nægilega snemma fram hér, áður en málið kemur til 3. umr., mun ég að sjálfsögðu reyna að leita eftir áliti n. á efni tillögunnar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. frsm. n. sagði áðan. Hann hefur ekki athugað l. frá 1941 til hlítar, að því er mér virðist, en ef hann gerir það, sem hann mun sjálfsagt gera, þá mun hann komast að raun um, að þar er ákvæði, sem heimilar ríkisstj. að selja þau lönd, sem þar er um að ræða. Þessi heimild hefur verið nokkuð notuð og á þann hátt, sem ég gat um áðan í ræðu minni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Frsm. n. hefur beint þeim tilmælum til mín, hvort ég vilji ekki á það fallast að taka till. mína aftur til 3. umr., svo að n. gefist kostur á að athuga orðalag hennar, heldur en láta hana fara undir atkv. nú. Ég fellst á þetta, tel þetta að öllu leyti þinglegt og eðlilegt og vil gjarnan verða við þessum tilmælum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan í tilefni af því, sem komið hefði fram hér í umr., skal ég ekki verða fjölorður. Það er rétt, ég sagði, að að ýmsu leyti hefðu l. frá 1941 verið pappírsgagn, og mér er vel kunnugt um það. Hvert kauptúnið á fætur öðru, sem í landþröng hefur komizt, hefur á undanförnum árum farið fram á það við ríkið, að heimild l. frá 1941 væri notuð og slík lönd keypt, og hið góða og gilda svar, sem gefið hefur verið, hefur verið það, að fjárveiting væri ekki fyrir hendi, fé ekki til landkaupanna, og gæti því ekki af þeim orðið. Og að því er snertir þá hlið málsins að leysa úr byggingarlóðaþörf í kauptúnum, fyrir þeirri þörf hefur ekki verið séð með l. frá 1941. Hitt játa ég, að í vissum tilfellum hefur sjálfsagt verið leyst úr þörf kauptúna fyrir ræktarlönd, og það er ekki einskisvert. Ég veit það ósköp vel. En þá hefur þurft að afla sérstakra fjárveitinga til þeirra landkaupa, en þar er í fæstum tilfellum orðið um aðra eins gífurlega verðhækkun að ræða á landi og í kauptúnunum, þegar um er að ræða land undir byggingar, kannske land í námunda við hafnarsvæði, sem almenn verðhækkun er orðin gífurleg á. Þetta var það, sem gaf mér tilefni til þess að segja, að að ýmsu leyti hefðu l. frá 1941 í reyndinni orðið pappírsgagn, og út frá þessari hlið, sem mér var vel kunnugt um, sagði ég þetta og taldi því til bóta, að nú væri hér gert ráð fyrir, að ríkið legði fram 2 millj. kr. til þess að fullnægja ákvæðum þessara l. að einhverju leyti, og skal ég þó játa, að ég er hræddur um, að eins mörg verkefni og hér liggja fyrir, þá verði þessi upphæð allt of lág.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 388 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 403 tekin aftur til 3. umr.
4.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 406, 403, 405).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft tækifæri til þess að athuga brtt., sem komið hafa fram á þskj. 403 og 405. Leggur n. til, að brtt. á þskj. 405 verði ekki samþ. Hér er aðeins um að ræða, hvort heldur setja skuli í frv. orðið: „landkaup“ eða „landakaup“. N. sér ekki ástæðu til að breyta fyrirsögninni og leggur því til, að brtt. verði felld. Ég skal ekki taka upp neinar deilur við háskólaborg-

ara um það, hvort beygingin á nafninu sé rétt eða ekki, en meiri hl. n. leggur til, að brtt. verði felld. Meiri hl. n. leggur einnig til, að brtt. á þskj. 403 frá Hannibal Valdimarssyni verði felld.

N. hefur hins vegar komið sér saman um að bera fram nýja brtt., sem ekki hefur gefizt tími til að láta prenta, en brtt. hljóðar þannig:

„Brtt. við frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa. Frá heilbr.- og félmn.

Við 1. gr. Í stað orðanna „2 millj. kr.“ í upphafi gr. komi: 3 millj. kr.“

N. er einróma sammála um að leggja til, að þessi brtt. verði samþ. Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. Það þarf að sjálfsögðu tvöföld afbrigði til þess, að hún megi koma til umr., en ég vænti þess, að fallizt verði á að afgreiða málið úr þessari hv. d. í dag með þeirri breyt., sem meiri hl. n. og n. að sumu leyti öll hefur lagt til að gerð verði á frv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 442) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 442 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 403 felld með 17:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EOl, GJóh, HV.

nei: SI, AGb, BF, EI, EmJ, GíslJ, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, BÞ, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, JóhH.

SkG, ÓskJ, BP, EystJ, GíslG, HÁ, HS, IG greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÞÞ, ÁÞ, BGr, BK, BBen, GeirG, GuðlG, JSk, KGuðj, LJós, RH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var á döfinni, var það eitt af þeim atriðum, sem ýtarlega voru rædd, hvort verðhækkunarskattur skyldi fylgja þessu frv. eða ekki. En mönnum kom saman um, að það væri svo mikið mál og ekki alveg skylt þessu, að það þyrfti þess vegna að koma fram í sérstöku frv., ef afgr. ætti, ella mundi sjálfu þessu frv. stefnt í hættu. Ég segi þess vegna nei.

Brtt. 405 felld með 17:8 atkv.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 443).

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa er komið hingað frá hv. Nd., þar sem það var samþ., að ég ætla með mikið til samhljóða atkv. og eins og það var lagt fram í upphafi, með einni breyt. þó og henni nokkuð stórri, sem ég mun koma að síðar.

Öllum er ljós þörfin á því, að sveitarfélög eigi sjálf landið, sem þau eru byggð á, til þess að geta komið í veg fyrir óhóflegt gróðabrall á landi og ört hækkandi leigu, en hvort tveggja tíðkast mjög þar, sem landið, sem kauptún og kaupstaðir standa á, er í einkaeign. Nýlega hafa tvö sveitarfélög staðið í því að eignast nokkur landssvæði, sem þau hafa talið sér nauðsynleg vegna bygginga í kauptúnunum og í grennd við höfnina og athafnasvæðin. Þessi kauptún eru Grindavík og Þórshöfn, og hefur eignarnámsmat farið fram á báðum stöðunum og annar staðurinn fengið úrlausn sinna mála, en hitt bíður eftir þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram.

Það eru til lög um aðstoð við landakaup kauptúna, en ekki kaupstaða. Þau lög eru frá 1941, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður geti hlaupið í skarðið og keypt lönd fyrir hreppsfélög eða, eins og það er orðað í l., fyrir kauptún og sjávarþorp og afhent sveitarfélögunum síðan á leigu með vægum kjörum eða selt þeim á kostnaðarverði með lágum vöxtum og til langs tíma. En sá galli er á þeim lögum, að þar er aðallega átt við ræktunarlönd, sem hægt er að gera ráð fyrir að hægt sé að kaupa lágu verði. Með því að verðið er orðið slíkt eins og nú á sér stað, þar sem smálandskikar eru seldir fyrir millj. kr., þá er sýnt, að ríkissjóður getur ekki veitt þá aðstoð, sem til þess þarf, nema sérstakar ráðstafanir séu í því sambandi gerðar.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram árlega upphæð til þess að lána kaupstöðum og kauptúnum til að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags. Það var í frv., eins og það var lagt fram, gert ráð fyrir, að þessi upphæð væri á ári hverju 2 millj. kr., og ákveðið, að sú upphæð skyldi veitt í 10 ár í sjóð, sem notaður yrði til þess að aðstoða við þessar framkvæmdir. Var þá gert ráð fyrir því, að úr þessum sjóði yrði lánað um 60% af kaupverði hins keypta lands, en jafnframt var ríkisstj. heimilað að ábyrgjast upphæð, sem svaraði þeim 40%, sem eftir voru. Þessu var breytt í hv. Nd. á þá lund, að heilbr.- og félmn. lagði til og fékk samþ., að upphæðin, sem árlega yrði veitt í þessu skyni, væri hækkað úr 2 í 3 millj., og er það vissulega til stórbóta á frv., því að það er sýnilegt, að í allra nánustu framtíð munu ýmsir staðir þurfa á aðstoð að halda í þessu skyni. Í frv. er svo nánar ákveðið um lánstíma, sem má vera allt að 25 árum og vextir 5%. Skilyrði fyrir ríkisábyrgð er, að ríkisábyrgðalánið sé að dómi ríkisstj. með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái undir því risið. Það er líka skilyrði fyrir aðstoð ríkisins skv. þessum l., að ríkisstj. telji sveitarfélaginu nauðsynlegt að eignast umrætt landssvæði vegna almennra

þarfa. Og ríkisstj. áskilur sér einnig rétt til að synja um aðstoð, ef hún telur kaupverðið óhæfilega hátt. — Þetta er aðalefni frv.

Ég las upp í hv. Nd. skýrslu um ástand þessara mála í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Ég tel ástæðulaust að gera það aftur hér. Þessi skýrsla liggur fyrir, ef hv. n., sem fær málið til athugunar, kynni að óska eftir henni. En af þessari skýrslu er ljóst, að mjög víða úti um land er ástandið þannig, að það er óviðunandi. Land er í höndum einstaklinga, ört hækkandi í verði, og lóðaleigur þar af leiðandi einnig hækkandi. Þetta er nauðsynlegt að reyna að lagfæra, og ég vænti þess, að með þessu frv. megi takast, að vísu ekki í einu, því að til þess þyrfti mjög mikið fé, en smám saman að koma málunum í sæmilegt horf. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 639).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það er augljóst mál, að kaupstöðum og kauptúnum er mikil nauðsyn á því að eiga lönd og lóðir innan sinna lögsagnarumdæma. enda hefur víðast hvar verið að þessu stefnt. Þó eru *ýmis sveitarfélög, sem eru miður vel á vegi* stödd í þessum efnum, og er það sjálfsagt nauðsynlegt, að ríkisvaldið hlaupi þar undir bagga og aðstoði þau við að eignast lönd og lóðir, hvert innan síns lögsagnarumdæmis. Það er um þetta efni, sem frv. þetta, sem hér er til umr., fjallar. Og frv. þetta, ef að lögum verður, *á að koma í stað l. nr. 64 frá 27. júní* 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa. Í þessu frv. eru gerðar ýmsar veigamiklar breyt. á þeim l., en þær breyt. eru allar raktar í aths. við lagafrv. þetta, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka þær hér.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 655).

---

34. Lántaka fyrir raforkusjóð.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð [230. mál] (stjfrv., A. 493).

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir að fá heimild til lántöku fyrir rakorkusjóð, allt að 150 millj. kr., en eins og kunnugt er, þarf raforkusjóður á miklum fjármunum að halda og vantar nú í heimildum um 100 millj. kr. fyrir þeim lánum, sem er gert ráð fyrir að taka á þessu ári til raforkuframkvæmda. Þær heimildir, sem raforkusjóður hefur fyrir hendi, eru samtals 665 millj. 700 þús., en það, sem hefur verið notað af heimildum, er 641 millj. 571 þús., þannig að ónotaðar heimildir eru aðeins 24 millj. 129 þús.

Það þykir eðlilegt að hafa heimildina það rúma, að hún endist a. m. k. fram á næsta ár, og má búast við, ef framkvæmdir verða með sama hætti á næsta ári, að það þurfi þá einnig að bæta einhverju við heimildina.

Ég sé nú ekki ástæðu til að svo stöddu að fara fleiri orðum um málið, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 575).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Hæstv. forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og fengið upplýsingar, sem staðfesta það, að einsýnt þykir að veita þá lántökuheimild, sem hér er beðið um, og leggur n. einróma til, eins og fram kemur á þskj. 575, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 493, n. 632).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það, að ríkisstj. verði heimilað fyrir hönd raforkusjóðs að taka lán til raforkuframkvæmda, allt að 150 millj. kr. Um ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta hefur verið lagt fram, má vísa til grg. fyrir frv.
Eins og nál. á þskj. 632 ber með sér, hafa allir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, þegar málið var afgr., verið sammála um að mæla með því, en einn hv. nm., hv. 5. þm. Norðurl. e., var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d.. var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 657).

---

35. Iðnaðarbanki Íslands.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. des. 1951 [231. mál] (stjfrv., A. 498).

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem menn muna, var á síðasta þingi samþ. heimild til þess að hækka hlutafé Iðnaðarbanka Íslands, og var hlutafjáraukningin síðan ákveðin á aðalfundi og skorað á menn eða þeim veitt heimild til þess að skrifa sig fyrir hinu aukna hlutafé, og hefur komið í ljós, að meiri eftirspurn er eftir hlutafjáreign í bankanum en rúmast innan þeirrar heimildar, sem veitt var á síðasta þingi. Þeir hluthafar í Iðnaðarbankanum, sem þar eru, aðrir en ríkissjóður, hafa raunar áður óskað eftir því flestir, að ekki væru sett takmörk á hlutaféð, eins og frá upphafi var gert, og endurnýjað, þótt með rýmkuðum hætti væri, frá síðasta þingi. Það, sem nú hefur borið að, að komið hefur í ljós, að meiri eftirspurn er eftir hlutafé en rúmast innan hinna lögskyldu takmarka, hefur ýtt undir þessa ósk einkahluthafanna, og hefur bankaráðið því endurnýjað hana nú nýlega við iðnmrn., auk þess sem aðalfundur hlutafélagsins á s. l. ári hafði þessa ósk uppi, og var þó enn ekki sýnt, hversu mikil eftirspurnin mundi reynast.
Það hefur verið vitnað til þess, að bæði Verzlunarbankinn og Samvinnubankinn hefðu heimild til þess sjálfir, eða þau hlutafélög, sem þær stofnanir eiga, til þess að ákveða sitt hlutafé og væri ekki sett nein takmörkun af hálfu ríkisins. Nú stendur að vísu nokkuð öðruvísi á með Iðnaðarbankann, vegna þess að hann var stofnaður upphaflega með þátttöku ríkissjóðs, og er efasamt, að bankinn á sínum tíma hefði orðið til, ef ríkið hefði ekki á þennan veg stuðlað að stofnun hans. Og í fyrra var einnig ákveðið, að ríkið skyldi að nokkru taka þátt í hlutafjáraukningunni, og var þá miðað við það, að ríkið héldi þeim möguleika, sem það hefur notað sér frá upphafi, að geta tilnefnt tvo menn af fimm í stjórn bankans. Að vísu hefði ríkið til að byrja með auðveldlega getað fengið þrjá menn kosna, en hefur aldrei neytt heimildar til þess að hafa fleiri en tvo.
Þar sem ríkið á svo mikinn þátt í stofnun bankans og lagði enn í fyrra fram aukið hlutafé honum til eflingar, þykir eðlilegt að samræma þetta tvennt, að verða við óskum einkahluthafanna um, að þeir geti sjálfir eða hlutafélagið geti sjálft ákveðið, hversu hátt hlutaféð skuli verða, og eins hitt, að ríkið haldi sínum íhlutunarrétti í stjórn bankans. Og er það gert í þessu frv. með því að afnema hömlurnar á hlutafjármagninu og áskilja berum orðum, að ríkisstj., þ. e. a. s. iðnmrh., tilnefni tvo af fimm bankaráðsmönnum. Stjórn Iðnaðarbankans er þessari lausn samþykk fyrir sitt leyti, enda hygg ég, að þátttaka ríkisins hafi hingað til átt hlut að því að halda þar jafnvægi á milli aðila og síður en svo verið þorra þeirra óvelkomin. Þetta er aðalefni þessa frv.
Til viðbótar er tekið upp samkv. áskorun aðalfundar bankans í fyrra, sem er endurnýjuð af stjórn bankans nú, að heimilt sé að ráða fleiri en einn bankastjóra við bankann. Það verður að skilja núgildandi lög svo, að þar

sé ráðgert, að einungis sé einn bankastjóri. Það hefur verið óskað eftir því að fá samþykktunum breytt, þannig að þeir gætu orðið fleiri, en rn. taldi á s. l. ári, að slík fjölgun bankastjóra rúmaðist ekki innan ramma l. eins og þau eru. En úr því að lagabreytingu þarf að gera á annað borð og bankaráðið eindregið óskar eftir þessari heimild, sem aðalfundurinn í fyrra hafði uppi, þá sýnist eðlilegt að verða einnig við þeim tilmælum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 498, n. 550).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til meðferðar. N. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Er ekki ástæða til að rekja efni þess hér. Hæstv. iðnmrh. gerði það hér í sinni framsögu. Einn nm. (EðS) áskilur sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. óskum aðalfundar hluthafa Iðnaðarbanka Íslands og bankaráðsins og er þess efnis, að felldar verði niður þær takmarkanir, sem hafa verið á hæð hlutafjár, en jafnframt er tryggt, að ríkisstj. hafi jafnmikla hlutdeild í bankaráði og hún hefur haft frá stofnun bankans, og er það með samþykki bankaráðsins í heild. Enn fremur er heimilað, að bankaráðið geti sjálft ákveðið tölu bankastjóra. Þetta frv. varð ekki ágreiningsefni í hv. Nd. Ég leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 498, n. 629).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 629, hefur iðnn. yfirfarið frv. þetta, sem flutt var snemma á þessu þingi og lagt fram í hv. Nd. Meginefni þessa frv. er það að nema úr núgildandi lögum það hámarksákvæði, sem þar hefur gilt um aukningu hlutafjár Iðnaðarbanka Íslands. En á aðalfundi bankans, sem haldinn var 2. júní 1962, var samþ. ályktun þess efnis og skorað á iðnmrh. að flytja frv. það, sem hér er til umr. N. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt eins og það var lagt fram og fram kemur á þskj. 498, en málið var afgr. áður einróma í hv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 659).

---

36. Tannlækningar.

Á 64. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar [234. mál] (stjfrv., A. 506).

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er borið fram að ósk Tannlæknafélags Íslands, og hefur málið einnig verið borið undir landlækni og læknadeild háskólans, sem fallast á efni frv., en það er, að settar verði reglur um það, með hvaða hætti menn geti fengið viðurkenningu sem sérfræðingar í vissum greinum tannlækninga. Þótti

nokkurt álitamál, hvort þörf væri á slíkri löggjöf, og þá með hverjum hætti kveðið skyldi á um kunnáttu hinna væntanlegu sérfræðinga, en að athuguðu máli urðu allir sammála um þá leið, sem hér er stungið upp á, sem sagt, að ráðherra veiti leyfið, en fari þar bæði eftir reglum og till. n., sem sé þannig skipuð, að prófessor í tannlækningum við læknadeild háskólans sé formaður, en 2 nefndarmenn tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands, auk 2 sérfróðra tannlækna, sem tækju þátt í meðferð hvers einstaks máls.

Ég vonast til þess, að þetta litla mál, sem hefur þó þýðingu fyrir þá stétt, sem á hér hlut að máli, valdi ekki ágreiningi, og ég mun því leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 506, n. 568).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Hæstv. forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 234, til athugunar og leggur n. einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Lög um tannlækningar eru frá 14. júní 1929, og eru þau orðin nær 34 ára gömul og því ekki nema eðlilegt, að þau þurfi einhverra breyt. við. Gera l. frá 1929 ekki ráð fyrir sérmenntun tannlækna í tilteknum sérfræðigreinum, eins og lagt er til í frv. því, sem hér liggur fyrir. En frv. þetta gerir ráð fyrir, að ráðh. staðfesti reglur um nám sérfræðinga í þessari gr. samkv. till. n., sem skipuð sé prófessor í tannlækningum við læknadeild háskólans ásamt tveim aðilum öðrum, sem tilnefndir skulu af Tannlæknafélagi Íslands. Skulu tannlæknar öðlast rétt til að kalla sig sérfræðinga, ef þeir sanna fyrir nefnd þeirri, sem hér um ræðir, að þeir hafi lokið tilskildu sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkv. reglum þeim, sem ráðh. hefur sett þar um, og meðmæli landlæknis fyrir leyfisveitingunni liggja fyrir.

Eins og fram kemur í grg., hefur frv. verið borið fram að ósk Tannlæknafélags Íslands, og hefur það verið borið undir landlækni og læknadeild Háskóla Íslands, og hafa báðir þessir aðilar fallizt á efni þess. Leggur heilbr.- og félmn. til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt eftir óskum Tannlæknafélagsins og fjallar um það, með hverjum hætti veita skuli tannlæknum viðurkenningu sem sérfræðingar í einstökum greinum tannlæknafræðinnar. Málið hefur verið til athugunar hjá háskólanum og landlækni. Þeim kom ekki alveg saman um það í fyrstu, hvernig þessari viðurkenningu skyldi háttað, eða réttara sagt, hver hana skyldi veita, en að lokum náðist fullt samkomulag um þá lausn, sem í frv. felst. Vonast ég til, að málið verði ekki að ágreiningsefni frekar hér en í Nd. Leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 506, n. 640).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, fjallar um breyt. á l. nr. 7 frá 14. júní 1929, um tannlækningar, og er á þá leið, að þar verði bætt inn í einni grein: „Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðh.“ Síðar koma í þessari nýju gr. ýtarlegri reglur um þetta.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 660).

37. Lyfsölulög.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til lyfsölulaga [54. mál] (stjfrv., A. 54).

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Lagaákvæði um lyfsölu hér á landi eru sum ærið gömul og þar með úrelt og dreifð. Elztu fyrirmælin, sem um þetta gilda, eru tilskipun frá 4. des. 1672 um lækna og lyfsala svo og kansellíbréf frá 16. sept. 1797 um lyfjasölu. Til viðbótar þessum ákvæðum eru svo nokkur önnur á víð og dreif, einkanlega frá 3—4 síðustu áratugum. Það gefur auga leið, að slík lagasetning um jafnviðurhlutamikil efni og lyfjasala er og þar sem framfarir í lyfjagerð hafa orðið jafnmiklar og raun ber vitni um er með öllu ófullnægjandi. Það er því búið að starfa að því alllengi að fá sett ný lyfsölulög, heildarlöggjöf, sem samsvaraði kröfum tímanna. Má raunar segja, að látlaust hafi verið að því unnið nú síðustu tvo áratugi, og hafði þó áður töluverð undirbúningsvinna verið af hendi leyst. En hingað til hefur ekki tekizt að ná samkomulagi um nauðsynlegar breytingar eða aðalefni nýrrar löggjafar, og er vonandi, að betur takist til en áður að þessu sinni.

Lagafrv. það, sem hér er borið fram, er til orðið fyrir atbeina þáverandi heilbrmrh., Friðjóns Skarphéðinssonar, sem á árinu 1959 fól núverandi landlækni, dr. Sigurði Sigurðssyni, að hafa frumkvæði um endurskoðun á lyfsölulöggjöfinni í heild, og þar á meðal sérstaklega á reglum um verðlagningu lyfja. Voru sérstakir menn settir honum til aðstoðar. Hann kvaddi svo fleiri til, og sumir þeir, sem að þessu störfuðu um hríð, hafa frá horfið, en til annarra var leitað og enn fremur til ýmiss konar aðila og stofnana, sem ætla má að sérstakan áhuga og eftir atvikum þekkingu hafi á þessum efnum. Frv. nú er að lokum yfirfarið af Ármanni Snævarr háskólarektor, lögfræðiprófessor, og í samráði við heilbrigðisstjórnina, og hafa nokkrar breyt. í samkomulagi við landlækni verið gerðar á því, nú að síðustu eftir minni tilvísan, áður en frv. skyldi lagt fyrir Alþ. En allar þær breytingar, eins og ég sagði, hafa verið gerðar í samráði við landlækni og fullt samkomulag okkar í milli um að leggja málið þannig fyrir, eins og það nú er. En það er vissulega mjög tímabært að fá heildarlöggjöf um þessi efni, löggjöf, sem tryggi, að hæfilegt eftirlit sé haft af heilbrigðismálastjórninni, bæði með lyfsölum, útgáfu lækna á lyfseðlum og ýmsum atriðum, sem upp vakna um möguleika til misnotkunar á lyfjum. Með þessari löggjöf ætti að fást betri trygging en áður, að slík misnotkun ætti sér ekki stað, þó að vitanlega verði aldrei fyrir öllu séð í þeim efnum.

Frv. skiptist í 12 kafla, og eru í fyrsta kaflanum nokkur almenn ákvæði, þ. á m. er skýrt, hvað felist skv. lögunum í hugtakinu lyf. Í 2. gr. eru fyrirmæli um lyfjaskrá. Þá er veitt heimild til að leggja bann við sölu lyfja, sem á einhvern hátt þykja varhugaverð eða hættuleg, og enn fremur eru í 4. og 5. gr. reglur um takmarkanir á auglýsingum um lyf. Rétt er að geta þess, að hingað til hefur hér á landi verið stuðzt við og raunar lögfest hin danska lyfjaskrá. Um þessar mundir og undanfarið hefur verið unnið að því að fá sameiginlega lyfjaskrá fyrir öll Norðurlönd, og mun því slík skrá að sjálfsögðu einnig verða til mikillar stoðar og leiðbeiningar hér á landi. Íslendingar hafa ekki átt beinan þátt í samningu þessarar skrár, heldur látið sér nægja að láta áheyrnarfulltrúa fylgjast með störfum þeirra sérfræðinga, sem af hálfu hinna Norðurlandanna hafa að þessu unnið. Jafnvel þó að slík skrá yrði samin, þá yrðu ætíð nokkur frávik í hverju landi um sig, og er þess vegna ráðgert, að hér á landi verði með þessu frv., ef að lögum verður, stofnuð 6 manna lyfjaskrárnefnd, sem sé til ráðuneytis um lyfjamál og vinni að samningu reglugerðar um þau, og þá einnig sömu nefnd ætlað að gera till. um skráningu sérlyfja skv. 53. gr. En eitt af þýðingameiri ákvæðum þessa frv. er sú sundurgreining, sem gerð er á hinum almennu lyfjum, ef svo má segja, sem að mestu leyti eru útbúin í hverri lyfjabúð um sig eftir þeim reglum, sem við eiga, og sérlyfjum, sem koma í umbúðum og eru beinlínis send að tilbúin — hér á landi flest frá öðrum löndum, en gæti einnig hugsazt frá íslenzkum lyfjagerðum.

Í II. kafla frv. eru ákvæði um stofnun lyfjabúða og veitingu lyfsöluleyfa, þ. á m. hvaða aðilum skuli veita lyfsöluleyfi og hverjum skilyrðum þarf að fullnægja til að geta öðlazt slík leyfi. Að mestu leyti eru þessi ákvæði sams konar og þau, sem gilt hafa, en þó með nokkrum frávikum og allt skýrara en nú er. Það er ætlazt til þess, að lyfsöluleyfi séu veitt af forseta Íslands eftir ákvörðun ráðherra að fengnum till. frá landlækni og sérstökum aðilum, svo sem nánar er gerð grein fyrir í frv. Það er rétt að vekja athygli á því varðandi lyfsöluleyfi, að hér er ráðgert, að þær sérreglur, sem gilda um Reykjavíkur Apótek, haldist, en að skoðun fræðimanna er Reykjavíkur Apótek hin eina lyfjabúð hér á landi, sem hefur svokallað hlutbundið leyfi, þ. e. a. s. að eigandinn getur selt leyfið þeim, sem honum þóknast, en þó að því áskildu, að sá, sem kaupir, fullnægi settum skilyrðum. Að öðru leyti er um aðra sú meginregla, að veitingarvaldið er algerlega frjálst um það, hverjir leyfi fá. Þessi hlutbundnu leyfi voru áður mjög tíðkuð í Danmörku, þar sem sams konar reglur giltu og hér, en hafa nú verið afnumin þar og ríkisvaldið leyst til sín leyfin með ærnum kostnaði, fjárframlögum eða skaðabótum

til þeirra, sem leyfin áttu. Sams konar hátt væri auðvitað hægt að hafa á hér varðandi þessa einu lyfjabúð, en það er ljóst, að slíkt mundi baka ríkinu mikinn kostnað, og meðan engir sérstakir annmarkar koma fram um afhendingu lyfjaleyfis í sambandi við rekstur þessarar einu lyfjabúðar, hefur ekki þótt vera ástæða til þess að breyta ákvæðunum um hana og baka ríkissjóði þar með þau útgjöld, sem því yrðu samfara. Fyrir utan þá lyfjabúð eru aðeins 2 lyfjabúðir, sem skv. þeim persónulegu leyfum, sem þeirra eigendum hafa verið veitt, gilda að nokkru leyti sérstakar reglur um. En án þess að ég fari lengra út í þann rétt, sem þær reglur veita aðilum, þá eru þær ekki svo sérstaks eðlis, að ástæða þyki til að víkja að því í lagafrv., heldur verður að meta þau leyfi eftir ákvæðunum í leyfisbréfunum sjálfum, enda talið, að þær takmarkanir, sem þar með eru settar á úrslitavald ríkisvaldsins, séu svo óverulegar, að ekki er ástæða til þess að setja sérstök fyrirmæli í lögum því til breytingar, enda mundu þá almenn ákvæði laga ekki hagga þeim sérrétti, nema einhverjar bætur kæmu fyrir. En þar er um svo óveruleg atriði að ræða, að ástæðulaust hefur þótt að taka upp ákvæði um það í þetta frv.

Þá er ætlazt til þess, að lyfjafræðingar einir fái lyfsöluleyfi, þ. e. a. s. að ekki sé hægt að veita félagssamtökum manna slík leyfi, heldur séu leyfin hverju sinni bundin við ákveðinn mann, sem leyfið fær. Þessi háttur er sá, sem tíðkaður er um öll Norðurlönd. Hér á landi hefur þetta hins vegar orðið nokkurt deiluefni, og er ein af ástæðunum til þess, að fyrri tilraunir til löggjafar hafa strandað, af því að sá háttur var hér upp tekinn fyrir nokkrum árum og síðan leitazt við að fá hann almennt lögfestan að veita félagssamtökum lyfsöluleyfi í stað einstaklinga. Skv. þessu frv. er ætlazt til þess, að slík leyfi til félagssamtaka tíðkist ekki héðan í frá, en hins vegar verði þau félög, sem nú þegar hafa fengið leyfi, ekki svipt þeim þegar í stað, heldur verði farið með þau svo sem nánar er fyrir mælt í lögunum, þ. e. a. s. ráðgert, að réttur þeirra geti haldizt, svo að á engan sýnist hallað með því fyrirkomulagi, sem hér er. Þá er einnig ætlazt til þess, að þó að leyfin séu almennt bundin við einstaklinga, þá geti meiri háttar sjúkrahús og aðrar hliðstæðar sjúkrastofnanir fengið leyfi til að reka fullgilda lyfjabúð til eigin þarfa.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um starfsréttindi lyfjafræðinga og annarra starfsmanna lyfjabúða og hvaða sérþekkingu þeir þurfa að hafa til þess að gegna sínum störfum.

Í IV. kafla er fjallað um vinnudeilur og kjarasamninga milli lyfjafræðinga og annarra starfsmanna lyfjabúða og lyfsala hins vegar og gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að ekki geti komið til verkfalls hjá þessum aðilum, þar sem um svo viðurhlutamikil störf er talið að ræða, að ekki tjái, að þau séu felld niður, þó að deila komi upp um kaup og kjör þeirra, sem við afgreiðslustörfin fást. Er með þeim fyrirmælum, sem hér er gerð till. um, farið eftir svipuðum reglum, sem reyndar hafa verið í Danmörku og þar hafa þótzt gefast vel.

Í V. kafla eru ákvæði um sviptingu og missi réttinda þeirra manna, sem lögin taka til, og þá einnig, að áður en þeir séu sviptir réttindum, geti komið til áminningar frá hendi landlæknis og annarra minni háttar aðgerða, ef þær þykja fullnægjandi.

Í VI. kafla eru ákvæði um lyfseðla, gerð þeirra og afgreiðslu, um það, hvaða lyf megi aðeins láta út gegn lyfseðli og frá hverjum, um skyldur lyfjabúða og annarra til að hafa birgðir af lyfjavarningi og um tilhögun lyfjagerðar og lyfjaafgreiðslu og geymslu lyfja og um skyldur lyfsala um að afhenda lyf.

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á því, að skv. frv. er ráðgert, að mjög verði takmarkaðir möguleikar til þess, að lyf séu látin af hendi eftir símaávísun læknis, eins og nú mun nokkuð tíðkast og hefur þótt gefa tilefni til grunsemda um misnotkun í sumum tilfellum, eins og raunar má sjá af blaðaskrifum undanfarna daga. En þær reglur, sem nú á að setja, ættu að gera slíka misnotkun mun ólíklegri en hingað til.

Í VII. kafla eru ákvæði um verðlagningu lyfja, sölu þeirra og söluskilmála, og er það eitt þýðingarmesta ákvæði frv. Er þar tekið upp fyrirkomulag, sem samkomulag varð um milli lyfsala og heilbrigðisstjórnarinnar og annarra aðila strax á árinu 1960 og þegar er því komin nokkur reynsla á og má segja, að í heild hafi gefizt vel. Ákvæðin eru að efni til hin sömu og þegar eru sett, og má raunar segja, að með setningu þessara reglna og samkomulaginu um þær á árinu 1960 hafi verið rutt úr vegi einni helztu hindruninni, sem þangað til hafði verið varðandi samningu heildarlöggjafar um þessi efni.

Í VIII. kafla eru ákvæði um lyfjabúðir, rekstur þeirra og smásölu lyfja, og eru þau yfirleitt í samræmi við það, sem tíðkazt hefur um ríkt eftirlit af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar með allri starfsemi lyfjabúða, og ekki einungis með gerð lyfja, heldur einnig ætlazt til þess, að náið eftirlit sé haft með verðútreikningum á lyfjum. Eftir atvikum er og í 45. gr. frv. veitt heimild til þess, að eftirlitsmaður lyfjabúða, sem annars á aðallega og eingöngu að fylgjast með sjálfri lyfjagerðinni og hinni lyfjafræðilegu hlið lyfsölunnar, geti einnig fengið rétt til þess að athuga bókhald hjá lyfsölunum, en þá einungis, ef hann hefur hverju sinni fengið heimild til þess frá ráðherra. Það er ekki hugsað sem almennur rannsóknarréttur þessa embættismanns, heldur ef sérstök atvik gefa ástæðu til þess, t. d. vegna grunsemdar um, að lyf sé afhent á annan hátt en vera ber, þá geti lyfsölueftirlitsmaðurinn skoðað bókhaldið, athugað innkaupareikninga og annað slíkt, en þá þarf til þess samþykki heilbrmrh. hverju sinni. Hitt er svo sjálfsagt, að eftir dómsúrskurði er auðvitað heimilt að láta slíka skoðun einnig fara fram, ef dóms-

rannsókn gefur ástæðu til þess, að á slíku sé þörf.

Í IX. kafla eru ákvæði um lyfjagerðir, innflutning og heildsölu lyfja. Og þar er sérstaklega á það að líta, að búast má við því, að lyfjagerðir komist upp hér með svipuðum hætti og erlendis, þó vitanlega ekki í jafnstórum stíl, og er þá nauðsynlegt, að aðstaða sé til að fylgjast með og rannsaka, hvort allt er með felldu skv. réttum reglum.

Í X. kafla er rætt um sérlyf, en sú venja er að skipta lyfjum í tvo meginflokka: skráð lyf og sérlyf svokölluð. Í fyrri flokknum eru þau lyf, sem hlotið hafa viðurkenningu þeirra stjórnarvalda, sem fara með heilbrigðismál. Nafn skráðs lyfs er það sama, hver sem framleiðandi er, og það er selt á einu og sama verði. Og framleiðsla þessara lyfja fer að jafnaði fram í lyfjabúðum, eins og ég gat um áðan. Sérlyfin eru aftur á móti búin til í verksmiðjum. Að vísu er framleiðsla sérlyfja að jafnaði háð fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, en nafn þeirra, gerð og samsetning er á valdi framleiðenda. Og mörg af þessum sérlyfjum eru lítið reynd, og má segja, að notkun þeirra sé á byrjunarstigi. Ef þau reynast vel, verða þau smám saman skráð og komast í þann flokkinn. Þar á móti getur að vísu einkaleyfisréttur nokkuð staðið, en meðan um eiginleg sérlyf er að ræða, þarf náið að fylgjast með bæði innflutningi þeirra og hafa möguleika til þess að rannsaka gerð þeirra, athuga, hvort skaðlegar aukaverkanir geti átt sér stað, og annað þess háttar. Það er ætlazt hér til þess, að svipaðar reglur verði settar um þetta og annars staðar á Norðurlöndum gilda. Að sjálfsögðu hljótum við í þessum efnum að styðjast við rannsóknir og ákvarðanir heilbrigðisstjórna annars staðar, sem hafa betra færi á eiginlegum rannsóknum í þessum efnum en menn hafa hér á landi, en engu að síður er nauðsynlegt að hafa þær heimildir, sem frv. gerir till. um. Og er ætlazt til þess, að þessi 6 manna lyfjaskrárnefnd, sem ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns, fylgist einnig með notkun og leyfum til notkunar á þessum lyfjum.

Loks eru í XI. kafla ákvæði um meðferð mála út af brotum á lögunum, og er þar yfirleitt gert ráð fyrir, að mál af þeim sökum sæti meðferð opinberra mála. Loks er rætt um réttarstöðu lyfsala og lyfjafræðinga og önnur framkvæmdarákvæði, sem fyrirmæli þarf um.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál lengur, en ég tel víst, að verulegt aukið öryggi lyfjasölu mundi fást með setningu þessa frv. Og eins og fram kom, hefur lengi verið unnið að undirbúningi málsins, en setning löggjafar hefur hingað til strandað á ósamkomulagi um ýmis atriði, sem ég hygg að nú hafi tekizt að leysa á viðhlítandi hátt fyrir alla, og vil ég því eindregið vænta þess, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 262, 263, 338).

Frsm. (Gísli Jónsson): Hæstv. forseti. Um aldir hefur mannkynið leitazt við að finna lyf, er læknað geti mein mannanna. Eftir því sem læknavísindin urðu almennari, því margbreytilegri urðu lyfin, sem seld voru til notkunar, og því vandasamari var meðferð þeirra öll eða annars sala þeirra til almennings. Þróun málanna hefur því orðið sú, að þjóðirnar og einstaklingar þeirra hafa gerzt lyfjaneytendur að meira eða minna leyti og oft meira en góðu hófi gegnir, svo að löggjöfin hefur orðið að grípa inn í gerðir manna og setja reglur um lög um notkun lyfja, meðferð þeirra og sölu. Löggjöf um sölu lyfja hefur þó aldrei verið sett á Íslandi, þótt margvísleg löggjöf hafi verið sett um sölu á öðrum varningi, og má það raunverulega furðulegt heita, svo sem sala lyfja þó snertir allan almenning, ekki einasta fjárhagslega, heldur og heilsufarslega. Allar aðgerðir hér að lútandi byggjast á tilskipun, er gefin var út árið 1672, og margvíslegum reglugerðum og auglýsingum stjórnarvaldanna á ýmsum tímum. Mönnum hefur því lengi verið það ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess að setja heildarlöggjöf um sölu og meðferð lyfja. Í nærri tvo tugi ára hefur verið unnið að setningu slíkrar löggjafar og frv. verið borin fram á Alþ. um þetta efni, en þau aldrei verið samþykkt af meiri hl. þingsins.

Frv. það til lyfsölulaga, sem hér er til umr., hefur fengið vandlegan undirbúning. Hefur m. a. verið við samningu þess höfð hliðsjón af öllum þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið í fyrri frv. um þetta efni, jafnt í sjálfum frv., grg. og umr. og umsögnum, og eftir því sem frekast hefur verið unnt að sameina þessi sjónarmið öll, sem þar hafa komið fram, án þess þó að rýra það öryggi, sem almenningur á kröfu á í sambandi við sölu og meðferð lyfja.

Heilbr.- og félmn. tók frv. fyrst fyrir til umr. á fundi 30. okt. s. l. Eftir að n. hafði lesið og rætt frv. mjög ýtarlega, sendi hún það til umsagnar til þeirra aðila, sem vitað var að höfðu margvíslegra hagsmuna að gæta í sambandi við lagasetningu þá, sem hér um ræðir. Vísast til nál. á þskj. 262 um þetta atriði. Eftir að umsagnir höfðu borizt n., þótti rétt að senda þær allar til landlæknis, svo að honum gæfist tækifæri til þess að athuga þær og gera till. til samræmingar, ef á þann hátt mætti takast að sameina sem bezt þau sjónarmið og till., sem fram hefðu komið. Hafði landlæknir áður mætt á fundi hjá n. og rætt við hana frv. í heild og einstakar greinar þess. Er landlæknir hafði þannig kynnt sér allar aths. og till., gerði hann nokkrar till. til breyt. á frv., er hann sendi n. til athugunar. Mætti

hann síðan hjá n. á ný ásamt forstjóra fyrir Lyfjagerð ríkisins, eftirlitsmanni í lyfjabúðum og rektor háskólans, sem var sérstakur lögfræðilegur ráðunautur ríkisstj. við samningu frv. og undirbúning allan. Voru allar þær aths., sem fram höfðu komið, ræddar við þessa aðila. Þá ræddi og yfirdýralæknirinn í Reykjavík ásamt fulltrúum frá Dýralæknafélagi Íslands við n., og settu þeir fram till. til breyt. um þau atriði, sem snertu dýralæknana og störf þeirra. Skal nú gerð nokkur grein fyrir þeim aths., sem fram komu í þessum umr. öllum, svo og í umsögnum frá hinum ýmsu aðilum, jafnframt sem hér verður gerð grein fyrir því, hvers vegna rétt þykir að leggja til, að gerðar verði breyt. á frv., og eins hins vegar, að n. þótti ekki rétt að fallast á brtt. frá einstökum aðilum við frv.

Frá Læknafélagi Íslands barst till. um að breyta 1. gr. frv. þannig, að 3. mgr. orðist svo: „Efni teljast þó ekki lyf, ef þau eru notuð til sótthreinsunar á verkfærum.“ — Hvorki sérfræðingar þeir, sem mættir voru hjá n., né nefndarmenn vildu fallast á þessa breyt., og var hún því ekki tekin til greina.

Við 2. gr. frv. kom till. frá Læknafélagi Íslands til breyt. á orðalagi, einkum í sambandi við þýðingu latneskra orða. Þótti ekki ástæða til þess að taka þetta til greina. Þá kom og langt erindi frá Apótekarafélagi Íslands um, að um ranglega þýðingu á latnesku orðunum „pharmakologi“ og „pharmaci“ hefði verið að ræða. Hafði erindið verið sent læknadeild Háskóla Íslands, sem hafði það til athugunar og lagði til, að tekin yrðu upp hin alþýðlegu heiti, þar til heppilegt nýyrði fyndist.

1. brtt. á þskj. 263 lýtur að því, að hin latnesku heiti séu tekin upp innan sviga í 2. gr. til skýringar á lyfjafræði og lyfjafræði lyfsala til þess að fyrirbyggja allan misskilning á þýðingu þeirra orða. Í sambandi við þetta atriði vildi ég leyfa mér að geta þess, að nú í dag hef ég meðtekið afrit af bréfi til hæstv. dómsmrh. frá Apótekarafélagi Íslands, þar sem það mótmælir þessari brtt., og vil ég leyfa mér að lesa það atriði úr bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna einstakra atriða í fram komnu nál. heilbr.- og félmn. Nd. Alþ. varðandi frv. til lyfsölulaga, leyfum vér okkur að leita til yðar, hæstv. dómsmrh., sem flm. frv. um meðferð eftirfarandi atriða:

Þar sem ekki hefur náðst samkomulag um íslenzk nöfn á fræðigreinunum „pharmalogi“ og „pharmaci“, þvert ofan í þær vonir, sem stjórn Apótekarafélags Íslands hafði ástæðu til að gera sér að loknum fundi, sem haldinn var á skrifstofu ráðh. s. l. haust, og samkv. viðtölum við lögfræðilegan ráðunaut við samningu frv., prófessor Ármann Snævarr, viljum vér eindregið mælast til þess, að fræðiheitin verði notuð fyrst um sinn óíslenzkuð og málsgr. sú, sem fjallar um þetta atriði, orðist því svo: „Skal einn nm. vera prófessor í pharmakologi, annar dósent (prófessor) í pharmaci“ o. s. frv. í 2. gr. 2. mgr. frv.“

Út af þessum mótmælum hef ég í dag rætt við hæstv. heilbr.- og félmrh., og það varð að samkomulagi við hann, að þessi fyrsta brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 263, svo og 2. brtt. á sama þskj., þær verði teknar aftur til 3. umr., svo að n. gefist tækifæri til þess að athuga, hvort hægt sé að mæta þessum óskum Apótekarafélagsins. Ég vil hins vegar taka það fram hér strax, að við ræddum þetta mál mjög ýtarlega, m. a. við rektor háskólans, sem tjáði oss, að ef ætti að ganga lengra í þessu atriði en gengið er í till. n., þá kostaði það að breyta ýmsu orðalagi í háskólalögunum, sem snertir þetta atriði. Skal ég ekki fara frekar út í þetta að sinni, en leyfi mér að taka 1. og 2. till. n. aftur til 3. umr.

Frá Læknafélagi Reykjavíkur kom fram ósk um að fella niður d-lið 3. gr., en hann ákveður, að banna megi sölu lyfja, ef verðið sé óhæfilega hátt. Ummæli landlæknis um þetta atriði voru sem hér segir „Ákvæðið er sett inn í frv. til þess að hindra óhæfilegar fjárkröfur fyrir lyf, sbr. grg. frv.“ Féllst n. á, að ekki væri rétt að verða við þessum óskum Læknafélagsins, og hefur því ekki tekið till. upp.

7. gr. kveður svo á, að leyfi til þess að reka lyfjabúð verði aðeins veitt einstaklingum. Gegn þessu ákvæði sendi Samband ísl. samvinnufélaga mótmæli, sem mér þykir rétt að lesa hér upp, vegna þess að það þótti allt of viðamikið að birta með sem fskj. allar umsagnir, sem komu til n., en ég hef tekið þá reglu að taka hér aðeins upp það, sem mér finnst að máli skipti í sambandi við afgreiðslu málsins. Í umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga segir um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er að mótmæla ákvæðum 7. gr. l. um, að leyfi til að reka lyfjabúð, lyfsöluleyfi, verði aðeins veitt einstaklingum. Við viljum benda á máli voru til staðfestingar, að tvö samvinnufélög hérlendis hafa rekið lyfjabúðir um árabil á fyllilega sambærilegan hátt við einstaklinga. En við viljum enn fremur benda á, að víða í nágrannalöndum vorum eru lyfjabúðir reknar af samvinnufélögum og þykir sjálfsagt. Við leggjum því til, að þessi hluti 7. gr. falli niður.“

Um þetta atriði vísar landlæknir til grg. um 9. gr. frv.

Þá kom einnig fram till. frá eftirlitsmanni lyfjabúða um það, að veita megi Háskóla Íslands lyfsöluleyfi. Segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 7. gr. er tekið fram, að leyfi til þess að reka lyfjabúð megi aðeins veita einstaklingum, enda sá háttur eindreginn vilji bæði lyffræðinga og lyfsala. Í upphafi, þegar frv. var samið, var þó m. a. gert ráð fyrir því, að veita mætti Háskóla Íslands lyfsöluleyfi vegna kennslu í lyfjafræði. Hefur þetta ákvæði verið fellt úr frv. vegna óska lyfsala á þeim forsendum, að hvergi á Norðurlöndum sé að finna fordæmi fyrir því, að lyfjafræðiskólar reki lyfjabúðir. Hér mun vera um ókunnugleik að ræða, því að í Finnlandi hefur háskólinn í Helsing-

fors samkv. lögum rekið lyfjabúð um áratuga skeið. Þá er það einnig mjög algengt, t. d. í Bandaríkjunum, að háskólar reki lyfjabúðir í sambandi við lyffræðikennslu. Lyfjafræðideildin við Háskóla Íslands er í örum vexti, og er víst, að á engan hátt yrði betur búið að verklegri kennslu við deild þessa í framtíðinni en með því að tengja hana sjálfstæðri lyfjabúð. Mundi að sjálfsögðu ekki verða stofnað til neinnar samkeppni við lyfsala með slíkri lyfjabúð og því ástæðulaust af þeirra hálfu að óttast stofnun kennslulyfjabúðar. Legg ég hér til, að á 7. gr. verði gerður sá viðauki, að veita megi Háskóla Íslands lyfsöluleyfi, enda fullnægi forstöðumaður að sjálfsögðu skilyrði 1. mgr. 9. gr.“

Með því að hér hefði verið um mjög veigamikla efnisbreyt. að ræða, ef þessar eða þvílíkar brtt. yrðu teknar upp og samþ., þykir rétt að fara nokkrum orðum um þennan meginágreining, sem ríkt hefur um setningu lyfsölulaga og raunverulega valdið því, að ekki hefur hingað til fengizt samkomulag um setningu laga á Alþ. Og vitað er um, að væri slíkt ákvæði sett inn í frv. nú á þessu stigi, að gera lyfsöluleyfin víðtækari en gert er ráð fyrir í frv., mundi frv. ekki ná fram að ganga á þessu þingi, og væri það illa farið, svo mjög sem það er aðkallandi að fá sett lög um lyfsölu og svo mjög sem unnið hefur verið að undirbúningi þessa frv.

Meginrökin, sem Samband ísl. samvinnufélaga færir fyrir því, að 7. gr. l. verði breytt, eru þau, að hér á landi hafi tvö samvinnufélög rekið lyfjabúðir um árabil á fyllilega sambærilegan hátt við einstaklinga og að víða í nágrannalöndum vorum séu lyfjabúðir reknar af samvinnufélögum og þyki það sjálfsagt. Í umsögn sinni um þetta atriði vísar landlæknir til grg. frv. í sambandi við 9. gr. þess, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er lagt til, sbr. 7. gr., að lyfjafræðingar einir fái lyfsöluleyfi, svo sem tíðkast í öllum hinum Norðurlöndunum. Í hinu upprunalega frv. hinnar stjórnskipuðu n., er tók til starfa 1942, var lagt til, að lyfjafræðingar einir fengju lyfsöluleyfi, þótt í síðar fram komnum frv. hafi verið gerður sá viðauki, að lyfsölu megi veita félagsreknum fyrirtækjum. Í lyfsölulöggjöf hinna Norðurlandanna þekkist yfirleitt ekki að veita félagssamtökum lyfsöluleyfi, og stéttarfélög lyffræðinga og lyfsala hafa tjáð sig mjög andvíg þess háttar veitingum lyfsöluleyfa. Gert er ráð fyrir, að þau tvö samvinnufélög, sem fengið hafa lyfsöluleyfi, haldi þeim til frambúðar að fullnægðum lagaskilyrðum á hverjum tíma, eftir því sem nánar er lýst í greininni.“

Í umr. í n. um þetta atriði kom það berlega fram, að það væri engan veginn frambærilegt að veita aðeins samvinnufélögum lyfsöluleyfi, en neita öðrum félagsheildum um þau. Hér væri því um að velja að veita leyfi eftir því, sem fyrir er mælt í frv., eða taka upp þá reglu að veita lyfsöluleyfi sérhverjum aðila, einstaklingum eða félagsheildum, sem uppfyllti þau ákvæði l., sem sett kynnu að verða um rétt til lyfsöluleyfa á hverjum tíma. Það skal tekið fram, að í þeim umr. kom ekki fram, að þær lyfsölubúðir, sem nú eru reknar hér af samvinnufélögunum, væru á nokkurn hátt lakar reknar en aðrar lyfsölubúðir hérlendis. Hitt var ekki heldur sýnt fram á, að þær hefðu neina yfirburði í einu eða öðru fyrir fólk eða öryggi fram yfir aðrar lyfsölubúðir í landinu. En það, sem var úrslitaatriði í málinu hjá n., var sem hér segir:

Þegar einstaklingi, sem uppfyllir öll skilyrði l., er veitt lyfsöluleyfi, ber hann einn alla ábyrgð á því, að skilyrðin séu í hvívetna uppfyllt. Þegar félagsheildum, í hvaða formi sem þau kunna að vera, eru veitt lyfsöluleyfi, er ábyrgðinni dreift á milli þeirra aðila, sem bera ábyrgð á öllum tæknilegum atriðum, þ. e. forstjóra lyfjabúðanna, og hinna, sem bera ábyrgð á fjárhagslegum rekstri þeirra, þ. e. forstjóra félagsheildarinnar eða stjórnar hennar. Í því síðara tilfelli eru margvíslegir möguleikar til árekstra, sem rýrt gætu það öryggi, sem krefjast verður um sölu lyfja. Enda hefur reynsla annarra þjóða berlega sýnt, að þar sem þeirri reglu er haldið að veita leyfi til einstaklinganna, sem uppfylla sett fyrirmæli og bera alla ábyrgð, þar er öryggið mest fyrir allan almenning. Og þörfin til þess að auka það öryggi fer vaxandi með vaxandi notkun lyfja og vaxandi framleiðslu nýrra lyfja ásamt vaxandi auglýsingum frá þeim, sem hafa hag af sölu þeirra og notkun. Það varð því ekkert samkomulag um það í n. að leggja til að breyta þessu ákvæði 7. gr., svo sem farið var fram á af Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Nú sé ég, að einn hv. nm., hv. 4. landsk., hefur hér á þskj. 338 borið fram brtt. við 7. gr., og er sú brtt. í fullu samræmi við afstöðu hans í n. Ég sé ekki ástæðu til að fara neinum sérstökum orðum um hana. Hann lýsti þeirri afstöðu. Og þó að hann skrifaði undir nál. með okkur hinum, þá gerði hann fyrirvara um það, að hann hefði fullt leyfi til þess að bera fram brtt. og fylgja öðrum, og það hafa og aðrir nm. einnig gert.

Um till. frá eftirlitsmanni lyfjabúða um, að veita megi Háskóla Íslands lyfsöluleyfi, skal það tekið fram, að engin slík ósk kom fram frá háskólanum sjálfum, enda lýsti rektor háskólans því yfir í n., að það væri á engan hátt tímabært á þessu stigi að ræða slíka till. í sambandi við setningu þessara laga. Þótti því n. ekki rétt að taka þessa till. eftirlitsmannsins til greina. Í 2. og 3. mgr. 7. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umsóknir skal leggja fyrir tveggja manna nefnd. Annar nm. skal kjörinn af Apótekarafélagi Íslands, en hinn af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Varamenn eru kjörnir á sama hátt. Sæki nm. um lyfsöluleyfi, tekur varamaður sæti hans í n. Kjörtími nm. er 6 ár. N. lætur landlækni í té rökstudda umsögn um þá umsækjendur, sem að hennar áliti eru hæfastir, og skipar þeim í töluröð, en þó aðeins þremur

hinum hæfustu, ef umsækjendur eru þrír eða fleiri. Telji n. einhvern umsækjanda óhæfan, skal hún geta þess. Landlæknir sendir því næst ráðh. rökstutt álit um það, hverja umsækjendur hann telur hæfasta í töluröð, og skal umsögn n. fylgja áliti hans. N. er ólaunuð."

Rætt var um það í n.: 1) Hvort ekki væri rétt að leggja til að fella niður 7. málsl. 3. mgr., þ. e. orðin: „Telji n. einhvern umsækjanda óhæfan, skal hún geta þess." Kom sú skoðun fram í n., að hér væri gengið óþarflega langt í því að dómfella umsækjendur. En í því sambandi upplýsti rektor háskólans, að þessi sama regla gilti nú um þá, sem sæktu um kennsluembætti í Háskóla Íslands. Það væri beinlínis nauðsynlegt að skylda dómnefnd til þess að benda á óhæfni umsækjenda til að tryggja fullt öryggi. Hitt væri jafnan opið fyrir umsækjanda að umbæta svo þekkingu sína og hæfni, að hann síðar yrði dæmdur fullhæfur til starfsins. 2) Hvort ekki væri rétt að skylda veitingavaldið til þess að veita leyfi einhverjum hinna þriggja, sem bent væri á sem hæfasta umsækjendur. En um það fékkst ekki heldur samkomulag að gera hér undanþágu frá gildandi reglu um embættisveitingar, enda talið, að eigi mundi gengið fram hjá sameiginlegu áliti landlæknis og n., nema alveg sérstakar ástæður lægju fyrir hendi.

Í umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga er eftirfarandi ákvæði í 9. gr. mótmælt. En það ákvæði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samvinnufélög þau, er öðlazt hafa leyfi til þess að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfinu í 25 ár frá gildistöku þeirra. Framlengja má leyfi til 25 ára í senn, enda mæli landlæknir með umsókn. Forstöðumaður slíkra lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. mgr., og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðh. samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. mgr. 7. gr."

Þessu hefur Samband ísl. samvinnufélaga mótmælt og segir svo í umsögninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur er skylt að mótmæla ákvæðum 9. gr. II. kafla um samvinnufélög. Er þar gert ráð fyrir, að samvinnufélög þau, sem nú hafa lyfsöluleyfi, missi þau eftir 25 ár frá gildistöku laganna og þá þurfi að endurnýja þau á 25 ára fresti. Hliðstæð leyfi hafa verið veitt án slíkra skilyrða og ekkert tilefni gefið til að æskja breyt. á því. Er því í fyllsta máta ótilhlýðilegt að setja þetta ákvæði í lög mörgum árum eftir að leyfin hafa verið veitt."

Um þetta atriði segir landlæknir:

„Hér eru samvinnufélög sett í sama bát og einstaklingar um endurnýjun eftir meðalstarfsaldur. Að öðru leyti vísast til þess, er ég sagði hér um mismunandi ábyrgð einstaklinga og félagsheilda í sambandi við lyfsöluleyfi, og þykir ekki ástæða til þess að endurtaka það frekar."

Frá eftirlitsmanni lyfjabúða kom fram ábending um, að rétt væri að fella niður 5. tölulið 9. gr., en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umsækjandi skal hafa unnið í 12 mánuði sem lyfjafræðingur í lyfjabúð eða við lyfjagerð hér á landi. Víkja má frá þessu skilyrði, þegar sérstakar ástæður mæla með því."

Þetta atriði var rætt við eftirlitsmann, landlækni og aðra sérfræðinga, sem mættir voru hjá n. Þótti ekki rétt að leggja til, að liðirnir yrðu felldir niður. Rætt var um það í n., hvort rétt væri að láta niðja eða aðra erfingja ganga fyrir leyfisveitingum, er leyfi er fellt niður samkv. 12. gr., ef hann uppfyllir öll skilyrði leyfishafa. Varð ekki samkomulag um að gera till. um slíkt ákvæði.

2. brtt., sem n. leggur til að samþ. verði, er við 14. gr. Það er, eins og ég skýrði áðan frá, meira leiðrétting, og er hún tekin til baka til 3. umr. Hér er aðeins um að ræða skýringar á orðinu lyfjafræðingur, svo sem áður hefur verið minnzt á.

Rætt var allýtarlega í n. um IV. kafla frv. Kom fram ábending um það, að kafli þessi ætti heima í vinnulöggjöf, en ekki í frv. því, sem hér um ræðir. Þá var og bent á, að ýmis ákvæði í þessum kafla væru í engu samræmi við gildandi reglur um vinnudeilur og bæri því að gera till. til breytinga á honum, á hinum ýmsu greinum hans, ef kaflinn yrði ekki felldur niður. Meiri hl. n. leit svo á, að með því að hér varð fullt samkomulag milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda í þessari atvinnugrein, væri rétt að gera engar breyt. á kaflanum og halda honum óbreyttum í frv. Ef hins vegar færi fram endurskoðun á vinnulöggjöfinni eða ný vinnulöggjöf samin, væri ekkert því til fyrirstöðu að fella inn í þá löggjöf IV. kafla þessa frv., með eða án breyt., eftir því sem þá þætti viðeigandi. Ég sé, að á þskj. 338 hefur hv. 4. landsk. einnig borið fram brtt. um að fella þennan kafla niður, og er það í fullu samræmi við það, sem hann lýsti yfir í n., og gerir hann sjálfsagt frekari grein fyrir því, þegar þar að kemur.

Gegn ákvæðum 1. málsl. í 22. gr. bárust n. mótmæli frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og Læknafélagi Reykjavíkur. Töldu báðir þessir aðilar, að ákvæðin væru of ströng og mundu valda almenningi og læknum óþarfa erfiðleikum, enda ekki gerlegt að fylgja þeim fyrirmælum í mörgum tilfellum. En mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lyfseðill (recept) er eiginhandar lyfjaávísun undirrituð af lækni (tannlækni, dýralækni), er lækningaleyfi hefur hér á landi. Í bráðri lífsnauðsyn er lyfjaávísun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er."

Eftir að hafa rætt þetta atriði ýtarlega, var samkomulag um að leggja til, að 1. mgr. orðist eins og lagt er til í 3. brtt. n., en þar segir svo:

„Lyfseðill (recept) er lyfjaávísun gefin út af lækni, tannlækni, dýralækni, er lækninga-

leyfi hefur hér á landi, og undirrituð af honum með eigin hendi. Í bráðri nauðsyn, eða vegna verulegrar fjarlægðar frá lyfjabúð, er lyfjaávísun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er. Nánari ákvæði um lyfjaávísanir skulu sett í reglugerð."

Um þetta atriði varð fullt samkomulag við þá aðila alla, sem mættu hjá nefndinni.

Umsögn kom frá Læknafélagi Íslands um till. til breyt. á 28. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari grein er gert ráð fyrir, að landlæknir tilnefni mann í lyfjaverðlagsnefnd og sé hann sérfróður um lyfsölumál. Engin ákvæði eru um það, hvort hér er átt við venjulegan pharmaceut eða vísindalega menntaðan mann í pharmakology, en það skiptir óneitanlega máli, enda eiga samtök lyfsala og samtök lyfjafræðinga þarna fulltrúa. Hvers vegna ekki að kveða svo á, að prófessorinn í pharmakology skuli eiga sæti í n.? Hér koma frekar fáir fremur til greina en autoritet í pharmakology, sem jafnframt þyrfti að vera kunnugur þeirri hlið lyfsölumála, er að viðskiptum og rekstri snýr."

Eftir að þetta atriði hafði verið rætt á ný við landlækni og n., þótti ekki ástæða til þess að taka það upp. Að fengnum þessum upplýsingum taldi n. því ekki rétt að leggja til, að breyt. yrði tekin til greina.

N. hafði borizt umsögn frá Læknafélagi Íslands, þar sem bent er á, að of umsvifamikið væri að krefjast samþykkis ráðh. í hvert skipti, er breyta þyrfti verði á lyfjum. Vildi félagið láta taka upp svonefndan Beyerskala eða annan viðlíka, er sýndi, hvernig fara skyldi með lyfjaskrá. Taldi landlæknir þá aðferð ekki framkvæmanlega, og var till. félagsins því ekki tekin til greina.

Þá hefur því verið hreyft við n., að 29. gr. torveldaði meira en verið hefur sjúkrahúsum, heilsuhælum og læknum að kaupa lyf í heildsölu og þetta mundi hafa í för með sér hækkandi lyfjaverð. Eftir að þetta hafði verið rætt við landlækni og sérfræðingana, var upplýst, að svo mundi ekki vera, og beinlínis tekið fram af þessum aðilum, að ákvæðin í 23. gr. fælu ekki í sér neina skerðingu á rétti sjúkrahúsa, heilsuhæla eða lækna um að kaupa lyf í heildsölu frá þeim reglum, sem nú gilda um þessi atriði. Hér sé og tekin upp sú regla, að veita skuli afslátt í smásölu til þessara aðila, og sé það til bóta frá því, sem nú er.

N. ber fram brtt. við 29. gr., þ. e. 4. brtt. á þskj. 263, en sú brtt. hljóðar svo:

„Í stað orðanna „né heldur til tannlækna" komi: svo og til tannlækna." Er aðeins um leiðréttingu að ræða. Þarf hún ekki neinna skýringa við.

Frá Lyfjafræðingafélagi Íslands kom fram ósk um breyt. á 2. mgr. 31. gr. Lagði landlæknir einnig til, að þessi breyt. yrði gerð á greininni. Brtt. n., 5. brtt., er þannig: „Við 31. gr. 2. málsgr. orðist þannig: Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár, nema óviðráðanlegar ástæður séu fyrir hendi."

Þá kom og fram frá sama félagi ósk um, að 32. gr. frv. yrði breytt. Eftir að hafa rætt þetta atriði við landlækni, var samkomulag um að leggja til, að gr. yrði breytt svo sem hér segir. Það er 6. brtt. Það er fyrst a-liður: Í 1. mgr. falli niður orðin „gegn staðgreiðslu", þ. e. þegar skipt er um eiganda, þá skuli seljandinn eiga heimtingu á staðgreiðslu. Og b.: „Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi, og breytist röð mgr. samkv. því: Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að eitt ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti, er segir í 5. mgr."

Ábending kom fram um það frá eftirlitsmanni lyfjabúða, að betur færi á því að breyta orðalagi 5. mgr. 33. gr., en við nánari athugun á því atriði þótti ekki ástæða til að taka þá breyt. til greina.

Nokkrar umr. urðu í n. um ákvæði 35. gr. Kom fram þar sú skoðun, að ekki þætti rétt að svipta leyfishafa leyfi, þótt hann gæti ekki sinnt störfum vegna veikinda, ef hann hefði forstöðumann fyrir lyfjabúðinni, sem uppfyllti öll skilyrði l. Varð því samkomulag um að bera fram till. til breyt., 7. brtt., sem hljóðar svo: „Við 35. gr. 2. mgr. Á eftir orðunum „þó getur ráðh. framlengt þann tíma um eitt ár" komi: í senn." Er það því á valdi ráðh. að meta að fenginni umsögn landlæknis hæfni hins sjúka annars vegar og þörf hans til framfærslu sér og sínum hins vegar, án þess þó að rýra það öryggi, sem ætlazt er til að skapa með lögum þessum. Þá þykir rétt að taka fram, að þar sem rætt er um í greininni, að forstöðumaður skuli reka lyfjabúðina á eigin ábyrgð, er aðeins átt við hina tæknilegu hlið málsins, en ekki hina fjárhagslegu, þar sem lyfjabúðin yrði að sjálfsögðu rekin á kostnað leyfishafa, svo lengi sem hann kynni að halda leyfinu sjálfur.

8. brtt. n. er við 41. gr. Þar segir: „Við 41. gr. 1. málsgr. orðist þannig: Lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að verzla með, má hvorki selja né afhenda til endursölu öðrum en þeim, sem réttindi hafa til að verzla með slíka vöru, sbr. þó ákvæði 50. gr." Það er eina breytingin, að það er vísað þar til ákvæða í 50. gr., og er raunverulega ekki annað en eðlileg leiðrétting. Hér er því aðeins um tilvitnun að ræða, sem er sett inn samkv. ósk landlæknis.

9. brtt., við 42. gr., er aðeins til frekari skýringar á orðalagi og þarf því ekki frekari skýringar við, en hún hljóðar svo: „Við 42. gr. 4. mgr. Á eftir orðinu „lyfjabúð" komi: hérlendis." Það er líka til skýringar á frv.

Læknafélag Reykjavíkur lagði til, að 4. mgr. 42. gr. yrði breytt, og segir svo í umsögn félagsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó er læknum í starfi sínu heimilt að hafa

með sér og framselja lyf á kostnaðarverði, sem keypt er í lyfjabúð, til notkunar í bráðri nauðsyn í sjúkravitjunum og læknastofum. Eigi er unnt fyrir nokkurn starfandi lækni að vera án nokkurs lyfjaforða til afnota fyrir sjúklinga sína, svo sem gert er ráð fyrir í 42. gr. frv. Eigi virðist nokkur skynsamleg ástæða til þess, að lyf, sem hann hefur verið svo forsjáll að afla sér, einkum til afnota í bráðum sjúkdómstilfellum, eigi aðeins að vera honum til fjárhagslegrar byrði. Oft er um aðeins eina sjúkravitjun að ræða og læknir og sjúklingur hvor öðrum ókunnir og því fyllilega réttmætt og eðlilegt, að gerð séu full skil um læknisferð og lyf, er sjúkravitjun lýkur. Það fyrirkomulag á þessum viðskiptum, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur verið reynt hér á landi og reynzt óframkvæmanlegt. Er víst, að eftirkaup eru af auðsæjum ástæðum ógerleg vegna þess, hve mikil fyrirhöfn, tímatöf, kostnaðarauki það er fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra að endurgreiða lyfið með því að skila sama skammti af því síðar til læknis. Ef um hin dýru lyf er að ræða, mundi læknir í sumum tilfellum verða að borga með sér margfalt vitjunargjald. Telur Læknafélag Reykjavíkur þetta ákvæði ófært, bæði gagnvart sjúklingi og lækni, og samræmist ekki viðskiptaháttum í nútíma þjóðfélagi."

Um þetta segir landlæknir:

„Óátalið hefur verið, þótt læknir taki kostnaðarverð fyrir lyfjainngjöf, sem hann hefur látið sjúklingi í té í aðkallandi og bráðri lífsnauðsyn."

Að fengnum þessum upplýsingum og eftir að hafa rætt þetta bæði við landlækni og þá sérfræðinga, sem mættu hjá n., taldi n. ekki ástæðu til að fallast á að taka upp þessa till.

10. brtt. er við 43. gr. 1. mgr.: „Á eftir orðunum „þar sem þörf er sérstakrar lyfjasölu" komi: að dómi landlæknis." Þar er aðeins breytingin sú að bæta inn í frv. „að dómi landlæknis". Og er þetta í fullu samræmi við ákvæði 44. gr., og er því raunverulega ekki nema um leiðréttingu að ræða.

Eftirlitsmaður lyfjabúða lagði til í umsögn sinni um frv., að niðurlagi 45. gr. yrði breytt. Í umsögninni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„45. gr. 2. mgr. Þar segir: „Skylt er þeim, sem selja lyf, að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, sbr. 28. gr. 4. mgr. og 47. gr., ef þess er krafizt í umboði ráðh." Ef misferli eða alvarleg mistök ættu sér stað, þar sem lyf eru seld, gæti oltið mjög á því, hvort misferlið eða mistökin upplýsist, að eftirlitsmaður lyfjabúða gæti fyrirvaralaust gengið að öllum gögnum hlutaðeigandi fyrirtækis án þess að tefja rannsóknina vegna skorts á umboði ráðh. Á almenningur allt sitt öryggi undir því, að neytt sé allra tiltækra ráða til að komast fyrir misferli, er kunni að eiga sér stað, þar sem lyf eru seld, og ekki má draga úr eða jafnvel gera að engu öryggi þetta með því að tefja rannsókn vegna fyrrgreinds atriðis. Legg ég hér til, að í 2. mgr. 45. gr. verði orðin „ef þess er krafizt í umboði ráðh." felld niður."

N. leit svo á, að óheppilegt væri að fara inn á þá braut að rýra réttaröryggi einstaklinga þjóðfélagsins, og tilvik þau, sem hér um ræðir, gefa ekki tilefni til þess. Hafnaði því n. því að taka þessa till. upp.

Eftirlitsmaður lyfjabúða setti einnig fram till. um breyt. á 47. gr., en umsögn hans um það atriði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. grein þessari er gert ráð fyrir, að dósent í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands annist eftirlit með lyfjabúðum, svo sem verið hefur frá því að l. nr. 60 frá 1957, um Háskóla Íslands, gengu í gildi. Nú er vitað, að dósent þessi hefur óvenjulega mikla kennsluskyldu við háskólann, og með lögum þessum er stórlega aukið við starf hans vegna eftirlits með lyfjaverzlunum. Er hæpið, að einn maður geti að öllu leyti annað báðum þessum störfum til fyllstu hlítar, og jafnvel enn vafasamara, að nokkur lyfjafræðingur fáist til þessara starfa, er fram í sækir, án þess að eiga nokkra aðstoð vísa við eftirlitið. Legg ég því til, að við gr. þessa verði bætt: Landlækni er heimilt að ráða lyfjafræðing, er fullnægi skilyrðum 1. mgr. 9. gr., til aðstoðar eftirlitsmanni lyfjabúða, eftir því sem þörf þykir."

Þótti ekki ástæða til að fallast á þessa till. eftirlitsmannsins að fengnum upplýsingum og umr. um þetta atriði, og er því þessi till. ekki tekin upp.

Um 49. gr. urðu allmiklar umr. Borizt hafði umsögn frá dýralæknum um breyt. á gr. Töldu þeir gr. torvelda mjög störf sín og gera lyf og aðstoð allmiklu dýrari en nú er. Eftir að n. hafði rætt þetta atriði ýtarlega við yfirdýralæknirnn, stjórn Dýralæknafélagsins og landlækni, varð samkomulag um að leggja til, að gr. yrði breytt svo sem segir í 11. brtt. n., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Greinin orðist þannig:

Dýralæknum er heimilt að selja lyf handa dýrum, enda séu þau keypt í lyfjabúðum hérlendis eða lyfjaheildverzlunum, sem og ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum eða Lyfjaverzlun ríkisins, sbr. 29. gr. 2. mgr.

Þeim er einnig heimilt, að fengnu leyfi ráðh., að hafa á hendi sölu hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna handa dýrum, svo og einfalda samsetningu lyfja í sama skyni, enda sé ekki rekin lyfjabúð í umdæminu eða dýralæknir sé búsettur fjarri lyfjabúðinni.

Í dýralæknisumdæmum, þar sem dýralæknar starfa, skulu ekki aðrir læknar ávísa lyfjum, sem ætluð eru dýrum, nema ekki náist til dýralæknis.

Ráðh. setur í samráði við landlækni, að fengnum till. yfirdýralæknis, nánari fyrirmæli í reglugerð um lyfjagerð og lyfjasölu dýralækna."

Var talið af öllum aðilum, að brtt. leysti þann vanda, sem um er rætt í sambandi við

ákvæði þessarar gr. frv., enda verði sérstök lyfjaskrá gefin út fyrir dýralæknalyf og álagningin ákveðin þar.

Þá urðu einnig allmiklar umr. um ákvæði 50. gr. frv. Bárust n. umsagnir frá rannsóknastofu háskólans og forstöðumanni tilraunastöðvar háskólans í meinafræði, er allt gekk út á að upplýsa, að með frv. óbreyttu væri gengið mjög á rétt þessara aðila til þess að framleiða og selja bóluefni og önnur nauðsynleg lyf, einkum í sambandi við dýrasjúkdóma. Þykir ekki ástæða til þess að rekja hér þau ummæli, með því að náðst hefur fullt samkomulag við þessa aðila að leggja til að breyta 50. gr. svo sem hér er lagt til á þskj. 263. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 50. gr.

a. Við gr. bætist ný mgr., sem verði næstsíðasta mgr. gr., svo hljóðandi: Tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að selja lyf, sem þær hafa sjálfar framleitt, svo og dýralyf, sem þær gera tilraunir með, án takmarkana þeirra, er greinir í 1. mgr., en hlíta skulu þær stofnanir þó ákvæðum b-liðs 1. mgr.

b. Næstsíðasta mgr. í gr., eins og hún nú er, verði síðasta mgr. og orðist þannig: Nánari fyrirmæli um efni þessarar gr. skal setja í reglugerð."

Eftirlitsmaður lyfjabúða benti á, að eðlilegt væri að breyta 5. mgr. þessarar gr. Leit n. svo á, að þetta ákvæði ætti heima í reglugerð og þyrfti því ekki að taka það upp í frv.

13. brtt. n. er við 51. gr. og er til samræmis því samkomulagi, sem gert var við rannsóknastofu Háskóla Íslands og tilraunastofnunina í meinafræði. Hafði Samband ísl. samvinnufélaga sent mótmæli gegn þessum ákvæðum. En umsögn Sambandsins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. 51. gr. IX. kafla er lyfjabúðum ekki heimilt að selja lyf í heildsölu. Ekki er skilgreint í frv. sérstaklega, hvað átt er við með orðinu „heildsala" í þessu tilfelli, en ætla má þó, að lyfsala til annarra en neytenda, þ. á m. til héraðslækna, sem hafa leyfi til lyfjasölu, og til héraðsdýralækna, verði talin heildsala."

Svar landlæknis við þessu er sem hér segir:

„Hér er um misskilning að ræða, sbr. 29. gr. og 49. gr., nema að því er heildsölu varðar."

Ég hef áður skýrt frá því, hvað sagt er í frv. um heildsölu, lyf í heildsölu til þessara stofnana. Vísast að öðru leyti til þess, sem hér að framan hefur verið sagt um þetta atriði.

Till. kom fram um það frá Sambandi ísl. samvinnufélaga að fella niður allan X. kafla frv. og frá Læknafélagi Íslands, að kaflinn yrði gerður að II. kafla í frv. N. gat á hvoruga till. fallizt og leggur því til, að þessum kafla verði haldið óbreyttum í frv. Eins kom aths. frá eftirlitsmanni lyfjabúða við 3. málsgr. 53. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hljóðar mgr. þessi svo: „Enginn nm. má hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við framleiðslu eða innflutning sérlyfja." Samkv. 2. gr. frv. skal einn nm. í lyfjaskrárnefnd vera fulltrúi lyfsala. Nú hagar svo til, að flestir lyfsalar hér á landi eru hluthafar í innkaupasambandi apótekara, Pharmaco h/f, en þeir, sem standa utan þeirra samtaka, munu reka sjálfstæðar lyfjaheildverzlanir. Má því segja, að lyfsalar allir eigi hagsmuna að gæta í sambandi við innflutning sérlyfja, og því erfitt að skipa mann úr þeirra hópi til að fjalla hlutlaust um innflutning sérlyfja. Er því varpað fram þeirri spurningu, hvort ekki sé rétt að skipa t. d. annan lyfjafræðing í n. þessa í stað lyfsalans."

N. ræddi þetta við landlækni og þá sérfræðinga, sem í n. voru, og voru menn sammála um, að það væri ekki ástæða til þess að taka upp þessa breyt., heldur halda þessu ákvæði óbreyttu. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann muni ljúka ræðu sinni á skömmum tíma.) Ég á töluvert eftir. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 54, n. 262, 263, 338, 341).

Frsm. (Gísli Jónsson) [frh.]: Herra forseti. Ég hafði í gær, er ég hætti ræðu minni og fundartíma var lokið, lokið við að skýra frá öllu því, er hafði verið rætt um frv. í n. allt að 54. gr. frv., og tekið þar fram þau atriði, er ég taldi nokkru máli varða af því, sem kom fram í umsögnum og viðræðum um málið, og eins þótt n. teldi ekki ástæðu til þess að taka upp þær till., sem fram voru bornar, og vænti, að hv. alþm. vilji fallast á, að ég hafi þar engu skotið undan, enda taldi það skyldu mína að skýra frá því, hvort sem n. féllst á þær till. eða ekki.

Ég vil þá byrja með því að ræða um 1. og 2. till. á þskj. 263, en eins og ég gat um í gær, höfðu komið mótmæli frá Apótekarafélagi Íslands um orðalag á brtt. á fyrrnefndu þskj. Ég óskaði þá eftir því, að hæstv. forseti léti þetta ekki ganga til atkv. við þessa umr., og tók till. báðar aftur til 3. umr., og var það gert vegna þess, að ég bjóst jafnvel við því, að atkvgr. færi fram um málið á deildarfundi í gær, en eins og kunnugt er, var umr. frestað. En hv. heilbr.- og félmn. hefur í dag haldið fund um þetta og önnur mál, og var þar lagt fram bréf það frá Apótekarafélagi Íslands, er ég minntist á hér í gær, og þar færð fram þau rök, sem þeir taka fram í bréfi sínu. Eftir að n. hafði athugað þetta nákvæmlega, féllst hún á það einróma að halda við sínar fyrri tvær till., 1. og 2. till., og vildi ég óska þess af hæstv. forseta, að þær væru einnig látnar ganga til atkv. við þessa umr., nema því aðeins að um það komi einhverjar aðrar óskir en frá n. N. sér ekki ástæðu til þess að fresta afgreiðslu málsins af þessum sökum og getur ekki fallizt á þau rök, sem koma fram í bréfinu, og telur, að frv. sé betur sett með því að afgreiða það með þeim till., sem hún færir þar fram.

Það kom til n. umsögn frá Læknafélagi Reykjavíkur um 54. gr. frv. Leggur félagið til, að gr. falli niður, þessi till. er einnig studd af Læknafélagi Íslands, en um þetta segir landlæknir, — mér þykir rétt að lesa fyrst umsögn eða ábendingu frá stjórn Læknafélagsins:

„Læknafélagið telur mjög varhugavert að setja hömlur á sölu lyfja, þótt þau séu ekki skráð á lyfjaskrá. Má fullvíst telja, að slíkar hömlur mundu í einstökum tilfellum valda afdrifaríkum töfum, að sjúklingar fengju þá meðferð, sem bezt yrði talin hverju sinni. Lagt er því til, að 54. gr. falli niður."

En um það segir landlæknir: „Heimild til innflutnings sérstakra sérlyfja er hér fyrir hendi. Aths. er því óþörf," og vísar í grg. Auk þess upplýsti landlæknir, að þetta væri á misskilningi byggt hjá Læknafélaginu, og var því ekki fallizt á að leggja til, að ábendingin yrði tekin upp sem brtt. við frv.

Þá sendi Læknafélag Reykjavíkur einnig umsögn um 55. gr. frv., og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í mörgum tilvikum eiga sérlyf fullan rétt á sér, og verður ekki án þeirra verið, þótt samsvarandi efni séu fáanleg á frjálsum markaði. Enda þótt krafizt sé vottorða, er ekki þar með alveg tryggt, að það efni, sem selt er á frjálsum markaði, sé eins hreint og jafnist fyllilega að gæðum á við efni sérlyfja. Eðlilegt er, að sérlyfjaframleiðendur vandi sem bezt þá vöru, sem þeir tengja nafn sitt við, og svo er um sérlyfin. Það mun einungis vera á færi hinna stærri lyfjagerða erlendis að búa ýmis virk efni þannig úr garði í lyfjaformi, að eiginleikar hins virka efnis haldist sem bezt og nýtist svo sem til er ætlazt eftir lyfjagjöf. Af eðlilegum ástæðum er augljóst, að lyfjagerð hér á landi mun seint komast í það form, að hún geti tekið að sér hlutverk hinna stóru og reyndu erlendu lyfjaverksmiðja, og er því sérstaklega varhugavert að skapa með löggjöf hinni innlendu lyfjaframleiðslu einokunaraðstöðu. Samkeppni er hollt aðhald í þessum iðnaði sem öðrum. Of strangar hömlur á notkun sérlyfja geta því komið í veg fyrir, að sjúklingar fái ætíð hin beztu lyf, sem annars er völ á. Einnig er varhugavert og óviðeigandi, að það sé sett á vald annarra en starfandi lækna að hafa áhrif á lyfjameðferð og lækningu sjúkra, taka þannig óbeint fram fyrir hendurnar á læknum og rýra með því gildi hinna almennu lækningaleyfa, sem læknir hefur öðlazt fyrir þekkingu sína og reynslu. Verður að gera þá kröfu, að læknum sé að jafnaði í sjálfsvald sett að nota þau lyf, sem þeir telja bezt henta. Stjórn Læknafélags Reykjavíkur leggur því til, að 55. gr., ef ekki verður niður felld, verði breytt með tilliti til framangreindra sjónarmiða."

Hér segir landlæknir, að ekki sé ástæða til að óttast neitun á skráningu sérlyfja, sem betri eru talin en skráð lyf, enda gert ráð fyrir slíku, sbr. 55. gr., c- og e-liði. Auk þess var þetta atriði sérstaklega rætt við þá sérfræðinga, sem mættu hjá n., m. a. forstjóra fyrir Lyfjagerð ríkisins, og voru þeir á þeirri skoðun, að það bæri ekki að breyta frv. í þá átt, sem hér er farið fram á. Vildi því n. ekki leggja hér til um breyt. á gr. eða að greinin yrði niður felld.

Enn sendi sama félag umsögn um 63. gr. og 66. gr. Vildi n. eigi heldur leggja til, að þær breyt. yrðu teknar upp í frv., en þær brtt., sem talað er um þar, eru raunverulega afleiðingar af brtt., sem áður hafði verið gerð og hefur ekki verið tekin til greina, svo að þær eiga sjálfsagt ekki við, ef ekki eru teknar upp þær breyt., sem þá var farið fram á.

Um síðustu brtt., sem er 14. brtt., en hún er við bráðabirgðaákvæði, skal hér fara nokkrum orðum.

Hvað snertir a-liðinn urðu allmiklar umr. um þetta atriði. Ef frv. verður að lögum óbreytt, er hér fylgt þeim ákvæðum í l., að embættismenn skuli láta af störfum, er þeir eru 70 ára að aldri, en í 1. lið í ákvæði til bráðabirgða í frv. segir:

„Lyfsali, sem er 67 ára eða eldri, er lög þessi öðlast gildi, heldur leyfi sínu í full 3 ár, en þó eigi lengur en til loka þess árs, er hann verður 75 ára."

Þá er ákveðið, að lyfsali, sem er 67 ára eða eldri, er lög þessi öðlast gildi, haldi leyfinu í full 3 ár, þó ekki lengur en til 75 ára aldurs. Ef þessi ákvæði kæmu til með að verða samþ. óbreytt, mundu þau valda margvíslegri óánægju og vanda. Yrði þá maður, sem yrði 66 ára, er lögin öðlast gildi, að hætta 70 ára. En maður, sem er 67 ára eða eldri, mætti hins vegar halda leyfi sínu til 75 ára aldurs. Með því að hér er ekki um að ræða embættismenn, sem eiga kröfu á eftirlaunum úr lífeyrissjóðum auk möguleika um uppbót á 18. gr. fjárl., ef lífeyrissjóðsgjaldið reynist ekki nægilega hátt til sæmilegrar framfærslu, má ekki láta sömu reglu gilda og um embættismenn almennt. Og með því að lyfsalar hafa þegar komið sér upp lífeyrissjóði, sem þó er enn svo ungur að aldri, að eldri lyfsalar öðlast ekki þar viðunandi lífeyri, þótti n. rétt að leggja til, að 1. tölul. bráðabirgðaákvæðanna yrði breytt svo sem hér segir:

„Þeir lyfsalar, sem hafa lyfsöluleyfi, er lög þessi öðlast gildi, og fullnægja ákvæðum l., eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs."

Verði till. samþ., eiga allir þeir lyfsalar, sem leyfi hafa fengið, þegar l. öðlast gildi, rétt til að halda þeim til 75 ára aldurs, enda uppfylli þeir ákvæði l. Má fyllilega gera ráð fyrir því, að ýmsir þeirra láti af störfum fyrr fyrir ýmsar aðrar ástæður, eins í þessari stétt og í öllum öðrum stéttum í landinu.

Þá þótti og rétt að heimila ráðh. að veita einstaklingi, sem haft hefur innflutningsleyfi sem aðalatvinnu a. m. k. 10 s. l. ár, leyfi til þess að halda þeirri atvinnu áfram um eitt ár í senn, en þannig hljóðar b-liður 14. brtt.:

„Við 2. tölul. bætist: Ráðherra má einnig veita einstaklingi, sem haft hefur innflutning lyfja sem aðalstarf a. m. k. síðastliðin 10 ár, leyfi til þess að halda þeirri starfsemi áfram um eitt ár í senn.“

N. hafði fengið erindi um þetta frá einum slíkum manni, sem hefur haft þessa atvinnu hér í fjöldamörg ár, eitthvað um 30 ára skeið, er nú að nálgast 70 ára aldur. Það er eini aðilinn, sem hefur snúið sér til n., en það kunna að vera einhverjir aðrir, sem hafa slíka atvinnu, sem n. er ekki kunnugt um. En n. þótti eðlilegast, að ráðh. hefði vald til þess að leyfa slíkt eitt ár í senn, eftir að l. öðlast gildi, og væntir því n., að Alþ. fallist á þessa breytingu.

Rætt var um það í n., hvort rétt væri að taka upp ákvæði í þessu frv. um að ákveða gjald fyrir lyfsöluleyfi. Var talið, að slíkt ákvæði ætti heima í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. N. var hins vegar þeirrar skoðunar, að rétt væri að setja þar slíkt ákvæði og eðlilegt væri, að gjaldið væri miðað við viðskiptamöguleika á því svæði, sem það er veitt, og væri ekki minna að upphæð en heildsöluleyfi og smásöluleyfi eftir því, hve viðskiptamöguleikar væru á hverjum stað. Út af þessu þykir mér rétt að upplýsa hér, að í fyrrnefndu bréfi frá Apótekarafélaginu er ákvæði, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um hugleiðingar n. varðandi sérstakt gjald fyrir lyfsöluleyfi, að því er virðist sem tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð, viljum við taka fram, að háttur sá, er frv. gerir ráð fyrir um tilhögun við verðlagningu lyfja, gefur ekki tilefni til slíks.“

Ég verð að segja, að það hryggir mig, að jafnvirðulegt félag og Apótekarafélag Íslands skuli láta slíkt frá sér fara eins og þessa grg. N. gefur ekkert tilefni til þess, að slíkt sé ritað til ráðh. Hún hefur aðeins bent á, að að hennar áliti sé sjálfsagt að taka upp í allt önnur lög ákvæði um gjald fyrir lyfsöluleyfi, setja ekkert um það inn í þetta lagafrv., sem hér er til umræðu. En úr því að Apótekarafélag Íslands óskar eftir umr. um þetta atriði, þá þykir mér rétt að taka hér fram, að ég tel það alveg fráleitt, að lyfsöluleyfi sé veitt án gjalds. Það er tekið gjald fyrir leyfi til að selja hvaða vöru sem er í landinu. Það fær enginn leyfi til þess að selja neina aðra vöru í landinu, nema greiða fyrir það allmikið fé, hvort heldur er um heildsölu eða smásölu að ræða, og lyfsala á Íslandi hefur sannarlega ekki þótt svo léleg atvinna, að það sé ástæða fyrir slíka menn að kvarta undan því, þótt þeir þurfi í eitt skipti fyrir öll að greiða eðlilegt gjald fyrir að selja þá vöru, eins og aðrir menn verða að gera um aðrar vörur. Ég tel, að Apótekarafélag Íslands hafi smækkað sig stórkostlega við að senda slíka aths. inn til hæstv. ráðh.

N. leggur einróma til, að breyt. allar á þskj. 263 verði samþ. og frv. þannig samþ. í þessari hv. d. Að vísu geyma allir nm. sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. En n. er öll sammála um, að nauðsyn beri til þess, að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi.

Ég sé, að hv. 4. þm. Reykn. hefur borið hér fram brtt., sem útbýtt hefur verið í dag. Mér sýnist í fljótu bragði, að það sé nákvæmlega sams konar brtt. og hv. 4. landsk. hefur borið fram, að öðru leyti en því, að þar er ekki lagt til að fella niður IV. kaflann, en að öðru leyti séu brtt. nákvæmlega eins, og verður það að sjálfsögðu verkefni hæstv. forseta að skera úr því, hvor þeirra komi fyrr til atkv., þegar enginn er eðlismunur á brtt. (**JSk:** Þær eru ekki eins.) Mér sýnist þær vera alveg eins, nema bara ákvæðið um kafla, annars eru þær bornar saman í flýti. (Gripið fram í.) Nú já, en það er ekki ástæða til þess að ræða mjög um það. En það er alveg samhljóða því, sem hv. þm. skýrði frá í n., og er ekkert við það að athuga af minni hálfu. Ég hef ekki ástæðu til þess að ræða um hana neitt frekar. Aðrar brtt. sýnist mér ekki hafa komið hér fram enn sem komið er.

Með því að ekki þótti neinn vinningur að því að birta allar umsagnir um málið, hef ég valið þann kostinn að skýra frá þeim atriðum, sem þar koma fram og einhverju máli skipta. Að sjálfsögðu liggja allar umsagnir frammi fyrir hvern þann hv. þm., sem vill kynna sér þær, og eins hv. Ed., þegar hún fær þetta mál til meðferðar. Ég held, að það hefði ekki heldur orðið neinn meiri vinningur fyrir hv. þm., þótt þetta hefði allt verið birt, vegna þess að það þarf að leggja mjög mikla vinnu í það að einangra hin einstöku atriði og bera þau saman, og hygg, að það hefði ekki orðið til bóta frekar en að hafa þann hátt á, sem hér hefur verið hafður á. En ég vil taka þetta fram til þess að fyrirbyggja það, að verið sé að álasa n. fyrir að birta ekki umsagnirnar sem fskj.

Ég vil að lokum leyfa mér að færa landlækni, rektor háskólans og sérfræðingum þeim, sem mætt hafa hjá n., þakkir fyrir ómetanlega aðstoð þeirra við athugun á frv. og breyt. þeim, sem lagt er til að samþ. verði, og fyrir þann vilja, sem þeir hafa sýnt í máli þessu til að sætta alla viðkomandi aðila, að svo miklu leyti sem unnt var, án þess þó að rýra öryggi almennings með löggjöfinni. Það er engin launung, að lyfjanotkun fer alls staðar óðum vaxandi, og full nauðsyn er á því að hefta þá þróun. Verði frv. það, sem hér er til umr., samþ. með þeim breyt., sem n. ber fram á þskj. 263, er þess vænzt, að þau lög verði veigamikill þáttur í því að draga úr óþarfri og óhollri lyfjaneyzlu. N. hefur haft fullt samstarf við hæstv. heilbrmrh. um allar breyt., sem fram eru bornar á þskj. 263, og hefur hann tjáð mér sem formanni n., að hann væri þeim samþykkur.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að allar brtt. n. á þskj. 263 verði samþ., og vænti, að á það fallist hv. n. og frv. verði þannig sent til 3. umræðu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf., formaður heilbr.- og félmn., hefur nú gert grein fyrir frv. því til lyfsölulaga, sem hér er til umr. Hann hefur greint frá störfum n., og er ekki ofsögum af því sagt, að n. lagði allmikinn tíma um a. m. k. þriggja vikna skeið í það að fara í gegnum þennan mikla frv.-bálk, sem er, eins og hv. þm. hafa séð, í 70 gr. og í 12 köflum, með allra umfangsmestu lagabálkum, sem fyrir þinginu liggja, enn fremur að fara vandlega í gegnum umsagnir þær, sem bárust frá hinum 10—11 aðilum, sem frv. hefur verið sent til umsagnar, og bera saman allar þær brtt., sem frá hinum ýmsu aðilum komu, en þar var sannarlega ekki samræmi á milli, þannig að einn lagði til það, sem annar lagðist gegn.

Okkur var í upphafi sagt, og það mun standa í grg. með þessu mikla lyfsölufrv., að nú væri svo komið, að þetta mál, sem hefur verið mikið deilumál milli ýmissa aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við lyfjasölu, væri nú orðið samkomulagsmál. En það hefur síðar komið í ljós, að það er langt frá því enn, að sættir hafi verið allir þeir ólíku hagsmunir, sem hér eiga hlut að máli, og enn þá meira að segja eru að berast bréf til ráðh. fram hjá n., eins og hv. frsm. gat hér um áðan, út af því, að þeir telja enn deiluatriði og ágreiningsatriði vera uppi, sem n. hafði ekki fallizt á að leysa á þann hátt, að aðilar sættu sig við. En allt þetta rakti hv. frsm. rækilega og skal ég ekki annað en undirstrika það, að n. lagði mikla vinnu í þetta mikla mál, enda er það mín sannfæring, að þetta sé mjög þýðingarmikil og þörf löggjöf. Þess vegna var það, að þó að ég hefði kannske kunnað að vilja bera fram ýmiss konar brtt. við málið, þá vildi ég, þegar til kom, ekki bera fram brtt. um neitt annað en höfuðágreiningsefni mín. Ég vildi miklu fremur sneiða fram hjá ágreiningi um smærri atriði, því að mér er það kappsmál, að þessi löggjöf komist loks í höfn.

Á þeim tveimur árum rúmum, sem ég hafði stjórn heilbrigðismála á hendi, lét ég líka leggja fyrir frv. til lyfsölulaga, sem þáv. landlæknir hafði undirbúið, Vilmundur Jónsson, og vildi freista þess að koma löggjöfinni þá fram, og það var ekki í fyrsta sinn, sem hún var borin fram. En einnig þá og alltaf fyrr hafði málið strandað í meðferð þingsins á miklu hagsmunatogi þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við lyfjasölu. Því er ekki að neita, að síðan hafa ýmsir mætir og góðir menn unnið að því að reyna að sætta þessa ólíku hagsmuni og áreiðanlega skilað þar góðu verki. Á þar vafalaust ekki hvað sízt núv. landlæknir hlut að máli. En með sér hefur hann haft í þessu ýmsa ágæta menn, eftirlitsmann lyfjabúða, rektor háskólans og marga fleiri. Og málið hefur þó með þessu móti þokazt það langt fram, að nú virðast yfirstignir þeir örðugleikar, sem hingað til hafa orðið málinu að falli. Ég geri mér því fyllstu vonir um, að málið nái nú fram að ganga, enda held ég, að allir, sem að málinu hafa starfað til þessa, vilji leggja sig fram um það, að svo verði. Og ég lýsi því nú þegar yfir, að þó að ég voni, að mínar brtt. verði samþ., þá læt ég það ekki varða afstöðu mína til málsins í heild. Ég greiði atkv. með málinu, þó að engar aðrar breyt. fáist á því en meiri hl. hefur orðið sammála um í þeim 14 brtt., sem við leggjum fram sameiginlega á þskj. 263. Þær till. tel ég að séu allar óumdeilanlega til bóta og eru margar þannig gerðar, að landlæknir hefur gengið í það með n. að fá form á breytingar, sem samkomulag næðist frekast um milli þeirra, sem höfðu skiptar skoðanir um þessi atriði, sem brtt. fjalla um. Margar þessara brtt. eru því millileið, sáttavegur milli þeirra, sem höfðu ólíkar skoðanir um ýmis efnisatriði frv. Og þó, eins og ég áðan sagði, er samt ljóst, að ýmsir aðilar vilja ekki sætta sig við þessar millileiðir, sem þarna eru farnar með þessum brtt., og vilja enn freista þess að fá sínar skoðanir fram óbreyttar hver um sig.

Málið liggur þá þannig fyrir hv. d., að heilbr.- og félmn. hefur skilað sameiginlegu nál. og stendur þannig öll að því að mæla með samþykkt frv. og stendur að sameiginlegum flutningi brtt. í 14 töluliðum á þskj. 263, og um sérstök 2—3 atriði flyt ég svo brtt. á þskj. 338, sem eru þess eðlis, að afstaða mín til málsins í heild er óbreytt, þó að þær næðu ekki fram að ganga.

Það er rétt, sem hv. frsm. gat hér um í ræðu sinni á næstsíðasta þingfundi, að það hefur engin ýtarleg löggjöf verið til á Íslandi um þessi viðkvæmu og viðtæku mál, lyfjasöluna, sem snertir nærri því hvert mannsbarn í landinu, nema tilskipun um lækna og lyfsala frá 1672, frá 17. öld, en hefur fram til þessa verið talin sá lagagrundvöllur, sem þessi starfsemi hefur byggzt á í aðalatriðum. Þetta er eins konar kúríositet, og vil ég vona, að hæstv. forseti taki það ekki illa upp fyrir mér, þó að ég verji einni eða tveimur mínútum, meira verður það ekki, til þess að lesa upp 2—3 atriði úr þessari þýðingarmiklu tilskipun, konunglegu tilskipun frá 17. öld, sem er enn þá prentuð í lagasafninu og á þeirrar tíðar máli. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, fyrst:

„Enginn má halda nokkra lyfjabúð, nema hann hafi þar til allranáðugast leyfisbréf Vort (og vort er skrifað með stórum staf, af því að þar er átt við konunginn sjálfan) og hafi unnið Oss eið (og oss er með stórum staf líka í lagasafninu).“

Þar segir enn fremur, að lyfsalar skuli „jafnan hafa á boðstólum í lyfjabúðum sínum góð, ný, ósvikin og óskemmd simplicia og materialia, svo og alls konar præparata og composita, sem til eiga að vera í velbirgri lyfjabúð.“ Þarna er slett latínu, og skal ég ekki ábyrgjast, að rétt sé fram borin hjá mér latínan, því að enginn latínumaður er ég.

Þá segir, að lyfsalar skulu „eigi láta neina töf verða á tilbúningi lyfjanna, heldur afgreiða sjúklingana svo fljótt sem þess er kostur og hafa lyfjabúðir sinar opnar virka daga og

helga, nótt og dag“ — engin miskunn með það.

Svo kemur hér atriði, sem oft hefur orðið að taka til í framkvæmd, og það er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ef nokkurri lyfjabúð verður bersýnilega ábótavatn fyrir vanhirðu og fyrirhyggjuskort, þá skal lyfsali hafa fyrirgert leyfi sínu og lyfjabúð hans lögð niður og önnur sett í staðinn.“

Þá er hér um eftirlit með lyfjabúðunum. Þar er gert ráð fyrir í tilskipuninni, að árlegt eftirlit fari fram, og segir þar. „Skal honum (þ. e. eftirlitsmanninum) fyrirstöðulaust sýnt, annaðhvort af lyfsölum sjálfum eða sveinum þeirra,“ — allt, sem eftirlitsmaðurinn biður um að fá að skoða, það skal honum fyrirstöðulaust leyft að skoða og honum sýnt það. Þetta dettur mér í hug að dvelja við, vegna þess að ein till. eftirlitsmanns lyfjabúða vék að því, að honum gæti verið bagi að því í rannsókn gagnvart lyfjabúð að þurfa að leita sérstaks umboðs ráðh., og taldi, að árangur gæti í vissum tilfellum aðeins fengizt af rannsókninni um, hvort um misferli hefði verið að ræða, með því að geta strax heimtað að skoða allt bókhald og hvað eina hjá lyfjabúðareigandanum. En á það hefur ekki verið fallizt að breyta frv. að þessu leyti eftir till. eftirlitsmanns lyfjabúða, þykir ganga of nærri lyfjabúðareiganda, og menn telja, að leyfi ráðh. mundi í þessum tilfellum fást svo fljótt, að ekki kæmi til baga. En mér sýnist tilskipunin þó eiginlega vera afdráttarlausari um þetta en till., sem nú er uppi um að leysa þetta mál.

Svo er gert ráð fyrir því, að brot kunni að verða á þessari tilskipun og þá skuli sektirnar vera 100 ríkisdalir og 1/3 falli „til Vor“, þ. e. a. s. til konungs, annar „til borgmeistara og ráðs“ og þriðji til lyfsalans í viðkomandi bæ, þar sem brotið hefur átt sér stað. Þannig áttu hinir 100 ríkisdalir að skiptast. Sektarákvæðið er mjög hátt að þeirra tíma peningagildi.

Svo líður rúm öld, en 1797 er gefið út kansellíbréf til stiftamtmanns um lyfjasölu. Og það er út af því, að landlæknir, sem þá hafði ekki setið lengi í landi voru, hefur kært yfir því, að kaupmenn norðanlands séu farnir að verzla með ýmiss konar lyf, og vill ekki þola það og leitar til hins konunglega heilbrigðisráðs. Og þetta bréf er tekið fyrir í Danmörku af hinu konunglega heilbrigðisráði og fallizt á skoðun landlæknis um það, að slík verzlun með lyf af hinum og þessum kaupmönnum megi ekki eiga sér stað og sé brot á tilskipuninni frá 1672. Þetta er í raun og veru aðallagagrundvöllurinn undir lyfjasölunni um aldir á Íslandi, og er þar fátt um lagasetningu aðra, þegar sleppir konunglegu tilskipuninni og kansellíbréfinu.

Næstu lög um tilbúning og verzlun með lyf eru lögin um tilbúning og verzlun með ópíum 1923. Og svo koma 1935 lög um heimild fyrir rannsóknastofu ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar. En þá held ég líka, að allt sé tæmt, sem til lagagrundvallar má teljast fyrir lyfjasölu í landinu. Efni l. frá 1935 fellur nú inn í þennan lagabálk, sem hér er til umr., og var þá skoðanamunur um það, hvort rannsóknastofur ríkisins ættu að halda þeim rétti, sem þeim er heimilaður í l. frá 1935. En ofan á verður það, að þær skuli mega verzla með þau lyf, sem rannsóknir þeirra miðast við, bæði rannsóknastofa háskólans og aðrar rannsóknastofur ríkisins.

Ég skal ekki dveljast lengur við þetta, en þetta sýnir tvímælalaust, að þessi löggjöf, sem til hefur verið fram að þessu um lyfjasölu, er allsendis ófullnægjandi um svo þýðingarmikil og viðkvæm mál.

Á grundvelli þessarar tilskipunar og kansellíbréfsins hafa svo verið byggðar ýmiss konar reglugerðir, og telja lögfræðingar vafasamt, hvort þær mundu hafa lagagildi, ef á það reyndi.

Efni lagabálksins skal ég ekki fara út í. Það hefur nú verið rakið, aðallega að því er snertir ágreiningsatriðin, en mjög er löggjöfin í heild sniðin eftir hinni dönsku lyfsölulöggjöf og þó alls staðar kannað vandlega, hvað henti íslenzkum staðháttum, og hafa þar margir um fjallað, eins og margupplýst er.

Allt frá tilskipuninni hefur verið miðað við það, að lyfjasalan væri einstaklingsbundin, og er enn þá gert ráð fyrir því í þessu frv. Frá þessu hafði þó verið vikið allsnemma, þ. e. a. s. þegar Reykjavíkur Apótek var stofnað, en það mun vera á 18. öld, sem það hefur sína starfsemi. Og þar hefur það gilt, að lyfjabúð sú, án tillits til þess, hver væri eigandi hennar á hverjum tíma, hefði lyfsöluréttindi. Að öðru leyti hafði allt lyfsöluleyfi alltaf verið bundið við ákveðið nafn einstaklings. Svo kom það til, með því að það þótti ekki bannað með tilskipuninni frá 1672, að samvinnufélagi var heimilað að setja upp lyfjabúð. Það var Kaupfélag Eyfirðinga, sem setti upp slíka lyfjabúð, og nokkru síðar fékk Kaupfélag Árnesinga einnig sams konar leyfi, og hafa þá verið hér um nokkurt skeið þrjár lyfjabúðir, sem ekki hafa verið með persónubundið leyfi.

Í þessu frv. er ætlazt til, að hið óhlutbundna leyfi Reykjavíkur Apóteks haldist og við því sé ekki hróflað. En að því er snertir leyfin, sem tvö samvinnufélög hafa þegar haft, er lagt til í þessu frv., að þeirra leyfi verði framlengd í 25 ár og megi síðan framlengja þau áfram á 25 ára fresti, en ekki gert ráð fyrir því, að nein önnur samvinnufélög en þau tvö, sem nú hafa slíkt lyfsöluleyfi, fái þau. Þetta tel ég ástæðu til þess að taka skýrt fram, því að að þessum atriðum lúta tvær af brtt. þeim, sem ég flyt. Nú er sem sé komin löng reynsla á rekstur Reykjavíkur Apóteks, og það hefur verið talið ein af höfuðlyfjabúðum landsins og ekki þótt koma að neinni sök, þó að hinn háttvirtinn almenni væri ekki á hafður að binda leyfi til rekstrar þeirrar lyfjabúðar við nafn. Allir eru og sammála um, að það fyrirkomulag megi haldast, þó að þessi löggjöf verði sett. Allir, sem um hafa verið spurðir, hvernig rekstur lyfjabúðanna hjá Kaupfélagi Árnesinga

og Kaupfélagi Eyfirðinga hafi farið úr hendi, hafa og vottað það, að þær lyfjabúðir séu reknar af myndarskap og ekkert upp á rekstur þeirra að klaga, og komi ekki til mála að takmarka eða svipta þau félagasamtök leyfi af þeim sökum.

Það hafa aðeins verið færð fram ein rök frammi fyrir heilbr.- og félmn., og þau rök flutti hv. formaður n. í sinni ræðu. Það voru þau rök, að það væri auðveldast að koma fram ábyrgð gegn einstakri persónu, ef misferli yrði með lyfjasöluna, og skal því ekki neitað, að það er e. t. v. eitthvað til í þessu. En þó er samkv. þeim ákvæðum, sem í frv. eru og eiga að gilda í þau 25 ár, sem þau samvinnufélög, sem lyfsöluleyfi hafa nú, eiga að búa við, gert ráð fyrir því, að sérfræðingurinn, sem þau eru skyldug til að hafa, sé að öllu leyti ábyrgur á sama hátt og forstöðumenn hinna einstaklingsbundnu lyfjabúða. Fæ ég því ekki séð annað en þannig sé um búið, að lögum verði fyllilega fram komið við hinar félagsreknu lyfjabúðir, á sama hátt og gagnvart hinum, svo að mikið virðist ekki leggjandi upp úr þessum einustu rökum, sem ég hef um þetta heyrt.

1. brtt. mín á þskj. 338 er við 7. gr. frv. Í 7. gr. frv. segir, að lyfsöluleyfi verði aðeins veitt einstaklingum. En ég legg til, að þessi hluti greinarinnar hljóði svo:

„Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum, svo og Háskóla Íslands. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnarvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.“

Sem sagt, þessar félagsreknu lyfjabúðir, sem hérna er lagt til að verði heimilaðar, búi að öllu leyti við sömu lagaskyldur og einstaklingsreknu búðirnar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki óeðlilegt, að sveitarfélag hafi heimild til þess að geta fengið lyfsöluleyfi. Ég tel einnig eðlilegt, að sjúkrasamlög hafi slíka heimild. Og samvinnufélög, félagssamtök fólks í heilum byggðarlögum, eru e. t. v. líklegust allra aðila til þess að rækja þessa nauðsynlegu verzlun í almenningsþágu á ódýrari og hagkvæmari hátt og þó jafnöruggan og einstakur lyfsali gerði það, og gæti e. t. v. verið, að fámennt hérað risi ekki undir því, að sjálfstæð lyfjabúð væri þar. Mætti þá e. t. v. hugsa sér þetta sem deild í hinni almennu félagsverzlun viðkomandi sveitarfélags, gæti e. t. v. orðið til þess að tryggja ódýrari lyf en ef þetta skyldi vera lyfjabúð einstaklings, sem hefði ekki nema takmarkaða aðstöðu til annars verzlunarrekstrar.

Það eru þessir þrír aðilar: sveitarfélögin, sjúkrasamlögin og samvinnufélögin, sem ég legg til að fái heimild til lyfjasöluleyfis auk einstaklinga, og svo Háskóli Íslands. Háskóli Íslands hefur á hendi kennslu í lyfjafræði. Þar eiga lyfjafræðingarnir að fá sína menntun, og það er vitanlega hagkvæmt að hafa fullkomna lyfjabúð við höndina í sambandi við þessa kennslu lyfjafræðinganna. Og það heyrðist mér á sérfræðingunum, sem mættir voru á fundi heilbr.- og félmn., að þeir féllust á. Þeir töldu, að það væri eðlilegt, að háskólinn hefði slíkan rétt, og þetta lyfjabúðarhald háskólans yrði þáttur í kennslu lyfsalanna, yrði eins konar kennsluapótek. Hins vegar tók rektor það fram, að þetta væri ekki aðkallandi mál fyrir háskólann eins og stæði, það væri naumast aðstaða til þess að koma þessu upp. En ég tel, að þegar verið er að setja ýtarlega löggjöf, sem markar tímamót um lagasetningu í þessu efni, þá sé ekki óeðlilegt, að háskólinn sé þarna tekinn með, þegar flutt er brtt. um, að fleiri en einstaklingum veitist lyfsöluleyfi.

Ég held, að ástæðulaust sé að fara mörgum orðum um þetta. Skoðanir kunna að vera skiptar um það, hvort hinni gömlu aðalreglu eigi að halda að veita engum lyfsöluleyfi nema einstaklingum, þrátt fyrir þá góðu reynslu, sem fengin er bæði af félagsreknum lyfjabúðum og lyfjabúð, hverrar lyfsöluleyfi er ekki bundið við persónu eða nafn, og um þetta hefur margoft verið rætt á undanförnum árum, að sjúkrasamlög ættu að hafa rétt til lyfjasölu, og margir þeirrar skoðunar, að samvinnufélög ættu að hafa hana, — og því þá ekki sveitarfélög undir vissum kringumstæðum einnig?

A- og b-liðir 2. till. minnar eru bein afleiðing af því, að ég legg til með minni 1. brtt., að félagsreknar lyfjabúðir megi starfa hér á landi, og eru þannig viðbót við 9. gr., þannig að orðalagið sé allt miðað við, að lyfjabúðirnar séu ekki aðeins í höndum einstaklinga, heldur einnig félagsreknar lyfjabúðir.

Ég legg til í fyrsta lagi, að næstsíðasta mgr. 9. gr. orðist svo:

„Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. mgr. (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðh. samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. mgr. 7. gr.“ — Umsókn hins ábyrga sérfræðings, sem félagsrekin lyfjabúð verður að hafa, skal sæta sömu meðferð og umsókn lyfsala, sem fengið hefur persónulegt leyfi eða er að sækja um persónulegt leyfi. Það er nefnd sérfræðinga, sem á að fjalla um þetta, og náttúrlega á svo ákvörðunin að hvíla í hendi ráðh.

B-liðurinn er svo hljóðandi: „Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög.“ Þannig hljóðar gr. nú í frv. Svo kemur viðbótin: „Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, samvinnufélagi eða af Háskóla Íslands.“ Svo heldur greinin áfram eins og hún er: „Svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og um forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðh. ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar eða heitstafs.“

Það nýja í þessu er eingöngu ákvæðið um, að félagsreknu lyfjabúðirnar skuli allar lúta

sömu kvöðum og öllum sömu lagaskyldum og einstaklingsreknu lyfjabúðirnar.

Þá er 3. brtt. mín um það, að 17.—19. gr. að báðum meðtöldum falli niður, þ. e. a. s. IV. kafli frv. Sá kafli fjallar að engu leyti um sölu lyfja og á því að mínu áliti ekki heima í lyfsölulöggjöf. Þessi kafli fjallar einungis um, hvernig með skuli fara, ef kjaradeila verði milli félags lyfsala annars vegar og félags lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga hins vegar, og skuli þá gerðardómur, sem báðir aðilar kosti og skipaður er með ákveðnum hætti, skera úr deilunni. Þar með er vikið frá þeirri málsmeðferð, sem nú er í gildandi vinnulöggjöf, að fyrsta stig deilu sé það að vísa henni til sáttasemjara ríkisins, og hefði ég talið það eðlilegra, að hér yrði einnig mál á deilustigi látið ganga til sáttasemjara ríkisins, en ekki til sérstaks gerðardóms. Efnisatriði kaflans að öðru leyti eru í ýmsum atriðum mjög áþekk núgildandi lögum eða lagaákvæðum í vinnulöggjöfinni, lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, og held ég, að allur þessi kafli, sem fjallar um kjaradeilur og hvernig með skuli fara og leysa, eigi ekki heima í lyfsölulöggjöf, heldur ef ástæða þykir til að setja vinnulöggjöf um þessa stétt, þá eigi að fella þann kafla inn í núgildandi vinnulöggjöf. Ég tel og óeðlilegt að taka lyfsölustéttina eingöngu og setja um hana sérstaka vinnulöggjöf. Því þá ekki um lækna, því þá ekki um hjúkrunarlið og aðrar hliðstæðar stéttir? En ég hef ekki séð neina tilburði í þá átt að setja sérstaka vinnulöggjöf um þær stéttir. Það er líka nokkuð misráðið að fara að setja vinnulöggjafarákvæði um hverja einstaka stétt. Þau mál á öll að leysa með almennri vinnulöggjöf. Af þessum ástæðum hef ég lagt til, að þessi kafli sé felldur út úr þessu frv., og sé ekki, að hann sé í neinum tengslum eiginlega við hin miklu lyfsöluvandamál, sem þessi lagabálkur á að koma í fast og lögbundið form.

Fleiri orð skal ég nú ekki hafa um málið né heldur um mínar brtt. Ég hef þegar gert grein fyrir þeim. Ég tek það að síðustu fram, að ég tel mikla nauðsyn á, að þessi löggjöf verði sett, og vil sem sé stuðla að því, að málið fái hér afgreiðslu, þó að svo kynni jafnvel að fara, að mínar brtt. yrðu felldar. En ég tel, að þær eigi þó að samþykkja. Þessi lagabálkur snertir unga og gamla í landinu, karla og konur, sem sé alla Íslendinga eða getur snert, og það er allt of illa um það búið í löggjöfinni eins og er, að þessi mál séu framkvæmd á öruggan og þó þann hátt, að öllum sé fyrir beztu. En ég held, að þessi löggjöf, þó að vafalaust kunni að finnast á henni við reynsluna ýmsir vankantar, þá sé hún mikilsvert lagasetningarverk, sem við séum stórum bættari að koma fram.

Jón Skaftason: Herra forseti. Hv. tveir síðustu ræðumenn hafa rakið ýtarlega efni þess frv., sem hér er til umr., og skal ég litlu við það bæta, sem þeir hafa sagt um efni frv., enda stend ég að afgreiðslu þess ásamt meðnm. mínum í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d.

Ég held, að vart geti leikið á því vafi, að þörf sé fyrir lagasetningu sem þá, sem við erum nú að ræða hérna. Það hefur verið upplýst í hv. deild, að engin heildarlöggjöf er til á Íslandi um meðferð lyfja. Það getur því ekki verið ágreiningur um þörfina á þessu frv. Hins vegar kom það fram í n., að nm. voru ekki sammála um öll þau atriði, sem frv. felur í sér, og höfum við tveir hv. nm., ég og hv. 4. landsk., flutt brtt. um þau stærstu ágreiningsatriði, sem í n. voru um frv. Hv. 4. landsk. gerði grein fyrir tillöguflutningi sínum hér áðan, og vegna þess að málflutningur hans um þær getur að mjög verulegu leyti gilt sem rökstuðningur fyrir tillöguflutningi mínum, af því að brtt. mínar og hans eru að mestu leyti samhljóða, þá get ég verið mjög stuttorður í því, sem ég segi hér á eftir um þær.

Sá ágreiningur, sem kom fram í hv. heilbr.- og félmn. um efni 7. gr. frv., er aðalágreiningsefnið. Í frv. er gert ráð fyrir því, að lyfsöluleyfi skuli vera bundið við persónur, vera veitt einstökum mönnum. Ég fæ ekki séð, hvaða rök mæla með því að binda þessa leyfisveitingu svo þröngum skilyrðum. Í 7. gr. er að finna ákvæði um það, hvernig með umsóknir um lyfsöluleyfi skuli fara, eftir að það hefur verið auglýst laust. Sú athugun, sem á að fara fram, áður en leyfi er veitt, á að vera mjög nákvæm. Þetta ætti að tryggja það, að lyfsöluleyfi gætu ekki aðrir fengið en þeir, er rækt gætu þennan starfa á viðunandi hátt. Enn fremur ráðgerir frv., að eftirlit með störfum lyfsala skuli vera strangt og hægt sé að svipta leyfishafa leyfinu, hvenær sem hann verður uppvís að brotum. Þetta hvort tveggja ætti að mínu viti að tryggja það, að meðferð þessara mála væri í góðu lagi. Og ég held, að almannahagsmunir væru betur tryggðir, ef leyfisveitingin væri ekki eingöngu bundin við einstaklinga.

Ég vildi í því sambandi aðeins taka fram, að ekki er ósennilegt, að í ýmsum héruðum þessa lands, sem einstaklingar hafa ekki áhuga á að setja upp lyfjabúðir í, vegna þess að fámenni sé þar of mikið og því ekki nægilega arðvænlegt að reka þar lyfjabúð, að á slíkum stöðum geti félagsreknar verzlanir, sem eru þar fyrir, séð sér fært að veita þessa nauðsynlegu þjónustu. Og ég fæ ekki séð, að nokkur rök mæli með því, að þeim skuli fyrirmunað að gera það. Ég hef því leyft mér, eins og hv. 4. landsk. þm., að flytja brtt. við ákvæði 7. gr. frv., er gengur út á það, að ekki einasta skuli heimilt að veita einstaklingum lyfsöluleyfi, heldur geti verið heimilt að veita sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, hvers kyns félögum og svo Háskóla Íslands slík leyfi. Munurinn á brtt. hv. 4. landsk. þm. og minni er sá, að hann bindur leyfisveitinguna við samvinnufélög. Ég vil, að félög almennt, sem

hafa skilyrði og aðstöðu til þess að reka lyfjabúðir, geti haft möguleika á að fá slíkt leyfi.

Við 9. gr. flyt ég brtt., sem er nánast afleiðing þeirrar brtt., sem ég hef flutt við 7. gr. frv., og er því ástæðulaust að fara um hana mörgum orðum. En ég vil mótmæla því, að nokkur ástæða sé til þess um þau tvö samvinnufélög, sem nú hafa lyfsöluleyfi, að leyfi þeirra skuli tekin til endurskoðunar á 25 ára fresti og þurfi þá að endurnýja þau. Lyfsöluleyfi samvinnufélaganna tveggja hafa verið veitt á sínum tíma án slíkra skilyrða, og ekkert tilefni hefur gefizt til þess að æskja breytinga á því. Ég tel því óeðlilegt að setja ákvæði í lögum nú, mörgum árum eftir að leyfin hafa verið veitt, er breyti þessu. Það er ekki með nokkurri sanngirni hægt að halda því fram, að þessi sjálfkrafa réttindamissir samvinnufélaganna sé nauðsynlegt aðhald vegna eftirlits og góðs rekstrar í lyfjabúðum þeirra, því að frv. gefur bæði landlækni og ráðh. fullnægjandi vald til aðhalds, eftirlits og réttindasviptingar, ef ástæður krefjast. Því hefur ekki heldur af nokkrum verið haldið fram, að lyfjabúðir þessara tveggja samvinnufélaga þurfi eða séu verr reknar en aðrar lyfjabúðir í landinu, sem eru í einkaeign, enda falla þær að öllu leyti undir ákvæði þessara laga, hvort félagsformið sem notað er. Í grg. frv. er ekki heldur gerð nein tilraun til þess að leiða rök að því, að félagsreknar lyfjabúðir njóti síður tillitssemi til almenningsheilla en lyfjabúðir í einkarekstri. Væri og erfitt að heimfæra slíkt. Má jafnvel ætla, að þjónusta lyfjabúða samvinnufélaganna við almenning sé á ýmsan hátt meiri en annarra lyfjabúða í landinu, og þegar af þeirri ástæðu sízt ástæða til þess að láta þau búa við annan og verri rétt en aðrar lyfjabúðir.

Eins og ég sagði áðan, hafa tveir hv. síðustu ræðumenn rakið efni þessa frv. allýtarlega, og m. a. hefur frsm. hv. heilbr.- og félmn. getið þeirra umsagna, sem borizt hafa um frv. Ég tel, að frv. þetta sé mjög nauðsynlegt og að undirbúningur þess hafi á margan hátt verið góður. Ég held líka, að í hv. d. sé ekki ágreiningur um að hraða afgreiðslu þessa máls, því að þörfin fyrir það er mikil. En ég fæ ekki skilið þær röksemdir, er leiða til þess, að lyfsöluleyfi skuli vera einstaklingsbundin. Ég tel jafnvel, að hagsmunir lyfsalastéttarinnar falli ekki allir á sama veg í þessu máli, þannig að allir lyfjafræðingar hafi ekki hagsmuni af því, að þessu fyrirkomulagi sé haldið. Í því sambandi vil ég upplýsa, að nú munu vera starfandi í landinu um 23 lyfjabúðir, en tala lyfjafræðinga mun vera a. m. k. 50, og sennilegt er, að í framtíðinni verði tala starfandi lyfjafræðinga miklu hærri en lyfjabúða, sem í gangi eru, þannig að það gefur auga leið, að ekki geta allir lyfjafræðingar verið eigendur og rekið lyfjabúðir.

Hv. 4. landsk. þm. flytur till. um það á þskj. 338, að IV. kafli frv., sem fjallar um vinnudeilur og kjarasamninga, falli niður. Ég er ekki sammála þessari brtt. hans af þeirri ástæðu, að fullt samkomulag er á milli lyfsala annars vegar og lyfjafræðinga hins vegar um efni IV. kafla frv., hvernig með skuli fara, ef til vinnudeilu dregur í þessari starfsgrein, og ég tel, að það samkomulag, sem ríkir milli þessara aðila, eigi í heiðri að hafa og þess vegna eigi IV. kaflinn að standa í frv. óbreyttur, eins og hann er þar nú.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka góðar undirtektir við þetta frv., sem mikil vinna hefur verið lögð í að undirbúa, eins og fram hefur komið. Það má segja, að það sé nærri því nú í heilan mannsaldur verið búið að vinna að þessu máli. Það var um 1920, sem athuganir hófust fyrst á undirbúningi þessa máls, og a. m. k. frá því um 1940 hafa öðru hvoru verið frv. um málið fyrir Alþ. og margir menn þar hönd á lagt. Og lengst af hefur verið ágreiningur um ýmis höfuðatriði málsins. Nú orðið má segja, að tekizt hafi að útrýma flestum meiri háttar ágreiningsefnum, svo að það eru aðeins aukaatriði, sem menn deila um. Eins og fram hefur komið hjá þeim þremur nm., sem talað hafa, skilst mér, að þeir séu allir sammála um að leggja með samþykkt frv., hvað sem verður um einstakar brtt. Það er vitað mál, að bæði fyrrv. landlæknir, Vilmundur Jónsson, og núv. landlæknir, dr. Sigurður Sigurðsson, hafa lagt mikla vinnu í þetta mál, og það er ekki sízt þeirra forgöngu og þeirra aðstoðarmanna að þakka, að svo vel hefur tekizt að eyða ágreiningsefnum sem raun ber vitni.

Ég vildi aðeins gera aths. við það, sem hv. 4. landsk. þm. gat um, þar sem hann setti réttindi Reykjavíkur Apóteks að jöfnu við réttindi þeirra tveggja lyfjabúða, sem samvinnufélög reka. Ég skal ekki fara út í lögfræðilegt þvarg um það efni, en ég hygg þó, að réttur Reykjavíkur Apóteks sé alveg með sérstökum og einstæðum hætti hér á landi, þannig að það sé ljóst, að ekki væri hægt að taka réttinn af þeirri lyfjabúð nema með fullum skaðabótum, þar sem slíkt hið sama gildir ekki um þessar tvær hinar lyfjabúðir, án þess að hægt sé að fara út í það mál frekar. En það er ljóst, að Reykjavíkur Apótek eitt hefur alveg sérstöðu meðal íslenzkra lyfjabúða. Það er einnig rétt, að það komi hér fram, að fyrir utan Reykjavíkur Apótek eru tvö lyfsöluleyfi tengd við ákveðna menn, þ. e. eiganda Laugavegs Apóteks og Akureyrar Apóteks, hygg ég, að það heiti. Þau leyfi, sem þessir tveir menn hafa, eru bundin nokkrum forréttindum þeim til handa, en þó hvergi nærri eins ríkum og Reykjavíkur Apótek, þannig að það er ekki ástæða til þess að gera um þau neinn fyrirvara í lögum. En þeir fengu með þeim leyfum, sem þeim voru veitt, um 1920 — fyrir eða eftir, annað var a. m. k. fyrir 1920, hvort hitt var alveg á sama tíma eða ekki, þori ég ekki um að segja, — heimild til þess að hafa ríkari áhrif á val sinna eftirmanna en öðrum lyfsölum á landinu. En það er ekki neitt hlið-

stæður réttur, sem þeim er veittur, eins og Reykjavíkur Apótek eitt hefur.

Varðandi þau leyfi, sem tvö samvinnufélög hafa fengið, þá get ég mjög tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að mér hafa a. m. k. aldrei borizt til eyrna neinar ásakanir á þær lyfjabúðir um, að þær væru reknar öðruvísi en með góðum og hliðstæðum hætti við aðrar lyfjabúðir, en heldur hef ég aldrei heyrt talað um neina kosti þeirra lyfjabúða umfram aðrar lyfjabúðir, og ég tek undir það, sem hv. frsm. n., 1. þm. Vestf., sagði um ástæðuna til þess, að ekki séu rök fyrir því að halda slíkum lyfjabúðum í framtíðinni, eða a. m. k. veita fleiri lyfjabúðum hliðstæðan rétt. Fyrst og fremst er það, eins og hann vitnaði til, að það verður flóknara og erfiðara, gegn hverjum eigi að koma fram ábyrgð, ef eitthvað ber út af. Er það þá forstöðumaður lyfjabúðarinnar, eða er það stjórn fyrirtækisins? Og það sama á í raun og veru við um brtt. hv. 4. þm. Reykn., sem ætlast til þess, að þessi réttur sé ekki aðeins veittur samvinnufélögum, heldur öllum félögum. Vafamál hlýtur að vakna upp, hvenær sem eitthvað ber á milli.

En til viðbótar þessum rökum, sem ég hygg raunar skera úr, vildi ég þó einnig benda á, að eftir þessu frv. er það ljóst, og um það er ekki ágreiningur, hvorki í frv. né í brtt., hvorki hv. 4. landsk. þm. né 4. þm. Reykn., að þá er veitingarvaldið á forstöðumanninum raunverulega hjá ráðh. Það er ráðh., sem hefur veitingarvaldið, jafnt hvort sem það er hjá einstaklingslyfjabúð eða félagsrekinni lyfjabúð, og orðalagið verður að skiljast þannig, bæði í frv. og í brtt., að það er ráðh., sem hafi innan þeirra marka, sem umsögn landlæknis og n. segir til um, úrskurðarvaldið, hverjum eigi að veita forstöðumannsembættið í þessum félagsreknu lyfjabúðum.

Ég er ekki óhræddur um, að í ýmsum tilfellum geti, þegar þannig stendur á, stofnazt til marghátta ágreinings milli þess, sem á að bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, og þess ráðh., sem á að veita forstöðumannsembætti á ábyrgð allt annarra aðila. Það er sök sér, að ráðh. velur úr hópi manna, sem sækja sjálfir um lyfjabúðarréttindi og vilja sjálfir reka lyfjabúð, bæði upp á sína fjárhagslegu ábyrgð og upp á sína persónulegu ábyrgð um rekstur lyfjabúðarinnar. En allt öðru máli gegnir, ef ráðh. á að fara að velja mann til þess að reka lyfjabúð upp á kostnað, hvort heldur samvinnufélags eða hlutafélags einhvers annarlegs hóps manna. Það er ekki einungis, — eigum við að segja, fræðileg forstaða, sem þarna veltur á, heldur skilst mér, að það hljóti ætíð að verða svo, að sá lyfjafræðingur, sem er forstjóri lyfjabúðar, sé þar ekki einungis fræðimaður í sinni grein, hann er verkstjóri og hann er að vissu leyti verzlunarstjóri, sem á að reka fyrirtæki upp á annarra manna ábyrgð og kostnað fjárhagslega, ef till. hv. 4. landsk. þm. og 4. þm. Reykn. yrðu samþ. Það má segja, að þetta sé eftir frv. um þær tvær samvinnufélagslyfjabúðir, sem þegar eru fyrir hendi. Menn vilja sætta sig við það á báða bóga, vegna þess að enginn vill svipta samvinnufélögin þeim rétti, sem þau þegar hafa. En ég bið menn, án þess að við förum í ágreining um það, hvort sé heppilegri einstaklingsrekstur eða samvinnufélagsrekstur eða félagsrekstur, að hugleiða það, hvort þeir telji heppilegt, að misjafnir ráðherrar, eins og við hv. 4. landsk. þm. erum, eigi að tilnefna forstöðumenn fyrirtækja, sem einhverjir borgarar okkur meira eða minna geðfelldir eigi. Ég er hræddur um, að menn séu hér að efna til óvinafagnaðar og ágreinings, sem enginn vinningur sé við að efna til.

Ég játa, að ef menn fallast á það, að ráðh. eigi að hafa í þessu úrskurðarvaldið, þá megi segja, að frá heilbrigðissjónarmiði sé tryggilega frá þessu gengið. Ráðh. má ekki velja aðra en þá, sem búnir eru að ganga í gegnum hreinsunareld þessarar nefndar, sem lögskipuð verður, og landlæknis, en ráðh. hefur úrskurðarvaldið. En hvað verður þá um úrskurðarvald samvinnufélagsins eða félagsins, eftir því hvor brtt. er valin, yfir málefnum síns eigin félags, ef það er ráðh., sem raunverulega hefur valdið, eins og ég hygg að sé eftir öllum þeim till., sem hér fyrir liggja fyrir? Ég held, að hér sé verið að efna til vandræða, sem betra sé að komast hjá.

Hitt skal ég játa, að það getur vel farið svo, að eftir því sem lyfjabúðir verða dýrari og þörf verður á þeim víðar á landinu, þá kunni að vera ástæða til þess, að félagssamtök þurfi að leggja fé fram og beita sér fyrir, að þeim verði komið upp. Vel má vera, að sú verði reynslan. Ef það verður tryggilega frá því gengið, eins og í frv., um val forstöðumannsins, þá má segja, að frá því meginsjónarmiði, sem hér ræður, sé ekki við það neitt að athuga. En eigum við ekki að láta sjást, hvort þörf verður á því? Í þeim tveimur tilfellum, sem slíkar félagsreknar lyfjabúðir hingað til hafa verið stofnaðar, þori ég að fullyrða, að einstaklingar hefðu fengizt til að stofna þær lyfjabúðir, bæði á Akureyri og á Selfossi.

Það getur verið, að menn rekist á annað, t. d. nú í Dalvík, þar sem auglýst hefur verið lyfjabúð. Það getur verið, að enginn lyfsali vilji fara til Dalvíkur, og ef sú verður raunin, þá er ég fyllilega til viðtals um það, að opnaður verði möguleiki til félagsrekstrar. En ég trúi því vart, að sú verði raunin, og ég vil sjá, hver þróunin í þessu verður. Úr því að við erum búin að koma okkur saman um meginreglurnar, látum þetta þá þroskast. Meðan nógu mikils er krafizt af forstöðumanninum, þá er vel fyrir þessu séð, og þá er hitt einungis fjármálaatriði, hvort hann fær nógu mikið fé til þess að geta komið undir sig fótunum á einhverjum stað.

Mjög er eftirtektarvert við þessar umr., að fyrir 30—40 árum og þegar verið var að stofna þessar samvinnulyfjabúðir fyrst, hygg ég, að menn hafi hugsað, að gróðinn við rekstur lyfjabúða yrði svo mikill, að það yrði til hags fyrir

samvinnufélögin, að fá þennan rekstur í sínar hendur. Nú er þeirri ástæðu alls ekki hreyft hér, heldur einungis hinni, að það geti orðið erfitt að fá lyfsala á tiltekna staði, nema félagssamtök efli hann. Við skulum bíða og sjá, hvort þróunin verður sú. Ef það kemur fram einn einasti staður, þar sem ekki fæst lyfsali til þess að setja sig niður, en rétt stjórnarvöld telja, að þörf sé þar á lyfsala, og félagssamtök, hvort heldur samvinnufélag, félag einstaklinga eða sveitarfélag eða sjúkrasamlag, vilja beita sér fyrir stofnun lyfjabúða, þá skal ég verða manna fyrstur til þess að veita því vinsamlega aðstoð.

Ég held, að ágreiningur okkar í þessu máli sé miklu minni, jafnvel í þessu aukaatriði, heldur en í fljótu bragði mætti ætla. Ég vil einungis endurtaka mínar þakkir fyrir vinsamlegar undirtektir við þetta frv., sem á mjög langa sögu. Og gleður mig mikið, að allir eru sammála um, að þörf sé á að fá þessa löggjöf setta, því að hvað sem þessu atriði líður, þá er vissulega þörf á því að fá ákveðnari, yfirgripsmeiri lyfsölulöggjöf fyrir Íslendinga en hingað til hefur gilt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt, að sett verði lög um lyfjasölu, úr því að þau eru engin til, því að mikið er selt og keypt af lyfjum hér á landi, og hefur svo verið lengi. Frv., sem hér liggur fyrir, er mikill bálkur. Það eru 70 gr. og brb.-ákvæði að auki.

Ég mun aðeins gera að umtalsefni eitt atriði í þessu frv. Það er í 7. gr. þess. Upphaf hennar er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) verður aðeins veitt einstaklingum.“ Og í 9. gr. frv. eru talin upp skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi. Þar er 4. tölul. þannig: „Umsækjandi skal hafa lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi.“ Samkv. þessu er það stefna frv., að aðeins einstaklingar geti fengið leyfi til að reka lyfjabúð og aðeins þeir einstaklingar, sem lokið hafa lyfjafræðiprófi. Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna mega ekki aðrir einstaklingar og félög reka lyfjabúðir? Auðvitað yrðu þeir aðilar að hafa sérmenntaða menn, lyfjafræðinga, í þjónustu sinni til að stjórna rekstrinum. En að uppfylltu því skilyrði er ekki hægt að koma auga á nokkur frambærileg rök gegn því, að félög og einstaklingar aðrir en lyfjafræðingar geti rekið lyfjabúðir. Mikill hluti af verzlun landsmanna er rekinn af félögum, aðallega hlutafélögum og samvinnufélögum, og félög eru athafnasöm á mörgum fleiri sviðum í þjóðfélaginu, og engum hefur komið til hugar mér vitanlega að banna atvinnurekstur þeirra fyrr en nú, að lagt er til í þessu frv. að banna félögum lyfjaverzlun.

Við skulum hugsa okkur, að þessi regla, sem hér er lagt til að verði í lög tekin, væri gerð að aðalreglu við atvinnurekstur í þjóðfélaginu. Þá mætti enginn gera út skip nema einstaklingur, sem lokið hefði skipstjóraprófi. Hvernig litist mönnum á það? Það þarf sérmenntaða menn til að stjórna skipum, eins og lyfjabúðum, og skipin verða ekki hreyfð, nema slíkur maður sé um borð og annist stjórn þeirra. En mikið af útgerð landsmanna, bæði veiðiskipa og flutningaskipa, er rekið af félögum, og enginn hefur séð ástæðu til þess að amast við slíku. Sama má segja t. d. um rekstur flugvéla. Til að stjórna þeim þarf lærða flugmenn. Þrátt fyrir það er flugvélarekstur landsmanna að langmestu leyti hjá tveimur hlutafélögum. Og enginn hefur gerzt svo frumlegur að bera fram frv. hér á hv. Alþ. um, að leyfi til flugvélarekstrar mætti aðeins veita einstaklingum, sem lokið hefðu flugprófi.

Ég hef nefnt þessi tvö dæmi til samanburðar, útgerð skipa og flugvéla. Að sjálfsögðu mætti nefna til viðbótar mikinn fjölda dæma um það, að atvinnurekstur er í höndum einstaklinga og félaga, sem þurfa að hafa sérmenntaða menn í þjónustu sinni við ákveðin störf Ég hef ekki heyrt færð fram nokkur frambærileg rök til stuðnings því, að rétt sé að setja í lög, að lyfsöluleyfi megi aðeins veita lyfjafræðingum. Séu þau nokkur til, væri æskilegt, að þau kæmu fram. Það hefur verið nefnt, að það væri hægara að koma fram ábyrgð á hendur einstaklingum en fyrirtækjum félaga, ef eitthvað bæri út af. Það mætti kannske alveg segja með sama hætti, að það væri þægilegra að koma fram ábyrgð á hendur einstökum skipstjóra eða einstökum flugmanni, ef eitthvað ber út af við þann rekstur, heldur en á hendur félögum, sem eiga skipin og flugvélarnar? Þetta eru engin rök. Ég lít svo á, að með þessu ákvæði frv. séu sett að nauðsynjalausu alveg óviðunandi höft á athafnafrelsi einstaklinga og félaga.

Hér liggja fyrir tvær brtt. um þetta atriði frá tveimur hv. nm. í heilbr.- og félmn. Á þskj. 338 er brtt. frá hv. 4. landsk. um það, að leyfi til að reka lyfjabúð megi veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum, svo og Háskóla Íslands. Hin brtt. er á þskj. 341 frá hv. 4. þm. Reykn. Hún er samhljóða till. hv. 4. landsk. að öðru leyti en því, að í staðinn fyrir orðið „samvinnufélögum“ í till. hv. 4. landsk. þm. er orðið „félögum“ í till. hv. 4. þm. Reykn. Hún sem sagt felur það í sér, að það megi veita ekki aðeins samvinnufélögum, heldur einnig öðrum félögum, leyfi til að reka lyfjabúð. Ég felli mig betur við þetta. Mér finnst engin ástæða til að útiloka hlutafélög eða sameignarfélög, svo að tvær tegundir félaga séu nefndar, frá því að reka lyfjaverzlun, — sé enga ástæðu til þess. Þetta eru félög, t. d. hlutafélögin, sem hafa á mörgum sviðum mjög umfangsmikinn rekstur, eins og ég hef þegar vikið að. Hví skyldu ekki hlutafélög fá að reka lyfjaverzlun, ef þau hafa áhuga fyrir því? Hlutafélög og sameignarfélög ættu að sjálfsögðu eins og samvinnufélög að geta hlotið leyfi til að reka lyfjabúðir.

Það má vel vera, og ég býst við því, að ef þessi till. hv. 4. þm. Reykn. yrði samþ., þá væri ástæða til að gera fleiri breytingar á frv., t. d.

viðkomandi skipun forstöðumanna fyrir þessar lyfjabúðir, sem reknar væru af öðrum en lyfjafræðingum. Vil ég nefna þetta út af því, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh. áðan um þetta atriði. Og þá er vitanlega hægt og reyndar eðlilegt að gera breyt. á ákvæðum frv. um þetta. Ég fæ raunar ekki séð, hvers vegna það er ekki nóg, að menn hafi lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi, til þess að þeir megi veita forstöðu lyfjabúð. Mér finnst, að þetta ætti að nægja, slíkir menn væru þar með orðnir fullgildir til þess að veita þessari starfsemi forstöðu, en þyrftu ekki að ganga í gegnum neinn sérstakan hreinsunareld, hvorki hjá hæstv. ráðh. né öðrum. Þetta ætti að nægja þeim sem réttindi til atvinnurekstrar, alveg eins og læknum nægir læknaprófið og fleiri slíkum sérmenntuðum mönnum nægja þeirra próf.

Ég tel, að þessi lokunarstefna, sem hér birtist í þessu frv., sé alröng. Og allir þeir, sem aðhyllast vilja viðskiptafrelsi, ættu því að samþykkja brtt. hv. 4. þm. Reykn.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð um sérstakt atriði í þessum lögum. Ég skal segja það fyrst, að ég er fyllilega sammála þeirri afstöðu, sem hv. 4. landsk. hefur tekið um þetta mál, og þeim till., sem hann hefur flutt fram.

Viðvíkjandi því atriði, sem deilt hefur verið um hérna, hvort það sé bráðnauðsynlegt, að það séu einstaklingar einvörðungu, sem eigi lyfjabúðir, vil ég leyfa mér að benda á eitt atriði frá öryggissjónarmiði, sem ætti að vera nokkur rök í því máli. Ég held, að það væri yfirleitt öruggara, að forstjóri einnar lyfjabúðar væri ekki eigandinn með tilliti til öryggis almennings, þannig að það væri víst, að sá maður, sem stjórnar lyfjabúðinni, hafi ekki fyrst og fremst hagsmuni af að koma út í almenning hvaða lyfjum sem vera skuli. Ég held, að það sé ekki þarna um að ræða mál, sem maður eigi fyrst og fremst að athuga frá verzlunarlegu ágóðasjónarmiði, heldur frá því sjónarmiði að tryggja almenning, og sá maður, sem þarna stendur fyrir, hafi fyrst og fremst hagsmuni af að hugsa um heilsufar og heilbrigði almennings í þessum efnum, en ekki um gróða. Ég held, að það sé alveg þveröfugt við það, sem talað er um hérna af sumum, og þá má alveg jafnt koma fram allri lögfræðilegri ábyrgð á hendur slíkum forstjórum, þó að þeir séu ekki eigendur. Þess vegna held ég, að það, að t. d. sjúkrasamlögin, jafnvel ríkið sjálft, samvinnufélögin og aðrir ættu svona búðir, það væri heppilegra en ef einstaklingar ættu þær. En það er annað mál.

Það, sem ég vildi minnast á hér, er í sambandi við bæði 51. gr. og fleira. Það er viðvíkjandi sannprófuninni á gæðum lyfja og því spursmáli, hvar ábyrgðin sé á afleiðingunum, sem lyf kunna að hafa. Þetta er að verða stórmál í heiminum. Við vitum, að það er búið til ákaflega mikið af lyfjum nú, jafnhliða því, sem orðið hafa alveg stórkostlegar framfarir í þessum efnum, þannig að við höfum nú til allrar hamingju lyf, sem bjarga mönnum frá dauða bókstaflega. Veiki, sem fyrir 30—40 árum var mjög líklegt að leiddi til bana, er nú læknuð með þeim lyfjum, sem við höfum. En samtímis því, sem þessar gífurlegu framfarir hafa orðið, hefur farið svo eins og víðar um vísindauppgötvanir okkar á þessum síðustu áratugum, að við verðum að prófa okkur áfram og vitum ekki, hvert við erum að fara. Það hefur sýnt sig og er nú kunnugast nýlega í sambandi við thalidomid-lyfið, að lyf, sem hafa haft ágæt áhrif í svipinn á sjúklinga og gera þeim margt gott, þau hafa sýnt sig, þegar afleiðingarnar komu fram, öðruvísi seinna meir, að vera hin stórhættulegustu. Og við stöndum þarna frammi fyrir vandamáli, sem er orðið alþjóðlegt vandamál og er auðséð að raunverulega er langt frá því, að hinir einstöku aðilar geti tekið þar ábyrgð á.

Nú stendur í 51. gr., næstsíðustu mgr.:

„Enn fremur getur ráðh. með reglugerð skyldað fyrirtæki til að sannprófa á eigin kostnað gæði og hreinleik hinna innfluttu lyfja og lyfjaefna.“

Þetta er út af fyrir sig máske gott. En hvernig verður þetta í reyndinni? Hafa þessar lyfjabúðir og lyfsalar, jafnvel þó að ráðh. sé mjög strangur og setji ábyrgðina yfir á lyfjabúðirnar, hafa þær nokkra minnstu möguleika til þess að prófa þetta? Þær hafa kannske sumar einhverja ofur litla möguleika, en ég er hræddur um, að almennt séð hafi þær svo að segja enga möguleika til þess. Það hefur verið rætt um það á þingum Norðurlandaráðs undanfarið og sérstaklega í félags- og heilbrigðismálanefnd þess að reyna að koma á sameiginlegri stofnun fyrir Norðurlönd til þess að rannsaka lyf, vegna þess að þær tilraunir, sem þarf að gera í þessum efnum, og allar þær vísindalegu rannsóknir, sem standa í sambandi við þetta, eru svo margbrotnar og flóknar og erfiðar, að meira að segja lönd eins og Norðurlönd, sem reyna þó núna hvert um sig að gera nokkuð í þessum efnum, þau treysta sér vart til þess án þess að vinna þarna saman. Og þetta mál er þegar alllangt komið, og ég álít mjög nauðsynlegt og heppilegt, að Ísland taki þátt í því.

Ég átti tal einmitt núna í Osló við einn af dönsku sérfræðingunum í þessum efnum, var að spyrja hann einmitt út frá thalidomid-spursmálinu um þessi mál, og hann hafði þau orð við mig, að það væri svona, að menn mæltu með hinum og þessum lyfjum, sem sýndu sig hafa góð áhrif, en svo kemur seinna í ljós, að þau væru svona og svona. Og það gæti verið með svo og svo mikið af lyfjum, sem við værum með nú, sem kannske kæmu ekki fram afleiðingarnar á fyrr en eftir eina kynslóð. Sannleikurinn er sá, að með allt þetta, sem í dag er verið að setja í mat manna af

þessum tilbúnu efnum, verið að setja í lyf, það er með þau rétt eins og kjarnorkuna og annað slíkt, við eigum e. t. v. eftir að uppgötva það löngu seinna, að með hinum ágætu áhrifum, sem þetta hefur á vissan máta og notað á vissan hátt, þá kann það að hafa svona og svona ægileg áhrif á hinn bóginn, og það að reyna að komast fyrir um þetta og rannsaka þessa hluti er náttúrlega fyrst og fremst verkefni stórra og góðra vísindastofnana. Og meðan ekki er búið að gera a. m. k. það, sem hægt er til þess að grafast fyrir um þetta, þá er nauðsynlegt að fara gætilega, og ég held, að hér heima hafi yfirvöldin verið mjög íhaldssöm, og ég segi það í lofsverðri merkingu, í því efni, að ég tel. Þau hafa verið mjög gætin yfirleitt.

En engu að síður er það svo, að þarna er um mál að ræða, þegar nú er verið að setja löggjöf, sem er eins mikið framfaraspor og þessi löggjöf er, þá er raunverulega nauðsynlegt, að það komi fram í lögunum, hvar er ábyrgðin. Við skulum segja, að það sýni sig, að einhver og einhver lyf hafi svona og svona slæm áhrif fyrir utan þau góðu áhrif, sem þau hafa. Hver ber ábyrgðina? Er það verksmiðjan erlendis, sem framleiðir þetta? Og hvaða ráðstafanir viljum við þá gera til þess, að sérhver fyrirtæki, sem flytja inn slíkar vörur, verði gerð ábyrg, að svo miklu leyti sem hægt er að framkvæma slíkt eftir íslenzkum lögum? Er það innflytjandinn, sem ber ábyrgðina? Er það lyfsalinn, sem selur þetta? Er það landlæknir eða ráðh., sem veitir leyfið til þess, að þetta sé flutt inn? Einhvers staðar í allri keðjunni verður raunverulega ábyrgðin að vera í þessum efnum, og þetta er mjög vandasamt mál. Við vitum t. d., einmitt út af thalidomid-málinu, að bæði úti í Hollandi og annars staðar í Vestur-Evrópu er þegar í gangi mikil barátta um það að knýja fram málshöfðanir á móti þeim verksmiðjum, sem framleiða þau lyf.

Nú er það svo með þessi lyf, að mikið af þessum lyfjum, — og ekki gildir það sízt um öll þessi svokölluðu patentlyf, — þessi sérlyf mörg eru framleidd af ákaflega stórum fyrirtækjum, eins og t. d. þeim frægu þýzku fyrirtækjum, Beyers-fyrirtækjunum, fyrirtækjum, sem eru stundum liður í einhverjum stærstu auðhringum álfunnar, eins og Farbenindustri var t. d. liður í I.G.F. Og þessi fyrirtæki hafa í sinni þjónustu heilan her, þúsundir vísindamanna, sem vinna á þeirra laboratoría að því að framleiða þessa hluti, og það er náttúrlega fjöldi af vísindamönnum, sem er alveg ágætur. En um leið kemur annað til greina þarna, að þessi stóru fésýslufyrirtæki hafa mjög mikilla hagsmuna að gæta að koma út þessum lyfjum, sem venjulega kosta kannske árarannsóknir og tilraunir, þannig að þeirra fésýsluhagsmunir eru mjög miklir í því að auglýsa upp þessi lyf, auglýsa þau mikið, og jafnvel þá kannske ekki alltaf vandað eins og skyldi um rækilega prófun og allt slíkt.

A. m. k er víst og það er alveg greinilegt, að stofnanir hins opinbera, annaðhvort alþjóðlegar eða samþjóðlegar, nokkurra þjóða eða þá einnar þjóðar, og það verður varla, nema um stórar þjóðir sé að ræða, þær þurfa raunverulega að sínu leyti álíka voldugar rannsóknastofnanir til þess að kontrolera að sínu leyti þessi lyf, eins og þeir stóru hringar, sem þetta hafa framleitt. Þess vegna er þarna um mjög þýðingarmikið atriði að ræða og nauðsynlegt, að þarna sé staðið vel á verði. Ég veit, að það er náttúrlega atriði, sem ekki verður neitt útkljáð með þessum lögum. En aðeins á hitt vildi ég benda, að það væri nauðsynlegt, að það væri kveðið nokkuð á um, hvar sú lögfræðilega ábyrgð sé í þessum efnum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Sennilega verður tæpast hægt að búa örugglega um það, að full ábyrgð hvíli á einhverjum einstökum aðila viðvíkjandi lyfjum, sem þannig kunna að vera úr garði gerð frá framleiðandans hendi, að skaðlegar afleiðingar þeirra séu á engra vitorði í upphafi, en komi e. t. v. löngu, löngu síðar fram. En að svo miklu leyti sem hægt er að vanda til vals á lyfjum og forðast hættuleg lyf, þá sýnist mér, að um það sé eins vandlega búið og í fljótu bragði virðist unnt með ákvæðum 2. og 3. gr. frv. En þar er gert ráð fyrir, að starfa skuli lyfjaskrárnefnd skipuð 6 mönnum, og hún á að gera tillögur um lyfjaskrá, lyfseðlasöfn og lyfjaforskriftir. Einn nefndarmannanna skal vera prófessor í lyfjafræði, annar dósent eða prófessor í lyfjafræði lyfsala, hinn þriðji prófessor í læknisfræði við háskólann, en hina 3 skipar ráðh. skv. tillögu landlæknis, einn úr hópi lyfsala, annan úr hópi starfandi lyfjafræðinga og hinn þriðja úr hópi starfandi lækna. Ráðh. á svo að skipa formann nefndarinnar og varamenn til jafnlangs tíma eftir tillögu landlæknis. Þetta eru ákvæði 2. gr. Þarna virðist hinum hæfustu sérfræðingum, sem þjóðin á völ á, skipað fram til þess að annast val þeirra lyfja, sem selja eigi á Íslandi. Svo er í 3. gr. ákveðið, að ráðh. geti að fengnum tillögum landlæknis, og hann styðst vafalaust við till. þessarar sérfræðinganefndar, bannað sölu lyfja, ef ranglega eða á villandi hátt er greint frá samsetningu þeirra, ef líklegt þykir, að þau hafi ekki þær verkanir, sem framleiðendur telja þau hafa, eða þau kynnu að hafa skaðlegar aukaverkanir. Í fjórða lagi, ef ekki er hægt að ganga úr skugga um nothæfni þeirra, þá má líka banna þau, og í fimmta lagi, ef verð þeirra er óhæfilega hátt. Hægt er því að ganga til verks hreinlega um það að banna lyf, ef ástæða þykir til að óttast, að þau kunni að hafa skaðlegar aukaverkanir. Og þarna er ætlazt til þess í löggjöfinni, að hinir færustu sérfræðingar fjalli um málið á fyrsta stigi og gæti þar alls varnaðar, sem sú sérfræðiþekking, sem til er í landinu á hverjum tíma, nær til. En vissulega er þetta mjög alvarlegt mál,

og má vera, að hæstv. heilbrmrh., sem er lögvís maður, gæti bent á það, hvar hin lögfræðilega ábyrgð ætti niður að koma, ef yfirleitt væri hægt að setja þá ábyrgð á innlenda aðila, ef ekki yrði þá hverju sinni, ef þetta sannaðist síðar, að rekja það til framleiðanda lyfsins, hvort sem hægt væri þá að koma fram ábyrgð á hendur honum eða ekki.

Það, sem hér hefur aðallega verið um deilt, er svo hins vegar það, hvort lyfsöluleyfi eigi eingöngu að vera bundin við einstaklinga eða ekki. Í frv. er gert ráð fyrir því, að lyfsöluleyfin séu eingöngu bundin við einstaklinga, að því undanskildu, að Reykjavíkur Apótek skuli halda sínu óhlutbundna leyfi og að 2 samvinnufélög, sem hafa fengið lyfsöluleyfi einnig ótímabundið, skuli halda leyfi, en engin önnur samvinnufélög fá það framvegis, og þó aðeins halda þessu leyfi um 25 ára bil. Eins og fram hefur komið áður í umr., hafa engin rök verið færð að því, að hinar félagsreknu lyfjabúðir hafi verið verr reknar eða neinar hættur séu yfirleitt í sambandi við rekstur þeirra, sem ekki getur verið í sambandi við rekstur einstaklingsrekinna lyfjabúða, og virðist því ekki hægt að gera upp á milli þessara tveggja rekstrarforma með reynslurökum.

Ég játa, að það er sjálfsagt ekki heppilegt um form lyfjaverzlunar, að hver mangari eða kaupmaður sem væri ætti rétt á því að fá lyfsöluleyfi og verzla með lyf. Ég held, að þá væri búið að sleppa tökum af nauðsynlegu eftirliti og öryggishliðinni væri miklu verr borgið með því móti. Þess vegna vil ég, að þessi verzlun með lyf sé ekki hömlulaus, hvað sem hugmyndum manna um verzlunarfrelsi líður. Ég tel þarna nauðsynlegt að hafa á vissar hömlur og hleypa þessum leyfum til þess að verzla með lyf ekki í hendur annarra aðila en þeirra, sem líklegir séu til að geta innt þetta með miklu öryggi af hendi fyrir þann fjölda, sem þarf á þjónustunni að halda. Og þá koma í fyrstu röð einstaklingar, sem hafa sjálfir sérfræðiþekkingu, það játa ég, enda er í mínum brtt. ætlazt til þess, að leyfin séu fyrst og fremst veitt einstaklingum með tilskilda sérfræðiþekkingu, í annan stað sveitarfélögum og sjúkrasamlögum, sem ég tel aðila, sem séu fyllilega líklegir til þess að gæta fyllstu ábyrgðar í sambandi við þetta, taka heilbrigðistillitið og öryggistillitið fullalvarlega, alveg eins og ábyrgur einstaklingur með sérfræðiþekkingu, og hafa fyllsta vilja og ef til vill bezta aðstöðu til að inna þessa þjónustu af hendi. Samvinnufélögin, sem hafa stofnað lyfjabúðir, hafa staðizt sína prófraun. Þær lyfjabúðir hafa að allra sérfræðinga dómi verið sambærilegar við hinar. Það þykir mér því ekki koma til mála að svipta þær réttinum, enda er það ekki lagt til, né heldur að takmarka þennan rétt til þess að halda áfram þessum rekstri, nema eitthvað bæri út af, og þá má, á hvaða tíma sem er, svipta þessi félagssamtök rekstrarréttinum, eins og hvern einstakling, sem sekur verður um misferli. Og þar á líka hið sama yfir báða að ganga.

Ég hef talið, að ef hv. d. ekki fellst á till. mína um það, að sveitarfélög, sjúkrasamlög og samvinnufélög og þar að auki háskólinn fái leyfi, þá hefði í raun og veru átt að koma fram þrautavaratill. um það, að þau samvinnufélög, sem nú hafa lyfjabúðir, fái ótímabundið leyfi, því að það hafa þau fengið. Og ég efast um, að ef ekki er lögfræðilegur grundvöllur fyrir því að svipta Reykjavíkur Apótek hinu ótímabundna leyfi, sem það hefur hlotið, þá sé fremur lagalegur grundvöllur fyrir því að svipta samvinnufélögin, sem hafa einnig fengið ótímabundin leyfi, þessu leyfi eftir 25 ár. Þá eru þau búin að leggja í gífurlega kostnaðarsöm fyrirtæki og eru með þessar lyfjabúðir á hendinni og með arðvænlegan rekstur þar í gangi vafalaust, og vafalaust mætti segja, að þar væri gengið of nærri eignarréttinum skv. stjórnarskránni, ef þeir aðilar væru sviptir réttinum allt í einu.

Menn segja að vísu: Hvers vegna ekki að veita hvaða kaupmanni sem er eða a. m. k. hlutafélagi leyfi til þess að verzla með lyf? Ég tel hlutafélög, sem hægt er að stofna með 5 einstaklingum, alls ekki eins líkleg til þess að reka slíka starfsemi í almannaþágu og fjöldafélög, sem taka slíka þjónustu að sér vegna meðlimanna í félagsskapnum. En samvinnufélögin eru oft og tíðum þannig samsett, að meginþorri fólksins í byggðarlaginu er í þeim, og tel ég því meginmun á þessu. Þó tel ég það alls ekki útilokað, að með öllum þeim varúðar- og öryggisráðstöfunum, sem í þessari löggjöf eru sett, væri hvaða félagsskap sem væri, sem þetta vildi takast á hendur og ráðh. samþ. til hlutverksins, falið þetta, en að gera það að almennri verzlunarvöru í hvaða búð sem er, það tel ég að mundi draga úr öryggi í sambandi við lyfjaverzlun.

Þau rök, að erfiðara sé að koma fram lagalegri ábyrgð á hendur félagi en einstaklingi, held ég að séu mjög veik, því að í fjöldamörgum tilfellum öðrum verður þjóðfélagið að geta komið fram lagalegri ábyrgð á félagssamtök, alveg með sama hætti og með einstaklinga, og veit ég ekki til, að það hafi nokkurn tíma þótt neinum vandkvæðum bundið.

Ég skal að síðustu taka það fram, að ég veit, að miklir verzlunarhagsmunir eru bundnir við réttindi til lyfjasölu. Og það er einmitt vegna þessara miklu verzlunarhagsmuna, sem mjög harðir hagsmunaárekstrar hafa gert vart við sig í sambandi við þau lagafrv. um lyfjasölu, sem svo oft hafa verið fyrir Alþingi. Þessum hagsmunum eru settar margvíslegar skorður í þessu lagafrv., en þó held ég, að verzlunarhagsmununum sé gert eins hátt undir höfði með eins rúmum ákvæðum og á nokkurn hátt sé forsvaranlegt. Og heldur hefði ég talið ástæðu til þess að þrengja olnbogarými verzlunarhagsmunanna meira en gert er í þessu frv., heldur en að rýmka það.

Það er nú einu sinni staðreynd, hvort sem okkur þykir það sætt í munni eða ekki, að það er eitt af því gróðavænlegasta í okkar þjóðfélagi, a. m. k. hér í Reykjavík og stærstu

kaupstöðunum, að verzla með lyf, þ. e. a. s. að hafa viðskipti við hina sjúku. Og það er hvergi nærri æskilegt þjóðfélagsástand, og væri því fyllsta ástæða til að athuga, hvort ekki væri hægt að koma lyfjaverzlun þannig fyrir í þjóðfélaginu, að hún væri sem allra minnst gróðavegur gagnvart þeim sjúku. En það yrði naumast gert nema því aðeins að færa þessa verzlun meira yfir á hendur aðila eins og t. d. sjúkrasamlaganna, sem varla hefðu af því hagsmuni að okra að óþörfu á þeim sjúku, þ. e. a. s. meðlimum samlaganna sjálfra, — sjúkrasamlaganna eða sveitarfélaganna. Og þess vegna tel ég, að þær till., sem í þá átt ganga, — og að nokkru leyti gildir þetta einnig um samvinnufélögin, — hafi mikið til síns máls og því fylgi kostir, engu síður en að binda lyfjasöluna við ábyrga einstaklinga með sérþekkingu, sem vissulega er það, sem að allra dómi kemur þó fyrst og fremst til greina. — Ég skal svo láta lokið ræðu minni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 263,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 341,1 felld með 18:15 atkv.
— 338,1 felld með 19:15 atkv.
7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 338,2 og 341,2 teknar aftur.
9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 263,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 338,3 felld með 19:6 atkv.
17.—19. gr. samþ. með 20:5 atkv.
20.—21. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 263,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
23.—28. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 263,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 263,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 263,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 263,7 samþ. með 26 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
36.—39. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 263,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 263,9 samþ. með 24 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 263,10 samþ. með 28 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
44.—48. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 263,11 (ný 49. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 263,12 samþ. með 28 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 263,13 samþ. með 27 shlj. atkv.
51. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
52.—66. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
67.—63. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
69.—70. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 263,14 samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 373).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, var samþ. í Nd. með tiltölulega lítilvægum breyt., og var þar ekki ágreiningur um meginefni málsins, heldur einstök aukaatriði, sem ástæðulaust er að rekja. En allir dm. virtust sammála um, að mikil þörf væri á þeirri löggjöf, sem hér um ræðir. Þó að þeim kæmi ekki öllum saman um þessi aukaatriði, sem ég minnist á, þá töldu þeir mikinn feng í því að fá löggjöfina í heild. Frv. er ávöxtur áratuga undirbúningsvinnu, sem margir góðir menn hafa að komið og ástæðulaust er að rekja að þessu sinni. Má það telja mikið afrek, sem unnizt hefur, ekki sízt fyrir forgöngu núv. landlæknis, dr. Sigurðar Sigurðssonar, að að lokum hefur náðst svo víðtækt samkomulag um málið sem raun ber vitni. Mörg frv. þessa efnis hafa áður verið lögð fram og ætíð strandað á því, að þeir aðilar, sem hér eiga mests í að gæta, bæði vegna starfa sinna, sérfræði og hagsmuna, hafa verið ósammála um meginatriði málsins. Nú eru þessi viðfangsefni leyst, og tel ég því, að það megi vænta þess, að frv. fái einnig hér greiðan framgang. Lyfsölulöggjöf er nú mjög í brotum, sumt þar í að minnsta kosti tveggja alda gamalt og á engan veginn við um nútímastarfshætti, og jafnvel þau ákvæði, sem til eru, svo sundurlaus og ófullkomin, að lítt verður við unað nú á dögum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. við 1. umr. Mig langar aðeins í upphafi, úr því að hæstv. heilbrmrh. er staddur hér í þessari hv. d., að minna á, að í vetur, þegar til umr. var, bæði í blöðum og hér á hinu háa Alþingi, eiturlyfjaneyzla í landinu, þá kom það fram, að nú væri komið fram frv. til lyfsölulaga og þar væri m. a. að finna ákvæði, sem mundu torvelda mönnum að ná í eiturlyf eða nautnalyf. Ekki man ég, hvort hæstv. heilbrmrh. hafði þessi orð, en þau komu fram í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Ég hef nú leitað í þessu frv. að slíku ákvæði, en ég get hvergi fundið það. Ég held, að það vandamál sé jafnóleyst, þótt þetta frv. verði að lögum.

En ég bið afsökunar á þessum útúrdúr. Ég ætla ekki að tala um þetta frv. í einstökum atriðum, en aðeins fara um það nokkrum almennum orðum.

Síðustu 19 árin hafa frv. til lyfsölulaga ýmist legið hér fyrir á Alþ. eða óskir um, að þau yrðu lögð fram. Þessi frv. hafa aðallega verið tvenns konar, og er það ekki undarlegt, þegar gætt er, hvaða aðilar hagsmuna hafa að gæta aðallega í sambandi við mál sem þetta. Hér á Alþ. hafa verið lögð fram frv. til lyfsölulaga, annars vegar miðuð við hagsmuni lyfsalanna, en hins vegar miðuð við hagsmuni almennings. Upprunalega mun fyrrv. landlæknir hafa útbúið ágætt frv. til lyfsölulaga, og ég hygg, að það hafi verið flutt lítið breytt aftur og aftur hér á þinginu. Oftast munu Alþýðuflokksmenn hafa flutt þetta frv. Ég þarf ekki að rekja efni þess eða þeirra frv. En í stuttu máli má segja, að þau frv. eru miðuð við hagsmuni fólksins, hagsmuni almennings.

Hins vegar hafa svo aftur a. m. k. tvisvar verið flutt frv., sem hafa verið frábrugðin fyrrgreindum frv. í því, að þar hafa verið sniðnir í burtu ýmsir vankantar að dómi lyfsalanna, ýmis atriði, sem þeir töldu skerða sína hagsmuni. Og nú er komið fram frv. til lyfsölulaga, og það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hverra hagsmuna er þar gætt. Þar er gætt hagsmuna lyfsala, þeirra einstaklinga, sem hafa lyfsöluleyfi og eiga að fá lyfsöluleyfi á komandi árum. Þótt margt sé svipað með því frv., sem Vilmundur Jónsson fyrrv. landlæknir mun hafa samið, þá eru nú sniðin í burtu ýmis mikilsverð ákvæði, sem þar stóðu og áttu að vera til þess að gæta hagsmuna almennings í landinu.

Ég skal sérstaklega minnast á, að í þessum eldri frv., sem Alþýðuflokksmenn að jafnaði lögðu hér fram, var sérstakur kafli um lyfjaheildsölu. Þar var gert ráð fyrir því, að ríkið tæki að sér lyfjaheildsölu. En eins og kunnugt er, þá er heildsala arðvænlegur atvinnuvegur hér á landi, og mundi muna miklu, hvort hún væri í höndum einstaklinga, gróðamanna eða hins opinbera. Þessi kafli hefur nú verið látinn niður falla. Í þessu gamla frv. var enn fremur kafli um lyfsölusjóð, sem ég tel að hafi verið mjög mikilsverð nýjung, en skal ekki rekja frekar hér. Í þriðja lagi skal ég benda á, að í eldri frv. var ákvæði um, að leyfi til rekstrar lyfjabúða mætti veita sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum og öðrum stofnunum eða fyrirtækjum, sem ætla mætti að gættu trúlega hagsmuna almennings í landinu. Þetta ákvæði er gersamlega fellt niður í frv. því, sem hér liggur fyrir. Þvert á móti er nú tekið fram, að lyfsöluleyfi megi einungis veita einstaklingum.

Ég get vel skilið, að lyfsalarnir í landinu og þeir, sem geta gert sér vonir um að verða það í náinni framtíð, séu ánægðir með þetta frv. En ef almenningur mætti mæla, þá er ég ekki eins viss um hans hrifningu. Nýjungar eru að vísu í þessu frv. Þar er heill kafli, sem ég hef ekki séð í eldri frv. Það er IV. kaflinn, um vinnudeilur og kjarasamninga. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna þessi kafli á að standa í l. um þau efni, sem hér er um að ræða. Þessi kafli um vinnudeilur og kjarasamninga er kominn inn í frv. eins og skollinn úr sauðarleggnum og á ekkert erindi í þetta frv. Ég get varla hugsað mér, hvaða rök eru fyrir því, að kaflinn er þarna, en það hlýtur að vera, að lyfsalarnir telji sér hag að honum í væntanlegum vinnudeilum við launþegana, starfsmenn lyfjabúðanna. Ég hef enga trú á því, þó að slíku kunni að vera haldið fram, að það sé gert til þess að tryggja almenning, tryggja það, að störf og afgreiðsla í lyfjabúðum þurfi aldrei að leggjast niður. Ég held, að slíkt þurfi ekki að óttast. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir því í frv., að lyfsali sjálfur skuli annast forstöðu sinnar lyfjabúðar og jafnvel þó að allir starfsmenn lyfjabúðar gangi burt einn góðan veðurdag, þá þarf ekki að loka lyfjabúðinni fyrir því, forstöðumaðurinn er eftir og getur sinnt öllu, sem væri lífsnauðsynlegt. En mér þykir þessi IV. kafli um vinnudeilur og kjarasamninga mjög óprýða þetta frv.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, voru gerðar á þessu frv. nokkrar, ekki stórvægilegar breyt. í hv. Nd., og munu þær flestar hafa verið til bóta. Eitt og annað kynni þó að finnast enn, sem unnt væri að breyta til bóta, en þau atriði skal ég ekki ræða við þessa umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 373, n. 523 og 578, 533, 537).

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið af nefnd, sem skipuð var 2. nóv. 1959 af þáv. heilbrmrh. N. hefur stuðzt við nýlega löggjöf Dana um sama efni og hafði til hliðsjónar umsagnir stjórnar félaga lækna og lyfsala og nokkurra annarra

aðila, eins og nánar er greint frá í aths. við frv.

Heilbr.- og félmn. ræddi frv., en varð eigi á eitt sátt um afgreiðslu. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en hv. 9. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. e. flytja við það nokkrar brtt.

Ein ástæðan til þess, að ég vil ekki gera veigamiklar breyt. á frv., er sú, að full eining virðist vera um frv., eins og það er nú, milli þeirra aðila, sem við það eiga að búa. En tilraunir til að setja lyfsölulög hafa allar strandað á óeiningu milli þessara aðila um þau frv., sem ætlunin hefur verið að bera fram um þetta efni.

Ég hef rætt við tvo þeirra nm., sem sömdu frv., þ. e. landlækni og prófessorinn í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og töldu þeir æskilegt, að frv. yrði samþ. án verulegra breytinga. Við 1. umr. taldi hv. 9. þm. Reykv., að fyrrv. landlæknir hefði haft sérstakan áhuga á, að lyfjabúðir yrðu félagsreknar. Ég held, að það sé misskilningur. Það mun hafa verið þáv. forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, sem var áhugamaður um það og fékk þau ákvæði, sem nú gilda um það, lögfest. Áhugi hefur þó reynzt minni á því að stofnsetja slíkar lyfjabúðir en við var búizt, og hafa jafnvel sumir aðilar, er fengu leyfi, ekki notað það. Vegna hagsmuna almennings virðist ekki ástæða til að hafa þessa heimild rýmri en er í frv. Það er alveg nýtt, ef það er til bóta að fjölga milliliðum, og a. m. k. er ekki líklegt, að aukamilliliður geri vöruna ódýrari, enda er ekki um að ræða annað verð á lyfjum en það opinbera, lögskipaða verð. Lyf eru nú þegar seld föstu verði samkv. gjaldskrá, sem sett er af heilbrigðisstjórninni.

Um brtt. hv. 1. þm. Norðurl. e. get ég verið fáorður. Ég tel þær óþarfar og ekki til bóta. Aðalkostur frv. er einmitt að gera eftirlit með gerð og sölu lyfja sem einfaldast og öruggast, en það er mjög mikilsvert til þess að bægja frá hættu á misnotkun og ofnotkun. Frá því sjónarmiði er verra að dreifa ábyrgð á fleiri aðila, hvort sem aukaaðili er samvinnufélag, sveitarfélag eða sjúkrasamlag.

Till. hv. 9. þm. Reykv. eru svipaðar að efni, en auk þess aðrar till., þar sem hann vill breyta aðferðinni við veitingu lyfsöluleyfis, og eru till. hans allt aðrar en þær, sem samkomulag er um milli þeirra aðila, sem það varðar mest, félög lyfsala og lyfjafræðinga. Ákvæði frv. eru sniðin eftir dönsku lögunum, sem eru búin að vera í gildi í nokkur ár og þykja hafa gefizt vel þar. Þá vill hv. þm. fella niður kaflann um vinnudeilur og kjarasamninga, en ég tel hann einmitt alveg nauðsynlegan og til fyrirmyndar af aðilum að koma sér saman um slíka till. Þessi ákvæði eru líka sniðin eftir dönsku l. og þykja hafa gefizt þar mjög vel. Þá leggur hv. þm. til að skilja Lyfjaverzlun ríkisins frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og veita henni einkaleyfi á innflutningi og sölu lyfja í heildsölu. Mér virðist þessi breyt. óþörf og ástæðulaus. Það er vafalaust, að breytingin yrði til þess að auka kostnað af Lyfjaverzlun ríkisins, en hagræði vandséð. Lyfjaverzlun hefur heimild til innflutnings, og ég veit ekki til, að nein ósk hafa komið frá forstöðumanni hennar um, að einokunaraðstaða yrði lögleidd eða breyt. í þá átt, sem hv. 9. þm. Reykv. leggur til. Eins og ég sagði áðan, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Þetta frv. til lyfsölulaga kemur hér inn á þingið allmikið gallað á ýmsan hátt að mínum dómi. Í hv. Nd. voru gerðar á því nokkrar breytingar, og munu þær breyt. yfirleitt hafa verið til bóta. M. a. var í frv. ákvæði um lyfseðla, ákvæði, sem var mjög óheppilegt. Þessu var breytt í hv. Nd. Enn fremur fengu dýralæknar fram nokkrar breyt. á þessu frv. í hv. Nd. Var þar orðið við þeirra óskum um leyfi til, að þeir mættu selja lyf undir vissum kringumstæðum. Þannig voru gerðar í hv. Nd. nokkrar breyt. á þessu frv., — breytingar, sem ég tel hiklaust hafa verið til bóta. Síðan kemur þetta frv. til hv. Ed. Þar er bent á nokkra augljósa galla á frv., en þá bregður svo við, að ekki fæst ein einasta breyt. gerð hér á, og þá eru ekki rökin þau, að brtt. séu ekki til bóta, heldur eru rökin þau, að einhverjir aðilar séu búnir að koma sér saman um, að svona skuli ákvæðin vera. Þessu lýsti hv. frsm. meiri hl. nú áðan. Ég hygg, að þar sé átt við lyfsala og lyfjafræðinga, máske landlækni þar til viðbótar, þó efast ég um það. Landlæknir segir, að sögn hv. frsm., að hann geti ekki sinnt eða tekið til athugunar neinar brtt. frá hv. Ed., vegna þess að aðilar séu búnir að koma sér saman um þessi ákvæði. Ég veit ekki, hvort allir hv. alþm. vilja taka við slíku samkomulagi þegjandi og hljóðalaust eða láta skipa sér þannig fyrir fyrir fram. Það má ekki breyta frv., af því að einhverjir aðilar eru búnir að koma sér saman um, að svona skuli þetta vera.

Þetta frv. var mjög lítið rætt í hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. Það var því líkast, sem þetta væri allt ákveðið og hér væri engu við að bæta. Og n. klofnaði. Ég flyt nokkrar brtt. á þskj. 537, og ég hef lýst því yfir í nál., að ef ekki fáist neinar verulegar lagfæringar á frv., eins og það er nú, þá muni ég greiða atkv. gegn því. Nú viðurkenni ég, að það er full þörf á setningu lyfsölulaga, en það er engan veginn sama, hvernig þau lyfsölulög eru úr garði gerð, og það má segja, að það sé betra engin lyfsölulög en ill lyfsölulög.

Ég skal nú gera grein fyrir í stuttu máli helztu brtt., sem ég flyt. Ein till. mín til breytingar er við 1. gr. Frv. hefst á því, að það er skilgreint, hvað séu lyf. Það eru hvers konar efni, „sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, svo og efni eða efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreininga.“ En örlitlu síðar í sömu gr. er þessi skilgreining gerð ógild. Þar segir: „Efni teljast þó ekki lyf, ef þau eru notuð til að koma í veg

fyrir útbreiðslu sjúkdóma.“ Áður var sagt, að lyf væru þau efni, sem ætluð eru til varnar gegn sjúkdómum. Hér rekst hvað á annars horn. Hér er átt við sótthreinsunarlyf og fram tekið, að þau skuli ekki teljast til lyfja. Þetta er varhugavert, fyrst og fremst af því, að sóttvarnarlyf eru með þeim lyfjum, sem eru hættulegust í meðferð almennings. Þar af leiðir, að það var sérstök ástæða til að hafa þau undir sömu reglum, hafa þau sömu varúðarreglum háð og önnur lyf. Það kann að vera, að hér hafi önnur sjónarmið verið ráðandi, og það er ég hræddur um, þ. e. a. s. viðskiptaleg og hagsmunaleg sjónarmið, og þess vegna sé þetta haft á þennan veg. En gott er það ekki að mínum dómi frá faglegu sjónarmiði eða frá heilbrigðislegu sjónarmiði eða frá sjónarmiði almennings. Vitanlega eiga sóttvarnarlyf að teljast lyf og þar á engin undantekning að vera gerð að neinu leyti. Þess vegna flyt ég till. um, að þessi undantekning með sóttvarnarlyfin sé niður felld úr frv.

Í 7. gr. er fjallað um, hvernig fara skuli með umsóknir þeirra, sem sækja um leyfi til að reka lyfjabúð. Þar er ákveðið, að tveggja manna nefnd, skipuð af Lyfjafræðingafélagi Íslands og af Apótekarafélagi Íslands, skuli fjalla um umsóknirnir í fyrstu lotu. Nú er það út af fyrir sig galli að láta aðeins tvo menn fjalla um slíkar umsóknir, og það er enn meiri galli, hvernig þessi nefnd er skipuð, að hún er skipuð af þeim aðilum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við veitingu þessara leyfa. Það er mjög óheppilegt og hlýtur að reynast oft óþægilegt þeim, sem það verk eiga að vinna, þeirri tveggja manna nefnd. Þessi tveggja manna nefnd þannig skipuð á að láta landlækni í té rökstudda umsókn um umsækjendur, og ekki nóg með það, heldur á hún að skipa þeim í töluröð, 1., 2. og 3., eftir hæfni að dómi n., og ekki nóg með það, heldur hefur hún líka rétt til þess að dæma þann, sem hún vill, óhæfan sem umsækjanda. Þetta síðasta er mjög leiðinlegt ákvæði og um leið mjög hættulegt ákvæði. Þetta hefur tíðkazt víða, að eins konar nefnd hafi leyfi til að dæma einn umsækjanda óhæfan, og mér er kunnugt um, að freklegt ranglæti hefur verið framið undir því yfirskini, að umsækjandi væri óhæfur. Þetta er engan veginn gott með þetta ákvæði um þessa tveggja manna nefnd. Hún á að raða umsækjendum, hversu margir sem þeir eru, en má ekki raða nema þrem þeim hæfustu. Hinir eiga að fara í eins konar úrkast og verða eins og utanflokka, þegar umsóknirnar berast landlækni og ráðh., svo að það verður ekki auðvelt fyrir ráðh. að skipa þann mann, sem í úrkastinu er, jafnvel þó að hann sé að dómi landlæknis og ráðh. sá hæfasti, að ég nú ekki tali um þá eða þann umsækjanda, sem þessi tveggja manna fornefnd hefur dæmt óhæfa.

Ég geri till. um, að þessu sé breytt, og það er afar einfalt mál að breyta þessu, — breyta þessu í horf, sem er miklu eðlilegra og heppilegra á allan hátt, og það er að fela lyfjaskrárnefnd þetta verk. Lyfjaskrárnefnd er skipuð sex mönnum úr hópi lækna og lyfjafræðinga, og lyfjaskrárnefnd sinnir ýmsum störfum í sambandi við framkvæmd þessara laga hvort eð er. M. a. á lyfjaskrárnefnd að fjalla um umsóknir um leyfi til að kalla sig lyfjafræðing, — og hvað er þá eðlilegra en að fela þeirri nefnd að fara yfir og gefa umsögn um umsóknir um lyfsöluleyfi? Í þessu frv. eru ákvæði um einar fjórar, fimm nefndir, og það er ekki út af fyrir sig galli að geta fækkað hér um eina nefnd.

Í 54. gr. frv. er fjallað um sérlyf og hvernig þau skuli skráð í sérstaka sérlyfjaskrá, en sérlyf er einungis heimilt að selja hér á landi, ef þau hafa komizt á sérlyfjaskrá, annars ekki. Þó er heimildarákvæði í þessari 54. gr., þar sem segir, að heimilt sé þó framleiðendum að láta sjúkrahúsum og hliðstæðum heilbrigðisstofnunum í té endurgjaldslaust takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni. Hér er hugsað fyrir því, að vísindalega þenkjandi læknar kunna að hafa áhuga á því að fá ný sérlyf í reynsluskyni, enda þótt sérlyfin séu ekki komin á viðurkennda skrá. Heimildarákvæðið er í sjálfu sér heppilegt og raunar sjálfsagt. Hér er verið að gera undantekningu til þess að auðvelda fræðilega og vísindalega starfsemi. Gallinn er aðeins sá, að þetta heimildarákvæði er ekki nógu víðtækt. Það er talað um, að framleiðendum sérlyfja sé heimilt að láta sjúkrahúsum og hliðstæðum heilbrigðisstofnunum í té sérlyf. Auðvitað láta framleiðendur ekki þessum stofnunum neitt í té, heldur læknum þessara stofnana, fræðimönnum þessara stofnana, vísindamönnum. En þá er komið á daginn, að það er gert upp á milli lækna eftir því, hvort þeir vinna í stofnunum eða utan stofnana, en það er ranglátt. Héraðslæknir eða starfandi læknir getur óskað þess að fá sérlyf í reynsluskyni, takmarkað magn og endurgjaldslaust frá framleiðendum. Samkv. þessu ákvæði getur slíkur læknir ekki fengið leyfi til þess að taka við slíku lyfi. Þetta er ekki rétt. Að vísu er það algengast, að fræðimennskan og vísindastörfin fari fram hjá stofnunum og séu í höndum lækna, sem þar starfa. En hitt er líka til, sem betur fer, að læknar utan stofnana vinni einnig vísindastörf, og sumar af merkustu uppgötvunum í læknisfræði yfirleitt eru gerðar af starfandi læknum eða fátækum félagslæknum, sem hafa helgað sig vísindastörfum við hliðina á daglega stritinu. Þess vegna legg ég til, að þessu heimildarákvæði sé breytt í það horf, að framleiðendum sérlyfja sé heimilt að láta þau læknum í té og þar engin undantekning gerð.

Í næstu grein á eftir, 55. gr., er rætt um, hvenær og með hvaða skilyrðum sérlyf má setja á sérlyfjaskrá. Það má setja lyf á sérlyfjaskrá, ef það að dómi lyfjaskrárnefndar fullnægir eftirfarandi skilyrðum: 1) Er framleitt af fyrirtæki, sem fullnægir skilyrðum 58. gr. 2) Rannsóknum á tæknilegum atriðum varðandi framreiðslu, gerð, útlit og sendingu

lyfsins er lokið, og upplýsingar um verkanir þess gefa til kynna, að það sé gagnlegt við þeim sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum, sem það skal nota við.

Hér vantar eitt skilyrði enn, sem á að vera ófrávíkjanlegt, og það skilyrði er, að lyfið hafi ekki reynzt í venjulegum skömmtum gefið hafa heilsuspillandi verkanir. Þetta skilyrði er nauðsynlegt á þessum stað. Síðustu missirin hafa miklar fregnir borizt af slysum í sambandi við lyf, sem farið var að nota í stórum stíl, án þess að reynsla væri fengin fyrir því, hvort þau í venjulegum skömmtum reyndust skaðleg eða ekki. Hafa af þessu hlotizt víðs vegar um heim hörmuleg slys, og nægir í því sambandi að minna á það, sem allir hv. þdm. munu kannast við, thalidomid-hneykslið, sem varð heiminum kunnugt á síðasta ári. Þar kom í ljós, að heilbrigðisyfirvöld í ýmsum löndum höfðu verið of fljót á sér að leyfa ótakmarkaða sölu á þessu lyfi. Auðvitað var þetta vegna þess, að ekki var nógu varlega farið, reynslan var of lítil. Ég legg þess vegna til, að hér verði bætt inn einu skilyrðinu enn og það verði orðað á þessa leið: „Reynsla er fengin um, að hættulegar aukaverkanir lyfsins í tilgreindum skömmtum komi ekki til greina."

Ósk um að fá þessa breyt. fram skyldi maður ætla að hefði ekki mætt mikilli mótstöðu. Jú, hún mætti mótstöðu. Þeir aðilar, sem að frv. virðast standa, voru búnir að koma sér saman um, að þess arna þurfi ekki með. Ég skal í þessu sambandi benda á, að ráðh. er undir vissum kringumstæðum heimilt að taka lyf af sérlyfjaskrá. Honum er t. d. leyft að taka lyf af sérlyfjaskrá, ef lyfið telst ekki hafa þær verkanir, sem því voru eignaðar. Ef það telst hafa heilsuspillandi verkanir, má taka lyfið út af sérlyfjaskránni. En það má ekki hafa þann fyrirvara, að reynsla sé fengin fyrir því, að lyfið sé ekki heilsuspillandi, áður en það er tekið á sérlyfjaskrána. Ég hefði þó haldið, að það væri betra að byrgja brunninn, áður en barnið fellur niður í hann.

Þetta eru helztu brtt., sem ég hef fram að færa í sambandi við efni þessa frv., þ. e. a. s. faglegu hlið þessa frv. En það stendur til að fella þær allar.

En það eru einnig aðrir gallar á þessu frv. en faglegir ágallar. Það má segja, að í þessu frv. sé bæði of og van. Ég tók það fram við 1. umr. málsins, að IV. kaflinn, um vinnudeilur og kjarasamninga, ætti ekki heima í þessu frv. Ég skal ekki orðlengja það frekar nú, en það ætti að vera hverjum manni ljóst, að ákvæði um vinnudeilur og kjarasamninga eiga alls ekki heima í frv. til lyfsölulaga. Slík lagaákvæði eiga heima á allt öðrum stöðum og í öðrum lögum. Ég ræði ekki efnislega þennan kafla. En ég skal aðeins drepa á það, að ákvæði hans eru greinilega launþegum í óhag að sama skapi og þau eru atvinnurekendum í hag. Þetta er mál út af fyrir sig, en sýnir þó hug hæstv. ríkisstj., sem flytur þetta frv., til þessara aðila, annars vegar til atvinnurekendanna og hins vegar til launþeganna. Ákvæðin í þessum kafla eru á þann veg að torvelda kjarabaráttu launþeganna, sem hér koma við mál, torvelda kjarabaráttu þeirra frá því, sem nú er. Það er sama tilhneigingin og komið hefur fram á öðrum sviðum gagnvart launþegum og birzt hefur m. a. í ýmsum þáltill. frá stjórnarliðum hér í vetur, — till., sem sýna greinilega, að stjórnarflokkarnir hafa mikinn hug á því að skerða rétt launþeganna til kjarabaráttunnar. En hvað sem þessu líður, er það víst, að IV. kaflinn, um vinnudeilur og kjarasamninga, á ekki heima í þessu frv. til lyfsölulaga, og þess vegna legg ég heils hugar það til, að þeim kafla verði sleppt úr frv.

En eins og mér þannig finnst hér ofgert með þessum kafla, eins finnst mér á öðrum sviðum vangert í þessu frv. Á undanförnum árum hafa verið flutt alloft frv. til lyfsölulaga, og eins og ég tók fram við 1. umr., var í sumum þessara laga kafli um lyfjaheildverzlun ríkisins, — kafli, sem fól í sér ákvæði um, að sérstök ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki skyldi hafa með höndum allan innflutning og heildsölu lyfja. Þessi frv. voru flutt á nokkrum þingum og ég ætla alltaf af Alþfl.-mönnum. Haraldur Guðmundsson, fyrrv. alþm., flutti þetta frv. a. m. k. árið 1950. Þar var gert ráð fyrir því, að komið yrði á stofn ríkisfyrirtæki, sem hefði einkarétt til þess að flytja inn og selja lyf í heildsölu. Þar var nánar fram tekið, hvernig tilhögun skyldi vera í þessu ríkisfyrirtæki og hvernig það skyldi rekið, sömuleiðis um það, hvernig hagnaðinum skyldi varið.

Ég braut upp á þessu í hv. heilbr.- og félmn., að þessi ákvæði yrðu tekin upp í frv., en það hlaut ekki góðar undirtektir, og það, sem vakti mér mesta furðu, var, að fulltrúi Alþfl. í hv. n. virtist algerlega andvígur þeirri hugmynd að taka þessi ákvæði upp í frv. En ég hef tekið þetta ákvæði um lyfjaverzlun ríkisins, Lyfjaverzlun Íslands, upp í mínar till. og legg til, að slíku fyrirtæki verði komið á fót, og styðst þar að verulegu leyti við eldri frv. um sama efni. En ég legg sérstaklega til í sambandi við þetta fyrirtæki, að ágóðanum verði varið til þess að lækka nauðsynlegustu lyf í verði.

Í 7. gr. er svo ákveðið, að leyfi til að reka lyfjabúð verði aðeins veitt einstaklingum. Eins og sakir standa nú, eru lyfjabúðir í landinu ýmist reknar af einstaklingum eða félögum. Nú skal brotið blað í þessu efni, og hér eftir skal eingöngu einstaklingum gefinn kostur á að reka lyfjabúð. Þetta tel ég mjög óheppilegt ákvæði og legg til, að það verði ekki aðeins heimilt að veita einstaklingum leyfi til að reka lyfjabúð, heldur einnig sveitarfélögum, sjúkrasamlögum og öðrum opinberum félögum, sem ætla má að gæti hagsmuna almennings. A. m. k. tvær lyfjabúðir í landinu eru nú reknar af samvinnufélögum og hefur verið svo í mörg ár. Ég hef aldrei heyrt kvartanir í sambandi við þann rekstur, og ég held, að það sé óhætt að segja, að reynslan hafi ekki sýnt neina þörf á þeirri breyt., sem nú er fyrirætluð í þessu frv. Ég held þvert á móti, að það sé

til bóta að hafa heimild í l. þess efnis, að ýmiss konar félög almennings eigi þess kost að reka lyfjabúð, ef þeim býður svo við að horfa. Það er t. d. enginn vafi á því, að það væri mikill hagur fyrir Reykvíkinga, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur ræki sína eigin lyfjabúð í Reykjavík. Rekstur lyfjabúða hefur reynzt mjög arðvænlegur atvinnurekstur hér í þessu landi, og það væri mikil búbót fyrir almenning í Reykjavík að hafa slíkan rekstur með höndum. Hagnaðurinn gæti komið almenningi til góða á ýmsan hátt, t. d. gæti hann komið almenningi til góða í lækkuðum iðgjöldum til sjúkrasamlagsins eða þá í lækkuðum lyfjakostnaði. Frá sjónarmiði almennings er það mikið hagsmunamál, sem hér um ræðir, en hæstv. ríkisstj. metur sýnilega hagsmuni annarra meira á þessu sviði eins og öðrum. Það eru sérhagsmunir einkaframtaksins, sem skulu ráða um sölu lyfja, eins og um sölu á öðrum varningi.

Loks legg ég til, að l. taki ekki gildi 1. júlí 1963, heldur 1. jan. 1964. Þessi brtt. er gerð í samræmi við till., sem ég hef gert grein fyrir, till. um stofnun ríkisfyrirtækis, er hafi lyfjaheildsöluna á hendi. Með tilliti til þess þótti mér rétt, að l. kæmu síðar til framkvæmda, því að að sjálfsögðu þyrfti undirbúning til þess að koma slíku fyrirtæki fullkomlega á laggirnar.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. flytur brtt. við 7. gr. um, að veita megi félagasamtökum almennings leyfi til að reka lyfjabúð, og er hún mjög svipuð minni brtt. um það efni, og er ég till. hans að sjálfsögðu algerlega samþykkur.

Ég skal að lokum láta í ljós, að ég harma það, að ekki skuli hafa náðst meiri samstaða en orðið hefur um þetta mikilsverða mál, og ég verð að segja, að það hefur gætt nokkurrar og ekki lítillar óbilgirni af hendi hv. meiri hl. í þessu máli. Það hefur verið barið niður, að nokkur lagfæring fengist á nokkru því atriði, sem ég hef nú gert að umtalsefni, og það rökstutt, eins og hv. þdm. heyrðu, á harla einkennilegan hátt. Það eru einhverjir aðilar úti í bæ, sem hafa þegar ákveðið hlutina, og þess vegna er ekki hægt að fá neinu breytt, jafnvel þótt til bóta væri.

Hv. frsm. meiri hl. tók það fram, að þetta hefði verið borið undir aðila, sem við þessi mál eiga að búa, framkvæmd l., en ég efast um, að það sé rétt. Við hvaða aðila hefur verið talað? E. t. v. hefur verið talað við fulltrúa frá Apótekarafélaginu og jafnvel við fulltrúa frá Lyfjafræðingafélaginu. Það hefur verið talað við landlækni. En það er einn aðili enn, stærsti aðilinn. Það er almenningur í landinu. Það eru neytendur lyfjanna, sjúklingarnir og allur almenningur. Hefur verið talað við þá nú, síðan málið kom til hv. Ed., eða fulltrúa þeirra? Ég er viss um, að svo er ekki. Þess vegna er ekki hægt að segja, að talað hafi verið við aðila, sem við þetta eiga að búa, því að það er almenningur í landinu, sem fyrst og fremst á við þetta að búa. Og ég tel hann, ekki sízt þegar ég lít yfir eldri frv., sem hér hafa verið og ekki náð samþykki, þá tel ég almenning í landinu hlunnfarinn með þessu frv.

Árið 1950 komu tvö frv. til lyfsölulaga fram, það komu fram tvö frv. um sama efni á sama tíma hér á þingi. Annað var flutt af Haraldi Guðmundssyni og Páli Zóphóníassyni. Hitt var flutt af Bernharð Stefánssyni og Lárusi Jóhannessyni. Hvorugt þessara frv. gerði ráð fyrir því, að ekki mætti veita öðrum en einstaklingum leyfi til að reka lyfjabúð. Ekki einu sinni frv., sem Lárus Jóhannesson flutti á því þingi, gerði ráð fyrir þessu, heldur þvert á móti. Það var gert ráð fyrir eins og í hinu frv., að félagasamtök almennings gætu átt þess kost að öðlast lyfsöluleyfi. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þrengra í sniðum en nokkurt þeirra frv., sem áður hafa komið fram á þingi og þó ekki náð fram að ganga. Hér eru hagsmunir almennings í stærri stíl sniðgengnir en í nokkru hinna gömlu frv. Hér eru hagsmunir lyfsalanna, kaupmannanna betur tryggðir en í nokkru hinna eldri frv. Þetta er sannleikurinn um þetta frv. Sé litið á hagsmuni almennings, hefur ekkert frv. síðustu 20 árin komið fram á Alþ. jafneinhæft, jafnandstætt hagsmunum almennings í landinu eins og þetta frv. Ég hika þess vegna ekki við, þó að ég viðurkenni þörf nýrrar löggjafar á þessu sviði, — þá hika ég ekki við, að felldum mínum brtt., að greiða atkv. gegn þessu frumvarpi.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. alllengi hjá sér. Ég hef, eins og nál. ber með sér, skrifað undir meðmæli með frv., en þó með fyrirvara, og fyrirvari minn byggðist á því, að ég vil gera nokkrar breyt. á 7. gr. þess og einnig á 9. gr. í samræmi við breytingarnar á 7. gr. Og breyt. þessar eru í því fólgnar að taka upp það, sem gilt hefur, að félög megi reka lyfjabúðir, en sá réttur gefist ekki aðeins einstaklingum. Hv. 9. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, hefur mælt eindregið með efni minna till. Þó vil ég bæta við nokkrum orðum.

7. gr., sem ég vil fá breyt. á, mælir svo fyrir, að leyfi til að reka lyfjabúð verði aðeins veitt einstaklingum. Ég tel þetta næsta fráleitt, að ekki megi hafa félag um slíkan rekstur, enda eru í landinu reknar tvær lyfjabúðir af samvinnufélögum, og það hefur gefizt vel. Það er furðulegt, að í okkar félagsþróaða þjóðfélagi skuli einstaklingshyggja gerast svo ráðrík eins og á sér stað í þessu frv. Mér virðist þetta vera tákn nýrra tíma eða a. m. k. tákn stefnu, sem er að ryðja sér til rúms og hefur tekizt að gera sig gildandi í þessu frv., að því er þetta snertir.

Þetta er stjórnarfrv., — og hvar var þá félagshyggja Alþfl. stödd, sú gamla félagshyggja hans, þegar frv. var undirbúið? Og hvar var hún, þegar frv. var afgr. í hv. Nd.? Hún skyldi þó aldrei hafa verið í vasa Sjálfstfl.? Ég vil,

að leyfi til að reka lyfjabúð megi veita ekki aðeins einstaklingum, heldur einnig sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, félögum almennings öðrum, svo og Háskóla Íslands. Þegar ég segi félögum, þá á ég ekki aðeins við samvinnufélög, sem þegar hafa sýnt, að þeim getur farið svona rekstur vel úr hendi, heldur líka hlutafélög. Ég fel hv. stjórnarstuðningsmönnum að athuga það. Hér gætu að sjálfsögðu hlutafélög komið til greina, jafnvel fjölskylduhlutafélög. Á nú að loka úti það blessaða form? Mikið skal til mikils vinna. Vel getur svo til hagað í fámenni — og sérstaklega í fámenni, að eitt sveitarfélag eða fleiri sveitarfélög í félagi vilji ráðast í að reka lyfjabúð, af því að einstaklingur fáist ekki til þess. Sama getur átt sér stað um sjúkrasamlög á slíkum stöðum. Það eru mörg mál hér á Alþ. í löggjöf, er gilda á fyrir landið allt, þar sem taka þarf tillit til þess, að hið sama á ekki við í þéttbýlinu og í dreifbýlinu. Þetta er eitt slíkt löggjafaratriði. Nógir einstaklingar fást sjálfsagt til að reka lyfjabúðir á þéttbýlustu og margmennustu stöðunum. Það hefur þótt gróðavænlegt að reka slíkar lyfjabúðir. Allt öðru máli gegnir með fámennisstaði. Þar kann fólkið sjálft að þurfa að taka á sig vonleysið um gróða af svona rekstri, því að í fámenninu er gróðavonin ekki mikil. Það á alls ekki að meina fólkinu sjálfu að bæta sína nauðsyn með félagsrekstri lyfjabúðar. Vel getur líka átt sér stað, að t. d. kaupfélag eða annars konar vrezlunarfélag geti gert lyfjasölu að einum þætti í starfsemi sinni og gert hana fólkinu ódýrari en einstaklingar á þeim stöðum. Má það ekki eiga sér stað? Ég spyr: Í aths. er færð sem ástæða gegn félagsreknum lyfjabúðum, að stéttarsamtök lyfsala og lyfjafræðinga séu á móti því. Merkilegt, að slíkt skuli vera! Furðar nokkurn á því, þó að t. d. kaupmenn mæli ekki yfirleitt með stofnun kaupfélaga? Skyldi nokkurn furða á því? Og vill í raun og veru nokkur annar en kaupmennirnir sjálfir taka tillit til slíkrar afstöðu?

Þessar till., sem ég flyt, voru bornar fram í hv. Nd. af flokksbróður mínum þar, og þær voru felldar af stjórnarflokkunum. Mér finnst það bæði broslegt og gremjulegt í senn, þegar menn gerast svo samgrónir, elta svo ákaft flokksforustu sína, að þeir muna ekki einu sinni í svona máli, hvaðan þeir eru, muna ekki eftir dreifbýlisástæðum, þó að þeir séu þar uppaldir og eigi þar jafnvel heima enn.

Ég þarf varla að minna á það, að frv. mælir svo fyrir, að þegar veita skuli lyfsöluleyfi, skuli það opinberlega auglýst til umsóknar. Umsóknarrétturinn á ekki að vera einangraður. Enn fremur, að samkv. till. mínum á forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða að fullnægja öllum þeim kröfum, sem frv. gerir til einstaklinga, sem fá lyfsöluleyfi, um þekkingu og annað. Frv. ætlast til, áður en leyfið er veitt, svo sem vera ber, að allar ástæður séu rækilega athugaðar, aðstaða til sölunnar og hæfni forstöðumanns metnar. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir því, að strangt eftirlit sé með störfum lyfsölu. Að því er þetta snertir á vitanlega í engu til að slaka gagnvart félagsreknum lyfjabúðum frekar en einstaklingum. Með þeim er því í engu farið út á hálli ísa en með einstaklingslyfjabúðir.

Í frv. er ekki beinlínis ákveðið að svipta samvinnufélögin á Akureyri og Selfossi þeim leyfum, sem þau hafa til að reka lyfjabúðir þar, enda hefur ekki heyrzt annað en þau reki lyfjabúðir sínar með sóma. Hins vegar lítur út fyrir, eftir því sem frv. er uppbyggt og orðað, að löggjafinn eigi að skyrpa í lófana og setja sig í stellingar til slíkra athafna, því að 3. mgr. 9. gr. frv. hefst svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samvinnufélög þau, er öðlazt hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku 1. þessara, haldi leyfi sínu í 25 ár frá gildistöku þeirra. Framlengja má leyfið til 25 ára í senn, enda mæli landlæknir með umsókn.“

Ekkert slíkt á að gilda gagnvart einstaklingum. Hvers vegna á að hafa þessa aukavarúð gagnvart samvinnufélögum sem leyfishöfum? Hafa þau unnið til þess, að leyfin, sem þau hafa fengið, séu af þeim tekin, þó að þau hafi ekki áður verið tímabundin? Er það eðlilegt, að þau séu þannig allt í einu takmörkuð við 25 ár? Hafa þessi félög í einhverju gerzt tortryggileg? Ég spyr. Ákvæði 11. gr. frv. um niðurfellingu leyfis hljóta að nægja gagnvart félögum eins og öðrum leyfishöfum. Ég fyrir mitt leyti kann ekki við svona lagasetningu. Ég sé ekki betur en þannig sé í 9. gr., eins og hún er orðuð, hafður kuti í erminni gagnvart þessum samvinnufélögum.

Till., sem ég flyt, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo: Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, félögum svo og Háskóla Íslands. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.

2) Við 9. gr.

a) 3. málsl. næstsíðustu mgr. orðist svo: Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. mgr. (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðh. samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. mgr. 7. gr.

b) Síðasta mgr. gr. orðist svo: Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, félagi eða af Háskóla Íslands, svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðh. ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.“

Þó að þessar till. væru fluttar í hv. Nd. og felldar þar, flyt ég þær hér í hv. Ed., og skal með því prófað í máli þessu, hvort Ed. ber ekki nafn sitt með réttu, þ. e. a. s. Ed.-nafnið.

Þegar mál þetta var síðast á dagskrá hér til 2. umr., komu fram brtt. frá minni hl. heilbr.- og félmn., Alfreð Gíslasyni lækni. Þessar brtt. eru á þskj. 537, og hann hefur nú lýst þeim í ræðu sinni hér áðan. Þetta eru 12 till. í 14 undirliðum. Þessar till. höfðu ekki mér vitanlega verið til umr. í hv. heilbr.- og félmn. Nú skilst mér, að málum sé vísað til n., til þess að þau séu þar athuguð og n. skili áliti um þær till., sem þar koma fram, og málið í heild. Ég beitti mér fyrir því, þegar málið var á dagskrá síðast og till. komu fram, að það var tekið út af dagskrá, og ég vænti þess, að n. mundi taka þessar mörgu og umræðuverðu till. á þskj. 537 til athugunar. Það hefur mér vitanlega ekki verið gert, eða ég hef ekki fengið fundarboð til að mæta á slíkum fundi. Mér virðist þess vegna, að n. hafi vanrækt það, sem ætlazt er til að hún geri í þessu sambandi. Málið er flókið nokkuð í ýmsum atriðum fyrir leikmenn. Það er ekki flókið að því er snertir þau atriði, sem ég hef flutt brtt. um. Þar þarf ekki fræðimenn til að taka afstöðu, heldur aðeins menn, sem eru frjálslyndir og sæmilega velviljaðir almenningi og félagsskap hans. En ýmsar þessar till. á þskj. 537 eru efnislega þannig, að þær eru á því sviði, sem fræðimennsku þarf nokkra til að bera. Nú vill svo vel til, að það eru tveir læknar í hv. heilbr.- og félmn., og mér finnst þess vegna sérstaklega ámælisvert, að málið skuli ekki hafa verið rætt þar. Ég verð að finna að þessu og lýsi því yfir, að frá því sjónarmiði hefur n. vanrækt sín störf í þessu efni. Hún fékk tækifæri til þess, með því að málið var tekið út af dagskrá, að halda fund um það. Hún hefur ekki gert það. Ég veit ekki, hvort það er formanni að kenna eða öðrum í n. Sennilega á formaður í þessu efni að hafa forgöngu.

Ég leyfi mér að óska þess, að úr þessu sé bætt. Mér sýnist, að þó að stutt sé orðið til þingslita, þá hafi þetta mál nægan tíma til að komast í höfn, ef menn á annað borð vilja, að það sé afgreitt, þó að það sé eitthvað betur athugað í þessari n. Og áður en n. hefur tekið þessar till. til athugunar, ætla ég ekki að ræða þær. Að sjálfsögðu er ég samþykkur þeirri till. á þskj. 537, sem snertir þau málsatriði, sem ég hef gert brtt. við, svo samhljóða eru till. hv. flm. þessara brtt. mínum till., og ég er honum þakklátur fyrir að flytja slíkar till. og þakklátur fyrir þau ummæli, sem hann hafði um mínar till. áðan.

Frsm. meiri hl. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. ræddi um breytingar, sem gerðar voru í Nd. á frv. Ég vil aðeins geta þess, að um þær var samkomulag við n., sem vann að samningu frv. Að hv. d. geti ekki sýnt eða gert breyt., er mesti misskilningur. En ég vil líka geta þess, að ég ræddi þetta, eins og ég gat um í ræðu minni áðan, við landlækni og prófessorinn í lyfjafræði, og þeir töldu brtt. hv. 9. þm. Reykv. ekki til bóta, og ég er þeim sammála um það.

Þá fann hv. þm. að skilgreiningu lyfja, en um það er það að segja, að hún mun vera mjög samhljóða því, sem er í dönsku l., og er af hagkvæmniástæðum haft svona og hefur gefizt vel þar, en hitt er alger misskilningur hjá honum, að ekki sé hugsað um hættu af sóttvarnarlyfjum, því að það er einmitt skýrt tekið fram, að ákvæðin um eftirlit nái einnig til þessara efna, eins og hv. þm. hlýtur að sjá, ef hann les mgr.

Hv. þm. var hneykslaður á því, að ég tel það kost á frv., að þeir, sem eiga að starfa eftir því, telji það vera til bóta, en ég tel það nú vera kost samt. Hann gat þess, að nokkrar breyt. hefðu verið gerðar á till. n., m. a. um lyfseðla. Þetta er alveg rétt, og þær breyt. voru gerðar að ósk lækna og í samráði við þá, og ég tel þær til bóta þrátt fyrir það.

Þá talaði hann um heimildarákvæði 54. gr., að þau væru of þröng. En ég tel þau alveg nógu rúm. Þau eru höfð svona til þess að auðvelda eftirlit með tilraunum um ný lyf. En í seinni mgr. þessarar gr. er heimild fyrir ráðh. til þess að veita leyfi með ráði landlæknis, og ég er alveg viss um það, að læknar, er vildu vinna vísindastörf, mundu fá slíkt leyfi, jafnt héraðslæknar og aðrir, ef þeir gætu sýnt landlækni fram á, að þeir hefðu viðhlítandi aðstöðu til þess.

Um 55. gr. tel ég, að brtt. hv. þm. sé of þröng. Það er í vissum tilfellum nú, t. d. við vissar tegundir krabbameins, rétt og skylt að nota lyf, sem hafa þó kunnar skaðlegar verkanir. En það stendur svo á, að þær skipta ekki máli, af því að þær eru lítilvægar, þessar aukaverkanir, miðað við það gagn, sem getur verið af lyfjunum. Sama máli gegnir líka undir vissum kringumstæðum um sum fúkalyfin. Þau geta verið hættuleg, en þar er stundum ekki í annað hús að venda til þess að bjarga lífi sjúklinga. Það verður að taka þar vissa áhættu. Og ef gr. væri orðuð svo einstrengingslega eins og hv. þm. lagði til, þá væri það raunar bannað. Og það er enginn vafi á því, að í framkvæmd verður þess gætt að löggilda ekki lyf, fyrr en þau hafa verið prófuð eins vel og auðið er. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm., að það hafa komið fyrir slys, eins og hann talaði um, af því að menn höfðu ekki nógu lengi prófað lyf, sem gerðu visst gagn undir vissum kringumstæðum. En menn höfðu ekki áttað sig á, að við sérstakar aðstæður gátu þau verið hættulegri en menn höfðu haft vit á að prófa nógu lengi, áður en farið var að nota þau. En einmitt eftir að þetta hefur komið fyrir, hygg ég, að menn séu og verði miklu varasamari um að löggilda ný lyf en verið hefur um hríð.

Hv. þm. sagði, að kaflinn um kjarasamninga væri launþegum í óhag. Það held ég að sé misskilningur hjá honum. En hitt er rétt, að það er enginn vafi á, að sá kafli stuðlar að heill almennings. Hann stuðlar að því, að afgreiðslu lífsnauðsynlegra lyfja sé ekki hætt, þótt lyfjasveinar og lyfsalar deili um kjör.

Hv. þm. talaði um væntanlegan ágóða af

Lyfjaverzlun ríkisins, en við höfum Lyfjaverzlun ríkisins, og eins og er berst hún í bökkum. Álagningin er höfð svo lág, að rétt dugir fyrir allra nauðsynlegasta kostnaði.

Hv. þm. sagði, að það ætti að leyfa mörgum aðilum að reka lyfjabúðir. Ég er nú viss um, að það er bezt, að lyfjabúðir séu hæfilega margar. En á einu atriði lyfsölulaganna, sem þó er ekki nýtt, tel ég rétt að vekja athygli, af því að Íslendingar megi vera stoltir af því. Það er bannið við auglýsingum lyfja fyrir almenning. Erlendis hafa auglýsingar sums staðar valdið óhóflegri og skaðlegri — og það stórskaðlegri ofnotkun lyfja, en þessi ákvæði eru mikil vörn almennings gegn skaðlegum áróðri um mál, sem almenningur á erfitt með að dæma um og er því varnarlitill gegn.

Um ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. get ég verið fáorður. En ég get fullvissað hann um það, að það er ekki heppilegt, að lyf séu seld í smáverzlunum í fámennum héruðum, jafnvel þótt kaupfélagið vildi vera svo vænt að taka á sig tap af rekstrinum. Ég tel miklu eðlilegra á slíkum stöðum það, sem nú er, að héraðslæknir annist lyfjasöluna ásamt starfi sínu, því að þar er starf hans venjulega ekki meira en svo, að hann getur annað þessu ásamt sínu starfi, þó að ég viti, að þetta starf hans er þjónustustarf, en ekki hagnaðarvon af því.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. frsm. meiri hl. andmælti mínum brtt. einnig í sinni síðari ræðu, og m. a. tók hann fram um brtt. mínar við 1. gr., að það væri af hagkvæmniástæðum gert, að sótthreinsunarlyf væru ekki talin til lyfja. Ég vil ekki mótmæla því, að þetta sé gert af hagkvæmniástæðum, ef með því er átt við viðskiptalegar eða fjárgróðalegar ástæður. En það er óeðlilegt engu að síður að taka sótthreinsunarlyf hér út úr og láta þau ekki lúta sama eftirliti og önnur lyf, enda kemur þetta greinilega fram hjá höfundum frv., þar sem þeir segja í aths.: „Samkv. framangreindu væri eðlilegt að telja sýklaeyðandi efni til lyfja, en vegna viðtækrar og daglegrar notkunar þeirra til hvers konar hreinlætisráðstafana þykir ekki verða hjá því komizt að undanskilja þau þeim ströngu fyrirmælum um sölu og afhendingu lyfja.“ Það er einmitt þetta, sem ég vil ekki ganga inn á. Það er eðlilegt, að sótthreinsunarlyf séu talin til lyfja, eins og semjendur frv. taka fram, en vegna viðtækrar og daglegrar notkunar er það ekki talið hagkvæmt. Þetta er atriði, sem ég vil ekki viðurkenna, og ég held, að nauðsynin sé sú að hafa öll lyf og ekki sízt sótthreinsunarlyf undir sama hatti.

Hann vildi meina, að brtt. mín við 54. gr. væri óþörf. Þar er gert ráð fyrir því, að öllum læknum sé gefinn kostur á að veita viðtöku endurgjaldslaust takmörkuðu magni af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni. Hann segir í sinni ræðu, að þessi heimild sé í næstu mgr. á eftir. En þetta er alveg rangt hjá hv. frsm. Þar er um allt annað tilvik að ræða. Þar er um það að ræða, að ráðh. geti eftir till. landlæknis heimilað að flytja inn takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum, enda sé það þá aðeins látið úti gegn lyfseðli. Hér er komið út á allt aðra braut, þ. e. a. s. innflytjendum heimilað að selja lyfjabúðunum takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum, sem læknir síðan geti vísað út á. Hér er um allt annað að ræða. Hitt fjallar um, að innflytjendur sendi læknum endurgjaldslaust, ókeypis lyf í reynsluskyni.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl. um brtt. mína við 55. gr., þar sem ég vil bæta inn í einu skilyrði, sem ég tel nauðsynlegt, að það skilyrði sé of þröngt, og hann nefnir sem dæmi, að stundum komi það fyrir, að það verði að gefa krabbameinssjúklingi lyf, sem skaðar að öðru leyti, þó að það lækni krabbameinið eða hafi læknandi áhrif á krabbameinið. Hér er að mínum dómi um dálitla hártogun að ræða hjá hv. ræðumanni. Við erum að ræða um lyf, sem ekki er nægileg reynsla fengin fyrir, að þau megi ekki komast á skrá, fyrr en einhver reynsla sé fengin um þau. Nú getur verið, að eitt lyf komist á sérlyfjaskrá, þó að það reynist hafa skaðsamlegar verkanir, eins og í tilfellinu, sem hv. ræðumaður gat um. En það á ekki að ske, fyrr en sú reynsla er þá fengin. Læknar eiga að vita, hvaða verkanir lyfið hefur, og síðan meta og vega í samræmi við það. Og mér er kunnugt um það af erlendum blaðaskrifum, að hvarvetna í heiminum er hreyfing nú meðal heilbrigðisyfirvalda í þá átt að sýna meiri gætni í að leyfa ótakmarkaða sölu á nýjum sérlyfjum. Þess vegna er það mjög tímabært, úr því að þetta frv. er hér á ferðinni nú, að koma þessari brtt. minni að. Og það er langtum betra að gera það og hafa vaðið fyrir neðan sig og þurfa ekki nema sem minnst að grípa til heimildarinnar í 63. gr. um að taka út af sérlyfjaskrá þau lyf, sem reynast hafa heilsuspillandi verkanir.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. kvartaði um, að hann hefði ekki haft tækifæri til að athuga nægilega mínar brtt., sérstaklega kvartaði hann um, að þær skyldu ekki hafa verið teknar til meðferðar í hv. heilbr.- og félmn. Ég tek undir þessi ummæli hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég harma, að hv. n. skyldi ekki taka till. mínar til gaumgæfilegrar athugunar, helzt á þann hátt að kveðja á sinn fund læknisfróðan mann, eins og t. d. landlækni, en það fór ég fram á, en var neitað um það. Þetta tel ég mjög óheppileg vinnubrögð hjá þm., að sýna minni hl. þann stirðbusaháttt, sem gert hefur verið í þessu tilfelli. En það má e. t. v. bæta úr þessu enn, og ég vil þess vegna, herra forseti, fara fram á, að ég fái að taka aftur brtt. mínar við þessa umr. til 3. umr., og vil um leið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beiti áhrifum sínum til þess, að hv. heilbr.- og félmn. taki þær til nánari athugunar á milli 2. og 3. umr.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Í tilefni af niðurlagsorðum hv. síðasta ræðumanns vil ég taka það fram, að á þeim fundi, þegar þetta mál var afgr. í heilbr.- og félmn., minntist

þessi hv. ræðumaður, sem er nm., á það að kveðja landlækni á fund n., en hann féll frá því skilyrði, og málið var afgr. úr n. á fundi, þar sem allir nm. voru viðstaddir. Hv. 1. þm. Norðurl. e. óskaði eftir því í sinni ræðu, að till. frá hv. 9. þm. Reykv., brtt., sem hér hafa komið fram, yrðu ræddar í n. á milli 2. og 3. umr. Ég vil taka það fram, að flestar eða a. m. k. allar þær þýðingarmestu brtt., sem hv. 9. þm. Reykv. flytur hér, á þær drap hann í n. og ræddi um þær, þó að þær lægju að sjálfsögðu ekki skriflega fyrir, heldur ræddi hann þar um þau efnisatriði, sem hann vildi gera aths. við og till. hans snerta að mestu leyti, og meiri hl. n. sá ekki ástæðu til þess að taka undir þær till.

Það er, eins og allir vita, mjög algengt í sambandi við afgreiðslu mála hér á Alþ., að þeir, sem eru í minni hl. í n., koma við 2. umr. með fjölmargar brtt., sem þeir hafa oft og tíðum lítið minnzt á, þegar málið var í n., og ég hygg, að þm., sem vilja athuga slíkar brtt. eða taka eitthvert tillit til þeirra, verði fyrst og fremst að reyna að skapa sér skoðun á þeim við umr., sem um þessar till. fara fram í sambandi við 2. umr. mála, og að það sé raunar ekki frambærilegt, að þeir geti ekki gert sér grein fyrir brtt., nema þær séu aftur teknar fyrir á nefndarfundi, og geti þar fengið að ræða frekar um þær og hugleiða þær og tala um þær við tillögumann. Það er auðvitað mikill meiri hl. d., sem á hverjum tíma hefur ekki aðstöðu, þegar einstök mál eru á dagskrá, til þess að hafa kynnt sér mál í n., því að það eru aldrei nema fimm dm., sem sitja í n. Hinir verða alltaf að mynda sér skoðanir eftir því, sem rök og gagnrök hníga til í umr. um þessar till.

Ég vil því endurtaka, að ég tel ásökunarorð, sem hafa komið fram í garð n. hér í umr. um þetta mál, algerlega óréttmæt. Hitt er svo annað mál, að ef þessir 2 minnihlutamenn leggja mikla áherzlu á það, að n. athugi þessar till., sem komið hafa fram hjá þeim, þá tel ég eðlilegt að verða við þeirri ósk. En það tel ég ekki heppileg vinnubrögð og ekki til fyrirmyndar hjá hv. 9. þm. Reykv. að koma fram með margvíslegar brtt., sem hann hefur ekki í frammi eða ræðir um, þegar n. hefur málið til meðferðar. Ég vil að vísu taka fram, eins og ég gerði áðan, að ég held, að hann hafi minnzt í n. á öll þýðingarmestu atriðin, sem snerta þessar brtt. En ef hann væri í sínum till. að fara töluvert langt út fyrir það, sem borið hefur á góma í n., þá er það honum engin afsökun. Hann á í n. að hreyfa öllum þeim brtt., sem hann hefur í huga að flytja og hann telur geta komið til greina. Og þó að honum, eftir að n. hefur afgreitt málið og það með hans samþykki, detti eitthvað nýtt í hug, þá getur hann ekki ásakað n. fyrir að hafa ekki tekið þau atriði til meðferðar.

ATKVGR.

Brtt. 533 og 537 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—70. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 373, 533, 537).

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það var rétt áðan haldinn fundur í hv. heilbr.- og félmn. um þetta mál. Þar mætti landlæknir og gaf sínar skýringar á þeim brtt., sem fyrir liggja. Að því er snertir mínar brtt., hef ég ekki breytt í neinu um skoðun við þetta fundarhald, og tek ég ekki til máls til þess að tjá mig um það. En áður en gengið er til atkvgr., vildi ég geta þess, að hv. 9. þm. Reykv., sem á allmargar brtt., sem hér liggja fyrir við 3. umr., tjáði, að hann yrði að víkja hér frá, vegna þess að hann þyrfti að sinna sjúklingum, og óskaði eftir því, að málið yrði ekki afgr., nema hann gæti verið við. Ég fyrir mitt leyti sem þm. vil styðja þessa ósk. Mér finnst, að þeim reglum hafi verið fylgt hér á hv. Alþ. að taka til greina forföll manna, þó að ekki séu sérstaklega í því fólgin að sinna málum eins brýnum og hv. 9. þm. Reykv. hefur að sinna sem læknir. Og þess vegna finnst mér, að eigi að taka ósk hans til greina og sé skylt.

Nú ber á það að líta í sambandi við þetta mál, að það er við síðustu umr. í seinni d. og þinglok ber ekki svo brátt að, þó að þau fari að nálgast, að ekki sé tryggt, að hægt sé að afgreiða það sem lög. Við höfum, stjórnarandstæðingar, ekki haft þann hátt við umr. hér að tefja þær með málþófi og ætlum okkur ekki að gera það. En hitt finnst mér sanngjarnt, að ósk eins og þessi frá minnihlutamanni sé tekin til greina, þegar svona standa sakir. Ég skal taka fram, að ég er ekki að tala fyrir till. þeim, sem hv. 9. þm. flytur, og geng ekki út frá því að veita mörgum þeirra mitt atkv., en mér finnst þetta sanngirnismál og vildi láta hv. þdm. um það vita. Ég býst við, að hv. meiri hl. viti vel um það, að hann hefur mál eins og þetta á valdi sínu og honum verði ekki mikið fyrir um það frekar en við önnur mál að fella till. stjórnarandstæðinga og þess vegna þurfi hann ekki að beita valdi sínu til þess að láta afgreiða málið í dag. Ég skil ekki heldur, að þetta mál sé þess eðlis, að jafnvel þó að það dragist fram yfir páska, þá skerði það páskafögnuð nokkurs manns.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Við umr. um þetta mál hér í þessari hv. d., sem urðu í gær, komu fram óskir frá minni hl. í heilbr.- og félmn., þeim 9. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. e., á þá leið, að n. tæki þær brtt., sem fram

komu við 2. umr., til athugunar, áður en 3. umr. færi fram, og boðaði þá jafnframt landlækni á þann fund, svo að þeir minnihlutamenn gætu þar rætt við hann. Við þessum óskum var orðið, og fundur var haldinn í dag í n. og þar mætti landlæknir. Því miður hittist þannig á, að hv. 9. þm. Reykv. taldi sig ekki hafa tíma til að mæta vegna annríkis við önnur störf, og mætti hann því ekki á fundinum. Nú virðist hann vera það bundinn við störf sín úti í bæ, að hann geti ekki heldur komið hér á deildarfund, þar sem mál þetta er nú til umr. Ég vil taka fram, að ég lét hringja til hans fyrir u. þ. b. hálftíma og senda honum þau skilaboð að koma sem fyrst, vegna þess að lyfsölulögin væru að koma á dagskrá, en það virðist ekki hafa borið árangur.

Það er, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, liðið á þingtímann, það er mikið annríki í þinginu og þess vegna vissulega bezt að geta afgr. mál sem fyrst. Og ég sé ekki, að það séu frambærilegar ástæður til þess að fresta umr. um mál, þó að einhver þm., sem hefur brtt. fram að færa, geti vegna annarra starfa, sem eru þó, að ég hygg, hans venjulegu daglegu störf, ekki mætt hér. Það finnst mér ekki vera frambærilegt. Auk þess eru þeir minnihlutamenn að sjálfsögðu með sínum brtt. að berjast fyrir því, að frv. verði breytt, og ef eitthvað af þeim næði fram að ganga, þýddi það vitanlega, að málið þyrfti aftur að endursendast Nd.

Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að ég tel, að meiri hl. heilbr.- og félmn. hafi sýnt þeim minnihlutamönnum fulla lipurð í meðferð þessa máls og tekið tillit til óska þeirra. En meiri hl. tekur ekki undir þá ósk, að umr. verði frestað að þessu sinni, þar sem hann telur ekki nægilega ríka ástæðu fyrir hendi.

Forseti (SÓÓ): Vegna þess, sem fram hefur komið frá hv. 1. þm. Norðurl. e. um það að fresta nú þessu máli enn vegna fjarveru hv. 9. þm. Reykv., þá vil ég geta þess, að í samtali við hann í dag var ég búinn að tjá honum, að það mundi ekki verða hægt að fresta málinu. Og þar sem form. n. fyrir hönd meiri hl. óskar ekki eftir því, að málinu verði frestað, sé ég mér ekki annað fært en láta nú fara fram atkvgr. um brtt. og málið nái því að ná fram núna hér við þessa 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. og 73. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Á síðasta degi þingsins fyrir páska var hér í hv. d. til 2. umr. frv. til lyfsölulaga. Ég fór þess á leit skriflega við hæstv. forseta, að 3. umr. yrði frestað þar til fram yfir páska. Ég átti annríkt þennan síðari hluta dags og gat ekki verið viðstaddur framhaldsmeðferð málsins, og þess vegna fór ég fram á þetta. Það má minna á, að þetta frv. er í síðari deild hér og ekki þurfti að tefja málið mikið, þótt orðið hefði verið við þessari málaleitan minni. Hæstv. forseti sá sér ekki fært að verða við bón minni. 2. umr. var lokið, málið tekið til 3. umr. sama dag og þeirri umr. lokið, en atkvgr. frestað þar til í dag. Þetta sýnir bezt, hversu auðvelt það hefði verið að fresta umr. í heild, 3. umr. Hér er um að ræða óvenjulegt atvik, að mínum dómi, hér í þessari hv. d., að verða ekki við slíkum tilmælum.

Þetta frv. til lyfsölulaga hefur valdið nokkrum ágreiningi hér í hv. d. Það hafa verið bornar fram brtt. Þær hafa verið ræddar. Ég stend upp nú til þess að láta í ljós fyrst og fremst mikla óánægju í garð forseta fyrir að hafa ekki orðið við tilmælum mínum, og ég geri það vegna þess, að hér er um mál að ræða, sem ekki aðeins hefur orðið deilumál hér í þessari hv. d., heldur varðar mjög öryggi alls almennings í landinu.

Ég benti á það við umr. um málið, að ég teldi ekki nógu tryggilega gengið frá vissum atriðum í þessu frv., og gerði brtt. um það efni. Ég tel sérstaklega ástæðu til og ég tel það réttlætanlegt, að ég segi það hér utan dagskrár, að 10. brtt. mín á þskj. 537 snertir mál, sem verður að teljast varða almannaheill.

Fyrir nokkrum missirum varð það uppskátt, að eitt sérlyf, sem sent var um öll lönd, hafði í notkun hræðilegar afleiðingar, enda þótt það aðeins væri tekið í venjulegum skömmtum. Ef konur á vissu stigi meðgöngu tóku þetta lyf, þótt í hófi væri, áttu þær á hættu að ala börn hræðilega vansköpuð. Hvað segir þessi saga? Hún segir: Framleiðendum lyfja er leyft að afhenda ný lyf allt of fljótt til ótakmarkaðrar sölu til almennings. Þetta er eitt ljósasta dæmi um, að það er ástæða fyrir heilbrigðisyfirvöld hvers lands að hafa hér gát á. Þetta er ekkert einsdæmi. Nýtt mál er nú á döfinni varðandi viss lyf, getnaðarvarnalyf, sem talið er að geti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þá, sem þeirra neyta. Og öll svokölluð ávanalyf og nautnalyf síðustu ára eru með sama markinu brennd. Þeim hefur verið kastað út, leyfð á þeim ótakmörkuð sala, áður en reynsla var fengin fyrir verkan þeirra og áður en læknar eða almenningur gátu áttað sig á, að þau væru hættuleg. Við þessu sé ég sérstaka ástæðu til að vara, og þess vegna bendi ég á 10. brtt. mína, en með henni er sýnd viðleitni til þess að reyna að koma í veg fyrir slík mistök sem þessi hér á landi. Það á ekki að taka ný lyf á sérlyfjaskrá, fyrr en reynsla er fengin fyrir því, að þau, gefin inn í venjulegum skömmtum, hafi ekki skaðlegar aukaverkanir.

Þessa einu till. tel ég afsaka það, að ég stend upp nú og tala hér utan dagskrár. Og ég endurtek, að ég harma, að hæstv. forseti skyldi ekki vilja leyfa, að 3. umr. í heild biði

þar til nú eftir páska, enda er komið í ljós, að slíkt hefði ekki þurft að tefja málið um einn einasta dag.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta, en vegna þeirra ummæla, sem komu fram hjá hv. 9. þm. Reykv., get ég ekki látið hjá líða að segja örfá orð.

Hann segir, að framleiðendum sé leyft að kasta lyfjum allt of fljótt til almennings. Í sambandi við þau ummæli hans vil ég benda á það, að lyfsölulögin miða einmitt að því að hafa eftirlit með lyfjum, framleiðslu þeirra og sölu, og meira að segja rannsóknum og tilraunum með lyf. Þetta ræddi ég einnig við 2. umr. Ég ætla ekki að endurtaka það, ég tel það óþarft, því að flestir hv. dm. munu hafa verið viðstaddir þá. En ég vil aðeins geta þess, að meiri hl. n. er andvígur þessum brtt. hv. þm. Við fengum á milli 2. og 3. umr. landlækni á fund n. og ræddum þessar brtt. við hann. Auk þess ræddi forstjóri lyfjaverzlunar ríkisins við mig um þessa brtt. Þeir eru báðir andvígir þessum brtt. hv. þm., telja þær ýmist óþarfar eða til skaða.

Forseti (SÓÓ): Ég vil í tilefni af ræðu hv. 9. þm. Reykv., þar sem hann telur meðferð þessa máls við 3. umr. óvenjulega og óvenjulegt atvik og lýsir óánægju sinni við mig sem forseta um meðferð málsins, gera nokkrar athugasemdir. Ég skal ekki segja mikið um þetta mál, um þessar ávítur hv. þm., en aðeins minna á gang þessa frv. hér í þessari hv. deild.

Það er 14. marz, sem þetta frv. er hér til 1. umr., og því er þá vísað til heilbr.- og félmn., 14. marz. 4. apríl kemur út meirihlutaálit frá n. 5. apríl, eða daginn eftir, er málið tekið á dagskrá. 8. apríl kemur álit minni hl., þ. e. hv. 9. þm. Reykv., og 8. apríl, eða sama dag, er frv. hér til 2. umr. og er vísað til 3. umr. 9. apríl er málið á dagskrá fyrri fundar þann dag. Seinna um daginn, á öðrum fundi þann dag, er málið enn á dagskrá og þá er umr. lokið, þar sem enginn var á mælendaskrá, en atkvgr. frestað. Þetta sýnir það, að hv. n. hefur haft málið til meðferðar frá 14. marz til 4. apríl, þ. e. a. s. 20 daga, áður en nál. meiri hl. kemur út, og 4 dögum seinna kemur álit minni hl. Þetta sýnir það, að n. hefur haft rúman og sæmilegan tíma til þess að athuga þetta mál. Og ég segi það, að meðferð þessa máls hér í hv. d. og frá minni hendi getur að mínu áliti ekki talizt óvenjuleg, og lýsi ég því þessum ásökunum hv. 9. þm. Reykv. á hendur mér sem ekki venjulegum á hv. Alþingi.

Á sama fundi var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 537,1 felld með 10:1 atkv.
— 533,1 felld með 8:6 atkv.
— 537,2.a felld með 9:6 atkv.
Brtt. 537,2.b felld með 10:5 atkv.
— 537,3 tekin aftur.
— 533,2.a felld með 10:6 atkv.
— 533,2.b felld með 10:6 atkv.
— 537,4 felld með 10:1 atkv.
— 537,5 tekin aftur.
— 537,6 felld með 10:3 atkv.
— 537,7 felld með 10:2 atkv.
— 537,8 tekin aftur.
— 537,9 felld með 10:4 atkv.
— 537,10 felld með 10:7 atkv.
— 537,11—12 teknar aftur.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 670).

38. Almannatryggingar (stjfrv. um heildarendurskoðun).

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um almannatryggingar** [196. mál] (stjfrv., A. 384).

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Undanfarin 3 ár hafa verið gerðar mjög veigamiklar breytingar á almannatryggingalögunum. Það hófst með hækkun bótanna 1960 í sambandi við efnahagsráðstafanir ríkisstj., þar sem t. d. var fjölgað þeim, sem fjölskyldubóta nutu, og bætur yfirleitt mjög hækkaðar frá því, sem var áður. Síðan hefur á árinu 1960 verið gerð sú breyting, að skerðingarákvæðið svokallaða hefur verið afnumið, en þetta ákvæði var heldur illa þokkað af gömlu fólki, sem ellilífeyris átti að njóta. En þetta ákvæði í gömlu tryggingalögunum var á þann hátt, að þegar tekjur viðkomandi ellilífeyrisþega höfðu náð vissu marki, byrjuðu lífeyrisgreiðslurnar að skerðast, síðan þegar tekjur viðkomandi manns eða konu höfðu náð öðru marki, hurfu þessar lífeyrisgreiðslur með öllu. Afnám þessara ákvæða var svo í því fólgið, að gömlu fólki var heimilað átölulaust og án nokkurrar skerðingar á lífeyrisgreiðslunum að vinna, eftir því sem það mátti og án þess að ellilífeyririnn skertist. Þetta var mjög mikil bót frá því, sem áður var, og vel séð af ellilífeyrisþegum.

Þriðja stórbreytingin, sem gerð hefur verið á l., var svo gerð á þessu þingi, þegar afnumin var skiptingin í verðlagssvæði, sem áður hafði verið í gildi. En skv. fyrri lögum var landinu skipt í tvö verðlagssvæði, annars vegar þéttbýlli staðina og hins vegar þá staði, þar sem byggð var ekki eins samanþjöppuð. Bæði voru greiðslur til tryggínganna frá þessum stöðum og bótagreiðslur frá tryggingunum til þeirra allverulega mismunandi eftir

því, á hvoru svæðinu menn áttu heima. Þetta ákvæði mun upphaflega hafa verið sett inn í l. vegna þess, að það hafði verið mismunur á framfærslukostnaði á þessum stöðum, á þéttbýlli stöðunum og hinum, þar sem dreifbýlið var meira. Nú má segja, að þessi munur á framfærslukostnaði, hafi hann yfirleitt nokkurn tíma verið nokkur að ráði, þá sé hann að mestu eða öllu niður fallinn og þess vegna ekki réttlátt að gera mönnum svo mishátt undir höfði eins og gert var með því að skipta landinu á þennan hátt í 2 verðlagssvæði.

Allar þessar breyt. hafa verið undirbúnar af sérstakri n., sem skipuð var á árinu 1960 og í áttu sæti ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, Sverrir Þorbjarnarson, Gunnar Möller hrl., frú Jóhanna Egilsdóttir og frú Sigríður J. Magnússon. Þessi n. hefur haft það verk með höndum að undirbúa þessar þörfu breytingar, sem gerðar hafa verið, samtímis því sem n. hefur unnið að gagngerri endurskoðun á öllum almannatryggingunum, og það er það frv. frá n., sem hér liggur nú fyrir þessari hv. d. til 1. umr. Eins og hv. dm. hafa séð, fylgir frv. mjög ýtarleg grg., þar sem hvert einstakt atriði er rakið, gerð nákvæm grein fyrir hverri gr. frv. og lýst öllum aðdraganda að samningu frv. og rökunum, sem til breyt. liggja, sem gerðar eru.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að fara mjög langt út í þetta mál, en skal aðeins leyfa mér að rekja helztu efnisatriði frv.

Fyrsta meginbreytingin, sem gerð er, er sú, að allir lífeyrissjóðir verði frá gildistöku l. viðbótarsjóðir, þ. e. a. s. allir fái bætur almannatryggingalaganna frá 1. jan. 1964 og bætur lífeyrissjóðanna verði viðbótarbætur við bætur almannatryggingalaganna. Gert er ráð fyrir, að uppgjör eigi sér stað fyrir liðinn tíma á milli hvers lífeyrissjóðs og almannatrygginganna. Enn fremur dragast bætur almannatrygginganna frá bótum lífeyrissjóðs til einstakra bótaþega, unz bótaákvæði sjóðanna hafa verið endurskoðuð og greiðsla farið fram til almannatrygginganna til þess að jafna það, sem vangreitt hefur verið í þær, vegna þess að viðkomandi aðilar að lífeyrissjóðunum hafa ekki greitt full framlög til trygginganna. Þegar ýmsir lífeyrissjóðanna voru stofnaðir, var enn skerðingarákvæði almannatryggingalaganna í gildi, þannig að ef þeir hefðu haldið áfram að greiða til almannatrygginganna eins og aðrir, þá hefðu þeir þó í flestum tilfellum ekki fengið neinar greiðslur frá þeim, vegna þess að skerðingarákvæðið kom í veg fyrir það, og tekjurnar frá hinum sjóðunum, sérsjóðunum, urðu meiri en þurfti til þess, að skerðingin kæmi að fullu fram.

Þetta mun vera ástæðan til þess, að flestir sjóðanna, sem áður voru stofnaðir, fengu til þess heimild hjá stjórn almannatrygginganna að leggja niður mjög verulegan hluta eða um 70% af venjulegu iðgjaldi til trygginganna, og þá um leið ákveðið, að þeir nytu ekki bóta frá þeim á vissum sviðum, þ. e. ekki úr lífeyristryggingunum. Með breytingu þeirri, sem gerð var, þegar skerðingarákvæðið var afnumið, sem ég minntist á í upphafi, breyttist þessi staða mjög verulega, þ. e. a. s. ef menn héldu áfram að greiða til almannatrygginganna sín iðgjöld, þó að þeir væru meðlimir í sérsjóðunum, þá fengu þeir bætur úr báðum stöðunum, eftir að skerðingarákvæðið var numið úr gildi. Og það hefur líka orðið reynslan, að eftir að þetta var gert, eftir að skerðingarákvæðin voru felld niður, hafa yfirleitt þeir lífeyrissjóðir, sem stofnaðir hafa verið síðan, ekki sótt um að verða undanteknir iðgjaldi almannatrygginganna og þar með vitandi vits farið inn á þá braut að greiða til tveggja sjóða og fá þá lífeyrisgreiðslu frá þeim báðum.

Náttúrlega verða nokkrir erfiðleikar á því fyrir þessa sérsjóði að borga upp iðgjaldamismuninn, sem orðið hefur við það, að þeirra meðlimir voru undanþegnir iðgjaldagreiðslu til almannatrygginganna, en það er skýrt ákvæði l. um, að það skuli gert, og bæturnar ekki að fullu greiddar frá báðum aðilum, fyrr en þetta hefur komið til framkvæmda. Þetta verða að vísu nokkur útgjöld, og hjá sumum sérsjóðunum verða þau allmikil, en í frv. er líka gert ráð fyrir nokkru tímabili, sem hægt verði að dreifa þessum greiðslum á, eða 10 ára bili, sem hægt verði að semja um mest, til þess að gera upp sakirnar á milli sérsjóðanna og almannatrygginganna. Þetta er mjög veigamikil breyt. fyrir þá, sem aðilar eru að sérsjóðunum, þar sem þeir eftir gildistöku laganna fá fulla lífeyrisgreiðslu frá almannatryggingunum til viðbótar því, sem sérsjóðirnir greiða.

Önnur meginbreytingin er sú, sem nú er gert ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði greiddar með öllum börnum. En nú eru fjölskyldubætur, eins og kunnugt er, ekki greiddar með börnum, sem njóta barnalífeyris eða eiga rétt til meðlags. Fjölskyldubætur eru nú rétt rúmar 3000 kr. á ári með hverju barni, sem þeirra nýtur. Í frv. er gert ráð fyrir, að sú upphæð verði nálega óbreytt, eða sléttar 3000 kr. N. taldi eðlilegt, að fjölskyldubætur væru greiddar vegna allra barna, annaðhvort sem sjálfstæð greiðsla eða innifaldar í öðrum bótum. Til athugunar kom hjá n. að lækka barnalífeyri vegna þessara breytinga, en með hliðsjón af því, að barnalífeyrir er ekki hærri hér á landi en eðlilegt má telja, taldi n. ekki fært að leggja til, að hann yrði lækkaður, svo að neinu næmi. Þau börn, sem meðlög eru skilvíslega greidd með af barnsföður, njóta engra fjölskyldubóta, eins og nú er, og fá engar bætur í stað fjölskyldubóta. Hér er um að ræða misrétti, sem nauðsynlegt var talið að lagfæra, og er á þennan hátt lagfært nú, að öll börn, hvort sem þeim er greiddur barnalífeyrir eða þau njóta meðlagsgreiðslna frá föður, sem er utan fjölskyldunnar, fá þær eins og aðrir.

Þetta eru tvær aðalefnisbreyt. frv. En til viðbótar eru svo nokkur atriði, sem að vísu eru þýðingarmikil, en þó ekki eins og þessi tvö

höfuðatriði, sem í frv. er fjallað um. Fæðingarstyrkur er nú 2500 kr. rúmar, en í frv. er lagt til, að hann verði hækkaður upp í 4000 kr. Hækkunin á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að daggreiðslur á sjúkrahúsum hafa hækkað og á fæðingarstofnunum, en líka til hins, að þessi styrkur var alltaf talinn tiltölulega lágur. Hann hækkar, eins og ég sagði, úr 2500 kr. upp í 4000 kr., eða um 56%.

Þá er líka lagt til, að ekkjulífeyrir verði nokkuð hækkaður frá því, sem nú er, enda eru þessar bætur tiltölulega með því lægsta, sem greiddar eru af almannatryggingunum. Þá eru ákvæði um, að dánarbótum vegna slysa verði breytt, þannig að greiðslur í einu lagi til ekkju eða ekkils, eins og nú er, verði felldar niður, en í staðinn komi bætur, sem greiddar verði mánaðarlega í samtals 8 ár. Auk þessara breyt. á greiðslumátanum er lagt til, að bætur þessar verði hækkaðar mjög verulega.

Þá eru ákvæði um, að lágmark sjúkradagpeninga verði hækkað mjög verulega, og ákvæðin rýmkuð að því er varðar bótaþegana, sem dagpeninganna njóta. Þessir sjúkradagpeningar nema nú kr. 28,40 fyrir einhleypa og kr. 7.10 til viðbótar vegna eiginkonu og barns allt að þremur. Þessi dagpeningagreiðsla er hækkuð með frv. upp í 68 kr. fyrir kvænta menn og giftar konur, og 60 kr. fyrir aðra, og er þar um tvöföldun dagpeninganna að ræða frá því, sem nú gildir.

Þá er í frv. það nýmæli, að því er varðar greiðslur slysa- og sjúkradagpeninga, að það er lagt til, að slíkar bætur verði greiddar til atvinnurekanda, ef hlutaðeigandi launþegi er á launum hjá honum á þeim tíma, sem bæturnar eru greiddar. Það hefur tíðkazt mjög upp á síðkastið að semja um dagpeningagreiðslur, bæði vegna slysa og veikinda, í ýmsum fyrirtækjum, þannig að atvinnurekandi borgar nú í sumum tilfellum allt að því full daglaun, ef menn verða veikir eða verða fyrir slysi, en þá fellur um leið niður greiðslan frá Tryggingastofnun ríkisins á því tímabili. Og atvinnurekendur hafa borið fram þá ósk, sem virðist sanngjörn, að þeir fái þá að njóta dagpeningagreiðslunnar í þeim tilfellum, sem þeir borga þá, þegar sá slasaði eða sjúki nýtur þeirra ekki heldur, því að Tryggingastofnunin borgar ekki þessa dagpeninga, eins og ég sagði, þegar viðkomandi atvinnurekandi greiðir.

Þá er ákvæði í frv. um það, að verksvið héraðssjúkrasamlaga verði aukið, þannig að þau greiði kostnað vegna sjúkrahúsvistar þeirra samlagsmanna, sem lengri sjúkrahúsvistar þurfa en 30 daga á hverju ári. Einn meginerfiðleikinn við sjúkrasamlögin er sá, að mörg þeirra eru svo fámenn og vanmegnug, að lendi þau í því að þurfa að borga lengi með einhverjum meðlim sínum, getur það orðið þeim um megn. Með ákvæðunum um héraðssamlög, sem ekki er mjög langt síðan sett voru í lög, var meiningin sú, að innan hvers sýslufélags væri jafnað út kostnaðinum á milli hinna einstöku samlaga, þar sem mörg smásamlög eru, og á þann hátt reynt að hjálpa þeim fámennustu, ef til mikillar bótagreiðslu þyrfti að koma af þeirra hálfu. Þetta ákvæði hefur, að því er ég bezt veit, aldrei komið til framkvæmda. En það er nú ætlað, að þessi starfsemi færist inn í þann farveg, að héraðssamlagið kosti sjúkrahúsvist þeirra samlagsmanna, sem þurfa að hafa lengri sjúkrahúsvist en einn mánuð á ári, og má segja, að á þann hátt sé líka orðið við þeim upprunalega tilgangi héraðssamlaganna að jafna byrðarnar á milli þeirra, sem vanmegnugastir eru á svæðinu, og hinna, sem betur mega.

Allar þessar breyt. hafa eðlilega í för með sér allverulegan kostnað. Í frv. eða í grg., sem frv. fylgir, er á bls. 48 og 49 gerð ýtarleg grein fyrir þeim kostnaðarauka, sem leiðir af þeim breyt., sem í frv. felast. Það er talið, að þessi kostnaður verði í heild 54 millj. kr. rúmar. Sá kostnaður skiptist á ríkissjóð, hina tryggðu og sveitarsjóðina og atvinnurekendur. Ríkissjóður mun koma til með að borga 31.4 millj., hinir tryggðu 10.7 millj. kr., sveitarsjóðirnir 5.8 millj. kr. og atvinnurekendurnir 6,2 millj. kr., eða samtals 54.1 millj. kr. Og það er líka gerð grein fyrir, hvernig þessi kostnaður skiptist á slysatryggingar, sjúkratryggingar og lífeyristryggingar.

Þá ber að geta þess, að á móti þessari útgjaldaaukningu getur komið væntanlega hjá ríkinu nokkur fjárhæð, sem kynni að sparast á 18. gr. fjárlaga. Á þá grein hafa verið teknar ýmsar viðbótarupphæðir við lífeyristrygginguna, sem ríkissjóður hefur greitt beint til þeirra manna, sem fjvn. og Alþ. hafa álitið, að þess væru verðugir og hefðu þörf fyrir það. Þegar nú full greiðsla frá almannatryggingunum kemur í viðbót við greiðslurnar úr lífeyrissjóði, t. d. lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og fleirum, þá má vænta þess, að það verði ekki eins mikil þörf fyrir viðbótargreiðslur úr ríkissjóði beint á fjárlögum, eins og verið hefur, og gæti þá farið svo, að mjög verulega upphæð sparaðist einmitt á greiðslu skv. 18. gr. af þessum orsökum.

Þetta, sem ég hef nú rakið, er meginefnið í því frv., sem hér liggur fyrir. En í frv. eru líka teknar upp þær breyt., sem gerðar hafa verið upp á síðkastið, og felldar inn í meginmál laganna. Sömuleiðis eru margar greinar, sem breytt er, afleiðing af þeim breyt., sem þegar hafa verið gerðar, og er allt það rakið í grg. með frv. Gildistaka laganna er miðuð við 1. jan. næsta ár, og kemur frv. eða lögin, ef frv. verður að lögum, sem ég vil vænta, ekki til framkvæmda fyrr en þá. Er þetta fyrst og fremst vegna þess, að á fjárl. er ekki ætlað fé til þessarar breyt. eins og að undanförnu hefur verið ætlað til þeirra breyt., sem þá voru gerðar, og því verður að taka upp þessar fjárfúlgur, sem ríkissjóði er ætlað að greiða, á fjárlagafrv. 1964, og þess vegna ekki ætlað að láta þau taka gildi fyrr en í ársbyrjun næsta ár.

Ég þarf ekki orðum að því að eyða, hversu geysiþýðingarmikil almannatryggingalögin eru, ekki einasta fyrir þá, sem bótagreiðslu njóta, heldur einnig fyrir allt efnahagskerfi þjóðarinnar. Það mun nú vera svo, að bótagreiðslur tryggginganna nemi í dag að óbreyttum lögum 834 millj. kr. rúmum, og er það sú mesta tilfærsla á fjármunum, sem þekkist í landinu til þeirra, sem sjúkir eru, gamlir, hafa orðið fyrir slysum eða veikindum eða einhverju þess háttar, og má segja, að lögin, sérstaklega eins og þau nú verða með þeim breyt., sem hér er lagt til að gerðar verði, eru orðin nokkurn veginn á borð við það, sem bezt þekkist annars staðar.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Grg. er, eins og ég sagði, ákaflega ýtarleg, og þar geta menn lesið sér til um einstök efnisatriði og gang málsins í heild, kostnaðarreikninga og ýmislegt annað, sem dregið er fram til stuðnings þeim till., sem gerðar eru.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. tók fram, hafa verið gerðar allmiklar breytingar á lögum um almannatryggingar á síðustu 2—3 árum. Þetta ber að viðurkenna, og þetta er mér ljúft að viðurkenna. Nú liggur hér fyrir frv. til l. um almannatryggingar, þar sem um er að ræða ýmiss konar smærri og stærri breyt. Enn hefur mér ekki gefizt tími til að athuga þetta frv. gaumgæfilega, en mér er þó ljóst, að í því felast allmargar og verulegar umbætur frá því, sem nú er. Þetta frv. er undirbúið af mikilli vandvirkni af stjórnskipaðri nefnd. Í þeirri n. eiga sæti ágætir menn og reyndir menn í þessum efnum. En ég vil aðeins hafa orð á því, að mér hefði þótt heppilegra, að að þessu hefði unnið ekki stjórnskipuð n., heldur þingkjörin n. Það er mikilsvert, þegar um veigamikil mál er að ræða eins og þetta, endurskoðun mikilla lagabálka, þá fer vel á því, að það sé þingkjörin n., mþn., sem endurskoði, að þar eigi sæti fulltrúar bæði stjórnarsinna og stjórnarandstöðu. Þetta er auðvitað öllum hv. þdm. ljóst, að er líklegra til að gefa farsæla niðurstöðu. Það gefur víðari sjónhring.

Ég skal ekki ræða þetta frv. í einstökum atriðum, enda er ég ekki fær um það, hef ekki kynnt mér efni þess nógu vel. Mig langar þó aðeins að minnast á örfá atriði.

Í 22. gr. er nýmæli, sem fjallar um heimilishjálp handa ellilífeyrisþegum, heimilishjálp handa gömlu fólki, það, að kostnað við slíka hjálp geti tryggingaráð ákveðið að greiða sem uppbót á lífeyri. Ég hef orð á þessu fyrst, af því að ég fagna því sérstaklega, að þetta skuli hafa verið tekið upp. Ég hef á öðrum vettvangi í allmörg ár barizt fyrir því og bent á þörfina á því að auka heimilishjálp gamals fólks, einblína ekki alltaf á elliheimili og byggingu þeirra, heldur þvert á móti reyna að forða gamalmennum frá elliheimilum og öðrum stofnunum í lengstu lög. Nú hefur þetta litla atriði verið tekið hér upp í frv. til l. um almannatryggingar, og tel ég það mjög vel farið.

Ég vil líka hafa orð á því, eins og raunar hæstv. ráðh. tók fram, að hækkun sjúkradagpeninga er skv. þessu frv. mjög veruleg frá því, sem nú er. Hún hefur verið fyrir neðan allar hellur að mínum dómi, og gerði ég um það í fyrra hér í þinginu till., að sjúkradagpeningar yrðu hækkaðir. Nú hefur þetta fengizt í þessu frv., og ég fagna því. Nú er upphæðin farin að nálgast hliðstæðu sína í lögum, slysadagpeningana, að upphæð.

Þá skal ég loks geta þess sem eins kosts við þetta frv., að nú á að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum yngri en 16 ára, en eins og hæstv. ráðh. tók fram í sinni ræðu, hefur það ekki verið fram að þessu. Hér er um mikið réttlætismál að ræða, og ber að fagna því alveg sérstaklega, að það skuli finna náð hjá hæstv. ríkisstj., sem leggur þetta frv. fram. Samtímis því er svo það, að fjölskyldubætur skuli geta farið saman með hvers konar öðrum bótum almannatryggginganna. Þetta er stórt spor til bóta.

En þótt ég hafi ekki gaumgæft þetta frv. mikið, hef ég þó rekizt á nokkur atriði, sem mér finnst heldur miður fara. Mér finnst það a. m. k. líta dálítið illa út á pappírnum, að fjölskyldubætur og barnalífeyrir skuli lækka að krónutölu frá því, sem nú er. Hæstv. ráðh. gat um ástæður fyrir því, að barnalífeyrir hækkar ekki, en mér hefði fundizt, að hann hefði ekki átt að lækka að krónutölu þrátt fyrir þá breyt., sem gerð er í sambandi við hann. Hvorki fjölskyldubæturnar né barnalífeyririnn áttu að lækka. Þó er annað atriði, sem ég rakst á, öllu alvarlegra, og það er, að fyrirhugað skuli vera í frv. að fella niður mæðralaun með einu barni. Nú er það þannig, að mæðralaun eru greidd með einu barni og fleirum, en eftirleiðis skulu mæðralaun aðeins greidd með tveim eða fleiri börnum. Þetta finnst mér ósanngjarnt, sérstaklega ef við lítum á, að fjölskyldubætur eru greiddar með einu barni. Það verður þó að skoðast mjög mikill aðstöðumunur yfirleitt, aðstaða einstæðrar móður með barn og aðstaða fjölskyldu með barn. Þetta finnst mér vera svo stór galli, að engu tali taki. Það getur ekki verið, að það sé fjárhagsatriði, sem mæli gegn leiðréttingu á þessu.

Hér hefur áður verið flutt um það till., að lagfært yrði það ósamræmi, sem er á milli öryrkja eftir því, hvort þeir eru öryrkjar af völdum slysa eða sjúkdóma. Öryrkjar af völdum slysa njóta meiri fríðinda en öryrkjar af völdum sjúkdóma. Þetta er auðvitað óréttlátt. Ég hef áður gert um það till. hér, að þessu yrði a. m. k. að verulegu leyti kippt í lag, þannig að sömu reglur giltu fyrir báða þessa aðila með örorku á milli 50—75%. Þetta er ofur einfalt og kostar áreiðanlega ekki mikið. Til þess að greiða öryrkjum af völdum sjúk-

dóma styrk á þessum stigum milli 50 og 75% er heimild, sem er notuð að einhverju leyti, en mér finnst, að það eigi að vera sama ákvæði fyrir báða flokka: öryrkja af völdum slysa og öryrkja af völdum sjúkdóma.

Ég skal svo ljúka þessum orðum með því að benda á það, sem mér finnst vera stærsta vöntunin í sambandi við þetta ágæta frv. Aðalgallinn á frv. er að mínum dómi sá, að ekki skuli vera séð fyrir neins konar verðtryggingu bóta almannatrygginga. Ég hef oft bent á það áður, að það er ekki sanngjarnt gagnvart þessu fólki með sínar lágu tekjur og á tímum, sem við lifum á og höfum lifað á um áratugi, við vaxandi dýrtíð, minnkandi verðgildi peninganna, að það skuli ekki fást fram að verðtryggja þessar bætur. Það hefur verið bent á og borið fram sem afsökun, að slík verðtrygging bóta almannatrygginga yrði til þess að auka verðbólguna. Þessi afsökun, þessi röksemd er hlægileg. Vitanlega hefði það engin áhrif á verðbólguna, þótt allar bætur trygginganna yrðu verðtryggðar. Þetta er það, sem mér sýnist í fljótu bragði vera aðalvöntunin í þessu frv. Það er ekki einasta það, að það sé sanngjarnt gagnvart bótaþegum og raunverulega sjálfsagt gagnvart þessu vesalings fólki, heldur hygg ég, að það hljóti að vera miklu þægilegra fyrir ríkisvaldið og fyrir löggjafann sérstaklega. Þá þyrfti ekki á fárra ára fresti að vera að deila um þörfina á hækkun bótanna, a. m. k. ekki eins oft og nú. Ég tel því allt mæla með því, að einhvers konar verðtrygging á bótunum verði tekin upp, og úr því að þetta frv., svo vel og fagurlega sem það er undirbúið, er nú komið fram, þá finnst mér vera rétt, að þetta fáist nú í gegn.

Ég skal aðeins að lokum vekja athygli á, að þessi n., sem undirbjó frv., athugaði mjög gaumgæfilega önnur lög, sem líka þarfnast endurskoðunar, og það eru l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. N. komst að niðurstöðu í því máli, eins og fram kemur í grg., og ég felli mig mjög vel við þá lausn, sem n. telur heppilegasta. Ég harma það að vísu, að það mál skuli ekki koma fram nú þegar á þessu þingi, því að þörfin á endurskoðun þeirra l. er mjög rík. Þau eru löngu orðin úrelt og valda mikilli mismunun, sem fer eftir sjúkdómum, og hafa á þann hátt valdið mörgum sjúklingi miklum og óþörfum sársauka.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi fjölyrða um það merkilega löggjafarmálefni, sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins leyfa mér að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er hér fram komið. Ég skal játa, að mér hefur ekki unnizt tími til að lesa frv. þetta gaumgæfilega yfir, enda er hér um að ræða mikinn og ýtarlegan lagabálk. En ég þykist þó hafa séð það við fljótlegan yfirlestur frv., að það geymi ýmsar breyt. frá núgildandi löggjöf, — breytingar, sem horfa til bóta.

Það þarf sjálfsagt ekki að eyða orðum að því hér, hversu þýðingarmikil löggjöf almannatryggingalöggjöfin er. Almannatryggingarnar eru nú viðurkenndar af öllum mjög mikilsverðar. Þær hafa veitt og veita öldruðu fólki og öryrkjum ómetanlegan stuðning. Jafnframt gegna þær nú orðið mjög þýðingarmiklu þjóðfélagslegu hlutverki, eins og hæstv. ráðh. kom inn á í sinni framsöguræðu. Það er m. a. ljóst, að vegna almannatryggginganna hefur sú breyt. á orðið hér á landi, að mikið af þeirri framfærslu, sem áður var nefnd fátækraframfærsla, hefur færzt yfir í tryggingaform og tryggingakerfi, og munu flestir eða ég hygg nær allir, sem til þekkja, ljúka upp einum munni um, að það hafi verið til mikilla bóta. Ég held þess vegna, að það blandist engum hugur um það nú, að með setningu l. um almannatryggingar eða alþýðutryggingar í öndverðu hafi merkilegt spor verið stigið. En sú löggjöf var, eins og kunnugt er, í öndverðu sett fyrir atbeina Alþfl. og Framsfl., eða samstjórn þeirra flokka átti á sínum tíma frumkvæði að þeirri löggjöf.

Eins og eðlilegt var um frumsmíð, komu í ljós á þeirri löggjöf ýmsir annmarkar, sem úr þurfti að bæta. Það er þess vegna ofur eðlilegt og skiljanlegt, að það hafi smám saman þurft að gera ýmsar breyt. á þessari löggjöf, og það hefur líka verið gert. Löggjöfin hefur þannig smám saman verið löguð eftir breyttum þörfum og að fenginni reynslu. Ég hygg, að það megi segja um þær breyt., sem löggjöfin hefur þannig tekið, að þær hafi yfirleitt horft til bóta, en þó getur að sjálfsögðu orkað tvímælis um sumar þeirra. Og einkanlega gátu auðvitað á sínum tíma verið skiptar skoðanir um þá stefnubreytingu í þessum málum, sem átti sér stað, þegar horfið var frá því sjónarmiði, sem tryggingalöggjöfin var upphaflega byggð á, sem sé sjóðsmyndun, og að niðurjöfnunarkerfi. Ég skal hins vegar játa, að eins og tímarnir hafa breytzt og aðstæður eru allar nú og vegna þess, hve peningagengið hefur verið hér á hverfanda hveli, þá hefði verið erfitt að halda við hið upphaflega form um myndun sjóða. En þrátt fyrir það, að það hafi þannig getað verið skiptar skoðanir um þvílíkar breyt. í þessum efnum, þá held ég, að það sé rétt hjá mér, að menn hafi hér á hv. Alþ. yfirleitt, oftast nær a. m. k., viljað styðja þær breyt. á almannatryggingalögunum, sem til bóta hafa miðað og stefnt hafa í þá átt að gera almannatryggingakerfið fullkomnara en það var áður.

Ég skal ekki á þessu stigi fara út í það að ræða um einstakar breyt. í þessu frv., en eins og ég sagði áðan, sýnist mér við lauslegan og fljótlegan yfirlestur þess, að þar sé um að ræða ýmsar breytingar, sumar meiri háttar, aðrar ef til vill minni háttar, sem til bóta horfa. Að vísu er það svo, að það má segja, að sumar þær meginbreyt., sem felast í þessu frv. miðað við heildarlöggjöfina áður, eru þegar komnar í lög og hafa verið settar í lög á

þessu eða á síðustu alþingum, eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, svo sem afnám skerðingarákvæðisins og afnám skiptingar landsins í mismunandi verðlagssvæði, en þessar breyt. eru teknar upp í þetta frv., og þessu frv. er ætlað þar með að staðfesta þær. Ég álít, að þær breyt. hafi báðar miðað í rétta átt, og kom það fram af hálfu Framsfl., þegar þau mál voru hér til umræðu á sínum tíma, að ég hygg.

Um aðrar þær meginbreytingar, sem þetta frv. hefur að geyma, eins og þá að breyta hinum sérstöku lífeyrissjóðum, sem löggildingu hafa fengið, í viðbótarsjóði við almannatryggingarnar, þá er það að segja, að ég held, að sú breyt. sé tvímælalaust til bóta, enda hefur verið horfið að því á allra síðustu árum, að sú löggjöf, sem þá hefur verið sett um sérstaka viðbótarsjóði, eins og t. d. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, hefur verið við það miðuð, að þar væri um að ræða viðbótartryggingu. Ég hygg sem sagt, að sú breyt. sé til bóta. Hins vegar vildi ég leyfa mér í því sambandi að vara við ótímabærri bjartsýni um það, að þessi breyt., sem þarna er gerð, muni leiða til verulegs sparnaðar á 18. gr. fjárlaga. Að sjálfsögðu mun það sýna sig seinna meir, hvort það verður eða ekki, en vissulega má orða það, að það gæti komið frekar til mála að stöðva eitthvað þá þróun, sem þar hefur átt sér stað, eftir að þessi breyt. hefur verið gerð á almannatryggingalögunum.

Ég tek alveg undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um fjölskyldubæturnar, að ég tel þá breyt., sem þar er fyrirhuguð um að láta þær ná til allra barna, vera til hins betra, og sömuleiðis tek ég alveg undir það, sem sagt var um þá hækkun, sem ráðgerð er á fæðingarstyrk og ekkjulífeyri, og sömuleiðis finnst mér sú breyt., sem gerð er varðandi slysapeninga og sjúkradagpeninga, til bóta, og eins það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir að tekið sé upp á greiðslu eða útborgun dánarbóta.

Það er að sjálfsögðu svo, að þegar um svona umfangsmikinn lagabálk er að tefla, þá geta verið í honum ýmis atriði, sem tvímælis geta orkað, og það er þess vegna sjálfsagt, að þetta frv. sé gaumgæfilega athugað í þeirri n., sem það fær til meðferðar, og að þeirri athugun lokinni liggur að sjálfsögðu ljósar fyrir um einstök atriði í sambandi við þetta mál, og skal ég ekki fara lengra út í þá sálma að ræða einstök atriði frv., og vildi aðeins, eins og ég drap á í upphafi máls míns, láta fram koma þá afstöðu við 1. umr. málsins, að Framsfl. er fylgjandi þeim breyt. á almannatryggingalögunum, sem til bóta horfa. Það hefur hann verið að undanförnu og hefur, eins og ég áðan drap á, tekið undir þær breyt., sem í þá átt hafa stefnt.

Að sjálfsögðu hefur stundum komið fyrir, að skoðanir hafa verið skiptar um það, hvort nógu langt hefur verið gengið. Þar geta menn haft um eitthvað mismunandi sjónarmið, en auk þess hlýtur svo hin hliðin að koma til greina, spurningin um það, hvað getan leyfir. En um leið og ég læt þetta koma fram hér, að við munum fylgja í höfuðatriðum þeim breyt., sem hér er lagt til að gerðar séu á almannatryggingalögunum, og um leið og ég minni á það og undirstrika, að það hefur vissulega ekki staðið á framsóknarmönnum í þessu efni og ekki á stjórnarandstöðunni yfirleitt, að ég held, vek ég athygli á því, að það hefur talsvert borið á því að undanförnu, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi alveg sérstaklega fært sér og sinni stjórnarstefnu til gildis þær breyt. á almannatryggingalögunum, sem gerðar hafa verið á þessu stjórnartímabili og fyrirhugaðar eru. Og ekki á það hvað síst við um flokk hæstv. félmrh. Þegar maður les þær hástemmdu lýsingar, gæti maður álitið, að þar hefði verið við ákaflega ramman reip að draga, það hefði kostað mikil átök og mikla baráttu á þessum undanförnu þingum, á þessu núv. stjórnartímabili, að koma þessum breyt. fram. En sannleikurinn er sá, eins og ég hef þegar drepið á, að það má segja, að endurbætur þær á tryggingalöggjöfinni, sem gerðar hafa verið á þessu tímabili, hafi vissulega ekki verið neitt sérmál núv. hæstv. ríkisstj., heldur hafa, að ég held, allir þingflokkar stutt þau mál. Og ég bendi líka í því sambandi á það, að yfirleitt hafa þau frv., sem um þessi efni hafa fjallað, verið undirbúin af n., að vísu stjórnskipaðri, en þó n., sem í hafa átt sæti menn með ólíkar stjórnmálaskoðanir.

Þegar á þetta er litið, þá held ég, að það sé að vísu skiljanlegt og kannske afsakanlegt, þó að menn vilji eigna sér slíkar fjaðrir til þess að skreyta sig með. En ég held, að það verði naumast með réttu lagi gert, nema þá að láta fylgja með alla söguna, þ. e. að allir hafi stutt þessi mál. Og það er að mínu viti til sóma fyrir Alþingi Íslendinga og fyrir okkur alla, sem hér sitjum, að við höfum yfirleitt getað átt samleið í þessum málefnum, sem eru vissulega góð málefni.

Það er út af fyrir sig, eins og komið er, skiljanlegt, að gildistaka þessara laga sé miðuð við næstu áramót, þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir fjáröflun eða útgjöldum í fjárl. til þess að mæta þeirri útgjaldaaukningu, sem stafar af samþykkt þessara laga. Við því er náttúrlega ekkert að gera, úr því sem komið er. Ég verð þó að segja það, að ég hefði talið æskilegra, að það hefði verið gert ráð fyrir þessu í fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Það hefði verið auðvelt vegna þess, að ég hygg, að endurskoðun þessara l. hafi verið það langt komið á því tímabili, þegar fjárlfrv. var undirbúið, að það hefði þá mátt gera sér grein fyrir því, hver útgjöld þar af mundu stafa, og einmitt þess vegna verið hægt að gera ráð fyrir þessum útgjaldapósti í fjárl. og gera ráðstafanir til þess að afla tekna á móti. Þá hefði mátt láta þessar réttarbætur, sem í þessu frv. felast, öðlast gildi þegar í stað. Það hefði verið réttara að mínum dómi. En úr því sem komið er, þá skal ekki um það fengizt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki mörgu að svara þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls um frv., því að höfuðefnið í ræðum þeirra beggja var það að fara viðurkenningarorðum um frv. í heild sinni. Og þó að einstök atriði megi náttúrlega ævinlega deila um, þá var viðurkennt af þeim báðum, að heildarstefnan, sem í frv. kæmi fram, sé rétt og málið gott og þarft.

Hv. 9. þm. Reykv. byrjaði sitt mál á því að láta í ljós óánægju sína, verð ég að segja þó, yfir því, að sú n., sem með málið fór, hafi verið stjórnskipuð, en ekki þingkjörin, og taldi, að það væri næstum því að segja alveg öruggt, að verk þannig skipaðrar n. hlyti að vera lakara en þingskipaðrar n., sem hefði fengið málið til meðferðar. Ég er honum alls ekki sammála um þetta. Ég held, að það, sem á mestu velti í þessu sambandi, sé það, að þarna komi fram þekking á þeim málum, sem um er fjallað, og vilji til þess að leysa þau á þann skynsamlegasta hátt, sem fyrir hendi er. Ég er ekki í vafa um það, að ef kosið hefði verið í n. eftir pólitískum styrkleika flokkanna hér á Alþ., þá hefði ekki verið trygging fyrir því að fá jafnhæfa menn til starfa eins og hafa fengizt. Ég tel, að með þeim, sem um málið hafa fjallað, bæði ráðuneytisstjóranum í félmrn., forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og formanni Sjúkrasamlags Reykjavíkur og tveimur konum, sem gerþekkja það verkefni, sem hér liggur fyrir, þá sé það ein sú sterkasta samsetning á n., sem hægt sé að hugsa sér, ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að málinu hefði verið betur ráðið til lykta, þó að n. hefði verið kosin eftir pólitískum línum hér á hv. Alþ. Það má náttúrlega segja, að þar standi fullyrðing á móti fullyrðingu, en ég held þó, að þarna hafi komið fram í starfi n. þeir beztu kraftar, sem völ var á til þess að leysa málið. Og til viðbótar má svo geta þess, að þarna áttu líka hlut að tryggingafræðingur Tryggingastofnunar ríkisins, Guðjón Hansen, sem var með n. alla tíð og hefur reynzt mjög þarfur maður og mjög fróður um alla þá hluti, sem hér koma til greina. Loks má geta þess, til þess að öllu sé til skila haldið, að með n. starfaði að einum málaflokki fulltrúi atvinnurekenda, framkvæmdastjóri þess félagsskapar, sem ekki var talið óeðlilegt og raunar sjálfsagt, þar sem atvinnurekendur greiða allan kostnaðinn við slysatryggingastarfsemina, og þess vegna ekki óeðlilegt, að hann kæmi þar að. En ég tel, að með þessu fólki öllu hafi verið gerð tilraun til þess að fá þann bezta árangur, sem hægt var í málinu.

Þá minntist hv. sami þm., hv. 9. landsk., á ýmislegt í frv., sem hann taldi til mikilla bóta, eins og raunar báðir hv. þm. gerðu, sem til máls tóku, en svo minntist hann á nokkur atriði, sem hann felldi sig þó ekki við. Stærsta atriðið, sem hann minntist á, var það, að bótagreiðslur almannatryggginganna væru ekki vel tryggðar, eða m. ö. o., að það væri á hverjum tíma ekki tryggt, að bótagreiðslurnar til bótaþeganna hefðu sama verðgildi. Út af þessu skal ég aðeins segja það, eins og raunar kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að þegar horfið var frá því að safna í sjóði, eins og upphaflega var gert, og farið inn á þá braut, sem nú er, að jafna niður eða greiða allar bæturnar jafnóðum og þær falla til greiðslu, þá er ekki eins hættulegt, að hér séu ekki verðtryggðar upphæðir, eins og annars mundi hafa verið, enda sýnir það sig, að bara á síðustu tveim árum hafa farið fram mjög verulegar hækkanir á bótagreiðslunum í hlutfalli við þær hækkanir, sem opinberir starfsmenn hafa fengið á sín laun á þessu tímabili. Í fyrra skiptið voru með l. nr. 95 1961 hækkaðar bæturnar um 13.8% frá 1. júlí 1961 að telja og um 4% í viðbót 1. júní 1962. En í síðara skiptið var hækkunin 7%, sem tók gildi frá 1. júní 1962, en að vísu tók einnig til elli- og örorkulífeyrisins, vegna þess að þessi endurskoðun, sem hér liggur fyrir, stóð þá yfir. M. ö. o.: það hefur verið regla að leitast við að hafa bæturnar eða bótagreiðslurnar með svipuðu álagi og laun opinberra starfsmanna hafa fengið. Það er að vísu ekki verðtrygging í þeim skilningi, sem hv. ræðumaður vildi vera láta, en það er þó, að mér finnst, komin á það nokkurs konar hefð, að bótagreiðslurnar hækki svipað og laun almennt í landinu hafa hækkað, eða verðlagið — skulum við kannske heldur segja — í landinu hefur hækkað.

Þá minntist hv. þm. á, að fjölskyldubætur og barnalífeyrir hefðu lækkað samkv. frv. Það er að vísu rétt, að það má kalla það lækkun. En það er í báðum tilfellunum þannig, að það eru teknar tölur, sem standa á heilu hundraði í staðinn fyrir eyri eða brot úr eyri áður. Barnalífeyririnn lækkar um 10.11 kr. samkv. frv., en hann var áður, að ég ætla, 710.11 kr., en er nú færður niður í 700 kr. á mánuði. Og að tala um það sem hækkun eða lækkun í þessu sambandi finnst mér ekki koma til mála, heldur lagfæringu til þess að hafa betri tölur að reikna með. Kannske munar eitthvað um þetta, en ég tel, að það sé svo lítið, að það þurfi ekki að taka með í reikninginn, og það er þá til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að breyta þessu og taka upp greiðsluna í aurum, eins og áður var, ef menn vilja það heldur og telja það skipta máli.

Þá gat hv. þm. þess líka, að mæðralaunin til konu með eitt barn séu felld niður. Það er rétt að forminu til, að mæðralaunin eru felld niður. En það koma aðrar bætur þar í staðinn, þannig að útkoman, sem hún fær út úr þessu, hækkar á hverjum mánuði um 100 kr., eða um ca. 12%, þannig að heildarbæturnar, sem greiddar eru, verða á ári 12% hærri en þær eru nú með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til að haft verði. En að þetta er gert svona að till. n., kemur af því, að árið 1953, þegar tekið var að greiða fjölskyldubætur með 2. og 3. barni í fjölskyldu, komu fram kröfur um það, að fjölskyldubætur til einstæðra mæðra yrðu líka teknar upp. Alþ. féllst á þetta, en ekki sem fjölskyldubætur, heldur voru það kölluð mæðralaun, þannig að raunverulega

voru komnar á með þeirri samþykkt Alþingis, sem gerð var 1953, fjölskyldubætur handa barni einstæðra mæðra, en bara kallaðar öðru nafni. Ég hygg, að það sé þetta, sem hafi vakað fyrir n., en ekki það að vilja skerða hlut þessara aðila, og síður en svo, því að eins og ég sagði hækka bæturnar um 12% til þeirra, hvaða nafni sem þær eru kallaðar, svo að það er út af fyrir sig engin tekjusvipting eða lækkun í bótum, heldur þvert á móti.

Ég skal almennt um frv. segja það, að það er flutt alveg óbreytt eins og n. lagði til að það yrði, og rn. hefur ekki breytt í því einum stafkrók, enda átt náttúrlega nokkurn hlut að samningunni, þar sem ráðuneytisstjórinn var með í því. En sjálfsagt eru þessi atriði, bæði þessar krónur af barnalífeyrinum og fjölskyldubótunum og þessi niðurfelling að formi til á mæðralaunum einstæðra mæðra með eitt barn, þannig, að það kemur náttúrlega vel til athugunar að rannsaka, hvort það er æskilegt eða nauðsynlegt að lagfæra það. Og ég hef síður en svo á móti því, að tilfærslur verði á þessu gerðar, sem ekki skerða megintilgang frv. og eru heldur til bóta en hitt.

Þá minntist hv. þm. á ríkisframfærsluna, og það er alveg rétt, hún var til athugunar í n. Hún er orðin á eftir tímanum, og það er þörf á að breyta henni. En n. treysti sér ekki til þess að athuguðu máli, og hún lagði þess vegna til, að ríkisframfærslan héldist óbreytt um sinn, eins og það er orðað í grg., en væntir þess, að á þessum málum reynist innan skamms unnt að finna viðunandi lausn. Og ég er þessu sammála. Það er þörf á að breyta ríkisframfærslunni í verulegum atriðum, og það mál verður þá til athugunar síðar hjá þeim, sem um það kunna að fjalla eða eiga að fjalla.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. fór viðurkennandi orðum um frv., og ég er honum þakklátur fyrir það. En annars fór hann nokkuð út í það að ræða flokkslega afstöðu til málsins fyrr og síðar, og ég get ekki komizt hjá því að svara því með nokkrum orðum, vegna þess að mér fannst hann finna Alþfl. það til foráttu, að hann hefði eignað sér heiður af málinu, sem honum bæri ekki, heldur hefðu aðrir flokkar tekið undir það. Og að sumu leyti get ég á það fallizt, að það hafi verið gert, sérstaklega nú upp á síðkastið, því að það er nú svo komið, sem betur fer, að nú vilja allir Lilju kveðið hafa. Lögin hafa fengið þann hljómgrunn og sú starfsemi, sem á þeim er byggð, hefur fengið þann hljómgrunn, að nú vill enginn flokkur andmæla því, sem til bóta horfir í þessu máli. En þetta hefur sannarlega ekki alltaf verið tilfellið og langt frá því. Ég held, að ég fari þar með rétt mál, og það er ekki til þess að mikla Alþfl. sérstaklega, en bara til þess, að það komi fram, að Alþfl. átti frumkvæðið að þessum l. í upphafi. Hann hefur líka átt frumkvæðið að ýmsum breyt., sem á hafa verið gerðar, og sumum þeim mikilvægustu. Stundum hefur Framsfl. fylgt þessum málum fram, en stundum hefur hann líka ekki gert það, og er þar skemmst að minnast höfuðbreytingarinnar, sem gerð var 1945, þegar megnið af flokknum eða næstum því allir sátu hjá við atkvgr. um málið, treystust ekki til þess að fylgja því.

Ég segi þetta ekki til þess að fara að deila hér við einn eða neinn um það, hverjum beri að þakka framgang þessara mála. Það hafa upp á síðkastið allir flokkar staðið að þeim aðalbreytingum, sem gerðar hafa verið, og ég er út af fyrir sig þakklátur fyrir það, en afstaða flokkanna til þessara mála hefur ekki alltaf verið sú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 384, n. 482, 486).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og fengið forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til viðtals um það. Auk þess hef ég rætt einstök atriði þess við aðra nm., sem unnu að samningu þess. N. er sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum, sem greinir á þskj. 482. Hv. 9. þm. Reykv. og 1. þm. Norðurl. e. áskilja sér þó rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eða flytja frekari brtt. við þær, sem n. er sammála um að flytja. Til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins var haft samráð við hv. heilbr.- og félmn. Nd.

Ég vil leyfa mér að þakka þeirri nefnd, sem unnið hefur að þessari endurskoðun, fyrir mjög gott starf. Það er enginn vafi á því, að þær breyt., sem með þessu frv. eru gerðar á almannatryggingum, eru til mikilla bóta, eins og þær breyt., sem áður voru gerðar á l. 1960 og á þessu þingi í samráði við endurskoðunarnefndina, en það var að afnema skerðingarákvæðin og gera landið allt að einu verðlagssvæði.

Þá vil ég ræða nokkuð einstök atriði frv. og helztu breyt. og um leið þær brtt., sem við höfum lagt til að gerðar yrðu við frv.

Fyrstu 12 gr. frv. eru að mestu samhljóða gildandi lögum, aðeins breytt orðalagi á nokkrum stöðum til þess að gera ákvæðin skýrari og ótvíræðari í samræmi við þá framkvæmd, sem í reynd hefur orðið á lögunum.

Um 13. gr. Gert er ráð fyrir, að örorkumat komi síðar en nú er, en á móti því verði dagpeningar greiddir allt að 52 vikum, eins og síðar greinir.

Í 15. gr. er sú veigamikla breyt., að framvegis verða fjölskyldubætur greiddar með öllum börnum og án tillits til annarra bóta. Bæturnar greiðast þeim, sem foreldraráð hefur eða annast börnin. Við þá grein leggjum við til að bætist: „Nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er

heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag."

Sú skoðun kom fram, að eðlilegt væri, ef foreldrar væru ekki samvistum, þá væri fjölskyldubótunum skipt á milli þeirra. Rétt er þó í því sambandi að geta þess, að einmitt vegna þess, að gert er ráð fyrir, að sá, sem hefur börnin hjá sér, fái fjölskyldubæturnar, er í frv. lagt til, að lágmarksmeðlag hækki ekki frá því, sem nú er. Á þann hátt nýtur því sá, sem meðlag greiðir, að nokkru þessarar breytingar, sem lagt er til að verði gerð á fjölskyldubótunum, að þær verði greiddar með öllum börnum. En n. féllst á, að skipta megi fjölskyldubótum eins og greinir í brtt., ef greitt er hærra meðlag.

Þá leggur n. til, að 17. gr. verði breytt svo, að mæðralaun verði greidd með einu barni, 1680 kr. á ári. Endurskoðunarnefndin hafði lagt til, að því yrði hætt, um leið og móðir með eitt barn fengi fjölskyldubætur.

Í 18. gr. er lagt til, að fæðingarstyrkur verði hækkaður um 56%, í 19. gr., að ekkjubætur verði hækkaðar um 17%, í 20. gr., að ekkjulífeyrir verði hækkaður mjög verulega.

Við 21. gr. er 3. brtt. á þskj. 482. Er þar lagt til, að heimildin til hækkunar lífeyris sé nokkuð rýmkuð frá því, sem nú er. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Í 22. gr. er enn fremur lagt til, að hækka megi lífeyri til að mæta útgjöldum vegna heimilishjálpar í viðlögum, og ætti það að geta greitt fyrir, að breyt. á þeim l., sem væntanlega verður samþ. á þessu þingi, komi til framkvæmda.

Aðrar greinar þessa kafla eru að mestu efnislega óbreyttar frá gildandi lögum. 29. gr. og 30. gr. eru að mestu óbreyttar, þó er orðalagi nokkuð breytt, til þess að ákvæðin verði skýrari og ótvíræðari í samræmi við aðstæður, eins og þær eru nú. Í 31. og 32. gr. er lagt til, að trygging án tillits til launagreiðslu verði nokkru víðtækari en nú er og skyldutrygging launþega látin ná til mun fleiri aðila en nú er. Er með þessu bætt úr annmarka, sem verið hefur á l. til þessa.

Í næstu greinum eru ekki veigamiklar breyt. aðrar en sú, að lagt er til, að dagpeningar verði greiddir í allt að 52 vikur í stað 26 nú, og er það í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur, og þykir heppilegra, einkum vegna ákvæðanna um örorku í samræmi við hinar nýju reglur um örorkumat. Enn fremur er örorkulífeyrir þeirra, sem hafa 50—75% orkutap, hækkaður verulega frá því, sem nú er.

Í 37. gr. felst veruleg hækkun dánarbóta og breytt greiðsluform, mánaðarleg greiðsla í 8 ár í stað þess, að nú er greitt í einu lagi. Í öðrum greinum þessa kafla eru ekki aðrar breyt., sem máli skipta, en þær, að álagning iðgjalda og skipting í áhættuflokka er gerð mun einfaldari í framkvæmd en nú er.

Í IV. kafla eru ekki verulegar breyt. frá því, sem nú gildir, nema lagt er til, að húsmæður fái rétt til sjúkradagpeninga án tillits til tekna eiginmanns, en það er veruleg réttarbót. Dagpeningaupphæðin til þeirra er ákveðin með tilliti til þess, að algengt er, að húsmæður inni störf sín af hendi, þó að þær séu að verulegu leyti óvinnufærar, og til mats á tekjum þeirra og svo þess nýmælis, að gert er ráð fyrir, að dagpeningar húsmóður haldist, þótt hún liggi í sjúkrahúsi. En upphæð sjúkrabóta húsmóður er miðuð við það, að þær séu jafnar lífeyrisgreiðslu.

Við 54. gr. er brtt., 4. till. á þskj. 482. Þar er lagt til, að stefnt skuli að því, að iðgjöld sjúkrasamlaga séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg. Er þetta í samræmi við það, að skiptingu landsins í verðlagssvæði var hætt, og þá sjálfsögðu stefnu, að menn skuli njóta svipaðra réttinda, hvar á landinu sem þeir eru búsettir, eftir því sem unnt er.

Í V. kafla eru þessi nýmæli helzt: Gert er ráð fyrir, að fjölskyldubætur séu greiddar án tillits til annarra bóta, eins og áður er sagt. Enn fremur er lagt til, að greiða megi slysadagpeninga samtímis elli- eða ekkjulífeyri, og er það eðlileg og sjálfsögð réttarbót. Mikill fjöldi ellilífeyrisþega vinnur nú fulla vinnu, og er óeðlilegt, að þeir fái ekki sem aðrir bætt tímabundið vinnutap vegna slysa. Ákvæðin, sem nú gilda, eru eftirstöðvar af skerðingarákvæðunum gömlu, sem numin voru úr gildi 1960. Þá er gert ráð fyrir, að endurkræfur barnsfararkostnaður hækki úr 600 kr. í 1000 kr. á mánuði.

Í 81. gr. þessa kafla er ekki gert ráð fyrir, að Tryggingastofnunin veiti sérstökum lífeyrissjóðum viðurkenningu og viðurkenning þeirra sjóða, sem hana hafa hlotið nú, falli niður um næstu áramót og njóti sjóðfélagar fullra réttinda almannatrygginga frá 1. janúar 1964 og greiði full iðgjöld til almannatrygginga frá sama tíma. Þó helzt afstaða þeirra gagnvart sjóði sínum og almannatryggingum óbreytt, þar til lög sjóðsins hafa verið endurskoðuð með tilliti til hinna nýju viðhorfa. Langstærsti og elzti sjóðurinn, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, hefur þegar látið fara fram þessa endurskoðun, og liggur frv. um lagabreyt. til samræmis við þessi nýju viðhorf fyrir þessari hv. d. Ég skal að þessu sinni ekki hafa mörg orð um þessa breytingu. Ég tel, að hún hafi verið fyrir alllöngu orðin eðlileg og nauðsynleg. Þess hefur líka orðið vart, að lífeyrissjóðir, sem nýlega hafa verið stofnaðir, hafi verið viðbótarsjóðir við almannatryggingar, eins og lagt er til að allir slíkir sjóðir verði framvegis. Nokkrir sjóðir, sem hlotið hafa viðurkenningu, hafa óskað eftir og fengið hana afturkallaða og orðið viðbótarsjóðir. Virðist sú skipan þessara mála eðlilegust, að allir hafi fullan rétt til almannatrygginga, en síðan sé frjálst að afla sér eða kaupa frekari tryggingu, ef menn óska.

Það hefur komið fram nokkur uggur í forráðamönnum sumra þessara sjóða um, að skiptin yrðu sjóðunum erfið. Ég tel ástæðulaust að óttast það, enda var óttinn að nokkru leyti bundinn við þann misskilning, að endurskoðun yrði

að vera lokið 1. jan. n. k. En svo er alls ekki, eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæðinu, sem ég las áðan. Þá hefur sú hugmynd komið fram, að í stað þess, að sjóðirnir semji fyrir félaga sína við Tryggingastofnun ríkisins, skuli hver sjóðfélagi semja fyrir sig, en það yrði slíkur glundroði, að telja má alveg ófært. Þessi hugmynd mun risin af því, að réttindi einstakra sjóðfélaga geta verið verulega misjöfn eftir því, hvað þeir hafa starfað lengi, á hvaða aldri þeir hófu störf o. s. frv. Þó er þess að geta, að nú er munurinn ekki eins mikill og áður var, því að almannatryggingalögin binda rétt sjóðfélaga þannig, að hann má aldrei vera minni en almannatryggingar veita. En samkv. því getur lífeyrissjóður, sem samkv. sínum reglum ætti að greiða bótaþega 16 þús. kr. á ári, verið skyldugur til að greiða honum nær 33000 kr. á ári. M. a. af þessum ástæðum verður uppgjör sjóðanna eða endurskoðun því erfiðari sem það dregst lengur, og virðist ekki ástæða til að breyta ákvæðum frv. um þetta. Það er enginn vafi á því, að með þessu frv. er stórt spor stigið í þá átt að gera almannatryggingarnar fullkomnari, sanngjarnari og réttlátari og bæta eftir föngum hlut þeirra, sem mest þurfa á því að halda.

Það eru komnar fram á þskj. 486 brtt. frá hv. 9. þm. Reykv., sem ég hef aðeins lítið á og ég skal aðeins fara örfáum orðum um.

1. brtt. er sú, að lagt er til að taka upp í lögin reglur, sem eftir frv. er ætlazt til að séu settar með reglugerð, og verð ég að telja, að það séu miklu heppilegra að setja það í reglugerð en að binda það í l. Það er miklu þjálla í meðförum.

2. brtt. leggur til, að hækkun barnalífeyris verði 240 kr. meiri en nú er. Í sambandi við það vil ég aðeins geta þess, að endurskoðunarnefndin hafði þetta að sjálfsögðu til athugunar, hvað mikið ætti að hækka ýmsar bætur, sem frv. veitir, og taldi ekki ástæðu til að hafa barnalífeyrinn hærri en lagt er til í frv., og getur þess sérstaklega, ef ég man rétt, að það kæmi frekar til mála að hækka aðrar bætur, sem séu nær því tæpasta, sem við verði unað, frekar en að hækka þessar bætur.

Þá leggur hv. þm. enn fremur til í 3. brtt. sinni, að dagpeningar húsmóður hækki í 50 kr. á dag. Ég gat þess áðan, að dagpeningar húsmóður eru í þessu frv. miðaðir við það, að þeir séu jafnir lífeyri, og gat enn fremur um nokkrar ástæður til þess, að þeir eru ákveðnir eins og gert er í frv. Það er að mörgu leyti miklu erfiðara að meta til fjár starf húsmæðra en annarra og sömuleiðis miklu erfiðara að fylgjast með heilsufari þeirra en annarra þeirra, sem vinna úti og taka þar sín laun. Þá er þess enn fremur að geta, eins og kom fram áðan í því, sem ég sagði, að það er gert ráð fyrir nokkrum hlunnindum, sem húsmæður hljóti umfram aðra bótaþega, nefnilega þeim, að þær halda sínum sjúkrabótum, þó að þær liggi í sjúkrahúsi, en svo er ekki um aðra bótaþega.

Og þá er eins og vænta mátti rúsínan í pylsuendanum hjá hv. þm. Hann ætlast til þess að taka upp vísitölureikning á bætur, eins og hann hefur stundum lagt til áður, en ég held nú ekki, að ég eða aðrir muni verða fylgjandi þeirri till. hans.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. tók fram, flyt ég á þskj. 486 4 brtt. við frv. til l. um almannatryggingar.

Fyrsta till. fjallar um örorkubætur vegna sjúkdóms, þegar örorkan liggur á milli 50 og 75%. Ég legg þar til, að það verði ákveðið í l., hvernig greiða skuli örorku, þegar um þessa örorku er að ræða, 50—75%, en eins og nú er háttað í lögum, er þar aðeins um heimild að ræða. Ég legg til, að fylgt sé sömu reglum í þessu efni, hvort sem um slysaörorku er að ræða eða sjúkdómsörorku, og þær reglur, sem nú gilda um slysaörorku, skulu eftirleiðis einnig gilda um sjúkdómsörorku. Ég hef áður rætt þetta hér í hv. d. og skal ekki fjölyrða um það frekar nú. En ég vil aðeins benda hv. þdm. á, að nú hefur verið lagt fram frv. til l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í 13. gr. þess frv. er um að ræða eitt nýmæli, og það nýmæli fjallar um hækkun örorkubóta vegna sjúkdóms, þegar örorkan er milli 50 og 75%. Og hvers vegna er þetta gert? Hvers vegna er þetta nýmæli tekið upp í þessu frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins? Það er af því, að menn hafa séð veiluna, komið auga á veiluna, sem er í almannatryggingalögunum í þessu efni, og það er til þess að bæta sjóðþegum upp það ranglæti, sem falið er í almannatryggingalögunum. Það kveður svo rammt að, að samkv. frv. til l. um lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna verður meira greitt þar örorkulífeyrisþegum, þegar örorkan liggur á milli 50 og 75%, heldur en þegar hún er komin yfir 75%. Þá taka almannatryggingarnar við og þá er unnt að lækka aftur. Um þetta segir svo í aths. við þessa 13. gr. í nefndu frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Í 3. mgr. er það nýmæli, að örorkulífeyrir er hærri hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri en örorkan er metin, ef hún er yfir 50%.“

Tilefni þessarar breyt. er, að það virðist vera reynsla, bæði hér og erlendis, að mönnum með háa örorku gangi tiltölulega verr að nýta þá starfsorku, sem þeir eiga eftir, heldur en þeim, er hafa lítið skerta starfsorku. Eftir reglunni mundi maður, sem væri 60% öryrki, fá örorkulífeyri, er næmi 70% af hámarksörorkulífeyri, samkv. 2. mgr. Sá, sem metinn er 76% öryrki eða meira, á samkv. þessu rétt á hámarksörorkulífeyri, en hann á þá rétt á örorkulífeyri frá almannatryggingunum. Ef sá lífeyrir kæmi sem viðbót, yrði um stórt stökk að ræða í örorkulífeyrinum á 75% örorkustigi. Ekki er tilefni til slíks, og er því örorkulífeyrir sjóðsins lækkaður, um leið og menn öðlast rétt til örorkulífeyris almannatrygginganna, um þá upp-

hæð, er honum nemur. Hér kemur greinilega fram viðleitni þeirra manna, sem undirbúið hafa þetta frv. um þennan lífeyrissjóð, til að bæta úr því ranglæti, sem ríkir í þessu efni í almannatryggingal. Það má segja, að þetta ákvæði í þessu frv. um þennan einstaka lífeyrissjóð er gott og gilt og það bætir þetta upp þeim fáu mönnum, sem þess njóta. En hvað um alla hina, sem ekki njóta viðbótarlífeyrissjóðs? Þeir mega eftir sem áður fara á mis við þetta réttlæti, verða áfram að búa við þá skerðingu, það ranglæti, sem almannatryggingalögin búa því. Það er enginn efi á því, að það er rétt, að þeir öryrkjar, sem metnir eru frá 50—75%, eru mjög illa settir atvinnulega og þjóðfélagslega séð. Og þess vegna er það, að ég flyt till. um þetta aftur og aftur hér á Alþingi.

Önnur till. mín fjallar um, að árlegur barnalífeyrir verði hækkaður örlítið frá því, sem er í frv. Það er staðreynd, að flestar bætur almannatrygginganna hækka verulega og sumar mjög mikið, þegar þetta frv. er orðið að lögum. En það er eitt, sem ekki hækkar, það er barnalífeyririnn, og það er ekki nóg með það, að hann hækki ekki, heldur lækkar hann í krónutölu. Þetta er ekki mikið að vísu, en mér finnst það líta svo illa út, að það ætti að breyta því. Lækkunin er til komin fyrir það, að það stóð eitthvað illa á aurum og krónum. Þess vegna er mánaðarlegur barnalífeyrir nú lækkaður um 10.11 kr. Það er lækkað niður í næsta tug fyrir neðan. En þegar líkt hefur staðið á í þessu frv. um aðra styrki, þá eru þeir hækkaðir upp í næsta tug fyrir ofan. Hvers vegna ekki gera það eins, þegar um barnalífeyri er að ræða, og það er það eina, sem felst í minni till. Hækkunin er þess vegna óveruleg, en hún er aðeins í samræmi við önnur vinnubrögð í þessu frv., þ. e. a. s. hækka frekar í krónutölu en að lækka í krónutölu.

Í 50. gr. frv., 5. mgr., er mjög sérkennilegur málsliður. Það er síðasti málsliðurinn í 5. mgr. Hann hljóðar svo:

„Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar lífeyrisupphæð samkv. 13. gr.“ Hingað til hefur gengið mjög illa að fá nokkurt mat á vinnu húsmóðurinnar, það hefur þótt vandaverk og enginn eiginlega viljað taka það á sig að meta vinnu húsmóðurinnar til fjár. Nú hefur þetta verið gert hér í þessu frv. Vinna húsmóðurinnar er metin, og hún er metin til jafns við lífeyrisupphæð, metin til jafns við styrk, sem öryrki fær, þ. e. a. s. hún er metin til 18240 kr. Nú er auðvitað tekið fram, að það sé í þessu sambandi, þetta á ekki að vera algilt mat á vinnu húsmóðurinnar. En er ekki hér þó með þessu verið að skapa fordæmi? Er ekki hætt við, að á þetta verði litið sem fordæmi og eftir því farið, þegar mat fer fram á vinnu húsmóðurinnar eftirleiðis og á öðrum vettvangi? Ég tel þessa setningu mjög óheppilega, og ég vil hana feiga, auk þess sem ég tel, að húsmóðurinni séu ætlaðir of lágir sjúkrapeningar með þessu móti. Það lágmark, sem þessi sama grein ætlar einhleypingum, er 60 kr. á dag, getur farið upp í 76 kr. Það lágmark og raunar hámark líka, sem húsmóður er ætlað í sjúkradagpeninga samkv. þessari gr., er 37.50 kr., þ. e. a. s. helmingi lægri upphæð en einhleypingi er ætlað. Þetta tel ég engan veginn sanngjarnt í garð húsmóðurinnar. Ég legg þess vegna til í minni 3. till., að þessi óheppilegi málsl. í 5. mgr. 50. gr. verði niður felldur, en í hans stað komi annar málsl. svo hljóðandi:

„Sjúkradagpeningar húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu ekki vera lægri en 50 kr. á dag.“

Um 4. brtt. mína þarf ég ekki að hafa mörg orð að þessu sinni. Hún fjallar um, að allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara séu grunnupphæðir, sem breytist í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Ég hef margsinnis rætt það mál hér á þessu þingi og undanförnum þingum og tel ekki þörf á að þreyta hv. þdm. frekar með röksemdum fyrir þessu nú, en læt aðeins í ljós mína sannfæringu um réttmæti þess, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp, tel það vera sanngjarnt gagnvart bótaþegunum, en tel það hins vegar ekki ósanngjarnt gagnvart neinum aðila og skal endurtaka það, sem ég hef oft sagt, að ég tel það fjarstæðu að óttast, að slíkt ákvæði í lögum yrði á nokkurn hátt til þess að auka verðbólguna í landinu. Það er fáránleg kenning, sem hv. stjórnarliðar hafa flutt hér á þingi gegn þessu, og raunar svo fjarstæðukennd, að mig undrar, að slíkt skuli borið fram.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Tryggingar eru með réttu taldar tákn menningar og mannfélagsþroska. Víðtækar almannatryggingar eyða ótta við fátækt og umkomuleysi. Þær eru bakhjarl manna, ef óhöpp steðja að, sem valda heilsutjóni, makar falla í valinn, og svo þegar ellin kemur til sögunnar. Menn, sem búa við víðtækar almannatryggingar, geta varla gert sér í hugarlund, hve blítt þeim lætur veröldin borið saman við þá, sem engar eða litlar tryggingar hafa. Við, sem nú lifum á Íslandi, megum í þessu efni sem fleirum minnast þess, hve hlutskipti okkar er miklu léttara en formæðra og forfeðra okkar var. Viðurkennt er, að almannatryggingar okkar Íslendinga eru eftir ástæðum vel sambærilegar við tryggingar nágrannaþjóða í flestum efnum, ekki síst þegar á það er litið, hve til þess að gera er skammt síðan þær hófust fyrir alvöru.

Í tryggingamálum má segja, að sígandi lukkan sé bezt. Þess verður að minu áliti að gæta að fara aldrei svo geyst, að reistur sé hurðarás um öxl, svo að hopa þurfi til baka og minnka tryggingabætur, af því að það er svo sársaukafullt, að það má helzt aldrei fyrir koma, nema þá samhliða komi annað til ávinnings fyrir bótaþegana í staðinn fyrir það, sem skert er.

Löggjöf um almannatryggingar, sem orðin er jafnviðtæk og okkar, er flókin löggjöf og byggð í ýmsum atriðum á tölfræði, sem ekki er leikmönnum auðveld. Ekki má þó tölvísin

ein ráða í þessari löggjöf. Löggjöf þessi verður líka í sumu að vera talsvert teygjanleg, ekki of óhnikanlegum bókstaf bundin. Þeir, sem framkvæma hana, verða að geta í þeim mörgu og fyrir fram óútreiknanlegu tilfellum, sem fyrir koma á vettvangi hennar, látið mannúðarsjónarmið ráða, en mannúðarsjónarmiðið er það fyrst og fremst, sem hún á að þjóna og er orðin til fyrir. Ég minni á þessi almennu sannindi, um leið og ég lýsi yfir því sem fjhn.-maður, að ég mæli með frv. því til l. um almannatryggingar, sem liggur hér fyrir, og einnig, að ég veiti meðmæli brtt. þeim, sem fjhn. leggur fram á þskj. 482.

Ég byggi meðmælin að verulegu leyti á þessum almennu sannindum. Enn fremur á því, að tryggingalöggjöfin verði fljótlega tekin til endurskoðunar á ný, því að slík löggjöf þarf helzt alltaf að vera í endurskoðun, ekki sízt hjá þjóð eins og okkar þjóð, sem atvinnulíf og starfshættir breytast ört hjá. Sú þjóð, sem þannig er í vexti, er gagnvart tryggingum eins og unglingur, sem vex árlega upp úr fötum sínum, enda getur látið meira og meira eftir sér í fataburði, jafnóðum og hann stækkar. Ég treysti því, að haldið verði áfram jafnt og þétt að betrumbæta tryggingalöggjöfina, nú séu engin síðustu forvöð í þeim efnum. Hins vegar er það vitað, að á þessu þingi hefur stjórnarandstaðan vonlitla aðstöðu í þessu máli sem öðrum til að koma fram sértill. Ég flyt þess vegna enga sértill.

Inn í þetta frv., sem er frv. til heildarlöggjafar, hafa, eins og sjálfsagt er, verið teknar þær breyt. allar, sem gerðar hafa verið smátt og smátt að undanförnu á tryggingalöggjöfinni. Afnám skerðingarákvæðanna, sem gekk í gildi 1. jan. 1961, er fellt inn í frv., eins og vera ber. Þetta afnám heyrir undir reglu hinnar sígandi lukku, sem ég kalla. Þá vil ég nefna annað þýðingarmikið ákvæði, sem gekk í gildi 1. jan. þ. á., að landið var gert að einu verðlagssvæði. Það var réttlætismál, sem ekki mátti seinna koma til framkvæmda, og er glöggt dæmi um það, að vaka þarf í þessum málum yfir því að fullnægja réttlæti, sem breyttir þjóðlífshættir eru stöðugt að skapa. Skipting landsins í verðlagssvæði var á sínum tíma eðlileg vegna mismunandi lífskostnaðar á landinu, en hún var orðin óeðlileg sökum þess, að lífskostnaður var orðinn líkur um land allt. Unglingurinn hafði sem sagt vaxið upp úr stakknum, sem áður var rétt sniðinn.

Nokkrar bótahækkanir eru lagðar til í þessu frv., og þó einkum til samræmingar launahækkunum, sem orðið hafa. Vitanlega eru hækkunartill. langt frá því að geta mætt þeirri ofsalegu dýrtíðarhækkun, sem orðið hefur í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Sú dýrtíð vex daglega eins og ormur á gulli. Efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. hleyptu þeim ormi á gull þjóðarinnar. Gullið óx aldrei með orminum í þjóðsögunni, og sama gildir enn í reyndinni hér hjá okkur. Tryggingarnar gjalda þessa eins og önnur efnahagsstarfsemi almennings. Það er ekki hægt að þenja tryggingarnar út til nægilegs mótvægis slíkri dýrtíð, því er miður. Hitt verður að leggja áherzlu á, að vinna á orminum sjálfum.

Ljóst dæmi um máttlitla tilraun verðlagsbóta eru fjölskyldubæturnar svonefndu. Í frv. segir í 23. gr.: „Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta greiðast að fullu úr ríkissjóði.“ Fjölskyldubæturnar eru því og hafa verið hin síðustu ár ekki annað en tilraun til beinna verðlagsbóta úr ríkissjóði. En Tryggingastofnunin annast útborgunina fyrir ríkissjóðinn. Vitanlega hefði ríkisstj. eins vel getað látið útborgun þessara verðlagsbóta vera í höndum embættismanna ríkisins, svo sem kjötstyrkurinn var á sínum tíma. Í sjálfu sér er nokkuð villandi fyrir almenning að taka á móti fjölskyldubótum úr höndum tryggingaanna, eins og þær væru tryggingafé, en um það skal ég ekki frekar ræða. Hitt er nauðsynlegt, að allir geri sér ljósa grein fyrir, að sú viðbót fjölskyldubóta, sem orðið hefur síðan hin rangnefnda „Viðreisn“ hófst, er lítilfjörleg verðlagsbót miðað við dýrtíðarfarganið. Ákveðið er, að þessi verðlagsuppbót skuli nú verða 3000 kr. vegna hvers barns. Má því segja, að aðalviðreisnarhækkun verðlagsbótanna sé í því fólgin að taka upp bætur vegna fyrsta og annars barns, því að með þeim var ekki áður greitt, en mun hafa verið greitt með 4. barni og þar fyrir ofan áður nálega 2400 kr., svo að þar er aðeins um 600 kr. viðbót að ræða, og með 3 barni hálf sú upphæð, eða um 1200 kr. Og þetta, hvernig þessi hækkun er látin koma niður, er dálítið öfugsnúið. Verðlagsbæturnar eru mestar hjá þeim, sem hafa eitt eða tvö börn, sem sé þeim, sem yfirleitt ættu sízt að öðru jöfnu að þurfa stuðninginn, en eru hlutfallslega miklu minni handa þeim, sem hafa þunga ómegð. Ég lít svo á, að ekki hefði veitt af að endurskoða sérstaklega þennan hátt á verðlagsbótum. Ég drep á þetta, þó að ég telji tilgangslaust að bera fram till. til breyt. í þessu sambandi og geri það ekki, enda þarf málið rækilegri og tímafrekari athugunar en við er hægt að koma á þessu þingi.

Út af bráðabirgðaákvæðum laganna hafa komið fram aths. frá fulltrúum lífeyrissjóða stærstu og elztu bankanna, Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, um skyldu þá, sem á þá lífeyrissjóði er lögð, eins og aðra lífeyrissjóði, að breyta sér til samræmis við, að allir meðlimir þeirra verði fullgildir aðilar að Tryggingastofnun ríkisins og ljúki fyrir lok þessa árs samningum sínum við Tryggingastofnun ríkisins um skil vegna sinna manna á iðgjöldum fyrir liðinn tíma. Mér sýnist nauðsynlegt að koma sem fyrst áformaðri skipan á um alla lífeyrissjóðsstarfsemi, eins og gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðunum, svo að hinir einstöku lífeyrissjóðir utan almannatryggginganna verði allir, ef þeir starfa áfram, viðbótartryggingasjóðir hjá þeim starfshópum, sem þá sjóði hafa. Þess vegna er ég bráðabirgðaákvæðunum samþykkur, þrátt fyrir þær aths., sem hafa komið fram við þau. En jafnframt vil ég fyrir mitt leyti ganga út frá því,

að í samningum við lífeyrissjóðina verði Tryggingastofnunin liðleg, taki t. d. útlánaskuldabréf gild sem greiðslur af þeirra hendi, ef sýnt er, að skil verða þeim að öðrum kosti þung í skauti.

Ég sá áðan, þegar ég settist í sæti mitt, brtt. á þskj. 486, sem hv. 9. þm. Reykv. leggur fram. Við fljótan yfirlestur og við að hlusta á skýringar þær á þessum till., sem hv. flm. gaf hér áðan í framsöguræðu sinni, get ég lýst því yfir, að ég vil ekki fyrir mitt leyti bregða fæti fyrir 1. og 2. till. Um 1. till. vil ég þó segja það, sem ég held að sé í samræmi við það, sem nefndin tekur fram, sú sem endurskoðaði lögin, í aths. sínum, að það hefði þurft nokkuð rækilega athugun á því, hvernig bezt væri að ná því réttlæti, sem með þessari till. er leitað eftir. Um 3. till. vil ég segja það, að ég er henni fyrir mitt leyti alveg samþykkur og mun styðja hana. Um 4. till. vil ég aftur á móti segja það,, að þó að ég álíti, að það hefði átt að gera samninga af hálfu þeirra, sem fara með ríkisvald og vinnuveitendavald, við launþegasamtök um vísitölunotkun, sem væri heilbrigðari og raskaði minna en sú, sem hér gilti áður, þá tel ég nú, að ég fyrir mitt leyti geti ekki fylgt því, að tekin sé upp vísitölunotkun í þessu eina sambandi, sem hér er lagt til, og er ég þó ekki að segja, að grunnupphæðir þær, sem þar er um að ræða, væri ekki æskilegt að hafa hærri en þær eru og hreyfanlegri líka í sambandi við það, sem kallað er óðadýrtíð. En ég lít svo á, eins og ég sagði áðan, að þessi löggjöf eigi yfirleitt að vera í vakandi endurskoðun og þannig eigi að samræma hana sem mest hverri líðandi stund og þeim breyt., sem þjóðlífið tekur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja fundartíma hér með löngum ræðuhöldum, enda gerist þess naumast þörf, því að mér skilst, að allir hv. þm. séu mjög ánægðir og glaðir yfir því, að þetta mikla mál hafi hér komið fram, og ber því vissulega að fagna. Það er aðeins um eitt grundvallaratriði málsins, sem ég vildi segja örfá orð, en skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að hér eftir, eða frá næstu áramótum að telja, skuli allir fá bætur og ellilífeyri frá almannatryggingum, en lífeyrissjóðir allir verða viðbótarsjóðir við tryggingarnar. Ég skal taka það fram, að mín skoðun er sú, að þetta sé heilbrigð stefna, og það er ljóst, að með þeirri þróun, sem hefur verið nú síðustu ár, þá stefndi það mjög grundvelli almannatrygginganna í hættu, ef áfram hefði verið haldið á þeirri braut að veita sífellt fleiri lífeyrissjóðum viðurkenningu og þar með að skerða framlög manna til almannatrygginganna. Og það er vissulega til hagsbóta fyrir lífeyrisþega, ef sú skipan almennt kemst á, að lífeyrissjóðir verði viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar.

Hitt er aftur á móti annað mál, að mjög vafasamt er, að það hafi verið skoðað alveg niður í kjölinn, hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir hina einstöku lífeyrissjóði, og hv. frsm. heilbr.- og félmn. vék lítillega að því í ræðu sinni hér áðan. Þetta hefur að vísu verið kannað varðandi lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og frv. um þann sjóð liggur hér fyrir í þessari hv. d. til afgreiðslu og verður væntanlega gengið frá því máli á þessu þingi. En hér hefur verið frá því skýrt, að borizt hafi andmæli til heilbr.- og félmn. frá ýmsum lífeyrissjóðum, vegna þess að þeir hafi talið, að athugun hafi leitt í ljós, að þeirra afkomu væri mjög stefnt í hættu með reglum þessa frv. Það hefur stundum verið sagt, bæði hér á þingi og utan þings, að bankavaldið í landinu væri mikils megnugt, en það virðist nú ekki vera meira megnugt en það, að það hefur ekki megnað að hafa áhrif á neinn meðlim heilbr.- og félmn. um að taka til greina þær aths. og ábendingar, sem komið hafa frá lífeyrissjóðum allra ríkisbankanna, en af hálfu þeirra hefur þetta mál verið athugað allrækilega í samráði við tryggingafræðing, og það hefur verið niðurstaðan af þeirri athugun, að með þeim ákvæðum, sem eru í þessu frv., og bráðabirgðaákvæðum þess væri mjög hætt við, að afkomu þessara lífeyrissjóða væri teflt í mikla hættu.

Nú skal ég ekkert um þetta fullyrða, og ég hygg, að útreikningar um þetta efni séu ekki nægilega ljósir til þess að draga af því ályktun nú í dag, hvort þetta hafi við rök að styðjast eða ekki, gegn andmælum, sem komið hafa fram um þetta efni frá tryggingafræðingum Tryggingastofnunar ríkisins. En ég vildi ekki láta hjá líða samt við þessa umr., án þess að ég vilji flytja neina brtt. í samræmi við þær óskir, sem komið hafa fram frá þessum lífeyrissjóðum, sem margir eru gamlir sjóðir, þá vildi ég benda á það, að það hlýtur að sjálfsögðu að verða að hafa hliðsjón af því, hvort hér er verið að leggja á kvaðir, sem viðkomandi sjóðir geta ekki undir risið. Þetta kemur vafalaust í ljós, þegar þetta dæmi verður nánar útreiknað, og hér er gefinn frestur í þessu frv. til næstu áramóta um það að koma þessum málum í lag. Að vísu er enginn frekari frestur gefinn, skilst mér, frá þeim tíma, annar en sá, að það er hægt að semja um það við Tryggingastofnun ríkisins, að lífeyrissjóðir skuli greiða það, sem þeir eiga að greiða, á 10 ára tímabili, og er það vissulega út af fyrir sig gott, vegna þess að það er, eins og allir vita og hv. 1. þm. Norðurl. e. enda kom hér inn á, að þá hefur fé lífeyrissjóða yfirleitt verið mjög notað til lánveitinga, sérstaklega í sambandi við húsabyggingar meðlima lífeyrissjóðanna, þannig að það má gera ráð fyrir, að verulegur hluti af fé lífeyrissjóðanna sé að þessu leyti bundinn.

Nú er það að vísu svo, að það er létt af sjóðunum vissum kvöðum, og eftir því sem útreikningar, sem hafa verið gerðir í sambandi við frv. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, benda til, þá eru þeir frádráttarliðir mjög verulegir, sem koma lífeyrissjóðnum til hagsbóta. Og það kann vel að vera, að það verði einnig svo í þessu tilfelli. En ég vildi leyfa

mér aðeins að vekja athygli á þessu máli vegna þess, að ef það kemur fram, að með þessu ákvæði sé verið að eyðileggja að verulegu leyti einhverja ákveðna lífeyrissjóði, er hætt við því, að það valdi mjög mikilli óánægju þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli. Og ég vildi mega vænta þess af hálfu hæstv. félmrh., að þegar það liggur nánar fyrir síðar á þessu ári og ef ástæða þykir til, þá verði hann til viðtals um það, hvort hægt væri að gera einhverjar breyt., sem gerðu það að verkum, að hægt væri að forða frá vandræðum á þessu sviði, án þess þó, eins og ég tek fram, að það verði horfið beint frá því grundvallaratriði þessa frv., að hér eftir verði lífeyrissjóðir almennt viðbótarsjóðir við Tryggingastofnunina eða greiðslur hennar, því að það álít ég í meginefnum að sé algerlega rétt stefna.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. sagði, að barnalífeyrir lækkaði. Í sambandi við það er rétt að benda á, að sú breyt. er gerð um leið, að þeir, sem fá barnalífeyri, fá nú til viðbótar fjölskyldubætur, 3000 kr. á ári, og hygg ég, að flestir kjósi það heldur en aura hv. 9. þm. Reykv. Sama máli gegnir um meðlag, sem lækkar um nokkrar krónur á mánuði, en þeir, sem þess njóta, fá í stað þess fjölskyldubætur. Sú regla hefur verið tekin upp að láta standa vel á upphæðum, sleppa fáum krónum eða aurum eða hækka upphæðina upp eftir ástæðum.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um það, að löggjöfin þyrfti að vera sveigjanleg og endurskoðun þurfi að fara fram stöðugt, eftir því sem þjóðfélagsástæður breytast. Ég er honum alveg sammála um það. Hann sagði, að tryggingarnar og endurbætur á þeim hefðu ekki við verðlagshækkunum. Mér er kunnugt um, að í ýmsum tilfellum er þetta ekki rétt hjá honum. Svo er t. d. um ellilífeyrinn. Með þeim hækkunarheimildum, sem honum hafa fylgt frá því 1956, og þeim hækkunum, sem á honum hafa verið gerðar síðan, þá dugir ellilífeyririnn betur fyrir fólk, sem þarf að dveljast á elliheimilum, heldur en þá var. Það er mér kunnugt um.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði um barnalífeyri með fleiri börnum en tveimur, er þess að geta, að tryggingarnar eru við það miðaðar, að þær séu ekki hærri en verkamannakaup, en sú regla er almenn, ekki aðeins hér á landi, heldur líka í öðrum löndum, sem hafa svipaðar tryggingar og við höfum.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði, að athugun hefði leitt í ljós, að fjárhag viðurkenndra lífeyrissjóða væri stefnt í hættu með samþykkt frv. Þetta er ekki sú túlkun, sem fram kom á fundi fulltrúa bankanna með heilbr.- og félmn., heldur tóku þeir það sérstaklega fram, að alls ekki hefði gefizt tími til að athuga, hvernig þessi ákvæði verkuðu á fjárhag sjóðanna. En ég tel sjálfsagt, að samningar muni nást við Tryggingastofnun ríkisins um það, að Tryggingastofnunin eða almannatryggingarnar taki við skuldabréfum sem greiðslu, því að það er ljóst, að með öðru móti gæti sjóðunum reynzt torvelt að greiða til almannatrygginganna það, sem ætlazt er til af þeim iðgjöldum, sem runnið hafa til sjóðanna, eftir að þeir hafa fengið viðurkenningu, í stað þess að renna til almannatrygginga, með þeim vöxtum, sem gert er ráð fyrir að greiddir verði til viðbótar.

Að öðru leyti held ég, að þær umræður, sem hér hafa farið fram, gefi ekki tilefni til athugasemda.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr. stórt mál, fjölþætt og veigamikið, sem í sjálfu sér gæti orðið grundvöllur að miklum umr. Ég mun þó ekki ræða um málið almennt, enda hefur af öðrum ræðumönnum verið gerð grein fyrir afstöðu Framsfl. til þessa máls, og ég mun láta nægja að víkja hér að örfáum atriðum.

Ég get þó ekki stillt mig um að vekja athygli á þætti almannatrygginganna í fjárhagskerfi þjóðarinnar. Hinir sérstöku lífeyrissjóðir eru byggðir upp með sjóðastofnun. Þeir styðja bankakerfið í landinu að vissu leyti, með því að þar er dregið saman fé, sem síðan er notað til útlána að vissu marki, og þá eru þau útlán háð ákvörðun stjórna sjóðanna og ef til vill tekið tillit til hinna almennu útlána í landinu í því sambandi. Meðan lögin um alþýðutryggingar, er sett voru að ég ætla 1937, voru í gildi, var grundvöllur þeirra sjóðmyndun. En þegar horfið var frá að grundvalla almannatryggingarnar á sjóðmyndun og horfið að niðurjöfnun í þess stað og dreifa síðan því fé út árlega, þá sýnist mér, að í raun og veru hafi tryggingakerfið, hækkun bótanna og útþensla tryggingakerfisins í því formi, svipuð áhrif á fjárhagskerfi þjóðarinnar og kauphækkun. Það eykur kaupgetu fólksins, t. d. fjölskyldubæturnar, kaupgetu almennings í landinu, og sú aukna kaupgeta eykur vitanlega eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri á sama hátt og kauphækkanir gera.

Ég vil vekja athygli á þessu einkum vegna þess, að af hálfu hæstv. ríkisstj. eru þessir þættir mála ekki nefndir í samhengi, og málgögn stjórnarflokkanna ræða þetta mál hvort í sínu lagi, annars vegar fjárhagskerfið og vara við kauphækkunum og ofþenslu, en forðast að ræða þetta í samhengi, hinar auknu tryggingar að þessu leyti. Þetta finnst mér að því leyti eftirtektarverðara, að ég geri ráð fyrir því, að af hálfu stjórnarflokkanna sé tilhneiging til þess að hafa þessi mál sem allra skýrust almenningi, svo og hver sé grundvöllur þess kerfis, sem þeir hafa sjálfir nefnt viðreisn.

Síðast voru tryggingalögin endurskoðuð í heild 1956, og þá var formi heildarlöggjafarinnar breytt í verulegum atriðum og hún að sumu leyti gerð einfaldari í sniðum en hún hafði áður verið. En með verðlagsbreytingum, sem orðið hafa síðan, hafa alloft verið

gerðar minni háttar breyt. á tryggingalöggjöfinni síðan 1956 um einstök atriði hennar. Einkum hefur orðið að grípa til þess að hækka ákvæðin um bæturnar í krónutölu í samræmi við hækkandi verðlag. Og sú venja hefur skapazt í þessu máli, bæði hjá núv. hæstv. ríkisstj. og öðrum ríkisstj., sem áður hafa setið, að hafa hliðsjón af almennum launakjörum í landinu og þá ekki sízt launakjörum opinberra starfsmanna, þegar bætur almannatryggginganna, a. m. k. aðalbæturnar, svo sem ellilífeyrir, örorkulífeyrir, eru ákveðnar. Þessu til sönnunar leyfi ég mér að benda á það, að lög nr. 95 frá 1961, sem fella á úr gildi samkv. þessu frv., voru sett að tilhlutan og fyrir forgöngu núv. hæstv. ríkisstj. Og í grg. með því stjfrv., sem var hér til afgreiðslu haustið 1961, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Oftast hafa bætur verið hækkaðar um sama hundraðshluta og laun opinberra starfsmanna. Slík laun hafa nú verið hækkuð um 13.8% frá 1. júlí 1961, og ákveðin er viðbótarhækkun á launin, eins og þau nú eru orðin, sem nemur 4% frá 1. júní 1962. Í frv. þessu er lagt til, að bætur almannatryggginganna hækki, eftir því sem við getur átt, um sömu hundraðstölu og laun opinberra starfsmanna og frá sama tíma og þau."

Þetta er aðeins staðfesting á því, sem ég sagði um þá almennu venju, sem skapazt hefur í sambandi við tryggingamálin, að hafa hliðsjón af launakjörum opinberra starfsmanna.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að laun opinberra starfsmanna eru í endurskoðun hjá samninganefndum, og e. t. v. verða úrslit þeirra mála hjá kjaradómi nú á fyrri hluta þessa árs, því að kjaradómur mun eiga að hafa lokið störfum 1. júlí í sumar. Mér sýnist því, að með tilliti til þess, að annars vegar hefur bótaupphæðin verið ákveðin í krónutölu í þessu frv. og hins vegar, að verið er að vinna að heildarendurskoðun á launum opinberra starfsmanna, — og þó að ég geti ekki fullyrt, hvernig niðurstaða þess máls verður, þá hygg ég, að það sé nú almenn skoðun og eðlileg ályktun af þeim till., sem komið hafa fram, að þeir samningar muni enda með verulegri launahækkun til opinberra starfsmanna, — út af þessu sýnist mér þrennt koma til greina: Eitt er það að hverfa nú frá þeirri venju, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, að láta bætur almannatryggginganna í krónutölu haldast í nokkru hlutfalli við launabreytingar hjá opinberum starfsmönnum. Annað er það, að beinlínis sé stefnt að því með opnum augum að breyta þessum lögum aftur í haust, þessari heildarendurskoðun tryggingalaganna, sem nú er verið að fjalla um. Og hið þriðja er, að afgreiðslu þessa máls verði endanlega frestað nú og það ekki lögfest fyrr en í haust, enda á það ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót og þá ákveðin um bótafjárhæðir endurskoðaðar með tilliti til þeirrar niðurstöðu, sem þá er orðin um launakjör opinberra starfsmanna. Af því að ég tók til máls, vildi ég nota þetta tækifæri til þess að spyrjast fyrir um það, hver stefna hæstv. ríkisstj. er að þessu leyti.

Mér er það vel ljóst, að þessi heildarlöggjöf, sem hér er fjallað um, er eins og bygging, þar sem hvað bindur annað. Og það er varhugavert að hreyfa við einstökum atriðum, nema grandskoða um leið, að það hafi ekki áhrif á annað og raski heildarbyggingunni. Þess vegna er nokkrum vandkvæðum bundið að bera fram till., og finnst mér eðlilegra, að þau atriði, sem til greina kemur að breyta, séu íhuguð gaumgæfilega í nefnd, áður en einstakir þm. fara að bera fram brtt. við frv. Ég vil því nú, a. m. k. við þessa umr., hafa þann hátt á að vekja hér athygli á örfáum atriðum, sem ég vænti þess, að hv. heilbr.- og félmn. og hæstv. ráðh. hlusti á og taki til íhugunar, ef þeim þykir ástæða til fyrir 3. umr. málsins.

Það hefur verið gert allmikið að því, bæði við endurskoðun tryggingalaganna og breyt. á einstökum atriðum málsins að undanförnu, að afnema skerðingarákvæði og þær takmarkanir á ýmsum greiðslum, sem settar voru í öndverðu. Ég tel þetta rétta stefnu og vel farið, að sá árangur hefur náðst í því efni, sem orðinn er. En í 35. gr. þessa frv. og í 50. gr. er fjallað um dagpeninga, annars vegar í sambandi við slysabætur og hins vegar í sambandi við sjúkrabætur. Þar eru dagpeningar ákveðnir í krónutölu, geta orðið hæst fyrir kvæntan mann, sem nýtur slysabóta, 80 kr., en til þess, sem nýtur sjúkrabóta, 68 kr. En jafnframt því, að þessar tölur eru ákveðnar í löggjöfinni, fylgja þeim skerðingarákvæði, þannig að greiðslur þessar mega ekki fara fram úr 3/4 af vinnutekjum bótaþega.

Ég vil nú varpa fram þeirri hugmynd, hvort það er ekki kominn tími til þess við þá heildarendurskoðun l., sem hér er gerð, að afnema þessi skerðingarákvæði og láta þær fjárhæðir, sem ákveðnar eru í frv., gilda án tillits til tekna aðila. Hér getur ekki verið um svo háa fjárhæð að ræða, að hún hafi veruleg áhrif á heildarafkomu Tryggingastofnunarinnar, einkum þegar þess er gætt, að heildarvelta Tryggingastofnunarinnar mun nú nema milli 800 og 900 millj. kr. á ári. Og grundvöllur almannatrygginga er sá að styðja þá, sem höllum fæti standa. Skerðingarmörkin, sem takmarkað hafa greiðslur á undanförnum árum að ýmsu leyti, hafa verið miðuð við miklar tekjur. Það hefur verið skerðing ofan frá. En þessi skerðingarmörk, sem ég geri hér að umtalsefni, eru miðað við litlar tekjur, í raun og veru skerðing neðan frá, og samrýmast að sumu leyti ekki grundvallarhugsun almannatryggingastarfseminnar.

Í því sambandi vil ég víkja að atriði, sem fram kom hér hjá hv. 9. þm. Reykv. og ég hafði áður gefið gætur. Það er ákvæði 50. gr. um það, að tekjur húsmóður vegna fullrar atvinnu á heimili sínu skuli í þessu sambandi, þ. e. þegar þessi skerðing er metin, metnar jafnar lífeyrisupphæð samkv. 13. gr. frv. Nú

er sá lífeyrir, sem þar er ákveðinn, örorkulífeyrir, á ári 18240 kr. Það þýðir 1520 kr. á mánuði. Og sé deilt í það með 30 dögum, þá verður hámarkið 50.67 kr. á dag. Og sé miðað við 3/4 þessara tekna, verða dagpeningar 30—40 kr. M. ö. o.: með þessu er girt fyrir það, að húsmóðir geti einu sinni nokkurn tíma náð því 60 kr. marki um sjúkradagpeninga, sem þó á að vera hin almenna regla samkv. frv. Ég spyr nú: Er ekki með þessu í raun og veru verið að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur? Og vegur þetta svo mikið í tryggingalöggjöfinni í heild? Er ekki langeðlilegast að stíga þetta skref nú alveg til fulls og afnema þessi mörk? En verði nú ekki horfið að því ráði eða fáist það ekki samþ., þá vildi ég mega benda á það, að í ýmsum greinum er mjög erfitt að setja fastar reglur í þessu sambandi. Ég get tekið sem dæmi bónda, sem stundar sauðfjárframleiðslu aðallega eða garðrækt. Tekjur hans falla aðallega til á einum mánuði ársins eða mjög stuttum tíma ársins, en allt árið er hann í raun og veru að vinna fyrir þessum tekjum, þó að það megi segja, að yfir vetrarmánuðina, þegar hann er að gegna bústofninum, sé hann kannske í raun og veru tekjulaus og sérstaklega er það erfitt, ef á að meta tekjur þessa bónda um eins eða tveggja mánaða skeið um veturinn, að setja um það fastar reglur eða glöggva sig á því, hverjar þær raunverulega eru, og byggja svo greiðslur tryggninganna á því mati. Hér segir, að þetta eigi að ákveða í reglugerð, og út af fyrir sig er það eðlilegt, því að það er erfitt að setja þetta alveg bindandi í lög. En ef þessu á að halda, vildi ég gjarnan, að þetta kæmi fram hér, áður en þetta mál fer út úr d., hvað fyrirhugað er um meginreglur í þessu sambandi.

En það er þó einn þáttur í raun og veru af þessu sama máli, sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni og leggja nokkra áherzlu á. Það er stafl. a. í 37. gr. frv.

Að undanförnu hefur sá háttur verið á hafður samkv. gildandi l. um almannatryggingar að greiða dánarbætur ekkju eða afkomendum manns, sem látizt hefur af slysförum, með heildargreiðslu í eitt skipti fyrir öll. Með þessu frv. á að gera á þessu þá skipulagsbreytingu, að í staðinn fyrir heildargreiðslu í eitt skipti fyrir öll komi mánaðarleg greiðsla, 2000 kr. á mánuði í 8 ár. Það er áreiðanlega ýmislegt, sem mælir með því, að þessi háttur sé upp tekinn, og að mínum dómi annað, sem mælir gegn því. Ég ætla ekki að fara að rökræða það og ekki beita mér á móti þessari skipulagsbreyt., en þessi stafl. 17. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, 2000 kr. á mánuði í 8 ár, þó aldrei hærri mánaðargreiðsla en sem svarar 3/4 af vinnutekjum hins látna við þá atvinnu, er hann stundaði, þegar hann varð fyrir slysinu, sbr. 4. málsl. 36. gr. og 5. mgr. 50. gr. Bætur samkv. þessum stafl. falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný.“

Mér virðist hugsunin í þessari grein vera ekki alls kostar rökrétt. Í fyrsta lagi segir, að það séu 2000 kr. á mánuði í 8 ár. Það virðist því eiga að skilja það þannig, að hafi komið til skerðingar, sem getur komið til samkv. áframhaldi í gr., þá verði það ekki bætt, greiðslan falli niður að 8 ára tímabili liðnu. Í öðru lagi virðist það hugsunin með þessari grein að láta efnahag og tekjur aðila ekki hafa áhrif á þessa sérstöku greiðslu. Til þess bendir niðurlagsákvæðið: Bætur samkv. þessum stafl. falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. — En vitanlega getur það breytt aðstöðu ekkjunnar eða ekkilsins mjög mikið, ef aðili stofnar til hjúskapar á ný. Samt sem áður á hann að halda þessum greiðslum, og það tel ég eðlilegt, því að hér getur aldrei verið um nein vafamál að ræða. Dauðaslys segir til sín örugglega. En þrátt fyrir þessa hugsun er hér skerðingarákvæði þannig, að ef vinnutekjur hins látna við þá vinnu, er hann stundaði, þegar hann varð fyrir slysinu, hafa verið mjög lágar, þá á þessi greiðsla að skerðast. Mér finnst, að það geti vel komið fyrir þau atvik, að þetta ákvæði hafi áhrif. Hér er gert ráð fyrir, að ekkill hljóti bætur, ef konan ferst af slysförum, og m. a. með tilliti til þess, sem ég hafði áður tekið fram í öðru sambandi um mat á vinnutekjum konu, þá sýnist mér vel geta komið til skerðingar vegna þessa ákvæðis. Ég tel því langeðlilegast að fella þetta skerðingarákvæði niður og þessar greiðslur verði inntar af hendi alveg skilyrðislaust, eins og meginákvæði gr. segir til um.

Næst mun ég víkja að ákvæðum 57. gr., í raun og veru í því skyni að leita upplýsinga hjá n. um eitt atriði. Ákvæði þeirrar gr. fjalla um það, að fólk, sem búið hefur saman ógift tvö ár eða lengur eða það hefur átt saman börn, öðlist rétt til bóta á sama hátt og hjón, þar sem kemur til greina barnalífeyrir og ekkjubætur o. fl. Út af þessu vil ég spyrja: Er það ekki rétt skilið, að þegar sambúðarfólk, sem um ræðir í 57. gr., hefur uppfyllt þau skilyrði, sem þar eru greind, og öðlazt sama rétt til bóta og hjón, er því þá ekki greiddur hjónalífeyrir, þ. e. a. s. ellilífeyrir hjóna, en ekki ellilífeyrir tveggja einstaklinga? (**KJJ:** Jú, það er rétt.) Og ef svo er, sem ég hef þegar fengið svar við og ég taldi mig raunar hafa hugmynd um, hvernig er þá háttað um iðgjald þess fólks? Hvort greiðir það fólk iðgjald hjóna, sem er nokkru lægra en tveggja einstaklinga, eða iðgjald tveggja einstaklinga? Þetta virðist ekki tekið fram í frv., en í 26. gr., 2. mgr. segir um iðgjöldin: „Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst 1/10 hærra en karla.“ Hér er ekkert um iðgjald þessa sambúðarfólks, sem öðlast vissan rétt og vissar skyldur samkv. 57. gr. (**KJJ:** Þau greiða sem einstaklingar.) Já, ef svo er, sem ég raunar

taldi mig renna grun í, er þá fulls samræmis gætt gagnvart þessu fólki, og í sambandi við þessa heildarendurskoðun erum við að leita að samræmi milli hinna einstöku þátta í löggjöfinni? Er þá fulls samræmis gætt að þessu leyti?

Þá vil ég að lokum gera að umtalsefni ákvæði í 78. gr. frv. Þar segir svo í stafl. d., að ráðh. geti ákveðið, að lífeyrisdeild greiði „allt að 1 millj. kr. á ári til sjúklinga í utanfararstyrki, sem framlag er ákveðið til á fjárl., í framlög til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. l. nr. 59 1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð, að fengnum till. landlæknis, nema að því er varðar framlög til sjúkrasamlaga."

Fyrir 20 árum voru sett lög um læknisvitjanasjóði. Þau áttu að stefna að því að létta byrðar þeirra, sem áttu erfiða læknissókn. Ég tel, að á þeim tíma hafi verið mjög eðlilegt að setja þessa löggjöf, og hugsunin, sem að baki hennar liggur, er áreiðanlega mjög eðlileg og réttmæt. Þá voru líka almannatryggingalögin í þeirri mynd, sem þau hafa verið framkvæmd nú um langt skeið, ekki til. Það voru lög um alþýðutryggingar, sem þá voru í gildi. En tekjur þessara sjóða voru ákveðnar með verðlagi, eins og það var fyrir stríð, 1939, þannig að tekjur sjóðanna eru framlag ríkisins, sem má ekki vera hærra en 2 kr. á ári á íbúa þess hrepps eða læknishéraðs, sem starfsemi sjóðsins nýtur. Og á móti því á að koma framlag úr sveitar- eða sýslusjóði, sem nemur 1 kr. á íbúa af því svæði, sem sjóðurinn nær til. Og þetta stendur þannig í lögum enn í dag. Tekjur læknisvitjanasjóðanna eru ekki meiri en þetta. Það þýðir, að í 200 manna hreppi eru árstekjur læknisvitjanasjóðs samkv. þessu 600 kr. Og sjá það allir, að slíkt nær skemmra en skammt, og það er í raun og veru fjarri lagi að halda uppi sérstökum sjóði og sérstakri reikningsfærslu, ef tekjurnar eru ekki auknar verulega frá því, sem nú er. Á hinn bóginn er þess að geta, að hlaupið hefur verið undir bagga með þessum sjóðum af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins, samkv. ákvæði, sem er alveg hliðstætt ákvæði þessa frv., sem ég geri nú að umtalsefni, og að sjóðirnir hafa fengið við og við nokkrar fúlgur frá Tryggingastofnuninni, og er það í raun og veru orðinn aðaltekjustofn þessara sjóða. Á þessu hefur verið vakin athygli á Alþ. áður, og þál. var samþ. 16. apríl 1962 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Með þessari þáltill. er skorað á ríkisstj. að taka þetta mál til gagngerðrar endurskoðunar, og með einhverjum hætti virðist þá eðlilegast að fella saman starfsemi læknisvitjanasjóðanna og starfsemi sjúkrasamlaganna. Nú tel ég mig sjá á þessu frv., sem hér liggur fyrir, og grg. þess, að frá þessu er ekki enn gengið, heldur er ætlunin að halda þessari starfsemi í sama horfi um sinn, þrátt fyrir afgreiðslu þessa frv., eins og verið hefur undanfarin ár. Ég vil láta þá skoðun hér í ljós, að ég tel það miður farið, að svo er, og hér er ekki um svo stórt mál að ræða, að mér virðist, að ekki sé hægt að marka alveg meginstefnu í því sambandi við það frv., sem hér er til afgreiðslu. Og ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við þá n., sem þetta mál hefur til meðferðar, og atbeini ráðh. komi þar til, að það verði unnið að því í sambandi við þetta mál að koma þessu atriði á fastan grundvöll, annaðhvort að leggja starfsemi hinna sérstöku læknisvitjanasjóða niður og efla samlögin sem því nemur eða auka tekjur sjóðanna að miklum mun og í samræmi við það verðlag og kostnað, sem nú gildir, svo að þeim sé kleift að sinna eðlilega því hlutverki, sem þeim er ætlað.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það er nú fátt eitt, sem ástæða er til á þessu stigi að ræða af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér í sinni ræðu. Ég tel, að það sé alveg rétt, sem hann sagði í upphafi hennar, að varhugavert væri að breyta einstökum bótum, við það gætu hlutföll raskazt milli einstakra bótategunda og þurfi það mjög nákvæmrar athugunar við. Hann talaði um það, að rétt væri að afnema skerðingarákvæðin í 35. og 50. gr. varðandi dagpeninga, slysa- og sjúkradagpeninga, eins og gert hefði verið í mörgum tilfellum um þau skerðingarákvæði, sem í l. voru lengi. En það er dálítið annað sjónarmið, sem gildir í þessu efni, þar sem talað er um, að sjúkradagpeningar megi ekki fara fram úr 3/4 hlutum tekna bótaþega. Þetta er venjulegt tryggingasjónarmið, bæði hjá atvinnuleysistryggingum og sjúkratryggingum, sem miðaðar eru við það að minnka tjón bótaþega af veikindum, slysum eða atvinnuleysi, en ekki koma fyllilega í stað atvinnutekna. Og þetta sjónarmið mun ríkja ekki einasta hér á landi, heldur annars staðar, þar sem svipaðar tryggingar eru í gildi.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði um dagpeninga húsmæðra, er það að segja, að húsmæðurnar eru með þessum l. að fá verulega réttarbót. Þótt bætur séu enn lágar, er þess að gæta, að við höfum enga reynslu á því, hvernig þetta kemur út fyrir tryggingarnar, og ég tel, að rétt sé að bíða og sjá, hvernig þetta reynist, og bæta þá um, ef það kemur í ljós, að það er nauðsynlegt og eðlilegt.

Ég er alveg sammála honum um það, sem hann sagði um dánarbætur, — þær hafa verið heildargreiðsla í einu lagi, — að nýju ákvæðin séu heppilegri. Það er a. m. k. skoðun Tryggingastofnunarinnar af þeirri reynslu, sem hefur fengizt af greiðslu þessara bóta í einu lagi, að það hefði í mörgum tilfellum verið heppilegra að greiða bæturnar, eins og nú er lagt til að gert verði, með mánaðargreiðslu í 8 ár.

Það kemur þó ekki í veg fyrir það, sem einmitt hefur verið rætt um í Tryggingastofnuninni, sem mér er vel kunnugt, að ef svo stendur á, að ekkju eða ekkli er nauðsynlegt að fá verulega upphæð í einu lagi, þá er meiningin hjá Tryggingastofnuninni að greiða fyrir því, svo að að gagni megi koma, líkt og stundum er gert nú um öryrkja, þegar líkt stendur á, að þeim er nauðsynlegt að fá allverulega upphæð í einu lagi, þá er það gert með fyrirframgreiðslum eða á annan hátt, þannig að að svipuðu gagni megi koma.

Þá er það 78. gr., b-liðurinn. Það er um utanfararstyrkinn og styrkinn til sjúkraflutninga og læknisvitjana. Þetta er alveg rétt, sem hv. þm. sagði um það. Það hafa verið í endurskoðun ákvæðin um læknisvitjanasjóði. Læknisvitjanasjóðirnir eru orðnir úreltir og eru raunar víðast horfnir. Það er aðeins á örfáum stöðum á landinu, sem þeir eru enn í gildi, og árstekjur þeirra eru, eins og hann sagði, í fámennum héruðum mjög lágar orðnar. Að vísu bætti það nokkuð úr skák hjá sumum þessum héruðum, að það var ákvæði í l., að læknisvitjanasjóðirnir fengju helming af læknislaunum í héraðinu, ef héraðið hafði ekki fengizt skipað, og bætti þetta nokkuð um fyrir sjóðunum. En á hinn bóginn er það rétt, sem hv. þm. sagði, að Tryggingastofnunin hefur notað þá heimild, sem hún hefur um greiðslu á styrkjum til utanfarar og sjúkraflutninga, til þess að greiða fyrir og bæta við þær tekjur, sem sjóðirnir hafa haft í þeim héruðum, þar sem það hefur reynzt nauðsynlegt. Það hefur raunar komið til athugunar og kom til umr. í heilbr.- og félmn., hvort ekki væri tímabært að nema úr gildi þetta ákvæði, sem er þarna um styrki til læknisvitjana og sjúkraflutninga í sambandi við læknisvitjanasjóðina. En af því að þetta er í endurskoðun, var talið rétt, að þetta gilti enn, þangað til endurskoðun læknisvitjanasjóðanna væri lokið. En mér er kunnugt um það, að þeir, sem hafa haft þessa endurskoðun með höndum, hallast einnig að því sama, sem hv. þm. sagði í sinni ræðu, að það væri eðlilegast að fella læknisvitjanasjóðina niður, en skipa þeim málum með öðrum hætti í sambandi við sjúkratryggingarnar.

Annað held ég, að hafi ekki verið í þessum ummælum hv. þm., sem ástæða sé til að ræða á þessu stigi.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi fyrst leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli og sömuleiðis einnig hv. dm., sem yfirleitt hafa tekið málinu mjög vel, þó að þeir, eins og eðlilegt er, hafi ýmsar ábendingar eða brtt. að gera, sem er mjög eðlilegt um svo stóran lagabálk eins og þennan. En yfirleitt virðist mér, að það sé samhugur hjá hv. þdm. um það að afgreiða þetta mál í öllum meginatriðum eins og það er fram lagt.

Hv. frsm. n., hv. 3. þm. Vestf., hefur nú gert grein fyrir eða svarað fyrir n. hönd þeim brtt., sem hér hafa komið fram, og að nokkru leyti einnig þeim ábendingum, sem gerðar hafa verið til breyt. á þessu frv.

Það er aðeins eitt atriði sérstaklega, sem fékk mig til að óska eftir að taka til máls, það voru ummæli hv. 6. þm. Norðurl. e. um lífeyrissjóðina. Þegar frv. var til athugunar og umr. í n., sem hafði það til meðferðar og ræddi það nokkrum sinnum við mig, lá fyrir, að það höfðu verið kannaðir möguleikar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að standast þær fjárgreiðslur, sem bráðabirgðaákvæðið gerir ráð fyrir, og sú könnun hafði leitt í ljós, að þetta mundi vera vel mögulegt. Lífeyrissjóðirnir eru nú margir, eins og kunnugt er, og það var náttúrlega ómögulegt að taka hvern og einn þeirra til meðferðar, en látið opið í bráðabirgðaákvæðinu um samkomulag við þá til þess að reyna að koma í veg fyrir, að þær fjárkröfur, sem til þeirra yrðu gerðar, stefndu þeim yfirleitt í nokkra hættu. Það var, held ég að megi segja, samhljóða álit n. og rn., að það kæmi ekki til mála að gera þeim lífeyrissjóðum, sem þegar eru starfandi og hafa verið lengi, svo erfitt fyrir, að það gæti valdið þeim erfiðleikum, ég tala nú ekki um vandræðum. Þess vegna var sett í þetta ákvæði fyrirmæli, sem gera ráð fyrir, að þessum byrðum lífeyrissjóðanna megi dreifa á 10 ár. En þessar byrðar, sem þeir verða að taka á sig, eru þau iðgjöld, sem sjóðfélagar þeirra mundu hafa greitt til almannatrygginganna, og vextir af þeirri upphæð að frádreginni þeirri upphæð, sem þessir lífeyrissjóðir hafa sparað tryggingunum. Þetta uppgjör við lífeyrissjóðina er gert ráð fyrir að fari fram samkv. reglum, sem ráðh. setur, og kostnaðinum eða greiðslunum dreift með jöfnum árgreiðslum á allt að 10 ár. Sérfræðingar þeir, sem n. hafði sér til aðstoðar, töldu, að þetta mundi í öllum tilfellum bæta mjög verulega hag þeirra tryggðu, það mundi gefa þeim betri útkomu í heild en ef þeir væru eingöngu í sérsjóðunum. Þetta held ég, að sé ekki vefengt af neinum, en það, sem hefur verið vefengt og ekki hefur kannske verið fyllilega upplýst enn, er það, að sjóðirnir gætu að fullu og sér að vandræðalausu staðið við þær greiðslur, sem þeim er ætlað að inna af hendi til Tryggingastofnunar ríkisins. Ég vil um þetta atriði segja það, að samkv. því, sem í bráðabirgðaákvæðinu stendur, að ráðh. eigi að setja reglur um það, hvernig þessu uppgjöri við Tryggingastofnunina skuli hagað, þá muni, a. m. k. ef það kemur til minna kasta, verða leitazt við að sjá um, að þetta geti gengið vandræðalaust fyrir sig. Og ef það ekki getur gengið vandræðalaust fyrir sig, þá verða ráðstafanir gerðar til þess að kippa því í lag. Þetta er svo stórt atriði, að það má ekki koma fyrir, að þeim sjóðum, sem lengi hafa starfað og hafa marga innan sinna vébanda, verði gert örðugt eða ókleift að uppfylla sínar skuldbindingar. — Þetta vildi ég segja um þetta atriði.

Um brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 482 vildi ég segja, að ég get fallizt á þær. Það er raunverulega aðalbreyt., að það eru tekin upp mæðra-

laun til móður með eitt barn, sem hafði verið fellt niður í frv., þegar fjölskyldubótunum var bætt við. Að vísu voru ákvæði frv. þannig, að þessi einstæða móðir með eitt barn fékk hækkaðar sínar bætur með ákvæðum frv., þar sem fjölskyldubæturnar voru teknar upp til hennar. En úr því að hv. heilbr.- og félmn. telur, að það sé rétt, að mæðralaunin verði einnig greidd, hef ég sízt á móti því.

Önnur atriði í brtt. n. sé ég ekki ástæðu til þess að ræða, en ég leyfi mér að mæla með því, að þær verði samþ.

Á þskj. 486 flytur hv. 9. þm. Reykv. nokkrar brtt. Um þær vildi ég segja, að það er náttúrlega alltaf æskilegt að geta haft þær bætur, sem Tryggingastofnunin greiðir, sem hæstar. En niðurstaða mþn. hefur nú orðið sú að binda sig við þær tölur, sem í frv. eru, og ég vildi taka undir það með hv. 1. þm. Norðurl. e., sem hann sagði hér áðan, að þessi tryggingastarfsemi er eins og fasttimbraður hlutur, þannig að ef eitt atriði er hreyft, þá verður kannske að taka tillit til margra annarra, sem það snerta, og það er þörf og eðlilegt, að þessi lög séu endurskoðuð með stuttu millibili til þess að vaka yfir því, að ósamræmi komi ekki fram. Ég get vel fallizt á, að það sé nauðsynlegt að hafa næstum stöðuga endurskoðun á l. í gangi.

Í 2. brtt. hv. 9. þm. Reykv. er lagt til, að árlegur barnalífeyrir verði 8640 kr. í staðinn fyrir 8400, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég tel, eins og ég sagði raunar við 1. umr., að hér væri um sáralitinn mun að ræða. En þegar tillit er tekið til þess, að þeir, sem barnalífeyrisins njóta, skulu nú allir fá fjölskyldubætur til viðbótar, finnst mér ekki ástæða til þess að fara í þennan sparðatíning.

Um 3. brtt. hefur hv. frsm. n. rætt og sagði, sem rétt var, að það er þó með þessu ákvæði um húsmæðurnar gert ráð fyrir því, að þær fái betri meðferð en áður. Þeirra hlutur er frekar með þessu réttur heldur en hitt, þar sem ekki hafa verið áður ákvæði um það, hversu skuli metinn vinnudagur eða starf húsmóðurinnar.

Um 4. brtt. vildi ég aðeins segja það, að hvort sem um er að ræða bótagreiðslur eða laun, þá tel ég það óheppilegt, að slíkt fylgi vísitölu framfærslukostnaðar. Kerfið hefur sýnt sig svo áþreifanlega í íslenzku efnahagslífi, að ég tel það vera hættulegt að hafa þann hátt á, sem það gerir ráð fyrir. Það sýndi sig með víxlverkun launa og verðlags, hvernig áhrif það hafði, og þó að kannske ekki sé gallalaust það fyrirkomulag, sem nú er í gildi, tel ég það miklu betra en hitt. Ég vildi því fyrir mitt leyti ekki mæla með því, að till. á þskj. 486 verði samþ.

Hv. 5. þm. Austf. ræddi hér um málið vinsamlega og viturlega, vil ég segja, eins og hans er vandi, en hann hafði ýmsar ábendingar að gera, sem ég skal leyfa mér að fara um nokkrum orðum. Hann vildi, að mér skildist, telja, að breytingin, sem gerð var á almannatryggingunum á sínum tíma, þannig að horfið var frá sjóðmyndun og horfið að því að leggja nauðsynleg útgjöld á árlega, mundi verða til þess að valda verðbólgu. Ég er nú kannske ekki bær um að dæma þær vísindalegu ástæður, sem til verðbólgu liggja á hverjum tíma, en ég vil þó benda á, að frá mínum bæjardyrum séð er einn meginkostur almannatryggingalaganna sá, að hann felur í sér tekjuflutning frá þeim, sem hafa meiri efni, til hinna, sem hafa minni efni til að lifa og bjarga sér. Hvort sú tekjuöflun trygginganna fer í gegnum einhvern sjóð eða ekki, sýnist mér ekki valda úrslitum. Það, sem er aðalatriðið, er, að það, sem einn fær, er tekið frá öðrum. Og þeir geta ekki báðir eytt þessum peningum, þannig að ef upphæðirnar, sem nú renna til trygginganna frá ríki, frá bæ og frá atvinnurekendum, hefðu ekki verið teknar og ekki látnar fara í þessar bótagreiðslur, þá hefðu viðkomandi aðilar, bæði almennu greiðendurnir til ríkis og bæjar og einstaklingarnir, haft aðstöðu til og getað eytt þessum upphæðum sjálfir, og þá hefði það alveg eins orðið fyrir þá kaupgeta eins og fyrir þá, sem nú njóta bótagreiðslnanna, — þannig að ég held, að það, a. m. k. þegar til lengdar lætur, hafi ekki þau skaðlegu áhrif, sem hv. þm. vildi vera láta eða óttaðist um að það kannske kynni að hafa. Að vísu má segja, að það eru kannske meiri líkur til þess, að sá, sem nýtur bótagreiðslnanna, eyði þeim öllum og fari með þær á torg og komi þeim í lóg, heldur en hinn, sem tekið er af og hefur kannske úr meiru að spila og gæti þess vegna lagt upphæðina fyrir í banka eða einhvern sjóð. En mikill munur held ég nú að ætti ekki á þessu að verða.

Þá vék hv. þm. að bótagreiðslunum í frv. og upphæðunum, sem þar er slegið föstum, og benti á, að undanfarið hefði það tíðkazt og væri sjálfsagt meiningin enn, að þessar bótagreiðslur fylgdust nokkuð með launum opinberra starfsmanna, nú stæði fyrir dyrum allmikil breyt. á launum opinberra starfsmanna, og spurðist fyrir um, hver stefna ríkisstj. væri í þessu máli. Um þetta hefur ríkisstj. ekki tekið ákvörðun, og það er þess vegna ekki hægt að tala um hennar stefnu í þessu sambandi. En ég get aðeins sagt sem mína skoðun það, að endurskoðunin á launum opinberra starfsmanna fer ekki í þá átt nú eins og áður, að það sé sama hundraðstala greidd ofan á laun allra ríkisstarfsmanna, eins og gert hefur verið, heldur verði vissir hópar starfsmanna ríkisins hækkaðir meira og aðrir minna, og þá er náttúrlega ekki hægt að hafa þetta á sama veg sem viðmiðun, eins og þegar allir starfsmenn ríkisins voru hækkaðir um sama hundraðshluta. Hvernig með þetta skuli fara og hvaða viðmiðunartala skuli tekin, er ég ekki tilbúinn að svara á þessari stundu, m. a. vegna þess, að þetta höfum við ekki rætt. En mér þætti ekki ólíklegt, að þessi viðmiðun mundi, þegar hækkanirnar verða misjafnar á laun-

um ríkisstarfsmannanna, verða helzt miðuð við þá launaflokka, sem líkastir væru í tekjum þeim bótaþegum, sem um væri að ræða, þ. e. a. s. lægstu launaflokkana. Ég skal ekki slá neinu föstu um þetta, en ég segi þetta sem aðeins að mínu viti líklega möguleika.

Þá ræddi hv. þm. um þá skerðingu, sem enn væri eftir í frv., þar sem væru skertir slysa- og sjúkradagpeningar á þann hátt, að þeir væru miðaðir við ákveðna upphæð. Það er rétt, að þetta er gert, en eins og hv. frsm. n. hefur bent á, eru þessar bótagreiðslur miðaðar við að bæta mönnum skaða, sem þeir hafa orðið fyrir, en ekki að veita þeim endilega einhverja ákveðna peningaupphæð. Það er skaðinn, sem er metinn, og skaðinn byggist náttúrlega fyrst og fremst á því, hvaða tekjuvon þeir hafa átt, ef þeir hefðu haldið fullri heilsu eða ekki orðið fyrir slysi.

Um hjónafólkið og læknisvitjanasjóðina held ég, að því hafi verið svarað, sem hv. þm. spurði þar um.

Ég sem sagt vildi endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég er þakklátur hv. n. og hv. þdm. fyrir það, hvernig á málinu hefur verið tekið. Það er ekki óeðlilegt, að það komi aths. og ábendingar, sem verða athugaðar allar, eftir því sem möguleikar eru á, því að ég tek undir það, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að það er ekki óeðlilegt, að þessi lög séu alltaf meira og minna í endurskoðun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 486 tekin aftur til 3. umr.
13.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 482,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, og 16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 482,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 482,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
22.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
29.—40. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
41.—53. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 482,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
56.—86. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 500, 486).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls, sem fram fór á fundi d. í gær, vakti ég athygli á nokkrum atriðum í þessu frv. og hafði vænzt þess, að hv. heilbr.- og félmn. tæki málið til athugunar á milli umr. Nú virðist mér, þar sem 3. umr. fer fram nú þegar, þá muni n. hafa unnizt lítill tími til þess að athuga málið að nýju og e. t. v. látið það undir höfuð leggjast. Ég mun nú ekki leggja fram brtt. við mörg atriði frv., en ég vil í framhaldi af því, sem ég benti á við 2. umr., bera fram og freista þess að fá samþ. brtt. við eitt atriði frv. Hún er við 37. gr., að stafl. a orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, 2000 kr. á mánuði í 8 ár. Bætur samkv. þessum stafl. falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný."

Efnisbreyt. er sú ein, að fella úr gr. það skerðingarmark, sem að þessu lýtur, en eins og greinin er í frv., þá er gert ráð fyrir því, að þessi mánaðargreiðsla, sem ákveðin er í 8 ár, verði lækkuð, ef tekjur þess látna hafa ekki verið svo háar á þeim tíma, þegar hann féll frá, að þessi fjárhæð nemi 3/4 af vinnutekjum hans.

Hér getur aldrei verið um vafamál að ræða, því að dauðaslys er þess eðlis, að það leynir sér ekki, og því ekkert torvelt til úrskurðar. Og þegar þess er gætt, að þessa skerðingu á að reikna og láta hafa áhrif á mánaðargreiðslu í 8 ár, þá sýnist mér það vera fráleitt að miða eingöngu við þær ástæður, sem voru fyrir hendi, þegar slysið bar að höndum. Það má segja, að í sambandi við ýmsar aðrar bótagreiðslur trygginganna hefur sá, sem er á lífi og í starfi, alltaf möguleika til þess að vinna sér aukinn rétt, auka tekjur sínar, en í þessu falli verður þetta ekki aftur tekið. Hér er mat á ástæðum, þegar dauðaslys bar að, og að láta slíkt mat hafa áhrif á mánaðargreiðslur í 8 ár, það sýnist mér fráleitt, einkum þegar þetta kemur niður á þeim, sem tekjulágir eru.

Ég vísa að öðru leyti til þeirrar ræðu, sem ég hélt við 2. umr. málsins, og skal ekki fjölyrða um þetta. En vegna þess, hve þetta ber brátt að, verð ég að leggja þessa till. fram skriflega og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 509) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessari brtt. hv. 5. þm. Austf. (ÞÞ). — Þetta er rétt athugað hjá honum, að þetta er breyt. á lögunum, sem þarna hefur verið gerð, og stafar að nokkru leyti af því, að l. hafa verið rýmkuð verulega, bæði að því er við kemur bótum slysatryggginga, dagpeningabótum og einnig þessum bótum. Það er núna mögulegt, að maður, sem hefur ellilífeyri eða slysaörorku, sé fulltryggður þarna líka, og það mun hafa verið það, sem meðfram réð þessu, að þetta skerðingarákvæði var sett þarna inn í. Það þótti ekki eðlilegt, að þar sem svo væri ástatt, þá væri greidd

full upphæð. Áður hafði þetta fólk ekki þennan rétt, sem það er búið að fá núna, og endurskoðunarnefndinni þótti óeðlilega mikill réttur, að þarna væri hægt að bæta algerlega við, þótt fólk, sem væri kannske löngu komið á lífeyrisaldur og búið að taka lífeyri, henti slys, þá væri ekki ástæða til í slíku tilviki að greiða hæstu eða fullar bætur.

Ég vil bara skýra frá því, hvernig í þessu liggur. Þetta stafar af þessum auknu réttindum, þá þótti endurskoðunarnefndinni nauðsynlegt að setja einhver takmörk, a. m. k. þangað til í ljós kemur, hve mikil áhrif þetta kann að hafa.

ATKVGR.
Brtt. 486,1 felld með 10:1 atkv.
— 486,2 felld með 9:5 atkv.
— 509 felld með 10:6 atkv.
— 486,3 felld með 10:6 atkv.
— 486,4 felld með 11:1 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um almannatryggingar er komið frá hv. Ed., þar sem einhugur var um að samþykkja það, að vísu með aðeins lítils háttar breyt. frá því, sem frv. var lagt fram í upphafi.

S. l. 3 ár hafa miklar breyt. verið gerðar við almannatryggingalögin og mjög þýðingarmiklar sumar. Ég skal aðeins nefna nokkrar: Það er hækkun bótagreiðslnanna 1960 og upptaka þá á fjölskyldubótum, þó að barnafjöldi væri ekki sá, sem áður var tilskilinn í lögum. Það er afnám skerðingarákvæðisins svokallaða, sem gerði það að verkum, að menn fengu ekki fullar lífeyris- eða örorkubætur, ef þeir höfðu vissar tekjur af einhverju, sem þeir unnu við. Í þriðja lagi var í fyrra landið gert að einu verðlagssvæði og þar með afnuminn sá munur, sem hefur verið á bótagreiðslum og iðgjaldagreiðslum á þesum tveim verðlagssvæðum, sem áður voru. Þá má líka nefna, að hækkanir hafa verið gerðar á bótum til samræmis við opinbera starfsmenn.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um heildarendurskoðun á tryggingalögunum öllum, og hefur verið unnið að því síðan 1960. Þá voru skipaðir í nefnd til þess að athuga lögin þeir Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem jafnframt er skipaður formaður n., Gunnar Möller hrl., frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjarnarson. Í nóv. 1962 var svo tilnefndur í n. í viðbót Björgvin Sigurðsson framkvstj. Vinnuveitendasambands Íslands til þess að taka sæti í n., þegar rætt væri um slysatryggingar, en eins og kunnugt er greiða atvinnurekendur iðgjöldin, sem þarf til þess að standa undir slysatryggingagreiðslum.

Þessi n. hefur líka starfað að þeim lagabreytingum, sem ég lýsti í upphafi míns máls og gerðar hafa verið á þessu tímabili, þ. e. a. s. hækkun bótagreiðslnanna, afnám skerðingarákvæðisins, landið eitt verðlagssvæði o. s. frv. Það hefur allt saman farið um hendur n. og hún haft það til meðferðar. En þessi heildarendurskoðun, sem hér er lögð fram, tekur til alls lagabálksins.

Þessu frv. fylgir afar ýtarleg grg., þar sem gerð er grein fyrir fyrst málinu í heild og síðan einstökum greinum frv., og skal ég ekki fara út í að ræða það nema að litlu leyti, því að hv. alþm. hafa haft tækifæri til þess að kynna sér málið, enda frv. lýst allýtarlega, eftir að það kom fram í hv. Ed., bæði í blöðum og útvarpi. En nokkur atriði skal ég leyfa mér að minnast á.

Helztu breyt., sem frv. felur í sér, eru í fyrsta lagi þær, að allir lífeyrissjóðir verði viðbótarsjóðir, þ. e. að allir fái bætur almannatrygginganna frá 1. jan. 1964 og bætur lífeyrissjóðanna verði viðbótarbætur við bætur almannatrygginganna. Þá er gert ráð fyrir, að uppgjör eigi sér stað fyrir liðinn tíma á milli hvers lífeyrissjóðs og almannatrygginganna. Enn fremur dragast bætur almannatrygginga frá bótum lífeyrissjóðs til einstakra bótaþega, unz bótaákvæði sjóðanna hafa verið endurskoðuð. Eftir afnám skerðingarákvæðanna er það öllum hagkvæmt að njóta bóta almannatrygginganna. Þetta er öllum ljóst, sem sjá má á því, að á síðustu árum hafa verið stofnaðir margir lífeyrissjóðir, sem eru aðeins viðbótarsjóðir, þ. e. a. s. sjóðfélagar þeirra eiga rétt til allra bóta almannatrygginganna. Þetta, að meðlimir lífeyrissjóðanna höfðu yfirleitt hætt greiðslum til almannatrygginganna, að því er tekur til þessara lífeyrisgreiðslna, kemur til af því, að skerðingarákvæði almannatryggingalaganna, meðan það var í gildi, kom í veg fyrir, að sjóðfélagar hefðu nokkurn hagnað af því að vera þátttakendur í almannatryggingunum, því að tekjur þeirra eða bótagreiðslur lífeyrissjóðanna voru það háar taldar, að þær skertu verulega þann möguleika, sem þeir þá áttu í bótum frá almannatryggingunum. Þess vegna var það, að þegar lífeyrissjóður var stofnaður, meðan skerðingarákvæðið var í gildi, var venjan sú að sækja um leyfi til Tryggingastofnunar ríkisins um það, að meðlimir lífeyrissjóðsins yrðu undanþegnir að greiða til almannatrygginganna, af því að fyrirsjáanlegt var, að þeir mundu engan hagnað hafa af því, eða a. m. k. lítinn, vegna þeirra bóta, sem þeir fengu úr sínum lífeyrissjóði. Við afnám skerðingarákvæðisins gerbreyttist þetta. Þá er ekkert því til fyrirstöðu, að menn geti fengið sínar bætur frá almannatryggingunum, þó að þeir njóti bóta úr sínum eigin lífeyrissjóði, enda hefur það farið svo, að ýmsir lífeyrissjóðir, sem stofnaðir hafa verið síðan, hafa ekki sótt um að verða

undanþegnir greiðslum til almannatrygginganna og njóta þess vegna hvors tveggja, hvort sem þetta verður samþ. eða ekki.

Það hafa farið fram athuganir á því, hvort einstaka lífeyrissjóðir mundu þola að greiða til almannatrygginganna bæði þær iðgjaldagreiðslur, sem niður hafa fallið, og vexti af þeim greiðslum, og með þeim árangri, að það virðist hafa komið í ljós, að þetta ætti ekki að vera lífeyrissjóðunum um megn. Þó er vitað, að þetta verða mjög mikil útgjöld fyrir lífeyrissjóðina, og þess vegna hefur í bráðabirgðaákvæði þessa frv. verið gefinn kostur á því, að þessar greiðslur megi dreifast á tíu ára bil. Einstaka lífeyrissjóðir, eins og lífeyrissjóðir bankanna, hafa látið í ljós áhyggjur út af því, að það mundi verða þessum sjóðum ofvaxið að standa í skilum við almannatryggingarnar, en þeir sérfræðingar, sem við höfum haft til að athuga þetta, telja, að svo þurfi ekki að verða.

Hins vegar hefur rn., sem á að gefa út reglugerð um það, hvernig þessum endurgreiðslum skuli hagað, ákveðið, að það verði það vægilega í sakirnar farið við þessa lífeyrissjóði, að það komi ekki til neinna vandræða, en ef til vandræða komi einhvers staðar út af þessum endurgreiðslum, þá verði gerðar sérstakar ráðstafanir í því sambandi og mál þess lífeyrissjóðs tekið sérstaklega til athugunar. En ég vænti, að til þess þurfi ekki að koma.

Þetta er mjög veigamikil breyt. og sjálfsagt sú, sem einna mesta þýðingu hefur af þeim breyt., sem frv. gerir ráð fyrir. Það eru nú svo margir lífeyrissjóðir starfandi á landinu, að það verður mikill fjöldi manna, sem þarna fær ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginganna í ofanálag á þær lífeyrisgreiðslur, sem viðkomandi lífeyrissjóður lætur þeim í té. Og mætti svo fara, að þetta yrði byrjun á því, að ellilífeyrisgreiðslur almennings í landinu gætu almennt verulega hækkað frá því, sem nú er.

Önnur aðalbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum, en nú eru, eins og kunnugt er, fjölskyldubætur ekki greiddar með börnum, sem njóta barnalífeyris eða eiga rétt til meðlags eða meðlagsskyldan föður utan fjölskyldunnar. Fjölskyldubætur eru nú 3077 kr. með hverju barni, sem þeirra nýtur, en í frv. er gert ráð fyrir mjög svipaðri upphæð, eða réttum 3000 kr. N. taldi eðlilegt, að fjölskyldubætur væru greiddar vegna allra barna, annaðhvort sem sjálfstæð greiðsla eða innifalið í öðrum bótum. Til athugunar kom hjá n. að lækka barnalífeyrinn vegna þessara breyt., en með hliðsjón af því, að barnalífeyrir er ekki hærri hér á landi en eðlilegt má telja, taldi n. ekki rétt að leggja til, að hann yrði lækkaður. Þau börn, sem meðlög eru skilvíslega greidd með af barnsföður, njóta engra fjölskyldubóta, eins og nú er, og fá engar bætur í stað fjölskyldubóta. Hér virðist því með hinum nýju ákvæðum þessa frv. leiðrétt nokkurt misrétti. Fæðingarstyrkur er nú 2556 kr., en lagt er til, að hann verði hækkaður upp í 4000 kr., eða um 56%. Þessi hækkun á nokkuð rót sína að rekja til hækkunar á daggjöldum í sjúkrahúsum og til hækkunar á fæðingarstofugjaldi.

Þá er lagt til, að ekkjulífeyrir verði nokkuð hækkaður frá því, sem nú er, enda voru þær bætur með þeim lélegustu, sem veittar voru. Þessi hækkun á ekkjulífeyri er gert ráð fyrir að verði 17%. Þá er lagt til, að dánarbótum vegna slysa verði breytt þannig, að í staðinn fyrir eina greiðslu til ekkju eða ekkils, eins og nú er, komi í staðinn bætur, sem greiddar verði mánaðarlega samtals í 8 ár. Auk þessarar breyt. á greiðslumátanum er lagt til, að þessar bætur verði hækkaðar verulega. Þá er lagt til í frv., að lágmarkssjúkradagpeningar verði hækkaðir verulega og ákveðin rýmkun að því er varðar bótaþegana. Þetta sama eða svipað er gert ráð fyrir að gildi um greiðslur slysa- og sjúkradagpeninga. Þar er lagt til, að slíkar bætur verði greiddar til atvinnurekandans, ef hlutaðeigandi launþegi er á launum hjá honum á þeim tíma, sem bæturnar eru greiddar. Þetta hefur verið samningsatriði oft og tíðum á milli atvinnurekanda og launþega og verið talið af hálfu atvinnurekendanna óeðlilegt, að bótagreiðslur almannatrygginganna féllu niður og kæmu hvergi fram, ef atvinnurekandinn greiddi viðkomandi launþega fullt kaup eða hluta af kaupi, sem er hærri en dagpeningarnir, og frá þeirra hálfu var borin fram ósk um, að í því tilfelli gengju dagpeningar Tryggingastofnunarinnar til atvinnurekandans upp í það, sem hann greiðir í viðkomandi tilfelli. Þetta hefur þótt ekki óeðlilegt og hefur verið tekið upp í frv.

Þá er lagt til, að verksvið héraðssjúkrasamlaga verði aukið nokkuð, þannig að þau greiði kostnað vegna sjúkrahúsvistar þeirra samlagsmanna, sem hafa lengri sjúkrahúsvist en 30 daga á hverjum 12 mánuðum. Það eru oft erfiðleikar með fámenn sjúkrasamlög, ef eitthvað útgjaldafrekt kemur til sögunnar, og þess vegna hafa verið stofnuð héraðssamlög, sem jafna þá á sig byrðum smærri samlaganna, ef á þarf að halda.

Útgjaldaaukningin við þessar breyt. er talin upp á bls. 49 í grg., og virðist hún koma út þannig, að útgjaldaaukningin muni verða um 54.1 millj. í heild. Þar af greiði ríkissjóður 31.4 millj., hinir tryggðu 10.7 millj., sveitarsjóðirnir 5.8 millj. og atvinnurekendurnir 6.2 millj. Þetta er talsvert mikil aukning frá því, sem nú er, en heildarútgjöldin vegna almannatrygginganna í dag, eða á árinu 1963, getur maður sagt að séu í kringum 834 millj. kr., og við þá upphæð bætast svo þessar 54.1, þannig að heildarupphæðin verður þá 888 millj., sem varið verður í þessu skyni sameiginlega af ríki, sveitarsjóðum, einstaklingum og atvinnurekendum.

Í Ed. var gerð lítils háttar breyt. á frv., eins og ég nefndi í upphafi, og þá sú helzt, að tekin voru upp mæðralaun til konu með eitt barn, sem hafði verið fellt niður í frv., vegna

þess að hún fékk nú fjölskyldubætur, sem henni höfðu ekki verið greiddar áður. Mæðralaunin voru í upphafi kölluð þessu nafni, þegar þau voru sett 1953 eða 1954, að ég ætla — 1953 líklega, vegna þess að það þótti ekki rétt að kalla þetta framlag til einstæðra kvenna með eitt barn fjölskyldubætur, því að það hefði kannske dregið stærri dilk á eftir sér, en tilsvarandi upphæð var þá tekin upp í tryggingarnar handa þessum konum og kölluð mæðralaun. Þess vegna var það líka ástæðan til þess, að þessi upphæð var niður felld í frv., þegar fullar fjölskyldubætur voru teknar upp. En hv. Ed. hefur þótt hlýða, og sá ég ekkert á móti því, nema síður væri, að þetta væri tekið upp að nýju og mæðralaunin greidd, þrátt fyrir það að fjölskyldubæturnar kæmu líka.

Það er gert ráð fyrir því, að þetta frv. taki gildi um næstu áramót, m. a. vegna þess að það hefur ekki verið tekið upp í fjárlög nein sérstök upphæð til að standast þessi útgjöld.

Ég vænti þess svo, að hv. alþm. í þessari hv. d. taki þessu máli vinsamlega, eins og gert var í hv. Ed., þannig að afgreiða megi það, áður en þessu þingi lýkur. Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 633, 635, 636).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Áður en ég hef hér mál mitt í sambandi við það frv., sem liggur fyrir, vildi ég gjarnan spyrja hæstv. forseta, hvort hugsað sé að halda áfram umr., þó að liðinn sé fundartími nú, því að mín ræða mun taka alltaf klukkutíma.

Forseti (JóhH): Út af þessu verður þessum fundi frestað núna, en haldið áfram klukkan fimm, og ég geri einnig ráð fyrir því að halda þá fleiri fundi til þess að koma áfram afgreiðslu mála, þegar dagskrá þess fundar er lokið. En með hliðsjón af því, að nú er kominn tími til venjulegs síðdegishlés, mun ég fresta fundinum þangað til kl. fimm — [Fundarhlé.]

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 384 um almannatryggingar var útbýtt á Alþ. 13. marz s. l. og tekið til umr. í hv. Ed. skömmu síðar. 1. umr. um frv. í þessari hv. d. fór fram 4. þ. m. og að henni lokinni var því vísað til hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar.

Eins og aths. við frv. bera með sér, er það samið af mþn., sem skipuð var hinn 12. sept. 1960 til þess að endurskoða í heild l. um almannatryggingar. Hafði n. skilað áður till. til breytinga, sem voru mjög aðkallandi, og þær lögfestar á undanfarandi þingum. Frv. þetta er því einn veigamikill liður í endurskoðun l., sem engan veginn er enn fullokið, en bæði rétt og skylt og sjálfsagt að breyta l. eftir því, sem tilefni er til á hverjum tíma, og eftir því, sem tryggingarnar verða þess megnugar að færast meira og meira í það horf að vera tryggingar með jafnrétti allra tryggingaraðila, eins og stefnt er að, að verði í framtíðinni. En áður en því takmarki er að fullu náð, verður enn að gera margvíslegar breyt. á l. Frv. var því vandlega undirbúið, er það var lagt fram í Ed. til umr. og athugunar, og hefur það einnig fengið eðlilega meðferð og hefur d. gert á því nokkrar breyt., sbr. þskj. 500.

Hæstv. félmrh. gerði í framsöguræðu sinni við 1. umr. hér í þessari hv. d. ýtarlega grein fyrir frv. í heild og þeim breyt., sem í því felast frá gildandi l., og benti á, að í þeim fælust svo þýðingarmiklar umbætur, að nauðsynlegt væri, að frv. væri lögfest nú á þessu þingi, þótt skammt væri til þingslita, og vænti þess, að hér í þessari hv. d. yrðu ekki samþ. neinar þær breyt. á frv., sem gætu stefnt því í hættu eða orðið til þess að stöðva afgreiðslu þess. Um þetta atriði er heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. sammála.

Eftir að n. hafði athugað frv. mjög ýtarlega, hefði hún kosið, að gerðar yrðu á því nokkru víðtækari breyt. en þær, sem hún leggur til að gerðar verði á frv., sbr. þskj. 635. En með því að ekki náðist samkomulag við hv. heilbr.- og félmn. Ed. um aðrar og meiri breyt. og enginn tími til þess að hefja umr. á þessu stigi um deiluatriði, ef frv. á að ná samþykki á þessu þingi, ákvað n. að bera aðeins fram þær breyt., sem fullt samkomulag varð um við heilbr.- og félmn. hv. Ed. Með því að endurskoðun l. er engan veginn lokið, þótt þessi þáttur verði lögfestur, og í fullu trausti þess, að við áframhaldandi endurskoðun l. verði þær breyt., sem n. hefur viljað koma fram nú, en ekki gefizt tækifæri til, gaumgæfilega athugaðar og til greina teknar síðar, þykir rétt að fara hér um þær nokkrum orðum, svo að sjá megi í þingtíðindum ábendingu um það, hver vilji n. var í þessu máli.

Þegar gerður er samanburður á frv. því, sem hér er til umr. á þskj. 384 og 500, og l. um almannatryggingar, eins og þau voru samþ. á Alþ. vorið 1946, sést bezt, hve þróun tryggingamálanna hefur verið ör á þessum fáu árum. Meginuppistaðan í löggjöfinni frá 1946 var sambland af tryggingum og framfærslu, sem stafaði beinlínis af því, að tryggingasjóðirnir voru ekki nægilega fjársterkir til þess að taka að sér jafnar bætur fyrir alla tryggingaraðila. Kom þetta skýrast fram í skiptingu landsins í tvö tryggingasvæði, þar sem bætur voru lægri til þeirra, sem bjuggu í þeim landshluta, sem ódýrari þótti að framfleyta lífinu í, en hinum, sem dýrara var að búa í. Þetta kom einnig fram í skerðingarákvæðum bóta vegna efnahags, sem þar voru mjög víðtæk, svo og í ákvæðum um fjölskyldubætur, sem eigi voru greiddar með fyrstu þremur börnunum. Slysabætur og sjúkrabætur voru þá og mjög háðar efnahag bótaþega. Allt er þetta ýmist afnumið eða því verulega breytt

úr framfærslubótum í venjulegar og raunhæfar tryggingabætur, sem bótaþegi hefur tryggt sér með iðgjaldi sínu án tillits til efnahags og afkomu. Og þó að þessu marki sé engan veginn að fullu náð með frv. því, sem hér er til umr., er það þó allt í rétta átt, enda ber að stefna að því, að almannatryggingar verði sem fyrst fullar tryggingar með jafnrétti til bóta fyrir alla tryggingaraðila, bætur allar miðaðar við það, að framfærslusjónarmiðið þurfi eigi lengur að vera þar ráðandi.

Undir meðferð málsins í n. var bent á ýmis atriði í frv., sem nauðsynlegt þótti að breytt yrði, ef ekki nú, þá svo fljótt sem tækifæri gæfist. Voru þau öll rædd við forstjóra Tryggingastofnunarinnar, sem mætti á fundum n., svo að honum væri ekki ókunnugt um afstöðu n. til þessara atriða. Skal hér rætt nokkuð um þessi atriði samhliða því, sem gerð verður grein fyrir þeim brtt., sem n. ber fram á þskj. 635 og fullt samkomulag er um, svo sem áður hefur verið vikið að.

I. kafli frv., sem kveður á um skipulag og stjórn Tryggingastofnunarinnar, er svo til óbreyttur frá gildandi lögum. Kaflinn hefur hins vegar tekið verulegum breyt. frá því, sem var í l. frá 1946. Kaflinn var þá í 12 gr. alls, en er nú í 9 gr. Helztu breyt., sem gerðar hafa verið, eru, að nú er landið allt eitt tryggingarumdæmi, og var það stórt spor í rétta átt, er það var lögtekið, eins og ég hef áður minnzt á. Ákvæði um trygginganefndir, sem kosnar voru í héruðunum samkv. 11. gr. l. frá 1946, hafa verið felld niður úr l., sennilega vegna þess að lítill árangur hefur verið af starfi þeirra, og ákvæði sömu greinar um, að Tryggingastofnunin skuli hafa skrifstofur eða umboðsmenn á þeim stöðum, sem bezt henta og þörf krefur eftir ákvæðum tryggingaráðs, er fellt niður. En í þess stað er ákveðið, sbr. 8. gr. frv., að utan Reykjavíkur skuli sýslumenn og bæjarfógetar annast um umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. En þótt þessi ákvæði séu óbreytt frá því, sem núgildandi lög ákveða, hefði þó verið bæði rétt og skylt að breyta þessu ákvæði nú, er heildarendurskoðun hefur farið fram á lögunum.

Mér er vel ljóst, að þessi breyt. var gerð vegna þeirrar venju, sem hafði skapazt hjá tryggingaráði, að fela sýslumönnum og bæjarfógetum umboðsstörfin utan Reykjavíkur. En sannleikurinn er sá, að eigi nokkuð að lögbjóða um það, hverjir skuli vera umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar og hverjir ekki, umfram það, sem gert var í 11. gr. l. frá 1946, þá átti fyrst og fremst að lögbjóða, að sýslumenn og bæjarfógetar mættu ekki taka að sér þetta umboð. Ég skal ekki láta undir höfuð leggjast að færa fyrir því full rök. Milli Tryggingastofnunarinnar annars vegar og bótaþega og iðgjaldagreiðenda hins vegar eru margþætt viðskipti, sem hljóta að valda og hafa valdið ágreiningi. Og sé ekki hægt að jafna þann ágreining með sætt á milli aðilanna, eiga báðir rétt á því að leita úrskurðar dómstólanna, og þá eðlilegt, að slík mál séu sótt og varin í því héraði, sem hinn tryggði á lögheimili í. Sé lögheimili hans utan Reykjavíkur, er umboðsmaður annars aðila, þ. e. tryggingarinnar, dómari í því máli, nema skipaður sé dómari í hans stað. En hvorugt er æskilegt. Hitt er þó miklu lakara, að dagleg afgreiðsla er látin fara fram um hendur dómara, sem kann, hversu réttlátur sem hann er, að hafa tilhneigingu til þess að draga þar meira taum umbjóðandans en hinna, sem bóta eiga að njóta, og þetta kann að gerast í mörgum smærri atriðum, sem ekki þykir takandi að leita dómsúrskurðar um, en aðilar geta fengið og ættu að fá fulla leiðbeiningu um hjá óháðu yfirvaldi sínu.

Hvort sem þessi mál eru leyst betur eða verr af hendi hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, þá er það í hæsta máta óviðkunnanlegt að skipa málunum þannig, að dómari skuli gerður umboðsmaður annars aðila. Mér er líka persónulega kunnugt um, að hér hafa orðið allverulegir árekstrar í framkvæmd. Um eitt skeið taldi umboðsmaður sig hafa fullan rétt til þess að neita að greiða bótaþegum bætur, svo lengi sem heimasveit þeirra hefði ekki staðið skil á lögboðnum gjöldum sveitarsjóðsins til tryggingarinnar, alveg þvert ofan í fyrri fyrirmæli l. Og þegar undan þessu var kvartað og leiðréttingar krafizt, þótti það óviðeigandi, eins og umboðsmaðurinn komst að orði, að þm. skyldu beita áhrifum sínum til þess á þann hátt að rýra aðstöðu umboðsmannsins til þess að innheimta lögboðin gjöld. En hvort sem lítil eða mikil brögð eru að því, að réttur hinna tryggðu hafi verið eða sé fyrir borð borinn, þá á ekki að skipa þessum málum þannig, að valdið og rétturinn sé í höndum eins og sama manns. Mér er vel ljóst, að það er þýðingarlaust að gera tilraun til þess að fá þessu breytt nú á þessu þingi. Til þess vinnst enginn tími að brjóta niður þá andstöðu, sem gegn því mundi rísa. Og mér er einnig vel ljóst, að sú andstaða er ekki smá. Hér var fyrst tekin upp sú venja og hún síðar lögfest að láta sýslumenn og bæjarfógeta fá þessi umboð og skapa þeim með því m. a. drjúgar aukatekjur, og það er flestum kunnugt, hversu þungur sá róður er að fá menn til þess að sætta sig við, að teknar séu af þeim hefðbundnar tekjur, hvað þá þegar þetta hefur verið lögfest. En hér er hinum sterkari aðila, Tryggingastofnuninni, gefinn miklu meiri réttur en hinum veikari, þ. e. bótaþegunum, og það ætti að vera stolt Tryggingastofnunarinnar að vilja ekki viðhalda í viðskiptum svo ólíkum viðskiptagrundvelli sem hér er skapaður með þessari skipan málanna. Þess er því vænzt, að 8. gr. frv. verði sem fyrst breytt til meira öryggis fyrir bótaþegana en nú er í lögum.

I II. kafla frv., en sá kafli er allur um lífeyristryggingar, er að finna allmikið misrétti, sem verður að bæta úr. Leggur n. til, að sum atriðin verði færð í meiri réttlætisátt nú þegar, en önnur verði tekin til athugunar svo

fljótt sem verða má og þeim breytt til meira samræmis við breyttar aðstæður og breytta tíma frá því 1946, að lögin um almannatryggingar voru samþ. Í 12. gr. frv. er gerður nokkur munur á ellilífeyri einstaklinga, sem fæddir eru fyrir eða eftir 1894. Nær ellilífeyrir hinna eldri ekki sama hámarki og hinna yngri, þótt báðir hafi frestað töku hans fram yfir 72 ára aldur. N. er sammála um, eða hér sé um misrétti að ræða, sem þegar beri að leiðrétta. Hún leggur því til með 1. brtt. sinni á þskj. 635, a-lið, að upphaf 2. mgr. 12. gr. orðist svo: „Árlegur ellilífeyrir einstaklinga skal vera sem hér segir“ — og síðan tekið fram í frv., hver hann skuli vera. Verði þessi brtt. samþ., ná allir einstaklingar, sem fresta töku lífeyris fram yfir 72 ára aldur, hámarksupphæð, hvenær sem þeir eru fæddir, en afleiðingin af þeirri samþykkt yrði þá sú, að 3. mgr. sömu gr., þ. e. b-liðurinn á fyrstu brtt., verður að falla niður. Í síðustu mgr. sömu gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem hefði átt sér stað eftir 1. janúar 1965.“

Hafi maður frestað töku lífeyris og eigi sjálfur notið þeirrar hækkunar, áður en hann lézt, er ekkert eðlilegra en að eftirlifandi maki njóti þeirrar hækkunar að fullu í viðbót við sinn eigin lífeyri. Hér er um að ræða eign, sem viðkomandi geymir sér, en fær ekki notið, og því er ekkert réttlæti í að rýra hana að hálfu fyrir eftirlifandi maka. Gildir þetta jafnt, hvort maðurinn eða konan eiga í hlut. N. hefur því borið fram brtt. við þennan lið á þskj. 635, þ. e. að orðin „eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar“ í síðustu mgr. falli niður.

Í l. frá 1946 var lífeyrir hjóna 80% af lífeyri tveggja einstaklinga. Það ákvæði, að hjón fái eigi jafnháan lífeyri og tveir einstaklingar, ef þau búa saman, hefur jafnan valdið mjög mikilli óánægju, og hækkun lífeyrisgreiðslu til hjóna úr 80% í 90%, eins og nú er ákveðið, stafar sjálfsagt nokkuð af því, hve þessi óánægja hefur verið almenn.

Meginrökin gegn því að hækka ekki lífeyri hjóna, þegar bæði taka lífeyri og búa saman, hafa verið þau, að í fyrsta lagi mun það almennt ódýrara fyrir hjón að búa saman en sitt í hvoru lagi, en þó einkum hitt, að iðgjald hjóna er aðeins 10% hærra en iðgjöld einstaklinga. Eftir því sem framfærslusjónarmiðið fjarlægist úr löggjöfinni, því veigaminni eru þau rök að ákveða lífeyri eftir því, hvað það kostar að framfleyta lífinu, en hitt eru þyngri rök, að hjón greiði miklu lægri iðgjöld en tveir einstaklingar.

N. gerir ekki till. um að breyta þessu ákvæði nú, en vill benda á, að heppilegt væri að hækka lífeyri hjóna upp í fullan lífeyri tveggja einstaklinga, þó að það hefði í för með sér, að hækka þyrfti eitthvað iðgjald þeirra frá því, sem nú er í l. Þykir rétt að láta þetta koma fram hér í framsögu.

Samkv. ákvæðum 12. gr. frv. er árlegur lífeyrir 18240 kr. og hækkar eigi, ef lífeyristöku er ekki frestað. Er þetta nokkur hjálp þeim, sem kann að hafa einhverjar aðrar tekjur sér til framfæris, en hins vegar alveg ófullnægjandi til að draga fram lífið á, ef eigi kemur annað til, enda heimila l. að hækka þessa upphæð, þegar þannig stendur á, að bótaþegi hafi ekki aðrar tekjur eða er vistaður á hæli eða á elliheimili. N. gerir á þessu stigi málsins ekki till. um hækkun á þessum lið, þar sem jafnframt yrði að sjá fyrir tekjum á móti og enginn tími til þess að fá samkomulag um slíkar breytingar. En hitt ber að hafa í huga, að vinna ber markvisst að því, að þessar bætur verði hækkaðar verulega og það svo, að bótaþega nægi þær til framfæris, þótt hann hafi engar aðrar tekjur, og það jafnt hvort hann er vistaður í sjúkrahúsi, elliheimili eða býr á heimili sínu eða annarra. Slík ákvæði hafa óneitanlega í för með sér, að óhjákvæmilegt er að efla ellilífeyrissjóðinn, svo að hann megni að mæta þeim auknu útgjöldum, sem því yrðu samfara. Og til þess eru ýmsar leiðir í nútímaþjóðfélagi. Hef ég árum saman bent á og barizt fyrir, að ákveðinn hluti erfðafjár, einkum úr dánarbúum, þar sem engir niðjar eru til þess að taka arf, renni til ellilífeyrissjóðsins, til þess einmitt að tryggja afkomu þeirra ellilífeyrisþega, sem ekki hafa aðrar tekjur að lifa af, eftir að þeir hafa náð 67 ára aldri. En augu manna eru enn sem komið er, því miður, ekki opin fyrir þessari lausn á málunum. En sú skammsýni þeirra leysir þá hina sömu eigi undan þeim vanda og þeirri þjóðfélagslegu skyldu að finna aðrar leiðir til þess að tryggja lífeyrissjóðnum nægilegar tekjur. Bráðabirgðaákvæði frv., þar sem ætlazt er til, að samfara ellilífeyrissjóðunum starfi framvegis aukalífeyrissjóðir ákveðinna stétta, er skýrasta sönnun þess og bein viðurkenning á því, að lífeyririnn er engan veginn nægilegur til þess að tryggja bótaþega sæmileg kjör í ellinni, en það verður að stefna að því, að svo verði gert og það sem allra fyrst.

Í 14. gr. frv. er ákveðið, að greiða megi eiginkonu elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. N. leggur til, að sú breyt. verði gerð á greininni, að upphaf gr. orðist svo: „Greiða má maka“, þ. e. a. s. orðið „maki“ komi í staðinn fyrir „konu“. Verði brtt. samþ., er heimilt að greiða hvort heldur manninum eða konunni bætur þessar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Í tilefni af þessu þykir mér rétt að benda á, að nauðsynlegt er að breyta sem fyrst ýmsum ákvæðum l. til þess að tryggja karlmanni sama rétt og konu til bóta. Eftir að lögboðið hefur verið, að konur skuli hafa sömu laun og karlmenn fyrir sömu störf, og konur gegna í vaxandi mæli embættum og öðrum störfum utan heimilisins með sömu tekjum og karlmenn, er eðlilegt, að maðurinn njóti sömu bóta og

konan, hvort heldur um er að ræða elli-, örorku-, sjúkra-, slysa- eða dánarbætur. Það er hrein hugsunarvilla, að heimili sé minna tjón að fráfalli móður frá mörgum ungum börnum en fráfalli föður, og alveg óskiljanlegt, hve kvenréttindakonur sækja það fast að fá það staðfest með lagaákvæðum, að svo sé. Sannleikurinn er einmitt sá, að í langflestum tilfellum er heimili margfalt meira tjón að fráfalli eða örorku konunnar en mannsins, beinlínis vegna þess að konan er heimilinu margfalt verðmætari en maðurinn, sbr. hin sígildu spakmæli, að sé maðurinn eyðslusamur, brennur búið hálft, en sé konan eyðslusöm, brennur það allt.

Maki, sem svo mikið veltur á, má hvorki né á að liggja óbættur hjá garði, þegar hann fellur frá, hvort heldur er fyrir elli, örorku, slys, sjúkdóm eða dauða. En þetta atriði sem svo mörg önnur, sem breyta þarf, vannst ekki tími til að lagfæra á þessu þingi. Ákvæði, sem snerta þessi atriði, er að finna m. a. í 16., 17. og 19. gr. frv., er öllum þarf að breyta til samræmis, ef karl og kona eiga að óðlast sama rétt.

21. gr. frv. var breytt í hv. Ed., sbr. þskj. 500, og er sú breyt. mjög til bóta. En rétt þykir að benda á, að óviðkunnanlegt er, að sú hækkun til bótaþega, sem heimilt er að greiða, komist hann ekki af án hennar, skuli háð því skilyrði, að 2/5 greiðist af sveitarsjóði og hlutur tryggingganna greiðist því aðeins, að sveitarsjóðurinn hafi greitt sitt framlag. Er þetta ein sönnun þess, hversu aðkallandi það er að efla svo ellilífeyrissjóðinn, að hann einn megni að standa undir þeim útgjöldum.

Í síðustu mgr. 27. gr. kveður svo á um, að verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en 3 mánuði, skal frá gjalddaga greiða dráttarvexti, sem séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir bankanna á hverjum tíma. N. varð sammála um að leggja til, að þessu yrði breytt þannig, að greiða bæri hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna af skuldinni, og taldi ekki ástæðu til að leyfa hærri vexti. En um þessa breyt. varð ekkert samkomulag við hv. heilbr.- og félmn. Ed. N. hefur því fallið frá því að bera þessa till. fram á þessu stigi, en vill taka það fram, að einstakir nm. eru óbundnir af að bera hana fram eða fylgja henni, ef hún kynni að verða flutt af öðrum. Eins og kunnugt er, geta vextir Seðlabankans farið allmikið yfir hæstu vexti viðskiptabankanna. Þykir því rétt að taka fram, að þar sem rætt er um hæstu útlánsvexti bankanna, er átt við vexti viðskiptabankanna, en ekki vexti Seðlabankans, eins og þeir geta verið hæstir.

Rétt þykir að benda á í þessu sambandi, að hvort heldur Tryggingastofnunin þyrfti að taka lán til starfsemi sinnar, sem svaraði óinnkölluðu framlagi sveitarfélaga, eða draga samsvarandi upphæð inn af sjóðum sínum, þá greiðir hún fyrir það aldrei hærri vexti en hæstu útlánsvexti. Það er því lítil sanngirni í því að heimila henni 1% hærri vexti af þeim greiðslum, sem hér um ræðir, þótt greiðsla á þeim dragist einhvern tíma fram yfir það, sem ákveðið er í lögunum.

Um III. kafla frv., sem fjallar um slysabætur, skal farið nokkrum orðum.

Í 35. gr., 1. mgr., er kveðið svo á um, að greiða skuli bótaþega dagpeninga frá og með 8. degi frá því, að slysið varð, enda hafi hann verið óvinnufær í 10 daga. Skulu dagpeningar greiddir honum, þar til hann yrði aftur orðinn vinnufær eða hefur verið dæmdur sem öryrki, þó ekki lengur en í 52 vikur. En það er helmingi lengri tími en nú er ákveðinn í gildandi lögum. Dagpeningar skulu vera 86 kr. á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilisins, en 76 kr. fyrir aðra. Í 4. mgr. sömu gr. er sett það skerðingarákvæði, að greiðsla þessi megi þó aldrei fara fram úr 3/4 af atvinnutekjum bótaþega, sem hann hafði, er hann slasaðist. N. varð sammála um að leggja til, að þessi skerðingarákvæði féllu niður, en með því að ekki tókst að fá um það samkomulag við heilbr.- og félmn. hv. Ed., var fallið frá að bera fram þá till., sbr. það, sem ég hef sagt um það atriði hér að framan. En búast má við einnig, að hér beri einhverjir nm. fram till. Hafa þá nm. allir óbundnar hendur um, hvort þeir fylgja henni eða fylgja henni ekki. Gegn því, að skerðingarákvæði séu felld niður, eru færð þau rök, að bótaþegi eigi ekki eða megi ekki fá jafnháar eða hærri bætur en laun þau, sem hann hafði, er slysið vildi til, þar sem það gæti valdið því, að hann tæki ekki aftur upp vinnu, þótt hann væri orðinn vinnufær, þar sem tekjur hans væru öruggar, svo lengi sem hann væri frá verki vegna afleiðinga slyssins.

N. lítur svo á, að þessi rök fái ekki staðizt. Í fyrsta lagi er það svo, að almennt óska menn ekki eftir því að dveljast sem sjúklingar lengri eða skemmri tíma bara til þess að fá daglaun, sem eru þó ekki ákveðin hærri en sem svarar rúmlega helmingi af venjulegum launum, og í öðru lagi er það lækna að ákveða, hvenær bótaþegi er vinnufær eða ekki, og á því byggjast skerðingarákvæðin. Á því að byggja skerðingu dagpeninga á vottorði læknis, ef nauðsynlegt þætti, en ekki á vilja sjúklingsins. Í þriðja lagi þekkist það hvergi, þar sem menn tryggja sig með frjálsum tryggingum gegn slysum með rétti til ákveðinnar upphæðar á dag í bótagreiðslur, að þær séu takmarkaðar við laun mannsins. Í fjórða lagi er nærri ógerlegt oft að ákveða laun til einyrkja eða manns, sem lifir af tekjum af atvinnurekstri sínum og kann á vissum tíma að líða töp og verða þá að stofna til skulda eða rýra höfuðstólinn til þess að framfleyta fjölskyldu sinni. Eftir orðalagi gr. ættu slíkir aðilar engar bætur að fá, en í því sambandi upplýsti forstjóri Tryggingastofnunarinnar, að þegar svo stæði á, heimilaði stofnunin að greiða aðilunum bætur samkv. áætluðum þurftartekjum bótaþega. — Að áliti n. eru

þessi ákvæði óþörf, óeðlileg, og að þeim beri að breyta svo fljótt sem unnt er og svo fljótt sem því verður við komið.

Með 37. gr. frv. er gerð mjög víðtæk breyt. á greiðslu slysabóta frá því, sem nú er í gildandi l., og mjög vafasamt, að sú breyt. sé til bóta. Og í mörgum tilfellum, þar sem bótaþegi er fær um að fara vel með fé, er breyt. til hins verra. En breyt. er aðallega gerð til þess að tryggja, að þeir bótaþegar, sem ekki kunna með fé að fara, geti ekki eytt bótunum á skömmum tíma og standi síðan uppi fjárvana. Eru slík rök fyrir þessari breyt. mjög hæpin. Talið er í aths., að með breyt. þessari sé um verulega hækkun bóta að ræða, en allt fer það eftir því, hve hagsýnn bótaþegi kynni að vera. Bætur, sem ber að greiða samkv. gildandi l., eru í dag rúmlega 106 þús., sbr. upplýsingar í grg., sem ég þó hygg að séu nokkru hærri en þessi upphæð. Séu þær greiddar út í einu lagi, svo sem vera ber, gæti viðkomandi aðili örugglega keypt skuldabréf fyrir upphæðina með 30% afföllum á 9% ársvöxtum til 10 ára. Ætti hann þá stofn, sem næmi 138 þús. kr. og gæfi honum 12400 kr. vexti á ári auk 13800 kr. afborgana, eða 26200 kr., ef stofninum er ekki eytt, annars hlutfallslega lækkaði hann um rúmar 1200 kr. á ári. En auk þess gæti það oltið á því fyrir bótaþega að tryggja sér t. d. íbúð, ef hann fengi bætur, er væru greiddar út í einu lagi, í stað þess að fá 2000 kr. á mánuði í 8 ár, sem undir engum kringumstæðum er nægilegt fyrir hann til þess að greiða fyrir íbúð, eins og verð á þeim er í dag. Skerðingarákvæðið, sem sett er í a-lið greinarinnar, að mánaðargreiðslur skuli þó aldrei fara yfir 3/4 af tekjum bótaþega, sem hann hafði við þá vinnu, er hann stundaði, er slysið varð, rýrir þessi réttindi enn meir. Sýnilegt er, að láti hinn látni eftir sig maka og engin börn, en makinn, sem einnig væri barnlaus, félli síðar frá, t. d. mánuði síðar, þá falla allar bæturnar niður, sem samkv. gildandi l. hafa allar verið inntar af hendi og fallið til erfingja þess maka, er þær fékk. Breyt. er því mjög veruleg skerðing frá því, sem nú er.

Með tilvísun til þessa leggur n. til, að a-liður 37. gr. verði orðaður svo sem segir í 3. brtt. á þskj. 635, en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, — a-liður gr. orðist svo:

„Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, 2000 kr. á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkv. þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkv. ákvæðum þessarar gr., áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans."

Sýnilegt er, að láti hinn látni eftir sig maka og engin börn, en makinn, sem einnig væri barnlaus, félli síðan frá, t. d. mánuði síðar, þá falla allar bæturnar niður, ef þessi grein yrði ekki samþ., sem samkv. gildandi l. hefðu allar verið inntar af hendi. Í 2. mgr. gr. er kveðið svo á um, að láti hinn látni eigi eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkv. a-lið, skuli þó bætur, sem greiddar skulu samkv. 2. mgr., þ. e. 35 þús. kr., greiddar til barna hans, sem njóta styrks samkv. c-lið, ef þau eru fyrir hendi, annars til dánarbús hans. Með því að hér er um að ræða erfðarétt, þykir skylt, að bæturnar séu greiddar jafnt til allra barnanna, án tillits til aldurs, heilsufars eða efnahags, eins og gert mundi vera, ef upphæðin væri greidd út samkv. gildandi lögum. Gerir n. því till. um, að þessu verði breytt, þ. e. e-liðurinn í 3. till., en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bætur samkv. a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en 35 þús. kr. fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, er rétt eigi til bóta samkv. þessum staflíðum, og skal þá bæta slysið með 35 þús. kr., sem skiptist á milli barna hins látna, ef fyrir hendi eru."

Um IV. kafla l., um sjúkratryggingar, skal bent á eftirfarandi atriði: Þessi kafli er tekinn upp í l. 1956 í stað heilsugæzlukaflans, sem var upphaflega í l. og var aldrei látinn koma til framkvæmda. Það væri of langt mál að ræða hér nærri þinglokum um það mál allt, en aðeins skal bent á, að sé það ætlunin að taka ekki upp á ný heilsugæzlu á annan hátt en í formi sjúkrasamlaga, svo sem gert er, og sú skipun málanna eigi að vara til frambúðar, þá sýnist alveg óhjákvæmilegt að gera allt landið að einu sjúkrasamlagssvæði. Skipting landsins í mörg smá sjúkrasamlög er engin framtíðarlausn og nauðsynlegt að taka þessi mál öll til nýrrar athugunar. Við stofnun héraðssamlaga, sem eru spor í þá átt að stækka svæðin, er þessi staðreynd raunverulega viðurkennd, þótt sporið sé ekki tekið fullt. Flutningur milli sjúkrasamlaga með biðtíma og réttindaskerðingu til bóta, ef út af er brugðið, á og verður að hverfa, en það verður aðeins gert með því að hafa landið allt í einu sjúkrasamlagssvæði. Mundi það hafa marga kosti í för með sér, en engan ókost.

Í 44. gr. frv. eru ákvæði um stjórn héraðssamlaga, og í lok greinarinnar kveður svo á um, að Tryggingastofnunin ákveði þóknun til hennar að fengnum till. hennar. Heldur þykir það óviðkunnanlegt að setja það í lög, að menn skuli sjálfir gera till. um laun sín. N. leggur því fram brtt. á þskj. 635, þ. e. við 44. gr., 4 brtt., að orðin „að fengnum till. hennar" í lok gr. falli niður. Telji stjórn Tryggingastofnunar sig ekki færa að dæma um, hvað greiða skuli fyrir þau störf, og treysti sér ekki til þess að afla sér upplýsinga um það frá hlutlausum aðilum, getur hún aflað sér um það upplýsinga frá héraðssamlagsstjórninni, án þess að hafa lagafyrirmæli fyrir því.

48. gr. er um biðtíma og réttindamissi bótaþega, ef eigi er staðið í skilum með iðgjöldin. N. leit svo á, að þessi grein ætti að falla

niður, samanborið við það, sem ég hef sagt hér áður um þetta atriði. Um þetta fékkst ekki samkomulag við heilbr.- og félmn. hv. Ed., og brtt. um þetta er því ekki flutt af n. Hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja henni, ef aðrir skyldu flytja hana. Er þess að vænta, að sem fyrst verði unnið að því, að öll ákvæði, sem þetta snerta, verði numin í burtu úr lögunum. Á stærsta sjúkrasamlagssvæðinu, í Reykjavík, eru iðgjöld innheimt með öðrum opinberum gjöldum og hafa lögtaksrétt. Hið sama á að gilda um allt land. Það á ekki og má ekki hafa annan og minni rétt fyrir þá, sem búa úti á landinu, en hina, sem búsettir eru í Reykjavík, hvað þetta snertir. Af þessum ástæðum var n. sammála um að leggja til, að breytt yrði ákvæðunum í 50. gr., sem lúta að því að viðhalda þessu ósamræmi, en um það fékkst ekki heldur samkomulag við hv. heilbr.- og félmn. Ed.

Um V. kafla frv., en sá kafli fjallar um sameiginleg ákvæði, skal þetta tekið fram: N. leggur til, að í stað orðsins „lægi" í 3. mgr. 56. gr. komi: lægri. Er hér aðeins um að ræða leiðréttingu á prentvillu.

Þá var n. sammála um, að fella ætti niður það ákvæði 71. gr., sem skerðir rétt bótaþega, ef iðgjald er ekki greitt, en taka upp ákvæði um lögtaksrétt á iðgjöldunum, en um þetta varð ekki heldur samkomulag við hv. heilbr.- og félmn. Ed., og vísast til þess, sem ég hef áður sagt um þessi atriði. Till. til breyt. á þeirri gr. er því ekki hér flutt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja henni, ef aðrir flytja hana, eða bera hana fram sjálfir.

Við 72. gr. frv. flytur n. till., þ. e. 6. brtt., en hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður" o. s. frv.

Hér er ekki um aðra breyt. að ræða en sett eru inn þrjú orð: „ef krafizt er", þ. e. að viðkomandi aðili verður að óska eftir því eða krefjast þess af viðkomandi sveitarstjórn. Þykir eðlilegt, að iðgjaldsgreiðendur verði að sækja um það til sveitarstjórnar, ef þeir ætlast til þess, að sveitarsjóðurinn greiði fyrir þá iðgjaldið. Í samræmi við þá skoðun n., að bætur skuli eigi falla niður, þótt iðgjöld hafi eigi verið innt af hendi, vildi n. leggja til, að 74. gr. frv. félli niður, en um það varð ekki samkomulag við hv. heilbr.- og félmn. Ed. N. ber því ekki fram till. um það á þessu stigi, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að bera hana fram eða fylgja henni, ef aðrir bera hana fram.

Í 76. gr. frv. eru ákvæði um það, hvernig hinir ýmsu sjóðir skuli geymdir, sem safnazt hafa, og skulu þeir vera í vörzlu stofnunarinnar og henni heimilt að lána úr þeim til ýmissa aðila, svo og kaupa ríkisskuldabréf og bankavaxtabréf fyrir handbært fé. Út af þessu vil ég leyfa mér að benda á, að miklu eðlilegra sýnist vera, að þessir sjóðir, sem ætlað er að festa í lánum, séu í vörzlu fjárfestingarbankanna og þeim falin öll lánastarfsemi, í stað þess að láta þetta vera í höndum Tryggingastofnunarinnar, sem með því er gerð að sterkum veðlánabanka. Vænti ég, að þetta verði tekið til athugunar við áframhaldandi endurskoðun laganna.

Þá er samkomulag um að leggja til, að orðið „óskilgetnum" í 79. gr. falli niður, en 79. gr. kveður svo á um, með leyfi hæstv. forseta: „Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds með óskilgetnum börnum sínum."

Með því að mæður geta einnig að sjálfsögðu fengið úrskurð með börnum, þó að skilgetin séu, þykir rétt, að þetta verði fellt niður.

Um ákvæði til bráðabirgða skal þetta fram tekið: N. kynnti sér erindi þau, sem send hafa verið til Alþ. frá stjórnum lífeyrissjóða, sem með lögum þessum er ætlazt til að verði viðbótarlífeyrissjóðir. Hún kynnti sér einnig þær viðræður, sem átt höfðu sér stað milli heilbr.- og félmn. Ed. og þessara aðila. Þá mætti og hjá n. stjórn lífeyrissjóðs verzlunarmanna og skýrði þar sjónarmið sitt á ákvæðum frv., sem einkum kom fram í því, að með þessu væri verið að íþyngja svo gífurlega gjaldþoli sjóðsins, að hann fengi eigi undir því risið. Var stjórnendum bent á, að samkv. ákvæðum frv. gæti lífeyrissjóðurinn tekið til sín allar lífeyrisbætur viðkomandi bótaþega til þess að mæta auknum útgjöldum aukalífeyrissjóðsins, ef þess gerðist þörf, og 10 ára frestur væri gefinn til þess að jafna þessar greiðslur, og væru því mótmæli þeirra byggð á hreinum misskilningi. N. gerir því enga till. til breyt. á þessum ákvæðum.

Fullt samkomulag er við heilbr.- og félmn. Ed. um allar þær brtt., sem n. ber fram á þskj. 635, og hafa þær einnig verið bornar undir hæstv. félmrh. Taki frv. ekki öðrum breyt. í hv. Nd. og engum frekari breyt. í Ed., ætti það að ná samþykki á þessu þingi, en það er mjög nauðsynlegt vegna margvíslegra umbóta frá gildandi löggjöf, að svo verði.

Hitt er síðan framtíðarinnar að berjast fyrir þeim breyt., sem ég hef minnzt á að gera þurfi á l. Almannatryggingar eru nú orðnar svo veigamikill liður í lífi allra þegna þjóðarinnar, að gæta verður þar fyllsta samræmis hvað snertir réttindi og skyldur. Tryggingarnar hafa á þessum fáu árum skapað hér betra þjóðfélag og meira öryggi í lífsbaráttunni en áður þekktist, og þetta öryggi ber enn að treysta samfara því, sem stefna ber að því, að bótaþegar fái jafnan rétt og hafi jafnar skyldur. Þegar því takmarki hefur verið náð, og því verður að ná fyrr en síðar, horfa menn almennt ekki í það fé, sem greiða verður fyrir tryggingarnar, því að þeim er þá ljóst, að í þeim felst fullt öryggi samfara fullu réttlæti í bótum til þegnanna.

Ég legg til, hæstv. forseti, fyrir hönd n., að brtt. allar á þskj. 635 verði samþ., og þess er

vænzt, að hv. d. gangi þannig frá frv., að þá fái það afgreiðslu i hv. Ed. án nokkurrar tregðu frá hennar hálfu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. hefur nú í allýtarlegri ræðu gert grein fyrir, var samkomulag um það í n. að stuðla að samþykkt frv., þar sem í því felast nokkrar umbætur á tryggingalöggjöfinni i landinu frá því, sem nú er í l., og enn fremur samkomulag i n. um nokkrar ekki allsendis þýðingarlausar brtt. á frv. frá því, sem var, þegar það kom frá hv. Ed. Það var þó ekki þannig, að ýmsir nm. hefðu ekki kosið fyllri, veigameiri breytingar á frv. Það vildu ýmsir nm. vissulega fá fram, en ekki fékkst um slíkar brtt. fullt samkomulag í n. Eins og segir í nál. á þskj. 633, hafa einstakir nm. því áskilið sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja öðrum till., sem fram kynnu að koma við frv.

Það er rétt, sem hv. frsm. n. sagði, að tími var næsta naumur til athugana á frv., en þó hélt n. nokkra fundi um málið, athugaði frv. og þær breyt., sem á því höfðu orðið í Ed., athugaði einnig, eins og tími vannst til, þær umsagnir og aths., sem borizt höfðu frá ýmsum aðilum, einkum frá ýmsum lífeyrissjóðum, og ræddi við forstjóra almannatrygginga, Sverri Þorbjarnarson. En það skal játað, að tíminn var allt of naumur til þess, að nákvæm athugun, eins og efni hefðu staðið til, gæti farið fram á frv. Það kom í ljós í hv. heilbr.- og félmn., að nokkur vilji var til þess í n. að gera á frv. allmiklar og veigameiri breyt. til bóta en fram kemur í brtt. n. í heild á þskj. 635.

Í n. hafði orðið fullt samkomulag um að bera fram nokkuð miklar og víðtækar breyt. umfram það, sem í ljós kemur á þessu þskj. Ástæðan til þess, að þessar brtt., sem n. varð sammála um, koma ekki fram með þeim brtt., sem n. öll flytur, er sú, að hv. formaður heilbr.- og félmn. þessarar d., hv. 1. þm. Vestf., taldi rétt með tilliti til þess, að það er komið rétt að þinglokum, að fara með þær brtt., sem n. hafði orðið sammála um, á fund hæstv. félmrh. og kanna, hvort hann mundi vilja veita frv. stuðning á þessu þingi og greiða fyrir framgangi þess, ef þessar breyt. næðu fram að ganga á því. Einnig vildi formaður kanna af sömu ástæðu, hvort heilbr.- og félmn. hv. Ed. fengist til að fallast á nokkrar eða e. t. v. allar þær brtt., sem n. þessarar d. hafði orðið sammála um.

Niðurstaðan af hans erindi mun hafa orðið sú, að hæstv. félmrh. og heilbr.- og félmn. Ed. vildu fallast á nokkrar af þeim brtt., sem n. hafði orðið sammála um, en bæði ráðh., hygg ég, og n. Ed. fengust ekki til að heita stuðningi við einar 7 af þeim brtt., sem við höfðum orðið sammála um í n. Þessar till. vantar á það þskj., nr. 635, þar sem n. ber fram sínar sameiginlegu till. til breyt. við frv. Ég taldi hins vegar rétt að bera fram á sérstöku þskj. þær helztu brtt., sem ekki hafði fengizt samkomulag um i n., og enn fremur taldi ég einsætt, að rétt væri að prófa þingviljann hér í hv. d. gagnvart þeim till., sem heilbr.- og félmn. Nd. hafði orðið sammála um, en ekki fengizt fyrirheit um, að yrðu afgreiddar í Ed. Þær brtt., sem við höfðum orðið sammála um, en ekki fékkst stuðningur við hjá ráðh. eða n. Ed., eru á þskj. 636 sem nr. 5, 6, 7, 8, 9, 11 og 12. Að öðru leyti eru á því þskj. brtt., sem n. hafði ekki í heild tjáð sig samþykka, en ég taldi rétt að flytja eftir sem áður.

Hv. formaður heilbr.- og félmn. og frsm. n. gat allra þessara till. í framsöguræðu sinni áðan og skýrði frá því, að n. hefði orðið sammála um þessar till., gerði grein fyrir efni þeirra og lýsti enn fremur þessum vinnubrögðum, að hann hefði farið á fund hæstv. félmrh. og rætt þessar till. við heilbr.- og félmn. Ed. og ekki fengið þar þær undirtektir við till., að hann teldi rétt með tilliti til þess, hve seint á þingi við erum staddir, að bera þær fram og eiga þannig kannske á hættu, að frv. fengist þá ekki fram, ef þessar breyt. væru á því gerðar hér í deildinni.

Ég mun svo í viðbót við það, sem hv. formaður og frsm. n. sagði um efni þessara till., sem þannig hafa verið felldar niður, þótt þær væru shlj. samþ. í heilbr.- og félmn. þessarar d., einnig gera nokkra lauslega grein fyrir efni þeirra, um leið og ég geri grein fyrir brtt. mínum að öðru leyti á þskj. 636, og að þeim brtt., sem ég þar flyt, skal ég nú víkja. Ég læt algerlega nægja þær skýringar, sem hv. frsm. gerði fyrir hinum sameiginlegu brtt. okkar, sem eru á þskj. 635. Ég hygg, að það liggi alveg skýrt fyrir hv. d., hvers efnis þær eru og til hverra bóta þær mundu vera, ef samþ. verða, og það á sem sé að liggja fyrir vitneskja um það, að þær fáist einnig samþ. í hv. Ed. eða a. m. k. fái meðmæli heilbr.- og félmn. þeirrar d. og einnig stuðning hæstv. ráðh. Það er því með öllu áhættulaust a. m. k. með tilliti til framgangs málsins að samþykkja þær, eins og hv. form. n. gat um áðan.

1. brtt. mín á þskj. 636 er við 12. gr. frv. Á þeirri gr. hefur n. gert till. um tvær breyt., sem hvorar tveggja eru til bóta og form. hefur gert grein fyrir, en ég taldi rétt að gera till. um, að næstsíðasta mgr. 12. gr. orðaðist svo: „Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal vera jafnhár lífeyri tveggja einstaklinga.“ En í frv., eins og það nú er, stendur, að lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skuli nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Það er með öllu óeðlilegt að stuðla að því, að gömul hjón verði helzt að skilja samvistum til þess að njóta sama réttar, sama bótaréttar og tveir einstaklingar, og þess vegna á þetta ákvæði í burtu að falla. Hjónin eiga tvímælalaust að njóta sömu bóta og tveir einstaklingar, og heyrði ég ekki betur en hv. form. væri mjög inni á því og svo aðrir nm. Það var nokkuð um það rætt við forstjóra tryggingannna, hvort

lagfæring á þessu væri algerlega háð því, að iðgjöld hjóna yrðu þá hækkuð, þannig að iðgjöld þeirra yrðu einnig eins og tveggja einstaklinga, og er mér óhætt að hafa það eftir forstjóranum, að hann taldi ekki með öllu rökrétt samband þar á milli og taldi ekki ástæðu til að binda þessa hækkun og lagfæringu eingöngu við, að iðgjöldin yrðu þá einnig jafnhá iðgjöldum tveggja einstaklinga. Þess vegna leyfi ég mér að bera þessa till. fram, einmitt með tilliti til umsagnar forstjórans, án þess að bera jafnframt fram till. um, að lífeyris- og iðgjaldagreiðslur hjónanna í þessum tilfellum, sem greinin tekur til, verði jafnframt hækkaðar í 100% miðað við einstakling.

Þá er önnur brtt. mín við 13. gr. Ég legg til, að gr. orðist svo: „Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.“ Í gr., eins og hún er nú, er það tekið fram, að þeir eigi rétt til örorkulífeyris, ef þeir eru ekki færir um að vinna sér inn nema fjórða part þess, sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði og við störf, sem sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa. Þarna er við það miðað, að þeir séu færir um að vinna sér inn helming venjulegra vinnutekna undir sambærilegum kringumstæðum vinnandi manns og að það sé ekki bundið við tekjumöguleika þeirra í því sama héraði.

Síðan legg ég til, að áframhald gr. verði svo hljóðandi: „Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur lífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.“ Það væru verulegar breyt. til bóta fyrir hina tryggðu, ef þessi breyt. fengist fram, en ég hygg, að því verði varla móti mælt, að þessi breyt. væri sanngjörn. Þegar menn hafa misst helming orku sinnar, þá tel ég eðlilegt, að þeir fái hálf örorkulaun, en síðan komi hækkun á þetta hlutfallslega, þangað til 75% örorkustigi er náð, og þá fái þeir, eins og nú er, full örorkulaun.

3. brtt., sem ég flyt, er við 16. gr., og er lagt til, að næstseinasta mgr. þeirrar gr. orðist svo: „Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera helmingur af einstaklingslífeyri.“ Það er ætlazt til þess, að meðlag með barni komi til uppeldis barninu að hálfu, og þá finnst mér í raun og veru sjálfsagt, að það sé helmingur lífeyris, sem eigi á móti að koma frá tryggingunum. Nú vita allir, að meðalmeðlag, sem úrskurðað er jafnan, nær ekki því að standa undir framfæri barns að hálfu, og mun því þó nokkuð á vanta, að móðir hafi framfærslueyri með barni sínu, þó að frá tryggingunum kæmi, eins og hér er lagt til, helmingur af einstaklingslífeyri.

4. brtt. mín er við 18. gr., og er lagt til, að gr. orðist svo: „Barnsfararkostnaður, eins og hann er á hverjum tíma á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, greiðist af sjúkrasamlögunum.“ En 18. gr. er nú í frv. þannig, að fæðingarstyrkur skuli vera 4 þús. kr. við hverja fæðingu. Það þykir óeðlilegt, að þarna sé talað um styrk til móðurinnar, þar sem þessi upphæð, 4 þús. kr., dugir nú rétt til þess að greiða kostnaðinn í opinberri fæðingarstofnun eða sjúkrahúsi við fæðinguna, og þykir því eðlilegra, að gr. sé bara við það miðuð, að þessi kostnaður sé greiddur af tryggingunum. Móðirin fær þar engan styrk, hún fær þennan kostnaðarlið greiddan. Búast má við með hraðvaxandi dýrtíð, eins og við lifum undir, þá dugi þessar 4000 kr., þó að styrkur sé kallaður til móðurinnar, ekki til að greiða þennan útgjaldalið, og er þá enn fjarstæðara að kalla þetta styrk. En með breyt. mundi verða ráð fyrir því gert, að þó að dýrtíð yxi og þessi kostnaðarliður hækkaði nokkuð, þyrfti móðirin ekki að taka á sig neinn hluta þessa útgjaldaliðar og tryggingarnar greiddu hann, en eins og er væri þarna ekki um neina hækkun að ræða.

Allar þessar till. ber ég fram, án þess að um þær hafi fengizt samkomulag í n., — þessar fjórar till., sem ég nú hef gert grein fyrir.

Þá er það 5. brtt. mín á þskj. 636. Hún er ein af þeim till., sem samkomulag varð um í n., en hefur verið felld niður á þskj., þar sem gerð er grein fyrir hinum sameiginlegu till. n. Sú brtt. er við 27. gr., og er þar lagt til, að gr. orðist svo: „Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það frá gjalddaga greiða af skuldinni hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna, eins og þeir eru á hverjum tíma.“ Ég má segja, að hv. form. og frsm. n. gerði grein fyrir efni þessarar till., enda er hún ein af þeim, sem við vorum sammála um í n. Ég skal ekki fjölyrða frekar um hana, ég tel efni hennar og lagfæringu eðlilega, þótt það sé ekkert stórfellt.

Þá er 6. till., og hún er ein af þeim, sem samkomulag var um í hv. n. Hún er við 35. gr. og er um það, að 4. málsl. 35. gr. skuli niður falla. Þessi mgr. er svo hljóðandi: „Greiðslur skv. grein þessari mega ekki fara fram úr 3/4 af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki ásamt vinnutekjum nema meiru en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið, hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda, sem tryggð eru skv. a-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 32. gr.“ Takmörkunin þarna um það, að aldrei megi bæturnar þarna nema meiru en 3/4 af upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi, tel ég að eigi niður að falla, og var n. sammála um það.

Í niðurlagi gr., í lokamálsgrein greinarinnar, legg ég til, að orðin „þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur 3/4 hlutum launanna“ skuli falla niður. Form. gerði einnig grein fyrir þess-

ari sameiginlegu till. okkar í n., sem hann viðurkenndi einnig, að hver nm. sem vildi gæti tekið upp, og hefði hann raunar mátt geta þess, að þessar till. höfðu allar verið teknar upp á þskj., sem þá lá fyrir, þegar hann flutti sitt mál. En hann tók það réttilega fram, að allir nm. þessarar hv. d. hljóta að hafa óbundið atkvæði um þessar till. og vera frjálsir að því að greiða þeim atkv., því að þeir höfðu allir tjáð sig skýrt og skorinort að vera þeim samþykkir.

7. brtt. mín, sem er ein af þeim, sem samkomulag var um í n., er við 48. gr., á þá lund, að sú gr. verði niður felld. Það er um réttindi manna, þegar þeir flytjast milli sjúkrasamlaga, sem getur eftir núv. ákvæðum l. valdið réttindamissi, sem engan veginn er réttmætt, og þarf því að brúa það bil, þannig að menn haldi réttindum óslitið, þegar þannig stendur á.

8. brtt. er við 50. gr. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að 5. mgr. gr. falli niður, en þar segir, að sjúkradagpeningar megi ekki vera hærri en sem nemi 3/4 þeirra vinnutekna, er hlutaðeigandi hafi misst vegna veikindanna. Skal í þessu sambandi að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu tvo mánuðina, áður en veikindin hófust. Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar lífeyrisupphæð skv. 13. gr. Þessi gr. þykir sérstaklega af öllum þeim, sem lægst eru launaðir, vera ranglát. Menn eiga að njóta sömu bótamöguleika samkv. tryggingunum, og þá ekki síst þeir, sem minnstar hafa tekjurnar, en þarna eru bæturnar skornar í hlutfalli við hin lægstu laun, og þeir, sem lægst launin hafa, fá minnstar bætur. Konur, meðan þær njóta ekki launajafnréttis t. d., eru þar með allar skyldugar til þess að sætta sig við skorinn rétt, minni bætur, og laun húsmóðurinnar eru þarna metin mjög lágt, ósanngjarnlega lágt, og hefði því verið til stórkostlega mikilla bóta, séð frá mannréttindasjónarmiði, ef hv. Ed. og hæstv. ráðh. hefði fengizt til að fallast á, að þessi hluti 50. gr. mætti niður falla, og vildi ég vona, að einmitt þessi brtt., sem n. var hjartanlega sammála um að væri til stórra bóta, fáist samþ. hér í hv. deild.

Þá er 9. brtt., við 55. gr. Hún varðar ekki réttindi einstaklinganna beint. Í þeirri brtt. er lagt til, að síðasti málsl. fyrri mgr. í gr. orðist svo: „Séu framlög ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af skuldinni hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna, eins og þeir eru á hverjum tíma.“ Um þessa brtt. fór form. nokkrum orðum, og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við.

Þá er 10. brtt. Hana flyt ég, en hún er ekki ein af þeim, sem samkomulag varð um í n. Hún er um það, að á eftir 67. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: „Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.“ Eins og kunnugt er, er það svo, að þær bætur, sem ákveðnar eru með hverri breyt. almannatryggingalaganna, minnka í hraðvaxandi dýrtíð, frá því að lögin eru sett hverju sinni, og hafa þannig ekki þann sama kaupmátt og Alþ. ákveður, þegar afgreiðsla breyt. á þessum l. fer fram. Við þessu er einungis hægt að gera með því að lögfesta, að bótagreiðslufjárhæðir laganna hverju sinni séu grunnupphæðir, sem eigi að breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Þá hefðu þær í aðalatriðum þann sama kaupmátt, það sama gildi fyrir bótaþegann og þær hafa á þeim degi, sem Alþ. samþykkir þær, gengur frá þeim. Þetta sýnist því vera till. til þess að ákveða bótunum varanlegt gildi í samræmi við ákvörðun Alþingis.

Þær tvær brtt., sem nú eru eftir á þskj. 636, eru hins vegar í hópi þeirra tillagna, sem n. var sammála um. Sú fyrri þeirra er við 71. gr. og er um það, að 2. málsl. í 4. mgr. orðist svo: „Verði vanskil má innheimta gjöldin með lögtaki.“ Um þessa breyt., sem ekki er stórvægileg, fór form. nokkrum orðum, og tel ég ástæðulaust að bæta þar neinu við.

Síðasta brtt. á þskj. 636, sú 12., er við 74. gr., þess efnis, að gr. skuli falla niður. Það er rétt, sem hv. form. og frsm. n. gat hér um áðan, að með því fyrirkomulagi, sem nú hefur verið tekið upp hér í Reykjavík á vegum Gjaldheimtunnar svokölluðu, þá eru iðgjöldin, sjúkrasamlagsiðgjöldin, nú innheimt með öðrum opinberum gjöldum, og menn missa ekki samlagsréttindi með 6 mánaða vanskilum, en í þessari gr. er gert ráð fyrir, að menn haldi réttindum allt að 6 mánaða vanskilum, en missi réttindi, ef vanskil nema meiru en sex mánuðum. Þessi réttindaskerðing er því nú niður fallin hér í Reykjavík, menn missa hér ekki réttindi á þeirnan hátt, en allir utan Reykjavíkur munu gera það, ef breyt. fæst ekki á gr. eða réttar sagt hún felld niður. Það er einungis hægt að tryggja öllum í landinu sama rétt og Reykvíkingar koma nú til með að njóta og hafa þegar öðlazt, með því, að fallizt sé á að fella gr. niður, annars myndast tvenns konar réttur, og það er ekki geðfellt.

Þá hef ég lokið að gera grein fyrir brtt. þeim, sem ég flyt og sumar voru þess eðlis, að það fékkst ekki samkomulag um þær í heilbr.- og félmn. þessarar d. En eins og ég hef nú rækilega skýrt, eru 5., 6., 7., 8., 9., 11. og 12. brtt. á þskj. 636 þess efnis, að um þær var fullt samkomulag í n., og n. þessarar d. var öll sammála um að bera þær fram, en þær hafa ekki verið teknar með af ástæðum, sem þegar hefur rækilega verið gerð grein fyrir af hv. frsm. og form. n. og mér nú.

Því verður ekki neitað, að það eru ýmiss konar lagfæringar, sem felast í þessu frv., og einkanlega þá með þeim breyt., sem hér er lagt til að á frv. verði gerðar í viðbót við þær eina eða tvær breyt., sem hv. Ed. gerði á því. En eins og frv. kom frá hv. mþn., fól frv. í sér einnig nokkrar verulegar breyt. til bóta.

Það hefði, eins og ég sagði í upphafi míns máls, verið ástæða til að gera bæði fleiri og

stórfelldari breyt. á frv. í sambandi við þessa endurskoðun. En eins og málið ber að rétt undir þinglok, má segja, að slíkur tillöguflutningur hefði e. t. v. verið líklegur til þess, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Sú höfuðbreyting, sem ég tel að hefði þurft að gera á frv., er hækkun á ellilífeyrinum. Ég lít alltaf á ellitryggingarnar sem einn gildasta þátt okkar tryggingakerfis og þann þátt, sem okkar þjóðfélag eftir sínum fyllstu efnum verði að gera eins góð skil og tök séu á. En ellilífeyririnn á nú að vera 18240 kr. á ári, eða rétt um 1500 kr. á mánuði, og það sjá allir, að það er engin upphæð til þess að framfleyta einstaklingi á, 1500 kr. á mánuði. Ég efast um, að ellilífeyririnn standist það próf að vera borinn saman við ellilífeyrinn eins og hann var, þegar tryggingarnar hófu göngu sína. Það verður a. m. k. ekki miklu betri útkoma fyrir einstaklinginn, sem nú á að framfleyta sér á 1500 kr. á mánuði, heldur en með ellilífeyrinum eins og hann var, þegar tryggingarnar hófu hér starf. Ég tel, að þessi upphæð sé allt of lág, og þegar á annað borð er verið að gera breyt. til bóta á tryggingunum, þá hefði þurft að athuga gaumgæfilega, hvort ekki væri unnt að gera betur við gamla fólkið.

Nú er það svo, að það hefði verið freistandi að bera fram brtt. um þetta og freista þess, hvort ekki fengist þingvilji fyrir því. En það er hins vegar gefið, að veruleg hækkun, sem eitthvað munar um á þessum lið, kæmi það víða við, að það þyrfti að sjá fyrir tekjuöflun til þess að standast hin auknu útgjöld, sem mundu verða veruleg. En fjárlög á þessu ári eru þegar afgr. og þess vegna mundu menn segja, að það kæmi fyrir ekki, þó að þessi upphæð væri hækkuð, ef ekki reyndist unnt að standa við það lagaákvæði. Þetta er meginástæðan fyrir því, að ég hef látið það undir höfuð leggjast að flytja brtt. um þetta meginatriði, sem ég tel vera í tryggingunum. Þó má segja það um aðstöðu nú til að gera breyt. á þessu frv., að það væri enginn stórkostlegur skaði skeður, þrátt fyrir ýmislegt, sem til bóta er á tryggingum í landi okkar við samþykkt þess, þó að frv. tefðist á þessu þingi, því að í lokagrein frv. segir, að þetta frv. eigi ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1964, ekki fyrr en í byrjun næsta árs. Það væri því fyllilega hægt að ganga frá öllum þeim breyt. á frv. nú, sem æskilegar væru taldar, prófa þingfylgi fyrir þeim, jafnvel þó að afleiðingin yrði sú, að hv. Ed. brygði fæti fyrir það, þar sem það hefði komið frá þessari d., því að vitanlega væri þá hægt að taka málið upp í byrjun næsta þings og vera búið að koma því í gegnum Alþ. fyrir næstu áramót, eða fyrir þann dag, sem nú segir í frv. að það eigi að taka gildi, og þar með að afgreiða frv. einmitt á þeim tíma, sem Alþ. fjallar um fjárlög næsta árs, og þar með taka tillit til þeirra breyt. á útgjöldum, sem af æskilegum breyt. leiddi. Ég fyrir mitt leyti er frekar óánægður með það, að ekkert af þessum breyt. skuli geta fengið fram að ganga, þó að Alþ. samþykki breyt. nú, fyrr en í ársbyrjun 1964. Og ég sé í raun og veru ekki, hvaða nauðsyn ber til að kasta þessu stóra máli nú inn í þinglokin í algerri tímaþröng, þegar engin aðstaða var til að veita málinu sómasamlega afgreiðslu, úr því að það átti ekki að taka gildi nú t. d. á miðju þessu ári, alls ekki fyrr en í byrjun árs 1964. Þetta er þess vegna, þegar litið er á það frá sjónarmiði hæstv. félmrh., miklu fremur rauð rós í hnappagat en mál, sem hafi gildi, meðan hann er félmrh., fram að næstu áramótum a. m. k. En hvort hann verður það eftir þann tíma, veit enginn um. Svo mikið er víst, að ekki á þetta að koma neinum til góðs fyrir þessar kosningar. Breytingar þær, sem samþykktar verða, verða aðeins framtíðarfyrirheit frá og með byrjun ársins 1964, hverjir sem þá stjórna þessum málum.

Ég hygg, að þeim rökum verði ekki hægt að beita, að það hafi þurft að koma þessu á framfæri nú vegna hættu á því, að komandi Alþingi kynni kannske að verða verr stemmt í tryggingamálum, þannig að ef breyt. væru látnar bíða til næsta þings, þá væru þær í hættu. Ég tel miklu fremur, að betra tóm hefði gefizt til þess að athuga allar hliðar málsins og undirbyggja betur till. til bóta umfram þær till., sem í sjálfu frv. felast.

Ég skal nú láta máli mínu lokið og tek það fram, að ég veiti fullan stuðning öllum þeim brtt., sem birtar eru á þskj. 635 í nafni heilbr.- og félmn., og legg mikla áherzlu á, að brtt. mínar, ekki sízt þær, sem öll n. var sammála um, en einnig þær, sem ég hefði e. t. v. flutt einn og fluttar eru á þskj. 636, fáist samþykktar, því að með því væri frv. orðið mörgum bótaþeganum verðmætara en tryggingarnar eru, ef einungis verður samþ. frv., eins og það liggur fyrir, með brtt., sem n. flytur á þskj. 635.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af þeim umr., sem hér hafa orðið, og þeim breyt., sem fyrir liggja, og þó kannske alveg sérstaklega út af síðustu orðum í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þar sem hann lýsti yfir þeirri skoðun sinni, að hann liti frekar á frv. sem rauða rós í hnappagat heldur en það kæmi nokkrum til góðs fyrir kosningar, eins og hann orðaði það. Hann m. ö. o. lét fullkomlega liggja að því, og sagði beinlínis, að það væri enginn skaði skeður, þó að frv. dagaði uppi.

Þetta verð ég nú að segja, að mér finnst koma úr hörðustu átt. Það eiga, eins og hann sagði, að fara fram á næstunni kosningar, og maður veit ekkert, hvernig næsta þing muni verða skipað, ekki a. m. k. nákvæmlega. En hitt veit ég, að það þing, sem nú hefur setið í heilt kjörtímabil, hefur verið mjög vinsamlegt í tryggingamálum og gert á þeim málum margar höfuðbreytingar, og veit hönd hvað hefur, þannig að það, sem verður samþ. á þessu þingi, þarf ekki að samþykkjast á ný af öðru þingi, sem maður veit ekki, hvernig

verður samsett. Ég vildi þess vegna fyrir mitt leyti leggja mjög mikla áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, því að í því felast, eins og hér hefur verið sagt, bæði af form. heilbr.- og félmn. og eins af hv. 4. landsk. þm., verulegar bætur. Það má vel vera, að þær bætur gætu verið meiri og þyrftu að vera meiri, ég skal hreint ekki mótmæla því, en svo má lengi segja. Það má alltaf betrumbæta, og ég tel, að alveg eins og mþn. hefur verið starfandi nú um langan tíma til þess að athuga þessi mál, þá verði þeirri athugun fram haldið. Þetta mál er eitt af þeim, sem lengi má færa í betra horf en það á hverjum tíma er, og þess vegna nauðsynlegt að ræða og undirbúa þær breyt., sem til bóta horfa.

Ég skal ekki fara efnislega út í að ræða þær till., sem hér liggja fyrir. Þær eru á 2 þskj., á þskj. 635 frá heilbr.- og félmn. og á þskj. 636 frá Hannibal Valdimarssyni. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 4. landsk. þm., skýrði frá því, að form. heilbr.- og félmn. hefði komið til mín og rætt við mig um þessar breyt., og hann hefði líka rætt við heilbr.- og félmn. Ed., og þetta er hvort tveggja rétt. En ég vil aðeins, að það komi hér fram, að í því viðtali, sem hann átti við mig, kom fram, að hann var áður búinn að eiga viðtal við hv. félmn. Ed. og hafði frá henni upplýsingar um þau atriði, sem samkomulag hafði orðið um milli n. í báðum d., þannig að það samkomulag lá fyrir, áður en viðtalið við mig fór fram. Þetta samkomulag á milli heilbr.- og félmn. beggja d. er það, sem flutt er á þskj. 635, og inn á þær breyt. gekk ég fyllilega, því að mér finnst, að þær komi allar meir en til greina og séu til bóta.

En um hinar till., á þskj. 636, vil ég á þessu stigi ekki taka efnislega afstöðu. Það má vera, og ég get vel gengið inn á, að sumar af þeim till. séu til bóta einnig. En það liggur fyrir, að um þær næst ekki samkomulag við hv. Ed., þannig að ef á að koma málinu fram, sem er mér áhugamál, þó að það sé ekki áhugamál hv. 4. landsk., þá er ekki hægt að fara lengra í sakirnar en samþ. þær breyt., sem fluttar eru á þskj. 635. Og ég get getið þess til viðbótar, eins og hv. þdm. hafa sjálfsagt gert sér grein fyrir líka, að sumar af þeim brtt., sem fluttar eru á þskj. 636, voru felldar í hv. Ed., svo að segja alveg samhljóða, eða ég held alveg shlj. sumar, þannig að ef nú málið á síðustu dögum þingsins á að hrekjast á milli deilda vegna nokkurra atriða, sem væri meira og minna æskilegt að samþ. yrðu og ekki fæst samkomulag um, þá teldi ég það illa farið, og ég vil ekki a. m. k. ljá mitt lið til þess, og ég vona, að hv. þdm. geri það ekki heldur.

Ég held þess vegna, að á þessu stigi málsins sé rétt að láta hér nægja þær brtt., sem fluttar eru á þskj. 635, og hafa hinar til athugunar framvegis. Ef það er ekki nauðsynlegt að samþ. frv. í heild á þessu þingi, sem ég tel þó vissulega vera, þá ætti ekki heldur að vera nauðsynlegt — og minna nauðsynlegt að taka til meðferðar þær till., sem hér eru fluttar á þskj. 636 og ekki hefur enn náðst samkomulag um, en gætu orðið til þess, að frv. hrektist á milli deilda og næði ekki samþykki. Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt að samþ. hér aðrar till. en þær, sem fluttar eru á þskj. 635 og vissa er um, að hv. Ed. samþ. líka, og láta hinar bíða. Það er þá ekki útilokað að taka þær upp síðar. Ég skal, eins og ég hef sagt, ekki taka efnislega afstöðu til þeirra, af því að mér er svo í mun, að málið í heild nái fram að ganga.

Málið hefur verið vel undirbúið. Það eru í því veigamiklar breyt. og áreiðanlega þeim til góðs, sem almannatryggingarnna njóta. Það má alltaf segja, að t. d. ellilífeyrisgreiðslurnar séu of lágar. En geta vil ég þó þess, að útgjöld ríkisins á þessu kjörtímabili til almannatrygginganna hafa hvorki meira né minna en ferfaldazt. Þau voru á árinu 1959 rétt um 100 millj. kr. á fjárl., en eru á fjárl. ársins 1963 rúmar 400 millj. kr. Þetta er veruleg hækkun, og ég verð að segja það, að ef á að samþykkja þær breyt., sem enn valda miklum hækkunum umfram það, sem í frv. felst, þá þyrfti að athuga um það, hvort greiðslugetu ríkissjóðsins væri ekki næstum því að segja ofboðið, eða a. m. k. finna þá tekjustofna til að mæta þessum útgjöldum. Ég held þess vegna, að það væri réttast að samþ. þær till., sem samkomulag næst um, láta hinar bíða, athuga þær á milli þinga og taka þær þá upp síðar, ef þær á næsta þingi að athuguðu máli reyndust að vera til bóta og greiðslugeta ríkisins fær staðið undir þeim.

Þess má geta, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að útgjöld almannatrygginganna hækki enn um 54 millj. kr., og þar af á ríkissjóður að greiða 31 millj. kr.

Æskilegast hefði mér þótt, að hv. 4. landsk. þm. hefði tekið þessar till. aftur, þannig að þær yrðu ekki felldar, en ef hann ekki gerir það, þá mun ég a. m. k. ekki á þessu stigi málsins greiða þeim atkvæði, en óska, að þær yrðu síðar teknar til athugunar.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Þegar ég fór að bera saman við handritið að brtt. undir b-lið, 3. brtt. á þskj. 635, þá sá ég, að það hefur orðið misprentun, sem nauðsynlegt er að laga. Þar stendur svo í 2. málsl., með leyfi hæstv. forseta: „Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til bóta skv. þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með 35 þús. kr., sem skiptist á milli barna hins látna, ef fyrir hendi eru.“ En það átti að vera þannig: „sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans“. Ég vil leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. til hæstv. forseta, og vænti ég þess, að hún verði samþ. Ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna þetta er hugsað þannig.

Ef ákvæðið yrði samþ. óbreytt, mundi t. d.

ungur maður, sem færist annaðhvort af slysi eða öðrum ástæðum og ætti engin börn, falla óbættur. Hann gæti átt foreldra á lífi, og þeir fengju þá ekki bæturnar, en þeim eru tryggðar þessar bætur gegnum búið, ef skriflega brtt. verður samþ., enda var samkomulag í n. og einnig við Ed. um, að það skyldi þannig orðað.

Ég hef ekki ástæðu til þess að ræða efnislega um málið. Ég vil aðeins að gefnu tilefni lýsa því hér yfir, að það er alveg rétt, sem hæstv. félmrh. sagði, að ég hafði verið búinn að leita samþykkis og ræða þessar breyt., ekki einungis við hv. heilbr.- og félmn. Ed., heldur einnig við forstjóra stofnunarinnar, áður en ég ræddi við ráðh., og frá ráðh. var aldrei nein andstaða gegn neinum af till. Hann lýsti því yfir við mig, að hann mundi sætta sig við þær brtt., sem báðar n. kæmu sér saman um. Ég tel rétt, að það komi fram.

Um hitt atriðið, að fresta afgreiðslu málsins til næsta þings, vil ég leggja mjög mikla áherzlu á, að það verði ekki gert. Ég tel, að hér sé um svo miklar umbætur að ræða, að ég vænti þess, að málið verði afgr. eins og það er lagt fyrir af mér sem frsm. Og mér þætti einnig vænt um, ef samkomulag væri um það við hv. 4. landsk., að hann vildi taka þessar till. aftur. Hann hefur kannske tækifæri til þess að bera þær fram á haustþingi og fá þær þá samþ., og skemmtilegast væri það fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 653) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 636 teknar aftur til 3. umr.
— 635,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 635,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—28. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
29.—36. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 635,3.a samþ. með 24 shlj. atkv.
— 653 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 635,3.b, svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
38.—40. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
41.—43. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 635,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
45.—55. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 635,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
57.—71. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 635,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
73.—78. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 635,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
79. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
80.—86. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 661).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 636,1 felld með 17:4 atkv.
— 636,2 felld með 16:7 atkv.
— 636,3 felld með 16:5 atkv.
— 636,4 felld með 16:5 atkv.
— 636,5 felld með 16:7 atkv.
— 636,6 felld með 16:8 atkv.
— 636,7 felld með 16:7 atkv.
— 636,8 felld með 16:9 atkv.
— 636,9 felld með 16:9 atkv.
— 636,10 felld með 16:8 atkv.
— 636,11 felld með 16:8 atkv.
— 636,12 felld með 16:8 atkv.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er, eins og hv. þdm. muna, fyrst flutt hér í hv. Ed. Síðan gekk það til Nd., en hefur tekið þar lítils háttar breytingum, þannig að það þarf að koma á ný til þessarar hv. d. Þessar breyt., sem Nd. gerði á málinu, eru ekki ýkja margar. Ég ætla að leyfa mér að geta nokkurra þeirra, þeirra sem eru efnisbreyt. að einhverju verulegu leyti.

Fyrsta breyt., sem gerð var, er við 12. gr., en í henni var, eins og frv. var flutt, gerður nokkur munur á lífeyri þeirra manna, sem fæddir eru árið 1894 eða síðar, og hinna, sem fæddir eru fyrr. Þennan mismun hefur Nd. samþ. að fella úr gildi, þannig að bæturnar verði nú jafnar fyrir alla. Í þeirri gr., 12. gr., var einnig ákvæði um, að ef maður andast, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, þá skal hinn eftirlifandi maki til viðbótar ellilífeyri eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar, sem hinn látni átti rétt til vegna frestunarinnar, hefði hann lifað. Í staðinn fyrir helming þessarar hækkunar samþykkti Nd., að eftirlifandi maki ætti rétt á hækkuninni að fullu.

Við 14. gr. er gerð sú breyting, að í staðinn fyrir, að þar voru aðeins eiginkonum ellilífeyris- og örorkubótaþega heimilaðar makabætur, þá er gerð sú breyt. á, að maka, hvort sem er eiginkona eða eiginmaður, skuli þessar bætur vera heimilar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Við 37. gr. er enn fremur gerð sú aðalefnisbreyting, að eins og frv. var lagt fram í upphafi, þá var gert ráð fyrir, að ekkja eða ekkill, sem samvistum var við hinn látna eða á framfæri hans, hljóti bætur, þ. e. a. s. slysabætur, ef um dauðaslys er að ræða, 2000 kr. á mánuði í 8 ár, og þó aldrei hærri mánaðargreiðslu en sem svarar 3/4 af vinnutekjum hins látna. Þessu var breytt í Nd. á þann hátt, að takmörkunin við 3/4 af mánaðargreiðslu vinnutekna hins látna verði afnumin, þannig að bæturnar verði 2000 kr. á mánuði í 8 ár. Og enn fremur er þar bætt við svo hljóðandi ákvæði: „Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkv. ákvæðum þessarar gr., áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu þá eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hins látna eftir sömu reglum til loka timabilsins, ef börnin eru á lífi, ella til dánarbús hans.“ Þetta helgast af því, að slysabæturnar eða dánarbæturnar eru raunveruleg greiðsla, sem Tryggingastofnuninni ber að inna af hendi, og ef sá, sem á að taka við þeim, deyr, þá verði það, sem eftir kann að standa, greitt eftirlifandi börnum eða dánarbúi, eins og um aðra eign hins látna væri að ræða.

Þetta eru nú aðalbreytingarnar. Þó skal ég rétt geta þess, að í 72. gr. er ákveðið, að þegar iðgjaldsgreiðandi greiðir ekki neinn eignarskatt, þá geti hann átt rétt á því, að sveitarsjóðurinn greiði fyrir hann iðgjaldið. Þetta hefur verið svo áður í l. og var óbreytt tekið upp í þennan kafla, en nú hefur því verið bætt við í hv. Nd., að til þess að fá þessa greiðslu skuli um hana sótt, þ. e. a. s. greiðslan komi ekki af sjálfu sér, heldur verði viðkomandi maður að sækja um það til sveitarstjórnar, ef hann á að njóta þessarar greiðslu. — Þetta eru aðalbreyt. Smávægilegar breyt. eru þarna fleiri, sem ég tel óþarfa að minnast á.

Hv. heilbr.- og félmn. Nd. var með fleiri brtt. á döfinni, en hafði um allar brtt. samráð við hv. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., og þessar breyt. allar eru gerðar í samráði við hana. Hins vegar féll n. frá að gera aðrar breyt. en þær, sem fullkomið samkomulag fékkst um við hv. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. Þetta var gert vegna þess, að það var talið líklegt, að ef breyt. kynnu að verða gerðar í þessari d. enn, þá mundi málið þvælast það mikið á milli deilda, að ósýnt væri, hvort það næði fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna var, með því að haga breyt. í samræmi við óskir og samþykktir hv. heilbr.- og félmn. þessarar d., gengið út frá, að málið gæti gengið í gegn nokkurn veginn eins og frá því var gengið í hv. Nd., og það vil ég einnig vona, að d. geri.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

39. Þátttaka síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði [214. mál] (stjfrv., A. 446).

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Efni þessa litla frv. er mjög einfalt og auðskilið, og þarf þess vegna ekki að hafa um það mörg orð. En það er, að síldarverksmiðjum ríkisins verði heimilað að leggja fram allt að 2 millj. kr. sem hlutafé í hlutafélagi, er stofnað yrði á Siglufirði í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað til að eiga og reka vélbáta frá Siglufirði, svo og botnvörpunginn Hafliða, sem nú er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar. Framlag síldarverksmiðjanna er hugsað 55% af hlutafé félagsins.

Þetta frv. á sér eigi að síður alllanga sögu. Það var árið 1953, að útgerð togaranna á Siglufirði komst í nokkra fjárhagserfiðleika, og var þá samþ. af þáv. ríkisstj. að hjálpa upp á sakirnar með því að leggja fram nokkra fjárhæð til fyrirtækisins og stofna til rekstrar hraðfrystihúss á staðnum, sem tók til starfa það ár. Þetta var á þeim árum, þegar síldarleysi var mjög tilfinnanlegt og atvinna af mjög skornum skammti, og áttu þessar ráðstafanir þess vegna að verða til þess og urðu til þess að hressa upp á atvinnulífið á staðnum. En skilyrði fyrir því, að þetta yrði gert, var það, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins tæki að sér rekstur togaranna, um leið og það ræki sitt eigið frystihús, en rekstur togaranna yrði eigi að síður á ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar, þannig að hagnaður eða tap á rekstrinum yrði hans.

Nú var það snemma árs 1960, ætla ég að það hafi verið, eða um það leyti, áramótin 1959—1960, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins sagði upp þeim samningi, sem hún hafði gert um rekstur þessara togara. Það var talin ástæða fyrir uppsögninni, að forstjóri síldarverksmiðja ríkisins, sem hafði haft með rekstrinn að gera í framkvæmd, hefði sagt upp því starfi og vildi ekki sinna því lengur. Tókst þó um sinn að framlengja þetta, og voru togararnir um skeið áfram reknir af stjórn síldarverksmiðjanna undir stjórn þessa framkvæmdastjóra. Rekstrinn hafði verið ákaflega erfiður, eins og hjá öllum togurum í þessu landi, og heildartap fyrirtækisins mikið, sem síldarverksmiðjur ríkisins höfðu í bili orðið að leggja út, en bæjarsjóður Siglufjarðar átti að greiða.

Þá var það, að ég skipaði nefnd til að athuga þessi mál, en í þessari n. áttu sæti: for-

maður stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, Sveinn Benediktsson, bæjarstjórinn á Siglufirði, Sigurjón Sæmundsson, og Birgir Finnsson alþm., sem var form. n., og átti n. að leitast við að finna leiðir til þess, að þessi útgerð gæti haldið áfram í einu formi eða öðru. Það mundi líka hafa orðið talsvert áfall fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, ef togarareksturinn hefði algerlega stöðvazt og þeir verið seldir burt úr bænum, því að þeir höfðu, a. m. k. þá um sinn, veitt nokkuð mikið hráefni til frystihúss síldarverksmiðjanna. En það var líka talinn hagur fyrir síldarverksmiðjurnar, að þetta frystihús yrði rekið, vegna þess að menn, sem fastráðnir voru til ársvinnu, fengu þar nokkurt verkefni, sem þeir gátu vel sinnt að vetrarlagi, þegar starfsemi síldarverksmiðjanna hin venjulega lá niðri. Það var þess vegna fyrir alla aðila æskilegt, að eitthvert form væri hægt að finna til þess, að þessi starfsemi gæti haldið áfram.

Ég skal ekki rekja þá sögu. N. skilaði í maí 1961 áliti og klofnaði. Tveir nm., þeir Birgir Finnsson og Sigurjón Sæmundsson, lögðu til, að sett yrðu lög, sem heimiluðu stofnun sameignarfélags ríkisins, eða SR fyrir þess hönd, og Siglufjarðarkaupstaðar. Skal það félag taka við eignum og skuldum bæjarútgerðar Siglufjarðar, eins og þær verða, þegar skuldir hafa verið eftir gefnar eða greiddar og umsamdar, eins og við höfum lagt til hér að framan, segir í áliti meiri hl. Einnig skal félagið taka við eignum og skuldum hraðfrystihúss síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði, eins og þær verða, eftir að samkomulag hefur verið gert við stjórn síldarverksmiðja ríkisins um skiptingu eigna og skulda hraðfrystihúss SR og síldarverksmiðjanna. Heimilisfang félagsins skal vera Siglufjörður og tilgangur þess útgerð fiskiskipa og rekstur hraðfrystihúss. Eignarhlutföllin verði þannig, að ríkissjóður, eða SR fyrir ríkisins hönd, eigi 4/5 og bæjarsjóður Siglufjarðar 1/5. Ábyrgð takmarkist við stofnframlög hvors aðila, en þau verði 1 millj. 600 þús. kr. frá ríkinu og 400 þús. kr. frá kaupstaðnum.

Þetta var það, sem meiri hl. n. lagði til, en minni hl. skilaði líka áliti, sem ég skal ekki lesa upp hér nema aðeins niðurlagið, með leyfi hæstv. forseta, en það hljóðar svo:

„Með tilvísun til framanritaðs legg ég til, að SR eigi hraðfrystihús sitt áfram og leitist við að efla rekstur þess með auknum viðskiptum við báta, eins og þegar hefur verið reynt með nokkrum árangri, en stjórn SR hefur samþ. að koma upp veiðarfærageymslu og beitingaraðstöðu fyrir nokkra báta í þessu skyni.“ Og svo segir: „Þegar afskrift skulda bæjarútgerðar Siglufjarðar hefur farið fram og útvegað hefur verið lánsfé til greiðslu á lausaskuldum samkv. hinum sameiginlegu till. n., legg ég til, að stofnað verði hlutafélag með 3 millj. kr. höfuðstól og leggi síldarverksmiðjur ríkisins fram 2/3 hluta fjárins og Siglufjarðarkaupstaður 1/3. Gengið sé út frá, að stjórnin verði skipuð 2 mönnum frá SR og 1 frá Siglufjarðarkaupstað. Félag þetta kaupi togarann Elliða á matsverði fyrir 5 millj. kr. og geri hann út, en togarinn Hafliði verði afhentur ríkinu upp í skuldir. Greiðsla kaupverðsins fari fram eftir nánari samningum.“

Þetta var álit minni hl. n.

Nú dróst það, að hægt væri að gera upp þetta allskulduga bú útgerðarinnar, og þess vegna ekki skilyrði fyrir hendi til þess að fara út í þessa félagsmyndun, eins og á stóð, nema með mjög miklu fjárframlagi, væntanlega þá frá ríkissjóði, og hikaði nú ríkisstj. við að gera það. En svo vildi það til á öndverðu ári 1962, að annar togari bæjarútgerðar Siglufjarðar fórst, og þá var ekki nema annar togarinn eftir og skuldir fyrirtækisins að miklu greiddar af vátryggingarverði Elliða, en nokkuð af vátryggingarverðinu þó ákveðið að nota til bátakaupa. Þá var það, að möguleikarnir á því að samræma þessi sjónarmið n., sem skipuð var 1960, jukust, og nú hefur stjórn síldarverksmiðja ríkisins í heild lagt til, að ríkissjóður heimili, að í þetta fyrirtæki verði ráðizt. Að vísu mun hafa verið nokkur ágreiningur um það, hvort togarinn ætti að vera þar með, sem eftir var, en þó mun fyrir því hafa verið meiri hl. í stjórn síldarverksmiðjanna.

Sem sagt, þó að á sínum tíma hafi ekki verið leitað lagaheimildar til að stofna hraðfrystihús síldarverksmiðja ríkisins, var talið eðlilegt, að þessarar heimildar yrði leitað, en ekki farið út í þessa starfsemi með einfaldri stjórnarákvörðun, eins og gert var 1953. Þess vegna er þetta frv. fram borið, og ég vildi vænta, að hv. alþm. gætu á það fallizt. Þá væri úr sögunni erfitt mál, sem nokkrum ágreiningi hefur valdið nú um skeið, og þó að afkomuskilyrðin á Siglufirði séu í dag með hinni mikið auknu síldargengd þar önnur en voru fyrrum, þá er talið, að með þessu verði hægt að skjóta enn styrkari stoðum undir atvinnurekstur bæjarfélagsins, og þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér er þetta mál nokkuð kunnugt, bæði vegna þess, að ég hef nú um skeið átt sæti í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og eins frá fyrri tíð í ríkisstj. Ég mundi segja, að forsaga þessa máls hæfist að vissu leyti á mestu síldarleysisárunum, þegar Siglufjörður átti mjög í vök að verjast og fólk þar átti í ákaflega miklum erfiðleikum vegna síldarleysisins. Þá var ráðizt í að ákveða, að síldarverksmiðjur ríkisins byggðu hraðfrystihús á Siglufirði til eflingar staðnum og stuðnings fólkinu.

Mér er vel kunnugt um, hver hugsunargangur lá að baki þess, sem þá var gert, og hann var í raun réttri tvíþættur. Annars vegar álitu menn, að síldarverksmiðjur ríkisins hefðu skyldur við Siglufjörð. Þetta er risafyrirtæki, og það er ekki hægt að segja, að slíku fyrirtæki sé það óviðkomandi, þegar byggðarlagið

lendir í jafnmiklum vandræðum af óviðráðanlegum ástæðum og á þeim árum varð á Siglufirði. Í annan stað virtist það augljóst, að síldarverksmiðjur ríkisins gátu ekki aðgerðalaust horft á vandkvæði Siglfirðinga, þar sem síldarverksmiðjunum getur blátt áfram aldrei til lengdar vegnað vel á Siglufirði, nema þar sé talsvert þróttmikið pláss. Það er óhugsandi að reka annan eins risarekstur og síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði eru nema í þróttmiklu plássi. Þá má svo segja, að þriðja ástæðan hafi komið til. Það var hagfellt, að upp kæmi verkefni fyrir fagmenn þá, sem vinna á vegum síldarverksmiðja ríkisins, önnur en þau, sem beint lutu að rekstri sjálfra síldarverksmiðjanna. Allar þessar ástæður urðu til þess, að hraðfrystihús var reist á vegum síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Ég var stuðningsmaður þessa á sinni tíð, og mér er þetta vel kunnugt.

Síðan hefur þetta frystihús verið rekið og orðið til hags bæði fyrir síldarverksmiðjurnar og byggðarlagið. Á hinn bóginn hefur alltaf verið nokkrum erfiðleikum bundið með hráefnið, og þau vandkvæði hafa farið vaxandi. Þá kom upp spurningin um, hvort síldarverksmiðjur ríkisins gætu látið hráefnismálið afskiptalaust, þar sem þær eru svona mikill þáttur í byggðarlaginu, og enn fremur vegna þess, að þær höfðu nú komið sér upp hraðfrystihúsi. Um þetta hafa menn bollalagt fram og aftur, hversu mikil afskipti síldarverksmiðjur ríkisins skyldu hafa af hráefnisöfluninni. Og niðurstaðan, a. m. k. niðurstaða meiri hl. í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, varð sú, að síldarverksmiðjur ríkisins ættu þátt í því að stofna hlutafélag til þess að eignast báta og skip og reka togarann Hafliða. En þetta er það, sem frv. gerir ráð fyrir, sem hæstv. ráðh. hefur nú mælt fyrir.

Ég var einn af þeim í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem voru meðmæltir því, að fyrirkomulag þessara mála yrði einmitt á þá lund, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og styð það því að sjálfsögðu og vil mæla með því. Ég vona, að síldarverksmiðjum ríkisins verði þetta ekki að neinu tjóni, heldur hið gagnstæða, og reynslan verði svipuð og hefur orðið með hraðfrystihúsið, og jafnframt verði þetta Siglufirði lyftistöng.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 524).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, byggðist afkoma Siglfirðinga árum saman aðallega á síldveiðum, en eftir að síldveiðarnar brugðust upp úr 1944, skapaðist nýtt viðhorf í atvinnulífi staðarins, og var reynt að bæta upp atvinnuástandið með útgerð togara. Eignuðust Siglfirðingar fyrst botnvörpunginn Elliða 1947 og síðar Hafliða 1951. Eins og hjá annarri togaraútgerð hefur oltið á ýmsu með afkomu þessara skipa, en samt sem áður hygg ég, að það fari ekki á milli mála, að útgerð þeirra hafi orðið verulegt lyftistöng fyrir atvinnulífið í Siglufirði og orðið til þess að bæta Siglfirðingum að nokkru upp þann skaða, sem þeir urðu fyrir vegna síldarleysisins.

Það mun hafa verið árið 1953, sem bæjarútgerð Siglufjarðar var komin í verulega fjárhagsörðugleika og þurfti á fyrirgreiðslu ríkisins að halda, til þess að unnt væri að halda útgerðinni áfram, og var það gert með því, að útvegaðar voru 4½ millj. kr. að láni til þess að skapa áframhaldandi rekstrargrundvöll undir starfsemina, og jafnframt var gerður samningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og síldarverksmiðja ríkisins um rekstur skipanna tveggja, sem kaupstaðurinn átti þá, og tók stjórn síldarverksmiðjanna að sér að annast alla útgerðarstjórn og rekstur skipanna fyrir reikning og á ábyrgð bæjarsjóðs Siglufjarðar. Þessum samningi var sagt upp fyrir 2—3 árum, en samt sem áður hefur rekstrarfyrirkomulagið haldizt óbreytt. En nýtt viðhorf hefur nú skapazt í útgerðarmálum Siglfirðinga, eftir að síldin fór að glæðast á ný og eftir að Siglfirðingar urðu fyrir því óhappi að missa annan botnvörpunginn.

Um svipað leyti og þessi samstarfssamningur var gerður milli bæjarstjórnar Siglufjarðar og stjórnar síldarverksmiðja ríkisins komu síldarverksmiðjurnar sér upp hraðfrystihúsi, sem einnig hefur orðið til þess að lyfta undir atvinnulífið á staðnum, og hefur þetta stutt hvort annað, útgerðin og starfsemi hraðfrystihússins, eins og vikið er að í nál. sjútvn. á þskj. 524. Þannig hefur t. d. útgerðin greitt síldarverksmiðjunum talsverðar upphæðir vegna framkvæmdastjórnar og bókhalds, og hraðfrystihús síldarverksmiðjanna hefur á hinn bóginn greitt verulegar verðbætur á afla togaranna, sem unninn hefur verið í hraðfrystihúsi SR. Einnig hefur vélaverkstæði síldarverksmiðja ríkisins mikil viðskipti við bæjarútgerðina, og verksmiðjurnar hafa unnið úr þeim fiskúrgangi, sem til hefur fallið frá hraðfrystihúsinu. Þetta hefur skapað verkefni fyrir hóp manna allt árið um kring á vegum síldarverksmiðja ríkisins, en sá hópur hefur verið kjarninn í því starfsliði, sem verksmiðjurnar hafa þurft að sumrinu til, meðan vinnsla síldarinnar hefur staðið yfir. En sem kunnugt er, hafa síldarverksmiðjur ríkisins aðalbækistöð sína í Siglufirði. Þar hafa þær aðalskrifstofu sína og fjöldann allan af föstu starfsliði, og hefur útgerðin og starfræksla hraðfrystihússins skapað þessu fólki veruleg verkefni á þeim tímum, sem það hefði annars staðið uppi verkefnalítið vegna síldarleysisins.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að heimila síldarverksmiðjum ríkisins með samþykki ríkisstj. að leggja fram allt að 2 millj. kr. sem hlutafé í útgerðarfélagi, er verksmiðjurnar stofni í samráði við Siglufjarðarkaupstað, og

eiga eignarhlutföllin að vera þau, að verksmiðjurnar eigi 55% af hlutafénu. Er með þessu stefnt að því að binda það samstarf, sem ég hef nú að nokkru lýst, fastari böndum, og mælir sjútvn. eindregið með, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum nm. úr sjútvn. skrifað undir það nál., sem prentað er á þskj. 524 og hv. frsm. n. hefur nú lýst. Og ég er samþykkur því áliti n., að það beri að mæla með því frv. um þátttöku síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði, sem hér liggur fyrir á þskj. 446. Aðeins vildi ég nota tækifærið til þess í sambandi við þetta mál að vekja máls á því, að mér virðist það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir um samvinnu ríkis og bæjar á Siglufirði, athyglisvert. Og það gæti verið ástæða til þess að hafa það í huga framvegis, hvort ekki er ástæða til þess, t. d. norðanlands, að taka upp slíka samvinnu á breiðari grundvelli á milli ríkisins og bæjar- eða sveitarfélaga um rekstur atvinnufyrirtækja, sem eru nauðsynleg, bæði fyrir ríki og hlutaðeigandi byggðarlag, en hlutaðeigandi byggðarlög kunna að eiga í erfiðleikum með að eiga og reka.

Í því sambandi vil ég minna á, að í frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem nýlega var til umr. hér í hv. d. og hlaut því miður ekki æskilegar undirtektir að þessu sinni hjá meiri hl. d., þá var m. a. gert ráð fyrir því, að jafnvægissjóður gæti, þegar sérstaklega stæði á, gerzt meðeigandi í atvinnutækjum, sem nauðsynleg teldust til þess að halda uppi og efla atvinnulíf og byggð á einhverjum svæðum. Og ég vil nú, eins og ég sagði áðan, aðeins nota tækifærið, af því að frv. af þessu tagi er nú á ferðinni, til að vekja máls á því, að framvegis kunni það úrræði, sem hér er gripið til, að vera æskilegt úrræði á fleiri stöðum og að því beri að gefa gaum.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég er í öllum aðalatriðum sammála því frv., sem hér liggur fyrir. Það eru þó einstök atriði í þessu frv., sem ég hefði óskað eftir að væru á annan veg, en þar sem ég tel málið ákaflega þýðingarmikið fyrir Siglufjarðarbæ og allt atvinnulíf í Siglufirði, þá mun ég ekki flytja neinar brtt. við frv., eins og það hefur verið lagt fram.

Það kemur fram í nál., að ný viðhorf hafi að nokkru leyti skapazt í atvinnumálum bæjarins, og þá sérstaklega vegna þess að við urðum fyrir því óhappi að missa annan af tveimur togurum, og hefur ekkert skip enn þá komið, sem getur talizt að hafi komið í staðinn fyrir það skip. Eins og að líkum lætur, var það mikið áfall fyrir þetta byggðarlag, þegar togarinn Elliði fórst, og er það því ekki að ófyrirsynju, að þetta mál hefur verið tekið upp til viðræðna og athugunar við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, sem hafa að undanförnu séð um rekstur þessara skipa. Svo vel hefur þó tekizt til, að síldarverksmiðjurnar hafa tjáð sig vera fúsar til þess að mynda hlutafélag ásamt bæjarstjórn eða Siglufjarðarkaupstað um útgerðarfélag, þar sem verksmiðjurnar tjá sig vera fúsar til þess að leggja fram 2 millj. kr. hlutafé, þó með því skilyrði, að tryggt sé í upphafi, að þær ráði yfir 55% af hlutafénu. Það má deila um það, hvort þessi skilyrði séu hagstæð fyrir Siglufjarðarbæ, en eins og ég tók fram áðan, tel ég málið það þýðingarmikið, að ekki sé hægt að setja þetta fyrir sig, og er því sammála og mun greiða því atkv.

Ég vil svo jafnframt lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst hæstv. sjútvmrh., sem mál þetta heyrir undir, hefur séð sér fært að flytja þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá því, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, byggist afkoma Siglufjarðarkaupstaðar og íbúa staðarins að mjög verulegu leyti — og hefur gert um langan tíma — á síldveiðum. Þegar síldin lagðist frá og veiði minnkaði geigvænlega upp úr 1944, horfði þess vegna til mikilla vandræða á staðnum. Þá var ráðizt í það af bæjarstjórn Siglufjarðar að kaupa togara og gera þá út, fyrst einn og síðan annan, sem gerðir voru út og bættu nokkuð úr þeim atvinnumissi, sem orðinn var á staðnum, vegna þess að síldin hvarf eða þegar síldveiði minnkaði. En togaraútgerð á þeim tíma og alla stund síðan hefur verið ákaflega erfið og það svo, að þessi útgerð Siglufjarðarbæjar komst í verulega erfiðleika strax upp úr árinu 1952. Þá voru af hendi þáv. ríkisstj. gerðar ráðstafanir til, að síldarverksmiðjur ríkisins kæmu sér upp hraðfrystihúsi og tækju að sér rekstur togaranna, á ábyrgð bæjarins þó og fyrir hans reikning. Við svo búið stóð svo fram á árið 1959, en þá samþ. stjórn síldarverksmiðjanna að segja upp þeim samningi, sem hún hafði við Siglufjarðarkaupstað um rekstur skipanna. Togararnir höfðu þá safn-

að allverulegum skuldum, og erfiðleikar voru á útgerð þeirra. Þessi uppsögn samninganna 1959 var miðuð við það, að síldarverksmiðjurnar hættu þessum rekstri á árinu 1960, en samkomulagið var þó framlengt, og hefur ekki komið til þess, að síldarverksmiðjurnar hafi horfið frá því að reka skipin enn, en erfiðleikar hafa verið miklir á rekstrinum og uppsögnin stöðugt yfirvofandi.

Þess vegna var það, að árið 1960 skipaði ráðuneytið n. til þess að athuga þessi mál öll. Í n. voru skipaðir form. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, Sveinn Benediktsson, bæjarstjórinn á Siglufirði, Sigurjón Sæmundsson, og Birgir Finnsson alþm. Þessi n. tók þá til starfa, og henni var ætlað það verkefni að finna eitthvert rekstrarform, sem hæfði á staðnum og gæti komið í staðinn fyrir það fyrirkomulag, sem var. Í skipunarbréfi n. var út frá því gengið, að hraðfrystihús síldarverksmiðjanna og togararnir væru reknir af sama aðila og á ábyrgð sama aðila. N. skilaði svo áliti 3. maí 1961, en varð ekki sammála. Niðurstaða meiri hl. n., þeirra Sigurjóns Sæmundssonar og Birgis Finnssonar, var í aðalatriðum þessi:

Sett verði lög, sem heimili stofnun sameignarfélags ríkisins, eða SR fyrir þess hönd, og Siglufjarðarkaupstaðar. Skyldi það félag taka við eignum og skuldum bæjarútgerðar Siglufjarðar, eins og þær yrðu, þegar skuldir hefðu verið eftir gefnar eða greiddar og umsamdar. Einnig skyldi félagið taka við eignum og skuldum hraðfrystihúss SR á Siglufirði, eins og þær verða, eftir að samkomulag hefur verið gert við stjórn síldarverksmiðja ríkisins um skiptingu eigna og skulda hraðfrystihúss SR og síldarverksmiðjanna. Heimilisfang félagsins skal vera Siglufjörður og tilgangur þess útgerð fiskiskipa og rekstur hraðfrystihúss. Eignahlutföll verði: ríkissjóður, eða SR fyrir ríkisins hönd, með 4/5 og bæjarsjóður Siglufjarðar með 1/5. Ábyrgð takmarkist við stofnframlög hvors aðila, en þau verði 1 millj. 600 þús. kr. frá ríkinu og 400 þús. kr. frá Siglufjarðarkaupstað.

Þetta var í aðalatriðum niðurstaða meiri hl. n. En minni hl. n. ræddi í sínu áliti nokkuð, hvernig þróun þessara mála hefur orðið á staðnum, og síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til framanritaðs legg ég til, að SR eigi hraðfrystihús sitt áfram og leitist við að efla rekstur þess með auknum viðskiptum við báta, eins og þegar hefur verið reynt með nokkrum árangri. Stjórn SR hefur samþ. að koma upp veiðarfæraeymslu og beitingaraðstöðu fyrir nokkra báta í þessu skyni.“ Síðan segir: „Þegar afskrift skulda bæjarútgerðar Siglufjarðar hefur farið fram og útvegað hefur verið lánsfé til greiðslu á lausaskuldum skv. hinum sameiginlegu till. n., þá legg ég til, að stofnað verði hlutafélag með 3 millj. kr. höfuðstól og leggi síldarverksmiðjur ríkisins fram tvo þriðju hluta fjárins og Siglufjarðarkaupstaður 1/3. Gengið verði út frá, að stjórnin verði skipuð 2 mönnum frá SR og einum frá Siglufjarðarkaupstað. Félag þetta kaupi togarann Elliða á matsverði, eða 5 millj. kr., og geri hann út, en togarinn Hafliði verði afhentur ríkinu upp í skuldir. Greiðsla kaupverðs fari eftir nánari samningum.“

M. ö. o.: samkomulag náðist ekki í n., og gekk í nokkru þófi um málið nokkurn tíma. Tap útgerðarinnar var orðið mjög mikið og erfiðleikar á að greiða það og gera hreint borð, sem svo aftur olli því, að niðurstöður fengust ekki um málið. Þá skeði það á fyrri hluta árs 1962, að togarinn Elliði fórst. Það var náttúrlega mikið áfall fyrir Siglufjarðarkaupstað að missa þetta skip, þar sem atvinnuvonir staðarins voru þá að verulegu leyti bundnar við togarann, þó að nokkuð hefði úr rætzt með tilkomu síldarinnar á ný. En með vátryggingarfé togarans var hægt að greiða upp verulegan hluta af skuldum fyrirtækisins og gera ráðstafanir til þess, að bátar væru keyptir í staðinn til þess að reyna að halda fiskveiðunum gangandi. Þetta breytti þannig viðhorfunum, að möguleikar voru til þess, að nefndarhlutarnir, sem hafði mest greint á, vegna þess að fé var ekki til til að greiða upp í skuldirnar eða semja um þær, gátu fundið hvor annan, og þeirra skoðanir tóku nú að verða mjög á einn veg í aðalatriðum.

Bæði bæjarstjórn Siglufjarðar og stjórn síldarverksmiðja ríkisins skrifuðu nú ráðuneytinu og óskuðu, að málinu væri ráðið til lykta á þann hátt, sem meiri hl. n. og raunar varatill. minni hl. benti á í sínu áliti frá 1960. Bréf SR er prentað sem fskj. með frv. því, sem hér liggur fyrir, og fer það í aðalatriðum í sömu átt og till. meiri hl. n. Í þessu frv. er lagt til, að síldarverksmiðjum ríkisins verði heimilað að leggja fram allt að 2 millj. kr. sem hlutafé í hlutafélag, sem stofnað yrði á Siglufirði í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað til þess að reka vélbáta frá Siglufirði svo og botnvörpunginn Hafliða, sem nú er í eign Siglufjarðarkaupstaðar. Framlag síldarverksmiðjanna verði 55% af hlutafé félagsins.

Ég skal í þessu sambandi geta þess, að sá einasti ágreiningur, sem er um málið í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, er sá, að meiri hl. stjórnarinnar vill, að togarinn Hafliði verði tekinn inn í þetta félag, en minni hl. hefur ekki óskað eftir því. Í frv. er, eins og fram kom, þegar ég las upp 1. gr. þess, þessum möguleika einnig haldið opnum, þannig að þessu væntanlega hlutafélagi er heimilt að taka einnig að sér rekstur togarans, ef um það semst.

Þetta frv. er fram komið vegna þess, að nauðsynlegt er að ráða þessu máli til lykta á einhvern hátt. Þegar hraðfrystihús síldarverksmiðjanna var byggt árið 1953, var ekki leitað heimildar Alþ. til þess, og getur það ef til vill orkað tvímælis, hvort það hefði þurft að gera eða ekki. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að það verði gefin heimild til þess að reka hraðfrystihúsið einnig, eins og þau fiskiskip,

sem frv. nefnir. Ég veit, að það er mikill áhugi fyrir því hjá bæjarstjórn Siglufjarðar og sennilega hjá Siglfirðingum öllum, að þessi lausn fáist á málum þeirra. Mér er líka ljóst, að síldarverksmiðjur ríkisins hafa af því nokkurn hagnað að geta fengið fastamönnum sínum nokkur verkefni við hraðfrystihúsið og vélaverkstæði fyrir skipin, þegar síldarvertíðin stendur ekki yfir, þannig að þetta getur einnig stutt að hagkvæmum rekstri fyrir síldarverksmiðjur ríkisins.

Um þetta mál var fullt samkomulag í hv. Nd., og ég vænti þess, að hv. þm. þessarar d. geti einnig fallizt á að afgreiða málið á þennan hátt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 652).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta, ef að lögum verður, heimilar síldarverksmiðjum ríkisins að leggja fram allt að 2 millj. kr. hlutafé í hlutafélag, sem stofnað yrði á Siglufirði og í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað. Tilgangur þess er að eiga og reka útgerð vélbáta, sem gerðir yrðu út frá Siglufirði. Þessi hlutafjárupphæð, sem hér um ræðir, er ætlað að verði 55% af heildarupphæð hlutafjár félagsins.

Eins og fram kemur í aths. við frv., er forsaga þessa máls sú, að fyrir allmörgum árum reistu síldarverksmiðjur ríkisins hraðfrystihús á Siglufirði. Tilgangur þeirra framkvæmdar var tvíþættur. Myndaður var grundvöllur fyrir stöðugra atvinnulíf á Siglufirði vetrarmánuðina, auk þess sem verksmiðjurnar sköpuðu þannig verkefni fyrir vélstjóra fyrir verksmiðjurnar þann tíma, sem ekki var unnið að síldarbræðslu eða undirbúningi undir síldarvertíðina. Um skeið lögðu togararnir Hafliði og Elliði frystihúsinu til hráefni, en hvort tveggja er, að Elliði fórst og aflabrögð togara fóru hrakandi, svo að hráefnaöflun til frystihússins hefur ekki verið eins jöfn og æskilegt má teljast. Með því að síldarverksmiðjunum er hagkvæmt að reka frystihúsið og halda þannig starfsfólki, sem þær nauðsynlega þurfa á að halda sumarmánuðina, og sú ráðstöfun styrkir almennt atvinnuástand á Siglufirði, er eðlilegt, að verksmiðjurnar taki þátt í þeirri útgerð, sem nauðsynleg er, til þess að frystihúsið fái nægt hráefni til vinnslu. Það er álit n., að hér fari saman hagsmunir síldarverksmiðja ríkisins og þess bæjarfélags, sem í hlut á, og mælir því n. með, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

40. Kennaraskóli Íslands.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um Kennaraskóla Íslands** [205. mál] (stjfrv., A. 412).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Kennarar gegna einu ábyrgðarmesta starfi, sem unnið er í sérhverju þjóðfélagi. Uppeldi og menntun æskunnar hefur meginþýðingu, ekki aðeins fyrir farsæld þjóðarinnar, heldur einnig fyrir hagsæld hennar. Það hlýtur því að skipta miklu máli, að þeir, sem hafa eiga með höndum uppeldi æskunnar að miklu leyti og fræðslu hennar að mestu leyti, séu hinum mikla vanda sínum vel vaxnir. En að öðru jöfnu hljóta þeir að teljast vandanum þeim mun betur vaxnir, sem þeir hafa meiri og betri þekkingu til að bera. Það er því ein af frumnauðsynjum góðs skólakerfis, að verðandi kennarar eigi kost á góðri og traustri menntun.

Nokkuð hefur á það skort undanfarna áratugi, að kennurum hafi verið búin nægilega góð menntunarskilyrði. Kennaraskóli Íslands var stofnaður árið 1908. Núgildandi lög um skólann eru frá árinu 1947. Menntunarskilyrði kennara hafa ekki verið bætt á undanförnum áratugum í jafnríkum mæli og átt hefur sér stað um ýmsar aðrar mikilvægar starfsstéttir. Ein af ástæðunum er efalaust sú, að húsakostur skólans hefur verið algerlega ófullnægjandi hin síðari árin, enda hefur hann þangað til á þessum vetri starfað í upphaflegu húsi sínu. En á s. l. hausti flutti kennaraskólinn í nýju bygginguna, sem verið hefur í smíðum síðan 1958. Var henni að vísu ekki fullokið og er ekki enn. Nú í sumar mun henni þó verða lokið, eða réttara sagt þeim áfanga heildarbyggingarinnar, sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Næsta haust mun því kennaraskólinn geta tekið til starfa í nýju

húsnæði, sem telja má eitt vandaðasta skólahús landsins.

En undanfarin ár hefur ekki aðeins verið unnið að því að koma upp nýju húsnæði fyrir Kennaraskóla Íslands. Jafnframt hefur verið starfað að því að undirbúa algera nýskipan á skólanum sjálfum, skipulagi hans og námsefni, í því skyni að bæta menntunarskilyrði kennarastéttarinnar. Upphaf þessa máls er það, að 29. febr. 1960 skipaði menntmrn. 7 manna n. til að endurskoða gildandi löggjöf um Kennaraskóla Íslands og semja nýtt frv. til l. um skólann. Í n. áttu sæti: Freysteinn Gunnarsson skólastjóri, og var hann formaður hennar, Ágúst Sigurðsson kennari, dr. Broddi Jóhannesson kennari, Guðjón Jónsson kennari, Gunnar Guðmundsson yfirkennari, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og dr. Símon Jóh. Ágústsson prófessor. Hinn 31. ágúst 1960 var Sveinbirni Sigurjónssyni skólastjóra bætt í n. Lauk hún störfum í sept. 1961 og skilaði þá til menntmrh. frv. til l. um Kennaraskóla Íslands ásamt grg. fyrir störfum sínum og frv. sjálfu. Var frv. þetta athugað rækilega í menntmrn. og efni þess rætt við fulltrúa frá Háskóla Íslands og menntaskólanum í Reykjavík. Niðurstaða þeirra viðræðna var sú, að ekki þótti ráðlegt að leggja nýtt frv. um kennaraskólann fyrir þingið 1961—62, heldur undirbúa málið betur og freista þess að koma á algeru samkomulagi milli forustumanna kennaraskólans og kennarastéttarinnar, háskólans og forustumanna úr hópi menntaskólanna, áður en málið yrði lagt fyrir Alþingi.

Menntmrn. skipaði því 2. júlí 1962 sérstaka n. til að fjalla um frv. átta manna nefndarinnar og freista þess að samræma sjónarmið kennaraskólans, háskólans og menntaskólanna. Í þessa nefnd voru skipaðir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, og var hann formaður hennar, Ármann Snævarr háskólarektor, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, Kristinn Ármannsson rektor menntaskólans í Reykjavík og þáv. skólastjóri kennaraskólans, Freysteinn Gunnarsson, en dr. Broddi Jóhannesson var skipaður varamaður hans og tók fast sæti í n., þegar hann hafði verið skipaður skólastjóri kennaraskólans. Nefnd þessi athugaði allt málið mjög vandlega, gerði ýtarlegan samanburð á námsefni kennaraskólans og menntaskólanna og tillögur um námsefni hinna nýju deilda, sem gert er ráð fyrir í kennaraskólanum. Innan háskólans var málið ekki aðeins rætt í háskólaráði, heldur einnig í öllum deildum háskólans.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaða af störfum þessarar n. og hefur samhljóða meðmæli hennar. Má því segja, að það fullnægi óskum forvígismanna kennaraskólans og kennarastéttarinnar og hafi samþykki og meðmæli háskólaráðs og rektors menntaskólans í Reykjavík. Ætti þessi undirbúningur málsins að auðvelda hinu háa Alþ. að taka skjóta afstöðu til frv.

Meginbreytingarnar, sem felast í þessu frv. frá gildandi ákvæðum um Kennaraskóla Íslands, eru: Í fyrsta lagi að veita skólanum rétt til að brautskrá stúdenta. Í öðru lagi að koma á fót framhaldsdeild við háskólann. Í þriðja lagi að stofna undirbúningsdeild fyrir sérkennara. Í fjórða lagi aukin æfingakennsla. Í fimmta lagi nokkurt kjörfrelsi um námsefni.

Frv. gerir ráð fyrir því, að skólinn greinist í 6 deildir. Í fyrsta lagi almenna kennaradeild, þar sem námið skal taka 4 ár og því ljúka með almennu kennaraprófi, sem veiti kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins. Í öðru lagi kennaradeild stúdenta, þar sem stúdentum úr menntaskólunum skal gert kleift að ljúka kennaraprófi með eins árs námi. En í þeirri deild skulu nemendur ljúka sama námi og nemendur í almennu deildinni í uppeldisgreinum og þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs. Í þriðja lagi menntadeild, þar sem þeir, sem lokið hafa prófi frá almennu kennaradeildinni með 1. einkunn árið 1967 eða síðar, skuli geta búið sig undir stúdentspróf á einu ári. Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu sambærilegar kröfum stúdentsprófs menntaskólanna, þó þannig, að heimilt sé að láta próf í uppeldis- og kennslufræðum frá almennu kennaradeildinni gilda til stúdentsprófs og fella þá niður innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni, sem því svarar, á svipaðan hátt og gert er um sérgreinar í mála- og stærðfræðideildum menntaskólanna. Gert er ráð fyrir, að þessi menntadeild taki til starfa í síðasta lagi eftir 4 ár, þ. e. þegar þeir, sem ganga inn í kennaraskólann á næsta hausti, hafa stundað nám í 4 ár í almennu kennaradeildinni. Í fjórða lagi framhaldsdeild, sem veiti nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi, og skulu þeir þá stunda nám í eigi færri greinum en þrem og sé ein þeirra aðalgrein. Skal þessu framhaldsnámi ljúka með prófi og starfandi kennurum heimilt að leggja stund á einstakar greinar þessa framhaldsnáms eftir frjálsu vali og ljúka í þeim tilskildum prófum. Í fimmta lagi undirbúningsdeild sérnáms, og skal þar vera um 2 ára nám að ræða, sem búi nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu og öðrum uppeldisstörfum, hvort sem sérnámið fer fram í kennaraskólanum eða annars staðar. Og í sjötta lagi handavinnudeild, sem veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna og sér nemendum fyrir æfingu í að kenna þær. Enn fremur sjái handavinnudeild nemendum í öðrum deildum kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein. Sé námstími í handavinnudeild 2 ár, og skulu þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barna- og framhaldsskólum.

Í frv. eru sett ný ákvæði um rétt til inngöngu í 1. bekk almennu kennaradeildar-

innar. Gert er ráð fyrir tvenns konar inntökuskilyrðum: Annars vegar landsprófi miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild, eða fullgildu gagnfræðaprófi bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveði, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvari námi til landsprófs miðskóla.

Almennt stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í kennaradeild stúdenta, en rétt til inngöngu í menntadeild og framhaldsdeild eiga þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með 1. einkunn 1967 eða síðar, þ. e. a. s. þeir, sem hefja nám í kennaraskólanum á næsta hausti eða síðar. Heimila má þeim, sem lokið hafa slíku prófi fyrir þann tíma, inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda, enda sé þá nám og prófkröfur fullnægjandi að dómi skólans. Rétt til inngöngu í handavinnudeild eiga þeir, sem lokið hafa námi í undirbúningsdeild sérnáms í kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi.

Með þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir í frv., má telja, að inntökuskilyrði í kennaraskólann verði hliðstæð inntökuskilyrðum í hina almennu menntaskóla. Nám í almennu kennaradeildinni á að vera 4 ára nám eins og menntaskólanámið. En þar eð námið í almennu kennaradeildinni þarf að sjálfsögðu fyrst og fremst að miðast við kennara, er ekki unnt að hafa námsefni hennar þannig, að lokapróf hennar geti svarað til stúdentsprófs og þannig veitt rétt til inngöngu í háskóla. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun menntadeildarinnar, og á námsefni hennar að vera þannig, að þar fái nemendur þekkingu í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til stúdentsprófs, sem veitt geti inngöngu í háskóla.

Þeir, sem ganga í kennaraskólann og vilja ljúka þaðan stúdentsprófi, verða að verja til þess 5 árum, í stað þess að menn geta lokið stúdentsprófi í almennu menntaskólunum með 4 ára námi. En með hliðstæðum hætti verða þeir stúdentar, sem ljúka vilja almennu kennaraprófi, að verja til þess einu ári til viðbótar 4 ára menntaskólanámi, þannig að þeir, sem hefja nám í almennum menntaskóla, verða að verja 5 árum til þess að geta jafnframt lokið kennaraprófi og fengið kennararéttindi.

Námið í kennaradeild stúdenta er fyrst og fremst helgað námi í sérgreinum almennu kennaradeildarinnar með hliðstæðum hætti og námið í menntadeild kennaraskólans er helgað sérgreinum almennu menntaskólanna. Er þar gert ráð fyrir valfrelsi milli latínu annars vegar og eðlis- og efnafræði hins vegar, þannig að þeir stúdentar frá kennaraskólanum, sem hyggjast helga sig raunvísindum í háskólanámi, geti lagt stund á eðlis- og efnafræði í stað latínu, en hinir, sem hyggjast helga sig hugvísindum, geti lagt stund á nám í latínu í stað eðlis- og efnafræði.

Lögð hefur verið á það sérstök áherzla við undirbúning þessa frv. og fyrirhugaðs námsefnis í almennu kennaradeildinni og menntadeildinni, að stúdentspróf frá kennaraskólanum verði algerlega hliðstætt stúdentsprófi frá þeim skólum, sem nú hafa rétt til að útskrifa stúdenta, enda ber til þess brýna nauðsyn, að ekki sé slakað á kröfum til stúdentsprófs og þar með þekkingarkröfum til þeirra, sem rétt skulu hafa til inngöngu í háskóla.

Rétt er að taka fram, að væntanlegir stúdentar frá Kennaraskóla Íslands munu ekki hljóta rétt til inngöngu í verkfræðideild háskólans né til náms í lyfjafræði lyfsala, þar eð krafizt er stúdentsprófs stærðfræðideildar til skráningar í þessum greinum. Í þessu sambandi hefur verið ákveðið að efna til endurskoðunar á námsefni menntaskólanna, og skipaði menntmrn. hinn 7. marz s. l. n. til þeirrar endurskoðunar. Mun sú n. hafa lokið störfum, áður en fyrstu stúdentarnir brautskrást frá Kennaraskóla Íslands. Að öðru leyti en því, sem ég hef nú getið, munu stúdentar frá Kennaraskóla Íslands hafa sömu réttindi og stúdentar frá hinum stúdentaskólunum til þess að stunda nám í Háskóla Íslands eða við erlenda háskóla, þ. e. hliðstæð réttindi til háskólanáms og stúdentar úr máladeildum hinna almennu menntaskóla og lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands.

Það er eitt helzta nýmæli frv., að kennaraskólanum eru veitt réttindi til að brautskrá stúdenta. Skal ég fara nokkrum orðum um nauðsyn þess og nytsemi að gera þá breyt. Kennaraskólinn hefur verið 4 ára skóli, og aldur þeirra nemenda, sem inn í hann ganga, hefur verið svipaður og aldur þeirra, sem nám hefja í menntaskóla. En námsbrautin í kennaraskólanum hefur verið lokuð braut. Eftir 4 ára nám í kennaraskóla hafa þeir, sem þaðan brautskrást, ekki átt kost á neins konar framhaldsnámi. Nú er það svo, að 15—16 ára unglingar, sem ljúka landsprófi, geta tæplega gert sér nógu ljósa grein fyrir, hvers konar lífsstarf hentar þeim, t. d. hvort þeir vilja stunda störf, sem háskólanám er nauðsynlegt til að geta stundað, eða hvort þeir vilja t. d. gerast barna- eða unglingakennarar. Þeir, sem fara í menntaskólana, halda báðum þessum leiðum opnum. Þeir eiga aðgang að háskólum eftir 4 ára nám, en geta jafnframt öðlazt kennararéttindi eftir eins árs viðbótarnám í kennaraskóla. Þeir, sem fara í kennaraskólann, geta hins vegar aðeins öðlazt kennararéttindi, en eiga þess ekki kost að bæta við nám sitt þekkingu, er veiti þeim rétt til inngöngu í háskóla. Aftur á móti eiga stúdentar í kennaraskólanum kost á að afla sér þekkingar, sem veitir þeim kennararéttindi. Þetta hefur valdið því, að fjölmargir góðir nemendur, sem lokið hafa landsprófi,

hafa fremur kosið menntaskólabrautina, þótt þeir hafi í sjálfu sér vel getað hugsað sér kennslustörf sem atvinnu, enda engri leið lokað með því að velja menntaskólanámið. Háskólaleiðinni hefur hins vegar verið lokað, þegar kennaranámið hefur verið valið. Það er því tvímælalaust framfaraspor að opna nemendum kennaraskólans leið til háskólanáms með sama hætti og stúdentar hafa átt kost á að afla sér kennararéttinda. Má örugglega gera ráð fyrir því, að afleiðing þessara breyt. verði sú, að aðsókn góðra nemenda að skólanum stóraukist, kennarastéttinni til eflingar og íslenzkum æskulýð til góðs.

En til þess að réttlætanlegt sé, að nemendum kennaraskólans sé opnuð leið til háskólanáms, verður hvort tveggja að vera fyllilega tryggt, að inntökuskilyrði í kennaraskólann séu algerlega sambærileg við inntökuskilyrði í menntaskólana og að stúdentspróf úr kennaraskólanum sé fyllilega sambærilegt við stúdentspróf hinna almennu menntaskóla. Við undirbúning þessa frv. hefur einmitt verið lögð á það sérstök áherzla, að báðum þessum skilyrðum sé fullnægt, þannig að með engu móti verði sagt, að nýja stúdentsprófið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., rýri þær kröfur, sem nú eru gerðar til þeirra, sem rétt hafa til þess að stunda almennt háskólanám.

Annað helzta nýmæli frv. er stofnun framhaldsdeildarinnar, sem veitu á nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Er gert ráð fyrir því, að nemendur framhaldsdeildar stundi nám í eigi færri greinum en 3 og sé ein þeirra aðalgrein, en náminu skal ljúka með prófi. Er hér um vísi að kennaraháskóla að ræða. Rétt þótti að gefa nemendum, sem lokið hafa prófi almennu kennaradeildarinnar og þar með öðlazt kennararéttindi, kost á framhaldsnámi í sérgreinum kennaranámsins, svo sem uppeldis- og sálarfræði og kennslufræði. Ýmsir kennarar munu eflaust óska þess að eiga kost á framhaldsnámi, þótt þeir kæri sig ekki um að þreyta stúdentspróf og stunda háskólanám. Það er og mjög mikilsvert, að gert er ráð fyrir því, að starfandi kennurum sé gert kleift að stunda þetta framhaldsnám eftir frjálsu vali og ljúka tilskildum prófum. Mun framhaldsdeildin án efa mjög geta stuðlað að bættri menntun starfandi kennara. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að í framhaldsdeildinni verði veitt fræðsla á háskólastigi, enda er stúdentspróf ekki skilyrði til inngöngu í framhaldsdeildina, heldur almennt kennarapróf.

Að baki þessu frv. liggur því að þessu leyti sú hugsun, að því er snertir háskólamenntun í þeim sérgreinum, sem kennarar hafa einkum áhuga á, að hún skuli hér á landi fara fram í Háskóla Íslands. Í þessu sambandi tel ég rétt að skýra frá athugunum, sem nú fara fram á því, með hverjum hætti bezt megi bæta skilyrði kennara til háskólamenntunar. Verði þetta frv. að lögum, munu stúdentar frá Kennaraskóla Íslands að sjálfsögðu eiga aðgang að heimspekideild háskólans, og þar á meðal að B.A.-námi því, sem þar fer fram. En þeir, sem lokið hafa cand. mag. eða magisterprófi frá heimspekideildinni eða B.A.-prófi þaðan, hafa nokkurn forgangsrétt að kennarastöðum í framhaldsskólum. Um B.A.-námið, eins og það er nú, er það hins vegar að segja, að prófkröfur eru þar ekki yfirleitt nógu miklar, t. d. fyrir þá, sem kenna erlend mál eða raunfræði, náttúrufræði, eðlisfræði, stærðfræði, í gagnfræðaskólum.

Það er skoðun mín, að hverfa eigi frá B.A.-prófum í því formi, sem þau hafa viðgengizt undanfarin ár, en taka upp innan heimspekideildar háskólans 4 ára nám, sem ætlað sé þeim, sem gerast vilja kennarar í gagnfræðaskólum, og skulu þá þeir, sem slíku kandidatsprófi hafa lokið, hafa forgangsrétt að kennarastörfum við gagnfræðaskólana. Álít ég, að þetta háskólanám gagnfræðaskólakennara eigi að greinast í tvo þætti: vera annars vegar ætlað þeim, sem fyrst og fremst kenna hugvísindagreinar, svo sem tungumál og sögu, en hins vegar ætlað þeim, sem kenna raunvísindagreinar, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og náttúrufræði. Með þessu móti yrði vel bætt úr þeim gífurlega skorti, sem nú er á vel menntuðum gagnfræðaskólakennurum, og mætti búast við, að stúdentar úr kennaraskólanum hefðu sérstakan áhuga á að stunda slíkt háskólanám, enda væru þeir sérstaklega vel til þess fallnir. En auðvitað yrði þetta nám einnig opið stúdentum úr menntaskólunum, eins og stúdentar úr kennaraskólanum gætu stundað nám í íslenzkum fræðum, lögfræði o. s. frv. Er verið að vinna að athugun á endurskipulagningu B.A.-námsins, en til slíkrar endurskipulagningar er ekki þörf lagabreytingar, heldur nægir breyt. á reglugerð háskólans.

Ég sé ekki ástæðu til þess að greina nánar frá frv. í einstökum atriðum, enda fylgir því mjög ýtarleg grg. Ég lýk því máli mínu með því að láta í ljós þá von, að hið háa Alþ. afgreiði þetta frv. nú á þessu þingi, þar eð ég tel hér vera um að ræða hið mesta nauðsynjamál og í frv. felast eitt stærsta framfarasporið, en nú sé hægt að stiga á sviði íslenzkra fræðslumála. Það er skoðun mín, að ekkert brýnna hagsmunamál sé nú til, er sé sameiginlegt íslenzkri kennarastétt og íslenzkri skólaæsku, en að bæta menntunarskilyrði kennarastéttarinnar. En einmitt það er megintilgangur þessa frv.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau niðurlagsorð hæstv. menntmrh., að það sé mikið nauðsynjamál að bæta menntunarskilyrði kennara, og því tel ég ástæðu til þess að fagna þessu frv. Ég tel alveg tvímælalaust, að margar þær breytingar, sem þar er gert ráð fyrir, verði til bóta. Hitt hef ég hins vegar talið æskilegt, að það hefði verið möguleiki á því að leggja þetta frv. fyrr fyrir þing-

ið, því þó að um þetta mál hafi margir góðir menn fjallað, þá er það þannig, að betur sjá augu en auga, og þess vegna hefði verið æskilegt, að gefizt hefði lengri tími til þess að athuga þetta mál hér í þinginu en verða mun að þessu sinni, og þetta álít ég að eigi við um fleiri mál, sem hafa komið fram hér að undanförnu.

Ég vil enn fremur taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði um nauðsyn þess, að þjóðin hafi góða kennarastétt, og til þess að það megi takast, er að sjálfsögðu tvennt nauðsynlegt. Annað er það, að kostur sé á góðri kennaramenntun í landinu, og hitt er það, að kennarar búi við sæmileg launakjör, þannig að störf þeirra séu eftirsóknarverð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kennaraskólinn hefur verið mjög vanræktur á undanförnum áratugum, en sem betur fer er nú að því stefnt að bæta úr í þeim efnum. Bæði er skólinn nú að fá nýtt og gott húsnæði og auk þess er með frv. því, sem hér liggur fyrir, stefnt að því að bæta enn aðstöðu hans, og það er sérstök ástæða til þess að fagna þessu. En hitt málið er þó ekki síður aðkallandi, að það sé unnið að því að bæta launakjör kennara og það á þann hátt gert eftirsóknarvert að stunda þessi störf. Þar hefur nokkuð miðað í rétta átt að undanförnu fyrir harða baráttu kennaranna, en þó vantar mikið á, að þeim áfanga sé náð í þeim efnum, sem nauðsynlegt er að náist, ef þessi störf eiga að verða nægilega eftirsóknarverð. Og ég hygg, að það verði enn þá meiri nauðsyn á þessu eftir þá breytingu, sem gerð er á kennaraskólanum með þessu frv. og ég tel alveg rétta, þ. e. að hann eigi kost á að brautskrá stúdenta, en þetta kann að ýta undir það, að það verði kannske færri menn af þeim, sem ganga í kennaraskólann, sem festist við kennarastörf, leiti sér frekar framhaldsmenntunar, nema því aðeins að það sé jafnframt tryggt, að kjör kennara verði enn þá bætt og gerð eftirsóknarverðari en nú er. Á þetta atriði finnst mér alveg sérstök ástæða til að leggja áherzlu í sambandi við þetta frv., að jafnhliða því sem kennaramenntun sé bætt, þá sé ekki síður nauðsynlegt að bæta kjör kennaranna, svo að kennarastarfið verði eftirsóknarverðara en það er nú. En eins og kunnugt er, þá er nú mjög mikill skortur á kennurum víða um land og hefur farið vaxandi á undanförnum árum, og verður ekki úr bætt, jafnvel þó að þessi breyt. verði gerð á kennaraskólanum, nema því aðeins að kjör kennaranna verði einnig bætt.

Eins og hæstv. menntmrh. tók fram, er það sú aðalbreyting, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að kennaraskólinn fái rétt til þess að brautskrá stúdenta. Ég tel, að þetta sé sjálfsögð og eðlileg breyt. En í sambandi við það finnst mér rétt að minna á annað mál, sem er þessu mjög skylt. Á s. l. sumri var flutt í bæjarstjórn Reykjavíkur, af hálfu fulltrúa Framsfl. þar, till. um að stofnsetja nýjan menntaskóla í Reykjavík, en nauðsyn þess er aðkallandi, vegna þess að núv. menntaskóli er orðinn allt of lítill til að fullnægja þeirri þörf, sem er fyrir slíkt nám hér í bæ. Þessi till. fékk mjög góðar undirtektir í bæjarstjórninni og var samþ. þar shlj. Í sambandi við afgreiðslu fjárl. á þessu þingi lagði ég fram brtt. um það, að nokkur fjárveiting yrði veitt til byggingar nýs menntaskóla í Reykjavík. Þessi till. náði ekki samþykki þessu sinni, en hins vegar kom fram yfirlýsing frá hæstv. menntmrh. um það, að stjórnin hefði áhuga á þessu máli og mundi vinna að því að koma upp nýjum menntaskóla í Reykjavík. Ég tel að sjálfsögðu, að þó að kennaraskólinn fái rétt til að brautskrá stúdenta, þá verði það ekki á neinn hátt til þess að koma í veg fyrir það, að haldið verði áfram með þær fyrirætlanir, sem hefur verið talað um og ráðgerðar um nýjan menntaskóla í Reykjavík. En mér finnst eigi að síður rétt að fá um það yfirlýsingu frá hæstv. menntmrh. nú, að þó að þessi breyt. sé ráðgerð á kennaraskólanum, að hann fái rétt til að brautskrá stúdenta, þá verði það ekki á neinn hátt til þess að koma í veg fyrir þær fyrirætlanir og undirbúning, sem hefur verið að því að byggja nýjan menntaskóla hér í Reykjavík.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri að sinni, en vænti þess, að hæstv. menntmrh. svari þessari fsp. minni varðandi nýjan menntaskóla í Reykjavík.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. Ég vil einnig taka algerlega undir þau orð hans, að að sjálfsögðu er ekki nægilegt að bæta menntunarskilyrði kennarastéttarinnar, heldur þarf einnig að bæta starfsaðbúnað hennar, þ. e. launakjör hennar og starfsskilyrði. En um langan aldur má með réttu segja, að ekki aðeins menntunarskilyrðum þessarar mikilvægu stéttar hafi verið ábótavant, heldur hefur einnig kjörum hennar verið stórum ábótavant. Þetta hefur núv. ríkisstj. verið algerlega ljóst. Þess vegna var það ákveðið fyrir tæplega tveimur árum að greiða kennurum sérstaka launauppbót, sem kom til greiðslu á síðasta starfsári og kemur aftur til greiðslu nú á þessu ári. Í þessari ráðstöfun var fólgin veruleg kjarabót fyrir kennara og þó ekki síður viðurkenning á því mikilvæga starfi, sem kennarastéttin vinnur.

Þá skal ég enn fremur láta þess getið, að á s. l. sumri voru gefin út erindisbréf fyrir kennara og skólastjóra, þar sem kveðið er á um ýmis atriði í starfi, starfsskyldu og starfsréttindum kennara, sem áður hafa verið óákveðin, engar fastar reglur gilt um. En í áratugi hafa samtök kennara og kennarastéttin í heild óskað eftir því að fá settar fastar reglur í erindisbréf um starfsréttindi sín og starfsskyldur. Slíkt erindisbréf var gefið út á s. l. sumri, og má tvímælalaust telja, að kennarastéttinni hafi verið að því sérstaklega mikil réttindabót. Nú nýlega er búið að ákveða,

með hvaða hætti haga skuli aukagreiðslum samkv. erindisbréfinu, en þar er m. a. kveðið á um daglegan starfstíma kennaranna, svo að nauðsynlegt var að ákveða, með hverjum hætti skyldi haga aukagreiðslum til þeirra, ef þeir ynnu umfram daglegan starfstíma. Hér var nokkurt vandamál á ferðinni, vegna þess að síðasta Alþ. afnam launalög opinberra starfsmanna, en gerði ráð fyrir því, að bandalag opinberra starfsmanna semdi við ríkisvaldið um kaup og kjör. En til skamms tíma hafði einkum verið rætt um flokkun opinberra starfsmanna í launaflokka og um launaupphæðirnar, en hins vegar ekki unnizt tími til þess að ræða milli ríkisvaldsins og bandalags opinberra starfsmanna um starfstíma og aukavinnugreiðslur. Var þess vegna ekki unnt að kveða á um, hvernig framkvæma skyldi afleiðingar ákvæða erindisbréfsins um greiðslu fyrir vinnu utan daglegs starfstíma, þar eð bandalag opinberra starfsmanna eða kjararáð hafði til skamms tíma ekki lagt fram till. sínar um ráðstöfun þessara mála og kjaranefnd ríkisstj. þar af leiðandi ekki tekið afstöðu til þess. En fyrir um það bil 3 eða 4 vikum lagði kjararáð bandalags opinberra starfsmanna fram till. sínar um starfstíma og eftirvinnugreiðslur. Þær hafa síðan verið ræddar milli aðila, þó að endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin. En þær viðræður voru þó þess eðlis, að ríkisstj. taldi fært að taka ákvörðun um túlkun á erindisbréfi kennara og skólastjóra, og að loknum ýtarlegum viðræðum við fulltrúa kennarasamtakanna hefur nú verið ákveðið, með hverjum hætti skuli haga aukagreiðslum í framhaldi af setningu erindisbréfsins í fyrrasumar, og taka þessar aukagreiðslur að sjálfsögðu til alls starfs, sem hefur verið unnið, eftir að erindisbréfið var gefið út.

Þá skal ég og geta þess, að í þeim viðræðum, sem þegar hafa farið fram milli kjararáðs bandalags opinberra starfsmanna og kjaranefndar ríkisstj., hefur verið samkomulag um að bæta kjör kennarastéttarinnar í heild mjög verulega frá því, sem áður var, og ekki aðeins í réttu hlutfalli við það, sem gert er ráð fyrir að kjör opinberra starfsmanna yfirleitt muni breytast, heldur hefur verið ákveðið og ríkisstj. á það fallizt að hafa kennarastéttirnar í tiltölulega hærra launaflokki en þeim var skipað í launalögum síðast. Ber þetta einmitt vott um, að hjá ríkisstj. er fullur skilningur á því sjónarmiði, sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að nauðsyn beri til þess að bæta mjög kjör kennarastéttanna, ekki aðeins beinlínis með því að auka laun þeirra í krónum talið, heldur einnig hlutfallslega í samanburði við ýmsar aðrar stéttir.

Þá skal ég svara þeirri fsp., sem hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín varðandi menntaskólamálið. Ég skal staðfesta það, að samþykkt þessa frv. um Kennaraskóla Íslands mun engin áhrif hafa á fyrirætlanir ríkisstj. um nýbyggingu við hinn meira en 100 ára gamla menntaskóla hér í Reykjavík og byggingu annars menntaskóla í austurbænum. Mikill undirbúningur hefur farið fram undanfarna mánuði og vikur að nýbyggingu í þágu menntaskólans, hins gamla menntaskóla við Lækjargötu. Hefur ríkisstj. þegar fest kaup á nauðsynlegum lóðum við Bókhlöðustíg, til þess að unnt sé að hefja framkvæmdir við fyrirhugaða nýbyggingu í þágu menntaskólans í Reykjavík þegar snemma í vor. Teikningum af því húsi, sem þar er ætlað að reisa og fyrst og fremst eiga að vera sérstofur í þágu hinna tveggja deilda menntaskólans, er alveg að verða lokið, og það er þegar tryggt, að byggingarframkvæmdir við þessa nýbyggingu muni geta hafizt svo snemma í vor, að byggingunni verði lokið á næsta hausti, þannig að 1. okt. n. k. mun menntaskólinn í Reykjavík fá til umráða nýtt húsnæði, sem geri honum kleift að starfa á stórum betri og hagfelldari hátt en hann hefur áður átt kost á að gera undanfarna áratugi. Með þessu vona ég, að fsp. hv. þm. sé svarað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 412, n. 547, 548).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv. til l. um Kennaraskóla Íslands og rætt það allýtarlega við hæstv. menntmrh. og við fulltrúa frá tveimur aðalsamtökum kennarastéttarinnar. Frv. þetta virðist vera mjög vel undirbúið og virðist sérstaklega sem hinir ýmsu aðilar, er hlut eiga að máli, hafi þegar um það fjallað og reynt hafi verið sem framast er unnt að samræma ólík sjónarmið.

Menntmn. mælir með samþykkt frv. með þrem brtt.

1. brtt. er við 2. gr. Þar stendur í 1. lið: „Almenn kennaradeild, 4 ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins.“ Þarna hefur að yfirveguðu máli þótt rétt að bæta við orðunum „samkv. nánari ákvörðun í reglugerð“.

2. brtt. er við 4. gr. Mun vera gömul hefð að hafa í lögum ákvæði um það, að inntökuskilyrði í skóla sé, að nemendur hafi ekki næma kvilla og sjúkdóma og séu óspilltir að siðferði. En þeir, sem undirbjuggu þetta frv., hafa bætt inn í „né heldur verulegan málgalla eða líkamslýti, sem geri hann óhæfan til kennslustarfa“. Menntmn. er andvíg viðbót þessari.

Þess má geta, að þótt unglingar hafi málgalla, er mjög oft hægt að yfirvinna þá. Það getur verið ómannúðlegt að dæma unglinga frá því að geta gengið í þennan skóla eða hlotið kennaramenntun, t. d. ef viðkomandi skólastjóri væri óvenjulega viðkvæmur eða strang-

ur í þessum efnum. Eins er með líkamslýti. Þau geta verið mismunandi, og a. m. k. Reykvíkingar muna eftir kryppling, sem hefur verið einhver bezti kennari, sem hér hefur verið. Menntmn. finnst ekki ástæða til að hafa ströng ákvæði í lögum um þessa hluti. Hins vegar hlýtur að gilda, að skólastjórar geti haft einhvers konar neyðarrétt í þessum efnum, ef um tilfelli er að ræða, sem krefjast ráðstafana eða banns. N. leggur því til, að þessi inntökuskilyrði verði felld niður úr gr., eins og um getur í 2. brtt.

3. brtt. er við 5. gr. og flutt samkv. beiðni hæstv. menntmrh. Í meðferð frv. kom svo um annan lið, að rétt til inngöngu í 1. bekk hinnar almennu kennaradeildar skuli veita fullgilt gagnfræðapróf, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum. Þarna hafði staðið „gagnfræðapróf bóknámsdeildar". En eftir að viðbótarprófi í einstökum greinum var bætt inn, þótti ekki rétt að binda þetta við bóknámsdeild og útiloka, að nemendur með gagnfræðapróf verknámsdeildar geti haldið áfram námi, ef þeir kynnu að óska þess eða vilja breyta áformum sínum, enda þurfi þeir þá að ganga undir viðbótarpróf í þeim greinum, sem þá skortir. Þess vegna er lagt til, að orðið „bóknámsdeildar" í 2. lið falli niður og þar standi: „fullgilt gagnfræðapróf með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum" o. s. frv.

Með þessum breyt. leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós sérstakt þakklæti mitt fyrir skjóta og góða afgreiðslu hv. menntmn. á þessu frv. og taka fram, að ég er sammála og mæli með þeim brtt., sem n. flytur. Ég sé ástæðu til þess að lýsa ánægju yfir því, að alger samstaða skuli hafa náðst í hv. menntmn. um afgreiðslu þessa mikilvæga máls, og læt í ljós þá von, að hér eftir eigi málið greiðan gang gegnum hið háa Alþingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 548,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 548,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 548,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
12.—18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 590).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. shlj. með atkv. allra hv. dm., eftir að á því höfðu verið gerðar nokkrar mjög smávægilegar breyt. samkv. einróma till. menntmn. þeirrar hv. d. Ég sé ekki ástæðu til þess hér að rekja ýtarlega í einstökum atriðum efni þessa frv., en skal þó í örfáum orðum gera grein fyrir allra helztu breytingum, sem það felur í sér frá núgildandi skipan, og þeirri stefnu, sem í frv. er mörkuð í menntunarmálum kennarastéttarinnar.

Helztu nýmæli þessa frv. eru þau annars vegar, að gert er ráð fyrir því, að kennaraskólinn fái rétt til þess að útskrifa stúdenta, og hins vegar, að gert er ráð fyrir því, að við kennaraskólann sé stofnuð framhaldsdeild, er veiti þeim, sem lokið hafa almennum kennaraprófum frá kennaraskólanum, kost á nokkurri framhaldsmenntun á sviði kennaraháskóla. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að komið verði á fót sérdeild, sem kölluð er undirbúningsdeild sérnáms, og sérstakri handavinnudeild, er veiti sérmenntun í handavinnu karla og kvenna.

Kjarni þeirrar nýskipunar, sem tekin er upp, er sá annars vegar, að gert er ráð fyrir eins árs deild fyrir þá, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, og nám í þeirri deild á að veita þeim, sem það próf hefur, rétt til inngöngu í háskóla. Er hún nefnd menntadeild. Hins vegar er framhaldsdeildin, sem veita á nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi, þó að próf í þeirri deild veiti hvorki sérstök starfsréttindi né heldur réttindi til náms í háskóla.

Um alllangt skeið hefur verið starfandi svonefnd stúdentadeild við kennaraskólann, þar sem þeim, sem lokið hafa almennu stúdentsprófi, hefur verið gefinn kostur á að taka kennarapróf og öðlast kennararéttindi eftir eins árs nám. Má því segja, að með þeirri skipan, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp, séu þeim, sem ljúka almennu kennaraprófi, veitt hliðstæð réttindi til þess að öðlast stúdentsréttindi, eins og stúdentar hafa haft til þess að öðlast kennararéttindi. Hvort tveggja krefst eins árs náms til viðbótar við það nám, sem nemendurnir þegar hafa að baki.

Höfuðókostur þess skipulags, sem verið hef-

ur á menntunarmálum kennara, hefur verið sá, að kennaraskólinn hefur í raun og veru verið lokuð námsbraut. Þeir, sem stundað hafa 4 ára nám þar, hafa ekki átt kost á neins konar framhaldsmenntun. Með þessu móti, með því að stofnsetja menntadeildina við kennaraskólann, eru þeim, sem stundað hafa 4 vetra nám í kennaraskólanum, opnuð skilyrði til þess með eins vetrar viðbótarnámi að stunda háskólanám. En áður en til þess gæti komið, að unnt væri að leggja til, að sett yrðu lög, sem heimiluðu þetta, var nauðsynlegt að undirbúa málið mjög vandlega og endurskoða kennslutilhögun alla og námsefni í sjálfum kennaraskólanum, þ. e. í hinu fjögurra vetra námi kennaraskólans. Þetta hefur verið gert mjög rækilega með starfi tveggja nefnda, sem að undirbúningi þessa frv. hafa starfað.

Upphaf málsins er það, að í febr. 1960 skipaði menntmrn. 7 manna n. til að semja nýtt frv. að lögum um kennaraskólann. Sú n. skilaði till. til rn., sem ræddar voru mjög ýtarlega, en að því búnu skipaði rn. nýja n. á s. l. sumri, í júlí 1962, skipaða fulltrúum frá rn., háskólanum og menntaskólanum í Reykjavík, auk fulltrúa frá kennaraskólanum og fræðslumálastjóra, í þeim tilgangi gagngert að bera saman námsefni kennaraskólans, eins og það var, og námsefni menntaskólanna og gera till. um, hvert námsefni kennaraskólans, hins almenna kennaranáms, þyrfti að vera, til þess að eins árs viðbótarnám gæti samsvarað almennu menntaskólanámi. Þessi nefnd starfaði síðan í fyrrasumar og lauk mjög miklu verki, sem gerð er grein fyrir í fskj. með þessu frv. Er þetta endurskoðaða frv. fyrri n. byggt á einróma till. þessarar seinni n. Þessi undirbúningur á að vera trygging fyrir því, að námsefni í fjórum bekkjum kennaraskólans, að viðbættu námsefni eins vetrar í væntanlegri menntadeild kennaraskóla, sé algerlega sambærilegt því, sem gerist um námsefni hinna almennu menntaskóla, en inntökuskilyrði í kennaraskólann eru samkv. þessu frv. algerlega hliðstæð því, sem gerist um inntökuskilyrði í menntaskólana.

Ég vil því leggja sérstaka áherzlu á, að með því nýja stúdentsprófi, sem hér er gert ráð fyrir að tekið verði upp, er ekki verið að leggja til, að dregið sé úr kröfum stúdentsprófs, dregið sé úr kröfum til þeirra manna, sem fá eiga rétt til að stunda nám í háskóla, heldur er til þess ætlazt, og um það mun verða séð í framkvæmd, a. m. k. meðan ég hef eitthvað með framkvæmd þessara mála að gera, að innihald þess prófs úr Kennaraskóla Íslands, sem veitir rétt til inngöngu í háskóla, sé að efni til algerlega hliðstætt innihaldi þess prófs úr hinum almennu menntaskólum og Verzlunarskóla Íslands, sem nú er inngönguskilyrði í háskóla hér og annars staðar.

Ég skal að síðustu taka fram, að áður en frv. var lagt fram, hafði það hlotið rækilega meðferð í Háskóla Íslands og hlotið meðmæli háskólaráðs. Um það var einnig fjallað af menntaskólunum og efni þess hafði hlotið athugun og samþykki, sérstaklega menntaskólans hér í Reykjavík. Ég vil einnig geta þess, að hv. menntmn. Nd., sem fjallaði um málið, hafði samband bæði við háskólann og menntaskólana, og hlaut frv. meðmæli allra þessara aðila, að ég ekki tali um kennaraskólann sjálfan og samtök kennara, sem leggja mikið upp úr því, að þetta mál nái fram að ganga, þar eð þeir telja alveg réttilega, að fátt sé íslenzkri kennarastétt og raunar íslenzkri skólaæsku nú nauðsynlegra en að efla og bæta menntunarskilyrði kennarastéttarinnar.

Ég vildi því mega leyfa mér að vænta þess, herra forseti, að þetta frv. með þeim litlu breyt., sem á því urðu í Nd., eigi greiðan gang gegnum þessa hv. d., þannig að það geti orðið að lögum nú á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þessar umr. og allra sízt tefja fyrir þessu merka máli. Ég vil aðeins þakka þeim mörgu mönnum, sem hafa unnið að því að hefja kennaraskólann til þess vegs, sem nú eru horfur á að verði gert. Það hefur verið áhugamál margra okkar um langa tíð, sem þar fengum okkar fræðslu, að kennaraskólinn yrði efldur, eins og nú eru horfur á. Og mér er alveg sérstakt ánægjuefni, að þetta skuli gerast nú. Það stendur svo á, að þessa dagana á ég 40 ára afmæli frá því að hafa lokið námi í kennaraskólanum, og vil ég af því tilefni endurtaka þakklæti mitt til þeirra manna, sem hér hafa komið þessu máli svo vel á veg sem gert er með þessu frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 590, n. 658).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. Í meðförum hv. Nd. Alþ. tók það nokkrum breyt. Menntmn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt að flytja við frv. brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. En einn nm., hv. 5. þm. Reykn., var fjarverandi, þegar málið var afgr. úr n. — Þegar frv. var hér til 1. umr., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði með ræðu, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða að þessu sinni frekar um efni frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

---

41. Heimild til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað [144. mál] (stjfrv., A. 257).

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvílíka þýðingu Skálholtsstaður hefur haft í þjóðarsögu Íslendinga. Sízt er ofmælt, þó að sagt sé, að Skálholt hafi um margar aldir verið einn af höfuðstöðum Íslands. Það var að vísu ein meinsemd þjóðfélagsins á þeim öldum, að það var enginn einn höfuðstaður, sem gæti orðið miðstöð menningar, atvinnulífs og landsstjórna á Íslandi. Fyrir það dreifðust kraftar þjóðarinnar um of. Og þó að ýmsum hafi þótt það miður, að biskupsdæmi legðist niður í Skálholti, er enginn vafi á hinu, að flutningur biskupsstóls til Reykjavíkur og sú viðurkenning, sem Reykjavík með þeim hætti og ýmsum öðrum um svipað leyti fékk sem höfuðstaður landsins, átti ríkan þátt í því að skapa möguleika til þess, að síðar meir gat Ísland á ný orðið sjálfstætt land.

Þessar bollaleggingar tilheyra að vísu liðnum tíma og draga engan veginn úr þýðingu Skálholtsstaðar. Þar hefur biskupsstóll verið allt frá því á síðari hluta 11. aldar og fram í lok 18. aldar, þannig að sá staður er tengdari kirkjusögu landsins og kristni en nokkur annar staður, og eins og ég sagði í upphafi máls míns, hafði hann ekki einungis meginþýðingu fyrir kirkjuna og kristnina, heldur fyrir alla þjóðarsöguna á þessu tímabili. Það var því eitt af merkjum skilningsleysis á sögulegu samhengi og þýðingu fornra verðmæta, að Skálholtsstaður skyldi látinn hrörna svo sem raun ber vitni, eftir að biskupsstóll var þaðan fluttur. Og það er öllum til lofs, sem eiga þátt í því, að staðurinn er nú, ef svo má segja, búinn að kasta ellibelgnum, og þar hefur verið að ytra formi búið þannig um, að við getum blygðunarlaust komið þangað sjálfir okkur til ánægju og uppbyggingar og leitt þangað erlenda gesti, sem marga hefur fýst löngum að koma til Skálholts, þó að lengi væri svo, að heldur væri sveigt hjá því að taka þangað erlenda menn, meðan staðurinn var í sem mestri niðurníðslu.

Nú er uppbyggingu staðarins svo langt komið, að ráðgert er, að hægt verði að vígja hina nýju Skálholtskirkju hinn 21. júlí n. k., og þá er eðlilegt, að vakni sú spurning, hvað eigi að gera við þær byggingar, sem þar eru komnar, og hvert verkefni staðurinn eigi að hafa í okkar framtíð. Sannast bezt að segja eru allar bollaleggingar um þetta enn mjög á reiki. Má segja, að það sé ekki einungis meðal almennings, heldur einnig meðal kirkjunnar manna, prestastéttarinnar, ekki síður en annarra. Ég tel bezt fara á því, að á þessu stigi verði ekki um það fullyrt, hver starfræksla þar henti bezt í framtíðinni og eigi bezt við nútímaþjóðfélag. En mér þykir eðlilegast, að kirkjan ráði þar miklu um sjálf, og þegar ég segi kirkjan, þá eru það þau kirkjulegu yfirvöld, sem lögum skv. ráða mestu um hennar innri mál, ef svo má segja, biskup, kirkjuráð og kirkjuþing.

Skálholt var upphaflega, eða réttara sagt skömmu fyrir aldamótin 1100, afhent af Gissuri biskupi til biskupsstóls, og var þá að vísu ráðgert, að biskupsstóll héldist þar þaðan í frá, en þeirri skipan var löglega breytt á 18. öld. Sumir vilja, að þessu verði breytt á ný og biskupsstóll settur þar aftur. Þetta frv. tekur enga afstöðu til þess deilumáls. Það er látið opið, hvað sem samþykkt þessa frv. líður, því þó að ráðgert sé, að þjóðkirkjan — þ. e. a. s. biskup og kirkjuráð nánar tiltekið — hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu, þá verður það að sjálfsögðu innan þeirra marka, sem löggjöf og fyrirmæli æðri stjórnvalda segja til um hverju sinni. Enn hafa kirkjuleg yfirvöld ekki komið sér saman um að óska eftir endurreisn biskupsstóls í Skálholti, og hefur því ekki verið ástæða til þess fyrir ríkisstj. eða Alþ. að taka afstöðu til slíkrar óskar frá þjóðkirkjunni. Hins vegar eru núna innan hennar uppi háværar raddir, þó að nokkurt ósamkomulag muni vera í þeim efnum, að upp verði komið þar kirkjulegum skóla, sem kirkjan reki þar sjálf fyrir það fé, sem hún til þess afli. Ef slíkan skóla ætti að fella inn í hið almenna fræðslukerfi landsins, þyrfti að sjálfsögðu til að koma atbeini stjórnar og Alþ., væntanlega bæði með lagabreytingu og veitingu fjár á fjárlögum. Ég hygg, að þær ráðagerðir eða bollaleggingar, sem uppi eru um slíkan skóla í Skálholti, séu nokkurs annars eðlis, að þar hafi menn í hyggju skólastofnun, sem sé utan hins almenna fræðslukerfis, einkum fræðslu, sem bætist ofan á lögboðna skólagöngu, og því sé ekki um að ræða óskir til ríkisins um bein fjárframlög í því efni umfram það, sem í þessu frv. felst. En efni þess er, eins og glögglega kemur fram, að þjóðkirkju

Íslands verði endurgjaldslaust afhent til eignar og umsjár jörðin Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem nú eru í eign ríkisins á staðnum, enda veiti biskup og kirkjuráð eign þessari viðtöku f. h. þjóðkirkju Íslands og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu. Þessari afhendingu á svo að fylgja einnar millj. kr. framlag á ári, sem verði til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og jafnframt eða síðar eingöngu rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð komi þar upp.

Það vakir fyrir mönnum með þessari tillögu, að fyrst verði lokið þeim framkvæmdum, sem nú eru þegar hafnar. Það kostar eitthvert fé að fullgera kirkjuna, jafnvel þó að byggingu hennar sé svo langt komið, að vígsla geti farið fram nú í sumar. Eins geri ég ráð fyrir, að eitthvað þurfi að endurbæta þann embættisbústað, sem þar er nú þegar, og er þá ætlunin, að þessu millj. kr. árlega framlagi verði fyrst varið til að ljúka þessum framkvæmdum, en þá eftir ákvörðun þeirra aðila, sem í frv. eru nefndir, en síðan ráði þeir, í hverjar viðbótarframkvæmdir skuli ráðizt, t. d. ef þeir koma sér saman um, að þar skuli rekinn kirkjulegur skóli, þá sé þeim heimilt að verja þessu fé til að koma slíkum skóla upp í fyrstu og síðar til rekstrar hans, en eigi ekki von á meira framlagi af hálfu ríkisins. Annars fjár, er þeir í þessu skyni teldu sig þurfa á að halda, yrðu þeir þá að afla á annan veg, með frjálsum samskotum eða öðrum þeim hætti, sem hin kirkjulegu yfirvöld telja sér samboðið og mögulegt.

Ég tel mjög vel fara á því, að einmitt við vígslu hinnar nýju Skálholtskirkju verði afhending staðarins á ný formlega tilkynnt. Það er að vísu svo, að ég hygg, að það sé óumdeilanlegt, að staðurinn hafi verið tekinn af kirkjunni með formlega löglegum hætti. Hinu má ekki gleyma, í hverju skyni hann upphaflega var afhentur úr einkaeign og hverja þýðingu hann hefur haft í kirkju- og kristnisögu þjóðarinnar. Ákvörðun um meðferð hans og þau not af gögnum hans og gæðum, sem hverju sinni eru möguleg, er því að mínu viti ekki betur komin hjá neinum öðrum en hinum kirkjulegu yfirvöldum, sem í frv. er getið.

Ég leyfi mér að svo mæltu að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég er ekki mótfallinn því, að þjóðkirkjunni verði fenginn eignar- og umráðaréttur yfir Skálholti og hún studd til þess að hagnýta staðinn sem bezt í þágu sína og kristnihalds í landinu. Þess vegna get ég fylgt frv. því, sem hæstv. kirkjumrh. hefur nú mælt fyrir. Þetta frv. felur í sér merkileg nýmæli og stuðning við íslenzka kirkju. Það veitir henni tækifæri til þess að sækja nýjan styrk og nýtt líf til þess staðar, sem í rúm 700 ár var í senn höfuðstaður hennar og mesta menntasetur þjóðarinnar. En ég get ekki komizt hjá því að láta í ljós vonbrigði mín, vegna þess að svo virðist nú komið, að forustumenn kirkjunnar hafi varpað fyrir róða hugmyndinni um raunverulega endurreisn biskupsstóls í Skálholti, a. m. k. um sinn.

Þegar endurreisn Skálholts var hafin eftir langa og niðurlægjandi niðurníðslu, vakti það almennan og mikinn áhuga um land allt. Þori ég að fullyrða, að a. m. k. stór hluti þjóðarinnar ætlaðist til þess, að biskupsstóll yrði endurreistur á hinu forna biskupssetri. Í Skálholti var biskupssetur, frá því að biskupsdæmi var fyrst sett hér á stofn 1056, fram undir aldamótin 1800, er stóllinn var fluttur til Reykjavíkur, þegar ófrelsi og fátækt svarf sem fastast að íslenzku þjóðinni. Skálholtsstaður hefur nú verið endurreistur og húsaður þannig, að hann gæti innan skamms tíma tekið við æðsta kirkjuhöfðingja þjóðarinnar til búsetu. Samgöngur við staðinn eru svo góðar, að þangað er aðeins 1½ klst. akstur frá Reykjavík, og símasamband við staðinn er einnig öruggt. Biskupinn yfir Íslandi gæti því auðveldlega unnið þar öll sín störf í þágu kirkjunnar og embættisins. Ýmis umboðsstörf, sem biskup og skrifstofa hans vinna nú, væri sjálfsagt að fela kirkjumrn., auk þess mundi biskup eins og áður hafa skrifstofu í höfuðborginni.

Raddir hafa verið uppi um það á undanförnum áratugum, að æskilegt væri, að biskupar væru tveir, og hefur þá jafnframt verið rætt um, að annar þeirra hefði búsetu á Hólum í Hjaltadal, hinu forna biskupssetri Norðlendinga. Í frv., sem Magnús heitinn Jónsson prófessor flutti hér á Alþ. fyrir nokkrum árum, var gert ráð fyrir því, að biskuparnir yrðu tveir. Mjög líklegt er, að þegar þjóðinni hefur fjölgað verulega, verði talið nauðsynlegt, að biskupar verði fleiri en einn. Mundi þá ekki talið óeðlilegt, að biskup sæti á Hólum. Hins vegar virðist í bili vera nægilegt, að einn biskup sé yfir Íslandi og 2 vígslubiskupar, eins og nú er.

Það hefur alltaf verið mín skoðun, að vel færi á því, að æðsti kirkjuhöfðingi þjóðarinnar væri búsettur í Skálholti, á hinu forna biskupssetri. Með slíkri ráðstöfun væru tengslin á ný treyst milli fortíðar og nútíðar, forn arfleifð sögu og hefðar vakin til nýs vegs og virðingar. Biskupsembættið fengi þá nýjan og traustari grundvöll í skjóli minninga um merkilega sögu Skálholtsstaðar. Þjóðlegasta og elzta embætti landsins fengi nýtt gildi og aukið sjálfstæði í hugum Íslendinga.

Því miður virðist íslenzka kirkjan og leiðtogar hennar ekki vera reiðubúin til þess að hverfa að þessu ráði, og margt virðist vera á huldu um það, hvernig hagnýta eigi Skálholtsstað. Raddir hafa verið uppi um, að þar skyldi settur á stofn lýðháskóli að norrænni fyrirmynd. Ég játa hreinskilnislega, að mig brestur sannfæringu fyrir nauðsyn slíkrar stofnunar á þessum sögufrægasta stað íslenzkrar

kirkju. Sannleikurinn er líka sá, að okkur vantar ekki fyrst og fremst fleiri bóknámsskóla hér á landi í dag, allra sízt skóla, sem margt bendir til að lítil eða engin þörf sé fyrir og samhæfist alls ekki þjóðarþörfum, þó að þeir hafi að ýmsu leyti rækt merkilegt hlutverk meðal stærri þjóða.

En þrátt fyrir það, að hugmyndin um biskupsstól í Skálholti virðist í bili eiga erfitt uppdráttar, er það ósk mín og von, að sú ráðstöfun, sem þetta frv., sem hér er til umr., felur í sér á Skálholtsstað, megi verða kirkju og kristnihaldi í landinu til eflingar á komandi árum.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Svo sem hæstv. kirkjumrh. sagði frá, er með þessu frv., ef að lögum verður, ákvarðað að afhenda þjóðkirkjunni Skálholtsstað til eignar og umráða og jafnframt að leggja fram árlega nokkurt fé úr ríkissjóði til framhaldandi uppbyggingar í Skálholti og til þeirrar starfrækslu, sem þar kann að verða ákvörðuð. Ég fyrir mitt leyti fagna því, að þessi ákvörðun skuli nú vera tekin og Skálholtsstaður, sem í aldaraðir var önnur miðstöð menningar- og trúarlífs og raunar má einnig segja miðstöð athafnalífs í landi okkar, skuli nú aftur vera lagður til kirkjunnar og falinn í umsjá hennar. Það kemur ekki fram í þessu frv. né heldur í þeirri grg., sem frv. fylgir, hvert skuli vera framtíðarhlutverk Skálholts. Og eins og skýrlega kom fram í ræðu hæstv. kirkjumrh. og hv. 1. þm. Vestf., eru skoðanir um þetta efni mjög skiptar og ekki aðeins, eins og á var drepið, meðal þjóðarinnar, heldur einnig meðal prestastéttarinnar.

Ég ætla ekki að fara út í það að ræða þessar ýmsu skoðanir, sem uppi eru um þetta atriði, en ég vænti þess fastlega, og ég veit, að við væntum þess öll, að þetta frv. stuðli að því, eins og segir í grg. þess, að þessi verðmæta alþjóðareign megi ávaxtast á komandi tímum til sem mestra nytja fyrir íslenzku þjóðina í andlegu og menningarlegu tilliti. Og ég vil láta þá von mína hér í ljós, að svo giftusamlega takist, að það þyki sjálfsagt, áður en langt um líður og þegar tímabært er, að sama ákvörðun eða áþekk verði tekin að því er varðar hinn sögufræga og fornhelga biskupsstól okkar Norðlendinga á Hólum í Hjaltadal.

Þið megið ekki, hv. dm., taka það svo, þó að ég nefni Hóla í Hjaltadal, að ég vilji með nokkrum hætti spilla fyrir þessu frv. En það er nú svo, að þegar á Skálholt er minnzt, þá getur ekki hjá því farið, að Hólar í Hjaltadal komi einnig upp í hugann, ekki sízt í huga okkar Norðlendinga. En vitaskuld má á milli þessara tveggja staða enginn reipdráttur vera. En það er skoðun mín, að þjóðkirkjan eigi að fá þessa staði tvo til eignar og umsjár, og ég vænti þess, að hún beri giftu til að fara vel með það hlutverk, sem henni er falið með slíkri ráðstöfun.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þegar hafizt var handa um endurreisn Skálholts fyrir nokkrum árum, mun því almennt hafa verið fagnað. Það má víst segja, að sú endurreisn hafi verið hafin fyrir frumkvæði og áhuga ýmissa, sem gengust fyrir stofnun Skálholtsfélagsins. En síðan kom ríkisvaldið til samstarfs við þá, sem hér unnu að, og var tekið að veita fé til að endurreisa staðinn. Og 1958 var þessi fjárveiting til endurreisnar í Skálholti orðin 1 millj. 200 þús. kr., sem var talsvert fé á þeirri tíð, sennilega ekki minna en sem svarar 2 millj. nú. Síðan kom nokkur lægð í þetta, og er t. d. framlag í þessu skyni á fjárl. yfirstandandi árs aðeins 800 þús. kr. En ég fagna því, að með því frv., sem nú er lagt fram, má gera ráð fyrir, að aukinn skriður komist aftur á þetta mál, endurreisn Skálholtsstaðar.

Eins og hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir, er efni málsins það, að ríkið afhendi þjóðkirkjunni staðinn og biskup og kirkjuráð skuli taka þar við staðarforráðum. Ég lýsi mig fylgjandi þessari hugmynd og þessu frv. Ég tel það vel við eiga að setja nú með lögum ákvæði um, að þjóðkirkjan skuli fá þennan stað, sem hefur verið annar höfuðstaður hennar um aldir. Og í raun réttri er með þessu ákveðið, að sú ein starfræksla og þær einar stofnanir komi í Skálholti, sem þjóðkirkjan vill hafa þar. Og þetta tel ég alveg laukrétta stefnu. Ég hef aldrei almennilega sætt mig við ýmsar bollaleggingar, sem hafa verið uppi um að hefja Skálholt með því að setja þar þessa eða hina veraldlega stofnun, kannske láta þar við sitja, og svo kirkjuna, en ætið fellt mig betur við, að kirkjulegar stofnanir ættu að koma í Skálholti.

Verði þetta frv. samþ., ætti að vera ljóst, að þjóðkirkjan sjái svo um, að Skálholt verði framvegis kirkjulegt setur, eins og það var, þegar vegur þess var mestur. Og ég mundi vilja mega taka undir það, sem hér hefur verið látið í ljós, að þetta mundi verða til að lyfta þjóðkirkjunni og örva hennar starf, og það mundi ég fyrir mitt leyti telja mjög vel farið.

Það er oft talað um það, að kirkjustarfið sé heldur dauft og áhrif kirkjunnar minnkandi. Ég held, að þetta sé að sumu leyti byggt á misskilningi. Menn byggja þetta á því, að messur eru oft fremur slælega sóttar. En ég spyr: Er ekki því einnig til að dreifa um almenna fundi, eru þeir ekki líka slælega sóttir, t. d. fundir ýmsir, sem boðað er til um veraldleg efni? Við skulum segja þjóðmálafundir og annað slíkt, þar sem ekki er von á kappræðum, eru þeir ekki líka slælega sóttir? En hver mundi vilja halda því fram, þótt slíkir fundir séu slælega sóttir, að áhrif stjórnmálaflokka í landinu séu sáralítil eða þetta sé vottur um, að áhrif þeirra séu lítil? Sannleikurinn er sá, að kirkjan er miklu sterkari þáttur í þjóðlífi landsins en kirkjusóknin ber vott um. Það, að kirkjusókn er heldur lítil, er fyrirbrigði, sem á sér stað í öllum félagsskap svo að

segja nú um þessar mundir. Menn hafa í svo mörg horn að líta.

Sannleikurinn er sá, að kirkjan er þrátt fyrir allt sú stofnun í landinu, sem hefur mest samband við heimilin og fólkið yfirleitt, þegar dýpra er skoðað. Við þurfum ekkert annað en athuga, hvað gerist við skírnir, fermingar, giftingar og andlát og ef eitthvað verulega bjátar á. Þá er það ætíð kirkjan og hennar menn, er koma þar til greina. Þessi stofnun er miklu voldugri og miklu sterkari þáttur í öllu lífi þjóðarinnar en menn telja sumir hverjir, sem líta á það eitt, að kirkjusókn er stundum lítil, þegar messað er.

En þetta var útúrdúr. Ég stóð hér upp aðeins til að lýsa því yfir, að ég er fylgjandi þessu máli, að þessi staður, Skálholt, verði lagður til þjóðkirkjunnar og verði þar með kirkjulegt setur um alla framtíð. Ég er sannfærður um, að verði það gert, þá verður því ekki breytt aftur. Ég enda svo þessi orð með því að segja, að ég tel, að íslenzku þjóðkirkjunni sé vel trúandi fyrir staðnum.

Hitt er annað mál, að gera má ráð fyrir því, að það kunni svo að fara, að það verði að styðja kirkjuna meira fjárhagslega en gert er ráð fyrir í þessu frv., en það er engin ástæða til að vera að fara út í það núna. Það er hægt að bæta við á fjárl. eða með öðrum hætti, eftir því sem áætlanir um uppbyggingu staðarins gefa tilefni til.

Ég sé ekki heldur ástæðu til að fara að ræða hér um það, hvaða stofnanir eigi að koma í Skálholt. Það er í raun og veru það eitt gert með þessu máli, að þar koma þær einar stofnanir, sem þjóðkirkjan telur að þar eigi að vera og hentugt að þar séu, þar á meðal biskupssetur, ef þjóðkirkjan kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegt. Og ég tel engu lokað í því, að biskupssetur verði í Skálholti, þótt þessi skipan verði nú upp tekin. Þvert á móti þætti mér alls ekkert ólíklegt, að menn kæmust á þá skoðun innan þjóðkirkjunnar, að biskupssetur ætti að vera í Skálholti. Og sannleikurinn er sá, að fyrir þá, sem hafa áhuga fyrir því, að biskupssetur komi í Skálholti, er þetta ekki spor aftur á bak, vegna þess að biskupssetur mundi heldur aldrei verða sett í Skálholt að þjóðkirkjunni nauðugri eða gegn hennar mótmælum.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Mér þótti hæfa að lýsa ánægju minni með þetta framkomna frv. frá ríkisstj., sem ég vænti að geti orðið til þess að efla þann stað, Skálholt, sem ríkisstj. væntir nú að Alþ. samþykki að afhenda þjóðkirkjunni til umráða.

Ég vildi, að það kæmi fram hér á Alþ. við upphaf umr. um þetta mál, að hinn 25. jan. s. l. var boðað til fundar í Skálholti af þeim mönnum í nágrenni staðarins í Suðurlandsumdæmi, sem forgöngu hafa haft um þetta málefni þar á slóðum, þ. á m. prófastinum í héraðinu ásamt tveim öðrum sóknarprestum. Á þessum fundi var samþ. ályktun, sem ég tel viðeigandi að komi fram á Alþ. í umr. um þetta mál. Á fundinum var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Fundurinn telur, að endurreisn Skálholtsstaðar sé ekki lokið, fyrr en biskupsstóll er þar einnig endurreistur, og ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að vinna að framgangi þess máls.“

Í þessari n. eiga sæti 2 fulltrúar fyrir Árnessýslu, 2 fulltrúar fyrir Rangárvallasýslu, 2 fulltrúar úr Skaftafellssýslu og 1 fulltrúi úr Vestmannaeyjum. Í umr. um þetta mál tóku til máls ekki færri en 10 menn, og fundurinn var eftir atvikum fjölmennur, þeim atvikum, að veður var alveg sérstaklega óhagstætt til ferðalaga og fundarhalds á þessum tíma, er fundurinn var haldinn.

Ég vil taka undir þá skoðun, sem kom fram hjá einum ræðumanni hér áðan, Sigurði Bjarnasyni, að ég tel, að þetta þjóðlegasta og elzta embætti landsins, biskupsembættið, fengi aukið sjálfstæði í Skálholti. Ég vona, að þau kirkjulegu yfirvöld, sem eiga eftir að fjalla um ráðstöfun Skálholts, taki til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki yrði til eflingar kirkjulífi í landinu að færa biskupssetur frá Reykjavík til Skálholts. Persónulega tel ég, að það mundi vega allmikið í hugum manna, sérstaklega varðandi kröfur og óskir fólks um aukið jafnvægi í byggð landsins, m. a. með dreifingu landsstjórnarinnar og framkvæmdavaldsins, að biskupinn yrði fluttur úr Reykjavík að Skálholti. Ég tel litlu örðugra fyrir biskup að eiga sæti í Skálholti en fyrir forseta Íslands að vera búsettan á Bessastöðum.

Ég vil einnig, að það komi fram sú hugmynd hér, sem áður hefur verið rædd, að guðfræðideild háskólans yrði einnig flutt að Skálholti, það álit, að guðfræðingar, þeir sem nema guðfræði, mundu af ýmsum ástæðum hafa betri aðstöðu til þess í Skálholti en við háskólann í Reykjavík. Þessi atriði vildi ég, að kæmu fram hérna, um leið og ég lýsi yfir ánægju minni með fram komið frv. Og ég má segja með hliðsjón af ályktun þess fundar, sem haldinn var í Skálholti í fyrra mánuði, að íbúar þess héraðs, næsta nágrennis Skálholts, þrátt fyrir reynslu undangenginna kynslóða og alda, mundu mjög fagna raunhæfri endurreisn Skálholtsstaðar og mundu einnig fylgja því, að sú endurreisn hefði í för með sér eflingu kirkjulífs, m. a. með flutningi biskupsstóls og e. t. v. guðfræðideildar einnig að Skálholti, eftir því sem kirkjulegum yfirvöldum þætti bezt við eiga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 257, fjallar um það, að ríkisstj. skuli vera heimilt að afhenda þjóðkirkju Íslands endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem nú eru í eigu ríkisins á staðnum, enda veiti

biskup Íslands og kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

Í 2. gr. frv. er svo mælt fyrir um það, að ríkissjóður skuli árlega leggja 1 millj. kr. í sjóð, sem skuli varið til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og sem rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð koma þar upp. Ég heyrði því miður ekki fyrri hlutann af framsöguræðu hæstv. kirkjumrh. um þetta mál, því að ég var þá bundinn á fundi hér annars staðar í húsinu, en mér skilst, að sú breyt., sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sé einkum í því fólgin, að biskup landsins og kirkjuráðsmenn eigi eftirleiðis að hafa umráð Skálholts og standa þar fyrir framkvæmdum þeim, sem ríkið leggur fé til og hefur lagt, og að ákveðið skuli, að þetta framlag verði eftirleiðis 1 millj. kr.

Ekki er óliklegt, að það út af fyrir sig kunni að vera vel ráðið að setja þessa stjórn yfir jörðina Skálholt og framkvæmdir þar og að ákveða fast framlag til framkvæmda á þessum stað. En ég ætla, að þegar það heyrðist, að verið væri að leggja frv. fyrir Alþ. varðandi Skálholtsstað, þá hafi margir vænt sér annars og meira af því frv. en þar er og orðið fyrir nokkrum vonbrigðum, og þykir mér reyndar, að það hafi þegar komið fram, a. m. k. í ræðum tveggja hv. þm., sem hér hafa tekið til máls.

Ég býst við því, að margir hafi vænzt þess, að í þessu frv. mundi verða fjallað um aðsetur biskupsins á Íslandi í sambandi við Skálholt. Það er nokkuð langt síðan fram komu á Alþ. till. um, að aðsetur biskupsins yfir Íslandi yrði flutt að Skálholti. Ég ætla, að það hafi verið árið 1955, sem þáv. þm. Árn., sem þá var sérstakt kjördæmi, fluttu till. um að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. um endurreisn biskupsstólsins í Skálholti. Einnig á Alþ. 1956—1957 kom fram till. um þetta mál, flutt af 8 alþm., að ég ætla úr öllum stjórnmálaflokkum, og hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. Jafnframt ályktar Alþ. að fela ríkisstj. að undirbúa þá löggjöf, sem nauðsynleg kann að reynast vegna flutnings biskupsstólsins.“

Enn kom fram á Alþ. 1957—58 till. til þál. um þetta mál, flutt af 14 alþm., sem einnig munu hafa verið úr öllum flokkum þingsins, og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.“

Loks kom fram s. l. vetur till. um flutning biskupsstóls að Skálholti, og ætla ég, að hún hafi verið flutt af hv. 1. þm. Vestf., sem áður ræddi þetta mál, og nokkrum öðrum þm.

Af þessu kemur fram, að margir þm. hafa haft hug á því undanfarinn áratug að vinna að flutningi biskupsstólsins að Skálholti, en þaðan var hann fluttur hingað undir bæjarvegg Bessastaðavaldsins á tímum niðurlægingar og hörmunga eftir móðuharðindin í lok 18. aldar. Það hefur verið þannig talað um þetta mál hér í umr., og má vera, að það sé skilningur hæstv. ráðh., sem flytur málið, að með því að setja nú þessa stjórn yfir Skálholtsstað og afhenda þessari kirkjulegu nefnd, biskupi og kirkjuráðsmönnum, umráð yfir staðnum og þessa milljón á ári, þá sé verið að leggja þetta mál líka á þeirra vald, að ákveða um það, og auðvitað er ekki nema gott um það að segja og eðlilegt á allan hátt, að kirkjunnar menn fjalli um staðsetningu biskupsstóla hér á landi. En þjóðkirkja Íslands er ekki bara biskup landsins og kirkjuráð eða prestastétt, heldur er hún að sjálfsögðu allir þeir kristnu söfnuðir í landinu, sem til þjóðkirkjunnar teljast. Þetta er a. m. k. að mínum skilningi þjóðkirkja Íslands. Og ég vildi mega gera ráð fyrir því, að það, sem hér fer fram nú, þýði ekki það, að Alþ. sé að koma af sér vanda, hér sé verið að koma fram með aðferð til þess, að Alþ. geti komið af sér þeim vanda að taka ákvörðun í þessu máli, sem svo oft hefur legið fyrir þinginu áður. Ég ætla, að hæstv. ráðh. hafi gefið tilefni til þess, að á þetta sé minnzt, og ég vil mega vænta þess, að það sé ekki það, sem gerist á bak við, að það sé verið að finna aðferð til þess, að Alþ. þurfi ekki oftar að fást við till. af þessu tagi, eins og þær, sem ég nú hef minnzt á og fluttar hafa verið. En yfirleitt hefur farið svo um þessar till., hvernig sem á því stendur, þó að þær hafi átt formælendur marga á þingi, sem ráða má af því sérstaklega, að ein till. var flutt af 14 þm., að þær hafa ekki orðið útræddar í þinginu.

Nú þykir mér hlýða að nefna það, að mér er kunnugt, að þetta mál, biskupsstóllinn, aðsetur biskupsins, hefur verið til sérstakrar meðferðar í stjórnskipaðri nefnd, sem starfað hefur undanfarin ár að þessum málum og fleiri skyldum, og er mér kunnugt um það, að sú n. skilaði till. til hæstv. ríkisstj. eða nánar tiltekið hæstv. forsrh., s. l. haust, till. í því máli, varðandi aðsetur biskupsins yfir Íslandi. Og ég vildi spyrjast fyrir um það hjá hæstv. kirkjumrh., hvort hann geti sagt hv. d. nokkuð um það, hvort vænta megi e. t. v. til viðbótar við þetta frv. sérstakra till. um það mál. Ég veit að vísu, að sú till., sem ég er hér að tala um, var ekki afgreidd til hans rn., kirkjumrn., heldur til forsrn. og hæstv. forsrh., vegna þess að n. starfaði á vegum þess rn., en eigi að síður geri ég ráð fyrir, að hæstv. kirkjumrh. sé það mál kunnugt, og ég vil nú inna hann eftir því, hvort hann geti um það sagt á þessu stigi, hvort till. sé að vænta frá ríkisstj. um þetta mál e. t. v. til viðbótar því frv., sem hér hefur verið lagt fram, því að ef svo væri, þá er þetta að sjálfsögðu orðið miklu fyllra mál og stærra og meira um vert en þetta frv. er, sem hér liggur fyrir, þó að ég vilji út af fyrir sig ekki andmæla því, að það kunni að miða í rétta átt.

Biskupsstóll var settur í Skálholti á 11. öld. 1056 tók fyrsti biskupinn við biskupsdómi. Annar biskupinn var það í röðinni, sem gaf

Skálholt, til þess að þar skyldi jafnan biskupsstóll vera. Hálfri öld eftir að biskup var settur hér á landi fyrst, fengu Norðlendingar sinn biskupsstól á Hólum í Hjaltadal, og það fyndist mér eðlileg þróun þessara mála, ef Skálholtsbiskup yrði nú eftir herleiðinguna fluttur aftur þangað á Skálholtsstað, þá kæmi einnig að því, eins og fyrri daga, að Hólastóll yrði endurreistur, þegar tími þætti til þess kominn að gera það.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna fsp. síðasta hv. ræðumanns skal þess getið, að ekki hefur verið ráðgert, að annað frv. um endurreisn Skálholtsstaðar yrði flutt á þessu Alþ. af hálfu ríkisstj. Það er rétt, sem hann sagði, að yfirstjórn kirkjulegra málefna er auðvitað hjá Alþ., þar sem hér er ríkiskirkja, en Alþ. hefur fyrir nokkrum árum samþ. löggjöf um að láta kirkjuna fá aukin ráð yfir sínum eigin málefnum með kirkjuþingi og kirkjuráði, og ég hefði frekar vænzt aðfinningar við þetta frv. þess efnis, að kirkjuþingi væru ekki ætluð bein ráð yfir staðnum, heldur en að því sé fundið, að kirkjunni séu fengin of mikil ráð yfir þessum efnum með frv., eins og það liggur fyrir. Ástæðan til þess, að kirkjuþingi er ekki blandað í málið, er hins vegar sú, að kirkjuþing ræður að mestu skipun kirkjuráðs og hefur þannig óbein áhrif á meðferð þessa efnis, auk þess sem eðli málsins segir um það, að engin meiri háttar ákvörðun um starfrækslu staðarins yrði tekin nema í samráði við kirkjuþingið.

Mér virtist hv. 1. þm. Austf. gera alveg rétta grein fyrir meginefni frv. Það er rétt, sem hann sagði, að frv. tryggir það, ef að lögum verður, að héðan í frá verði engin starfræksla ákveðin í Skálholti nema með samþykki hinna kirkjulegu yfirvalda, fyrst og fremst biskups og kirkjuráðs og kirkjuþings, með þeim hætti, sem ég áður vitnaði til. Alveg eins er það ljóst, að óráðlegt er, þótt það sé á valdi Alþ. að kveða á um það, að biskupsstól skuli setja í Skálholti, — það er óráðlegt að gera það nema að fengnum till. og samþykki þessara kirkjulegu yfirvalda. Ég hygg, að allir, sem um þessi málefni hafa hugsað, verði að viðurkenna, að sjálfstjórn kirkjunnar sé sízt of mikil, þar þurfi frekar við að bæta en úr að draga. Og við skulum játa það alveg hreinskilnislega, að hér á Alþ. er nú og hefur verið um nokkuð langt skeið lítill áhugi fyrir kirkjulegum málefnum, og þess vegna var sú ósk kirkjunnar að fá kirkjuráð og kirkjuþing eðlileg á sínum tíma. Þetta eru að mestu leyti ráðgjafarstofnanir nú. Með þessu frv. er þeim fengið nokkuð aukið vald frá því, sem verið hefur, m. a. þessi áhrif á Skálholtsstað, sem búið er að gera grein fyrir, bæði í minni framsöguræðu og af síðari ræðumönnum, einkanlega 1. þm. Austf., þannig að ég hygg, að út frá kirkjunnar sjónarmiði hljóti þetta frv. að stefna í rétta átt. Og það er alveg víst, að hvaða skoðun sem menn hafa á því, hvort biskupsstóll eigi að vera í Skálholti eða ekki, þá spillir frv. þeirri hugmynd að engu. Það er frekar, að frv. greiði fyrir. En hitt er rétt, að það segir ekki til um, að biskupsstóll eigi að vera í Skálholti, og ég verð að láta nokkra undrun í ljós yfir því, þegar síðasti ræðumaður taldi, að ýmsir hefðu orðið fyrir vonbrigðum yfir, að nú skyldi ekki flutt frv. um endurreisn biskupsstóls í Skálholti, eftir að það liggur fyrir, að kirkjuþing og kirkjuráð hafa ekki gert neina till. í þá átt, heldur þvert á móti um þá skipun mála, sem í þessu frv. er fólgin. Og ég held, að það væri engum til góðs að ganga þvert ofan í till. þessara aðila um skipan biskupsstóla á Íslandi.

Það má að sjálfsögðu endalaust færa rök með og móti því, hvort biskupsstóll eigi að vera í Skálholti — og þá væntanlega á Hólum líka, áður en langt um líður. Eftir því sem ég hef heyrt á umr. manna um það efni, þá byggjast þær, eins og að vísu umr. um margt fleira, meira á tilfinningum en rökum, þannig að rökræður koma að tiltölulega litlu gagni. Þeir, sem festa sig við aðra hvora hugmyndina, láta ekki haggast, hvaða rök sem færð eru með eða á móti. Hinu getum við ekki mælt í gegn, að biskup er fyrst og fremst sá embættismaður, sem á að hafa samband við prestastétt landsins, og mikill hluti af hans starfi er einmitt fólginn í margs konar viðtölum við presta og milligöngu um þeirra málefni við ríkisstj. Að mínu viti er það ein höfuðmótbára gegn flutningi biskupsstóls úr Reykjavík, að biskupi yrði þetta hans höfuðverkefni mun erfiðara, ef hann sæti í Skálholti, heldur en í Reykjavík. Hv. 1. þm. Vestf. gat þess að vísu, að biskup ætti að hafa skrifstofu í Reykjavík. Þá fer nú sannast að segja að verða lítill munur hér á. Með þessu er í raun og veru viðurkennt, að hann verði að hafa aðsetur hér, vegna þess að Skálholt sé þannig í sveit sett miðað við núv. samgöngur og byggðarlög á Íslandi, að þar sé óhægt til hans að ná og óhægt fyrir biskup að ná til annarra. En ef biskup ætti einungis að sitja í Skálholti, mundi það verða til þess, að þeir kirkjunnar menn, prestar og aðrir, sem utan af landi koma og eiga erindum að gegna hér, þyrftu með nokkurri fyrirhöfn og ærnum kostnaði að gera sér ferð austur til Skálholts, og biskupi yrði sýnu óhægara en ella að hafa samband við þau stjórnarvöld hér, sem hann þarf að gera á vegum þessara manna.

Ég vil ekki neita því, að í mínum huga ráða þessi rök ákaflega miklu. Mér dettur ekki í hug og veit af fenginni reynslu og samtölum við 1. þm. Vestf., og hygg, að svo sé um fleiri, að þessi rök bíta ekki nokkurn skapaðan hlut á þann hv. þm. né aðra þá, sem sömu skoðunar eru og hann. Þeir virðast skoða þetta mál frá æðri andlegum sjónarhól, sem ég verð að játa að ég get ekki klifið. En um þetta má endalaust deila, eins og ég segi. Þarna talast menn á eftir alveg tveimur ólíkum samgönguleiðum, ef svo má segja. Hitt held ég, að við hljótum allir að vera sammála um, að það væri ekki hyggilegt og ekki gerlegt

að flytja setur biskupsins, nema því aðeins að prestastéttin og þau kirkjulegu yfirvöld, sem Alþ. hefur sett að fengnum till. bæði prestastéttar og annarra áhugamanna í þessu efni, — á ég þá við kirkjuþing og kirkjuráð, — séu því samþykk, að svo sé gert, og einkanlega komi till. frá þeim.

Mér virðist þetta vera meginatriði þess máls, hvort tímabært sé eða heppilegt að flytja biskupinn úr Reykjavík. Ég vil svo aðeins bæta því við, að þó að helgi Skálholtsstaðar sé að sjálfsögðu mikil, þá er auðvitað verkefni biskups ekki að sitja á einhverjum stað eða lifa í fornum frægðarljóma, heldur að hafa samband við það lifandi fólk, sem hverju sinni er í landinu. Og hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er nú mikill hluti, sumir segja allt of mikill hluti fólksins hér við Faxaflóa, og hér er miklu hægara fyrir aðra en þá, sem búa í uppsveitum Árnessýslu, að ná til biskups heldur en ef hann sæti í Skálholti.

Sumir hafa hreyft því, og það getur vel komið til álita, að biskup hefði aðsetur á báðum stöðum, eins og mér virtist raunar hv. 1. þm. Vestf. nú kominn inn á. Hann hefði skrifstofu hér og þá væntanlega yrði hann að hafa eitthvert húsaskjól, vegna þess að stundum getur verið erfitt að komast á milli, en hefði svo eins konar tignarsetur í Skálholti, þar sem hann gæti betur en í margmenninu sinnt sínum andlegu hugðarefnum. Það má vel vera, að þetta fari svo, og það má vel vera, að lausnin á þessu verði einmitt sú, að biskupssetur haldist hér um sinn í Reykjavík, en hann fái einnig embættisbústað í Skálholti. Og ef reynslan skæri úr um það, að það þætti hentara, að hann væri þar, þá flyttist hann þangað algerlega eða að miklu leyti fyrir eðlilega atburðanna rás. Ég skal ekki um það segja. En ég vildi vekja athygli á þessari yfirlýsingu hv. 1. þm. Vestf., að hann viðurkennir þó, að mjög erfitt væri fyrir biskup að vera án einhvers aðseturs hér í Reykjavík.

Ef biskupar eru settir í Skálholti og á Hólum, þá verð ég að játa og hef raunar heyrt frá kirkjunnar mönnum raddir um það, að jafnframt yrði á því staðið, að biskupsstóll yrði einnig í Reykjavík, þannig að þrír yrðu biskupar, en ekki tveir, og e. t. v. vígslubiskupar að auki, ég skal ekki segja um það. Ég efast um, þó að ég geri ekki lítið úr mikilvægi biskupsembættis, að þörf sé á svo mörgum mönnum til þeirra starfa í ekki fjölmennara þjóðfélagi en okkar, þó að ég engan veginn geri lítið úr þýðingu þjóðkirkjunnar. Ég get einnig í því tekið undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, að talið um litla kirkjusókn er í raun og veru að mjög verulegu leyti byggt á misskilningi. Ég hygg t. d., ef skoðað væri hér í Reykjavík, að það sé enginn vafi á því, að í viku hverri sæki miklu fleiri menn kirkjur en stjórnmálafundi, og er það vissulega íhugunarvert og til nokkurs samanburðar, svo að ekki sé talað um allar þær kirkjulegu athafnir, sem eiga sér stað fyrir utan messur á helgidögum. Það má minna á allan þann fjölda, sem dagsdaglega hlýðir á prest í sambandi við útfarir, svo að þær einar séu nefndar. Allt er þetta mál margþættara en í skjótu bragði mætti virðast.

En hvað sem öðru líður og hvað sem okkur sýnist um flutning biskupsstóls til Skálholts, þá hygg ég, að allir, sem á annað borð telja kirkjuna vera mikilsverða í okkar þjóðlífi, og það hafa allir þeir talið, sem hér hafa tekið til máls, þá hljóti menn að viðurkenna, að þetta frv. sé spor í rétta átt, einnig þeir, sem vilja láta flytja biskupinn frá Reykjavík. Ég tel, að frv. sé spor í rétta átt, þó að ég vilji láta biskupinn vera hérna kyrran. En ég geri mér grein fyrir, að það getur vel verið, að það verði hægara að flytja hann í burtu, eftir að þetta frv. hefur náð lagagildi. Ég tel engu að síður, að það eigi rétt á sér, og ég fagna því, að allir, að því er mér skildist, jafnvel einnig hv. 3. þm. Norðurl. e., voru frv. samþykkir, þó að þeir hefðu viljað, að eitthvað annað og meira væri einnig gert, — annað og meira, sem hér liggur alls ekki fyrir á þessu stigi að taka ákvörðun um.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram mjög ánægjulegar umr. um þetta mikilsverða mál, sem ríkisstj. hefur lagt fram til afgreiðslu hér á hv. Alþ. Mér er það gleðiefni að mega taka þátt í því að afgreiða frv. eins og þetta. Skálholtsstaður er nágranni minn, og mér er þess vegna eðlilega mjög hlýtt til þess staðar. Ég hef einnig nokkuð skýra mynd af sögu staðarins, og ég veit það og það vitum við öll jafnvel, að saga þjóðarinnar og saga Skálholtsstaðar fara nokkurn veginn saman og vart hægt að hugsa sér, að þar sé hægt að greina á milli í höfuðatriðum. Eðlilega er þetta mál, að vísu ekki það, sem nú liggur fyrir sérstaklega, heldur hitt málið, sem borið hefur hér á góma, en birtist ekki í frv., það er flutningur á biskupsstóli Íslands til Skálholtsstaðar, fyrst og fremst tilfinningamál, eins og hæstv. dómsmrh. gat um. En ekki er nema ánægjulegt til þess að vita, að það eru fleiri mál, sem ber á góma hér á hv. Alþ., heldur en efnahagsmál. Þess vegna er það gleðiefni, að eitt af slíkum málum, sem í raun og veru heyra ekki undir efnahagsmál, skuli vera tekið fyrir og rætt með þeim hætti, svo sem hér hefur gerzt í dag, og margir þm. rætt það og flestir á einn veg.

Ég vil taka það strax fram, að ég mun fylgja þessu frv. eins og það er að efni til. En hitt er annað, að mér þykir á skorta, að ekki er með einhverjum hætti að því vikið, að biskupsstóll skuli jafnframt fluttur verða úr Reykjavík á sinn gamla stað, Skálholtsstað. Það má vel vera, að það séu ekki full tök á því að koma slíku ákvæði fyrir í þessu frv., en þá væri hægt að hugsa sér, að það atriði máls væri hægt að bera upp hér í hv. Alþ. með öðrum hætti. Mér er það ekki alveg ljóst, hvort hæstv. ríkisstj. gæti af sjálfsdáðum flutt biskupsstólinn til Skálholts úr Reykjavík án tilkomu ákvörðunar Alþ. Hitt þykist

ég vita, að með konunglegri tilskipan frá því rétt fyrir 1800 var biskupsstóll fluttur til Reykjavíkur frá Skálholtsstað.

Það er ekki ástæða til þess að ræða þetta mál miklu meira. Hér hefur á flest verið drepið, sem nokkru máli skiptir, og ljóst er það enn fremur, að mikill meiri hl. þeirra hv. þm., sem rætt hafa frv., er þeirrar skoðunar, að æskilegast sé og í raun og veru óhjákvæmilegt eftir eðli málsins að flytja biskupsstól jafnframt að Skálholtsstað.

Mér þykir það meira en leitt að hugsa til þess, að kirkjulegir leiðtogar, kirkjuþing, kirkjuráð og aðrar slíkar stofnanir, skuli ekki hafa fyrir löngu verið búnir að ákveða og staðfesta þann vilja sinn, að flutningur biskupsstóls skyldi fram fara. Og ég sé ekki betur en nauðsynlegt sé og tel það enga goðgá, að Alþ. taki beinlínis af skarið um flutning biskupsstóls og ákveði, að biskupsstóllinn skuli fluttur að Skálholti. Þegar málið væri komið á það stig, að ljóst væri, að Alþ. væri ákveðið í því að styðja slíka till., er ég ekki í vafa um það, að kirkjuráð og aðrar slíkar kirkjulegar stofnanir mundu sætta sig vel við slíka tilhögun. Við vitum það, að prestastéttinni, eins og mörgum eða flestum öðrum stéttum í þessu landi, er mjög gjarnt að kasta á milli sín stórum og alvarlegum málum og hafa að bitbeini, með þeirri afleiðingu, að engin eða óveruleg niðurstaða hefur fengizt, og mér skilst, að þetta mál, flutningur biskupsstóls, sé eitt þeirra, svo að ég nefni nú ekki það deiluefni, hverjar aðferðir eigi að hafa við kosningu á prestum.

Eins og ég drap á í upphafi, á flutningur biskupsstólsins sér megin- og full rök í sögu staðarins og sögu þjóðarinnar. Hitt er svo annað atriði, hvern veg á að fara til þess að koma þessu fram. Ég er einn af 7 mönnum í nefnd, sem kjörin var af áhugamönnum á Suðurlandi fyrir svo sem eins og 4 vikum til þess að vinna að því, svo sem auðið er, að koma biskupsstól á sinn gamla stað í Skálholti. Það er ekki um það að villast, að Sunnlendingar eru svo að segja einhuga um þetta mál, og ég er alveg viss um það, að svo má segja um íbúa í hinum tveim fjórðungum landsins, sem lágu undir leiðsögn Skálholtsbiskups. Þetta mundi fljótt koma fram, ef tekin væri upp ákveðin stefna í þessu mikilsverða tilfinningamáli hinnar íslenzku þjóðar. Svíar eiga í sinni kristni uppáhaldsstað, þ. e. Uppsali. Englendingar eiga sína Kantaraborg. Hvorug þessara borga er höfuðborg í viðkomandi landi. Getum við ekki hugsað okkar Skálholt vera svipaðan stað í framtíðinni og þessir tveir merku staðir eru hinum erlendu þjóðum? Ég vil álíta það, að Skálholt gæti orðið okkar Kantaraborg, okkar Uppsalir, þegar tímar líða. Ég legg ekki eyra að því, að það sé svo erfitt fyrir presta að ná fundi biskups í Skálholti. Ég tel miklu fremur, að þangað ættu þeir vissulega erindi og mættu gjarnan að Skálholtsstað koma oftar en einu sinni á ári. Þeir hefðu gott af því og staðurinn enn fremur. Þannig er það ekki til óhægri verka prestum á Íslandi í framtíðinni að ganga á fund biskupsins að Skálholti. Meira að segja mætti vel hugsa sér það, að ríki okkar væri um fleira stjórnað frá öðrum stöðum hér í landi en Reykjavík.

Ég ætla svo ekki að viðhafa fleiri orð um málið að þessu sinni, en vafalaust mundi það gleðja mikinn meiri hluta íslenzku þjóðarinnar, ef sú ákvörðun væri til staðar á vígsludegi Skálholtskirkju á næsta sumri og lýðum ljós, að biskupsstóll skyldi jafnframt flytjast að Skálholti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til þess fyrir mig að fara að bæta miklu við það, sem ég sagði áðan um þetta mál. En þó vildi ég segja fáein orð að gefnu tilefni.

Aðalerindi mitt hingað í ræðustólinn áðan var raunar að grennslast eftir því hjá hæstv. kirkjumrh., hvort vænta mætti frekari till., eins og hann orðaði það, um endurreisn Skálholts. Vissulega var það rétt orðað hjá hæstv. kirkjumrh., því að þá fyrst hefur Skálholt verið endurreist, þegar það hefur fengið sinn biskupsstól á ný. Fyrr er ekki um endurreisn Skálholts að ræða. En svar hans var, að ekki væri frekari till. að vænta að þessu sinni frá hæstv. ríkisstj., og er þá fullsvarað af hans hálfu því, sem ég innti eftir.

Þegar ég lét þau orð falla, að mér virtist þetta frv. valda vonbrigðum, af því að menn hefðu búizt við öðru jafnframt, þá hafði ég fyrst og fremst í huga þá ræðu, sem hv. 1. þm. Vestf. var nýbúinn að flytja, þar sem greinilega kom fram frá þeim mikla áhugamanni um flutning biskupsstólsins, að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum. Og það eru áreiðanlega fleiri en hann, sem hafa orðið það, og sjálfsagt allmargir hér í þingi, svo sem ráða má af þeim tillöguflutningi um þetta mál, sem átt hefur sér stað og ég gerði grein fyrir. En hæstv. ráðh. sagði, að það yrði tryggt með frv., að ekki yrði sett nein sú stofnun niður í Skálholti, sem kirkjan vildi ekki hafa þar eða kirkjunnar yfirvöld, sem mun vissulega vera rétt hjá honum, að mér skilst samkv. frv. Ég geri nú reyndar ekki ráð fyrir, að hér sé um mikla breyt. að ræða, því að tæplega mundi það hafa komið fyrir, enda þótt engin lög væru sett, að ríkisstj. eða Alþ. færi að setja niður í Skálholti stofnanir, sem kirkjan væri beinlínis andvíg að þar væru, og getum við víst verið því sammála, að það sé heldur ekki rétt að gera slíkt.

Þær raddir heyrast stundum, m. a. hjá sumum kirkjunnar mönnum, að þjóðkirkjan sé ekki nógu sjálfstæð stofnun í landinu. Ef hæstv. ráðh. hefur skilið mín ummæli þannig, að ég væri að mæla gegn auknu sjálfstæði kirkjunnar, þá er þar um misskilning að ræða eða ég hef ekki hagað mínum orðum rétt. En hitt verð ég að segja, að mér finnst ekki sjálfstæði íslenzkrar þjóðkirkju aukast mjög, þótt hún fái umráð yfir Skálholti á þann hátt, sem

frv. gerir ráð fyrir. Það væri að sjálfsögðu mikil aukning á sjálfstæði kirkjunnar, ef hún yfirleitt réði sínum málum, ef hún yfirleitt hefði umráð yfir því fé, sem varið er til kirkjunnar málefna, o. s. frv. Það væri aukning á hennar sjálfstæði. Og að ýmissa dómi væri það mikil aukning á sjálfstæði íslenzkrar kirkju, ef hún hætti að vera ríkiskirkja og yrði frjáls félagsskapur. Án þess að ég vilji taka afstöðu til slíks, nefni ég það. En þetta frv. er ekki mikið sjálfstæðismál fyrir íslenzka þjóðkirkju, sýnist mér. Það er mjög lítið sjálfstæðismál a. m. k., þó að það kunni að vera eitthvað í þá átt.

Þá voru látin falla orð um það áðan, að það væri ekki rétt að gera mál eins og biskupsstólinn eða kirkjumálin að tilfinningamáli, og eins og verið að finna að því, að af sumum ræðumönnum hér í dag hefði verið horft á þessi mál frá andlegum sjónarhól. Mér finnst það ekki aðfinnsluvert að líta á mál kirkjunnar frá andlegum sjónarhól, og ég vildi óska, að hæstv. kirkjumrh. tækist að vera jafnan staddur á þeim hól, þegar hann fjallar um kirkjumál.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það hefur í þessum umræðum nokkuð verið rætt um það, hvert eigi að vera verkefni biskups. Það hefur komið fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að hann eigi fyrst og fremst að vera andlegur leiðtogi kirkjunnar, og það hefur komið fram hjá hæstv. dómsmrh. eða kirkjumrh., að hann eigi að hafa margþætt veraldleg skrifstofustörf með höndum. Mér finnst ekki úr vegi, að það sé spurt í framhaldi af þessu: Er hægt að ætla einum manni, að hann komist yfir þetta hvort tveggja, að hann komist yfir að sinna öllum þeim veraldlegu störfum, sem tilheyra stjórn kirkjunnar, og komist jafnframt yfir það að vera andlegur leiðtogi hennar, þ. e. a. s. ef kirkjunni er ætlað eitthvert raunverulegt, víðtækt verkefni?

Ég held, að ef menn athuga þetta tvennt, hljóti niðurstaðan að verða sú, að það sé ofvaxið einum manni að leysa þetta starf af hendi, svo að vel sé. Sú var líka reyndin áður, þegar kirkjan hafði miklu hlutverki að gegna og meira í íslenzku þjóðlífi en hún hefur nú, að biskuparnir voru tveir, og þótti það ekkert of mikið. Þess vegna held ég, að ef menn horfa lengra og ætla kirkjunni eitthvert verulegt starf í íslenzku þjóðlífi, þá eigum við ekkert að vera að karpa um það, hvort það eigi að vera biskupsstóll í Reykjavík eða biskupsstóll í Skálholti eða biskupsstóll á Hólum. Þá væri það sennilega ekki óeðlileg lausn þessa máls, að biskuparnir væru þrír, sem er þá ekki nema fjölgun um einn frá því, sem áður var. Mér finnst þess vegna, að það eigi að athuga þetta mál frá því sjónarmiði, að biskupsstólarnir á Hólum og í Skálholti verði endurreistir, án þess að biskupsembættið væri lagt niður hér í Reykjavík.

Menn eru að tala um það við ýmis tækifæri, að þeir telji nauðsynlegt, að störf kirkjunnar séu aukin, og vissulega má færa mörg rök að því, að það sé þörf fyrir það, að starf kirkjunnar verði aukið á ýmsum sviðum þjóðlífsins, og kannske helztu vonirnar um batnandi þjóðlíf einmitt bundnar við það, að kirkjan geti aukið starfssvið sitt. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að kirkjan geti sæmilega sinnt þessu verkefni, nema henni sé séð sæmilega fyrir starfsmönnum og starfsfé. Ég hygg, að það sé rétt, að íslenzk kirkja býr við lakari fjárhagslegar aðstæður en kirkja nokkurs annars lands. Og þess vegna verða menn að gera sér fullkomlega grein fyrir því, að ef þeir meina það í alvöru, að þeir vilji aukið starf kirkjunnar og bætta aðstöðu hennar, þá verður að skapa henni betri aðstöðu til starfsmannahalds og yfirstjórnar og betri fjárhagsaðstöðu en hún býr við í dag. Annars eru þetta ekki annað en marklaus orð, þegar menn eru að tala um það, að auka eigi starfsemi kirkjunnar.

Við vitum það, að eins og okkar þjóðfélag er í dag, þá er það orðið miklu margbreyttara og margþættara en okkar þjóðlíf var áður, og þetta hefur það í för með sér, að ef kirkjan á að geta starfað í samræmi við hina breyttu tíma, þá þarf hún á meiri starfskröftum og starfsfé að halda en hún áður hafði. Og ég held, að það væri engin ofrausn, þó að þannig væri búið að yfirstjórn kirkjunnar, að það væri bæði biskupsstóll í Reykjavík og svo einnig í Skálholti og á Hólum. Ég held, að þannig mundi bezt takast að sinna til fulls þeirri veraldlegu stjórn, sem starfsemi kirkjunnar útheimtir, og þó sérstaklega þeirri andlegu leiðsögn, sem starf hennar útheimtir. Og þegar maður lítur á hinn sífellt aukna embættismannafjölda, sem er að mörgu leyti eðlilegur, vegna þess að starfshættirnir í þjóðfélaginu breytast þannig, þá held ég, að mönnum ætti ekki að vaxa það neitt í augum, þó að biskupsstólarnir í Skálholti og á Hólum væru endurreistir, þrátt fyrir að biskupssetur væri látið haldast hér í Reykjavík. En hitt er ég sannfærður um, að ef þessari skipun væri komið á, ef biskup væri áfram hér í Reykjavík og biskupsstólarnir á Hólum og í Skálholti endurreistir, þá gætum við vænzt þess, að kirkjan gæti náð betri árangri af starfi sínu en raun ber vitni um í dag.

Og það, sem ég vil leggja áherzlu á að síðustu, er einmitt þetta: Ef við meinum eitthvað með því, að við viljum aukið hlutverk og aukið starf kirkjunnar, þá megum við ekki skera allar fjárveitingar við nögl og halda fast við allt starfsmannahald hennar, því að það gildir að sjálfsögðu um kirkjuna eins og aðrar stofnanir nú, að hún getur ekki leyst sitt starf af hendi, svo að vel sé, nema henni sé séð fyrir nægu starfsmannahaldi og nægu fjármagni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Sunnl., að mér þykja þessar umr. ánægjulegar og lýsa áhuga fyrir mikilvægu málefni, og er ekki

nema gott, að menn láti uppi um það skoðanir sínar. Og sízt ætla ég að finna að, þó að þær séu nokkuð á mismunandi veg, eins og ætlið hlýtur að verða, þar sem menn reyna að hugsa sjálfstætt um þau verkefni, sem fyrir liggja. Hins vegar get ég ekki að því gert, að ég verð að benda á, að umr. hafa nokkuð farið út fyrir það verkefni, sem fyrir liggur, þetta frv., hvort sem menn telja það merkilegt eða ekki, þar sem jafnvel hv. 4. þm. Sunnl. vék að því, sem er fróðlegt að heyra og engin ástæða til þess að láta fram hjá sér fara, að það væri enginn, sem kæmi til þess að segja, að Íslandi þyrfti að stjórna frá Reykjavík.

Þetta er merkileg yfirlýsing og harla athyglisverð. Það er spurningin um það, hvort menn telja, að Ísland hafi gott af því, eins og önnur þjóðlönd, að hafa öflugan höfuðstað, sem geti orðið einn meginásinn í sjálfstæðri tilveru þjóðarinnar. Það var engin tilviljun, að Jón Sigurðsson gerði það að einni aðaluppistöðunni í stjórnmálaskrifum sínum hinum fyrri að benda Íslendingum á það, að án slíks höfuðstaðar væri mjög erfitt að halda uppi sjálfstæðu ríki, því að ein meginástæðan til þess, hversu báglega gekk hér um margar aldir, var, að menn höfðu ekki eignazt neinn einn höfuðstað. Jón Sigurðsson, sá mikli stjórnmálamaður, kom auga á þetta, benti á það, ef ekki fyrstur, þá manna skýrast, og reynslan hefur margfaldlega sannað, að hann hafði rétt fyrir sér. Það voru margir, sem töldu þá, að það mundi verða íslenzku þjóðinni til ófarnaðar, ef hinir æðstu embættismenn og Alþ. yrði sett niður í hinni hálfdönsku Reykjavík. Það varð ekki langt þangað til Reykjavík varð eins íslenzk og nokkur annar staður á landinu. Og tilvera og vöxtur Reykjavíkur sem höfuðstaðar er vissulega eitt af því, sem hefur mest stuðlað að sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar og alhliða — ég legg áherzlu á: alhliða vexti þjóðlífs hér á undanförnum áratugum.

Að svo miklu leyti sem umr. eða óskirnar um flutning biskupsdæmis úr Reykjavík byggjast á slíkum hugsunarhætti, sem hv. 4. þm. Sunnl. hér hreyfði, verð ég því mjög eindregið að mótmæla og telja, að stórt skref sé stigið aftur á bak. Hitt má vel vera, að hagkvæmniástæður og tilfinningaástæður geti farið saman í þessum efnum og ágreiningur þurfi ekki að verða eins mikill í framkvæmd um þetta og sumir vilja nú vera láta. Ég drap á það í minni síðustu ræðu og þarf ekki að endurtaka það. Það má vera, að ég hafi misskilið, en þegar hv. 4. þm. Sunnl. gat þess, að við þyrftum að fá okkar Kantaraborg, þá hef ég þá hugmynd, að embættissetur erkibiskupsins af Kantaraborg sé í London, en ekki Kantaraborg. Ég hygg, að hann hafi stóra höll sem embættissetur í London. Það má vel vera, að hann hafi aðsetur í Kantaraborg líka, eins og hv. 1. þm. Vestf. vildi láta biskupinn yfir Íslandi hafa aðsetur á báðum stöðum, en þetta stendur svona fyrir mér. Það má vera, að þetta hafi skolazt, en ég hygg, að það dæmi, sem hv. 4. þm. Sunnl. þarna vitnaði til, afsanni gersamlega hans kenningu. En það er algert aukaatriði og skiptir ekki neinu máli.

Varðandi það, sem hann sagði og lét hníga að, að það kynni að vera á valdi ríkisstj. að flytja biskupsdæmið til Skálholts án atbeina Alþ., þá skal ég játa, að þetta hef ég ekki kannað til hlítar. Það er rétt hjá honum, að biskupssetrin voru hingað flutt með ákvörðun konungs á sínum tíma, en hann var þá einvaldskonungur og þurfti ekki að leita til annarra stjórnarvalda. En ég er ekki örugglega viss um, hvort það er nokkurs staðar beinlínis bundið í lögum, nema með þessum gömlu konungstilskipunum, að biskupssetur skuli hér vera. Hitt vil ég benda á, að í l. um kirkjuráð frá 3. júní 1957 segir í 14. gr.:

„Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups."

Ég hygg, að það sé alveg ljóst samkv. þessu, að flutningur biskupsdæmis úr Reykjavík, hvað þá fjölgun biskupa, sem alls ekki verður gerð nema með lagabreytingu, — en flutningur biskupsstóls úr Reykjavík, hvert sem væri, mundi óheimill samkv. þessum ákvæðum, nema áður væri búið að bera það mál undir kirkjuþing. Það er þess vegna algjör fjarstæða, að ríkisstj. geti gert þetta upp á sínar eigin spýtur, en það væri að vísu formlega löglegt, ef Alþ. setti lög um það nú. Það getur gert það, en þá væri gengið gegn því heitorði, sem þjóðkirkjunni var gefið með setningu kirkjuþingslaganna á árinu 1957. Ég held þess vegna, að við getum sparað okkur að mestu leyti umr. um flutning biskupsdæmis á þessu stigi málsins. Þótt það væri formlega heimilt með löggjöf, þá væri það gegn því heitorði, sem gefið hefur verið, ef það væri nú gert, nema þá með því að kalla kirkjuþing saman og fá þess samþykki. Og ég vil játa, að það kynni vel að breyta minni skoðun á þessu máli, ef kirkjuþing, kirkjuráð og biskup óskuðu eftir flutningi biskupsdæmis til Skálholts. Ef þessir aðilar, sem þarna hafa nánast samband við þá, er mest eiga í húfi, óska eftir slíkri breyt., þá tel ég, að við, sem erum henni andvígir, mest af hagkvæmniástæðum, eigum að endurskoða okkar afstöðu og íhuga málið að nýju. Ég hef enga slíka fyrirframfordóma í þessu máli, jafnframt því sem ég tek fram, að ég var ekkert að víta, að það væru tilfinningar manna, sem réðu í þessu máli, þó að hv. 3. þm. Norðurl. e. liti þannig á. Ég bara sagði það sem staðreynd, að það virðast vera tilfinningar og jafnt á báða bóga,

sem þarna ráða ákaflega miklu. Þess vegna hafa rökræður um málið kannske ekki svo mikið að segja. (Gripið fram í.) Tilfinningaleysi? Ja, það er dómur þessa tilfinningaríka manns. Ég skal ekkert um það ræða frekar.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. fannst lítið til koma þess sjálfstæðis, sem kirkjan fengi með samþykkt þessa frv. Ég segi ekki, að þetta frv. valdi þar miklum aldahvörfum. Mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram. Ég tel hins vegar, að það sé spor í þá átt að efla sjálfstæði kirkjunnar, m. a. með því, að það er verið að fara eftir till. kirkjuþings í þessu máli. Kirkjuþingið hefur ekki borið fram till. um endurreisn biskupsdæmis í Skálholti, heldur um þá *ráðstöfun, sem hér liggur fyrir. Hin* löglegu yfirvöld kirkjunnar hafa óskað eftir þessari meðferð, en ekki annarri. Og það er hlálegt að tala um að vilja auka sjálfræði þeirrar stofnunar, en fara svo með þau mál, sem hún telur mjög miklu máli skipta, þvert ofan í þær till., sem hún hefur borið fram, og reyna að gera eins lítið úr þeim á allan veg og hægt er, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. óneitanlega hefur hér gert.

Það er þá einnig á það að líta, sem hv. 7. þm. Reykv. einnig kom inn á, að kirkjan hefur ekki svo ýkjamiklu fé yfir að ráða, að það sé alveg tómt mál fyrir hana, hvort hún fær til ráðstöfunar 1 millj. kr. á ári, þótt bundið sé við tiltekinn stað, en 1 millj., sem hún gæti ráðstafað án fyrirsagnar Alþ. og ríkisstj. *Til allra kirkjulegra málefna nú er á fjárl.* ekki varið nema eitthvað 16½ millj. kr., og þar af eru 800 þús. kr. til byggingar Skálholts og nær 13½ millj. kr. til embætta sóknarpresta og prófasta. Og hitt fé er fyrir utan biskupsdæmið liðað niður í 15 smáliði eftir fyrirsögn Alþ., þannig að þótt við skulum ekki gera of mikið úr þessu, og ég segi ekki, að þetta valdi neinum aldahvörfum, þá er hér verið að ræða um mál, sem hefur töluverða þýðingu fyrir kirkjuna og engan veginn ómerkilegt atriði, hvernig til tekst. Og ég hef ríka ástæðu til að ætla, bæði vegna ummæla kirkjuþingsmanna og eins ummæla hv. þm. hér allra nema hv. 3. þm. Norðurl. e., að þeir telji þetta vera töluvert merkilegt mál einmitt fyrir kirkjuna, þó að það sé ekki eitt af þeim, sem úrslitum ráða um landssögu. Það skulum við allir játa fúslega.

Svo óviðkomandi málinu sem það er, hvort við viljum flytja þennan eina biskup til Skálholts eða ekki, þá er hitt enn þá annað mál, sem hv. 7. þm. Reykv. aðallega gerði að umræðuefni, hvort við teljum ástæðu til þess að hafa hér einn biskup eða þrjá, og skal ég þó játa, að ég hef vikið að því í mínum orðum. Það má vafalaust margt um það segja. Ég lít þannig á og segi það að gefnu þessu tilefni, að ég tel, að kirkjuna vanti ekki endilega þrjú höfuð, þótt það geti verið gott að vera þríhöfðaður að vísu fyrir þá, sem upp á slíka gripi halda, heldur vanti kirkjuna starfsmenn á fjölmennustu stöðunum. Það er það, sem kirkjuna vantar. Það er vel séð fyrir kirkjulegri þjónustu í strjálbýli landsins, og við skulum ekki vera að hræsna með það, að víða er sóknarskipun nú slík, að þessir menn eiga erfitt með að finna sér fullt verkefni við kirkjuleg störf, eftir að fækkað hefur í byggðarlögum og samgöngur eru orðnar miklu greiðari en áður og kennslumál eru að mestu leyti komin úr höndum þeirra og þeir hafa víðast látið af búskap. Þetta vitum við allir, að margir prestar hafa ekki ýkjamiklum störfum að gegna dagsdaglega, þótt hitt kunni að vera rétt, að þeir menn, sem nægum andlegum áhuga eru gæddir, geti ætíð fundið sér nóg verkefni og æskilegt væri, að þeir væru sem allra flestir.

Á *hinu stendur, að fá nægan prestafjölda,* t. d. hér í Reykjavík og ég mundi ætla víðar, þangað sem fólkið er komið. Og þá skiptir engu máli, hvort við teljum það æskilegt, að fólkið þyrpist hingað, eða ekki. Við skulum bara játa, að við lifum í því þjóðfélagi, að fólkið dvelst hér, og þá verður að sjá því fyrir nauðsynlegri þjónustu. Það gilda ákveðnar lagareglur um fjölgun presta hér í Reykjavík. Það skal játað, að undanfarandi stjórnir og þ. á m. ég fram á síðasta ár sem kirkjumrh. fylgdum þessum reglum ekki til hlítar eftir. Það var ekki veitt fé á fjárl. til prestafjölgunar, eins og lög sögðu þó fyrir um. Ég ásaka engan fyrir vanrækslu í þessum efnum, bara bendi á, hvernig ástandið er í raun og veru. Eftir till. kirkjuráðs og biskups beitti ég mér fyrir því á s. l. ári, að nauðsynlegar fjárveitingar yrðu teknar upp í þessu skyni, og mælt ist til þess við safnaðarstjórnir hér í Reykjavík, að gerðar yrðu till. um breytta safnaðarskipun í samræmi við þessi lög, svo að þeim yrði framfylgt. Enn hafa þessar till. ekki fengizt fram vegna einhverrar — ég vil segja nánast óskiljanlegrar mótstöðu sumra aðila og misskilnings á því, sem fyrir liggur. Mér dettur ekki í hug, að það vaki nokkuð illt fyrir neinum þeirra, sem þarna hafa haft andstöðu í frammi, og þeir hyggja sig vafalaust hafa rétt mál að verja og sjá ýmsa örðugleika, ef fleiri prestar koma. En ef við höfum trú á því, eins og ég hef, að prestar geti gert mikið gagn, og ég tek undir það með hv. 7. þm. Reykv., að það getur orðið mikilvægur þáttur í að hindra hér margs konar spillingu og það, sem verr fer í þjóðfélaginu, að prestastéttin fái að njóta sín, þá er það fyrsta, að nógur prestafli sé til og hafi aðstöðu til að starfa í fjölmennustu byggðarlögunum. Og það eru ekki nein tengsl við gamla staði eða háar hugsjónir um það, hvernig þetta ætti að vera, sem geta ráðið úrslitum, heldur það raunverulega, daglega starf á milli fólksins, þess lifandi fólks, *sem lifir í landinu. Og slík fjölgun á starfs*liði kirkjunnar er auðvitað ólíkt mikilsverðari en það að láta sér detta í hug, að þrír biskupar á Íslandi hefðu miklu hlutverki að gegna í bráð.

Og þegar hv. 7. þm. Reykv. talar um það, að áður fyrr hafi tveir biskupar verið hér í landi og haft ærin störf, þá er það rétt, þeir

voru lengst af tveir og höfðu ærin störf. En þá voru þeir um leið forstjórar yfir mesta auðsafni, sem til hefur verið á Íslandi bæði fyrr og síðar. Það var eins og biskupinn hefði það þá sem aukaverk að vera forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga. Þeir voru síður en svo eingöngu andlegir embættismenn. Þeir höfðu mesta auðsafn, forstjórn mesta fjársafns, sem hlutfallslega hefur verið saman komið á Íslandi, og þeir höfðu stórkostlegt veraldarvald að auki, og margir hinna mikilhæfustu þeirra voru einnig helztu forsjármenn og forustumenn landsins í baráttu þjóðarinnar við hið erlenda vald, og fyrir utan hin eiginlegu kirkjumál voru þeir þá einnig forstjórnarmenn allra fræðslumála í landinu.

Við skulum horfa á þetta alveg raunhæft, að þessi verkefni eru nú komin á ótalmargra annarra hendur. Það er ekki vegna þess, að það sé ástæða til að gera lítið úr starfi biskups, það er síður en svo. En það er orðið með allt öðrum hætti, annars eðlis en áður var, og verður þess vegna að gera sér grein fyrir, að þegar talað er um, að tveir biskupar hafi verið áður, þá eru það allt önnur störf en nú er um að ræða. Það má segja, að þeir höfðu þá samsvarandi störf, eins og ég segi, sem þeir hefðu SÍS undir einum verndarvængnum, hálft stjórnarráðið, alla valdstöðu fræðslumálastjóra, og við getum talið upp meginhluta af embættisbákni landsins. Mér finnst í þessu efni eins og öðrum, þá séu auðvitað háleitar hugmyndir og góðar hugsjónir ómetanlegar, en fyrst og fremst er að leysa úr þeim raunhæfu verkefnum.

Ég vil mega treysta því, að þó að menn játi, að heimurinn sé ekki frelsaður með þessu frv., þá fái það þó notið velvildar og fái greiðan framgang. Og ég tel það að vísu einnig góðs vita og meðmæli með frv., að það hefur orðið til þess að koma á stað þessum umr. hér í dag, sem eru utan við þetta daglega stjórnmálaþvarg, en eru þó vissulega um mikilvægt efni, sem við allir eigum að hugsa um og reyna að gera okkur einhverja grein fyrir, hver eftir beztu getu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur í sambandi við þetta frv. verið nokkuð rætt um biskupsstólinn hér á landi. Þetta er raunar ofur eðlilegt, að umr. um það mál blandist saman við þetta, úr því að verið er að ræða um Skálholtsstað og afhendingu hans til þjóðkirkjunnar. Vitanlega er það þannig, að meðan hér er ríkiskirkja, þá er það Alþingi, sem hefur æðstu stjórn þeirra mála og þ. á m. að ákveða, hvar biskup eigi að vera. Um þetta er hins vegar ekkert í frv., sem hér liggur fyrir, það er ekkert nefnt viðkomandi dvalarstað biskups þar.

Nú má vera og er sjálfsagt hægt að gera þetta upp hér á Alþ. í sambandi við þetta mál og taka ákvörðun, um leið og það er afgreitt, ef menn vilja, að þar verði biskup. Að vísu var það svo, að hæstv. ráðh. benti áðan á það, að slík mál ættu að koma til álita hjá kirkjuþingi, áður en þeim væri ráðið til lykta á Alþ. Og hvernig sem um það fer, hvort þetta verður gert upp nú eða ekki talið tímabært að svo stöddu að ákveða um það, þá vil ég benda á eitt atriði í sambandi við þetta mál.

Mér sýnist við fljótlegan yfirlestur á frv., að það gæti verið réttara að setja inn í það heimild til þess, að þar yrði ákveðinn biskupsstóll. Ef frv. verður samþ. óbreytt, eins og það er, og þjóðkirkjunni afhentur Skálholtsstaður, þá skilst mér, að þar sé ekki hægt að setja upp neina starfsemi og ekki heldur að ákveða þar biskupssetur nema með samþykki hinna nýju eigenda staðarins. Nú er að vísu um það rætt, að ákvörðun um það, hvar biskup eigi að sitja, mundi verða tekin í samráði við hin kirkjulegu yfirvöld. En þó sýnist mér, að það mundi vera réttara að hafa þetta heimildarákvæði í l., því að þá gæti Alþ., sem á að hafa hér úrskurðarvald, komið sínum vilja fram í því efni án þess að vera öðrum háð um þá ákvörðun. Og ég sé ekki, að þetta ætti að saka neinn, þó að slíkt væri gert. Ég vildi því beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, hvort hún vildi ekki gera till. um að taka upp í frv. slíkt ákvæði um heimild til þess, að þarna yrði biskupssetur síðar, ef ekki þykir tímabært eða eðlilegt af ýmsum ástæðum að taka um þetta mál fullnaðarákvörðun nú á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 422, 434).

Frsm. meiri hl. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum, og eins og nál. á þskj. 422 segir, náðist ekki eining innan n. og klofnaði hún um málið. 4 nefndarmanna voru sammála um að mæla með samþykkt frv., að áskildum rétti til flutnings brtt. eða stuðnings við þær brtt., sem fram kynnu að koma. Ég sé nú, að útbýtt hefur verið í d. brtt. frá einum nm., sem undirritaði nál. meiri hl., Óskari Jónssyni, en það í sjálfu sér breytir ekki aðalefni frv. Hins vegar hafði einn nm. talið sig andvígan því, að frv. yrði samþ. í því formi, sem það er, og áskildi sér rétt til að flytja við það gagngert brtt. og sérálit.

N. taldi sjálfsagt og rétt, að leitað væri upplýsinga um það, hvaða verðmæti ríkissjóður væri hér að láta af hendi endurgjaldslaust, og gerði því fyrirspurn til landbrn. um stærð jarðarinnar, jarðargæði og húsakost, og mun ég til fróðleiks hv. dm. geta um það helzta, sem í því svari ráðuneytisins felst.

Land staðarins mun vera um 1800 hektarar að stærð og nær allt grasi vaxið. Sumt af því er mjög auðræktanlegt, en annað erfitt til ræktunar. Húsakostur jarðarinnar er íbúðarhús, fjárhús fyrir 350 fjár, fjós fyrir 20 kýr auk mjólkurhúss, hesthús yfir 6 hesta, auk þess hlöður fyrir téðan búpening, þ. á m. 2 votheysgryfjur við fjóshlöðu, verkfærahús um 200 fermetrar að stærð. Flest af þessu eða allt af þessu nema fjárhúsið eru vandaðar byggingar. Auk þessa er svo prestsbústaður og kirkja í smíðum. Um hlunnindi jarðarinnar segir, að lax- og silungsveiði sé bæði í Hvítá og Brúará, en þó ekki í stórum stíl. Jarðhiti er á a. m. k. 4 stöðum í landi Skálholts. Af þeim eru tveir á landi, einn við Hvítá og einn úti í sjálfri ánni. Fyrir 2—3 árum var byrjað að bora eftir heitu vatni heima í Skálholti, og náði sú borhola 142 m að dýpt, og kom þar upp 50 gráða hiti, en talið er, að það þurfi að bora a. m. k. 500 m djúpa holu, til þess að verulegur hiti komi. Af þessu sést, að það er ekki nafnið eitt, sem ríkisstj. afhendir þjóðkirkjunni með frv. þessu endurgjaldslaust.

Við 1. umr. um frv. þetta tóku margir hv. dm. til máls og lýstu stuðningi sínum við frv. í því formi, sem það er fram borið, en aðrir virtust harma það, að í frv. skyldi ekki vera ákvæði þess efnis, að biskupsstóll yrði endurreistur á Skálholtsstað og staðurinn afhentur þjóðkirkjunni með þeim forsendum eða skilyrðum, að þar yrði biskupssetur í framtíðinni. Í athugasemdum við frv. segir, að það sé fram komið vegna eindreginna óska 3. kirkjuþings þjóðkirkju Íslands s. l. haust skv. ályktun, sem einróma var samþ. á kirkjuþinginu. Engin ósk eða till. hefur komið frá kirkjuþinginu þess efnis, að biskupsstóll yrði þar endurreistur, enda er frv. í algeru samræmi við óskir kirkjuþingsins skv. fyrrgreindri ályktun þess, sem prentuð er upp í grg. fyrir frv.

Hvað snertir endurreisn biskupsstóls í Skálholti, þá er það ljóst, að frv. útilokar ekki, að svo megi verða. Þvert á móti er það sett á vald kirkjuyfirvalda, hvort svo megi verða eða ekki. Er þetta eðlileg lausn á málinu, því að með ólíkindum er, að hv. Alþ. samþ. nokkru sinni biskupsaðsetur í Skálholti þvert ofan í vilja kirkjuþings og annarra kirkjuyfirvalda, því að eðlilegt er, að starfræksla eða stofnun, sem þar á að koma, verði aðeins sú, sem kirkjan sjálf eða yfirstjórn hennar vill hafa þar.

Meiri hl. n. telur, að með frv. þessu sé stigið spor í rétta átt og með samþykkt þess muni koma aukinn skriður á uppbyggingu Skálholtsstaðar.

Ég sé ekki ástæðu að fjölyrða meira um þetta mál, en leyfi mér að umr. þessari lokinni að mælast til þess, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 3. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tala hér sem minni hl. menntmn., en mér hefur því miður ekki unnizt tími enn þá til þess að skrifa nál. og skila því, en mun samt þegar segja mína skoðun á þessu máli.

Ég verð að segja það, að ef maður hefði þá hugmynd, að góðir menn væru hér að gefa fyrir sálu sinni eða verið væri að vinna þetta af einskærum áhuga fyrir kristninni í landinu, þá mundi maður auðvitað eiga ákaflega erfitt með að vera á móti þessu frv. Því miður held ég, að svo sé hins vegar ekki. Ég held, að það sé verið að gera þá ráðstöfun, sem hér er lagt til að gera, út úr vandræðum, af því að menn séu búnir að flækja sig inn í alls konar vitleysu, þannig að það eigi að bæta einni vitleysu ofan á enn þá. Það hefur ekki farið sérstaklega hönduglega með það, sem gert hefur verið nú þegar í Skálholti. Því er verr og miður.

Ég er fyllilega sammála öllum þeim, sem talað hafa um þessi mál, að þarna sé um að ræða helgan stað. En hvernig hefur þarna verið farið að? Þarna hefur verið gert og byggt líka þannig, að einna mestur ljómi hefur stafað af í Íslandssögunni. Þarna var á sínum tíma byggt eitthvert mesta hús, sem þá hafði verið byggt á Íslandi um aldir, 60 m dómkirkja þegar á 12. öld, þannig að þegar kirkja Brynjólfs biskups var byggð seinna meir, þá býst ég við, að hún hafi getað staðið inni í þeirri kirkju, og dómkirkjan hér, þegar hún var byggð hér við hliðina á okkur, hefði getað staðið inni í kirkju Brynjólfs, þannig að sá stórhugur, sem einkenndi Skálholtsstað í upphafi, var táknrænn fyrir, hvað Ísland var fyrir 900 árum og hvernig það minnkaði á öldunum á eftir.

Ef menn hefðu haft virðingu fyrir þeim stað, hefðu menn girt hann af og látið hann vera sem helgan reit og ekki snert hann. Í staðinn byrjuðu menn strax að byggja þar hús ofan á. Við mættum gjarnan sýna ofur lítið meiri virðingu þeim stöðum, þar sem okkar forfeður hafa unnið vel. Það er nóg pláss í Skálholti og var nóg pláss fyrir dómkirkju annars staðar en þar, sem hún stendur núna. Það mátti vel girða þann reit af, skrýða hann með blómum og láta vera, þegar búið var að gera nauðsynlegar fornleifarannsóknir, eins og hvern annan helgan reit. Og ég er hræddur um, að við verðum að fara að venja okkur á það að sýna einhverja rækt því, sem okkar forfeður hafa gert í þessum efnum. Ég hef minnzt á það áður hérna, hvernig klausturrústirnar hafa verið jafnaðar við jörðu, jafnóðum og jarðýturnar hafa fengizt til þess, og hvernig verið er að eyða hverjum einasta torfbæ á Íslandi, a. m. k. hverjum einasta kotbæ á Íslandi, þannig að eftir nokkurn tíma koma afkomendur til með að hafa ekki hugmynd um, hvernig þessi þjóð lifði og bjó og barðist í þúsund ár.

Það var ráðizt af fyrirhyggjuleysi í það, sem nú var gert í Skálholti, bæði kirkjuna og biskupsbústaðinn, sem þar stendur. Og menn vissu ekki, hvað þeir ætluðu að gera þá, og mönnum fannst, að þeir ættu endilega að gera eitthvað, og settu það þar að auki á vitlausan stað. Menn mega gjarnan hugsa ofur lítið, áður en þeir ráðast í hlutina, ekki gera eitthvað bara út frá tildri eða til þess

að þóknast einhverjum og einhverjum þessa stundina, án þess að hafa hugmynd um, hvað út úr því muni koma. Og ég held, vegna þess að það var farið af fyrirhyggjuleysi út í byggingarnar í Skálholti, að þá ætti ekki að bæta nýju ofan á með því að henda þessu núna í þjóðkirkjuna, af því að íslenzka ríkið viti ekki, hvað það eigi með þetta að gera. Ég held, að við ættum að athuga ofur lítið okkar hlut. Við höfum gert okkur seka um fyrirhyggjuleysi og tildur í sambandi við þær byggingar, sem þegar hafa verið reistar þarna, og við skulum reyna að hugsa dálítið betur, áður en við gerum það næst. Það segir gamalt máltæki: Í upphafi skal endinn skoða. Það hefur ekki verið gert af þeim, sem nú hafa verið að láta byggja í Skálholti, heldur hefur verið farið í þetta í óðagoti. Ég er þess vegna á móti því, að við losum okkur úr þessari klípu, sem við af fljótræði höfum komið sjálfum okkur í, með því að henda Skálholti í kirkjuna.

Hvernig stendur þetta viðvíkjandi þjóðkirkjunni sjálfri? Það er vitað, að áhuginn, sem blossaði upp í sambandi við Skálholt og kemur vissulega til með að vera áfram, hann stóð að miklu leyti í sambandi við það, að það væri ákveðið að hafa þar biskupssetur. Það skyldi flytja biskupinn yfir Íslandi í Skálholt og hann skyldi hafa þar aðsetur. Hvað kom upp, þegar farið var að ræða þetta? Ég get gjarnan játað það, að ég hefði vissa samúð með þeirri hugmynd. Mér hefði ekki fundizt það óviðkunnanlegt út af fyrir sig. En hvað kom upp, undireins og farið var að ræða þetta? Það kom upp, að það þyrfti eðlilega að vera biskup í Reykjavík. Og það er á ýmsan hátt eðlilegt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja taka tillit til þess lúterska safnaðar á Íslandi, að segja að æðsti maður þeirrar kirkju eigi þar að vera, sem helmingurinn af öllum landsmönnum er þegar búsettur. Og maður varð var við það, strax og farið var að tala um að flytja biskupsstól að Skálholti, að það yrði ekki aðeins að vera þá biskup í Reykjavík, það yrði líka að vera biskup á Hólum. Þá kom sá gamli metingur upp og sú gamla viðleitni Norðlendinga að vilja þá gera Hólastað ekki síður hátt undir höfði heldur en Skálholtsstað. M. ö. o.: þegar átti að fara að hreyfa við þessu máli, þá kom það strax upp, að bara í rauninni út frá praktískum ástæðum og sumpart út frá tildri, þá yrðu að vera 3 biskupar á Íslandi. Og það vantaði ekki annað en að með því að ákveða í raun og veru biskupshús í Skálholti, sem búið er að byggja, þá bætti maður svo því ofan á allt annað, allt tildrið í þessu sambandi, að setja 3 biskupa á Íslandi.

Ég held, að við eigum að athuga þessa hluti betur. Ég held, að við eigum ekki að flýta okkur svo að þessu, að við flækjum okkur í slíka snöru, að við neyðumst til að gera hvern hlutinn á fætur öðrum. Fyrst höfum við byggt þarna biskupshús og stóra kirkju, og vegna þess að biskupshúsið er komið, þó að biskupinn vilji ekki í því vera, þá verðum við bara að útvega biskup handa húsinu. Og af því að við erum búin að útvega biskup handa húsinu, þá verðum við að útvega einn biskup í viðbót og hinn þriðja handa Hólastól. Það yrði kallað hjá almenningi líklegast: þrír vandræðabiskupar Alþingis. Það væri ekkert skemmtilegt ástand, sem við sköpuðum með þessu. Og þessir biskupar mundu þykja búnir til eiginlega bara úr tildri og öngþveiti, sem við værum búnir að koma okkur inn í.

Ég verð að segja það með allri virðingu fyrir kristninni í landinu, að ég held, að það sé ekki svona, sem eigi að fara að því að stjórna henni. Ég held, að við eigum þess vegna að staldra við. Það liggur ekkert á í þessum efnum. Við erum þarna með meir en 9 alda helgistað, sögustað, sem ekkert liggur á að ákveða í ár eða næsta ár, hvernig vera skuli. Og einmitt þegar við höfum séð það, að við höfum flækt okkur inn í ýmiss konar vitleysu með fljótfærni, þá skulum við athuga okkar gang.

Ég hef líka orðið var við það í menntmn. af því, sem okkur barst, að það er ágreiningur líka innan kirkjunnar um, hvernig þetta skuli vera. Maður heyrir alveg ákveðnar skoðanir presta t. d. á þessum slóðum, að þeir álíta í raun og veru, að við séum alls ekki að sýna fullkomna virðingu helgi þessa staðar, ef við ekki setjum biskupssetur þar. Það mundi vafalaust verða sagt eftir nokkurn tíma, hvað biskup í Reykjavík ætti eiginlega yfir þessu að gera. Og ég sé, án þess að ég fari inn á það að ræða þá brtt., sem hv. 4. þm. Sunnl. hefur flutt hér, samnefndarmaður minn, að nú þegar koma þessar spurningar upp, að það verði að koma biskup í Skálholt og það skuli vera sá biskup, það skuli ekki vera biskupsembættið, sem nú hefur aðsetur í Reykjavík, sem eigi þarna yfir að ráða. Þeir Sunnlendingarnir þar austan fjalls munu vafalaust finna til alls konar sjálfstæðishreyfinga gagnvart Reykjavíkurveldinu, þegar þeir fara að hugsa um þessa hluti. A. m. k. virðast okkur ýmiss konar bréf, sem við fengum frá kirkjuhirðunum þar eystra, bera vott um slíkt.

Ég held þess vegna, að það, sem við á Alþ. eigum að gera nú viðvíkjandi Skálholti, sé að íhuga okkar mál, á hvern hátt þessum stað yrði bezt ráðstafað í samræmi við hans sögu og í samræmi við þarfir okkar þjóðar og þjóðarmenningar. Og ég held, að við eigum að hugsa það stórt og hugsa langt, ekki bara hugsa í árum. Okkur liggur ekkert á með þetta. Þegar Adam frá Brimum skrifaði um Skálholt fyrir um 900 árum, þá segir hann neðanmáls í sinni króniku, að stærsta borgin á Íslandi sé Skálholt. Okkur finnst þetta hljóma einkennilega nú, og Skálholt hefur kannske ekki haft fleiri íbúa en nokkur hundruð, þegar flest var þar í kring. En við skulum bara muna, að á þessum sama tíma voru ekki heldur bæir eins og Oxford eða Kantaraborg stærri en kannske eitthvað á milli Blönduóss og Sauðárkróks, og sjálfar Lundúnir

eru á þessum tíma varla stærri en — hvað eigum við að segja, 10 þúsund manns, og er þó ein af stærstu borgunum í Evrópu.

Um langan tíma er Skálholt hin raunverulega höfuðborg Íslands. Og hvað var Skálholt fyrst og fremst þennan tíma, sem það var eins konar höfuðborg Íslands? Það var fyrst og fremst menntasetur, framar öllu öðru var það menntasetur, skóli og lærdómsmiðstöð og þar að auki kirkja og höfuðstóll kirkjunnar. Ef okkar þjóð og okkar land hefði fengið að þróast í friði og án kúgunar, þá hefði að öllum líkindum saga Skálholts orðið eitthvað svipuð og saga Kantaraborgar eða Oxford eða annarra slíkra staða, — ef við hefðum ekki orðið fyrir því, að okkar menningu var hnekkt, okkar landi var hnekkt og okkar frelsi var hnekkt, svipað og með þau lönd og ríki Afríku, sem stóðu í mestum blóma á 12., 13. og 14. öld og sköpuðu þá hámenningu, sem enn þá sjást rústirnar af, en allt var eyðilagt, eftir að Evrópumenn hófu sínar innrásir þar og sína þrælasölu.

Þegar við þess vegna erum að hugsa um Skálholt, þá held ég, að við eigum fyrst af öllu að hugsa um, hvernig við hefðum viljað hafa látið Skálholt þróast, svo framarlega sem erlent vald hefði ekki drottnað hér um aldir á Íslandi og stöðvað okkar þróun og brotið að síðustu niður menntasetrið í Skálholti og flutt það burt þaðan og hingað á nesin hjá okkur. Ég held, að við eigum þess vegna, þegar við hugsum um, hvað við viljum gera Skálholti til góða og hvernig við viljum hafa Skálholt í framtíðinni, að hyggja að því, hvers við höfum að minnast úr Skálholti. Og þá er það frá mínum hugskotssjónum fyrst og fremst tvennt: það er í fyrsta lagi mennta- og lærdómssetur, það er það fyrsta af öllu, sem ég álít að við eigum að hafa í huga, þegar við hugsum um Skálholt. Sem mennta- og lærdómssetur mundi Skálholt hafa yfirgnæft það gildi, sem kirkjan hefur haft þar, eftir að lúterskan kom til, og ég mun síðar koma nánar inn á það. Í öðru lagi álít ég, að við eigum að minnast Skálholts fyrir það, að Jón Arason var hálshöggvinn þar. Hann dó þar fyrir okkar föðurland og fyrir sína trú. Og ég álít það eins og hver önnur helgispjöll að gefa lúterskri kirkju þann stað. Það var lútersk kirkja, sem svo að segja lagði til öxina, þegar hann var höggvinn, og það var hún, sem var sá aðili, sem danski konungurinn gat notað til þess að ráða þá niðurlögum þeirra, sem stóðu með frelsi okkar lands. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að lútersk kirkja hafi ekki ýmislegt gott gert á Íslandi, en meira bar þó á í Skálholti, eftir að hún kom til, afturhaldsseminni, bændakúguninni og konungsþjónustunni. Ríkidæmið var að vísu nóg hjá Brynjólfi biskupi, en handritin voru gefin úr landi. Ég held, að það sé ekki sérstök ástæða til þess út af fyrir sig að verðlauna lúterska kirkju með því að gefa henni Skálholt, og ég satt að segja kann ekki við það. Ég hef ekkert við það að athuga, að lútersk kirkja sé í Skálholti. Ég mundi ekki heldur hafa neitt á móti því, þó að þar væri einhvers staðar til kaþólsk kapella, þó ekki á gröf Jóns Arasonar, þó ekki á þeim stað, þar sem hann var höggvinn. Ég held, að við ættum að sýna honum dálítið meiri sóma, þeim stað, heldur en honum hefur verið sýndur, en ég álít það ekki viðfelldið, að við gefum lúterskri kirkju Skálholt, þó að það væri ekki nema bara frá þessu sjónarmiði. Jón Arason og hans synir hafa helgað þessa jörð með sínu blóði, og við eigum ekki að ráðstafa þeim stað fyrst og fremst í eign hinnar lútersku kirkju. Ég skal taka það hins vegar fram um leið, að þrátt fyrir alla virðingu fyrir kaþólskri kirkju mundi ég ekki heldur vilja ráðstafa því til hennar. Ég sé, að það eru ýmsir menn, sem hafa verið með hugmyndir um það. Ég get gjarnan unnt henni þess að mega einhvers staðar þarna, ef hún vill heiðra þann mann, sem hún skoðar vafalaust líka sem sinn píslarvott, byggja sína kapellu. En ég álít, að fyrir okkur sem Íslendinga sé Skálholt fyrst og fremst menntasetrið, sem við eigum að reyna að sýna sóma.

Hefði Skálholt ekki verið lagt niður af erlendu valdi sem menntasetur, þá væri það það að öllum líkindum enn í dag. Það mundi að öllum líkindum hafa einhverja svipaða aðstöðu í okkar þjóðlífi og Oxford og Cambridge hafa haft í menntalífi Englendinga, og ég álít, að við eigum að reyna að byggja Skálholt upp aftur sem menntasetur, sem mikla skóla- og lærdómsmiðstöð. Í fyrsta lagi vegna þess, að það er í beztri samhljóman og beztu samhengi við forna erfð okkar þjóðlífs. Það blandast engum hugur um það, sem nú býr hér í Reykjavík eða er hér í Reykjavík langdvölum, hver hætta okkar þjóðlífi er búin og hver hætta er á, að það slitni í sundur sá rauði þráður, sem verið hefur í okkar þjóðmenningu frá upphafi vega. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég álíti okkur Íslendinga sem þjóð ófærari en okkar nágrannaþjóðir til þess að halda samhenginu í þjóðarerfðinni, þegar sú borgarbylting verður, sem kapitalisminn óhjákvæmilega leiðir af sér. En við skulum gá að því, að það, sem England upplifir í 5 aldir, þróunina frá sveitalífi til borgarlífs, það, sem Danmörk eða önnur Norðurlönd upplifa á 2—3 öldum, það upplifum við í einni kynslóð. Sú bylting, sem það er að byltast úr bændaþjóð yfir í það að verða borgarþjóð, hefur hvergi sem mér er kunnugt skeð með þeim hraða, sem hún hefur skeð á Íslandi. Það hefur engin þjóð verið látin ganga undir þá þolraun að verða á einni einustu kynslóð að umhverfast úr máske frekar gamaldags bændaþjóð, en bændaþjóð, sem byggir á mjög gömlum stofni, og yfir í það að verða allt í einu borgarþjóð, þar sem bændurnir eru, — ég held, að síðustu tölurnar, sem ég hef séð yfir það, séu ekki að verða nema 12½% á Íslandi, m. ö. o. eins og í Bandaríkjunum. Það þýðir m. ö. o., að viðleitnin til þess, þrátt fyrir svona byggðabyltingu, að viðhalda þjóðarerfð-

inni hlýtur að verða af hálfu þess opinbera margfalt sterkari en ella, ef við viljum ekki láta slíta þennan þráð. Þar með er ég ekki að tala á móti því, að við reynum að gera Reykjavík að sem beztu menntasetri. Hér í Reykjavík hafa verið sameinaðir flestir æðri skólar landsins, flest menntasetur, söfn og háskóli, en við vitum samt sem áður, hvernig það er hér. Það eru ekki menntamennirnir, sem setja svip sinn á Reykjavík lengur, þeir gerðu það fyrir nokkrum áratugum. Það er borgarastéttin, sem gerir það og það í ríkum mæli. Það má jafnvel segja, að okkar menntamenn svo að segja missi sitt sjálfstæði gagnvart þeim og hangi aftan í þeim, sem ég skal koma að síðar. Auðvitað megum við ekki gefast upp við það að reyna að gera Reykjavík að menntabæ og láta það vera menntirnar, en ekki gróðann og braskið, sem setur mark sitt á Reykjavík. Auðvitað megum við ekki gefast upp við það. En ég held, að það sé þó vissara til vonar og vara að reyna að skapa í landinu fleiri miðstöðvar. Ég veit, að það gengur stundum dálítið erfiðlega. Það er ekki gaman að fást við það, þegar á að fara að flytja einhverja af okkar menntamönnum eða sérstaklega embættismönnum eitthvað burt úr Reykjavík. Ég man bara eftir baráttunni, sem háð var hér t. d. út af húsmæðrakennslunni um árið, þegar talað var um að flytja hana til Akureyrar. Og ég held, að við hér í Nd. höfum verið búnir að samþykkja það, þeir í Ed. hafi bognað, þegar allur meyjaskarinn kom á svalirnar hjá þeim, og hefði þó vissulega Akureyri verið boðleg til þess að reyna að vinna hana upp sem menntamiðstöð um leið og þá verksmiðjuborg, sem hún er að verða.

Ég held hins vegar, að ef menn hygðu á að skapa bæ nokkurs staðar í sveit á Íslandi og það svo nærri Reykjavík, að menn gætu notið alls þess góða, sem Reykjavík hefur að bjóða, þá væri það fyrst og fremst í Skálholti. Ég efast ekki um, að það væri hægt að skapa þar bæði fagurt og gott menntasetur. Og það mundi vera í beztu samhengi við okkar þjóðarerfð. Og ég veit, hvað margir hér inni eru hrifnir af því, sem Bretar gera, ég held, að það væri ekki fjarri þeirri aðferð, sem Bretar hafa haft með að byggja upp sínar menntastöðvar. Ég efast ekki um, að það hefur fyrir þá klóku brezku yfirstétt haft sína þýðingu undanfarnar aldir, að hún ól upp meginið af þeim mönnum, er hafa stjórnað Bretlandi, fyrst og fremst í Oxford og Cambridge, í náinni tilfinningu við samhengið í allri sögu þess ríkis, en ekki bara í London í miðstöð fjármálalífsins.

Hvað snertir aðstöðuna í Skálholti og á þeim jörðum, sem þar eru í kring, þá eru allar aðstæður til þess að koma þarna upp bæ, — bæ, sem gæti verið ekki aðeins menntamiðstöð, enda mundi enginn hafa sérstakan áhuga fyrir að einangra hann sem menntasetur þannig, að þar væri ekki alls konar annar rekstur. En ef við hugsum ofur lítið fram eftir þessari öld og fram undir 2000, þá efast ég ekki um, að þarna gæti verið jafnvel 5000 manna, jafnvel 10 000 manna bær, þar sem fyrst og fremst menntir og listir settu sinn svip á, þar sem það drottnaði svo að segja, þó að þar væru líka ýmiss konar aðrir hlutir, sem atvinnulífið snerta. Ég vil aðeins spyrja: Þegar hér kemur búnaðarháskóli á Íslandi, hvar ætti hann frekar að vera en t. d. í Skálholti? Svo er raunar bændaskóli líka, sem menn gjarnan vilja fá einhvers staðar á Suðurlandi. Því mætti ekki hvort tveggja vera þar?

Ég hef heyrt það útundan mér, að meira að segja rannsóknarstöðvar í sambandi við landbúnað, jafnvel búnaðarháskóli, þegar talað er um hann, það mætti strax mótspyrnu, að það sé ekki í Reykjavík, og ég skil þetta að sumu leyti vel, þegar hvert af þessu er tekið eitt út af fyrir sig. Er þá útkljáð, hvar búnaðarháskóli skuli vera? Þá koma ákaflega mörg rök, sem segja jú. Það eru margar rannsóknarstöðvar í Reykjavík, það er háskóli í Reykjavík, það er stórt bókasafn í Reykjavík, því í ósköpunum skyldi ekki búnaðarháskóli líka vera í Reykjavík? En ef það er hægt að segja um leið: Það verður ekki bara búnaðarháskóli, sem verður í Skálholti, það verður líka bændaskóli í Skálholti, það verður stór hluti úr Háskóla Íslands í framtíðinni í Skálholti, það verður svo og svo mikið af rannsóknarstöðvum og öllu mögulegu, sem snertir bæði hagnýtar atvinnugreinar og annað, í Skálholti, þá hljómar þetta allt, allt öðruvísi.

Ég álít t. d., að ýmsar rannsóknarstöðvar væru þarna bezt settar, sérstaklega ef það væri tekin ákvörðun um það, við skulum segja t. d. í sambandi við landbúnaðinn og annað slíkt, — ef það væri tekin ákvörðun um það sem eina heild. Búnaðarfélaginu þótti sjálfsagt að byggja sína byggingu í Reykjavík. Það var ákaflega margt, sem mælti með því. En ég á eftir að sjá, að það sé íslenzk bændastétt, sem setur sinn svip á Bændahöllina. Ég er hræddur um, að það verði ekki meira að segja kölluð Bændahöll til frambúðar. Ég er ákaflega hræddur um, að það komi til með að heita Hótel Saga eða eitthvað þess háttar.

Ég held, að menn þurfi að hugsa þessa hluti af meiri stórhug og af meiri fyrirhyggju. Við höfum talað um handritin, háskólabyggingarnar og annað slíkt, og ég var að reyna að fá fram ýmsa hluti, þegar við vorum að gera hér lögin um Handritastofnun Íslands, m. a. í tilefni af því, að við þykjumst nú vera að taka við handritunum. Það gekk lítið. Mig dreymdi þá eins og fleiri um, að við mundum kannske eiga eftir að byggja einhverja volduga byggingu, t. d. á Melunum, í sambandi við framtíðar ríkisbókasafn og handritasafn Íslands. Mér sýnist nú, að aðrir hlutir séu að setja þar sitt mark á en menntastofnanirnar. Í upphafi héldu menn, að þessi staður fengi að vera í nokkurn veginn friði fyrir öðru slíku. Ég sé ekki betur en það sé búið að granda því. Ég gæti vel hugsað mér í framtíðinni, að ýmislegt af þeim rannsóknarstofnunum, líka í sambandi við okkar hugvísindi, sem

settar yrðu, sem við gerðum dálítið meiri kröfur til í þeim efnum en gerðar eru nú, þær gætu vel átt sér aðsetur í Skálholti. Mér líkar það satt að segja ekki, hvernig okkar vísindalegu rannsóknir og annað slíkt í sambandi við okkar eigin germönsku fræði og annað slíkt hafnar allt saman hér í Reykjavík. Ég held, að það væri stundum betra, að þeir menn, sem við sérstaklega setjum til að vinna að því, — og við þyrftum að setja fleiri menn til þess en við gerum nú, — þeir væru ofur lítið meira í friði fyrir þeim ófriði, sem stórborgarlífið veldur, heldur en ef þeir eru hérna í Reykjavík.

Ég er ekki að mæla með munkaklaustrum, en ég sé það fyllilega á reynslunni, að — (**Gripið fram í:** Fangabúðir?) Ég veit það nú ekki, hvort það yrði litið á það sem fangabúðir af menntamönnum, ef þeir ættu að byggja í Skálholti, og og ef það er hugsunin, að hæstv. ríkisstj. hafi lagt í það að gefa kirkjunni Skálholt vegna þess, að hún hafi óttazt, að menntamenn Íslands mundu líta á það sem fangabúðir að vera settir þangað, þá skal ég tilkynna hæstv. kirkjumrh., að ég mundi nú strax geta fengið einhverja menntamenn Íslands til þess að setjast að þarna austur frá og til þess að nota þessa milljón, sem á að fara í þetta, og til þess að búa í þessu biskupssetri, sem enginn vill búa í, og til þess að stúdera íslenzka sögu. Og ég skal jafnvel þá koma fram með till. um það, ef um það er að ræða. Og þeir mundu ekki finna þessar fangabúðir. Ég held, að ef það er það, sem hefur vakað fyrir hæstv. ríkisstj., að forða því að gera Skálholt að fangabúðum fyrir íslenzka menntamenn, þá gætum við tekið höndum saman og gert Skálholt að svo glæsilegu menningarsetri, að það mundi jafnvel fara að hafa aðdráttarafl fyrir þá, sem væru kannske fangnir í fésýslutöfrunum í Reykjavík eða undir of miklum áhrifum þeirra.

Ég held, að þegar okkar háskóli í framtíðinni á eftir að stækka, — ég hef minnzt á það áður hér í sambandi við hann, að ég álít það hneyksli, að við skulum ekki hafa bætt við a. m. k. 5 prófessorum, bara í íslenzkum fræðum, en máske verður norræna deildin losuð þar út úr og flutt, — ég gæti vel hugsað mér Skálholt sem eina miðstöð í germönskum fræðum í Evrópu. Og ég gæti trúað, að það yrði með fjölsóttustu menntasetrum, ekki sízt á sumrin. Eins má vel vera, að það mundi ekki rætast fyrr en undir 2000, og það þætti mér hart, að við yrðum að bíða eftir því. Ég held, að það stæði okkur Íslendingum næst að reyna að gera germönsku fræðin aftur mikil í heiminum. Við höfum aldrei sett neinn blett á þau, og við þurfum að þvo af þann blett, sem Hitler setti á þau með því að vera allt of hrifin af þeim.

Meira að segja ég hef ekkert á móti því, að guðfræðideildin flytti í Skálholt. Það er síður en svo, að ég sé að amast við, að kirkjan fengi að hafa þarna einhverjar miðstöðvar þannig, síður en svo. Þeir fengju þarna góða kirkju til þess að æfa sig í. Ég er ekki að segja, að við eigum að fara að gera þetta á morgun, ég er ekki svo bráðlátur í þessu. En við skulum bara hugsa út frá því t. d., — ja, hvað verðum við orðnir hér, Íslendingar, árið 2000, verður við ekki orðnir 300—400 þús.? Ég held, að kannske værum við þá farnir að hugsa um annan háskóla. Við skulum lofa þeim, sem koma hér næst á eftir okkur, að eiga við það að ráðstafa Skálholti fullkomlega, ef við ekki berum gæfu til þess, ef við ekki höfum stórhug til þess að ráðstafa Skálholti þannig, að við getum verið bæði sammála um það og stoltir af því, hvernig við ráðstöfum því.

Ég segi þetta meðfram vegna þess, að mig hryggir það bókstaflega, hvernig mér sýnist Háskóli Íslands vera að þróast hjá okkur hérna í Reykjavík. Ég var nú nýlega í Osló, var að skoða þar það nýja, stóra háskólasetur, sem þeir eru að byggja upp, glæsilegan, voldugan háskólabæ fyrir utan Osló, og reyndar þar sem bara sögulega og heimspekilega deildin ein er tiföld að stærð á við okkar háskóla. Hér í Reykjavík aftur á móti, hvaða áhrif hefur Reykjavík og fésýslulífið og braskið í Reykjavík haft á þá, sem stjórna Háskóla Íslands? Hvað er það, sem þeir ráðast í að byggja? Þeir ráðast í að byggja Háskólabíó. Hvað settu þeir í það? 20 millj. — eða hvað? Það er ekki verið að byggja við háskólann, vegna þess að hann sé of lítill. Nei, þeir byggðu bíó. Það er þessi biósótt í þessum mönnum, sem hafa með opinbera peninga að gera, alveg eins og í dvalarheimili aldraðra sjómanna. Og af hverju stafar þessi biósótt hjá þessum mönnum? Þeir liggja undir fyrir fésýsluhætti, en finna ekki til þess stolts, sem þeir eiga að finna til sem menntamenn. Það hefði ekki verið byggt Háskólabíó, ef við hefðum verið með þetta í Skálholti, það er víst.

Það er þessi smitun af öllu brasklífi burgeisastéttarinnar í Reykjavík inn á okkar menntamenn, sem hryggir mig, og ég vil þess vegna ekki flýja frá því að reyna að byggja Reykjavík upp sem menntasetur. En ég held, að við eigum að athuga það alvarlega, hvort við eigum ekki að geyma Skálholt, jafnvel þótt við ekki geymdum okkur það, þó að við geymdum það næstu kynslóðinni, Skálholt til þess að byggja það þannig. Ég skal að vísu viðurkenna, að það er hægt að taka aðra staði, sem hafa líka sína sögu. Það er hægt að taka Odda, það er hægt að taka Haukadal, en Skálholt hefur þó alveg sérstakt aðdráttarafl í mínum augum í því sambandi.

Þá er spursmálið um, hvort slíkt væri fært. Er það ekki svo fjarri öllu lagi að hugsa sér Skálholt sem eitthvert slíkt menntasetur, að það sé svo óraunhæft að láta sér detta það í hug, að t. d. næsta kynslóð vildi fara inn á slíka braut? Ég held ekki. Ég vil ítreka það, að ég álít, að það væri hollt að skapa eitthvað slíkt. Ég álít, að það væri líka hollt í öllum þeim vandamálum, sem menn oft eru að ræða hér út af dreifbýlinu. Menn hafa veitt því athygli, að jafnvel svo nálægt sem Suðurlandið

er Kjalarnesþingi, þá hefur engu að síður íbúatalan á Suðurlandi, þ. e. austanfjalls, staðið í stað nokkurn veginn síðan um aldamót, af því að öll fólksfjölgun hefur orðið hér í Reykjavík. Ef ég man rétt, þá voru 78 þús. manns á Íslandi árið 1901. Nú eru það 180 þús. Öll þessi 100 þús., sem bætzt hafa við, eru hér í Kjalarnesþingi.

Í sambandi við þetta spursmál um dreifbýlið og um, hvort raunhæft væri að koma þarna upp menntasetri, þá vil ég segja, að það, sem strandaði á t. d. viðvíkjandi Akureyri að reyna að koma upp menntasetri þar, það ætti ekki að þurfa að stranda viðvíkjandi Skálholti. Fyrir menn, sem hefðu átt að verða kennarar norður á Akureyri, ef þeir hafa verið áður í Reykjavík, þá finnst þeim óskaplegt að láta kippa sér upp, og held ég þó, að ýmsir hefðu gert það, ef harðar hefði verið eftir gengið. Hins vegar er Skálholt svo nærri, að það verður ekki í framtíðinni, þegar góðir vegir eru komnir, nema klukkutímaferð að skreppa hingað. Það er ekki meira en úr úthverfi í London inn í miðja London, ef menn vilja sækja leikhús eða eitthvað þess háttar, þannig að þeir, sem þar eru, geta notið alls þess bókakosts og annars slíks, sem fræðimenn vilja fá lánað hér úr söfnunum, á meðan ekki væru komin upp eins stór söfn þar. Það er nógu nærri Reykjavík til þess að njóta alls þess bezta, sem Reykjavík á að bjóða, og samt nógu fjarri Reykjavík til þess að njóta þess að vera kyrrlátt menntasetur, en þó í lífrænum tengslum við stóra og volduga bændabyggð og öllum líkindum við vaxandi kauptún og kaupstaði í þeirri sýslu.

Ef við aðeins hugsuðum þetta og skipulegðum fyrir fram, þá efast ég ekki um, að það væri hægt að fá marga menntamenn til þess að setjast þarna að. Ég tala nú ekki um, ef þetta væri skipulagt þannig, að það væri byggt þó nokkuð í einu, safnað í sjóð og byggt þar þó nokkuð í einu. Ég vil minna á, að einn af þeim íslenzku stjórnmálamönnum, sem um tíma voru hér voldugir stjórnmálaforingjar og ef ég man rétt kirkjumrh., hann dreymdi um háborg íslenzkrar menningar hér á Skólavörðuholtinu, dreymdi um fagrar byggingar þar, dreymdi um byggingar, sem ættu að setja allt sitt mark á Reykjavík. Og vissulega hefði verið hægt að framkvæma þá hugsjón, ef samtök hefðu skapazt um það á þeim tíma. Skólavörðuholtið varð hins vegar bröggunum að bráð og seinna meir illa hugsuðum stórbyggingum, sem var kastað þar niður eins og af handahófi, þannig að það lítur út fyrir, að þeir, sem skipulagt hafa Reykjavík, hafi yfirleitt verið frámunalega duglegir í því að eyðileggja flest af því, sem fegurst hefur verið hægt að hafa í byggingu Reykjavíkur sem heildar.

Reykjavík stendur á sjö hæðum eins og Rómaborg. Það hefði kannske verið hægt að hafa eina af þeim, sem hefði verið byggð af svipuðum smekk og Grikkir byggðu Akrópólis á sínum tíma. En ekkert af neinu slíku hefur komizt að. Meira að segja þar sem af tilviljun eitthvað fagurt hefur verið byggt, eins og við skulum segja Landakotskirkjan eða Sjómannaskólinn, sem drottnuðu vel yfir sínu umhverfi, þá þarf að klessa upp við þetta aftur öðrum stórbyggingum, sem svo eyðileggja þetta meira eða minna, við skulum segja eins og Landakotsspítalanum núna eða kirkjunni þarna hjá Sjómannaskólanum. Það er eins og það hafi aldrei verið mögulegt að hugsa byggingu á einni einustu hæð hér í Reykjavík út frá sjónarmiði fegurðarinnar eða smekksins. M. ö. o.: þeir draumar, sem menn höfðu barizt fyrir fyrir 30 árum um að reyna þá að setja einhvern svip menningar og fegurðar á Reykjavík, þeir hafa runnið út í sandinn. Skálholt er enn þá óskemmt. Þrátt fyrir vitleysur, sem gerðar hafa verið þarna, þá væri hægt að byggja þar mjög fagurlega, ef þetta væri hugsað sem heild, þannig að það getur þá verið eitthvað, sem við værum stoltir af að sýna, — við kynnum þó að skipuleggja.

Nú vil ég um leið taka það fram, þegar ég tala svona mikið um Skálholt sem hugsanlegt menntasetur, að ég hugsa mér það þar með ekki sem neinn fílabeinsturn fyrir menntamenn. Ég hugsa mér, að á þessum stöðum, ekki sízt ef þarna kæmi búnaðarháskóli, bændaskóli og annað slíkt, þá mundi líka máske rísa þarna upp, ekki síður en risið hafa upp nú þegar að nokkru leyti á Selfossi, miðstöðvar að ýmsu leyti fyrir landbúnaðinn þarna, þá miklu ræktun, sem þarna á eftir að verða í framtíðinni allt í kring. Þarna mundu verða líka góðir staðir fyrir heimavistarskóla, þarna munu verða kannske líka fagrir sumardvalarbústaðir og ýmislegt, sem alltaf rís upp í sambandi við lítinn bæ, sem hleður síðan utan á sig. Það mundi skapast þar náttúrlega eins og annars staðar.

Ég vildi nú aðeins, fyrst þetta mál var sett hér inn á þingið nú, biðja hv. þm. að hugleiða þetta mál, hugleiða það, hvort það væri ekki rétt að íhuga þetta ofur lítið betur, áður en við tökum endanlega ákvörðun. Ég held, að ég megi fullyrða, að kirkjan á Íslandi sé ekki sammála innbyrðis, hvað þarna skuli gera. Kirkjuþing er enginn óvefengjanlegur fulltrúi kristinnar kirkju á Íslandi í þessu sambandi. Við sjáum það bezt á prestskosningafrv. Og ég sé ekki, að það geti legið á því að gera nú aðra vitleysuna hinni verri, að flana að þessu. Ef það er það, sem veldur vandræðunum í þessu, að menn viti ekki, hvað þeir eiga að gera við biskupshúsið þarna, sem biskupinn á ekki að búa í, og við milljónina, sem þeir vilja endilega láta úr ríkissjóði, þá er hægt að koma þessu hvoru tveggja í lóg á mjög skynsamlegan máta. Það er eins og ég sagði áðan við hæstv. kirkjumrh., það er hægt að gera þennan bústað að heiðursbústað fyrir íslenzka vísindamenn, rithöfunda eða sagnfræðinga eða hverja sem vera skal um visst árabil. Þeir geta fengið að búa þarna og 1, 2,

3 menn geta fengið að hafa kannske alla þessa millj. til ráðstöfunar til þess að vinna að því að skrifa verk, til þess að vera í algeru frii og skrifa rit viðvíkjandi Íslandssögu.

Ég vona, að hv. þm. sé ljóst, hvernig við erum að dragast aftur úr með allt, sem heitir rannsóknir í sambandi við okkar sögu, bara vegna þess að mennirnir, sem færastir eru til þess að gefa sig að þessu, eru allan tímann í brauðstriti og geta ekki gefið sig að vísindastörfunum í þessum efnum. Og það væri sannarlega ekki á glæ kastað að láta þetta hús vera slíkt aðsetur um nokkurt skeið og nota þetta fé til þess að vinna fyrir íslenzk vísindi, fyrst og fremst hugvísindi, okkar sögu, okkar mál. Og menn stæðu þar mjög vel að vígi, menn eru það nærri Reykjavík, að þeir gætu fengið öll sín gögn, sem þeir vilja, þangað, en menn hefðu frið til þess að vinna. Og það eru áreiðanlega margir, sem mundu taka það að sér, af okkar færustu mönnum að vinna upp á slík býti. Það eru margir menn á Íslandi núna, sem til allrar hamingju eru ekki svo snauðir í okkar menntamannastétt, að þeir mundu ekki þiggja það að búa við heiðurslaun í heiðursbústað um nokkurt skeið til þess að mega algerlega helga sig verkefnum, sem þeir fá ekki tíma til að vinna nú fyrir brauðstriti. Og það er ekki lítið, sem við erum að tapa með hverju árinu sem líður, með þeirri kynslóð, sem nú er smátt og smátt að kveðja, vegna þess að menn hugsa ekki út í það í tíma og gefa þeim mönnum, sem hvað mest hafa stundað íslenzka sögu og hugsað um hana, tækifæri til þess að skrifa um hana. Það eru nokkrir slíkir ágætir menn þegar farnir í gröfina á síðustu árum, með vísdóm, ekki sízt um okkar 14. og 15. öld, sem getur kostað okkur kynslóðir að fá aftur, ef við fáum það nokkurn tíma.

Ég held þess vegna, að við ættum að staldra ofur lítið við. Ég hef, eins og ég sagði í upphafi míns máls, ekki haft tíma til þess að útbúa nál. um þetta mál, en ég býst við, að mín till. mundi verða sú í svipinn að afgreiða það með rökst. dagskrá. Og ég vil þess vegna fara fram á það við hæstv. forseta, að þessari umr. verði ekki lokið, áður en ég hef fengið tækifæri til þess að koma með hana. Ég skal reyna að sjá til þess, að það tefjist ekki lengi af þeirri sök.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Ég er sammála meiri hl. menntmn. um, að það beri að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir, um heimild handa ríkisstj. til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholt. Ég er sammála út af því, að í vitund minni og ég held vitund mestrar þjóðarinnar er Skálholtsstaður fyrst og fremst tengdur kristni og kirkju hér á Íslandi. Það, sem fyrir mínum augum er aðalatriðið í þessu máli, er, að í því umróti, sem nú fer fram á ýmsum sviðum, verði reynt að tryggja það, að Skálholt verði um alla framtíð tengt einmitt þessum aðila, kristni og kirkju á Íslandi. Ég held, að með því móti sé miklum verðmætum bjargað, og þó að hér hafi verið talað fagurlega um menntasetur, sem ætti að staðsetjast t. d. í Skálholti, alhliða menntasetur, þá held ég, að það mundi aldrei færa staðnum þá reisn, sem kirkjan hefur gert um aldir og nafn Skálholts er tengt við. Hitt er annað mál, að ég fagna þeirri hugmynd, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að byggja öflugt menntasetur utan Reykjavíkur. Ég hygg, að það yrði mjög hollt og nauðsynlegt íslenzku þjóðlífi.

Ég hef leyft mér að bera fram lítils háttar brtt. við aðaltill. meiri hl. n. eða gera hana dálítið fyllri, — brtt., sem er á þskj. 434 og útbýtt hefur verið hér í dag. Og hún er þess eðlis, að aftan við 1. mgr. frv. bætist: „þangað til næsta kirkjuþing kemur saman, en þá og síðan skal það skipa málum staðarins. Þegar biskup verður aftur settur í Skálholti, falli staðurinn og stofnanir hans undir þann biskup.“

Ég geri þetta vegna þess, að mér virðist, að í kirkjuþingi sameinist prestastéttin, hin andlega stétt á Íslandi, þjóðinni. Og ég tel eðlilegt, að þau öfl, sem þar koma saman og vinna að kristindóminum hér í landinu, þau hafi með þetta mál að gera, það sé ótvírætt, þau séu yfirstjórnandi þessa staðar, og þá um leið sé haldið opnum þeim möguleika og talið eðlilegt til að fyrirbyggja misskilning síðar, að komi biskup í Skálholt, sem ég held að hugur margra stefni til, þó að það að svo stöddu kunni að vera ótímabært að ákveða slíkt, þá teldi ég eðlilegt að taka af öll tvímæli um það, að Skálholtsbiskup, þegar hann kemur, hafi umráð staðarins í sinni hendi. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Síðari liður brtt. er aðeins orðalagsbreyting, þar sem talað er um þá starfrækslu, sem þar verði komið upp, í staðinn fyrir orðin „sem biskup og kirkjuráð koma þar upp.“ Það leiðir af sjálfu sér af því, sem er í fyrri liðnum.

Ég ætla mér ekki að flytja langt mál um þetta efni, en ég held, að hugmynd um þetta og í þessum anda hafi komið fram aðallega á fundi, sem um þetta mál var haldinn á Suðurlandi í vetur, þar sem þess er óskað, að tryggt sé, að þessi mál verði í höndum þessara aðila, kirkjuþingsins, eins og ég áður sagði, þeirrar samkomu, sem tengir saman veraldlega valdið og hið kirkjulega vald.

Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 59. og 60. fundi í Nd., 25. og 26. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það hafa orðið allmiklar umr. um þetta mál hér, og komið hafa fram um það ýmis sjónarmið. Ég hef ekki getað fylgzt með þeim umr., þar sem ég var ekki viðstaddur, þegar þær fóru

fram, en ég hef áður hér á Alþ. tekið þátt í umr. um endurreisn Skálholtsstaðar, og vil ég nú nota þetta tækifæri til þess að lýsa því yfir, að skoðanir mínar um málið eru óbreyttar frá því, sem þær hafa verið áður.

Ég tel, að það sé ekki nóg að reisa vegleg staðarhús þar í Skálholti og volduga kirkju, þó að slíkt sé vissulega nauðsynlegt, nauðsynleg byrjunarframkvæmd. En saga og frægð Skálholts er ekki til orðin vegna glæsilegra bygginga á fyrri öldum, heldur fyrst og fremst vegna þess mannlífs, mennta og trúar, sem þar blómgaðist um margar aldir og var undirstaða þeirrar menningar á hinu andlega sviði, sem þessi þjóð hefur tileinkað sér og er þekkt fyrir. Sannleikurinn er sá, að enn erum við Íslendingar þekktastir fyrir þær bókmenntir, sem urðu hér til á 13. og 14. öld, og þá sögu, sem þessar bókmenntir okkar hafa að geyma um uppruna okkar og líf þjóðarinnar í landinu fyrstu aldirnar, þ. á m. þróun trúarbragða okkar. Kirkjan, biskupsstólarnir og klerkastéttin eiga að minni hyggju mesta heiðurinn af varðveizlu sögunnar og að halda vakandi alla tíð með þjóðinni menntaþrá og kjarki í þrautum hennar. Slíkum dyggðum á þjóðin að þakka tilveru sína í dag. Hugsum okkur, að þjóðin hefði ekki átt sögu sína varðveitta á hinum fornu skinnblöðum, og hugsum okkur einnig, að þjóðin hefði ekki heldur eignazt kristna kirkju. Hver hefði þá orðið saga okkar og menning? Hvernig væri þá tunga okkar og þjóðerni í dag? Því er auðvitað ekki hægt að svara. Við erum kallaðir oft og tíðum söguþjóð og land okkar sögueyjan. Þetta er vegna fornbókmenntanna.

Oft hefur það hvarflað að mér að hugsa sem svo, að eiginlega stæðum við nútímakynslóðin varla undir því sæmdarheiti að vera kölluð söguþjóðin. Við eigum í landinu marga fræga sögustaði, sem við höfum fram að þessu ekki gert neitt til að varðveita. Þjóðernistilfinning og hóflegt þjóðarstolt er hverri þjóð nauðsynlegt. Ég hygg, að flestar þjóðir leggi rækt við slíkt í uppeldi og skólum æskunnar, bæði með sögukennslu, en ekki síður á þann hátt að varðveita allar sögulegar minjar og hlúa að slíku og kynna það fyrir æskulýðnum, svo að hann komist í lifandi snertingu við fortíð og sögu þjóðar sinnar. Hér vantar mjög tilfinnanlega þátt í uppeldi íslenzkrar æsku að mínum dómi.

Ég álít, að Skálholt geti og eigi að vera tengiliður milli fortíðar, nútíðar og framtíðar í lífi íslenzku þjóðarinnar. En til þess að það geti orðið, þarf að koma að nýju líf og starf í Skálholti. Ég get ómögulega annað séð en staðurinn sé tilvalinn fyrir æðsta mann klerkdómsins hér á landi, sjálfan biskupinn. Og ég tel, að í raun og veru sé endurreisn Skálholts ekki hafin til fulls, fyrr en biskupinn er setztur þar að. Undir handarjaðri biskupsins gæti þróazt í Skálholti margs konar menntalíf á vegum kirkjunnar. Ég gæti vel hugsað mér, að kirkjan hefði í Skálholti undirbúningsskóla og námskeið fyrir væntanlega starfsemi sína. Ég mun að vísu ekki hætta mér út í það að gera neinar till. um væntanlegar menntastofnanir í Skálholti, því að ég finn mig ekki færan um slíkt, enda er líklegast, að slíkt mundi þróast eftir þörfum og kröfum þjóðarinnar og kirkjunnar á hverjum tíma.

Ég veit, að ýmsir halda því fram, að við eigum ekki að vera að halda upp á þá þætti í sögu okkar, sem tengdir eru hinu forna kirkjuvaldi, af því að þetta vald hafi oft gert ýmsa hluti ókristilega í samskiptum sínum við alþýðu manna. En ég tel, að sagan sé ævinlega það verðmætasta til þekkingar. Þar er hjá flestum eða öllum þjóðum bæði margt fallegt og einnig margt, sem miður hefur farið. En það eru staðreyndir úr lífi genginna kynslóða, sem gott og nauðsynlegt er að þekkja og læra af því. Þess vegna ber að varðveita og styrkja tengslin við líf og starf horfinna kynslóða. Þess vegna eigum við líka að endurreisa á þjóðlegum og sögulegum grundvelli flesta af okkar fornu sögustöðum.

Hv. 4. þm. Sunnl. hefur borið fram brtt. á þskj. 434 við frv., og vil ég lýsa því yfir, að ég styð þær brtt. Með þeim er gert ráð fyrir því, að biskup verði aftur settur í Skálholt og þá falli staðurinn undir hann, en þangað til skipi kirkjuþing málum staðarins. Ég tel, að þannig eigi Alþ. að ganga frá þessu máli nú, og ef svo verður, þá tel ég, að Skálholt muni aftur fá miklu hlutverki að gegna með þjóðinni og verða helgidómur, sem tengir kynslóðirnar við sögu og fornar minningar og verða leiðandi og sigrandi aflvaki í lífsstríði manna á ókomnum tímum.

Ýmsir tala um, að biskupar þurfi að vera þrír og sitji einn í Reykjavík, annar í Skálholti og hinn þriðji á Hólum. Það getur vel verið, að þegar þjóðinni hefur fjölgað enn meira, t. d. um næstu aldamót, þá verði þörf fyrir þrjá biskupa, og þá væri vitanlega sjálfsagt, að búsetu þeirra yrði hagað á þann hátt. En eins og nú standa sakir sé ég ekki, að slík biskupafjölgun sé aðkallandi eða nauðsynleg. Ég hygg, að enn nægi kirkjunni og klerkunum einn yfirmaður, og ég tel, að hann eigi að sitja í Skálholti. Ég er viss um það, að þegar Skálholt hefur á þann hátt verið endurreist, þá mun íslenzka þjóðin fara að finna betur sjálfa sig og leggja rækt við fleiri sinna fornfrægu sögustaða.

Ég mun svo ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Það voru nokkur orð út af þeirri ræðu, sem hv. 2. þm. Sunnl. hélt hér, sem að vísu margt var gott í, en ég finn samt ástæðu til þess að gera nokkrar aths. við.

Í fyrsta lagi hélt hann því fram, að það hefði verið kirkjan og klerkarnir, sem hefðu talið í okkar forfeður hug og dug hér á erfiðum öldum áður fyrr, og þeir ættu alveg sérstakar þakkir skilið fyrir, hvernig þeir hefðu hjálpað til að viðhalda okkar menningu og

okkar bókmenntum. Ég er ekki alveg sammála um það. Ég held, að þeir aðilar, sem hafa gert það að verkum, að við lifum enn þá sem þjóð og að það drapst aldrei kjarkurinn hjá okkur, hvernig svo sem prestarnir prédikuðu yfir okkur aumingjaskapinn, það hafi verið íslenzkir bændur. Ég held, að þeir hafi verið sá kraftur, sem bjó með þessari þjóð og hélt í henni andlega lífinu, og ég held, að jafnvel hálfheiðnar ferskeytlur hafi löngum verið duglegri og betri til þess að halda í okkur andlegu lífi heldur en margs konar sálmar, að Passíusálmunum einum undanteknum, og það er vegna þess, að það er þó alltaf nokkur heiðinn andi í þeim, þrátt fyrir alla kristnina. Ég held, að það sé alger misskilningur, að klerkarnir, þótt þar hafi verið margir mætir menn, hafi alveg sérstaklega helgað okkur Skálholt. Aðeins sá bezti þeirra, sá sem drepinn var þar, síðasti kaþólski biskupinn, helgaði Skálholt á sinn máta, en ekki á þann máta, að þess vegna væri rétt að fara að gefa það lútersku kirkjunni, því að ekki voru það þó aðrir en fyrst og fremst þeir lútersku prestar, sem þá voru í Skálholti, sem sáu um, að Jón Arason var drepinn, jafnvel þótt við Íslendingar kysum heldur að hefna okkar á Dönum fyrir það.

Það, að við vorum þjóð, sem lifði af andlega allan þennan tíma, var ekki íslenzkri höfðingjastétt, hvorki klerklegri né veraldlegri, fyrst og fremst að þakka, heldur íslenzku alþýðunni. Það var hún, sem reyndi á í þessu öllu saman, og þótt það kæmu úr höfðingjastéttinni, bæði klerklegri og veraldlegri, margir nýtir menn, þá var það þó fyrst og fremst vegna þess, að þeir höfðu það mikið samhengi og samband við okkar sögu og við okkar alþýðu, að þeir gátu þess vegna lagt fram sitt til þess, ýmist með sinni stjórnmálalegu baráttu eða með því, sem þeir sköpuðu á bókmenntasviðinu, að þjóðarerfðin hélzt við. Okkar menning á þeim öldum, þegar við áttum allra mest bágt, lifði fyrst og fremst á vörum alþýðu. Og þegar litið var annað eftir raunverulega af henni en tungan, þá varð það alþýðan, sem hélt henni við. En vissulega, ég skal ekki draga úr því, að þar lögðu meira að segja afturhaldssamir klerkar góða hluti fram í að hjálpa til að varðveita þá okkar tungu.

Þá kom hv. 2. þm. Sunnl., eftir að hafa talað um kirkju og klerka og að því að mér fannst gleymt hlut bænda og alþýðu, þá kom hann að kristninni, hvað hún hefði gert og hvað við værum litlir án hennar, við værum fyrst og fremst bókmenntaþjóð, og hvað værum við, ef við hefðum aldrei meðtekið blessaða kristnina? Hvað hefði orðið úr okkur án kristninnar? Hvað varð úr okkur, meðan heiðni var hérna? Hvað vorum við þá? Vorum við ekki ein fremsta þjóð Evrópu? Stóðum við ekki bókmenntalega hærra, þó að við kynnum ekki enn þá að skrifa, heldur en nokkur önnur þjóð í Evrópu þá, á 10. öld, og ortum við ekki kvæði þá, áður en við tókum kristni, eins og Völuspá, sem enn þá eftir tæp 1000 ár stendur með því æðsta, sem skapað hefur verið í bókmenntaheimi veraldarinnar, við heiðnir Íslendingar. Við skulum ekki lasta þá forfeður, sem mótuðu þessa þjóðmenningu og skópu þjóðveldið. Þeir skópu eitthvert sérstæðasta fyrirkomulag, sem skapað hefur verið í veröldinni, og gerðu í sínu löggjafarstarfi svo merkilega hluti, að það hafa engar aðrar þjóðir, að Grikkjum og Rómverjum ekki undanteknum, gert annað eins.

Við tókum kristnina árið 1000, og það var vissulega gott að ýmsu leyti. Kristnin hafði næstu 100 árin á eftir mjög margt gott í för með sér hér heima, og vissir þættir úr henni í sambandi við hennar friðarboðskap og hennar bróðurkærleika urðu snar þáttur úr okkar þjóðlífi. En hvað var það, sem var það bezta við kristnina, þegar við samþ. hana á Alþingi árið 1000? Það bezta við hana var, að hún var nógu lin, nógu sveigjanleg, nógu frjálslynd til þess að lofa heiðninni að lifa á Íslandi. Það var það, sem var það stórkostlega við okkar heiðnu forfeður, að þeir gerðu það sem hvert annað stjórnmálalegt samkomulag á Alþingi árið 1000 að taka við kristni, af því að íslenzka þjóðveldið krafðist þess, þurfti á því að halda til þess að lifa og til þess að komast ekki undir útlent vald. Þeir höfðu vit á því að bægja frá sér því ofstæki, sem einkenndi þá kaþólskuna víða um Evrópu. Þeir höfðu vit á að skapa kristni hér á Íslandi, sem var sérstæð í öllum heiminum að Írlandi einu undanteknu, sérstæð í því að þora að varðveita anda heiðninnar innan sinna vébanda og þær bókmenntir, sem heiðnin hafði skapað. Þeir þorðu að varðveita drengskapinn og annað af því, sem þeir heiðnu Íslendingar mátu mest áður. Og þeir héldu áfram að varðveita þessar heiðnu dyggðir, sem hafa lifað hjá okkur síðan, og varðveita þá karlmennsku, sem kristninni aldrei tókst að drepa, þrátt fyrir allan sinn boðskap um að beygja sig undir vöndinn, þann kjark, sem var endurreistur, þegar menn eins og Þorsteinn Erlingsson komu með sinn boðskap hér í lok 19. aldarinnar. Það var það glæsilega við þessa kristni, að hún lofaði þessum heiðnu dyggðum að þróast og drap þær ekki með ofstæki ríkisvaldsins. Það var það góða við þessa kristni, að hún hafði það umburðarlyndi, að hún skildi, að það, sem heiðnir menn höfðu skapað hér á Íslandi, bókmenntirnar og annað slíkt, þurfti að fá að lifa. Og hvað þýddi það? Það, að við meðtókum slíka frjálslynda kristni hér, þýddi, að hér lifðu Íslendingasögurnar, hér lifðu Eddurnar og hér var þetta ekki allt saman drepið niður eins og þar, sem klerkarnir fengu að komast að í þjónustu konungsvaldsins á Norðurlöndum, í Englandi og annars staðar og drápu allt það fegursta niður, sem gamla bændaþjóðfélagið hafði skapað, þannig að hér úti á Íslandi stóðum við einir uppi, þessir hálfheiðnu og hálfkristnu Íslendingar, með

dýrmætustu andlegu fjársjóðina, sem germanskar þjóðir höfðu skapað, og gátum varðveitt þá og gefið þá síðari tímum. Og ekkert af því, sem Íslendingar eru stoltir af í sinni fornöld, Íslendingasögurnar, Eddurnar, Noregskonungasögurnar, hefði verið skapað eða hefði verið til, svo framarlega sem þetta hefði ekki gerzt. Ef kristið ofstæki hefði fengið að fara hér að á svipaðan máta og t. d. í Noregi, þá hefðum við aldrei getað gefið Norðmönnum það, sem Snorri gaf þeim. Þetta er vert að muna. Það er það, að þá voru menn, sem kunnu að meta þann heiðna arf, sem við yfirtókum, bæði í siðfræði og bókmenntum, — það er það, sem gerði það að verkum, að Ísland er enn í dag það, sem það er. Án þess að þessar bókmenntir hefðu varðveitzt á þeirri tungu, sem þær voru á skrifaðar, án þess hefðum við ekki reist okkur við aftur á 19. öldinni, án þess hefðum við að öllum líkindum orðið Danir, dönsk þjóð, eins og meira að segja Rasmus Kristján Rask óttaðist 1813, þegar hann sá, í hvernig ástandi Reykjavík var þá.

Við skulum þess vegna ekki, þó að það þyki kannske tízka hér að tala af ákaflega mikilli lotningu um okkar lútersku kirkju, — við skulum ekki fara að níðra eða trampa á heiðninni eða þeim arfi, sem hún gaf íslenzkri þjóð, því að þá byrjum við að trampa á öllu því, sem bezt er til í okkar þjóð. Þess vegna skulum við gefa guði það, sem guðs er, og keisaranum það, sem keisarans er, og við skulum láta hvern njóta sannmælis í þessu efni. Við skulum lofa heiðninni, okkar gamla heiðna þjóðveldi og öllu því, sem það gaf okkur, að njóta sannmælis, og þó að mönnum þyki á ýmsan hátt máske þægilegt að reyna að skrýða sig með kristninni, fara ekki að reyna að gera á hlut annarra þess vegna. Meira að segja orðið bóndi mundi ekki hafa þá stoltu merkingu, sem það hefur í dag á Íslandi og það hefur glatað í flestum öðrum germönskum tungumálum, nema því aðeins að svo mikið hefði lifað af dyggðum og stolti heiðninnar og þess heiðna þjóðfélags okkar, sem áður var, og allan tímann getað þróazt innan veggja kristninnar, að við getum enn þá með stolti nefnt þau orð, sem búið er að litillækka í sumum tungumálum eða útrýma jafnvel alveg þeim gamla stofni og taka upp önnur ný í staðinn.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagðist vera sammála um það, að við ættum að endurreisa Skálholt á þjóðlegum og sögulegum grundvelli. Það er einmitt það, sem ég vil, og þá held ég, að við eigum að taka tillit til alls þjóðlega og sögulega grundvallarins í þessu. Og það verður ekki bezt gert með því að setja bara biskupsstól í Skálholti. Hvað breytist með því að setja biskupsstól í Skálholt? Ég hef áður lýst því yfir, að ég hefði ekkert við það að athuga og mundi geta verið með því, svo framarlega sem um það væri að ræða að hafa þann eina biskup, sem væri á Íslandi, í Skálholti. Og þetta var athugað þó nokkuð hér á Alþ. fyrir nokkrum árum. Ég heyrði það, gott ef það var ekki á tímum helmingaskiptastjórnarinnar, — ég heyrði það alveg á þeim, sem fóru með þessi mál þá, að það mundi þykja ófært að flytja biskupinn burt úr Reykjavík vegna þeirrar þjónustu, sem ætlazt væri til að hann veitti prestum og öðrum kirkjunnar lýð, og það var þess vegna alveg greinilegt þá, að það mundi ekki vera hægt að fá biskupsstólinn fluttan í Skálholt, nema því aðeins að það yrði nýr biskupsstóll settur þar upp. Hjálpar það eitthvað upp á sakirnar í þessum efnum? Er ekki hugmyndin hjá þeim, sem tala um að endurreisa Skálholt sem biskupsstól, að þá væri hinn eini biskupsstóll Íslands í Skálholti, svo sem verið hefði síðari hluta 11. aldar? Ég hef a. m. k. alltaf skilið það svo. Ég hef ekki skilið það svo, að það ætti bara að reyna að fá einhvern af prestunum til þess að heita frekar vígslubiskup eða jafnvel biskup, það væri ekkert meira, en sá raunverulegi biskup væri í Reykjavík. Og ég sagði það í framsöguræðu fyrir minu nál., sem því miður ekki er komið, að ég væri hræddur um, að þá væri þetta tómt tildur, og taldi ekki, að við ættum að vera að leika okkur að því. Það er ekkert spursmál um tildur, þegar við ræðum um það að reyna að skapa eitthvað á þjóðlegum og sögulegum grundvelli. Það er spursmál um, hvort við getum eitthvað gert fyrir okkar þjóðmenningu.

Ég hef verið hlynntur því, ef það væri hægt að skapa viss menntasetur utan Reykjavíkur, hef sjálfur á sínum tíma átt minn þátt í því að reyna ofur lítið að vinna að því viðvíkjandi Akureyri. En ég álít, að ef við gætum komið okkur saman um að reyna að gera Skálholt að einhverju leyti að slíku menntasetri hér sunnanlands, þá hefði það mjög marga kosti upp á að bjóða, en þá yrðum við að vera ákveðnir í því fyrir fram, að við ætluðum að gera þetta. Við getum ekki ákveðið svona hluti í sambandi við t. d. bara einn einasta skóla. Við vitum það ósköp vel, hvaða röksemdir það eru, sem mæta okkur alltaf núna, ef við tölum um að setja niður einhvern æðri skóla úti á landi. Það mæta okkur þær röksemdir, að það er sagt: Það vantar kennslukrafta. — Og þetta er stundum rétt, þegar bara um einn skóla er að ræða. Ef það væri um að ræða 5 skóla, 5 æðri skóla, sem væri fyrir fram skipulagt að setja niður á einn ákveðinn stað, þá væri maður um leið búinn að fá næga kennslukrafta og um leið kennslukrafta, sem yrðu miklu ánægðari yfir að vera þar, þegar það er að skapast einhver verulegur menntamannabær í sambandi við það. Ef við þess vegna byggjum til áætlun um það, hvernig við ætluðum að vinna þannig Skálholt upp í slíkt menntasetur, þá yrði miklu hægara við þetta að fást.

Ég sé ekki betur en það sé meira að segja verið að ræða um það núna í þinginu hjá okkur, að bændaskóli, sem upphaflega var

ætlað að yrði á Suðurlandi, að það ætti að strika það út. Ég sé ekki, af hverju við getum ekki reynt að viðhalda því, að það yrði bændaskóli á Suðurlandi, og þá alveg sérstaklega að staðsetja hann í Skálholti. Það er talað um landbúnaðarháskóla. Og það eru þegar uppi raddir um það, að landbúnaðarháskóli eigi hvergi að vera nema hér í Reykjavík. Ef við ákveðum að staðsetja hann í Skálholti og bændaskólann líka og fleiri skóla, sem við værum með, þá mundi detta niður röksemdin um, að það væru ekki nógu miklir kennslukraftar. Það er talað um, hvar rannsóknarstofnanir landbúnaðarins eigi að vera. Og það þykir helzt hvergi mögulegt að hafa rannsóknarstofnanir landbúnaðarins nema í Reykjavík, og hélt ég nú samt, að eitt af því, sem rannsóknarstofnun í landbúnaði þyrfti að gera, væri að gera ekki svo mjög lítið af tilraunum með, hvernig grös vaxa og annað slíkt, og fyrir utan, að það þyrfti kannske að verða einhver aðstaða til þess að hafa einhvern fénað þar einhvers staðar í nágrenni við. Af hverju væri alveg óhugsandi að hugsa sér að staðsetja slíkt í Skálholti? Ég taldi fleira upp seinast, sem ég skal ekki fara að telja upp aftur.

Þess vegna held ég, að hv. 2. þm. Sunnl. hefði heldur átt að fallast á mínar hugmyndir um, að við athuguðum þetta mál betur og sæjum til, hvort við gætum ekki komið okkur saman um að skipuleggja framtíðarmenntasetur í Skálholti og endurreisa Skálholt þannig á þjóðlegum og sögulegum grundvelli, heldur en að flýta okkur að þessum hlut núna, að ákveða að gefa það þjóðkirkjunni, sem ég veit nú þegar að er í vandræðum með, hvað eigi að gera við það. Og eitt af því fyrsta, sem kemur upp í þessu vandræðafálmi, það er: Eigum við ekki að setja biskup þar? Og hér er strax komin fram till. á Alþ. um það. Það var einu sinni, að Framsfl. var ekki sérstaklega æstur í að fjölga embættismönnum, en mér sýnist hann vera orðinn svo kristinn núna, að ef það er bara biskup, sem bætt er við, þá sé allt í lagi. Ég held, að það mundi þá vakna stoltið hjá Norðlendingununm, enda hef ég orðið var við það, að þeir mundu vera mjög ákveðnir í því að fá sinn biskup á Hólum. Og treysta menn sér til þess að standa á móti því, sérstaklega þeir, sem segjast nú verja hag dreifbýlisins? Hólar eru þó fullkomnari fulltrúi fyrir það á vissan máta en nokkurn tíma Skálholt, sökum fjarlægðar frá Reykjavík. Ef um það á að ræða, ætli menn yrðu þá ekki strax að fara að bæta við þriðja biskupnum þar, út frá þessum sömu þjóðlegu og sögulegu forsendum, sem hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um. Mér sýnist þess vegna alveg einsætt, ef á að fara inn á þessa leið núna, að samþykkja þetta frv. hæstv. ríkisstj., þá muni krafan um biskupana koma þarna á eftir og síðan leiða til þess, að hér verði þrír biskupar. Ég veit ekki, hvort kristnin í landinu verður nokkuð meiri fyrir það eða kristið siðferði nokkuð sterkara hjá almenningi yfirleitt eða bróðurkærleikurinn, en hitt er gefið, að embættismannabáknið verður meira.

Ég skal ekki orðlengja um þessa hluti. Það var aðeins það, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að mér fannst hann í sínu mati á okkar sögu og þjóðlífi halla þar á vissa aðila, sem ég áleit að þyrfti að taka upp hanzkann fyrir, þar sem voru bændur annars vegar og heiðnin hins vegar. Eins og ég gat um í minni fyrstu ræðu, þá kvaðst ég mundu leggja fram rökst. dagskrá í þessu máli, og ég vil leyfa mér að leggja hana fram. Ég legg til, að frv. sé afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Með því að nauðsynlegt er að athuga betur en gert hefur verið, hvernig Skálholti verði bezt ráðstafað í fullu samræmi við sögu vora, menningu og þjóðarerfð alla, telur d. að svo stöddu ekki ástæðu til að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég fæ ekki séð neitt í sambandi við þetta frv., sem gerir það alveg óhjákvæmilegt að eiga að fara að afgreiða það nú. Ég álít þess vegna, að það sé rétt, að þm. íhugi þetta mál betur og fresti þess vegna málinu á þennan máta, með því að samþ. þessa rökst. dagskrá, sem ég hef lagt fram og afhent hæstv. forseta.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég kem nú aftur í ræðustólinn aðallega vegna þess, að mér fannst hv. 3. þm. Reykv. hafa að nokkru leyti annaðhvort misskilið mig eða viljað rangtúlka ræðu mína. Ég réðst hvergi að hinum heiðnu forfeðrum okkar eða þeirra þætti í okkar sögu. Ég veit, að það var margt stórmerkilegt í þeirra menningu og þeir skópu hér stórmerkilegt þjóðfélag. En þeir, sem varðveittu þessa sögu, geymdu hana og varðveittu, svo að við nútímamenn hefðum hennar not, það voru þeir, sem fluttu hingað ritlistina, og ég hygg, að það hafi verið fyrst og fremst að þakka því, að Íslendingar tileinkuðu sér kristna trú, að þeir tileinkuðu sér ritlistina svo snemma sem raun varð á og beittu henni eins og þeir gerðu. Þess vegna tel ég, að við eigum fyrst og fremst kristninni það að þakka, hver bókmenntaþjóð við urðum og gátum geymt sögu okkar frá fornum tímum, með því að forfeður okkar rituðu hana.

Hin heiðna menning forfeðra okkar er vitanlega eins og allt annað, það er ýmislegt í henni gott og líka illt. Við vitum það, að þeir drápu hér hverjir aðra og brenndu inni o. s. frv., svo að það var margt ljótt í þeirra fari, eins og er enn í dag í fari manna. En sagan er jafnverðmæt fyrir því, og það er það, sem ég var að leggja áherzlu á í minni ræðu áðan og þóttist hafa tekið greinilega fram, að ég vildi umfram allt varðveita söguna, kenna hana og tengja fortíðina nútíðinni, og það tók ég greinilega fram, að hvort sem sagan væri ljót eða falleg, það skiptir ekki máli, það er aðeins hitt, að við eigum og verðum að varðveita þessa sögu okkar sem bezt við getum og þá sögu-

staði, sem við eigum fræga frá fornum tímum.

Ég kom í sumar sem leið í land, þar sem kommúnistar ráða lögum og lofum, og ég sá ekki betur en þeir hefðu mikið stolt af sögulegum minjum í sínu landi, ekki síst þeim minjum, sem eru frá tímum kirkjunnar þar í landi. Þeir varðveita þar sínar frægu og fögru kirkjur og sýna þær gestum sínum sem hina dýrustu helgidóma sína. Mér finnst þetta ósköp eðlilegt, og ég hygg, að þetta muni vera mjög sterkt í þeirra uppeldi og þeir muni með þessu móti efla og styrkja þjóðerniskennd sinna afkomenda. Þetta er það, sem ég álít að við þurfum einnig að gera. Ég veit ekki betur en t. d. flestar þær þjóðminjar, sem við eigum hér á söfnum, séu að einhverju leyti tengdar kirkju- og trúarlífi landsmanna. Og við teljum þetta okkar mestu dýrgripi og gerum allt, sem við getum, til þess að varðveita þá. Það er af því, að við höfum skilning á því, að þetta eru hlutir, sem tilheyra lífi og starfi þeirra kynslóða, sem gengnar eru á undan okkur, og það sé gagnlegt fyrir nútíð og framtíð að læra af þessu og hafa af þessu not á þann hátt.

Ég mælti hér ekki fyrir því að fjölga biskupum, ég talaði hér ekki á vegum neins flokks. Ég talaði hér sem einstaklingur og túlkaði aðeins mínar persónulegu skoðanir á þessu máli. Hv. 3. þm. Reykv. vildi svo vera láta, sem ég vildi fjölga embættismönnum, og taldi, að það væri eitthvað nýtt hjá Framsfl., ef væri gengið inn á slíkt. Ég var ekki að túlka það, að ég vildi fjölga embættismönnum, heldur taldi ég, að það væri nóg að hafa einn biskup yfir landinu enn sem komið væri. En ég taldi, að hann ætti að flytjast í Skálholt, og það er óbreytt skoðun mín frá því, sem áður hefur verið um það mál.

Það var margt skemmtilegt í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Ég veit, að hann er mjög sögufróður maður, en ég finn hins vegar, að um niðurstöður af þessu getum við ekki orðið sammála. Ég hef aðrar skoðanir um það. Ég hef vitanlega mjög mikinn metnað fyrir hönd bændastéttarinnar, bæði í nútíð og fortíð. En mér dettur ekki í hug að vera að halda því fram, að það hafi verið bændur fyrst og fremst, sem iðkuðu hér ritlistina og varðveittu söguna á þann hátt. Það voru fyrst og fremst hinir menntuðu menn. Það voru þeir einir, sem höfðu möguleika til þess að festa söguna á spjöldin, aðrir gátu það ekki. (**EOl:** Voru það menntamenn í Evrópu.) Einstakir afreksmenn hafa vitanlega alltaf verið til í bændastétt og eru sennilega enn í dag. En sem stétt var það klerkastéttin og munkarnir, sem iðkuðu ritlistina aðallega, og á þann hátt björguðu þeir sögu okkar. Það er minn skilningur á málinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 257, n. 422, 434, 483).

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 483, felld með 26:5 atkv.

Brtt. 434,1 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HS, IG, JSk, ÞÞ, ÁÞ, ÓskJ, EystJ, GíslG.

nei: IngJ, JP, BÞ, MÁM, ÓTh, RH, SI, AGb, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GÞG, BGr.

LJós, SkG, EðS, EOl, GeirG, GJóh greiddu ekki atkv.

7 þm. (HV, KGuðj, PS, SÁ, JóhH, BP, GÍG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 26:1 atkv.

Brtt. 434,2 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28:1 atkv.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 257, 492).

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef nú leyft mér að flytja hér ásamt þremur öðrum hv. alþm. brtt. á þskj. 492 við frv., þ. e. a. s. við 1. gr. þess, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Staðurinn afhendist með þeim skilmálum, að ríkið fái þar hæfilega lóð á hentugum stað undir biskupsbústað án endurgjalds, ef þar verður ákveðið biskupssetur."

Efni þessarar till. skýrir sig að vísu sjálft og er þess vegna óþarft að fara um það nema örfáum orðum.

Með þessari till., ef hún yrði samþ., yrði það tryggt, að ef einhvern tíma verður ákveðið að stofna nýtt biskupsembætti og aðsetur biskups yrði ákveðið í Skálholti, þurfi ekki um slíkt að semja við kirkjuráð, sem á að fá umráð staðarins, heldur væru þá fyrir hendi samkv. lögum full réttindi fyrir slíkan biskup til þess lands, sem nauðsynlegt væri frá staðnum undir byggingar og þá starfsemi, sem embætti hans væri nauðsynlegt að hafa. Mér og okkur flm. öllum finnst, að sjálfsagt sé að tryggja þetta, og vona ég, að aðrir hv. alþm. geti á það fallizt. Ég mun svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvær litlar spurningar í sambandi við þessa brtt., sem fram hefur komið, um, að það sé nauðsynlegt að setja það inn í þetta lagafrv., að ríkið fái endurgjaldslaust í Skálholti lóð undir biskupsbústað.

Í fyrsta lagi: tilheyrir biskupinn ekki þjóðkirkjunni? Kemur það ekki nokkurn veginn af sjálfu sér, að biskupinn muni fá inni hjá þessari þjóðkirkju, sem verið er að afhenda Skálholtsstað? Eða eru þeir menn, sem eru áhugasamastir fyrir því að afhenda þetta undan ríkinu, hræddir um, að biskupinn fái ekki þar inni?

Í öðru lagi vildi ég leyfa mér að spyrja: Er meiningin að setja biskupsstól í Skálholti einhvern tíma seinna meir, kannske á móti vilja þjóðkirkjunnar? En ef þjóðkirkjan er með því, að biskupsstóll sé settur í Skálholti, mundi hún þá ekki sjálf útvega lóð undir sinn biskup?

ATKVGR.
Brtt. 492 felld með 16:9 atkv.
Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem þegar hefur hlotið samþykki hv. Nd., er flutt skv. ósk síðasta kirkjuþings, sem mæltist til þess, að þjóðkirkjunni yrðu fengin umráð yfir Skálholtsstað með þeim hætti, sem ráðgert er í 1. gr. frv. Efnislega verður sú breyt. á ráðstöfun staðarins frá því, sem verið hefur, að í stað þess að segja má, að nú láti hann ráðstöfun ríkisstjórnarinnar, ráðherra og eftir atvikum Alþ., þá er ætlazt til þess, að biskup og kirkjuráð taki við staðnum fyrir hönd þjóðkirkjunnar og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu. Sú starfrækslu, sem þar kynni að verða ákveðin af þessum aðilum, hlýtur eðli málsins samkvæmt að verða í samræmi við landsins lög og innan þess ramma, sem þau setja á hverjum tíma. En til þess að gera þjóðkirkjunni mögulegt að hafa þar þann rekstur, sem hún ákveður samkv. fyrirmælum 1. gr., er ætlazt til, að ríkissjóður greiði árlega í sjóð 1 millj. kr., og verði því fé varið til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og síðan eftir atvikum væri það jafnframt rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð komi þarna upp.

Að meginstefnu varð þetta frv. ekki ágreiningsmál verulegt í hv. Nd., þó að einn þdm. væri að vísu málinu algerlega andvígur og sumir létu það hlutlaust. Á milli hinna varð frekar skoðanamunur um það, hvort nú þegar ætti að ákveða eða gera ráð fyrir, að biskupssetur væri sett í Skálholti. Það er skoðun mín, og ég hygg meiri hluta hv. Nd., að ekki sé tímabært að taka ákvörðun um það, fyrr en þjóðkirkjan sjálf óskar eftir því, að biskupssetur verði í Skálholti, þó að það sé líka óþarfi að áskilja, að þá verði staðurinn til þeirra nota, eins og till. kom fram um, vegna þess að ef biskupssetur verður þar ákveðið, þá verður það því aðeins gert, að þjóðkirkjan sjálf óski eftir því, og þá mun hún að sjálfsögðu ætla staðinn til þeirra nota, eftir því sem þörf er á.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar á þessu stigi, heldur legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það er aðeins til að segja nokkur orð í sambandi við þetta frv.

Kirkjuþing gerði um það samþykkt í vetur að fara þess á leit við ríkisvaldið, að þjóðkirkjan fái Skálholtsstað til eignar og umráða og auk þess árlegt meðlag. Þetta er í sjálfu sér ekkert einkennilegt frá sjónarmiði kirkjunnar, að hún vilji auka sínar eignir og skara eld að sinni köku fjárhagslega.

Hæstv. ríkisstjórn hefur orðið við þessum tilmælum kirkjuþings og leggur nú fyrir Alþ. að veita sér heimild til að afhenda Skálholtsstað kirkjunni að gjöf. Í raun og veru þarf ekki að vera svo mikið við það að athuga, þó að hæstv. ríkisstj. taki þá afstöðu, að hægt sé að gefa kirkjunni þessa gjöf. En það, sem mér finnst sérstaklega á skorta, eru rök fyrir þessari ráðabreytni ríkisvaldsins. Hver eru rökin fyrir því, að ríkið afhendi Skálholtsstað sem gjöf? Ég hef ekki heyrt nein rök frambærileg. Það er þetta, sem mér finnst vera aðalgallinn á að afgreiða þetta mál, eins og það er lagt fyrir hér, þ. e. að gefandinn væntanlegur veit ekkert, í hvaða skyni hann er að gefa þessa gjöf.

Það er gert ráð fyrir, að kirkjan hafi þarna einhverja starfsemi með höndum. En hverjar eru þær framkvæmdir, og hver er sú starfræksla? Mér minnst ekki óeðlilegt, að Alþ. spyrji um það, hvað eigi að gera við Skálholtsstað. Hvað er ætlunin að gera við Skálholtsstað í náinni framtíð? Ég hef grun um, að hæstv. ríkisstj. hafi ef til vill gripið þetta fegins huga, að henni hafi jafnvel fundizt einkar hentugt, að ríkisvaldið losnaði við Skálholtsstað úr sinni eigu og þar með alla ábyrgð og allt frumkvæði í sambandi við vandamálið Skálholt í Biskupstungum.

Ef þetta er rétt til getið hjá mér, að þetta séu aðalrökin fyrir því, að gjöfin sé færð, þá get ég ekki heldur viðurkennt þau rök. Hvorki hæstv. ríkisstj. né Alþ. mega skjóta sér undan þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir varðandi Skálholt og framtíð Skálholts. Það er engan veginn sæmilegt, að þessir fulltrúar þjóðarinnar allrar skjóti sér undan vandanum og leggi hann á herðar kirkju og kennimönnum landsins, sem hafa þegar sýnt það, að þeir eru engu færari um að leysa vandann en ríkisstj. og Alþ. Það má segja, að fram að þessu hefur getuleysið verið sama innan kirkjunnar sem utan kirkjunnar að ákveða framtíðarskipan í Skálholti. Ég hefði ekki haft á móti því, að ríkið gæfi kirkjunni Skálholtsstað og legði fram fé árlega til starfrækslu á staðnum, en ég hefði betur kunnað því að vita, til hvers staðinn ætti að nota og til hvers fénu yrði varið. Um þetta er ekki neitt vitað, og meðan svo er, þá get ég ekki fyrir mitt leyti greitt því atkv., að frv. verði samþ.

Nú fer þetta frv. til hv. menntmn., og vil ég beina því til hv. menntmn., hvort hún muni ekki sjá sér fært að bæta úr þessari vöntun í frv., þannig að í frv. komi fram eitthvað já-

kvætt varðandi framtíðarskipulag Skálholts. Hæstv. ríkisstj. og Alþ. mega ekki skjóta sér undan þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir varðandi Skálholt, og það er ekki hægt að ætlast til þess, að þjóðkirkjan ein standi undir henni. Skálholt er fornhelgur og sögufrægur staður, og það er staður, sem alla þjóðina varðar jafnt, ekki aðeins kirkjuna, heldur alla þjóðina.

Ég hefði talið mjög heppilegt, að það hefði verið hægt að afhenda þjóðkirkjunni Skálholtsstað að gjöf í sumar, þegar kirkjan verður vígð, en ég hefði talið miklu heppilegra að færa aðra gjöf í því tilefni, — miklu meira virði, að það hefði verið tekin ákvörðun og gefið fyrirheit um framkvæmdir í Skálholti, sem miðuðu að því að hefja staðinn úr þeirri niðurlægingu, sem hann hefur verið í tvær síðustu aldirnar, og hefja þar nýja uppbyggingu, sem öll þjóðin og kirkjan gætu unað við.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 676).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það að fara fram á heimild til handa ríkisstj. til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað, og jafnframt er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður skuli árlega greiða 1 millj. kr. í sjóð, sem vera skal, eins og það er orðað í 2. gr. frv., til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð koma þar upp. Þetta frv. er, eins og grg. ber með sér, flutt samkv. ósk kirkjuþings og biskups.

Endurreisn Skálholtsstaðar hefur, eins og kunnugt er, undanfarið verið metnaðarmál íslenzku þjóðarinnar, og hefur því máli, eins og hv. þdm. er kunnugt, allmikið þokað áleiðis síðustu árin. Þó að enginn ágreiningur hafi verið um það, að nauðsyn beri til þess að endurreisa staðinn vegna fornrar frægðar og af öðrum ástæðum, þá hafa, eins og kunnugt er, verið allskiptar skoðanir um það, hvers konar starfsemi sé eðlilegt að koma á fót í Skálholti, og hafa verið ýmsar till. frammi í því efni.

Það sjónarmið, sem liggur að baki þessu frv., er, að Skálholtsstaður sé svo tengdur þjóðkirkju Íslands, að eðlilegt sé, að sú starfsemi, sem þar verði rekin, verði fyrst og fremst á vegum þjóðkirkjunnar og í samræmi við óskir hennar.

Eins og nál. á þskj. 676 ber með sér, hefur menntmn. í meginatriðum fallizt á þetta sjónarmið, þar sem hún leggur til, að frv. verði samþ., en einstakir nm., sem undirskrifa álitið, hafa þó áskilið sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Einn nm., hv. 5. þm. Reykn., var fjarstaddur, þegar málið var afgr., og ber hann því ekki ábyrgð á þeirri afgreiðslu, sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 705).

---

42. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins [222. mál] (stjfrv., A. 462).

Á 64. og 65. fundi í Ed., 29. marz, og 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árinu 1961 var ákveðið að hefja endurskoðun á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og var sú endurskoðun falin stjórn sjóðsins, en hana skipa þeir Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari, Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur og Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er árangur þessarar endurskoðunar.

Það lágu ýmsar ástæður til grundvallar því, að rétt þótti að endurskoða l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Er þess fyrst að geta, að þó að l. um lífeyrissjóð séu talin frá 1955, þá eru þau raunverulega og að öllum stofni til og meginatriðum frá 1943. Á þeim voru gerðar nokkrar breyt. á árinu 1955, en ekki þannig, að grundvallarreglum laganna væri breytt, en þessar breyt. voru svo felldar inn í hin eldri lög og gefin þannig út sem l. nr. 64 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Síðan hefur einnig verið gerð breyt. á lögunum, en meginefnið í löggjöfinni var sem sagt orðið, þegar endurskoðunin var ákveðin, um 18 ára gamalt. Sú reynsla, sem fengizt hafði af starfsemi sjóðsins, gaf tilefni til þess að endur-

skoða löggjöfina í heild. Í öðru lagi hafði það gerzt, að 1960 ákvað Alþ. að fella niður með öllu svokölluð skerðingarákvæði almannatryggingalaganna, og gaf það að sjálfsögðu tilefni til þess einnig að endurskoða l. með það fyrir augum, að starfsmenn ríkisins fengju nú full lífeyrisréttindi hjá almannatryggingunum, sem þeir höfðu ekki haft, og yrði þá lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins viðbótartrygging við almannatryggingarnar. Í þriðja lagi höfðu borizt nokkrar áskoranir frá tveimur félagasamböndum um breyt. á lögunum. Var þar annars vegar Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hins vegar Kvenréttindafélag Íslands. Í fjórða lagi þótti svo rétt að kanna löggjöf og reynslu nokkurra nágrannalandanna í þessu efni, og var höfð við samningu þessa frv. hliðsjón af lögum um eftirlaunamál ríkisstarfsmanna í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Englandi. Þessar voru meginástæður þess að ráðizt var í þessa endurskoðun.

En í sambandi við þetta og að sjálfsögðu sú ástæða, sem ekki hefur vegið hvað minnst, er sú, að lífeyrir eða eftirlaun skv. lífeyrissjóðslögunum voru engan veginn fullnægjandi. Lágu til þess ýmsar ástæður, en fyrst og fremst sú verðbólga, sem hér hefur verið að verki í landi voru lengst af þeim tíma, sem liðinn er, síðan l. voru sett 1943. Vegna verðbólgunnar og um leið með hliðsjón af ákvæði l. um 10 ára meðaltal launa var lífeyririnn oft mjög ófullnægjandi. En þetta 10 ára meðaltal er í því fólgið, að þegar opinber starfsmaður lætur af starfi, þá skal miða eftirlaun hans eða lífeyri við ákveðna hundraðstölu af meðaltalslaunum þeim, sem hann hefur haft í því starfi síðustu 10 árin. Og að sjálfsögðu dró þessi regla í flestum tilfellum mjög niður þann launagrundvöll, sem lífeyririnn skyldi reiknast af.

Eins og hv. þm. er manna bezt kunnugt um, hefur alloft verið gripið til þess að bæta upp hinn nauma lífeyri á tvennan hátt, annars vegar með því, að Alþ. hefur með sérstökum l. eða þál. ákveðið uppbót á lífeyri og sú uppbót þá verið greidd að öllu af ríkissjóði, og hins vegar með því að ákveða í 18. gr. fjárl. ár hvert uppbætur á eftirlaun ýmissa ríkisstarfsmanna. Nú hefur hámark lífeyrisins verið 60% af launum, en hin síðari ár hefur fjvn. oftlega lagt til og fengið samþ., að veitt væri uppbót þannig, að heildarlífeyririnn að meðtöldu framlagi á 18. gr. færi upp undir 80%.

Aðalbreytingarnar, sem þetta frv. hefur í för með sér, má segja að séu þessar, — tilgangurinn er auðvitað sá að tryggja sjóðfélögum, þ. e. a. s. ríkistarfsmönnum, viðhlítandi lífeyri, og aðalbreyt. má segja að séu þessar:

Í fyrsta lagi, að starfsmenn fái fullan lífeyri hjá almannatryggingunum, sem þeir hafa ekki notið. Það var svo, þegar lífeyrislögin voru sett 1943, að þá voru í gildi alþýðutryggingalögin frá 1937, og skv. þeim voru í gildi skerðingarreglur, en þær voru í meginatriðum á þá lund, að réttur til þess að fá fullan ellilífeyri eða örorkulífeyri var bundinn því skilyrði, að aðrar tekjur manns færu ekki fram úr 1/3 hluta lífeyrisins. Ef aðrar tekjur hans voru meiri en þriðjungur árlegs lífeyris, þá skyldi draga frá lífeyrinum 60% af því, sem tekjurnar voru umfram þennan þriðjung. Þar sem þessi ákvæði voru í gildi 1943, þótti ekki líklegt, að starfsmenn ríkisins eða félagar í lífeyrissjóði mundu geta notið þessa lífeyris frá almannatryggingunum, og var því það ákvæði alþýðutryggingalaganna látið óbreytt, að sjóðfélagar í lífeyrissjóði embættismanna skyldu standa utan við alþýðutryggingarnar, að því er tæki til elli-, örorku- og barnalífeyris. En hins vegar hafa þeir aðeins greitt hluta af persónugjöldum til alþýðu- eða almannatrygginganna, og sú regla hefur verið í gildi, að tryggingaráð mun hafa ár hvert metið það, hversu mikils sjóðfélagar í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna mundu njóta af réttindum almannatrygginganna, en það er að sjálfsögðu fyrst og fremst í sambandi við sjúkratryggingarnar. Og nú alllengi hefur það verið metið með hliðsjón af þeim réttindum, sem ríkisstarfsmenn nytu hjá almannatryggingunum, að þeir skyldu greiða um það bil 1/3 af hinum venjulegu persónugjöldum til trygginganna.

Þessar skerðingarreglur hafa tekið nokkrum breytingum síðan alþýðutryggingalögin voru sett 1937. Með l. um almannatryggingar frá 1946 var dregið talsvert úr þessum skerðingarreglum, þannig að frá lífeyri skyldi draga helming í stað 60% þess, sem aðrar tekjur næmu umfram jafngildi lífeyrisins, í stað þess að áður var miðað við það, sem aðrar tekjur færu fram úr 1/3 lífeyris. 1956 var enn dregið úr þessum skerðingarreglum, þannig að einstaklingar máttu þá hafa 150% og hjón 200% af einstaklingslífeyri á 1. verðlagssvæði án skerðingar, en af því, sem umfram væri, skyldu dragast 60%. En eins og ég gat um áðan, þá var svo ákveðið 1960, að skerðingarreglurnar skyldu alveg falla niður frá og með 1. jan. 1961. Það er því í rauninni fyrsta meginbreyt. í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að sjóðfélagar í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna skuli fá fullan lífeyri skv. almannatryggingalögunum. Nú eru þeir sem sagt orðnir fullgildir aðilar að almannatryggingunum og munu þá greiða full persónugjöld til þeirra eins og aðrir borgarar, og lífeyrissjóðurinn starfar því sem viðbótartrygging.

Önnur aðalbreyt. frv. er sú að fella niður 10 ára regluna, sem ég minntist á hér áður, og ákveða í þess stað, að eftirlaun lífeyrissjóðsins skuli miðast við þau laun, sem fylgdu og fylgja síðast því starfi, sem sjóðfélagi var í, þegar hann lét af starfi. Þetta er að sjálfsögðu einnig til mikilla hagsbóta fyrir sjóðfélaga, a. m. k. ef gert er ráð fyrir því, að kaupgjald fari hækkandi ár frá ári hér á landi, að maður tali ekki um, ef kaupgjald tekur þeim stökkbreytingum, sem oft hafa orðið á síðustu 20 árum.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir því í þessu frv., og fjallar um það 25. gr. frv., að ef almenn hækkun verður á launum opinberra starfsmanna, þá skuli elli-, örorku- og makalífeyrir einnig hækka í sama hlutfalli, og að ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði þá hækkun, sem þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Þetta ákvæði má segja að sé í samræmi við þá venju, sem hér hefur skapazt, en hér er sett inn almennt ákvæði um þetta í stað þess að þurfa hverju sinni að bera það undir Alþ. og fá sérstök lög eða sérstaka þál. eða fjárlagaheimild í þessu skyni.

Í 2. og 3. gr. frv. segir um það, hverjir eru sjóðfélagar, og eru sjóðfélagar skv. hinni almennu skilgreiningu í 2. gr. þeir, sem skylt er að greiða iðgjald í sjóðinn og eiga rétt á lífeyri úr honum. Í 3. gr. er það nánar tiltekið í þremur flokkum. Í fyrsta lagi eru það allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins, eins og það er orðað, til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst 3 mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma. Aðalbreyt. með þessu ákvæði er sú, að starfsmenn við ríkisstofnanir, sem hafa sérstakan fjárhag, eru nú skyldutryggðir skv. þessu frv. Allir almennir ríkisstarfsmenn eru nú skyldutryggðir hjá sjóðnum, en varðandi starfsmenn ríkisstofnana, sem hafa sérstakan fjárhag, er nú í l. aðeins heimild til að taka þá í tölu sjóðfélaga. Sú heimild hefur að vísu yfirleitt verið notuð, en oft hefur verið svo um nýjar ríkisstofnanir, sem settar hafa verið á fót, að inntökubeiðni hefur dregizt á langinn. Það hefur bæði valdið sjóðnum nokkrum óþægindum, en þó einkum starfsmönnum þessara stofnana og stofnununum sjálfum, því að þá hefur vegna dráttar á inngöngu alloft þurft að borga iðgjöld mörg ár aftur í tímann.

Með 3. gr. I. a. er því slegið föstu, að starfsmenn ríkisstofnana skuli nú að þessu leyti eins settir og almennir ríkisstarfsmenn, að þeir skuli skyldir að verða sjóðfélagar strax. Í b-lið 3. gr. segir, að starfsmenn þeirra stofnana, sem aðild hafa fengið að sjóðnum skv. eldri lögum, skuli verða sjóðfélagar með nánari skilyrðum. Hér er um að ræða stofnanir, sem ekki eru beinar ríkisstofnanir. En svo er mál með vexti, að í l. var fram til 1955 heimild til þess að taka ýmsar sjálfseignarstofnanir inn í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og var það gert um nokkrar slíkar stofnanir, og vil ég hér nefna 3 þeirra. Það er Brunabótafélag Íslands, Íslenzk endurtrygging og Alþýðusamband Íslands, að því er snertir skrifstofufólk þess. Þessi heimild hefur ekki verið í l. síðan 1955, en með þessu ákvæði 3. gr. er því slegið föstu, að starfsmenn slíkra stofnana, þó að ekki séu það ríkisstofnanir, sem voru búnar fyrir þennan tíma að fá inngöngu í sjóðinn, skuli áfram vera sjóðfélagar. Í þriðja lagi segir svo í 3. gr., að ekki sé skylt að taka í tölu sjóðfélaga þá starfsmenn, sem a-liður tekur til, þ. e. a. s. starfsmenn í þjónustu ríkisins, ef þeir eigi rétt á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru annaðhvort með sérstökum l. eða skv. reglugerð, sem staðfest hefur verið af ráðh. Hér er átt við, að því er fyrra tilvikið snertir, lífeyrissjóði stofnaða með lögum, þá er átt við t. d. lífeyrissjóði barnakennara, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, enda er það eðlilegt, að þar sem sérstakir sjóðir eru fyrir þessa starfsmannahópa skv. sérstökum lögum, þá er ekki ástæða til, að þeir séu teknir í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hinn flokkurinn eru lífeyrissjóðir, sem starfa skv. reglugerð, sem staðfest hefur verið af ráðh., og er þar um að ræða fyrst og fremst lífeyrissjóði bankastarfsmanna og raunar nokkra fleiri. Starfsmenn þessara sjóða er ekki skylt að taka í lífeyrissjóðinn, enda ekki ástæða til þess, þó að þeir sem sagt teljist til ríkisstarfsmanna.

Þá segir í 4. gr., að stjórn sjóðsins sé heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, enda fullnægi þeim skilyrðum, sem greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf. Nú er það þannig, að sum sveitarfélög hafa sína eigin lífeyrissjóði, og er náttúrlega langstærstur þeirra lífeyrissjóður Reykjavíkurborgar, en ef einhver sveitarfélög eða stjórnir lífeyrissjóða á þeirra vegum óskuðu eftir inngöngu í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þá er sjóðsstjórninni heimilt að veita þeim viðtöku skv. 4. gr.

Eins og ég gat um, er eitt meginatriði þessara laga það, að starfsmenn ríkisins fái hér eftir bæði lífeyri úr lífeyrissjóði og lífeyri frá almannatryggingunum. Hins vegar er ekki einfalt mál að leysa þetta, þar sem hér er í raun inni verið að fella saman tvö óskyld kerfi; annars vegar lífeyrissjóð, sem byggður er á almennu tryggingakerfi, og hins vegar skyldur og réttindi gagnvart almannatryggingum, þar sem um er að ræða fast persónugjald borgaranna til stofnunarinnar. Þetta mál hefur verið leyst eins og nánar greinir í frv., og gerir það að verkum, að iðgjöldin til lífeyrissjóðsins verða nokkru margbrotnari en áður. Hingað til hafa ríkisstarfsmenn greitt 4% af launum sínum í lífeyrissjóðinn, en nú verður sú breyt. á, að þeir greiða misjafna hundraðstölu eða, eins og segir í 10. gr., frá 2¼ af hundraði til 4¼ hundraðshluta af launum sínum, sem er mismunandi eftir launaflokkum. Þessi breyt. er óhjákvæmileg til þess að samræma þessi bæði kerfi.

Til nánari skýringar á þessu má geta þess, að í fyrsta lagi greiða sjóðfélagar lífeyrissjóða nú 4% af launum sínum til sjóðsins, en auk þess greiða þeir um það bil 1/3 af persónugjaldi til almannatrygginganna. Það verður að sjálfsögðu mjög mismunandi prósentutal af launum eftir því, hversu há launin eru. Ef tekinn er sá launaflokkur, sem er almennastur, og um leið það gjald, sem mætti heita jafnaðargjald, þá mun það vera um 0.75% af

launum, sem ríkisstarfsmenn greiða til almannatrygginganna. Nú er það meginreglan, að eftir 30 ára starfstíma verði lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum og almannatryggingunum um 25% hærri en greiðsla lífeyrissjóðsins var. Og ef við leggjum nú saman 4% til sjóðsins og 0.75% sem meðaltalsgreiðslu til almannatrygginganna og leggjum svo 25% ofan á hvort tveggja, fáum við út rétt tæplega 6%. Og niðurstaðan er sú, að gert er ráð fyrir, að samanlögð iðgjöld ríkisstarfsmanna til sjóðsins og almannatrygginga ættu að vera um 6% af launum.

Ellilífeyrir er nú að hámarki 60% samkv. gildandi lögum. En samkv. frv. mundi ellilífeyrir úr sjóðnum og almannatryggingunum til samans verða 75% fyrir einhleypan mann, sem starfað hefur 30 ár í þjónustu ríkisins, en fyrir hjón, þar sem bæði hafa lífeyrisréttindi, þ. e. a. s. bæði komin á þann aldur, mundi ellilífeyririnn samanlagt verða 85—95% af launum manns, þegar hann lætur af störfum. En ef við tökum meðaltal, er gert ráð fyrir, að það mundi verða um 80%. Flestir mundu fá nokkru hærri heildarlífeyri eftir nýju reglunum samkv. þessu frv. en eftir þeim gömlu. Þó eru nokkrir aðilar, þ. e. a. s. þeir, sem hæstar uppbætur hafa fengið samkv. 18. gr. fjárl., sem mundu fá hærri heildarlífeyri eftir gömlu reglunum en þeim nýju. En ákvæði er um það í 24. gr. frv., að þessir lífeyrisþegar skuli einskis í missa, heldur fá áfram sama heildarlífeyri og áður. En þar segir svo: „Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkv. 18. gr. fjárl. og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir halda sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður."

Þetta var varðandi ellilífeyrinn, og er þá rétt að minnast næst á örorkulífeyrinn, en um hann eru ákvæði í 13. gr. frv. Þar eru nokkrar breyt. á gerðar, og þar er einkum að geta þess nýmælis, að örorkulífeyrir á samkv. frv. að verða fleiri hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri en örorkan er metin, ef hún er yfir 50%. Nú er það þannig, að þegar örorka er metin í prósentum, þá greiðist öryrkja sú sama prósenttala af hámarksörorkulífeyrinum. En hins vegar virðist reynsla bæði hér og erlendis benda til þess, að mönnum með mikla örorku gangi tiltölulega verr að nýta þá starfsorku, sem þeir eiga eftir, heldur en þeim, sem hafa lítið skerta starfsgetu. Þess vegna er svo ákveðið í 13. gr., að ef örorka sjóðfélaga er á milli 10 og 50%, skuli örorkulífeyrir hans vera sami hundraðshluti af hámarkslífeyrinum. Ef örorka manns er t. d. metin 40%, mundi hann fá 40% af hámarksörorkulífeyrinum. En ef hann hefur misst meira en helming af orku sinni, breytist þetta þannig, að fyrir hvert 1% örorkunnar yfir 50% greiðast 2% af hámarksörorkulífeyrinum. Ég skal skýra þetta með dæmi. Ef maður er 60% öryrki, fær hann ekki 60% af hámarksörorkulífeyri, heldur 70%, vegna þess að út á 50% örorkunnar fær hann fyrst 50% af hámarkinu, en fyrir þessi 10% til viðbótar fær hann 20% af lífeyrinum. Og sá, sem er metinn 75% öryrki eða meira, á rétt á hámarksörorkulífeyri.

Í þriðja lagi vil ég nefna makalífeyrinn, sem um eru ákvæði í 14. gr. Og þar eru verulegar breyt. á, einkum á þá leið, að makalífeyrir er hækkaður og að sjálfsögðu til samræmis við annað, að makalífeyririnn skal fylgja launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast. Afnám 10 ára meðaltalsreglunnar kemur hér að sjálfsögðu einnig fram.

Eftir 30 ára starfstíma verður makalífeyrir nú 50% af launum hins látna og fylgir svo sömu prósenttölu af þeim launum, sem fylgja því starfi framvegis. Og þetta er sama hundraðshlutahækkun, 25%, eins og á ellilífeyrinum. Er sérstök ástæða til að minnast á nýmæli í 6. mgr. 14. gr., en þar segir svo:

„Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir."

Þetta ákvæði er sett inn sumpart eftir fyrirmynd í dönskum og norskum lífeyrissjóðslögum og sumpart eftir eindreginni áskorun Kvenréttindafélags Íslands, en á 7. fulltrúafundi þess, sem haldinn var 20. og 21. júní 1962, ályktaði Kvenréttindafélagið að beina þeirri áskorun til þeirrar n., sem vann að endurskoðun l., að réttur maka til lífeyris eftir fráfall sjóðfélaga eigi ekki að falla niður, þótt hjúskap sé slitið að lögum og sjóðfélagi hafi stofnað til nýs hjúskapar. Lífeyrissjóðsgreiðslur ættu að skiptast hlutfallslega milli eftirlifandi maka sjóðfélaga. Þetta ákvæði er því algert nýmæli í l., en hliðstæð ákvæði, þó að þau séu ekki alveg samhljóða, eru bæði í dönskum og norskum lögum um eftirlaunasjóði ríkisstarfsmanna.

Þá er í fjórða lagi barnalífeyrir, og um hann eru ákvæði í 16. gr. frv. Þar segir, að börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, þegar hann andast, og yngri eru en 18 ára, skuli fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þangað til þau eru fullra 18 ára að aldri o. s. frv. Þar er einnig í 2. mgr. ákveðið, að ef barnið á foreldra eða kjörforeldra á lífi, er sjá um framfærslu þess, þá skuli samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og lífeyrissjóðnum vera 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Nú er hins vegar árlegur barnalífeyrir 25% hærri en barnalífeyrir almannatrygginganna, en verður sem sagt nú 50% hærri.

Í 3. mgr. 16. gr. er einnig nýmæli, en það er

um, að börn ellilífeyrisþega skuli fá barnalífeyri, sem sagt barnalífeyri fái ekki aðeins börn, þegar foreldri er látið, heldur einnig ef foreldri, sem verið hefur starfsmaður hjá ríkinu, er komið á elli- eða örorkulífeyri. Þetta er nýmæli.

Ég ætla, að ég hafi gert grein fyrir helztu breytingum, sem gerðar eru á eldri l. samkv. þessu frv. og miða mjög í þá átt að veita sjóðfélögum hærri og meiri lífeyri og réttindi en nú er. Um ýmsar aðrar breyt. skal ég ekki ræða hér nánar, en vísa til hinnar ýtarlegu grg., bæði um frv. almennt og hinar einstöku greinar.

Varðandi kostnaðinn af þessu frv. er þess fyrst að geta, að ætlazt er til, að sjóðfélagar beri kostnaðinn að sínum hluta eins og verið hefur, þ. e. a. s. 40% af lífeyrisgreiðslum. Það hlutfall er gert ráð fyrir að verði óbreytt. Ríkissjóður greiðir einnig sinn hluta kostnaðarins, en hann hefur staðið undir 60% af kostnaðinum auk hinna sérstöku uppbóta, sem hvað eftir annað hafa verið veittar vegna launahækkunar. Ríkissjóður stendur undir sínum hluta kostnaðarins, og kemur það m. a. fram í hækkuðu framlagi ríkissjóðs til almannatrygginganna, svo sem gerð var grein fyrir hér af hæstv. félmrh. í sambandi við frv. til almannatryggingalaga. Hins vegar er svo gert ráð fyrir því, að þeir sjóðfélagar lífeyrissjóðsins, sem nú fá uppbót eða viðbót samkv. 18. gr. fjárl., fái hana ekki áfram, heldur gangi hún inn í þær hækkanir, sem verða á lífeyri almennt.

Ég skal svo láta þessi orð nægja, en aðeins geta þess að lokum, eins og ég minntist raunar á í upphafi máls míns, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur borið fram ýmsar óskir í sambandi við endurskoðun þessara laga, og hafa fulltrúar bandalagsins fylgzt með endurskoðuninni, og er í öllum meginatriðum gengið til móts við og teknar til greina óskir bandalagsins.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir framkomu þessa frv.

Að mínu viti felast í þessu frv. tvær höfuðstefnubreytingar. Í fyrsta lagi, að lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er gerður að viðbótarsjóði við almannatryggingarnar, og í öðru lagi, að breytt er því viðmiðunarmarki, sem lífeyrir er reiknaður eftir, þ. e. a. s. að horfið er frá meðaltalslaunum 10 síðustu ára og í stað þess miðað við þau laun, sem á hverjum tíma fylgja því starfi, sem lífeyrisþegi síðast gegndi.

Ég held, að það sé rétt stefna að breyta hinum sérstöku lífeyrissjóðum í viðbótarsjóði við almannatryggingarnar. Ég held, að það sé rétt stefna, bæði frá sjónarmiði þeirra, sem í sérstöku lífeyrissjóðunum eru, og eins frá sjónarmiði almannatryggingakerfisins. Mér sýnist það þess vegna til bóta, að horfið er að þeirri skipun um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það er að vísu rétt, að lífeyrisþegar hafa, margir hverjir a. m. k., notið nokkurrar uppbótar á sinn lífeyri, þar sem þeim hefur verið veittur nokkur styrkur eða stuðningur til viðbótar lífeyri sínum á hinni svokölluðu 18. gr. fjárl. En ég tel, að það sé viðkunnanlegra og skemmtilegra fyrir alla aðila, ef hægt er að koma þessum málum í það horf með þessum hætti, að hlutaðeigandi starfsmenn geti fengið fullnægjandi lífeyri með þeim hætti að taka lífeyri bæði í hinum sérstaka lífeyrissjóði og hjá almannatryggingunum. En sérstaklega álít ég það mikla réttarbót frá sjónarmiði opinberra starfsmanna, eins og nú horfir og horft hefur um skeið, að hverfa frá þeim útreikningi á lífeyrisgreiðslunum, sem verið hefur, þ. e. a. s. að miða við þetta 10 ára meðaltal, en það er auðséð, eins og launabreytingum hefur verið háttað að undanförnu, að slík útreikningsregla hefur leitt til mjög óhagstæðrar niðurstöðu fyrir sjóðfélaga. Ég álít þá reglu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að sjóðfélaginn skuli taka hundraðstölu af þeim launum, sem á hverjum tíma fylgja því starfi, sem hann síðast gegndi, miklu aðgengilegri, sanngjarnari og eðlilegri.

Ég skal svo ekki fara út í einstök atriði þessa frv., enda þótt það séu ýmis atriði, sem þar er breytt, til viðbótar þessum tveimur, sem ég tel höfuðstefnubreytingar frv., en fyrir þeim breyt. mörgum hverjum hefur hæstv. fjmrh. gert grein, og skal ég ekki fjölyrða um þær, en vil sérstaklega leggja áherzlu á það, að ég fyrir mitt leyti tel þessa breytingu, sem ég nefndi síðast, um útreikninginn á lífeyrinum, til mikilla hagsbóta og til mikilla réttarbóta fyrir lífeyrisþega.

Ég skal, eins og ég sagði, ekki fara út í einstök atriði frv. Ég get þó ekki stillt mig um að benda á, að mér finnst heldur óeðlilegt orðalag á 2. lið 3. gr., og vildi mælast til þess, að n. tæki það til athugunar, þar sem segir, að það sé ekki skylt að taka í tölu sjóðfélaga þá, sem þar greinir. Það er öllum ljóst, hver meiningin er, og kemur fram í aths., að það er gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir lífeyrissjóðir starfa nú samkv. l. eða staðfestir í reglugerð, þá haldi þeir áfram að starfa. En mér finnst, að með þessu orðalagi sé gefið í skyn, að það sé einhver aðili, sem gæti ákveðið það, að starfsmenn þessara sérstöku sjóða skuli koma í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, það sé bara ekki skylt að veita þeim viðtöku. Þetta orðalag virðist mér ekki alls kostar skýrt, enda þótt það sé ljóst í aths., hver meiningin er. Mér sýnist þess vegna, að þetta ætti að vera orðað meira í stíl við 4. gr., að það væri heimilt að taka þessa starfsmenn í sjóðinn, ef þess er óskað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 462, n. 597).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um aðdraganda þessa frv. og efni þess leyfi ég mér að vísa til grg. hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins svo og grg. þeirrar, sem frv. fylgir. Af ástæðum, sem öllum hv. dm. munu kunnar og skiljanlegar, hefur fjhn. ekki getað framkvæmt neina gaumgæfilega athugun á þessu máli, sem er mjög tæknilegt, þannig að sá fyrirvari, sem ég hafði í gær um afgreiðslu n. á tollskránni, á í enn ríkari mæli við um það frv., sem hér liggur fyrir. Hvað tollskrána snerti gat n. þó haldið um það frv. nokkra fundi og notið þar leiðbeininga þeirra sérfræðinga, sem frv. höfðu samið, en það er sáralítill tími, sem gefizt hefur til þess að athuga þetta frv., með tilliti til þess, að n. vann jafnframt að tollskrárfrv. Hins vegar telja samtök opinberra starfsmanna sér það mikið hagsmunamál, að þetta frv. verði afgr. á því þingi, sem nú situr, og hafa sent n. umsögn, sem um var beðið, þar sem mælt er eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en hæstv. ríkisstj. hefur líka fyrir sitt leyti lagt áherzlu á það, að frv. yrði afgreitt.

Með tilliti til þessa töldum við nm., sem þátt gátum tekið í afgreiðslu málsins, — en eins og nál. ber með sér, þá var einn nm., hv. 5. þm. Norðurl. e., fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, — að rétt væri að afgreiða málið, þó að okkur hafi ekki gefizt sá tími til þess að athuga það, sem við hefðum talið æskilegt. Og eins og nál. á þskj. 597 ber með sér, þá mælum við einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Núgildandi lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eru að stofni til frá 1943. Að vísu hafa þau verið endurskoðuð síðan með smávægilegum breytingum. Það þótti af ýmsum ástæðum rétt að hefja endurskoðun á þessum l., bæði vegna þeirra breyt., sem orðið hafa í þjóðfélaginu á marga vegu, breyttra launagreiðslna almennt og mikilla breyt. á almannatryggingalögunum, síðan þessi l. voru sett. Haustið 1961 var því stjórn lífeyrissjóðsins falin endurskoðun þessara laga, og er það frv., sem hér liggur fyrir, árangur þeirrar endurskoðunar.

Meginbreytingar með þessu frv. frá núgildandi ástandi eru tvær. Önnur er sú, að samkv. því á lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins að veita viðbótarlífeyri við lífeyri frá almannatryggingunum, eða m. ö. o., ef frv. verður að lögum, eiga sjóðfélagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að fá lífeyri frá almannatryggingunum ásamt með lífeyri úr lífeyrissjóði, en svo hefur ekki verið hingað til. Hins vegar hafa sjóðfélagar í lífeyrissjóði greitt hluta af almannatryggingasjóðsgjaldinu, eða um það bil 1/3, fyrir þau fríðindi, sem þeir þar hafa notið, sem er aðallega á sviði sjúkratrygginganna. Hámark lífeyris samkv. gildandi l. er 60% af launum, en mundi verða eftir þessu frv. frá 85—95%. Vegna þess að lífeyririnn hefur ekki verið hærri en 60%, hefur í mjög mörgum tilfellum verið veitt viðbót í 18. gr. fjárl., en ef þetta frv. verður að lögum og lífeyririnn nær þessari upphæð, sem ég nefndi, þá er gert ráð fyrir, að uppbætur á 18. gr. fjárl. til sjóðfélaga í lífeyrissjóði falli niður. Þetta er önnur aðalbreytingin. Hin er sú, að í stað þess að nú er lífeyririnn miðaður við hundraðshluta af meðaltalslaunum 10 síðustu ára, sem starfsmaðurinn hefur haft, skal samkv. frv. miða lífeyrinn við þau laun, sem hann hafði, þegar hann lét af störfum. Vegna þeirrar verðbólgu og miklu launabreytinga, sem hér hafa verið á undanförnum tveimur áratugum, hefur þessi 10 ára meðaltalsregla dregið mjög niður þann lífeyri, sem ríkisstarfsmenn hafa fengið, og er hér um verulega réttarbót að ræða og í samræmi við þær óskir, sem samtök opinberra starfsmanna hafa fram borið. Þess má einnig geta, að gert er ráð fyrir ekki aðeins að lífeyrir, bæði ellilífeyrir og makalífeyrir, sé miðaður við þau laun, sem starfsmaður hafði, þegar hann lét af starfi, eða varðandi makalífeyri, þegar hann féll frá, heldur fylgi lífeyririnn svo þeim launum áfram, sem fylgja því starfi, sem sjóðfélagi var í.

Að öðru leyti fylgir frv. mjög ýtarleg grg., sem sjóðsstjórnin hefur samið, þar sem breyt. samkv. frv. eru ýtarlega skýrðar, og tel ég ekki þörf á að gera það hér frekar.

Ég vænti þess, að hv. d. fallist á að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi. Það var lagt fyrir Ed. og samþ. þar óbreytt.

Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 462, n. 675).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Hæstv. forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft frv. þetta um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til athugunar og orðið sammála um afgreiðslu þess. Ég tel ekki ástæðu til að rekja einstök atriði frv. eða gefa umsögn n. um þau sérstaklega. Frv. fylgir ýtarleg grg., og það hefur hlotið shlj. afgreiðslu hv. Ed. Ég skal aðeins víkja að meginefni þess.

Í almannatryggingalögunum hefur verið gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir starfsstétta gætu að nokkru tekið að sér verkefni almannatrygginganna, þannig að meðlimir þeirra ættu ekki rétt á elli-, örorku-, ekkju- né barnalífeyri almannatrygginganna. Af þessari ástæðu hafa félagar þessara sjóða greitt lægra gjald til almannatrygginganna, eða um 30% af venjulegu árgjaldi, og ekki heldur notið þeirra réttinda, sem upp voru talin.

Einn þeirra lífeyrissjóða, sem starfað hefur á þessum grundvelli, er lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Þótti þessi grundvöllur eðlilegur á sínum tíma, meðan í gildi voru skerðingarákvæði almannatryggingalaganna, en þau voru felld úr gildi 1. jan. 1961. Nokkrir lífeyrissjóðir annarra starfsstétta hafa starfað á sjálfstæðum grundvelli, þannig að meðlimir þeirra hafa greitt fullt gjald í eigin sjóð og fullt gjald til almannatrygginganna og notið fullra réttinda hjá báðum. Eftir að skerðingarákvæði almannatryggingalaganna voru felld úr gildi, þykir þessi starfsgrundvöllur eðlilegri og æskilegri fyrir meðlimina, enda eru þeim þá tryggð hærri eftirlaun, en iðgjald þeirra verður líka að sama skapi nokkru hærra.

Í frv. til l. um almannatryggingar, sem afgr. var frá þessari hv. þd. í vikunni, er svo ráð fyrir gert, að öllum lífeyrissjóðum verði gert kleift að starfa með þessum nýja hætti, sem sjálfstæðir sjóðir eða viðbótarsjóðir, enda greiði meðlimir þeirra fullt gjald í báða og njóti fullra réttinda hjá þeim báðum. Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að þeir lífeyrissjóðir, sem óska fullra réttinda hjá almannatryggingunum fyrir meðlimi sína, verða að kaupa þau réttindi fyrir liðinn tíma. Samtök starfsmanna ríkisins óska eftir því, að lífeyrissjóður þeirra verði gerður að viðbótarsjóði með þessum hætti, sem ég hef lýst, og fjmrn. kvaddi sérfræðinga til að semja þetta frv., m. a. til þess að þessar breytingar væru framkvæmanlegar, en jafnframt er breytt ýmsum ákvæðum, sem æskilegt var talið og eðlilegt að breyta.

Fjhn. hv. d. hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, enda byggist það á fullkomnu samkomulagi ríkisins og starfsmanna þess. Ég legg því til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—26. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 706).

---

43. Meðferð einkamála í héraði.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði [213. mál] (stjfrv., A. 445).

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa tvisvar legið fyrir hv. Alþingi frv. til l. um meðferð einkamála í héraði, sem hafa ekki náð fram að ganga, vegna þess að ekki hefur orðið samkomulag um þær höfuðbreytingar á núgildandi skipan, sem í þeim frv. voru fólgnar. Hins vegar eru aðstæður að sumu leyti breyttar, frá því að lögin um meðferð einkamála í héraði voru sett 1936, einkanlega varðandi verðlag, embættisskipun og önnur slík atriði, og þykir ekki lengur mega við það hlíta að færa ekki einkamálalögin í samræmi við þessar breyttu aðstæður. Það er efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, en ekki nein efnisbreyting á meðferð mála.

Ég vonast til, að þetta litla frv. sæti ekki ágreiningi, heldur fái skjóta afgreiðslu, og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 445, n. 514).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta frv., sem til hennar var vísað fyrir nokkru. Efni þess er aðallega fjórþætt: Í fyrsta lagi sjálfsagðar leiðréttingar á vissum atriðum laga þeirra, sem nú gilda um meðferð einkamála í héraði, í það horf, sem nú á við, svo sem að í stað „lögmaður" komi: borgardómari — á nokkrum stöðum, í stað „konungur" komi: forseti. — Í öðru lagi breyt. á ýmsum sektarákvæðum l. í nútímahorf. Í þriðja lagi breyt. á úreltum ákvæðum l. um þóknun til þingvotta, vitna, matsmanna, sáttanefndarmanna og sjó- og verzlunardómsmanna. Og í fjórða lagi breyt. á ákvæði núgildandi l., að sáttanefndir skuli hafa heimild til að úrskurða fjárhæðir allt að 5000 kr. í stað 500 kr., sem lögin ákveða nú. Þessar breytingar eru ekki aðeins skynsamlegar, heldur má segja, að þær séu nauðsynlegar.

Allshn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. Ég vil benda á það, að í 18. gr. frv. er prentvilla. Þar stendur: „Sektarfjárhæðir allar í 1. mgr. 187. gr. falli niður" — á að vera: 188. gr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er þess efnis að breyta nokkrum ákvæðum einkamálalaganna, sem ekki eiga lengur við sökum breyttrar löggjafar að öðru leyti, en einkanlega vegna breytts verðgildis peninga. Það hefur verið athugað í Ed., og varð þar ekki neitt ágreiningsefni. Ég vænti þess, að það fái einnig greiðan framgang hér í deildinni.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 445, n. 643).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur kynnt sér frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. með þeirri smávægilegu leiðréttingu, sem frá er greint í nál. á þskj. 643.

Frv. þetta er flutt í Ed., og gekk það ágreiningslaust gegnum þá d. Í því felast eðlilegar og nauðsynlegar breyt. á gildandi lögum um meðferð einkamála í héraði, og er nánar gerð grein fyrir breyt. í aths. með frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 643 samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 682).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 707).

---

44. Tækniskóli Íslands.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Tækniskóla Íslands [215. mál] (stjfrv., A. 449).

Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til, að stofnaður verði í Reykjavík nýr skóla, Tækniskóli Íslands. Skal markmið skólans vera að veita nemendum sínum tæknimenntun, er geri þá hæfa til að takast á hendur ýmiss konar tæknistörf í þágu íslenzkra atvinnuvega. Á fræðslukerfi þjóðarinnar er nú sá annmarki mestur, að hér er ekki unnt að afla sérmenntunar í almenn-

um tæknifræðum með hliðstæðum hætti og unnt er í svonefndum tækniskólum eða teknikum í nágrannalöndum, en þar er um að ræða skóla, sem veita framhaldsmenntun í tæknifræðum á fræðslustigi, er segja má að samsvari með nokkrum hætti menntaskólastigi. Hér á landi eiga nú ungir menn ekki kost á neinu tækninámi milli iðnfræðslustigs og verknámsdeildar gagnfræðaskóla annars vegar og háskólanáms í verkfræði hins vegar, að frátöldu því tækninámi, sem fer fram í vélskólanum í Reykjavík. Er því um að ræða mjög tilfinnanlega eyðu í fræðslukerfinu, að því er snertir skilyrði til tækninams.

Þessu frv. er ætlað að bæta úr brýnni þörf, sem á því er, að æskufólk geti stundað tækninám á hærra stigi en því, sem stundað er í gagnfræðaskólum eða iðnskólum, án þess þó að um háskólanám í verkfræði sé að ræða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað gildi tækni og hvers konar verkmenningar fer vaxandi í nútíma þjóðfélagi. Skilyrði þjóðar til þess að bæta hag sinn og lífskjör eru líklega ekki undir neinu komin í jafnríkum mæli og því, að hún kunni að beita nýjustu tækni og sem fullkomnastri verkkunnáttu á öllum sviðum. En frumskilyrði þess, að unnt sé að hagnýta nýjustu tækni og fyllstu verkkunnáttu, er að sjálfsögðu, að tæknimenntun sé á háu stigi. Í því sambandi er ekki nægilegt, að iðnstéttir séu vel menntar, og ekki heldur, að til séu nægilega margir háskólamenntaðir verkfræðingar til þess að vinna þau störf, sem þeir einir geta unnið. Þeim tæknistörfum fer sífellt fjölgandi, sem eru ekki á verksviði iðnlærðra manna og ekki þarf heldur háskólamenntaða verkfræðinga til þess að sinna. Það er til þess að búa menn undir slík störf, sem hvarvetna í nágrannalöndum og með iðnaðarþjóðum hefur verið komið á fót sérstökum skólum, sem nefndir eru tækniskólar eða teknikum. Þeir, sem lokið hafa prófum frá slíkum skólum, voru til skamms tíma nefndir iðnfræðingar hér á landi eða skyldi nefna svo samkv. lögum. Þar eð það nafn er hins vegar villandi, hefur Alþ. einmitt nú nýlega ákveðið, að starfsheiti þessara manna skuli vera tæknifræðingar. Tilgangur þessa frv. er að koma hér á fót skóla, sem brautskrái tæknifræðinga.

Hér á landi er nú mikill skortur á tæknifræðingum. Tala verkfræðinga er hér 1.4 miðað við hvert þúsund landsmanna, en tala tæknifræðinga er 0.5 miðað við hvert þúsund. Hér eru því næstum þrisvar sinnum fleiri verkfræðingar en tæknifræðingar. Í nágrannalöndum er talið, að nauðsynlegt sé, að 2 verkfræðingar komi á hvert þúsund íbúa, en 4 tæknifræðingar, þ. e. a. s. þar er talið eðlilegt, að tæknifræðingar séu hlutfallslega helmingi fleiri en verkfræðingar. Sums staðar er jafnvel talið nauðsynlegt, að tæknifræðingar séu þrisvar til fjórum sinnum fleiri en verkfræðingar. Hér á landi er tala tæknifræðinga hins vegar ekki nema þriðjungur af tölu verkfræðinga. Sést af þessu greinilega, hversu hér er gífurlegur skortur á tæknifræðingum. Tala íslenzkra tæknifræðinga er hlutfallslega ekki nema fjórðungur þess, sem hún er talin þurfa að vera minnst í nágrannalöndum, og ekki nema áttungur þess, sem hún er sums staðar talin þurfa að vera. Virðist ekki þurfa frekari rök fyrir því, að brýna nauðsyn ber til alvarlegs átaks í því efni að stuðla að því, að miklu fleiri ungir menn hefji tæknifræðinám en átt hefur sér stað undanfarið.

Þær raddir hafa heyrzt í umr. um þessi mál undanfarið, að vafasamt sé, hvort Íslendingar eigi að ráðast í það að stofna tækniskóla hér á landi, þar eð slíkir skólar séu dýrir í rekstri, hitt sé ódýrari og einfaldari leið, að styrkja unga menn til náms í erlendum tæknifræðiskólum og hafa hér á landi undirbúningsnámskeið, sem auðveldi þeim inngöngu í erlendu tækniskólana. Tæknimenntun einmitt á því stigi, sem hér er um að ræða, er hins vegar orðin sérhverri þjóð, sem leggja vill áherzlu á aukna framleiðni og bætta afkomu, svo nauðsynleg, að það getur ekki talizt viðunandi að þurfa að sækja hana algerlega til annarra þjóða. Þess vegna telur ríkisstj. einsætt að stefna að því að gera tæknimenntunina innlenda með því að koma hér á fót íslenzkum tækniskóla, sem auk þess að veita hliðstæða menntun og gert er í erlendum tækniskólum taki sérstakt tillit til sérþarfa íslenzkra atvinnuvega á tæknimenntunarsviðinu.

Það er ljóst, að það hlýtur að taka nokkurn tíma að koma slíkum skóla á fót. Að því á ekki að hrapa, heldur byggja upp skólann smám saman. Það er mikilvægara, að skólinn sé góður og fræðslan vönduð, þannig að þeir tæknifræðingar, sem fá menntun sína hérlendis, verði vel menntaðir, en hitt, að skóla sé hróflað upp í skyndi. Af þessum sökum er heimilað í bráðabirgðaákvæði frv., að stofnun tækniskólans fari fram í áföngum. Gert er ráð fyrir því, að skólinn starfi í deildum og skuli þar fyrst um sinn vera rafmagnsdeild, véladeild, byggingardeild, fiskideild og vélstjóraskóli. En vélskólinn í Reykjavík skal vera deild í hinum nýja tækniskóla. Er gert ráð fyrir því, að einstakar deildir verði stofnaðar eftir því, sem framkvæmanlegt þykir og fé er veitt til í fjárlögum.

Miðað er við, að unnt yrði að hefja kennslu í 1. bekk deildanna næsta haust, en nám í 1. bekk mun geta verið sameiginlegt fyrir þær deildir, sem gert er ráð fyrir að starfi í skólanum. Jafnframt yrði undirbúin kennsla 2. bekkjar á næsta ári þar á eftir. Ef ekki þætti fært að láta allar fjórar deildirnar taka til starfa samtímis, yrði að velja þá deild úr, sem brýnust þörf væri talin á og framkvæmanlegast þætti að hefja fullkomna kennslu í. Vélskólinn mundi hins vegar starfa með óbreyttum hætti innan tækniskólans.

Þar eð lítið er um nám í tæknigreinum í þeim skólum, sem nú starfa innan skólakerfisins, er óhjákvæmilegt, að við skólann starfi

sérstök undirbúningsdeild. Gert er ráð fyrir því, að inngönguskilyrði í hana séu annars vegar próf frá iðnskóla og hins vegar miðskólapróf ásamt verklegri þjálfun, sem að dómi tækniskólans er talin jafngilda verklegri þjálfun í iðnnámi. Auk þess er gert ráð fyrir því, að haldið verði sérstakt inntökupróf í undirbúningsdeildina. Þeir, sem ljúka prófi úr henni, fá inngöngu í tækniskólann, sem gert er ráð fyrir að verði þriggja ára skóli. Það mun því taka þá, sem lokið hafa iðnskólaprófi eða miðskólaprófi, að viðbættu nokkru verklegu námi, 4 ár að ljúka tæknifræðináminu.

Í þessu sambandi skal ég skýra frá því, að á s. l. sumri heimilaði menntmrn. vélskólanum í Reykjavík að koma á fót undirbúningsdeild undir nám í erlendum tækniskólum, og var þegar á s. l. sumri leitað samstarfs við fræðsluyfirvöld í Danmörku og Noregi um viðurkenningu á prófi úr þessari deild sem inntökuprófi í tækniskóla þessara landa. Hefur þessi undirbúningsdeild starfað nú í vetur með 30 nemendum. Námsefni hennar var ákveðið í samráði við stjórn tækniskóla í Danmörku og Noregi, og er gert ráð fyrir því, að hingað komi í vor fulltrúar frá fræðsluyfirvöldum í þessum löndum til þess að taka þátt í prófnefndarstörfum við undirbúningsdeildina. Próf úr þessari undirbúningsdeild veitir síðan rétt til inngöngu í tækniskóla í Danmörku og Noregi samkv. samkomulagi við fræðsluyfirvöld þessara landa, eins og ég gat um áðan. Prófið mundi og að sjálfsögðu veita rétt til inngöngu í tækniskóla þann, sem gert er ráð fyrir að stofna samkv. þessu frv. Það er einmitt vegna þess, að slík undirbúningsdeild hefur nú starfað innan vélskólans í Reykjavík í einn vetur, að unnt er að hefja kennslu í 1. bekk tækniskólans þegar næsta haust.

Ástæða er til þess að fara nokkrum orðum um vélskólann í Reykjavík og námið í honum. Inngönguskilyrði í hann eru samkv. gildandi lögum þau, að nemandi hafi lokið iðnskólanámi og hann hafi jafnframt lokið vélvirkjasveinsprófi eftir 4 ára járniðnaðarnám. Þessi ströngu inntökuskilyrði hafa valdið því, að vélskólinn hefur oft og einatt alls ekki verið fullsetinn. Árið 1958—1959 voru nemendur hans 44, 1959—1960 voru þeir 40, 1960—1961 31, 1961—1962 29 og nú á þessum vetri 22. Samtímis því, að aðsókn að vélskólanum er ekki meiri en þetta, er hér mikill skortur á lærðum vélstjórum. Verður stöðugt að veita undanþágur frá þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum um menntun þeirra, sem stunda vélstjórastörf. Raunar er það ekki svo, að ungir menn óski ekki eftir því að stunda nám í vélskólanum. Ýmsum, sem það vilja, reynist það ekki kleift, vegna þess að erfitt reynist að fá þá undirbúningsþjálfun, sem nauðsynleg er til þess að fá inngöngu í skólann. Allt er þetta þeim mun bagalegra vegna þess, að vélskólinn er orðinn allfullkomin kennslustofnun, sem gæti veitt miklu fleiri ungum mönnum menntun en nú á sér stað. Ég tel því brýna nauðsyn bera til að breyta gildandi lagaákvæðum um vélskólann og opna ungum mönnum nýjar leiðir til vélstjóranáms.

Nú má segja, að verknámsdeildir gagnfræðastigsins séu lokuð braut. Þeir, sem þar stunda nám, eiga ekki völ á framhaldsnámi í samræmi við þann undirbúning, sem þeir hafa hlotið. Væri að mínum dómi eðlilegt að koma á tengslum milli verknámsdeilda gagnfræðaskólanna og vélskólans, þannig að þeir, sem lokið hafa prófi í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, ættu að loknu nokkru viðbótarnámi kost á því að stunda vélstjóranám, án þess að um fjögurra ára járniðnaðarnám væri að ræða. En þetta er sérstakt úrlausnarefni, og er í þessu frv. ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á vélskólanum eða inngönguskilyrðum í hann eða vélstjóranáminu.

Um nokkur atriði þessa máls munu vera skiptar skoðanir, og hefur ekki verið talið rétt að blanda þeim vandamálum saman við hin almennu tæknimenntunarmál. Í menntmrn. hefur undanfarið verið unnið að till. um breyt. á l. um vélskólann í Reykjavík. Verður það mál rætt ýtarlega við forustumenn vélskólans og vélstjórastéttarinnar, en ákvörðun hefur ekki verið tekin um það enn, hvort flutt verði frv. um það efni á þessu þingi.

Þetta frv. er samið af þriggja manna nefnd, sem menntmrn. skipaði haustið 1961 og í áttu sæti þeir Ásgeir Pétursson sýslumaður, sem þá var deildarstjóri í menntmrn., og var hann formaður n., Gunnar Bjarnason skólastjóri vélskólans í Reykjavík og Finnbogi R. Þorvaldsson, sem þá var prófessor við verkfræðideild háskólans. Frv. hefur verið rætt við fulltrúa frá Tæknifræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands. Af hálfu tæknifræðinganna og verkfræðinganna hefur verið lýst miklum áhuga á því, að skilyrði til tæknimenntunar verði bætt hér á landi. Öllum aðilum, sem um þetta mál hafa fjallað, er ljóst, að tæknifræðsla er vandasöm og kostnaðarsöm, en nauðsyn hennar er svo brýn, að ekki má víkjast undan vandanum né horfa í kostnaðinn, enda víst, að bætt tæknimenntun mun reynast arðsöm hér á landi, ekki síður en með öðrum þjóðum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs áðan, var það ætlun mín að beina fsp. til hæstv. ráðh., en í síðari hluta ræðu sinnar hefur hæstv. ráðh. að nokkru leyti upplýst það, sem ég ætlaði að spyrja um. Þó skal ég fara um þetta mál örfáum orðum.

Hinn 14. marz 1962 var samþ. hér á Alþ. þál. um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að láta athuga, á hvern hátt heppilegast verði að koma fyrir hérlendis tæknifræðikennslu fyrir iðnaðarmenn, sem í vaxandi mæli leita til erlendra tækni-

skóla. Sé í því sambandi athugað, hvort hægt sé að koma upp tæknifræðideild við Vélskóla Íslands eða iðnskólann í Reykjavík. Þar til unnt verður að veita slíka fræðslu hér á landi, stuðli ríkisstj. í samráði við Tæknifræðingafélag Íslands að undirbúningsnámskeiðum fyrir þá, sem hafa í huga að komast á tæknifræðiskóla erlendis.“

Þegar þessi till. var til umr. í fyrra í allshn. Sþ., komu fulltrúar frá Tæknifræðingafélagi Íslands á fund n. Á þeim fundum upplýstu þeir margt um þessi mál, um hina erlendu skóla, sem íslenzkir iðnaðarmenn og stúdentar hafa sótt og þar sem þeir hafa aflað sér tæknifræðimenntunar, um þann undirbúning, sem mönnum þætti á skorta hér heima fyrir, til þess að menn gætu notið kennslu í þessum erlendu skólum, um þörfina fyrir tæknifræðinga hér á landi og ýmislegt fleira. Þeir veittu okkur nm. þá ýmsar upplýsingar um fjölda tæknifræðinga í nágrannalöndunum, sem sumar eru nú fram komnar í grg. þessa stjfrv. Nú er það upplýst, að mér skilst, að slíkt undirbúningsnámskeið hafi þegar komizt á fót, a. m. k. í einhverjum greinum tæknifræðinnar, en eins og kunnugt er, þá er hér um margar greinar að ræða. Þeir íslenzku tæknifræðingar, sem þegar hafa stundað nám í erlendum skólum, eru sérmenntaðir í tækni á ýmsum sviðum, í vélfræði, í arkitektúr og í mörgu og mörgu, ýmsum greinum. En hér liggur nú fyrir frv. um stofnun tækniskóla. Að vísu er gert ráð fyrir, að sá skóli verði stofnaður í áföngum, en þó þannig, að það er gert ráð fyrir, að kennsla í 1. bekk hinna einstöku deilda innan skólans muni fara fram á næsta vetri, ef frv. verður að lögum. Ég sé nú ekki við lauslegan yfirlestur, að beinlínis sé fram tekið í frv. um það próf, sem skólinn veiti, en trúlega er þá ætlazt til þess, að í reglugerð séu ákvæði um það.

Ég vil fagna því, að komið skuli vera fram frv. um þetta efni, því að á því er enginn vafi, að mikil þörf er á slíkum mönnum hér á landi, tæknifræðingum. Á hinu kann að vera einhver vafi, hvort við höfum enn nægum kennslukröftum á að skipa til þess að kenna við slíkan skóla, þegar hann væri fullstofnaður. Um það skal ég ekki dæma og kemur sjálfsagt í ljós á sínum tíma, en ég geri ráð fyrir því, að það sé þá ætlazt til þess, á meðan skólinn er ekki að fullu stofnaður, þ. e. a. s. ekki starfa nema byrjunardeildir í hverri grein, þá geti orðið eitthvert samband á milli þessarar kennslu og þeirra skóla, sem hingað til hafa verið sóttir. Ég tók ekki eftir, að það kæmi neitt fram um það í ræðu hæstv. ráðh., en hefði verið gott að fá upplýst, hvernig það er hugsað.

En sérstaklega var það nú ætlun mín að spyrja um það, hvort og þá á hvern hátt samband hefur verið haft við félagsskap tæknifræðinga um þetta mál. Ég veitti því sem sé athygli, að í þeirri undirbúningsnefnd, sem hefur undirbúið þetta mál og getið er um í upphafi grg., virtist ekki vera neinn maður frá þessu félagi. Hæstv. ráðh. upplýsti það í ræðunni, að rætt hafi verið við þessa menn, og er það vel, ef svo hefur verið, en ég hygg, að það eigi ekki að ganga frá svona löggjöf, nema þessi félagsskapur hafi tækifæri til þess að láta í ljós álit sitt um einstök atriði löggjafarinnar, og vildi ég sérstaklega beina því til þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, að hún kynni sér álit þessara manna, félagsskapar ísl. tæknifræðinga. Í þessum félagsskap virðast vera mjög áhugasamir menn, og er áreiðanlega ávinningur að því að hafa þá með í ráðum um þessa löggjöf.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa eindregnum stuðningi mínum við að koma hér upp tækniskóla og tel það stórkostlegt framfaraspor að stofna til hans. Ég hef ekki getað kynnt mér þetta frv. í einstökum atriðum, en ég vil vona, að það sé þannig úr garði gert, að við megi hlíta í aðalatriðum.

Það hljóta allir að sjá nauðsyn þess að koma atvinnumálum og vinnumálum landsins í það horf, að menn geti unnið fyrir sér á venjulegum vinnudegi, en til þess að svo megi verða, þurfa æðimiklar breytingar að eiga sér stað, og enginn vafi leikur á því, að einn allra veigamesti þátturinn varðandi velmegun manna framvegis er ekki bara aukin framleiðsla, heldur aukin framleiðni, og til þess að hún megi nást, verður vitaskuld að leggja höfuðáherzluna á tækni og sem fullkomnasta hagræðingu allra vinnubragða, vélvæðingu og allt, sem verða má til að auka framleiðsluna. Jafnframt þarf svo vitaskuld að vinna að því að færa tekjuskiptinguna í hagfelldara horf, en það er annar þáttur en fjallað er um í frv. eins og þessu, sem varðar tækniskóla á Íslandi. En stofnun tækniskóla ætti að mínu viti að geta orðið mikil hjálp við að koma í framkvæmd þeirri stórsókn í tæknilegum efnum, sem þarf að eiga sér stað. Þess vegna lýsi ég eindregið stuðningi mínum við þetta frv. um stofnun tækniskólans.

Ég vil einnig nota tækifærið til að láta í ljós þá skoðun, að nauðsynlegt sé að endurskoða og kveðja til þess færustu menn, endurskoða allt, sem varðar framkvæmd tæknimála, og vil ég í því sambandi m. a. minna á þáltill., sem liggur hér fyrir hv. Alþ. frá hv. 4. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, og hv. 4. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, varðandi fiskiðnaðarskóla. Það er þáttur, sem er áreiðanlega mjög þýðingarmikið að taka föstum tökum, t. d. í eins konar framhaldi af því máli, sem hér er á dagskrá. Enn fremur vil ég benda á, að það þyrfti enn að efla verkstjórnarkennslu í landinu stórlega frá því, sem nú er, og endurbæta hana. Loks vil ég benda á, að það er lífsnauðsyn að endurskoða allt iðnnámsfyrirkomulagið, eins og hefur komið fram hjá fleirum, að ógleymdri vélstjóramenntun og annarri hliðstæðri menntun, sem hæstv. ráðh. fjallaði um áðan í sínu máli. Ég vil leggja áherzlu á það, jafnframt því sem ég vil styðja

frv. til l. um Tækniskóla Íslands, að öll tæknimenntun í landinu verði endurskoðuð frá rótum og efld með öllu hugsanlegu móti að beztu manna yfirsýn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki hefja neinar almennar umr. um þetta mál. Ég get tekið undir með þeim hv. ræðumönnum, sem hafa talað á undan mér og fagnað því, að þetta mál skuli fram komið. En það eru viss atriði í þessu frv., sem mig langar til að mega vekja athygli á við 1. umr., eftir að hafa lesið frv. aðeins mjög lauslega og hlustað á framsöguræðu hæstv. ráðh.

Fyrsta atriðið, sem mig langar til þess að minnast á, er í sambandi við 6. gr., þar sem talað er um deildaskiptinguna. Þar er gert ráð fyrir fiskideild með öðrum deildum. Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta mál hafi verið sérstaklega athugað með fiskideildina og hvort það hafi orðið niðurstaðan eftir gaumgæfilegar athuganir, að væntanlegum fiskiðnaðarskóla, sem flestir munu sammála um að þurfi að rísa í landinu, verði bezt fyrir komið í sambandi við þennan almenna tækniskóla, — og eins hvort það hafi verið haft samráð við fyrirsvarsmenn fiskiðnaðarins og fiskmat ríkisins um þetta mál. Eins langar mig til í þessu sambandi að vekja athygli á ákvæðum til bráðabirgða, þar sem talað er um, að stofnun skólans skuli fara fram í áföngum. Að mínum dómi getur það skipt afar miklu máli, hvernig framkvæmd þessa ákvæðis verður. Það er ekki víst, að allir séu á einu máli um það, hvaða deildir beri að leggja höfuðáherzlu á og hvaða deildir skuli sérstaklega hefja starf fyrr en aðrar, og ég vil sérstaklega undirstrika, að fiskideildin, ef hún verður upp tekin við skólann og verður að fiskiðnaðarskóla, verði ekki látin mæta afgangi, heldur verði hún með því fyrsta, sem framkvæmt verður af ákvæðum þeim, sem í þessu frv. felast.

Þá vil ég einnig minnast örlítið á staðsetningu skólans. Það er gert ráð fyrir í þessu frv., að skólinn verði staðsettur í Reykjavík. En ég býst við, að margir mundu telja, að það væri ekki endilega nauðsynlegt, að skóli sem þessi væri staðsettur í Reykjavík, heldur mætti vel hugsa sér aðra staði til þeirra hluta, t. d. Akureyri, sem hefur áreiðanlega mjög góð skilyrði til að vera staður slíks skóla. Og ég held, að mér sé óhætt að upplýsa hér, að það er hreyfing á Akureyri einmitt í þessa átt, að stofnaður verði sérstakur tækniskóli þar, og hefur verið um nokkurt skeið. Og sérstaklega hefur þessi hreyfing vaxið nú undanfarið, eftir að séð er fyrir endann á því, að byggður verði iðnskóli á Akureyri, og þá hafa margir látið sér það til hugar koma að gera þennan skóla þannig úr garði, að hann geti líka hýst tækniskóla. Mér þykir rétt, að þetta komi fram, og ég vona, að þetta frv. verði ekki til þess að tefja það mál eða koma í veg fyrir, að svo mætti verða, að Akureyringar fengju sinn tækniskóla.

Í því sambandi er ástæða til þess að vekja athygli á því, að í öðrum löndum, að því er ég bezt þekki, eru til tækniskólar, sem eru einmitt staðsettir utan höfuðborganna, og mér skilst, að þeir skólar hafi gefið sízt verri raun en höfuðborgarskólar, og ég hygg, að við gætum vel farið út á sömu braut og ættum einmitt að fara að stinga við fótum í sambandi við stofnun nýrra ríkisstofnana, skólastofnana og menntastofnana yfirleitt, stinga við fótum og leita eftir því að finna þeim stað annars staðar en hér í Reykjavík. Það er áreiðanlega hægt að dreifa slíkum stofnunum meira, og einmitt ætti að gera það, þegar um nýjar stofnanir er að ræða, og taka það mál þá alveg sérstaklega til athugunar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka formanni Framsfl. og þeim tveim öðrum þm. þess flokks, sem talað hafa, fyrir stuðning þeirra við þetta frv., sem kemur nú til 1. umr.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) sagði í sinni ræðu um nauðsyn gagngerðrar endurskoðunar á iðnnámsfyrirkomulaginu öllu, vil ég láta þess getið, að fyrir næstum tveim árum skipaði menntmrn. allstóra nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um iðnskóla og iðnskólanámið allt. Þetta starf hefur reynzt mjög umfangsmikið, vegna þess að n., sem að því hefur unnið, hefur talið rétt að kynna sér með sem rækilegustum hætti tilhögun iðnnáms í nágrannalöndum. Þess vegna hefur n. ekki enn tekizt að ljúka störfum. En það eru ekki nema 2—3 vikur síðan ég beindi alveg sérstakri fsp. til n. um það, hvort störfum hennar væri svo langt komið, að hún gæti lokið störfum, þannig að niðurstöður gætu legið fyrir þessu þingi eða samtímis því og Alþ. fjallaði um þær till., sem þá hafði verið ákveðið að gera um stofnun tækniskóla. En ég fékk það svar, að enn ætti n. eftir að vinna allmikið starf og útilokað væri, að hennar störfum gæti verið lokið fyrr en á sumri komanda. Því var hins vegar heitið, að niðurstöður hennar mundu liggja fyrir þá, þannig að menntmrn. ætti að hafa aðstöðu til þess að gera sínar till. svo snemma, að þær gætu legið fyrir næsta Alþ. En ég er algerlega sammála hv. 1. þm. Austf. um það, að brýna nauðsyn beri til þess að endurskoða alla iðnnámstilhögun hér á landi, og einmitt þess vegna var það, sem menntmrn. efndi til þessarar endurskoðunar á þeirri löggjöf fyrir u. þ. b. tveim árum. Hv. þm. vakti enn fremur máls á nauðsyn þess að bæta verkstjórakennslu. Í því sambandi vildi ég aðeins minna hv. þm. á, að það er ekki langt síðan komið var á fót skóla fyrir verkstjóra, sem hefur verið mjög fjölsóttur og starfar af miklum krafti og hefur þegar látið gott af sér leiða.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) minnti á þá till. til þál., sem samþ. var á s. l. vori, um

áskorun á ríkisstj. um að efna til undirbúningsnámskeiða, sem þeir gætu sótt, sem hygðust leita náms í erlendum tækniskólum. Ég mun hafa skýrt frá því, þegar sú till. var til umr. hér á hinu háa Alþingi, að það mál hafi þegar verið til athugunar í menntmrn. í sambandi við störf þeirrar n., sem samdi þetta frv. um tækniskólann, enda fór svo á s. l. sumri, að það tókst að ná samkomulagi við fræðsluyfirvöld í Danmörku og Noregi um að viðurkenna próf frá undirbúningsdeild, sem hér yrði starfrækt, sem inntökupróf í tækniskólana í þessum löndum, eins og ég gat þegar um í framsöguræðu minni. Slík deild, sem ályktun Alþ. frá s. l. vori fjallaði um, hefur verið starfrækt nú á s. l. vetri, svo að ég tel efni till. frá því í marz s. l. hafa verið framkvæmt að fullu.

Þá spurði hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, hvers konar sambandi væri gert ráð fyrir við erlendu skólana. Um þetta efni skal ég bæta nokkrum upplýsingum við það, sem ég sagði í framsöguræðu minni. Þar tók ég fram, að þegar er samkomulag við tækniskóla í Danmörku og Noregi um að viðurkenna próf úr undirbúningsdeildinni hér sem inntökupróf í þá skóla. En það inntökupróf er að sjálfsögðu líka inntökupróf í hinn væntanlega íslenzka tækniskóla. Við þetta er svo því að bæta, að nám í 1. bekk tækniskólans er sameiginlegt fyrir allar deildir, sem tækniskólar yfirleitt skiptast í, og hið sama á við um tækniskólana í nágrannalöndunum. Þess vegna hefur verið gert ráð fyrir því, að áherzla yrði á það lögð að hafa námsefni 1. bekkjar tækniskólans hér alveg hliðstætt því, sem gerist um námsefni 1. bekkjar í tækniskólum á Norðurlöndum, þannig að brottfararpróf úr 1. bekk íslenzka tækniskólans ætti einnig að geta opnað leið upp í 2. bekk í tækniskólum í nágrannalöndunum. Um þetta hefur að sjálfsögðu ekki enn verið gert neitt samkomulag og ekki einu sinni reynt að ná slíku samkomulagi, vegna þess að íslenzki tækniskólinn hefur ekki þegar verið stofnaður. En af þeirri reynslu, sem fékkst af samningaviðræðum við fræðsluyfirvöldin í Danmörku og Noregi á s. l. sumri, sem leiddu til fullkomins samkomulags, efa ég ekki, að einnig mundi vera hægt að fá samkomulag við þau um það, að brottfararpróf upp úr 1. bekk Tækniskóla Íslands skuli einnig gilda sem inntökupróf í 2. bekk tækniskóla í Danmörku og Noregi, þannig að þeir, sem stunduðu nám í 1. bekk íslenzka tækniskólans, ættu einnig greiðan aðgang að þeim sérgreinum, sem ekki hefði enn verið hafin kennsla í í 2. og 3. bekk íslenzka tækniskólans, því að gera verður ráð fyrir því, að ekki takist að koma öllum hinum fjórum nýju sérdeildum tækniskólans á fót í einu, heldur smám saman, hverri á eftir annarri, eða a. m. k. ekki öllum í einu.

Þetta vona ég, að nægi sem upplýsingar um það, sem menn hafa hugsað sér sem samband við erlenda tækniskóla. Þess má og geta, að greinar í erlendum tækniskólum eru enn fleiri en þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að kenndar verði í íslenzka tækniskólanum, og ætti þá hið sama að gilda um það, að nám í undirbúningsdeild hér og 1. bekk ætti að geta greitt fyrir þeim mönnum, sem stunda vilja tækninám, sem ekki er gert ráð fyrir að kenna í tækniskólanum íslenzka.

Þá spurði hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, hver samráð hafi verið höfð við félagsskap iðnfræðinga um þetta mál. Hann lét þess getið, að enginn fulltrúi frá félaginu hafi átt sæti í nefndinni, sem samdi frv. Það er rétt. Í þeirri þriggja manna n. áttu engir fulltrúar frá neinum samtökum eða neins konar félagsskap sæti. Það var embættismaður úr menntmrn., sem var form. n. Í henni áttu einnig sæti Gunnar Bjarnason, skólastjóri vélskólans, sem telja má þann mann hér á landi, sem er kunnugastur erlendum tæknifræðiskólum, og enn fremur einn af prófessorum verkfræðideildarinnar við háskólann. Ég held, að samsetning n. hafi verið hyggilega ráðin frá upphafi, enda hefur n. skilað mjög góðu starfi. Þegar frv.-samningin var komin á lokastig, var hins vegar haft náið samráð við stjórn Tæknifræðingafélagsins og stjórn Verkfræðingafélagsins. Ég átti í menntmrn. marga fundi með allri stjórn Tæknifræðingafélagsins og enn fremur viðræður við fulltrúa frá Verkfræðingafélaginu. N. átti einnig sameiginlega fundi með fulltrúum frá stjórn Tæknifræðingafélagsins og stjórn Verkfræðingafélagsins.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. (IG), spurðist fyrir um það eða lagði áherzlu á það, að hraða yrði stofnun þeirrar deildar tækniskólans, sem helga ætti sig sérstaklega tæknistörfum í íslenzkum fiskiðnaði, fiskideildinni. Ég vil aðeins láta þess getið, að ég er honum sammála um, að það sé sú deildin, sem einna brýnust þörf sé á að koma á fót hér. Fiskideildinni í tækniskólanum er einmitt ætlað hliðstætt verkefni og þó líklega nokkru meira en virðist vaka fyrir þeim aðilum, sem sérstaklega hafa beitt sér fyrir stofnun fiskiðnaðarskóla, svo að ef þetta frv. yrði samþ. og þar með ákveðið að stofna tækniskóla, sem m. a. hefði fiskideild, tel ég, að tilgangi þeirra manna, sem haft hafa sérstakan áhuga á stofnun fiskiðnaðarskóla, sé náð. Og það get ég a. m. k. fullvissað hv. þm. um, að muni ég hafa eitthvað um framkvæmd þessara mála að segja, þá mun fiskideild við slíkan skóla ekki verða látin mæta afgangi.

Að síðustu ræddi hv. 4. þm. Norðurl. e. nokkuð um staðsetningu tækniskólans. Það mál var rætt mjög ýtarlega í n., sem samdi frv., og athugað rækilega í menntmrn. Niðurstaðan varð sú, að eins og nú háttar kennslukröftum hér á Íslandi, mundi annað trauðla vera fært en hafa tækniskólann í Reykjavík. Hitt er annað mál, að mér er kunnugt um þann áhuga, sem á því máli er á Akureyri að starfrækja tækniskóla þar. Í því sambandi vildi ég taka fram, að ég teldi mjög

koma til greina og raunar mjög æskilegt, að undirbúningsdeild að tækniskólanum yrði ekki aðeins starfrækt í Reykjavík, heldur einnig annars staðar á landinu og þá fyrst og fremst á Akureyri. Það mundi auðvelda þeim Akureyringum og þeim Norðlendingum og Austfirðingum, sem leggja vilja fyrir sig tæknifræðinám, það mjög, ef undirbúningsdeild starfaði t. d. á Akureyri. Það er hugmynd, sem ég tel fyllilega koma til athugunar og er sjálfsagt að fái rækilega athugun. Það gæti einnig komið til greina, að t. d. 1. bekkjardeild tækniskólans yrði starfrækt utan Reykjavíkur, t. d. á Akureyri, vegna þess að þar er um tiltölulega almennt tækninám að ræða, sem auk þess er sameiginlegt fyrir allar sérdeildirnar. En ég verð að segja það alveg eins og er, með hliðsjón af þeirri þekkingu, sem ég hef fengið á þessu máli í sambandi við undirbúning þess, að mér er mjög til efs, eins og nú háttar um kennara og nauðsynleg rannsóknarstofu- og tækniskilyrði í slíkum skóla, að það væri framkvæmanlegt að starfrækja 2. og 3. bekk í hinum einstöku deildum tækniskólans á öðrum stað en hér í Reykjavík, a. m. k. fyrst um sinn, þó að ég vilji auðvitað ekki útiloka, að slíkt geti komið til greina, þegar nokkur reynsla er fengin um þessi mál.

Með þessu held ég, að ég hafi svarað þeim aths., sem fram komu af hálfu þeirra hv. þm., sem talað hafa. Ég vil enda mál mitt á að endurtaka þakkir mínar fyrir þann stuðning, sem fram kom í ræðum þeirra við þetta frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að frv. er komið fram um tækniskóla, og mun nota tækifærið til þess að fjalla betur um það, þegar það fer til menntmn. Það er eitt, sem ég vildi gera að umtalsefni strax við þessa 1. umr. Ég held, að um leið og við reynum að fara að koma okkar tæknimenntun í betra horf, þá sé alveg óhjákvæmilegt í sambandi við það að fara að taka iðnmálin öðrum tökum en við höfum gert fram að þessu. Nú er gengið út frá, að þessi tækniskóli taki 3 ár, enn fremur undirbúningsdeild, sem tekur 1 ár. Til þess að geta fengið inngöngu í undirbúningsdeildina, skulu menn hafa lokið prófi frá iðnskóla, og nú kostar það iðnnám í 4 ár og veru í iðnskóla um leið. Fyrst á unglingurinn að leggja í 4 ára iðnnám og starf hjá atvinnurekendum í hinum ýmsu greinum, síðan 1 ár í undirbúningsdeild, síðan 3 ár í tækniskólanum. Erfiðleikinn er að fá menn til að leggja út í þetta langa nám, og meðan undirstaðan í þessu öllu saman er eins og iðnnámið er núna, þá er eðlilegt, að fari eins og hæstv. menntmrh. e. t. v. kvartar um í þeirri grg., sem fylgir þessu máli. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er og á það að líta, að skortur á vélstjórum, svo sem öðrum tæknimenntuðum mönnum, mun tefja fyrir því, að gagnlegar nýjungar nái fram að ganga. Það er kunnugt, að árlega óskar fjöldi ungra manna eftir að komast í vélskólann. En oft tekst þeim það ekki, vegna þess að mjög erfitt er að fá þá undirbúningsþjálfun, sem er nauðsynleg til þess að fá inngöngu í skólann.“ Og síðan segir: „Það er kunnugt, að fjöldi unglinga hefur áhuga á hvers konar tækni og er reiðubúinn til þess að stunda nám í vélskólanum til þess síðar að annast stjórn véla í þágu atvinnuveganna. En þar með er ekki sagt, að þessir unglingar séu reiðubúnir til þess að leggja á sig 4 ára iðnnám fyrst. Þá er og kunnugt, að það er oft erfitt fyrir unga menn að komast að sem nemar í vélsmiði.“

M. ö. o.: það er tvennt, sem er bókstaflega til hindrunar, að ungir íslenzkir menn geti öðlazt þá tæknimenntun, sem þeir þó þrá. Það er annars vegar sá háttur, að menn þurfi að komast að hjá einhverjum atvinnurekanda eða einhverjum meistara sem nemandi og það sé undir geðþótta og vilja atvinnurekendanna í landinu, hvort þeir taki þarna nema. Og hins vegar, að menn verða að vera þar 4 ár, a. m. k. svo að segja í öllum greinum, t. d. þessum greinum, sem mundu sérstaklega vera undirbúningur þarna undir. Og meira að segja í sumum greinum, sem virðist ekki þurfa svo langan tíma til, — ég er hræddur um, að meira að segja í hárgreiðslu þurfi líklega þrjú eða fjögur ár, þó að almennt séu menn útskrifaðir í slíku námi á 6 mánuðum í nágrannalöndum okkar. Þetta þarf að breytast um leið, ef við ætlum að fara að gera gott átak í því efni að veita okkar æskulýð, sem er orðinn ákaflega mikið andlega undir það búinn á allan máta af þjóðfélaginu að hugsa fyrst og fremst um tækni og tæknimenntun, veita honum möguleika til að verða vel að sér í þessu.

Það var fyrir löngu, ég held 1955, þegar breytingar voru þá gerðar á l. um iðnskóla, þá var einmitt settur inn í l. möguleikinn á því, auk þess sem sá möguleiki væri eins og áður að læra hjá einum meistara, að menn gætu líka verið í iðnskóla, sem kenndi þeim þetta. Sá möguleiki var opnaður, en þetta hefur aldrei verið framkvæmt. Það er nauðsyn að framkvæma þetta. Og það liggur nú fyrir Alþ. einmitt þáltill. á þskj. 296, fyrir sameinuðu þingi, frá hv. 4. landsk. (HV) og hv. 2. landsk. (EðS), um það að fela ríkisstj. að beita sér fyrir, að stofnsettur verði verknámsskóli í járniðnaði, einmitt á grundvelli heimildar í iðnskólalögunum, eins og þau voru frá 1955, með þeirri breyt., sem þá var gerð á þeim.

Ég held einmitt, ef það ætti að verða samræmi í þessum aðgerðum hjá okkur að auka tæknimenntunina, fá unga fólkið til þess að fara í tækniskólana og greiða því aðganginn að þessum tækniskólum, þá ætti samtímis einmitt að verða við því að koma upp, t. d. í járniðnaðinum, sem er mikill lykill einmitt að ýmsu í sambandi við vélskólunina alla, vélsmíði, vélstjórn og annað slíkt, — þá held ég, að það væri ákaflega heppilegt, að slík þáltill. væri samþ. og hafizt handa um það í haust að koma slíkum skóla upp. Það ætti þó alltaf

a. m. k. að geta stytt tímann um eitt ár, og ég held satt að segja, að það hljóti að vera hægt að stytta hann mun meira. Ég held, að með því að það sé veruleg kennsla í þessu og sú kennsla, sem menn fá í iðnskólanum, sé nógu vel tengd við sjálfa vinnuna, við verkstæðin, ætti þetta að vera auðvelt að ýmsu leyti einmitt í járnsmíðinni, þar sem ríkið hefur sjálft t. d. Landssmiðjuna, ef gengi erfiðlega að fá samkomulag við meistarana. Ég held því, að það væri ákaflega gott, að við hefðum hliðsjón af því, þegar þetta mál verður nú athugað í menntmn., og vonandi verður því flýtt eins og hægt er, þá reyndum við að láta sem mest fylgjast að í þessu, þannig að öll gatan verði greidd fyrir þá ungu menn, sem hefðu áhuga á þessu, og þeir munu vera margir, eins og réttilega segir í grg., að þeir fengju héðan af greiðari aðgang en þeir hafa haft hingað til.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv. (EOl), um það, að brýna nauðsyn ber til þess að taka alla iðnfræðsluna hér og allt iðnnámsskipulagið til gagngerðrar endurskoðunar. Þetta hefur mönnum einnig verið algerlega ljóst í sambandi við undirbúning þessa máls. Það var alveg sérstaklega athugað og rækilega rætt í sambandi við undirbúning málsins, hvort rétt væri að gera iðnskólapróf að inngönguskilyrði í tækniskólann, eins og niðurstaðan varð í sambandi við þetta frv. Ég geri mér persónulega algerlega ljósa gallana á því, að svo skuli þurfa að vera um sinn a. m. k. Meginástæða þess, að niðurstaðan varð sú að gera iðnskólapróf að inntökuskilyrði í tækniskólann, er sú, að þannig er þessu háttað á Norðurlöndum, þó að einmitt þetta atriði sé einnig til endurskoðunar þar, alveg sérstaklega í Danmörku. En ég tel afar mikilvægt, þegar við Íslendingar hyggjumst koma á fót tækniskóla, að sá skóli veiti menntun, er sé fullkomlega sambærileg og útskrifi menn, sem að menntun og reynslu standa að engu leyti að baki þeim mönnum, sem norrænu teknisku skólarnir brautskrá. En ef fallið hefði verið frá því skilyrði hér, að iðnskólapróf væri inngönguskilyrði í tækniskóla, þá mundu þeir menn, sem hinn íslenzki tækniskóli brautskráði, ekki vera sambærilegir, hvorki að menntun né reynslu, þeim, sem norrænir tækniskólar brautskrá.

Ég tel sem sagt mjög mikilvægt á þessu stigi, að hér séu ekki gerðar minni kröfur til þessara manna en gerðar eru á Norðurlöndum. Hins vegar tel ég rétt að fylgjast rækilega með þeirri endurskoðun, sem fram fer nú einmitt þar og gengur sumpart í þá átt að gera fullkomið iðnpróf ekki að inngönguskilyrði í skólana, a. m. k. ekki fullkomið verklegt iðnnám. Þar er verið að vinna að því að koma upp verknámsskólum í iðnaði, þannig að nám í þeim geti komið í stað verknáms á vinnustað, og þetta hygg ég að sé leiðin, sem hér ætti einnig að fara.

Það hefur verið athugað rækilega í sambandi við þá endurskoðun á iðnnámslöggjöfinni sjálfri, sem ég gat um í ræðu minni áðan, hvort ekki sé orðið fullkomlega tímabært að koma á fót verklegri kennslu í iðnskólanum eða í sambandi við hann, sem geti stytt verknámið á vinnustaðnum sjálfum. Ég tel hér vera um einhverja mestu endurbót að ræða, sem hugsanlegt væri að gera á iðnnámsskipulaginu hér. Með þessu móti væri ekki um það að ræða að slaka á kröfum til iðnaðarmanna um verklega kunnáttu, heldur hitt, að skipuleggja hið verklega nám betur en nú á sér stað, þegar gert er ráð fyrir því, að allt verklega námið fari fram á vinnustöðum. Slíkt verknám hlýtur oft að reynast óhentugt og tímafrekt. Það væri hægt að skipuleggja það miklu betur í sérstakri verknámsdeild í iðnskóla eða í sambandi við iðnskóla og gera þannig iðnnemunum kleift að tileinka sér jafnmikla verkmenntun, jafnmikla verkkunnáttu, með skipulegri hætti og þá um leið á miklu skemmri tíma en unnt er að veita mönnum slíka kunnáttu á vinnustöðunum sjálfum.

Þetta mál er sem sagt í undirbúningi, og ég vil gjarnan taka það fram hér, að ég fyrir mitt leyti er því mjög eindregið fylgjandi, að lagt verði allt kapp á að endurbæta hið verklega iðnnám með þessum hætti.

Annars er það svo, að ýmsar tæknimenntaðar stéttir leggja á það mikla áherzlu, að þeirri kröfu sé haldið, að hinir tæknimenntuðu menn hafi einnig iðnpróf. Þetta hefur komið greinilega fram í þeim umr., sem ég skýrði frá í ræðu minni áðan, að átt hefðu sér stað, ég vil segja undanfarin tvö ár, um endurskoðun á vélstjóranáminu. Ég hef persónulega verið þeirrar skoðunar, og hið sama á við um ýmsa embættismenn, sem um málið hafa fjallað, að það væri unnt að opna fleiri mönnum leið inn í vélskólann í Reykjavík en nú eiga kost á að sækja hann, vegna þess að eitt af inntökuskilyrðunum er fjögurra ára verklegt iðnnám í vélsmiðju. Sumir hafa jafnvel talið koma til greina, að ástæðulaust sé að gera þá menntunarkröfu til verðandi vélstjóra, að þeir hafi lokið iðnprófi. Það hefur hins vegar komið í ljós í umr. um þetta mál, að vélstjórunum sjálfum er mjög annt um, að ekki verði horfið frá þeirri menntunarkröfu til verðandi vélstjóra, að þeir hafi lokið iðnnámi, og ég hef í umr. um þetta mál öðlazt sannfæringu fyrir því, að frá þeirri kröfu megi ekki hvika, vegna þess að það mundi verða til mikils óhagræðis, ef íslenzkir vélstjórar hefðu ekki jafnframt iðnréttindi. Það, sem gera ætti í því máli, er því að mínum dómi ekki það að hvika frá kröfunni um iðnréttindi vélstjóra, heldur að koma upp verknámsskóla eða verknámsnámskeiðum, sem stytti hinn verklega námstíma, án þess þó að slaka á verkkunnáttukröfunum. Þetta er leiðin, sem ég tel skynsamlegast að fara, og er hún í samræmi við þá almennu stefnu, sem ég lýsti áðan, að ég tel að ætti að fylgja við endurskoðun á iðnfræðslunni og iðnnáminu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. þær upplýsingar, sem hann hefur nú gefið, síðan ég talaði hér síðast, varðandi undirbúning málsins og fyrirhugaða framkvæmd, ef að lögum verður. Ég vil þó endurtaka það, að ég hefði talið fara betur á því, að fulltrúi frá Tæknifræðingafélagi Íslands hefði átt sæti í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., og ég vil enn fremur beina því á ný til þeirrar hv. n., sem um þetta mál fjallar, að hún hafi samráð við þennan félagsskap einmitt.

Ég hef veitt því athygli, að í 6. gr. þessa frv., þar sem taldar eru upp deildir í væntanlegum Tækniskóla Íslands, er sagt, að þær skuli fyrst um sinn vera þessar, með leyfi hæstv. forseta: „Rafmagnsdeild, véladeild, byggingadeild, fiskideild og vélstjóraskóli.“ Ég vildi spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort þetta sé ekki prentvilla, hvort hér eigi ekki að standa: vélstjóradeild, eða hvort það er meiningin, að núverandi vélstjóraskóli falli inn í þennan fyrirhugaða Tækniskóla Íslands.

Mér hefur virzt á sumu því, sem fram hefur komið í þessum umr., að menn blönduðu stundum saman hinu venjulega iðnnámi, sem á sér stað hér í þessu landi og öðrum, og því tækninámi, sem gert er ráð fyrir í hinum fyrirhugaða skóla. Hér er um tvennt að ræða. Iðnnámið höfum við þegar í ýmsum greinum, en tækninámið er það, sem hér er um að ræða, framhald af iðnnáminu og í framhaldi af annarri menntun þeirra, sem í hlut eiga. Tæknimenntun sú, sem hér er um að ræða, er sama eðlis og sú menntun, sem verkfræðingar hljóta, þ. e. verkfræðimenntun, þó að hún taki ekki eins langan tíma og menntun verkfræðinga.

M. a. af þessum orsökum er ég ekki viss um það og held ekki, að þetta frv., þótt að lögum verði, leysi það mál, sem fjallað er um í till., sem nú liggur fyrir þinginu um stofnun fiskiðnskóla. Í þeim skóla, fiskiðnskóla, er gert ráð fyrir að mennta verkstjóra og matsmenn og ýmsa aðra, sem vinna hliðstæð störf. En í fiskideild tækniskóla mundu menn að sjálfsögðu hljóta menntun á öðru sviði. Þar mundu menn væntanlega læra um vinnslutöðvar og verksmiðjur og gerð þeirra o. s. frv., en í fiskiðnskólanum eru það störfin sjálf, hin daglegu störf við framleiðslu vörunnar, sem um er að ræða. Ég er þess vegna ekki viss um það og held ekki, að hér sé um sama mál að ræða, og er það til athugunar.

Ég heyri það, að menn, sem hér taka til máls, virðast vera mjög inni á því, að það eigi nú loksins, áður en langt um líður, að verða úr sögunni sú lokun iðngreina, sem átt hefur sér stað á þessu landi og hefur staðið í sambandi við það fyrirkomulag, sem hefur hér og í öðrum löndum verið á iðnnáminu. Iðnnámið hefur eðlilega takmarkazt af þeim möguleikum, sem meistarar hafa haft til þess að taka menn til kennslu. En ef horfið er að því að láta menn læra í sérstökum skólum ekki aðeins það bóklega, sem við kemur iðnaðinum, heldur einnig að fá þar hina verklegu æfingu, þá ætti að sjálfsögðu að verða breyt. á þessu sviði, og er áreiðanlegt, að mörgum mundi þykja það mjög til bóta, ef ekki væru lengur þær hömlur, sem verið hafa á því, að ungir menn geti lært iðngreinar, orðið iðnaðarmenn.

Ég vil taka eindregið undir þau ummæli, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði hér áðan um tæknikennslu á Akureyri, og ég vil staðfesta það, sem hann þar sagði, að á Akureyri hefur undanfarin ár verið mikill áhugi á því — og er vaxandi — að koma upp slíkri stofnun þar, þar sem iðnaðarmenn gætu fengið framhaldsmenntun í tæknifræði, svo og aðrir. Ég vil geta þess í því sambandi og tel til þess sérstaka ástæðu, að hæstv. ríkisstj. barst á s. l. hausti till. um þetta efni. Sú till. var frá staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem starfað hefur undanfarin ár og sendi á s. l. hausti till. til hæstv. ríkisstj. Og ein af þeim till., sem þessi nefnd gerði, var einmitt um það, að jafnframt því, sem komið verði upp tæknifræðikennslu í Reykjavík, verði stofnaður tækniskóli á Akureyri fyrir iðnaðarmenn og aðra, sem haft geti not af kennslu í slíkum skóla. Þessi till. hefur legið hjá hæstv. ríkisstj. nú í nokkra mánuði, og ég geri ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. hafi við undirbúning þessa frv. átt þess kost að sjá hana. En ég tel mér skylt að nota tækifærið til þess að skýra frá þessari till. um tækniskóla á Akureyri, sem legið hefur fyrir á þann hátt, sem ég hef nú nefnt.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að það er ekki nauðsynlegt, ef komið er upp nýjum ríkisstofnunum, hvort sem það eru skólar eða aðrar, að staðsetja þær endilega í Reykjavík, í höfuðstaðnum, í borginni, sem kallað er, þó að þær séu þar margar fyrir. En jafnvel þó að það sé gert og jafnvel þó að það kunni að vera talið rétt að láta tækniskóla vera starfandi hér í borginni, þá vildi ég beina því mjög eindregið til hv. n., sem tekur þetta mál til meðferðar, að hún athugi einmitt það að verða við þeim óskum, sem hér er um að ræða, að jafnframt verði komið upp tæknikennslu á Akureyri, og athugi þá till., sem þegar hefur verið um það gerð og ég nú þegar hef sagt frá og hún sjálfsagt getur fengið aðstöðu til þess að kynna sér nánar. Og ég er ekki að svo stöddu reiðubúinn að taka undir það með hæstv. ráðh., að ekki mundu vera til kennslukraftar á Akureyri til þess að hafa þar nema 1. bekk í slíkum deildum. Ég vil ekki taka undir það að órannsökuðu máli. Og þó að það kunni að reynast, að þar séu ekki til kennslukraftar, eins og sakir standa, þá er hægt að koma því til leiðar, að þeir séu þar. Starfskraftarnir koma þangað, sem verkefni eru fyrir hendi og þar sem sæmilega er búið að þeim mönnum, sem eiga að stunda verkefnin.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að taka fram í sambandi við þetta mál. Eins og ég hef áður tekið fram,

fagna ég því, að þetta frv. skuli vera komið fram, þó að ég hins vegar telji, að ýmislegt þurfi enn nánari athugunar við í sambandi við málið og hafa þurfi samráð við þá, sem þessum hlutum eiga að vera kunnugastir, og alveg sérstaklega þurfi að athuga það atriði, hvort tæknikennslan ætti ekki að meira eða minna leyti að vera staðsett annars staðar en í Reykjavík, og þá sérstaklega á Akureyri, og hvort það er yfir höfuð nauðsynlegt að binda hana að svo stöddu við stað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar litið er á þann sæg frv., sem hæstv. ríkisstj. ber fram hér á síðustu dögum þingsins í sambandi við skólamál og bókmenntir, þá verður það að viðurkennast, að það sé æðimikil gróska í menntamálum þjóðarinnar, og ber ekki að harma það, nema síður sé, því að það mun almennt nú viðurkennt, að bókvitið er látið í askana. En að sjálfsögðu þarf þar að vera hóf á öllum málum hjá jafnfámennri þjóð og við erum, að það verði ekki eingöngu meðal þjóðarinnar menntamenn, langskólagengnir menn, sem gera ekki neitt annað en stunda þá atvinnugrein, og stofnaðar verði síðan utan um þann flokk manna nýjar og nýjar stofnanir, eins og átt hefur sér stað undanfarin ár, og skal ég ekki heldur víta það á þessu stigi málsins og tók ekki heldur til máls hér til þess að ræða það mál neitt alvarlega. En ég stóð upp vegna ýmissa ummæla frá hæstv. menntmrh. í sambandi við iðnlöggjöfina, verknámsskólana og iðnskólana.

Ég get strax bent á í sambandi við þetta frv., að nokkuð verður það torvelt fyrir menn, sem eiga að ljúka a. m. k. 7—8 ára námi, áður en þeir fá inngöngu í þennan skóla, að eiga svo síðan að sitja í 3 ár í þessum nýja skóla og því sé nauðsynlegt að vinda að því bráðan bug og jafnvel engu síður nauðsynlegt en að koma þessari stofnun upp, að rýmka allmikið til á inngangsskilyrðunum í forskólann. Og þá komum við einmitt að þessu margumtalaða atriði, hvernig hægt sé að breyta iðnaðarlöggjöfinni án þess að rýra þekkingu nemendanna.

Ég held, að það hafi verið árið 1946, sem iðnskólalöggjöfin var til athugunar, og við bárum þá fram í Ed. till. um það, að sett væri það ákvæði inn í löggjöfina, að hér mættu verknemar ganga undir próf og ljúka því, þó að þeir hefðu ekki verið 4 ár í verknámi, alveg eins og menn mega í öðrum skólum, menntaskólum, gagnfræðaskólum og öðrum skólum landsins, taka próf þaðan, þó að þeir hafi aldrei setzt þar á skólabekk. En það var einmitt flokkur hæstv. menntmrh., sem beitti sér gegn þessu ákvæði. Nú vildi ég gjarnan, að hæstv. ráðh. vildi athuga það, hvort ekki sé kominn tími til þess að taka þetta ákvæði til alvarlegrar athugunar, því að það er langsamlega erfiðasti þröskuldurinn á iðnaðarnáminu að banna mönnum, sem hafa eins mikla þekkingu og margir hverjir, sem setið hafa í iðnskóla í 4 ár, að ganga undir sveinspróf, en þeim er algerlega bannað samkv. iðnaðarlöggjöfinni að ganga undir próf, þó að þeir geti sýnt, að þeir geti leyst af hendi það verkefni engu síður en aðrir, sem setið hafa á verknámsbekk í 4 ár.

Ég er alveg viss um, að ef skipulagt yrði í sambandi við verknámið prófverkefni, sem menn mættu inna af hendi, þá væru það ótrúlega margir Íslendingar, sem gætu leyst þennan vanda á mjög stuttum tíma, svo hagir eru Íslendingar almennt, að þeir mundu ekki þurfa nein 4 ár til þess að læra, hvorki að greiða kvenmannshár, raka karlmannsvanga né ýmis önnur verk, sem heimtað er í iðnaðarlöggjöfinni, að menn sitji við að læra í 4 ár. Ef hins vegar ríkið ætlar sér að setja upp verknámsskóla, t. d. járnverknámsskóla, eins og talað er um í frv. því, sem hv. 4. landsk. bar hér fram, þá er sýnilegt, að því verður einnig að fylgja stórkostlegur járniðnaður, því að annars gæti ekki slíkur skóli tekið á móti öllum þeim nemendum, sem hann mundi fá, nema hafa mjög mikil verkefni. Það mundi kosta ríkissjóðinn stórkostlegar fjárfestingar að reka þá skóla og þær stórkostlegu framkvæmdir, sem þeim yrðu að fylgja, í samkeppni við aðra þegna þjóðfélagsins. Það er kannske ekkert við það að athuga, en ég teldi, að það væri ekki heppilegasta leiðin til þess að leysa þennan vanda. Langheppilegasta leiðin í þessu máli er sú, frá mínu sjónarmiði, að leyfa hverjum þeim, sem getur sýnt, að hann er fær um að leysa af hendi ákveðið verkefni, og hefur náð fullri þekkingu, hvar sem hann hefur náð henni, að ganga undir próf og gefa honum full réttindi, ef hann leysir það verkefni eins vel af hendi og þeir, sem setið hafa á skólabekk, og samtímis að fá samvinnu við verkstæðin, hvort heldur það er við skipabyggingar, viðgerðarverkstæði, vélaverkstæði eða tréverkstæði, að fá samkomulag við þá meistara og eigendur, sem reka slík verkstæði, til þess að hafa eina ákveðna deild hjá sér í verkstæðunum, þar sem þeir bókstaflega kenna þessum mönnum og leyfa þeim að ganga undir próf, þegar þeir hafa nægilega þekkingu til þess. Á þann hátt mundum við fá fjölda af mönnum fullnuma í greinunum á 6—12 mánuðum í staðinn fyrir að sitja 4 ár. Og ég vildi mjög vænta þess, að hæstv. menntmrh. léti nú athuga þessi mál, hvort ekki væri hægt að flýta fyrir náminu án þess að rýra kunnáttuna með því að fara þessa leið.

Í sambandi við iðnskólann sjálfan vildi ég aðeins benda á, að mér lízt, að hann sé kominn á þá braut nú að eyða mjög miklum tíma og mjög miklu fé til þess að kenna hluti, sem alls ekki ætti að kenna í iðnskóla. Hér er verið að kenna mönnum hreina barnafræðslu, neyða þá til þess að leysa verkefni, sem ætlazt er til að séu leyst í barnaskólum eða á gagnfræðastiginu, og það ætti að breyta þeim skóla þannig, að það væri ekkert kennt af þeim fögum þar, heldur gert að skilyrði, að menn hefðu lært þessi fög, áður en þeir kæmu í þennan skóla. Ég veit um allmarga menn,

sem koma inn í iðnskóla með ágætlega góða menntun sem gagnfræðingar. Þeir koma aldrei til þess að sitja í þeim timum, sem þeir eru samt sem áður neyddir til að sitja í, af því að lögin ákveða, að þeir skuli sitja svo og svo langan tíma í skólanum, að það sé ákveðið, að þeir verði að ganga í gegnum ákveðna bekki, sem kenna það, sem þeir hafa lært, áður en þeir komu í þennan skóla, — hins vegar fjöldi annarra manna, sem aldrei hafa lært þetta og eru látnir lesa þetta í þessum skóla, af því að það hefur verið vanrækt að kenna þeim það, sem á að kenna þeim í þessum fögum. Og það er mjög vafasamt, hvort ætti ekki einnig í öðrum skólum, bæði vélstjóraskólanum og öðrum skólum, að nema meira í burt af þeirri fræðslu, sem menn eiga að vera búnir að læra í öðrum skólum, en eru neyddir til þess að læra þar, stytta þannig annaðhvort námstíma eða gefa þeim enn meiri fræðslu í þeim fræðum, sem þeir raunverulega þurfa að læra. Hvers vegna eiga þessir menn, sem eiga að vera gagnfræðingar eða hafa lokið landsprófi, að fara að byrja á frumatriðum í stærðfræði, frumatriðum í mörgum öðrum fræðigreinum, sem á að kenna í öðrum skólum landsins, og láta þá sitja við það allan tímann, en geta ekki sinnt þeim málum, sem þeir raunverulega eiga að sinna?

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram hér, úr því að farið var að ræða um iðnfræðsluna í landinu almennt, og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. láti athuga þessi mál öll niður í kjölinn, því að það er engu síður nauðsyn að fá fast og gott skipulag á þau mál heldur en koma upp þeim tækniskóla, sem ætlazt er til að verði settur á stofn með því frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 449, og tek ég þó undir það, að það sé mjög nauðsynlegt, að þeirri stofnun verði komið á.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeirri fsp. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), hvort um prentvillu sé að ræða, þar sem segir í 6. gr. þessa frv., að ein deilda Tækniskóla Íslands skuli vera vélstjóraskóli. Hér er ekki um prentvillu að ræða, heldur gert ráð fyrir því, að vélskólinn í Reykjavík, eins og hann er nú, falli inn í tækniskólann sem ein af deildum hans. Ég endurtek: vélskólinn í Reykjavík, eins og hann er nú. Samþykkt þessa frv. mundi að engu leyti breyta gildandi lagareglum um vélskólann og þeim reglugerðum, sem nú eru um inntökuskilyrði og nám í vélskólanum. Þetta er ekki vegna þess, að ég persónulega sé þeirrar skoðunar, að þau lög eða þær reglur þurfi ekki breytinga við, heldur vegna hins, að um það er ekki enn orðið samkomulag milli embættismanna, forráðamanna vélskólans og forráðamanna vélstjórastéttarinnar, með hverjum hætti þær breyt. skuli verða. Þess vegna þótti mér ekki hyggilegt að draga þær skiptu skoðanir inn í umr. um þetta mál, heldur láta það úrlausnarefni bíða síns tíma í von um, að takast megi að ná samstöðu um það mál, sem muni auðvelda hinu háa Alþingi að taka afstöðu til þess úrlausnarefnis.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að vélstjóranámið er í raun og veru alls ekki hliðstætt tækninámi, en það er hins vegar eingöngu af hagkvæmniástæðum, að gert hefur verið ráð fyrir því, að vélskólinn í Reykjavík skuli falla inn í tækniskólann. Svo mikið af kennslunni getur verið sameiginlegt, að að því er tvímælalaust hagræði og mikill sparnaður, að vélskólinn í Reykjavík verði ekki áfram til sem sjálfstæð stofnun, ef ákveðið verður að stofna þann tækniskóla, sem þetta frv. fjallar um, heldur verði ein deild í hinum nýja tækniskóla. Litlu þjóðfélagi eins og Íslendingum er mjög nauðsynlegt að láta hagkvæmnisjónarmið ráða á sem flestum sviðum, og hér mundi tvímælalaust vera um hagkvæmni að ræða að láta þessar tvær stofnanir vera eina stofnun. Það yrði að sjálfsögðu vélskólanum til einskis trafala að vera deild í tækniskólanum, heldur þvert á móti mundi það vera honum til hagræðis, því að gera má ráð fyrir því, að nýr tækniskóli yrði búinn ýmsum nýjum tækjum, og nauðsynlegt, að hann fengi yfir að ráða margvíslegum tækjum, fullkomnari og betri en þeim, sem vélskólinn hefur nú yfir að ráða, og mundi samstarf eða samvist þessara tveggja skóla innan sömu stofnunar áreiðanlega vera vélskólanum til góðs, en ekki til ills.

Að því er snertir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði um staðsetningarvandamálið, skal ég aðeins vísa til þess, sem ég sagði áðan, en bæta því þó við, að það er að mínu viti ekki aðeins spurning um kennslukrafta, hvar hagkvæmast er að staðsetja íslenzkan tækniskóla, heldur ekki síður spurning um kennsluaðstöðu, vegna þess að tækniskóli þarf að hafa yfir að ráða margs konar tækniútbúnaði og vélakosti, sem ég er sannfærður um, að til að byrja með a. m. k. er auðveldara að útvega og starfrækja eða fá aðgang að hér í Reykjavík heldur en t. d. á Akureyri. Hitt vil ég endurtaka, sem ég sagði áðan, að ég tel það mjög vel koma til athugunar og skal fúslega ljá mitt lið til þess, að það verði athugað rækilega, hvort ekki sé rétt og beinlínis æskilegt, að undirbúningsdeild undir tækniskólann starfi á Akureyri, og jafnvel að það einnig verði athugað, að 1. bekkur tækniskóla verði einnig starfræktur þar, því að ég sé í fljótu bragði ekki sérstök vandkvæði á því, ef um nægilega marga nemendur væri að ræða á Akureyri til að fullskipa slíka bekkjardeild. Einmitt vegna þess, að ég efa ekki, að góðir kennslukraftar séu fyrir hendi á Akureyri, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að unnt verði þar að starfrækja undirbúningsdeild og 1. bekk. Það er þegar nauðsyn verður á sérhæfðum tækjum og sérstakri tækniaðstöðu, sem erfiðleikarnir koma til skjalanna, en um slíkt verður að ræða, þegar deildaskiptingin kemur til skjalanna í 2. og 3. bekk tækniskólans.

Ég vil einnig láta í ljós þakklæti til hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) fyrir stuðning, sem hann

lét í ljós við þetta frv. En örfá orð vildi ég segja í tilefni af ummælum hans um iðnfræðsluna. Hann ræddi einnig það mál, sem aðrir hv. þm. hafa rætt og er vissulega stórmikið vandamál í þessu sambandi, sem er skipulag iðnfræðslumálanna sjálfra. Hv. þm. taldi, að inntökuskilyrði þau, sem gert er ráð fyrir í tækniskólann samkv. frv., væru of ströng, þar sem gert væri ráð fyrir iðnnámi, sem væri 4 ár, og eftir það ættu menn síðan að sitja önnur 4 ár á skólabekk til að geta hlotið tæknifræðingsmenntun. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, og leggja enn á það mikla áherzlu, að ég tel það vera höfuðnauðsyn fyrir okkur Íslendinga, þegar við nú stigum fyrstu sporin á þeirri mikilvægu braut að taka í okkar eigin hendur menntun íslenzkra tæknifræðinga, að inntökuskilyrði í nýjan tækniskóla séu ekki minni, ekki rýrari en þau gerast á hinum Norðurlöndunum, en alls staðar þar er enn a. m. k., þó að málið sé í endurskoðun, gert ráð fyrir því, að iðnpróf sé inntökuskilyrði í teknikum-skólana.

Það, sem hv. þm. sagði um iðnnámið, að í raun og veru ætti að gerbreyta þar um stefnu og hverfa algerlega frá verklegu námi á vinnustað hjá meistara yfir í bóklegt nám, þá vil ég aðeins segja, án þess að fara út í ræki-legar umr. um það mál, að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða hjá iðnstéttunum sjálfum, — mál, sem auðvitað er ekki nýtt af nálinni, heldur hefur verið þrautrætt undanfarna áratugi, bæði hér á hinu háa Alþingi og meðal iðnaðarmanna og iðnnema sjálfra. Í þessu sambandi vildi ég aðeins benda á og undirstrika sérstaklega, að skólanám getur auðvitað aldrei komið algerlega í stað verknáms hjá meistara á vinnustað, vegna þess að spurningin er hér ekki aðeins, hver þekking sé nauðsynleg, til þess að maður geti talizt hæfur sveinn, hvað þá meistari í iðn sinni, heldur einnig, hver æfing er nauðsynleg, til þess að hann geti talizt hæfur sveinn eða meistari í iðn sinni. Þekkingu er að sjálfsögðu hægt að veita á skólabekk, en mun torveldara er að veita nauðsynlega æfingu á skólabekk, og það er þess vegna sem ég segi, að ég tel ekki, að skólanám geti nokkurn tíma komið algerlega í stað verknáms hjá meistara á vinnustað. Hitt er annað mál, að ég er persónulega þeirrar skoðunar, þótt ég geti ekki gert þá skoðun að skoðun ríkisstj., að það hljóti að vera hægt að stytta mjög verknámið á vinnustað hjá meistara frá því, sem það er nú, a. m. k. í mjög mörgum iðngreinum, og að rétta stefnan í þessum málum sé sú að koma á verknámsskilyrðum á skólabekk í iðnskóla eða stofnun í sambandi við iðnskólann, sem geti stytt mjög verulega verknámið hjá meistara á vinnustað. Einmitt þetta mál hefur verið í sérstakri athugun undanfarið, bæði í sambandi við undirbúning þessa máls, en þó einkum í sambandi við þá endurskoðun á iðnfræðslulöggjöfinni, sem fram fer og ég hef þegar áður skýrt frá.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, enda hef ég aðeins stutta aths. — Ég vildi gjarnan gera fsp. til hæstv. menntmrh. í sambandi við vélstjóraskólann. Hann hefur nú upplýst, að þar sé ekki um prentvillu að ræða, í 6. gr. eigi að standa vélstjóraskóli, en ekki vélstjóradeild. Nú er það svo, að vélstjóraskólinn er, eins og nafnið bendir til, skóli fyrir vélstjóra. Og þar eru m. a. útskrifaðir þeir menn, sem hafa réttindi til vélgæzlu á verzlunarflotanum og á hinum stærri fiskiskipum og raunar á öllum fiskiskipum, en menn með lægra prófi hafa einnig réttindi til vélgæzlu á hinum minni skipum. Úr vélstjóraskólanum útskrifast sem sé vélstjórar á skipum m. a. Nú skilst mér samkv. frv. að ætlunin sé að gera þennan skóla að deild í tækniskóla með þessu frv., og þeir, sem útskrifast úr honum, verða þá tæknifræðingar, mundu væntanlega bera heitið vélfræðingar. Er það þá ætlunin, að það verði sett að skilyrði til þess, að menn verði vélstjórar á verzlunarflotanum og hinum stærri fiskiskipum, að þeir séu tæknifræðingar? Er það ætlunin eða hvernig verður þessu komið fyrir? Um það er ekkert í frv. En auðvitað er hugsanlegt, að úr einhverjum lægri bekkjum þessa skóla eigi að útskrifa menn, sem heiti vélstjórar, en hinir heiti væntanlega vélfræðingar, sem útskrifast úr hinum nýja vélstjóraskóla, sem verður deild í Tækniskóla Íslands.

Um það, sem hefur verið rætt um Reykjavík og Akureyri, skal ég ekki fara fleiri orðum. En ég vil skjóta því fram til athugunar í hv. n., hvort það væri ekki hugsanleg leið í þessu máli, að einhverjar af deildum þessa væntanlega Tækniskóla Íslands væru staðsettar á Akureyri, ein eða fleiri. Þær deildir mætti þá búa þannig að tækjum, að þær þættu nægilega starfhæfar, þótt mönnum e. t. v. þætti í of mikið ráðizt að búa allan tækniskólann slíkum tækjum að nýju.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hæstv. menntmrh., að ég hefði haldið því fram, að það ætti að hafa hina bóklegu kennslu hjá verkstæðunum eða meistaranum. Það er ekki mín hugsun. Það er mín hugsun, að það verði samið við meistarana um, að þeir tækju nemendur í verklega kennslu, sem þeir gætu lokið að kenna á ákveðnum tíma og miklu styttri en nú er gert samkv. samningum. Enn meiri ástæða er til þess að gera þetta nú, síðan ríkið er farið að hafa verknámsskóla fyrir ýmsa unglinga í landinu, en þar koma fram oft og tíðum duldir hæfileikar hjá þessum mönnum til iðnaðarnáms. Ég er alveg viss um, að það er hægt að stytta stórkostlega nám, sem nauðsynlegt er til þess að taka sveinspróf í ákveðinni grein, frá því, sem nú er, auk þess sem það er vitað, að nú er iðnaðurinn að greinast meira og meira í sérgreinar á hverju stigi. Við skulum hugsa okkur t. d. í skipasmíði, þar

sem menn vinna eingöngu árum saman við að hnoða nagla. Hverjum lifandi manni dettur í hug, að það þurfi að læra það í 4 ár að hnoða nagla? En þessir menn gera oft ekkert annað allt sitt líf en að hnoða nagla í skipsskrokk. Þetta er hægt að læra á 6 mánuðum, 3 mánuðum kannske.

Ég hef heyrt þessa viðbáru fyrr, að það þyrfti að hugsa um æfinguna, að menn væru nægilega fljótir, þó að þeir kynnu verkið, þá væru þeir ekki nægilega fljótir. En er ekki hægt að setja það upp sem skilyrði við próf, að viðkomandi aðili inni af hendi að smíða ákveðið stykki, hvort sem það er járn eða tré, og hann skuli ljúka því á ákveðnum tíma, til þess jafnframt að sýna, hve mikla æfingu hann hefur í flýti? Þetta er enginn vandi. Það, sem þarf að gera í þessu máli, er að setja það inn í iðnaðarlöggjöfina, að menn megi taka próf í verklegu námi, alveg eins og í bóknámi, hvort sem þeir hafa nokkurn tíma setið á skólabekk eða ekki. En ég veit ósköp vel, að það hefur staðið hörð barátta um þetta á milli einmitt meistaranna annars vegar og hinna, sem vilja læra, hins vegar, því að meistararnir hafa viljað halda visthjúasambandinu við, að menn skuli vera vistaðir hjá þeim í 4 ár, hvort sem þeim er kennt eða ekki. Það er meginástæðan fyrir því. En við erum komnir allt of langt, Íslendingar, í hinum nýja tíma til þess að láta það stöðva okkur til þess að breyta löggjöfinni í þá átt að hætta að halda vistbandi á unglingum í 4 ár, bara til þess að láta þá sópa gólf, þrífa skít o. s. frv., sem vitanlegt er að þessir menn gera meira en hálfan námstímann.

Ég vil því vænta þess, að hæstv. menntmrh. meti hér meira hagsmuni þjóðarinnar, þegar verður tekin til athugunar breyt. um þessa löggjöf, heldur en hagsmuni einstakra framleiðslustétta, sem hafa hag af því að hafa menn í 4 ár til þess að kenna þeim hluti, sem hægt væri að kenna þeim kannske á einu ári eða skemmri tíma.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er vel kunnugur þeim sjónarmiðum, sem hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) lýsti í síðustu ræðu sinni varðandi iðnnámið og samband nemanda og meistara. En ég er líka kunnugur þeim sjónarmiðum, sem um þetta efni er haldið fram af hálfu iðnaðarmannasamtaka, bæði meistara og sveina. Hér ber mjög mikið á milli og mjög mikilvægt, að málið sé þrautrætt og þaulhugsað, áður en endanlegar till. um breytingar á gildandi fyrirkomulagi koma fyrir hið háa Alþingi. Ég hef viljað vinna að því, að það gæti orðið sem fyrst, því að mér hefur lengi verið ljóst, að nokkurra breyt. er þörf í þessum efnum. Einmitt þess vegna var það, sem menntmrn. efndi til þeirrar endurskoðunar á iðnfræðslulöggjöfinni, sem nú á sér stað, og ég vona, að ekki líði langur tími, þangað til niðurstaða af því nefndarstarfi liggur fyrir.

Annars var það fsp. hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), sem gaf mér tilefni til þess að segja lokaorð í þessum umr. Hv. þm. spurði, hvort það væri meiningin með þessu frv., að vélstjórar ættu framvegis að vera tæknifræðingar. Það er að sjálfsögðu ekki meiningin. Einmitt þess vegna er þannig tekið til orða í 6. gr., að skólinn skuli starfa í deildum og ein þeirra vera vélstjóraskóli. Af þessu á að draga þá ályktun, og það er skýrt tekið fram í grg., að vélskólinn í Reykjavík, eins og hann er nú samkv. þeim lögum og reglum, sem um hann gilda, á framvegis að starfa innan vébanda hins nýja tækniskóla, þangað til auðvitað lögum eða reglum um vélskólann verður breytt. Þá munu þær breyttu reglur gilda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 650, 609, 651).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það kom fram í umr. um mál þetta við 1. umr., að sú skoðun er ríkjandi hér í þinginu, að tækniskólamálið sé stórmál, það sé orðið svo aðkallandi fyrir þjóðina að koma framhaldsmenntun í tæknimálum á betra stig en verið hefur, að leggja verði hina mestu áherzlu á stofnun Tækniskóla Íslands, sem telja verður eina þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegastar eru á því sviði. Í þessum anda hefur menntmn. fjallað um frv. um Tækniskóla Íslands á allmörgum fundum.

Hins vegar kom fljótlega í ljós, að um var að ræða veruleg andmæli gegn ýmsum atriðum í frv., eins og það var lagt fram. Þessi andmæli komu fram bæði frá fulltrúum vélstjórasamtakanna, frá fulltrúum Tæknifræðingafélagsins og nokkrum fleiri aðilum. Hins vegar er rétt að geta þess, að skólastjóri vélskólans sendi álitsgerð og gerði ráð fyrir því, að frv. yrði óbreytt, enda var hann einn þeirra þriggja manna, sem sömdu það. Þá var einnig talið, að bráðabirgðaákvæði frv. um það, að hinn nýi skóli tæki til starfa haustið 1963, væri byggt á of mikilli bjartsýni og því ekki raunhæft að lögfesta það, þar sem litlar líkur væru taldar til þess, að nokkur leið væri til að framkvæma það.

Þegar n. hafði komizt að þeirri niðurstöðu, að réttast mundi vera að taka Vélskóla Íslands út úr þessu skólamáli og láta hann starfa áfram sem sjálfstæða stofnun eftir sínum eigin lögum, eins og hann hefur gert, og í öðru lagi, að vonir manna um, að þessi nýi skóli gæti tekið til starfa strax á næsta hausti, 1963, væru því miður ekki raunhæfar, þá stóð það eftir, að raunverulega þyrfti Alþ. að láta í ljós vilja sinn til þess, að slíkur skóli væri stofnaður,

og veita þannig með lagasetningu heimild til þess, að áfram yrði unnið að stofnun skólans. Hér er um mjög veigamiklar breyt. að ræða, og í góðu samstarfi og samráði við hæstv. menntmrh., sem fylgdi þessu máli úr hlaði, hefur frv. verið umskrifað og kemur fram í nýrri mynd í brtt. á þskj. 651.

Eins og ég hef þegar nefnt, eru höfuðbreytingarnar þær, að Vélskóla Íslands er ekki blandað í þetta mál. Hann á ekki að verða deild í Tækniskóla Íslands, eins og upprunalega var fyrirhugað. Í öðru lagi eru bráðabirgðaákvæðin um tímatakmarkið tekin út. Í þriðja lagi eru gerðar ýmsar smærri breyt., sem byggjast aðallega á því, að við nánari athugun var talið, að sumar greinar hins upprunalega frv. fjölluðu um efni, sem eins gæti verið í reglugerð og að ýmsu leyti væri eðlilegra að væri í reglugerð. Í fjórða lagi gerir n. eina efnisbreytingu með því að gera ráð fyrir, að undirbúningsdeild tækniskólans geti einnig starfað á Akureyri. Það er í 8. brtt., við 11. gr., sem mundi verða 7. gr. Og í nál. á þskj. 650 lætur menntmn. þá skoðun sína í ljós, að með því, að undirbúningsdeild yrði einnig starfrækt á Akureyri, verði lagður grunnur að framtíðartækniskóla á Akureyri.

Ég tel ekki þörf á því að ræða brtt. á þskj. 651 hverja fyrir sig, af því að þær eru raunverulega umskrift á frv. í þeim anda, sem ég hef hér lýst. Ef til vill kunna hv. dm. að segja, að það sé vafasamt að gera svo mikla breyt. á frv. á síðasta stigi þings, og væri hyggilegra að láta málið bíða til hausts. Ástæðan fyrir því, að menntmn. telur rétt að gera þessar breyt. og breyta frv. í heimildarlög, er sú, að ef frv. dagar uppi á þessu þingi, þá gerist ekkert í tækniskólamálinu upp undir ár. Þá verðum við að byrja aftur í haust á svipuðum stað og nú, en ríkisstj. hefur ekki beina heimild til frekari aðgerða en þegar hafa verið gerðar við samningu frv. Á hinn bóginn mun málið halda áfram, ef við samþ. heimildarlög, og í næstsíðustu brtt., 12. till., er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirskipa í þessum lögum, að þegar eftir gildistöku l. skuli menntmrh. skipa n. til að semja reglugerð um starfsemi skólans o. s. frv. M. ö. o.: með því að breyta frv. í heimildarlög, taka út úr því þau umdeildu atriði, sem ég hef lýst, er tryggt, að málið heldur áfram og það verður þegar í sumar unnið að því að móta þennan skóla með nauðsynlegum reglugerðum fyrir hann. Og í heild má búast við, að samþykkt á frv., eins breyttu og menntmn. leggur til, mundi hraða þessu máli í heild um upp undir ár.

Það hefur komið fram í umræðum um tæknifræðslumálin, bæði í umr. um þetta frv. og önnur á þessu þingi og síðasta þingi, að margir hv. þm. telja þetta aðkallandi mjög, telja, að þjóðin megi ekki við að tapa heilum árum úr þróun tæknimenntunarmálanna. Þess vegna vonast menntmn. til, að hv. d. geti fallizt á að gera þessar höfuðbreytingar á frv. og tryggja því síðan framgang.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr., gerði ég nokkrar stuttar aths. við frv., þó að ég annars fagnaði því, að það væri fram komið. Og ég get endurtekið það, að ég tel, að það sé mikilvægt spor í tæknimálum okkar. En sú aths., sem ég taldi einna veigamesta, varðaði staðsetningu skólans. Frv. gerir, eins og það kom fram frá hæstv. ríkisstj., fortakslaust ráð fyrir því, að Tækniskóli Íslands skuli vera staðsettur í Reykjavík, og þannig er frv. með því sama marki brennt, sem nú er raunar alsiða og hefur kannske lengi verið, að allar ríkisstofnanir, menningar- og menntastofnanir ekki sízt, skuli vera í Reykjavík. Þetta Reykjavíkursjónarmið er að verða nærri algilt, á hvaða sviði sem er. Maður verður nálega aldrei var við það, að ráðamenn þjóðarinnar láti sér annað til hugar koma en hnappa öllu, sem einhvers er virði, saman í höfuðborginni.

Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að höfuðborg landsins sé að flestu leyti efld miklu meira en aðrir einstakir staðir á landinu. En hitt er fráleitt, að efla hana um of á kostnað allrar landsbyggðarinnar samanlagt. Það er ofrausn við Reykjavík, jafnvel þótt hún sé höfuðborg landsins, að láta hana gína yfir öllu án þess að leiða hugann að því, hvort ekki sé um fleiri staði að gera, sem geta gegnt sama hlutverki. Vaxtarskilyrði Reykjavíkur eru svo geysimikil, að hana munar í rauninni ekkert um, þótt nokkuð sé reynt að spyrna við fótum í sambandi við útþenslu hennar. Aftur eru ýmsir staðir aðrir á landinu, sem ástæða væri til að efla sem nokkurt mótvægi gegn þessu sjálfkrafa aðdráttarafli höfuðborgarinnar. Það er sífellt verið að bæta við ríkisstofnunum og það nærri árlega, m. a. skólum og öðrum menningarstofnunum. Oft er nauðsynlegt, að slíkar stofnanir séu í Reykjavík, en þó hvergi nærri eins oft og virðast mætti eftir framkvæmdum að dæma. Í allt of mörgum tilfellum er hugsunar- og undirbúningslítið gengið út frá því sem gefnu, að Reykjavík skuli vera aðsetursstaðurinn, annað er varla rætt, og sé það rætt, þá eru undantekningarlítið fundin rök fyrir nauðsyn þess að hafa starfsemina einmitt í Reykjavík.

En þessi rök eru ekki alltaf óyggjandi. Þannig tel ég, að það sé enginn sjálfsagður hlutur, að Tækniskóli Íslands sé í Reykjavík. Aðrir staðir kunna að vera alveg jafngóðir sem aðsetur slíks skóla. Þeirri röksemd er oft beitt, að nauðsynlegt sé að hafa skrifstofur og stofnanir í Reykjavík, vegna þess að hún sé miðstöð allra samgangna og þangað liggi allra leiðir, og þetta er alveg rétt í mörgum tilfellum, en alls ekki alltaf. Einkum er þessi röksemd lítils virði, þegar um er að ræða að finna stað undir skóla, að ég tali nú ekki um sérskóla. Það er áreiðanlega engin knýjandi nauðsyn, að skólar séu endilega staðsettir í höfuðborg. Ég held jafnvel, að það hafi ýmsa verulega ókosti, sem yfirgnæfa kostina, sem kunna að vera fyrir hendi. Okkur er gjarnt

að bera okkur saman við aðrar þjóðir, og við gerum okkur oft far um að læra af öðrum þjóðum, ef eitthvað gagnlegt er af þeim að læra. Ég held, að við getum lært það m. a. af öðrum þjóðum, að ekki sé brýn nauðsyn, að allir skólar, æðri sem lægri, séu staðsettir í höfuðborginni. Ýmsir telja, að það gefist jafnvel mun betur að dreifa skólunum, það hafi í för með sér betri skólaanda, meiri einingu, samheldni og aðhald. Og ég held, að þetta sé rétt og þess vegna sé það í grundvallaratriðum röng stefna að miða skólastofnanir nær eingöngu við Reykjavík, svo sem gert hefur verið við undirbúning þessa frv. og raunar svo margra annarra.

Nú vill svo til, að á Akureyri hefur verið hreyfing uppi um að koma á fót tækniskóla þar í bænum. Þessi hreyfing hefur fyrst og fremst verið meðal iðnaðarmanna og forráðamanna iðnskólans, en jafnframt notið fyllsta skilnings og fylgis meðal ráðamanna í bænum, fyrst og fremst bæjarstjórnarinnar. E. t. v. hefur þessi hreyfing ekki farið nógu hátt og e. t. v. ekki náð eyrum æðstu ráðamanna hér í höfuðstaðnum, og svo virðist sem þeir hafi undirbúið sams konar mál án verulegrar vitneskju um það, sem var að gerast norður í landi. Það er a. m. k. nokkuð augljóst, að þeir, sem valdir hafa verið til þess að undirbúa þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafa ekki leitað langt út fyrir Reykjavík í undirbúningsvinnu sinni, því að varla hefðu þeir komizt hjá því að verða að einhverju leyti varir við þann áhuga, sem fyrir hendi var — og er — norður á Akureyri á þessu máli.

Eftir að ég hafði lítillega minnzt á þetta atriði við 1. umr. málsins, upplýsti hæstv. menntmrh., að honum hafi verið kunnugt um áhuga Akureyringa á tækniskólamálinu, en taldi þó fyrir sitt leyti, að tækniskólinn væri bezt kominn í Reykjavík, enda ekki fullkomin skilyrði til skólahaldsins á Akureyri. Og það má vel vera, að eitthvað skorti á, eins og sakir standa, til þess að fullkominn tækniskóli megi rísa í Akureyrarbæ. En ég held þó, að hæstv. ráðh. og aðrir, sem undirbúið hafa þetta frv., mikli það allt mjög fyrir sér. Vissulega eru erfiðleikar fyrir hendi á stofnun tækniskóla á Íslandi. Hvort þeir eru að öllu samanlögðu miklu meiri á Akureyri en í Reykjavík, skal ég alveg láta ósagt. Þó efast ég um það. Ég hygg, að byrjunarörðugleikar tækniskóla verði að ýmsu leyti engu minni í Reykjavík en annars staðar. Má vera, að hér sé þægilegra að grípa til kennslukrafta, en ég efast um, að húsnæðismál skólans t. d. verði fyrr leyst í Reykjavík en verða mundi á Akureyri. Án efa þarf skólinn á sérstöku húsnæði að halda og sennilega nýju húsnæði. Ef skólinn væri staðsettur á Akureyri, er auðvelt að ætla honum stað í nýja iðnskólahúsinu, sem ætlunin er að hefja smíði á á þessu ári. Kennaraskortur á Akureyri er auðvitað mjög handhæg viðbára, en ekki haldgóð. Auðvitað mundu kennarar fást að skólanum á Akureyri, ef vel væri að þeim búið, enda er nokkurt kennaralið þegar fyrir hendi þar. Sem iðnaðarbær er Akureyri í langfremstu röð hér á landi og gefur Reykjavík þar alls ekki eftir. Fjölbreytni iðnaðarins er mjög mikil, bæði handiðnaður og verksmiðjuiðnaður. Miðað við íslenzkar aðstæður er því ekki verið að skáka tækniskólanum út á neinn útkjálka tæknimenningarinnar, þótt hann yrði staðsettur á Akureyri, það er síður en svo. Þar yrði hann áreiðanlega vel í sveit settur.

Eftir að frv. kom fram á Alþ., hefur það gerzt, að bæjarráð Akureyrar hefur samþykkt að skora á Alþingi að breyta frv. á þá lund, að skólinn verði staðsettur á Akureyri. Þessi samþykkt var þegar í stað send menntmn. bessarar hv. d. Í bréfi, sem mér hefur borizt frá bæjarstjóranum á Akureyri, Magnúsi Guðjónssyni, er þess getið sérstaklega, sem raunar er áður kunnugt, að á málinu er mikill áhugi í bænum, enda Akureyri bæði iðnaðar- og skólabær og aðstaða góð til slíks skólahalds, eins og bæjarstjóri segir í bréfi sínu. Jafnframt segir bæjarstjóri, að Akureyrarbær heiti fyllsta stuðningi við málið og allri fyrirgreiðslu við framkvæmd þess. Brtt. sú, sem við hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, flytjum við 1. gr. frv. um staðsetningu skólans, er ekki sízt flutt, eftir að okkur barst vitneskja um þessa samþykkt bæjarráðs Akureyrar. Samþykktin ber með sér, að brtt. er ekki örökstudd, því að hún á einróma fylgi allra flokka í bæjarstjórn Akureyrar, og ég þori að fullyrða, að þar fylgir hugur máli. Hér gefst hv. Alþingi því óvenjulegt tækifæri til að sýna hug sinn til þeirra menningarathafna, sem ráðizt er í af áhuga og einlægni í stærsta bæjarfélagi utan Reykjavíkur. Verð ég að treysta því, að hv. þdm. telji sér sóma að því að styrkja þessa viðleitni og þeir geri sér það ljóst, að hér er um mikilsvert mál að ræða og veltur á talsverðu um úrslitin. Mjög margir af þeim þm., sem sæti eiga í þessari hv. þd., hafa sótt menntun sína til Akureyrar, og ég veit, að þeir vantreysta í engu þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru um gott skólastarf á Akureyri. Þeir þekkja það af eigin raun, að skólastarf hefur gefizt vel þar í bæ, og það mun eins gera það í framtíðinni sem hingað til, hvort heldur er um að ræða þá skóla, sem nú eru þar starfandi og þegar hafa hlotið góða og mikla viðurkenningu, eða aðra, sem síðar verða stofnaðir.

Tækniskóli Íslands hefur jafnmikla möguleika til vaxtar og þroska á Akureyri sem í Reykjavík. Þar sem um nýja ríkisstofnun er að ræða, er því fyllilega tímabært að velja slíkum skóla stað á Akureyri. Það getur ekki haft þá erfiðleika í för með sér, sem e. t. v. eru fyrir hendi, þegar flytja á gróna stofnun úr stað, og þess vegna er gullið tækifæri til þess nú að koma við sanngjarnri dreifingu menntastofnana um landið einmitt í sambandi við þetta mál, og það mætti þá verða upphaf frekari aðgerða ríkisvaldsins í þá átt í náinni framtíð.

Ég verð að harma það, að hv. menntmn.

hefur ekki treyst sér til að gera þær umbætur á frv., þó að hún hafi gert margar umbætur á því, sem nálgast vilja Akureyringa, eins og hann kemur fram í samþykkt bæjarráðs, þótt ekki væri honum fullnægt að öllu leyti. Það hefði e. t. v. mátt una því, ef frv. hefði gert ráð fyrir heimild til þess að starfrækja með fjárstuðningi ríkisins einhverjar af fyrirhuguðum deildum tækniskólans með það fyrir augum, að smám saman risi upp á Akureyri sjálfstæður tækniskóli. En brtt. n. — þrátt fyrir yfirlýsingar hennar í nál. og þrátt fyrir orð hv. frsm. hér áðan — ganga svo sárastutt, að það eru næsta litlar líkur til, að þær valdi neinu verulegu í sambandi við þróun til sjálfstæðs tækniskóla á Akureyri. Heimild til þess að starfrækja undirbúningsdeild á Akureyri er ekki mjög mikils virði, enda er þessi undirbúningsdeild að margra dómi næsta vafasöm eða kannske með öllu óþörf, eða svo telja a. m. k. margir og álíta, að nægilegt sé að setja skilyrði um lágmarkseinkunnir á gagnfræðaprófi eða slíkum prófum til inngöngu í 1. bekk tækniskólans og sleppa þá undirbúningsdeildinni sem óþarfri námslengingu. Mundi það stytta námstíma tækniskólanemenda um eitt ár, ef þessi undirbúningsdeild væri skorin af. Ég skal viðurkenna, að mig brestur alla þekkingu til að dæma um þetta, en ég hef þó heyrt of marga tæknifræðinga minnast á þetta, til þess að ég geti alveg sleppt að segja frá því hér í þessum umr.

Ég mun láta máli mínu lokið. En ég vænti þess, að hv. þd. taki til athugunar þá brtt., sem við hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, flytjum við þetta mál um það, að skólinn starfi á Akureyri, verði þar staðsettur. Það er sýnilegt, að undirbúningi þessa máls er verulega áfátt. Það kemur greinilega fram í nál., þótt stutt sé, og það kom fram í ræðu hv. frsm. n. hér áðan. Og að mínum dómi mundi það ekki skaða þetta mál neitt, jafnvel þó að málið dagaði uppi hér algerlega, þó að það frestaðist til næsta þings, eins og að því hefur verið unnið, því að það er greinilegt, að það á eftir að vinna þar enn mikla undirbúningsvinnu, til þess að það sé í sómasamlegu horfi.

Ég gerði líka hér um daginn nokkrar fleiri aths. eða spurðist fyrir um fiskideildina, vegna þess að það kom ekki greinilega fram, hvernig hún er hugsuð. Við höfum nokkrir þm., í samráði við ýmsa fiskiðnaðarmenn, flutt þáltill. um stofnun fiskiðnaðarskóla í landinu. Og um þessa till. hefur allmikið verið rætt, og menn hafa verið sammála um nauðsyn hennar. Í sjálfu sér er eðlilegt, að fiskideild starfi við íslenzkan tækniskóla. Það er mjög eðlilegt. En það má ekki verða til þess, að frestað verði að stofna annan fiskiðnaðarskóla, styttri fiskiðnaðarskóla, í líkingu við það, sem t. d. Norðmenn hafa hjá sér, í líkingu við það, sem Japanir reka í sínu landi og fleiri fiskveiðiþjóðir. Og mér kemur þá sérstaklega í hug norski fiskiðnaðarskólinn, sem ég hef dálítil kynni af, skólinn í Varðey í Norður-Noregi. Hann hefur starfað nú um alllangt skeið, a. m. k. nokkra áratugi, að ég hygg, og hefur lengst af verið þriggja og fimm mánaða skóli, en nú er fyrirhugað að lengja hann upp í a. m. k. 12 mánaða skóla og breyta skipulagi hans allverulega, en lengri verður skólinn ekki. Ég tel, að íslenzkan fiskiðnað vanti einmitt slíkan skóla, og það má ekki verða töf á því, að hann rísi upp, jafnvel þótt fiskideild verði stofnuð við íslenzka tækniskólann, sem eðlilegt er, vegna þess að fiskiðnaður er svo mikilvægur þáttur í iðnaði okkar.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. — Ég held, að það sé til bóta, eins og hv. menntmn. leggur til, að breyta frv. í heimildarform. Ég held, að málið sé ekki nægilega vel undirbúið til þess að ganga að fullnustu frá því í lagaformi, og því eins gott að hafa heimildarformið á.

Eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gat um hér áðan, hafa komið fram tilmæli frá bæjarráði Akureyrar um það, að væntanlegur tækniskóli yrði þar settur upp. Fyrir þessari beiðni eða áskorun liggja aðallega þau rök, að Akureyri sé þegar mikill skólabær og að í bænum sé nú þegar vaxandi iðnaðarmannastétt. Þetta hvort tveggja er rétt. Hins vegar mælir það gegn þessari beiðni, að það hlýtur að liggja alveg ljóst fyrir, að yfirgnæfandi hluti þeirra nemenda, sem koma til með að sækja skólann, verður héðan úr Reykjavík eða úr nágrenni Reykjavíkur, og að sjálfsögðu hlýtur það að hafa vissa ókosti í för með sér fyrir þá menn, sem skólann ætla sér að sækja, að þurfa að fara norður til Akureyrar í stað þess að geta stundað nám hér í Reykjavík.

Ég er á þeirri skoðun, að það hljóti innan tíðar að koma upp tveir tækniskólar hér á landi. Fyrir slíka skóla eru nægilega mikil verkefni, og það er eðlilegt, að skólinn komi fyrst í stað hér í Reykjavík, ekki síst vegna þess að það mál hefur nú þegar verið allmikið undirbúið, að skólinn komi hér, og hér er mest fjölmennið. En að því þarf svo að stefna, að tækniskóli komi einnig á Akureyri, og einmitt með því að gera ráð fyrir því, að á Akureyri komi nú þegar undirbúningsdeild, þá tel ég, eins og n. bendir á í sínu áliti, að þar með sé kominn vísir að tækniskóla á staðnum og það muni ekki líða langur tími þar til þar komi upp fullkominn tækniskóli, sem að öllu leyti verði kostaður af ríkinu.

Nú er í undirbúningi að byggja veglegt iðnskólahús á Akureyri, og ég vona, að þeirri byggingu verði lokið á næstu tveimur árum, og þegar iðnskólinn hefur flutzt þangað, verði einmitt kominn grundvöllur til þess, að um svipað leyti geti einnig tekið til starfa á Akureyri tækniskóli. Ég vonast til þess, að þeir aðilar, sem koma til með að stjórna þessum málum, verði þá sammála um þetta atriði, og ég veit, að Akureyringar munu gera allt,

sem í þeirra valdi stendur, til þess að svo megi verða. Ég vona sem sé, að skólarnir verði tveir og Akureyrarskólinn geti tekið til starfa um svipað leyti og nýja iðnskólahúsið verði komið þar upp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af brtt. á þskj. 609 um, að tækniskólinn skuli staðsettur á Akureyri. Ég vil þó fyrst þakka hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu mikilvæga frv. og láta í ljós sérstaka ánægju yfir því, að n. skuli hafa afgreitt málið einróma, orðið algerlega sammála. Ég skal staðfesta það, sem raunar kemur fram í nál. menntmn., að ég fyrir mitt leyti er samþykkur þeim brtt., sem n. flytur og eru að efni til þannig, að frv. er breytt í heimildarfrv. til þess að stofna á Íslandi tækniskóla, en það er meginefni brtt. Eins og málum er komið, tel ég það vera heppilegra en setja lög, sem beinlínis kveða á um stofnun skólans. Sérstaklega hefur athugun á allra síðustu vikum leitt í ljós, að erfiðleikar mundu verða á því að starfrækja 1. bekk tækniskólans sjálfs frá og með næsta hausti, en framhaldsathugun í sumar mundi leiða í ljós, hvort það yrði kleift eða ekki, og þá æskilegra, að stjórnarvöld séu ekki bundin í þeim efnum, heldur hafi heimild til að gera það, sem undirbúningur leiðir í ljós að fært sé í málinu.

Að því er það snertir, hvort breyta eigi ákvæðum 1. gr. og skólinn skuli vera á Akureyri í stað Reykjavíkur, vildi ég upplýsa eftirfarandi: Eftir að frv. hafði verið útbýtt hér, kom til mín nefnd manna frá Akureyri til að ræða um hugsanlega breyt. á frv. í þessa átt. Við áttum allýtarlegar viðræður saman. Þar voru einnig staddir nokkrir þm. Norðurl. e. Þá varð niðurstaða, að mælt skyldi með því við hv. menntmn., að frv. yrði breytt þannig, að heimilt væri að starfrækja undirbúningsdeild einnig á Akureyri. Ég gat ekki skilið þá n., sem við mig ræddi, öðruvísi en þannig, að hún teldi þá breyt. út af fyrir sig vera nægilega, eins og málum væri nú háttað, og mundi fyrir sitt leyti sætta sig við þá niðurstöðu og telja það jákvæðan árangur af för sinni hingað til Reykjavíkur og viðræðum um þetta mál. Þess vegna hefur hv. menntmn. tekið það upp í sínar brtt., að gert er ráð fyrir, að undirbúningsdeild megi starfa bæði í Reykjavík og á Akureyri, og ég vil alveg taka undir það, sem segir í nál. hv. menntmn., að á starfrækslu undirbúningsdeildar á Akureyri beri að líta sem vísi að tækniskóla á Akureyri.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að á næsta vetri muni hvort eð er vera unnt að starfrækja nema undirbúningsdeild að tækniskólanum. Slík deild starfaði hér á s. l. vetri og slík deild mun að sjálfsögðu starfa einnig næsta vetur hér í Reykjavík, og eigi ég að hafa með framkvæmd þessara mála að gera, mundi ég einnig gera ráðstafanir til þess, að slík deild starfaði á Akureyri, eins og gert er ráð fyrir í brtt. hv. menntmn. Ég geri sem sagt ekki ráð fyrir því, vil ekki slá því föstu, að unnt verði í sumar að ljúka undirbúningi undir stofnun tækniskólans sjálfs, þannig að 1. bekkur hans geti tekið til starfa á næsta vetri. Ég vil ekki slá því föstu að svo stöddu, og ef svo fer, sem mér segir hugur um, að enn næsta vetur verði að láta við það sitja að starfrækja undirbúningsdeild, mun einmitt reynslutími undirbúningsdeildar í Reykjavík og undirbúningsdeildar á Akureyri leiða í ljós, hvort Akureyringar, að þeirri reynslu fenginni, halda fast við ósk sína um að starfrækja t. d. 1. bekk tækniskólans sjálfs á Akureyri.

Ég get lýst því yfir, að ef starfræksla undirbúningsdeildar á Akureyri gæfist vel næsta vetur og ef bæjarráð Akureyrar og aðrir málsmetandi Akureyringar óska þess, að í framhaldi af undirbúningsdeildinni starfi t. d. 1. bekkur tækniskóla á Akureyri, og eigi ég að hafa með framkvæmd málsins að gera, mundi ég stuðla að því, að svo yrði, og er það í samræmi við það, sem ég lýsti yfir sem minni skoðun við 1. umr. málsins, enda er 1. bekkur tækniskólans ráðgerður sem almennur bekkur, ef svo mætti til orða taka. Þar er um að ræða fræðilegt nám fyrst og fremst, en ekki verklegt nám að neinu verulegu leyti. Það byrjar í 2. bekk tækniskólans sjálfs.

Mér er til nokkurs efs, að hægt sé að efna til hins verklega hluta námsins á Akureyri, a. m. k. á alveg næstu árum, en ef reynslan leiðir annað í ljós, mundi ég fyrir mitt leyti ekkert hafa við það að athuga, að það yrði gert, og vil raunar taka undir það, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 2. þm. Norðurl. e. (JR), að eflaust verður innan skamms þörf fyrir tvo tækniskóla hér á Íslandi. Eins og nú eru starfandi fjórir menntaskólar og sá fimmti í sköpun, kennaraskólinn, geri ég ekki ráð fyrir, að langur tími líði, þangað til hér verði þörf fyrir tvo tækniskóla, og tel ég þá Reykjavik og Akureyri vera sjálfsagða skólastaði fyrir slíka skóla.

Að svo mæltu vildi ég aðeins endurtaka, að ég fagna niðurstöðu hv. menntmn. í þessu máli og hef staðið í þeirri meiningu, að málsvarar Akureyrar væru ánægðir með þá niðurstöðu, sem fékkst í brtt. n. A. m. k. vil ég láta það koma alveg skýrt fram, að meðan ég hef með þessi mál að gera, mun ég ekki verða meinsmaður þess, í fyrsta lagi, að undirbúningsdeild starfi á Akureyri, og ekki heldur, að 1. bekkur tækniskólans starfi þar, ef yfirvöld Akureyrar halda fast við þá ósk, að svo verði.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hér hefur komið fram, að við verðum að losna við það sjónarmið, að allir hlutir verði að vera í Reykjavík, og fyrr eða síðar verðum við að taka rögg á okkur og flytja eða stofna myndarlegar stofnanir í menningar- eða atvinnumálum annars staðar. Varð-

andi Tækniskóla Íslands var þetta sjónarmið ýtarlega rætt í menntmn., og það nýtur þar mjög mikillar samúðar, eins og fram kemur í nál. Hins vegar kom fram sú hugsun, hvort sé hægt að ímynda sér, að um lengri framtíð verði Reykjavíkursvæðið án þess að hafa tækniskóla. Niðurstaðan af því hlýtur að verða neikvæð, eins og tæknimálin þróast, og leiðir því til þeirra úrslita í málinu, að við verðum að stefna að því, að í framtíðinni verði tveir tækniskólar, annar hér syðra og hinn á Akureyri. Það er sú hugmynd, sem menntmn. hefur viljað opna leið með brtt. sínum, og í nál. staðfestir hún, hvað hún meinar með þeirri breytingu. Enda þótt sumar till. norðanmanna séu í rauninni þannig, að skólinn eigi að stofnast á Akureyri, sem þýðir það, að tækniskóli verður ekki í Reykjavík, nema seinna verði tekin ákvörðun um annan tækniskóla, þá hygg ég, að ýmsir Akureyringar hafi ekki hugsað sér það sem skilyrði, að skólinn yrði eingöngu á Akureyri. Sem dæmi vil ég nefna það, að n. barst skeyti frá Iðnaðarmannafélagi Akureyrar, en það skeyti er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnaðarmannafélag Akureyrar lýsir stuðningi sínum við fram komið frv. á Alþ. um tækniskóla ríkisins og óskar eftir, að frv. verði breytt þannig, að kennsla geti orðið á Akureyri. — Stjórn Iðnaðarmannafélags Akureyrar."

Þeir virðast því hafa áttað sig á því, að það sé óhjákvæmileg þróun þessara mála, að skólarnir verði í framtíðinni tveir og lagður verði nú þegar grunnur að því, að einnig verði í byrjun kennt á Akureyri. Og ég er ekki viss um, að slíkur skóli á Akureyri þurfi að vera mjög langt á eftir skóla í Reykjavík í uppbyggingu og þróun. Viljinn með þessu ákvæði liggur því fyrir, bæði í nál. og yfirlýsingum ráðh. Menntmn. ræddi ekki sérstaklega annað orðalag en þetta með undirbúningsdeildina, að hún skuli vera á Akureyri, en ég hygg, að nm. mundu sennilega verða að taka því vel að bæta þarna inn í: „undirbúningsdeild og aðrar bekkjardeildir," ef það gæti orðið til þess, að þm. Norðurlandsins þætti betur um hnútana búið og tryggara, að í rauninni verði framkvæmdur sá vilji, sem hefur komið fram í nál.

Ég vildi því mæla með því, að málið yrði látið fram ganga nú við 2., umr., og gætu menn þá rætt saman um það, hvort slík smábreyting kæmi til greina við 3. umr. til að staðfesta frekar það álit á málinu, sem virðist nú koma fram hjá svo að segja öllum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þó að þessar umr. hafi í sjálfu sér orðið gagnlegar, þá hef ég samt orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með sumt af því, sem sagt hefur verið. Hv. 2. þm. Norðurl. e. (JR) taldi, að það mundi vera erfitt fyrir nemendur að sækja skólann á Akureyri, en á þetta get ég ekki fallizt. Ég hygg, að það sé engan veginn verra fyrir nemendur að stunda skólanám sitt á Akureyri en hér í Reykjavík. Það, sem um munar, er þá ferðakostnaður og annað ekki, ef nemendur eru búsettir í Reykjavík. En gera má líka ráð fyrir því, að nemendur, sem sækja tækniskóla, séu ekki einvörðungu úr Reykjavík, heldur séu þetta menn úr öðrum landshlutum, og sést strax, að það er sízt verra fyrir þá að sækja skóla á Akureyri eða dveljast þar við skólanám heldur en í Reykjavík. Auk þess vil ég minna á það, sem ég sagði í frumræðu minni um þetta atriði almennt, að ég tel, að yfirleitt mætti líta svo á, að skólar væru betur staðsettir utan höfuðborgar en í höfuðborginni.

Það virðist vera samdóma álit allra þeirra, sem talað hafa á eftir mér, að undirbúningsdeildin sé upphaf að tækniskólanum, og það er búið að hafa í frammi ýmsar yfirlýsingar í þá átt, að það má af því ráða, að það sé stefna þeirra, sem að þessu frv. standa, að það skuli koma sérstakur tækniskóli á Akureyri. Þeirri yfirlýsingu vil ég fagna út af fyrir sig. Og ég vil sérstaklega fagna því, að hv. 5. þm. Vesturl., frsm. n., virtist fallast á, að orðalagi á einni brtt., þar sem fjallað er um undirbúningsdeild á Akureyri, verði breytt þannig, að skýrt komi í ljós, að þarna eigi einnig að starfrækja aðrar bekkjar- eða skóladeildir. Þetta var í raun og veru það, sem bæði vakti fyrir mér og vakti fyrir öðrum, sem rætt hafa þetta mál á Akureyri, þ. e. að tryggt verði, að sú kennsla, sem fram fer á Akureyri, þróist upp í það að verða sjálfstæð menntastofnun, sjálfstæður tækniskóli.

Hæstv. menntmrh. skýrði réttilega frá því, að n. manna hefði átt viðræður við hann fyrir nokkru, eftir að frv. kom fram hér, og ég var á þessum fundi. En ég held þó, að okkur beri ekki alveg saman um, hver var niðurstaðan af þessum viðræðum. Hann telur, að nm. mundu hafa sætt sig við, að aðeins væri starfrækt undirbúningsdeild, og teldu, að með því væri fyrir því séð, að þróunin gengi í þá átt, að tækniskóli risi á Akureyri. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þeir, sem á þessum fundi voru, hafi talið nauðsynlegt að taka það einnig fram, að starfrækja mætti bekkjar- og skóladeildir tækniskólans á Akureyri. Og ég hafði satt að segja í hyggju, ef sú brtt., sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. flytjum, yrði felld, að flytja aðra brtt., sem færi í þá átt, jafnvel þó að ég hefði kosið að ganga nokkru lengra.

En kæmi fram brtt., sem hljóðaði eitthvað á þessa leið: „Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild á Akureyri, svo og aðrar bekkjar- og skóladeildir tækniskóla, enda sé að því stefnt, að á Akureyri rísi sjálfstæður tækniskóli," — ef slík till. kæmi fram og yrði samþ., þá má segja, að það megi allvel við una, og þætti mér vænt um, ef hv. menntmn. vildi athuga, hvort ekki mætti koma fortakslausara ákvæði inn í þetta frv., þannig að tryggt sé og augljóst, að stefnt sé að því að stofna sjálfstæðan tækniskóla á Akureyri.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mælti nokkur orð við 1. umr. þessa máls og lét þá í ljós, að ég teldi vel farið, að því máli, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. stofnun tækniskóla á Íslandi, væri nú hreyft á Alþ.

Þegar ég lét þau ummæli falla, hafði ég ekki kynnt mér til hlítar það frv., sem hér liggur fyrir, enda er það seint fram komið, nr. 215 á málaskrá, eða með allra síðustu málum, sem flutt hafa verið í þinginu. En eigi að síður, þó að ég hefði verið búinn að kynna mér frv. til hlítar, mundi ég hafa sagt það sama, að ég teldi það vel farið, að stofnun tækniskóla væri hreyft hér á hinu háa Alþ. Hitt er svo það, að það er eins og hv. frsm. menntmn. sagði hér áðan í umr., að stofnun tækniskóla eða kennsla í tæknifræðum er mikið mál, þetta er stórmál, eins og hann sagði. Þetta er mál, sem nú er til athugunar í mörgum nágrannalöndum okkar og á mótunarstigi, t. d. í Danmörku, Noregi og Þýzkalandi, þar sem einmitt um þessar mundir, eða á undanförnum árum, hafa farið fram athuganir á tæknifræðslunni, eins og hún er, og undirbúningur að tillögugerð um frambúðarfyrirkomulag tæknifræðslunnar.

Ég hef nú nýlega haft undir höndum ýmsar upplýsingar um þessa hluti í þessum löndum, m. a. um álit þýzkrar nefndar, sem starfað hefur að þessum málum og skilaði áliti, að ég ætla, seint á árinu 1962, og sömuleiðis upplýsingar um gang þessara mála nú síðustu árin í Danmörku og Noregi. Út frá þessum sjónarhól séð, að tæknimenntunin er í athugun og í mótun í nágrannalöndum okkar, mætti í rauninni þykja eðlilegt, að einhver tími liði, þangað til tekin yrði ákvörðun um það, hvernig tæknikennslu skuli hagað hér á landi.

Það er kunnugt, að þessir skólar, sem í rauninni er átt við hér eða virðist vera í þessu frv., eru með nokkuð mismunandi móti. Í Noregi t. d. hafa aðallega verið tveggja ára skólar, sem útskrifa menn, sem ganga undir stéttarheitinu „tekniker" þar í landi. Flestir norsku skólarnir eru með því móti, en tveir eða þrír skólar munu nú vera að rísa þar á legg, sem eru þriggja ára skólar, og er ætlunin, að þeir, sem útskrifast úr þeim skólum, beri stéttarheitið eða menntunarheitið „ingeniör", sem á okkar máli er útlagt tæknifræðingur.

Þegar málið var hér til 1. umr., spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. menntmrh., hvort samráð hefði verið haft við stéttarfélag tæknifræðinga hér á Íslandi, og það var vegna þess, að ég sá í grg., að þetta félag hafði ekki verið til þess kvatt eða tilnefnt mann í þá n., sem hafði með höndum undirbúning frv. Ég spurði um það vegna þess, að ég veit, að þessir menn í Tæknifræðingafélagi Íslands, sem sjálfir hafa yfirleitt stundað nám í tækniskólunum á Norðurlöndum, Þýzkalandi og víðar, eru manna kunnugastir þessari kennslu og þessum skólum annars staðar. En í þessu félagi munu nú vera, ef ég man rétt, um 90 manns, Tæknifræðingafélagi Íslands, og eru það bæði menn, sem hafa stundað nám og lokið prófum í þriggja ára skólunum, sem útskrifa „ingeniöra", sem nú heita tæknifræðingar á íslenzku, og aðrir, sem lokið hafa námi í tveggja ára skólum eða kannske styttri.

Nú sé ég það ekki í áliti hv. menntmn., að rætt hafi verið við stjórn þessa félags, og ég vil enn spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm. n., ef hann má mál mitt heyra, — ég sé nú ekki hv. frsm. Já, hann er hér nú mættur, hv. frsm. menntmn. — Ég vil spyrjast fyrir um það hjá honum, hvort hv. menntmn. hefði við meðferð þessa frv. rætt við stjórn Tæknifræðingafélags Íslands um málið eða leitað þeirra álits um það. Sumt í þessum till., sem n. ber fram, virðist mér að vísu bera þess vott, að það hafi verið gert. En ég vildi taka undir það, sem hv. frsm. n. sagði, að hér er um stórt mál að ræða, — ekki aðeins stórt mál, heldur einnig mjög vandasamt mál og um mál, sem mjög skortir reynslu í hér á landi af eðlilegum ástæðum. Meðferð þessa máls í hv. n. ber þess líka vott, að málið hefur ekki í n. þótt nægilega undirbúið og á nægilega traustum grundvelli byggt.

Í brtt. n., sem liggja fyrir á þskj. 651, er frv. umskrifað, eins og hv. frsm. komst að orði, og það er mjög vægilegt orðalag hjá hv. frsm. um það, sem gerzt hefur í n., að frv. hafi verið umskrifað. Það er ekki bara það, að það hafi verið tekið eftirrit af frv., heldur er efni þess breytt mjög verulega, enda eru brtt. n. við þessar 18 frvgr. og ákvæði til bráðabirgða hvorki meira né minna en 13 talsins, og lagt er til, að fjórar gr. úr frv. falli niður. Þannig hefur frv. í n. tekið mjög miklum breyt., og ég geri ráð fyrir, að þær séu til bóta, þannig að á ýmsum sviðum sé ekki lengur reynt að taka ákvarðanir um atriði, sem ekki er að svo stöddu skilyrði til að taka ákvarðanir um í sambandi við þessa fræðslu.

Frv. er nú allt fært í heimildarform, — heimildarform til skólastofnunar og heimildarform til að setja reglugerð um störf skóla. Ákvæðin um stjórn skólans, sem voru allflókin í frv., hafa verið felld niður. Ákvæðin um, að skólinn skuli taka til starfa í haust, hafa verið felld niður. Ákvæðin um deildir skólans hafa verið felld niður. Nú er aðeins sagt, að það sé heimilt, að skólinn starfi í deildum og skuli deildaskiptingin þá ákveðin með reglugerð. Og eftir atvikum, eins og þetta mál liggur fyrir á því stigi, sem það er, og athugun á tilgangi tæknifræðslunnar og því, sem er að gerast í öðrum löndum, — á því stigi, sem þetta allt saman er, þá hygg ég, að það sé fremur til bóta, sem n. hefur lagt til og ég nú hef drepið á.

Það er enginn vafi á því, eins og ég sagði hér áðan, að það er mjög vandasamt mál, hvernig tæknifræðslunni á að haga hér á landi, hver á að vera tilgangur hennar, og að hve miklu leyti þörf kann að verða á því eftirleiðis, að íslenzkir menn sæki tæknimenntun til annarra landa, eins og verkfræðingar. Ég vil leyfa mér að benda á það, að við munum ekki treysta okkur til þess enn þá að setja

hér upp kennslu fyrir verkfræðinga, sem dugi til prófs í verkfræði. Hér er aðeins um að ræða fyrrihlutakennslu í námsgreinum verkfræðinga, en síðari hlutann verða þeir að sækja til annarra landa enn sem komið er. En það er nú svo, eins og hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér nokkuð í sambandi við sérstakt mál, sem hér hefur verið á ferðinni í þinginu í vetur, að ýmsir voru farnir að líta svo á, að þetta tvennt, að mennta verkfræðinga, sem kallaðir eru nú á voru máli, og tæknifræðinga sé nokkuð hliðstætt. En undirbúningur þeirra, sem verða tæknifræðingar, er oft og tíðum öðruvísi. Það eru faglærðir iðnaðarmenn, oft og tíðum, þó ekki ævinlega, sem fara í þá skóla, sem útskrifa tæknifræðinga, en hitt eru stúdentar, sem að jafnaði sækja þá skóla, sem útskrifa verkfræðinga. Námstíminn er einnig nokkuð mismunandi. Hann er öllu lengri hjá verkfræðingunum en tæknifræðingunum erlendis, en þar mun þó ekki vera orðinn mjög mikill munur á sums staðar og að því stefnt að minnka þann mun.

Hér er mikið verkefni fyrir höndum, þrátt fyrir þetta frv., sem nú liggur hér fyrir til samþykktar og er orðið að eins konar þáltill., og verður vonandi að því unnið í samráði við fróða menn, en í brtt. n. er svo fyrir mælt, að menntmrh. skuli skipa n. til að semja reglugerð um starfsemi skólans og í þeirri n. skuli eiga sæti menn, sem hafa þekkingu á tæknifræði, verkfræði, iðnnámi og skólamálum. Þetta er að vísu nokkuð teygjanlegt orðalag, að hafa þekkingu á þessum fræðum, en ætla má, að það verði framkvæmt þannig, að í þessari n. eigi sæti menn, sem eru a. m. k. að einhverju leyti sérfróðir um þessi efni.

Ég veitti því athygli í nál., að þar segir, að nm. áskilji sér rétt til að fylgja öðrum brtt., sem fram koma, heldur en þeim, sem n. hefur sjálf lagt fram. Ég vona þá, að hv. nm. telji sér, þó að þeir hafi ritað undir þetta nál., heimilt að fylgja brtt. okkar hv. 4. þm. Norðurl. e. á þskj. 609 um aðsetur tækniskólans.

Hv. fyrri flm. till., hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur nú þegar gert ýtarlega grein fyrir henni, og þarf ég í rauninni ekki að bæta neinu við það, sem hann sagði um það, því að grg. hans var mjög ýtarleg og glögg og þar dregin fram meginatriði þess máls, sem hér er um að ræða. Það þurfti að sjálfsögðu ekki að koma á óvart, að þessi brtt. yrði flutt, því að hv. fyrri flm. till., hv. 4. þm. Norðurl. e., vakti einmitt máls á þessu strax við 1. umr., að honum þætti til mála koma að staðsetja þennan skóla á Akureyri. Síðan hv. þm. flutti þá ræðu og vakti máls á þessu hér í hv. d., hefur það gerzt, sem hann skýrði frá í ræðu sinni áðan, að bæjarráð Akureyrar hefur á fundi sínum hinn 4. apríl samþykkt að skora á Alþ. að breyta frv. á þá lund, að tækniskólinn verði staðsettur á Akureyri. Það væri vissulega fullt tilefni til þess að flytja um þetta mál langa ræðu og það fleiri en eina, en eins og ég sagði, þá hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. lagt hér fram þá grg., sem nauðsynleg er vegna þessara brtt. út af fyrir sig nú í þessu máli.

Það er sjálfsagt rétt, sem kom hér fram í umr., að það geta verið vissir erfiðleikar á því, að menn úr Reykjavík sæki tækniskóla norður á Akureyri. En það er jafnlangt fram og aftur, segir einhvers staðar í frægu verki, og það er jafnlangt frá Reykjavík til Akureyrar og frá Akureyri til Reykjavíkur. Og ef það er erfitt fyrir reykvíska nemendur að sækja skóla á Akureyri, þá er það líka erfitt fyrir akureyrska nemendur að sækja skóla í Reykjavík. Og eins og hv. 1. flm. till. sagði, eru það fleiri en Akureyringar og Reykvíkingar, sem sækja slíka skóla. Hér er nú menntaskóli í sveit á Suðurlandi og annar a. m. k. að nokkru leyti starfandi á Vesturlandi í kaupstað, og iðnskólar eru víða, iðnaðarmenn í námi, og úr öllum þessum stofnunum verða menn að koma inn í tækniskólann, hvort sem hann væri í Reykjavík eða á Akureyri.

Enn þá er ekki meiri hluti þjóðarinnar hér í höfuðstaðnum sjálfum, þótt að því komi fljótlega, a. m. k. ef það á komandi árum þykir alltaf sjálfsagt að fella till. eins og þessar, sem hér liggja fyrir. Það getur verið ódýr munaður fyrir hv. þm., þegar kosningar eiga að fara fram um land allt, að telja sig hlynnta jafnvægi í byggð landsins, en það að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, það eru ekki bara orð. Það er líka fólgið í athöfnum. Og það er alltaf hugsanlegt, að þær athafnir, sem þeirri stefnu hljóta að fylgja, verði ekki að allra skapi fullkomlega eða í samræmi við allra hagsmuni, allra gróðavonir o. s. frv. Þá er að velja. Nú vil ég út af fyrir sig ekki hafa á móti því, að reynt sé að koma málum í höfn í áföngum. Það er oft, eða a. m. k. stundum, það eina, sem hægt er að gera. En ekki kann ég við þá tegund samúðar við málstað Norðlendinga, sem fram kemur í brtt. n. Þessa tegund samúðar, segi ég, af því að hv. frsm. n. komst þannig að orði, að í n. væri rík samúð með þessum sjónarmiðum.

Í brtt. n. er komizt að orði á þá lund, að það skuli vera heimilt að starfrækja undirbúningsdeild við skólann, bæði í Reykjavík og á Akureyri, undirbúningsdeild við Tækniskóla Íslands, sem ekki er heimilt að stofna nema í Reykjavík. Samkv. till. n. má þessi Tækniskóli Íslands ekki vera staðsettur á Akureyri, það er ekki heimilt, heimildin nær ekki til þess. En það á að vera heimilt að stofna undirbúningsdeild á Akureyri, undirbúningsdeild við Tækniskóla Íslands í Reykjavík. Það er ekki smáræðislausn, sem hér er á ferðinni, ekki lítil samúð við hinn norðlenzka málstað á þingi í þessu máli, að það skuli eiga að vera heimilt að stofna á Akureyri undirbúningsdeild við Tækniskóla Íslands í Reykjavík. Nú er það sýnilegt, að síðan þetta nál. var gefið út, hafa menn hugsað sitt ráð og e. t. v. einmitt á þessum fundi, eftir að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði haldið sína ræðu og skýrt þau sjónarmið, sem hér um ræðir. Og nú er verið að tala um það,

að líklega megi ganga út frá því, að þetta leiði til þess, að stofnaðar verði fleiri deildir á Akureyri og svo sennilega annar skóli, þegar tímar líði. En hvers vegna þessa aðferð? Hér er þó ekki nema um heimild að ræða. Og hvers vegna má ekki, ef menn hafa þetta í huga, ef menn hafa nú í raun og veru í huga, að það eigi að rísa upp annar tækniskóli á Akureyri, — hvers vegna þá ekki að heimila stofnun slíks skóla, um leið og heimilað er að stofna tækniskólann í Reykjavík?

Ég varpa þessu fram og skal svo að öðru leyti ekki lengja mál mitt frekar, en vil í fyrsta lagi vænta þess, að till. okkar hv. 4. þm. Norðurl. e. verði samþ. við þessa umr. En fari svo, að hún yrði það ekki, þá tek ég undir það með hv. meðflm. mínum, að mér þykir það góð yfirlýsing hjá hv. frsm. n., að hann sé reiðubúinn til að athuga málið nánar milli umr., og vil þá vænta þess, að úr því verði.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) beindi þeirri fyrirspurn til menntmn. í gær, hvort ekki hefði verið rætt við Tæknifræðingafélagið um þetta mál. Eins og fram kom í framsögu n., var það vissulega gert, bæði munnlega og skriflega, og það er einmitt vegna sjónarmiða frá samtökum tæknifræðinga og vélstjóra, sem þær breytingar voru gerðar, sem menntmn. leggur til.

Þessi umr. hefur aðallega snúizt um heimili skólans og þá brtt., sem er nr. 8 á þskj. 651, um það, að starfrækja megi undirbúningsdeild við skólann bæði í Reykjavík og á Akureyri. Fram kom í nál., að menntmn. lítur á þetta sem vísi að sérstökum tækniskóla á Akureyri, en ýmsum ræðumönnum þótti ástæða til að kveða fastar á um þetta og taka það skýrar fram. Nú hafa átt sér stað nokkrar samræður um þetta atriði, en efnislega var raunverulega um samkomulag að ræða, og er niðurstaðan sú, að ég flyt hér brtt. við brtt. á þskj. 651, 8. till., í þeim tilgangi að gera þennan skilning ótvíræðari. Þessi brtt. hljóðar svo:

„Aftan við gr. bætist:

Einnig er heimilt að starfrækja aðrar bekkjar- og skóladeildir tækniskólans á Akureyri, enda sé að því stefnt, að þar rísi sjálfstæður tækniskóli.“

Það hefur ekki verið hægt að ná til allra menntmn.-manna, svo að n. stendur ekki formlega að þessu, en samráð hefur verið haft við þá, sem ræddu þetta mál í gær og hafa flutt um það till., og vona ég, að samkomulag verði um að afgr. þetta mál á þennan hátt, en brtt. við 1. gr. verði þá tekin aftur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 697) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Í umr. í gær gagnrýndi ég það, að hv. menntmn. skyldi ekki ganga lengra til móts við áhuga Akureyringa um tækniskóla á Akureyri heldur en fram kom í brtt. þeim, sem n. lagði fram í gær.

Í till. n. var aðeins lagt til, að heimilt yrði að stofna á Akureyri undirbúningsdeild undir tækniskóla, en það taldi ég að væri fremur lítils virði og ekkert, sem tryggði það, að sú deild yrði stig í þróun til fullkominnar tæknifræðikennslu, þrátt fyrir ágætar yfirlýsingar n. um, að hún teldi, að svo mundi verða. Undirbúningsdeildin ein án lagaheimildar um starfrækslu annarra bekkjar- og skóladeilda tækniskólans er varla nægur grundvöllur undir fullgilda tæknifræðikennslu.

Nú var það að vísu meginsjónarmið mitt og hv. 3. þm. Norðurl. e., eins og kom fram í umr. í gær og eins og brtt. okkar bendir til, að hinn fyrirhugaði tækniskóli yrði staðsettur á Akureyri. Undir þá kröfu gat hv. menntmn. ekki tekið. En eftir umr. um málið í gær og nánari íhugun af hálfu n. undir umr., eða a. m. k. frsm. n., þá lýsti hann yfir því, hv. 5. þm. Vesturl., að hann teldi ekki fráleitt að leita samkomulags um málamiðlun, þ. e. a. s. að hann legði til, að sett yrði í frv. ákvæði um heimild til þess að starfrækja á Akureyri auk undirbúningsdeildarinnar aðrar bekkjardeildir. Ég fagnaði þessari yfirlýsingu hv. frsm. og lýsti yfir því fyrir mitt leyti, að ég kynni að fallast á frv., ef því yrði breytt í þá átt, sem hann nefndi, og ef það yrði skýrt tekið fram í frvgr., að stefnt yrði að því að efna til sjálfstæðs tækniskóla á Akureyri jafnframt tækniskólanum í Reykjavík. Get ég fúslega fallizt á, að slík lausn sé æskileg, eins og viðhorfin eru í málinu, enda er mér síður en svo í mun að koma í veg fyrir, að tækniskóli starfi í Reykjavík, ef það má teljast tryggt í löggjöf, að sams konar skóli starfi einnig á Akureyri.

Hv. frsm. og form. menntmn. ræddi síðan við okkur hv. 3. þm. Norðurl. e. utan fundar í gær og lofaði þá að beita sér fyrir því, að flutt yrði brtt., er fæli í sér slíka lausn. Þessi brtt. hefur nú komið hér fram, og ég vænti þess, að með þessu sé stigið raunhæft spor í þá átt, að hér á landi verði tveir tækniskólar, eins og virtist almennur vilji fyrir í umr. í gær og m. a. vilji hæstv. menntmrh. Með tilliti til þessa munum við hv. 3. þm. Norðurl. e. taka aftur till. okkar um staðsetningu skólans á Akureyri, þó að því tilskildu, að hv. þd. samþykki hina nýframkomnu brtt. frá frsm. menntmn.

ATKVGR.

Brtt. 609 tekin aftur.

— 651,1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 651,2 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 651,3 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 651,4 (ný 4. gr.) samþ. með 22 shlj atkv.
— 651,5 (ný 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 651,6 (ný 6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 651,7 (7.—10. gr. falli niður) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 697 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 651,8 (ný 11. gr., verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
— 651,9 (ný 12. gr., verður 8. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 651,10 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 651,11 (13.—16. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 651,12 (ný 17. gr., verður 10. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

18. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 651,13 (ákv. til brb. falli niður) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 704).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80 fundi í Ed., 19. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. (þskj. 704). — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Nd. í því formi, sem það er lagt fyrir þessa hv. d., og var það samþykkt síðdegis í gær samkv. einróma meðmælum hv. menntmn. Nd. og með shlj. atkv. þeirrar hv. d. Áður en ég geri í örfáum orðum grein fyrir þeim breytingum, sem frv. tók í Ed., vil ég fara fáeinum orðum um nauðsyn málsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja og skoðun allra, sem til þekkja, að eitt brýnasta verkefnið, sem leysa þurfi í íslenzkum fræðslumálum, sé að bæta skilyrði æskumanna til þess að öðlast tæknimenntun. Tæknin skiptir nú orðið svo miklu máli í sérhverju iðnaðarþjóðfélagi, að framþróun og framleiðsluaukning er að verulegu leyti undir því komin, að tæknimenntun sé sem bezt. Í nágrannalöndum er talið, að eðlilegt sé, að iðnfræðingar eða tæknifræðingar svonefndir séu um það bil helmingi fleiri en verkfræðimenntaðir menn, og í flestum nágrannalandanna mun það svo, að samtímis því, sem um það bil 2 verkfræðingar koma á hvert þús. íbúa, þá koma 4 tæknifræðingar á hvert þús., þeir eru um það bil helmingi fleiri.

Ástandi þessara mála hér er mjög ábótavant. Kemur það m. a. fram í þeirri staðreynd, að verkfræðingar eru hér ekki nema 1.4 á hvert þús. íbúa, sem er undir því meðaltali, sem talið er eðlilegt að gildi í nálægum löndum um tölu verkfræðinga, en hins vegar er tala tæknifræðinga aðeins 0.5 á hvert þús. Hér er ástand þessara mála þannig, að verkfræðingar eru um það bil þrisvar sinnum fleiri hlutfallslega en tæknifræðingar, en í nálægum löndum er talið eðlilegt og nauðsynlegt, að tæknifræðingar séu helmingi fleiri en verkfræðingar. Hér er um að ræða skort á verkfræðimenntuðum mönnum, miðað við það, sem talið er hæfilegt í nálægum löndum. En út yfir tekur þó, ef litið er á tölu tæknifræðinganna. Tala tæknifræðinga er hér hlutfallslega ekki nema 1/8 hluti þess, sem talið er eðlilegt í nálægum löndum.

Ég læt þetta nægja til þess að undirstrika nauðsynina á því að stórfjölga hér á landi tæknifræðingum, en það verður ekki gert nema með því móti, að ungir menn, sem leggja vilja út í tæknifræðinám, eigi kost á því að afla sér tæknifræðimenntunar í íslenzkum skólum. Hingað til hafa allir slíkir menn orðið að leita til nágrannalanda, en á Norðurlöndum og í Þýzkalandi eru mjög góðir tækniskólar. Reynslan sýnir hins vegar, að ekki leita nægilega margir menn til tæknifræðináms, meðan það nám verður að stunda utan Íslands. Þetta eru meginrökin fyrir því, að ekki megi lengur dragast að koma hér upp í landinu skilyrðum til þess fyrir ungt fólk að afla sér tæknimenntunar, ekki megi lengur dragast að koma hér á fót íslenzkum tækniskóla. Það hefur og komið í ljós við undirbúning þessa máls og þær umr., sem fram hafa farið þegar um það í hv. Nd., að allir þm., sem látið hafa málið til sín taka þegar, virðast vera einróma um, að hér sé nauðsynjamál á ferðinni, sem brýna nauðsyn beri til að hljóti afgreiðslu nú á þessu þingi.

Frv. var lagt þannig fram, að gert var ráð fyrir, að tækniskólinn tæki til starfa haustið 1963, þ. e. á næsta hausti. Enn fremur var gert ráð fyrir, að skólinn, sem nú þegar starfar, vélskólinn í Reykjavík, yrði deild í væntanlegum tækniskóla. Hv. menntmn. Nd. átti ýtarlegar viðræður um þetta mál við samtök tæknifræðinga og samtök vélstjóra, og þær viðræður leiddu til þess, að hv. menntmn. Nd. í samráði við mig gerði þá breyt. á frv., að vélskólinn skyldi halda áfram sem sjálfstæður skóli, en ekki verða deild í væntanlegum tækniskóla, og fallið er frá því að binda í lögum, að tækniskólinn skuli taka til starfa á næsta hausti, en í stað þess er formi lagasetningarinnar breytt í heimildarlög, heimild til handa stjórnarvöldum til að stofna tækniskóla, þegar nauðsynlegum undirbúningi er lokið, en gert jafnframt ráð fyrir því, að þegar eftir þinglok, ef frv. verður að lögum, verði sett nefnd til að semja reglugerðir fyrir skólann og hefja undirbúning að honum. Reynslan mundi þá leiða í ljós, hvort sumarið er nægilega langur tími til að ljúka undirbúningi undir stofnun skólans. Ef svo reynist, mun skólinn taka til starfa á næsta hausti. Ef hins vegar sumarið

reynist ekki nægur undirbúningstími, mun verða starfrækt aftur næsta vetur undirbúningsdeild, eins og starfað hefur á s. l. vetri, og skólinn ekki taka til starfa fyrr en hitt haustið. Engum dettur í hug, að það mundi þurfa að taka lengri tíma en það að ljúka undirbúningi undir, að skólinn geti tekið til starfa.

Það voru einkum sjónarmið tæknifræðinganna, að undirbúningur að stofnun skólans yrði að vera mjög vandaður, og þeir óskuðu eftir því að fá að eiga hlut að þeim undirbúningi. Menntmn. Nd. og ríkisstj. féllust á að taka tillit til þessara sjónarmiða, að ákveða ekki að stofna skólann á næsta hausti, nema því aðeins að málið hefði hlotið forsvaranlegan og nægilegan undirbúning. Ég vil því leggja áherzlu á, að sú breyting, sem hv. Nd. samhljóða gerði á frv., er í raun og veru ekki efnisbreyting á málinu, nema að því er það snertir, að vélskólinn eigi ekki að vera deild í væntanlegum tækniskóla, heldur starfa áfram sem sjálfstæður skóli. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur það eitt, að sú skoðun kom fram af hálfu tæknifræðinganna, að e. t. v. dygði sumarið ekki sem undirbúningstími að stofnun skólans, og þótti því rétt að breyta málinu í það horf, að skólinn skyldi ekki taka til starfa fyrr en öruggt væri, að málið hefði hlotið nægilegan undirbúning.

Ég vil sem sagt endurtaka, að ef sumarið reynist nægilegur tími til þess að koma skólanum á laggirnar, mun það verða gert á grundvelli frv., eins og það var afgr. í Ed. Hins vegar er ég tæknifræðingunum alveg sammála um, að hér er um svo stórt og viðurhlutamikið mál að ræða, að betra væri að bíða eitt ár en flaustra undirbúningnum af. Þetta eru höfuðrökin fyrir þeirri formbreytingu, sem málið tók í hv. Nd.

Önnur breyt. var einnig gerð á málinu í hv. Nd. að lokum með shlj. atkv., og það var að heimila að starfrækja bæði undirbúningsdeild og einstakar bekkjardeildir, einnig á Akureyri. Upphaflega var gert ráð fyrir, að tækniskólinn starfaði einungis í Reykjavik, en af hálfu forvígismanna Akureyrarkaupstaðar komu fram óskir um það og kom fram mikill áhugi á því að koma á fót fyrst vísi að tækniskóla og síðar fullkomnum tækniskóla á Akureyri. Menntmn. Nd. hafði samráð við ríkisstj. og var á einu máli um að leggja til, að í frv. yrði tekin heimild til þess, að bæði undirbúningsdeild og einstakar bekkjardeildir mætti starfrækja á Akureyri, ef aðstaða þætti til, og var frv. einnig breytt með shlj. atkv. í þessa átt.

Herra forseti. Með hliðsjón af því, að algert samkomulag varð um þetta mál í hv. Nd. og það afgr. þar með shlj. atkv., vil ég leyfa mér að vænta þess, að málið hljóti einnig jafnvíðtækan stuðning hér í þessari hv. d., og leyfi mér að mælast til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og vænta þess, að málið fái eins skjóta afgreiðslu í d. og frekast þykir fært.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 704, n. 713).

Of skammt var liðið frá 1. umr., og lagt var fram skrifl. nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, við 1. umr. málsins í þessari hv. þd. nú fyrir stundu. Menntmn. hefur haft frv. til meðferðar milli umr. og leggur einróma til, að frv. verði samþ., og hef ég þegar afhent hæstv. forseta skriflegt nál.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós sérstakt þakklæti mitt til hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu mikilvæga máli og jafnframt ánægju mína yfir því, að samstaða skuli hafa náðst í þessari hv. d. um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 715).

---

45. Almenningsbókasöfn.

Á 56. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um almenningsbókasöfn [204. mál] (stjfrv., A. 411).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Árið 1955 voru sett fyrstu lögin um almenningsbókasöfn. Var landinu skipt í bókasafnshverfi og kveðið á um fjárstyrk ríkis og bæjar- og sveitarfélaga til almenningsbókasafna, en þau eru ýmist bæjar- og héraðs-

bókasöfn, sveitarbókasöfn eða bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana. Jafnframt var komið á fót embætti bókafulltrúa, sem menntmrh. skipar og skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, er að rekstri bókasafna lýtur.

Voru lög þessi merkilegt nýmæli og urðu mjög til eflingar íslenzkum bókasöfnum. Hafa lögin komið til framkvæmda í öllum bæjum og héruðum landsins og flestum af hreppunum, enda kom í ljós, að kerfisbundin skipun þessara mála var tímabær nauðsyn. Notkun safnanna hefur farið sívaxandi og bókakostur þeirra aukizt stórlega. Árið 1960, en það er síðasta árið, sem tæmandi skýrslur eru til um, voru í almenningsbókasöfnum 569 þús. bindi, og skiptust þau þannig, að í bæjar- og héraðsbókasöfnum voru 277 þús. bindi, í sveitarbókasöfnum 232 þús. bindi, en í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla 60 þús. bindi. Lánþegar voru á því ári 23328, og skiptust þeir þannig, að lánþegar í bæjar- og héraðsbókasöfnum voru 14198, í sveitarbókasöfnum 7927 og í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla 1203. En lánuð bindi úr almenningsbókasöfnum námu á þessu ári — árinu 1960 — 679081 bindum, og svarar það til þess, að 3.9 bindi hafi verið lánuð á hvert mannsbarn í landinu á þessu ári. Árið 1956 nam notkunin 317 þús. bindum og meðaltal lánaðra binda á hvert mannsbarn 2.2 bindum. Vantar því ekki mikið á, að meðaltal lánaðra binda hafi tvöfaldazt á fyrstu 4 árunum, sem l. um almenningsbókasöfn voru í gildi.

Um það er því engum blöðum að fletta, að löggjöfin um almenningsbókasöfn hefur horft til mikilla framfara, enda hefur bókafulltrúi sá, sem skipaður var, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, unnið ósleitilega að því að koma sem beztu skipulagi á málefni almenningsbókasafnanna og efla þau, eftir því sem tök voru á. Má án efa þakka framfarir þær, sem orðið hafa í þessum efnum, að mjög verulegu leyti framtaki hans.

En á þeim árum, sem liðin eru, síðan almenningsbókasafnalögin voru sett, hafa margvíslegar breytingar orðið, sem valda því, að nauðsynlegt er að endurskoða löggjöfina. Bókaverð hefur hækkað mjög verulega á þessu tímabili, og annar kostnaður við rekstur safnanna hefur og stórlega aukizt. Ber því sérstaka nauðsyn til að endurskoða ákvæði gildandi laga um fjárframlög til safnanna, þar eð nú er svo komið, að þau eru allsendis ónóg, ef söfnin eiga að geta haldið áfram að vaxa og gegna í síauknum mæli veigamiklu hlutverki sínu í fræðslukerfi og menningarlífi þjóðarinnar.

Áður en ég geri grein fyrir helztu breytingum, sem í þessu frv. felast frá núgildandi lögum, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um gildi almenningsbókasafna og nauðsyn þess að efla þau.

Fyrir áhrif upplýsingastefnunnar voru þegar á 18. öld stofnuð lestrarfélög erlendis, og unnu þau að því að koma upp bókasöfnum handa almenningi, en sú starfsemi lognaðist yfirleitt út af. Nokkru fyrir miðja síðustu öld höfðu Bandaríkin forustu um stofnun almenningsbókasafna, og þar hafa slík söfn orðið æ stærri þáttur í aukinni fræðslu almennings. Bretar kynntust fljótlega starfsemi almenningsbókasafna í Bandaríkjunum, og um miðja síðustu öld voru samþ. í Bretlandi lög um slík söfn. Á Norðurlöndum urðu það einkum lýðháskólamenn og verkalýðsleiðtogar, sem börðust fyrir stofnun lestrarfélaga, en það var þó ekki fyrr en seint á síðustu öld, að bókasafnshreyfingin varð almenn á Norðurlöndum. En smám saman og þó einkum eftir fyrri heimsstyrjöld hefur hún orðið æ ríkari þáttur í fræðslukerfinu með öllum menningarþjóðum og þá ekki hvað sízt á Norðurlöndum. Þjóðfélagið verður sífellt margbreytilegra. Í atvinnulífinu verður krafizt æ meiri þekkingar á náttúrufræðum og tæknifræðum. Hefur því verið horfið að því að gera almenningsbókasöfn að fræðslustofnunum, er starfa í sambandi við skólana, en þó einkum í framhaldi af þeim, enda vex og breytist þekkingin svo ört, að skólamenntun getur engum orðið einhlít um langa ævi. Samtímis hefur verið lögð á það áherzla að kenna börnum og unglingum að hagnýta bókasöfn, afla sér heimilda um einstök atriði og einnig samfelldrar þekkingar. Það mun og mála sannast, að engin tómstundaiðja sé bæði nytsamari og ódýrari en bóklestur. Í nýtízku bókasöfnum er lögð mikil áherzla á að laða lesendur að söfnunum. Þar eru fallegir útlánasalir, sýnigluggar og sýnigrindur, þar eru hljómplötudeildir með fullkomnum hlustunartækjum, salir til bókmenntakynninga, kvikmynda- og myndlistarsýninga og málfunda, lessalir handa fullorðnum og börnum, fræðaherbergi með lestækjum, föndurstofur og herbergi til tómstundaiðkana o. s frv. Bókasöfnin eru með öðrum orðum í vaxandi mæli að verða menningarmiðstöðvar fyrir unga jafnt sem gamla.

Hér á landi var tekið að stofna lestrarfélög upp úr miðri öldinni sem leið, og eru enn starfandi félög, sem orðin eru meira en 100 ára. Þá voru og stofnuð amtsbókasöfn, fyrst á Akureyri, síðan í Stykkishólmi og svo á Seyðisfirði. Var tilgangurinn m. a. sá, að í öllum landshlutum væru til bækur, sem ekki var við að búast að lestrarfélög einstakra sveita gætu eignazt. Einnig var komið á fót nokkrum sýslubókasöfnum, og er þeirra kunnast bókasafn Þingeyinga, en það bókasafn og lestrarfélögin þar höfðu mikil og merkileg áhrif á menningar- og félagslíf Þingeyinga og raunar óbeinlínis um land allt. Þróunin í þessum efnum var hins vegar hæg. Bæjarbókasafn Reykjavíkur var ekki stofnað fyrr en upp úr 1920, og fyrstu bókaverðirnir, sem höfðu bókavörzlu sem aðalstarf utan Reykjavíkur, voru þeir Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi, sem gerður var amtsbókavörður á Akureyri 1925, og Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur, sem árið 1929 varð bókavörður við

bókasafn Ísafjarðar. Í öðrum bæjum voru lengi vel ýmist engin bókasöfn eða þá lítið starfrækt, og sum hinna eldri sýslubókasafna voru alls ekki notuð, jafnvel sum þau helztu undir lás og slá.

Árið 1937 voru samþykkt á Alþ. lög um, að nokkur hluti skemmtanaskatts skyldi renna til lestrarfélaga. Var fræðslumálaskrifstofunni falið að úthluta styrknum samkv. ákveðnum reglum og félögin skylduð til að senda skýrslur og reikninga. Styrkurinn var allmikil upphæð eftir þeirra tíma mælikvarða, 150 þús. kr., og færðist nú líf í lestrarfélögin víða um land, þar sem yfir þeim hafði dofnað.

Haustið 1953 fól þáv. menntmrh., Bjarni Benediktsson, Guðmundi G. Hagalín rithöfundi að athuga um bókakost og rekstur lestrarfélaga og bókasafna úti um land, enda hafði Guðmundur lengi haft á hendi bókavörzlu og kynnt sér rekstur bókasafna erlendis. Í framhaldi af þessu skipaði menntmrh. síðan n. til þess að gera till. um almenningsbókasöfn og semja frv. að l. um þessi efni. Varð það frv. að lögum 1955, óbreytt að mestu. Eru þetta lögin, sem enn eru í gildi og þessu frv. er ætlað að koma í staðinn fyrir.

Árið 1955 voru starfrækt 5 bæjarbókasöfn utan Reykjavíkur, 3 amtsbókasöfn, sem voru í rauninni ekki lengur það, sem nafnið bendir til, og 3 sýslubókasöfn, eða alls 12 að bæjarbókasafni Reykjavíkur meðtöldu. Nú eru þessi söfn orðin 31, eða jafnmörg og bókasafnshverfin, sem landið skiptist í samkv. gildandi lögum. 4 eru eingöngu bæjarbókasöfn, 10 eru bæði bókasöfn þess bæjar, sem þau eru í, og héraðsins í kring, og 17 eru sveitar- og héraðsbókasöfn í senn. Engin söfn í þessum flokki nutu teljandi ríkisstyrks á árinu 1955. Það ár voru og starfandi í landinu 167 lestrarfélög, sem nutu styrks og sendu skýrslur um bókakost, fjárreiður og notkun. Af þeim urðu 10 stofn að bæjar- og héraðsbókasöfnum. Nú eru í landinu 203 lestrarfélög og sveitarbókasöfn, og liggja fyrir um þau mjög ýtarlegar skýrslur, þar sem greindur er bókakostur, fjárframlög öll og sundurgreint, hvaða fé fer í laun, hvað í bókakaup, bókband og hvað til annarra þarfa. Einnig eru til nákvæmar skýrslur um tölu lánaðra binda og lánþega og loks bindatölu lesinna bóka eftir íslenzka höfunda.

Árið 1955, eða ári áður en almenningsbókasafnslögin komu til framkvæmda, voru heimaframlög til sveitarbókasafna 400 þús. kr., ríkisframlag 211 þús. kr. og tekjur þeirra því samtals 611 þús. kr. En 1956 námu heimaframlög til þessara sömu aðila 572 þús. kr., ríkisframlag 326 þús. kr., eða samtals 898 þús. kr., eða 287 þús. kr. meira en árið áður, þ. e. árið áður en lögin tóku gildi. Árið 1956 nam heimaframlag til allra bæjar- og héraðsbókasafna 2.4 millj. kr., en ríkisframlag 600 þús., og námu heildartekjurnar því 3 millj. kr. Framlög til safna í heimavistarskólum og hælum voru 1956 31 þús. kr. frá heimaaðilum og sama upphæð frá ríkinu. Árið 1956 voru því heimaframlög allra safnanna 3 millj. kr., en ríkisframlög tæp 1 millj., eða um það bil 1/3 heimaframlaganna.

Árið 1960 voru heimaframlög bæjar- og héraðsbókasafna komin upp í 4 millj. kr. og höfðu þá aukizt um 1.6 millj. kr., eða um miklu hærri fjárhæð en lágmarksákvæði l. gera ráð fyrir. Ríkisframlagið nam á því ári, 1960, hins vegar aðeins 660 þús. kr., og var þar aðeins um 42 þús. kr. aukningu að ræða. Er það höfuðtilgangur þessa frv., eins og ég mun síðar koma að, að auka framlag ríkisins til safnanna.

Árið 1960 var tekjum héraðs- og bæjarbókasafna þannig varið, að 37% þeirra gengu til bókavörzlu, 39% til bókakaupa og bókbands, en 24% til annarra þarfa. Hjá sveitarbókasöfnum var aðeins 8% teknanna varið til bókavörzlu, 66% til bókakaupa og bókbands, en 26% til annarra þarfa.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um húsakost safnanna. Bókafulltrúi hefur þau tæp 8 ár, sem hann hefur haft með höndum eftirlit með söfnunum, komið í öll héruð landsins og velflestar sveitir, átt tal við ráðamenn og áhugamenn um bókasafnsmál og athugað starfsskilyrði safnanna. Hann telur, að víðast á landinu sé mikill áhugi fyrir vexti og viðgangi safnanna og sé mönnum þá efst í huga nauðsyn á bættum húsakosti. Ýmsir aðilar hafa hafizt handa um mjög myndarlegar framkvæmdir til úrbóta. Hafnarfjarðarbær reisti myndarlegt bókasafnshús um það bil, sem lögin um almenningsbókasöfn komu til framkvæmda, en varð vegna fjárskorts að leigja aðra hæð hússins. Reykjavíkurbær hefur stórum bætt húsakost bæjarbókasafnsins og fjölgað útibúum þess, opnaði t. d. fyrir nokkrum mánuðum útibú, sem er mjög nýtízkuleg, hentug og glæsileg bygging. Stykkishólmur og Snæfellsnessýsla munu í sumar ljúka við myndarlegt hús handa hinu gamla og virðulega bókasafni vesturamtsins. Á Siglufirði lýkur byggingu nýs bókasafnshúss á sumri komanda og sömuleiðis á Selfossi. Þá mun bæjarbókasafn Vestmannaeyja á þessu ári komast í rúmgott og hentugt húsnæði, en þar hefur vöxtur og viðgangur bókasafns á síðustu árum verið geysimikill og útlán bóka komizt upp í 7 bindi á hvern íbúa bæjarins. Blönduóshreppur og Austur-Húnavatnssýsla hefja í vor byggingu mjög myndarlegrar bókhlöðu. Akraneskaupstaður og Borgarfjarðarsýsla munu og byrja á smíði tveggja hæða húss handa sínu bókasafni, og Skagfirðingar hyggja á sams konar framkvæmdir. Loks stendur til að reisa veglegt hús handa Amtsbókasafninu á Akureyri, sem um leið er héraðsbókasafn Eyfjafjarðarsýslu. Öll eru þessi söfn teiknuð í samræmi við það, sem reynslan hefur sýnt í nálægum löndum að bezt henti til slíkrar starfsemi. Víðast verða skjalasöfn, lestæki og fræðaherbergi í hinum nýju bókasafnshúsum.

Þá skal ég víkja að aðalbreytingunum, sem í þessu frv. felast, frá núgildandi lögum, en þetta frv. er samið af Guðmundi G. Hagalín

bókafulltrúa í samráði við menntmrn. Breyt. á ákvæðum um framlög eru þær, að þeirri aðalreglu er fylgt að tvöfalda þau framlög, sem kveðið er á um í núgildandi l., og eru þó frá þessu allmikil frávik, er nauðsynleg þóttu til leiðréttingar á misrétti og til frekari úrbóta. Í gildandi l. eru framlög bæjarsjóða til bæjarbókasafna ákveðin 15 kr. á íbúa og ríkisframlög 7.50 kr. En heimild er fyrir bæjarstjórnir í þeim bæjum, sem eru í 4000 íbúar eða þar yfir, til stiglækkunar á framlaginu, en hins vegar ákveðið, að ríkisframlagið til safna í þessum bæjum lækki um 75 aura á íbúa, þegar íbúatala hefur náð 4000, og um sömu upphæð fyrir hvert þúsund, sem við bætist, unz ríkisframlagið er komið niður í 2.50 kr. Bæirnir hafa yfirleitt ekki notað sér lækkunarheimildina, heldur langflestir lagt fram hærri upphæð en nemur 15 kr. á íbúa. Hins vegar hefur verið fylgt ákvæðunum um stiglækkandi framlag ríkisins. Akranes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður og Neskaupstaður hafa fengið úr ríkissjóði 7.50 kr. á íbúa til bókasafna sinna, en Vestmannaeyjar og Keflavík 6.75 kr., Kópavogur 5.25 kr., Hafnarfjörður 4.50 kr., Akureyri 3.75 kr. og Reykjavík aðeins 2.50 kr. á íbúa. Hefur þarna verið um misrétti að ræða, enda mála sannast, að fjárþörf til bókasafna sé sízt minni í stærstu bæjunum en hinum minni. Þess vegna er nú gert ráð fyrir því í þessu frv., að lágmarksframlag allra bæja á Íslandi sé hið sama, 30 kr. á íbúa, og ríkisframlagið 15 kr. á íbúa. Þó skal Reykjavík heimilt að leggja fram aðeins 25 kr. á hvern íbúa og verði þá framlag ríkisins 50% af þeirri upphæð eða 12.50 kr. á íbúa.

Í núgildandi l. er ekki nógu vel búið að héraðsbókasöfnum, og hefur raunin orðið sú, að víðast hvar hafa þau komið að minna gagni en bókasöfn bæjanna. Sveitarsjóðir hreppanna, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, eru í núgildandi l. ekki skyldaðir til að leggja fram 15 kr. á íbúa eins og bæirnir, heldur er dregið frá þeirri upphæð framlag sýslunnar, 3 kr. á íbúa, og framlag ríkisins vegna hreppanna 2.50 kr., sem ríkið leggur á móti sýsluframlaginu. En héraðsbókasöfnunum ber að rækja hlutverk sveitarbókasafns í þeim hreppi, þar sem þau eru staðsett. Í þessu frv. er þess vegna gert ráð fyrir sama framlagi frá sveitarsjóðunum, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og bæjarsjóðunum er gert að greiða til bæjarbókasafna, og greiðir ríkið 50% á móti því framlagi eins og í bæjunum í stað 41.7% áður. Greiðsla sýslna tvöfaldast og sömuleiðis framlag ríkissjóðs vegna sýslnanna.

Þá hefur það vakið óánægju meðal ráðamanna sveita, bæja og sýslna, að ríkið hefur ekkert greitt á móti fé, sem þessir aðilar hafa lagt bæjar- og héraðsbókasöfnum umfram það lágmarksframlag, sem þeim er skylt að greiða samkv. lögum. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að ríkið greiði 50% á móti því fé, sem bæir, sveitir og sýslur leggja til bæjar- og héraðsbókasafna fram yfir lögskylt lágmark, unz framlag ríkissjóðs hefur hækkað um 5 kr. á íbúa gegn aukaframlagi bæjar- og sveitarsjóða, alls staðar nema í Reykjavík, og um 2 kr. gegn aukaframlagi sýslna. Ríkisframlagið á móti framlagi bæjar- og sveitarsjóða getur því komizt upp í 20 kr. á íbúa og á móti framlagi sýslna í 7 kr. á íbúa, en gegn framlagi bæjarsjóðs Reykjavíkur getur það þó aldrei komizt hærra en í 15 kr. á íbúa.

Í frv. eru ákvæði um, að bókasöfnin í Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, sem fá ókeypis eintak af öllu því, sem prentað er hér á landi, skuli hvert um sig fá 25 þús. kr. styrk á hvert safn til greiðslu kostnaðar við band á þessum eintökum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að lágmarksframlög heimaaðila og ríkis til sveitarbókasafna tvöfaldist. Hins vegar var ekki talið nauðsynlegt, að sú hámarksupphæð, sem umframgreiðslur ríkissjóðs miðast við, hækkaði um meira en 10 kr. á hvern íbúa, nema í þeim sveitum, þar sem íbúatalan er undir 150 manns, þar skal hámarksupphæðin tvöfaldast.

Framlag til bókasafna í heimavistarskólum hækkar um 150%, úr 10 kr. í 25 kr. á einstakling, sem miðað er við. Framlagið til bókasafna sjúkrahúsa og vistheimila hækkar úr 25 kr. í 40 kr. á sjúkrarúm og vistmann.

Í frv. er nýr kafli, sem ekki er í gildandi lögum, um framlag til húsabóta. Er þar gert ráð fyrir því, að á fjárl. séu veittar árlega 500 þús. kr. til húsabóta bókasafna og verði fénu ráðstafað samkv. reglugerð, sem menntmrn. setur. Er mikill áhugi á því meðal forráðamanna almenningsbókasafna að bæta húsakost þeirra eftir því sem notkun þeirra hefur aukizt. Bókafulltrúi telur, að með hliðsjón af núv. verðlagi á byggingarefni megi takast á einum áratug með 500 þús. kr. árlegu framlagi frá ríkinu að bæta úr brýnustu þörf fjölmargra almenningsbókasafna til húsabóta.

Þá er í frv. ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að til bókavörzlu veljist menn, sem séu starfinu vaxnir. Í nálægum löndum er það skilyrði fyrir starfi í almenningsbókasafni, að menn hafi lokið prófi í sérskólum fyrir bókaverði auk stúdentsprófs. Hér þótti hins vegar ekki fært að setja slík skilyrði. Þá er kveðið svo á í frv., að héraðsbókaverðir skuli hafa eftirlit með starfsemi sveitarbókasafna og bókasafna í hælum og sjúkrahúsum, námsstjórar hafi hins vegar eftirlit með rekstri bókasafna í heimavistarskólum.

Til athugunar var að hafa í þessu frv. ákvæði um framlög til bókasafna í öllum skólum. Það mál þarf hins vegar meiri athugunar við en hefur verið unnt að framkvæma. T. d. þarf að athuga vandlega, hver verða skuli tengsl og verkaskipting skólabókasafna og annarra almenningsbókasafna. Var því horfið frá því að hafa ákvæði um þetta efni í þessu frv., en hér er um að ræða mál, sem haldið mun verða áfram athugun á.

Ég legg á það mikla áherzlu, að hið háa

Alþingi afgreiði þetta frv. á þessu þingi. Góð og öflug almenningsbókasöfn eru einn snarasti þáttur alþýðufræðslu og öflugs menningarlífs hjá öllum almenningi. Sú reynsla, sem þegar er fengin af skipulagningu íslenzkra almenningsbókasafna og opinberum fjárframlögum til þeirra, sýnir, svo að ekki verður um villzt, að þau geta verið íslenzku menningarlífi öflug lyftistöng. Þess vegna þarf nú að auka stuðning hins opinbera við almenningsbókasöfnin, svo að þau verði enn færari en ella um að gegna mikilvægu hlutverki sínu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða efnislega þetta mál, sem hér liggur fyrir, en vildi aðeins mega beina fsp. til hæstv. ráðh. út af ákvæðum 28. gr. í IV. kafla frv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Áætla skal árlega á fjárlögum ekki minna en 500 þús. kr., sem veittar séu sem framlag ríkisins til húsabóta handa almenningsbókasöfnum. Fé skal veitt gegn framlögum heima í héraði til byggingar nýrra og hagkvæmra húsa handa bókasöfnunum og til breytinga á húsum, sem keypt eru handa bókasöfnum, til viðbygginga og til meiri háttar lagfæringa á húsnæði bókasafna."

Um það er ekkert ákvæði í þessari grein eða í frv., hve mikið fé skuli koma á móti úr héraði, en í grg. frv. segir á bls. 10:

„Forráðamenn almenningsbókasafnanna víðs vegar um land líta svo á, að sjálfsagt sé, að ríkið leggi fram fé til byggingar bókasafna eins og til skólabygginga."

Ég vil því út af þessu spyrja hæstv. ráðh.: Er það hugsað, að þetta framlag frá héraði sé aðeins tilsvarandi hluti eins og framlag þeirra er til skólabygginga, eða er hugsað eitthvað annað? Og teldi ég þá rétt, að það væri sett alveg ákveðið í löggjöfina, því að það er vitanlega hugsanlegt að setja um það reglugerð, hvernig það skuli vera, eins og stendur í 6. gr.: „Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga." En ég teldi miklu eðlilegra, að þetta væri skýrt í l., svo að menn viti, hvers þeir megi vænta í sambandi við framlag ríkissjóðs og hvaða byrðar þeir þurfi þá að taka á sig heima fyrir til þess að geta fengið slíkt framlag.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þessari fsp. hv. þm. Um málið er það að segja, að af hálfu ýmissa forráðamanna bókasafna, sérstaklega utan Reykjavíkur, hefur sú ósk komið fram í sambandi við samningu þessa frv., að sett yrðu í lög ákvæði um greiðslu kostnaðar af byggingu bókasafnshúsa og yrðu þau ákvæði hliðstæð þeim ákvæðum, sem nú gilda um skólabyggingar. Það varð hins vegar niðurstaðan við samningu frv. að setja slík ákvæði ekki í þessi lög, heldur hafa það hér eftir eins og hingað til óbundið, hvernig því fé, sem Alþ. veitir hverju sinni til styrktar byggingu bókasafnshúsa, er ráðstafað. Síðan 1955 hefur verið nokkur fjárveiting á hverjum fjárl. til styrktar byggingu bókasafnshúsa, og hefur menntmrn. skipt þeirri fjárveitingu milli bygginga, sem unnið hefur verið að, og farið þar eftir ýmsum sjónarmiðum. Engin föst regla hefur enn verið um það mynduð, hvernig árlegri fjárveitingu hefur verið skipt, enda hefur hún satt að segja ekki verið svo mikil fram að þessu, að fært hafi þótt að setja alveg fastar reglur um skiptingu fjárins. Þó held ég, að það hafi tekizt fram til þessa að skipta fénu milli þeirra bókasafnshúsa, sem í byggingu hafa verið hverju sinni, þannig, að ekki hafi þótt ástæða til gagnrýni og ekki valdið óánægju. Meiningin er að hafa sama hátt á hér eftir eins og hingað til, þó að fjárhæðin aukist upp í hálfa millj. kr. En það er augljóst, að sú upphæð mundi tæplega vera nóg, til þess að hægt væri að setja í lögin viðbótarákvæði um það, að ríkið skuli jafnan greiða kostnað við byggingu bókasafnshúsa eftir sömu reglum og ríkið tekur nú þátt í byggingarkostnaði skólahúsa.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið mér í sambandi við þetta atriði, og er þá séð, að það er ekki hugsað að setja neinar fastar reglur um þetta mál. Ég tel það vera til hins lakara og skil ekki í, hvers vegna sett er hér mgr., að fé skuli veitt gegn framlögum heiman úr héraði, nema því aðeins að sett sé þar þá eitthvert lágmark, því að það er sýnilegt, að það er hægt að uppfylla þetta með því, að úr héraði komi aðeins 10 kr. framlag. Ég tel því alveg nauðsynlegt, að frá þessari grein sé gengið á annan hátt, og tel langheppilegast, að það verði gert þannig, að þar ættu allir sama rétt til framlags úr ríkissjóði gegn ákveðnu framlagi úr héraði. — Ég skal ekki ræða um málið nánar, en vænti þess, að hv. n., sem fær málið til athugunar, taki þetta mál sérstaklega til athugunar, áður en frv. kemur til 2. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þessu var útbýtt nú á þessum fundi og þess vegna hafa menn ekki haft tækifæri til þess að lesa þetta yfir enn þá. Ég sé hér í grg., sem fylgir frv., að gert er ráð fyrir, að lágmarksframlag heimaaðila, eins og það er orðað, og ríkis til sveitarbókasafna tvöfaldist samkv. frv. Nú vil ég spyrja um það, því að ég hef ekki haft tíma til að lesa þessar aths., hvort frv. þetta, þegar það var samið, hafi verið sent til athugunar og umsagnar héraðsstjórnum, svo sem bæjarstjórnum, hreppsnefndum og sýslunefndum. Ef svo hefur ekki verið, þá vil ég beina því til hv. n., sem fær þetta mál, að hún taki til athugunar, hvort ekki sé rétt að senda frv. þessum aðilum til athugunar, gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt um það, áður en það verður gert að lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. hefur ekki verið sent til umsagnar bæjar- og sveitarstjórna, og ég vildi beina því til n. að gera það ekki, vegna þess að með því móti tel ég útilokað, að unnt yrði að afgreiða málið á þessu þingi.

Kjarni þessa frv. er um stóraukin framlög ríkissjóðs til almenningsbókasafna. Sá útgjaldaauki, sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér fyrir héruðin, er smávægilegur, mjög smávægilegur miðað við það stóraukna framlag, sem almenningsbókasöfnin mundu fá úr ríkissjóði, ef frv. næði fram að ganga. Sá litli útgjaldaauki, sem frv. hefur í för með sér fyrir sveitarfélögin, finnst mér engan veginn réttlæta það, að málið sé tafið um heilt ár til að leita álits sveitarstjórnanna á tiltölulega smávægilegum fjárhagsatriðum, en það kæmi sér mjög illa einmitt fyrir héruðin að fá ekki þann aukna stuðning við almenningsbókasöfnin frá ríkinu, sem frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna vil ég endurtaka þau tilmæli, sem ég beindi til hv. menntmn. í lok ræðu minnar, að afgreiða málið svo tímanlega frá sér, að hv. Alþingi geti samþykkt frv. nú á þessu þingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins út af málsmeðferðinni. -- Þetta frv. um almenningsbókasöfn kom fyrst á borð þm. á þessum fundi, en er tekið til 1. umr. með afbrigðum. Ég ætla ekki að fara að gera neitt veður út af þessu út af fyrir sig, en ég vildi nota þetta tækifæri til að fara fram á það við hæstv. forseta og raunar hæstv. ríkisstj. líka, að samvinna tækist um það að taka mál yfirleitt ekki fyrir til 1. umr., fyrr en þm. hafa haft möguleika til þess að lesa frv. og grg., og það getur ekki minni tíma verið hugsanlegur til þess en frá deginum áður. Frv. séu ekki tekin til 1. umr., fyrr en menn hafa haft þannig tækifæri til að sjá þau, því að það er alveg óhugsandi, að menn geti á augabragði lesið langa lagabálka, á örfáum mínútum, eða áttað sig nokkurn skapaðan hlut á því, hvað í þeim er, eða tekið þátt í umr., eftir að hafa heyrt aðeins eina framsöguræðu. Ég vil beina þessu til hæstv. forseta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. segir, að það séu tiltölulega lítil útgjöld, sem meiningin sé að leggja á sýslurnar og sveitarfélögin með þessu frv. til viðbótar þeim, sem áður voru. Það er vitanlega hlutur, sem ég hef ekki getað kynnt mér enn, frekar en annað, sem í þessu frv. er, vegna þess að það var borið á borð þm. fyrst í dag. En út af því, sem hæstv. ráðh. segir, að það sé mjög nauðsynlegt að lögfesta þetta nú þegar, vil ég benda á það, að í síðustu gr. frv. segir, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1964, þeim er ekki ætlað að taka gildi fyrr. Það er ekki ætlazt til þess, að það verði nein breyt. á þessum málum á þessu ári. Nú verður þing komið saman, næsta þing, áður en árið 1964 gengur í garð, og þá væri vitanlega vel mögulegt að afgreiða slíkt frv. síðar á þessu ári, þó að þeir aðilar, sem þetta snertir aðallega, fengju að láta álit sitt uppi um málið, áður en Alþ. gengur frá því.

Forseti (JóhH): Ábending hv. 1. þm. Austf. verður tekin til athugunar. Það hefur verið mjög lítið um það, að mál hafi verið tekin fyrir með afbrigðum nema núna á þessum fundi, og ég vona, að það komi ekki að sök.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af síðustu aths. hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég aðeins láta þess getið, að þótt gert sé ráð fyrir því í frv., að fjárhagsákvæði þess taki ekki gildi fyrr en frá og með 1. jan. n. k., er bókasöfnunum sjálfum með góðum fyrirvara brýn nauðsyn á því að vita, hver fjárhagsgrundvöllur þeim skuli verða búinn á næsta ári. Ef afgreiðsla frv. frestast til næsta hausts, má mjög búast við því, að þær raddir komi upp, að fjárhagsákvæðin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1965. Fjárlög verða þá eflaust langt komin eða verða til afgreiðslu samtímis þessu frv., en þegar um er að ræða frv., sem gera nauðsynleg ný útgjöld á fjárl., er mjög æskilegt, að slík frv. hafi verið afgreidd á Alþ. svo snemma, að hægt sé að taka tillit til hinna nýju útgjalda við sjálfan undirbúning fjárl. Þess vegna skal ég endurtaka, að ég tel það almenningsbókasöfnunum mjög mikilvægt, að frv. nái afgreiðslu þegar á þessu þingi, og óttast mjög, að það frestist um eitt ár að bæta á þann veg hag safnanna, sem ráð er fyrir gert í frv., ef afgreiðsla frv. frestast til haustþingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 411, n. 502, 503).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. það til l. um almenningsbókasöfn, sem hefur verið lagt fyrir þessa deild, er árangur af margra ára starfi við að endurskoða fyrri frv. um almenningsbókasöfn og finna till. um skipulagsbreytingar varðandi þau, sem hægt væri að ná sem almennustu samkomulagi um. Þar að auki eru meginatriði þessa frv. að breyta fjárhagsgrundvelli almenningsbókasafna til hins betra, og gerir þetta frv. ráð fyrir, að ríkisframlög til þessara bókasafna aukist um 2.3 millj., auk þess sem framlög sveitarfélaga aukast einnig. Hér er því um veigamikið mál að ræða, mál, sem mundi skapa almenningsbókasöfnum mun betri starfsaðstöðu en þau hafa nú.

Reynsla síðustu ára sýnir ótvírætt, að hlutverk þessara safna fer ekki minnkandi, þótt hinum ýmsu greinum skemmtanalífs, dægrastyttingar og möguleika til menntunar fari fjölgandi í þjóðfélaginu. Þvert á móti virðist áhugi á bókasöfnum vaxa, ekki sízt hjá æsk-

unni. Það er því bæði í samræmi við hefð og menningararf Íslendinga að búa vel að almenningsbókasöfnum og einnig í samræmi við augljósar þarfir og vilja þeirrar kynslóðar, sem er að vaxa upp.

Menntmn. hefur athugað frv. ýtarlega og fengið um það álitsgerð frá samtökum bókavarða í landinu. Þar að auki hefur n. fengið á sinn fund bókafulltrúa, sem er höfundur frv. og baráttumaður fyrir framgangi þess, og hefur rætt við hann ýtarlega um málið. Niðurstaðan er sú, að n. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem eru á þskj. 503. Skal ég nú gera grein fyrir þessum breytingum.

1. till. er við 6. gr., og er lagt til, að 1. málsl. falli niður, en í þeim málsl. stendur, að þessi söfn skuli vera sjálfseignarstofnanir. Við nánari athugun fannst n., að þetta atriði væri ekki rækilega hugsað, menn hefðu ekki gert sér grein fyrir, hvað fælist í því að gera þessi söfn að sjálfseignarstofnunum, og ef reynt væri að koma málum svo fyrir, gæti það valdið ýmsum erfiðleikum varðandi starfsfólk, hvort það gæti þá verið opinberir starfsmenn eða ekki og hvernig hægt væri að haga launaákvæðum o. fl. Þótti vera einfaldast að fella þetta niður, en greinin stæði að öðru leyti. Stendur þá það, sem verið hefur hingað til, að hér er um bæjar- og sýslubókasöfn að ræða. Er engin ástæða til að breyta því.

Ein höfuðbrtt, er við 10. gr., en þar eru settar fram kröfur, sem gera á til bókavarða við almenningsbókasöfn. N. var tjáð, að í fyrstu drögum að þessu frv. hafi verið allströng ákvæði um það, hverjir geti fengið stöður bókavarða. Á síðara stigi var dregið úr þessum kröfum og frv. lagt fyrir þingið í þeirri mynd. Menntmn. hefur orðið ásátt um að leggja til breytingar, sem herða á nýjan leik á kröfum til þess fólks, sem getur orðið bókaverðir. Finnst n. eðlilegt, að lagaákvæði verði um það, sem okkur finnst að þyrfti að verða í þessum efnum, og undanþáguákvæði gildi, meðan ekki eru fáanlegir menn í allar bókavarðastöður, sem uppfylla þessi skilyrði. Þannig er rétt að setja markið hátt og reyna að skapa sem bezt skilyrði fyrir bókavarðastéttina í þeirri von, að fólk fáist til að leggja þessa grein fyrir sig og hún fái góða starfskrafta. 10. gr. hefur verið umskrifuð í þessum anda, eins og lagt er til í brtt. 2 á þskj. 503 að hún verði.

Ég vil skjóta því hér inn í, að á þskj. 503 er í 2. till. undir lið 2 sagt: að hafa lokið meistaraprófi í íslenzkum fræðum, — en þetta á að sjálfsögðu að vera cand. mag.-próf, því að meistaraprófið er hið meira vísindamannapróf, sem tiltölulega fáir taka, en cand. mag. er það nafn, sem nú er notað fyrir hina almennu norrænufræðinga, og vil ég vona, að menn vilji líta á þetta sem sjálfsagða leiðréttingu á þskj.

Við 11. gr. er einnig brtt., og er þar gert ráð fyrir, að laun bókavarða skuli ákveðin með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma. Starfsmenn þessara safna eru starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga, og kjarasamningar opinberra starfsmanna gilda því ekki fyrir þá, nema frekari ákvæði séu þar að lútandi. Hins vegar hefur ríkið í þjónustu sinni bókaverði á Landsbókasafni og víðar, þannig að í kjarasamningunum hljóta að verða ákvæði um laun bókavarða. Þykir því rétt, að stjórnir bókasafna ákveði bókavörðum laun með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna. Það er ekki víst, að flokkun á landsbókavörðum verði nákvæmlega eins og starfsflokkun bókavarða við almenningsbókasöfn, og því ekki rétt að binda þessi ákvæði nánar saman er þarna er gert.

Nokkur orðalagsbreyting er á seinni hluta þessarar greinar, sem ekki er ástæða að fjölyrða um, nema tilefni gefist.

Sama má segja um 4. brtt., við 12. gr. Þar er gert ráð fyrir, að stjórn bæjar- eða héraðsbókasafns leiti álits bókafulltrúa á þeim mönnum, sem hún hyggst ráða, en bókafulltrúanum ekki gefið vald til þess að hindra ráðningu einstaklinga. Eins er gert ráð fyrir því, að laun bókavarða samkv. þessari grein, þar sem um er að ræða þá bókaverði, er ekki hafa vörzluna að aðalstarfi, skuli ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa, en ekki í samráði við bókafulltrúa, eins og stendur í frv.

5. brtt., við 21. gr., er afleiðing af þeim breytingum, sem ég var nú að lýsa, um það, að stjórnir bókasafna hafi endanleg ráð á launagreiðslum þar, en bókafulltrúi hafi ekki neitunarvald í þeim efnum.

6. till. er við 29. gr., um bókafulltrúa, og er þar um nokkra umorðun að ræða, en ekki beina efnisbreytingu.

Eins má segja um 7. till., sem er við 32. gr., að þar sé nánast um að ræða leiðréttingu til að gera orðalag skýrara.

Þetta eru þær breytingar, sem menntmn. hefur orðið sammála um að leggja til að gerðar verði á frv. um almenningsbókasöfn. Að þeim samþykktum mælir n. með því, að hv. d. samþykki frv.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. II. kafli þessa frv., sem hér liggur fyrir, er um sveitarbókasöfn, og eru þar ákvæði um sveitarbókasöfn, sem rekin eru af sveitarstjórnum, og einnig um bókasöfn rekin af lestrarfélögum eða öðrum félagssamtökum.

Nú hef ég ekki séð í grg. um frv. eða aths. neitt um þessi lestrarfélög sérstaklega, og ég vildi því leyfa mér að fara fram á það við hv. n., sem hefur fjallað um þetta mál, að hún aflaði upplýsinga og gæfi upplýsingar um þessi sérstöku lestrarfélög, um fjölda þeirra t. d. á landinu og hvernig þau eru byggð. Það væri einnig æskilegt að fá upplýsingar um það, hvað þau eru mörg og hvar þau eru og hverjir að þeim standa. Eru þetta félög, sem eru öllum opin á svæði, þar sem þau starfa, eða geta þarna komið til greina lestrarfélög, sem einstakir hópar manna stofna, og þannig verið um lokuð félög að ræða? Um þetta óska

ég að fá upplýsingar frá hv. n., annaðhvort nú við þessa umr. eða þá áður en 3. umr. um málið fer fram.

Mér finnst ástæða til, ef slík lestrarfélög eiga að fá, eins og þarna er gert ráð fyrir, jafnmikinn stuðning frá því opinbera eins og sveitarbókasöfnin, að þá sé eitthvað athugað um, hvernig þessi félög eru upp byggð og hvernig þeim sé stjórnað.

Mig skortir kunnugleika á því, hvernig þetta er, og þess vegna vildi ég mega vænta þess, að hv. n. afli og gefi þinginu sem flestar upplýsingar um þetta efni — þessi lestrarfélög — hvað þau eru mörg og hvernig starfi þeirra og starfsaðferðum er háttað.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Þessu frv. var útbýtt hér 19. f. m. og var þá tekið fyrir til umr. samdægurs með afbrigðum. Ég hafði þá ekki frekar en aðrir hv. þm. haft tækifæri til þess að athuga hinar ýmsu greinar frv., en minntist þó á það við þá umr., að mér þætti eðlilegt, að breytt yrði ákvæðum 28. gr., þar sem sagt er, að fé skuli veitt gegn framlögum heima í héraði til byggingar nýrra og hagkvæmari húsa handa bókasöfnum, til breytinga á húsum o. s. frv. Nú vildi ég gjarnan spyrja hv. frsm., hvort n. hafi haft til athugunar, að það væri ákveðið hér, hve mikill hluti ætti að koma úr héraðinu. Það stendur hvergi í brtt. Að vísu lýsti hæstv. menntmrh. því yfir, að ekki yrði gerður lakari kostur héraðanna en nú væri og það mundi ekki krafizt meiri eða stærri hluta úr héraði en væri gert nú. Mér virðist, að þetta atriði ætti að taka upp beint í lögin. Þá vildi ég einnig í sambandi við þetta benda á, að í brtt. 503 stendur, að bæir og sýslur skuli sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóti þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði. Hér þætti mér eðlilegt að kæmi ákvæði um það, hve mikils styrks þau njóti úr ríkissjóði á móti framlagi annars staðar frá. En þegar þetta er athugað, hvers vegna er þá haldið 19. gr. í frv., þar sem sagt er skýrt: Sveitarstjórnir eiga að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði. — Mér sýnist, að það sé ákveðið í brtt. Eða er aðeins átt við það hér, að það sé sveitarstjórnin, sem skuli sjá sveitarbókasafninu fyrir húsnæði, en ekki átt við sýslu- og bæjarsöfnin, það færi ekki saman, það séu önnur ákvæði, sem gildi fyrir sveitarbókasöfnin? Og þá vildi ég einnig spyrja: Hvaða hlutfall er á milli framlags ríkissjóðs og framlags sveitarsjóðanna fyrir þau bókasöfn?

Ég ætla ekki að bera fram á þessu stigi málsins neina brtt. við frv., en vildi vænta þess, að hv. frsm. athugaði þessar aths. og gerði þá brtt. fyrir 3. umr., ef hann sæi, að það mætti fara betur að breyta frv. í þessa átt.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði um lestrarfélög. Menntmn. spurði bókafulltrúa um þessi félög, þegar hann mætti á fundi hennar. Skýrði hann svo frá, að á nokkrum stöðum á landinu væru starfandi slík félög, sem stofnuð voru með almenningssamtökum og fyrir forustu áhugamanna, oft fyrir 1—2 kynslóðum. Þá var um algert brautryðjendastarf að ræða og varla búizt við opinberum styrk. Sum af þessum félögum hafa unnið mikið starf, og hefur ekki þótt rétt að fella þau niður eða gera þau að opinberum stofnunum, að bæjar- eða héraðsbókasöfnum. Hins vegar er ástæðulaust, að sveitarfélag stofni annað bókasafn við hliðina, þar sem slíkt félag starfar með góðum árangri. N. óskaði ekki eftir ýtarlegri skýrslu um það, hver þessi félög væru, og er sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess að afla þeirra upplýsinga fyrir 3. umr. Sá skilningur, sem er á bak við þetta atriði, er, að hér sé um að ræða sögulegan arf, sem ekki er rétt að fella inn í hið almenna kerfi bókasafna, sem nú gildir yfir allt landið. Hefur þótt eðlilegra að hlúa að þessum félögum og lofa þeim að lifa, meðan fólkið í byggðunum vill halda þeim við og styrkja þau. Hins vegar þykir sjálfsagt, að opinber styrkur renni til þessara safna eins og annarra, í fyrsta lagi sem viðurkenning fyrir það starf, sem þau hafa unnið á liðnum áratugum, og í öðru lagi, af því að það væri óhagkvæmt að veita opinbera styrki, bæði frá sveitarfélagi og ríki, til að byrja á nýju safni. Ég skal afla nánari upplýsinga um það, hver þessi söfn eru, fyrir 3. umr., en í umtali í n. hefur verið gengið út frá því, að svona væri málum háttað og að sjálfsögðu, að þessi bókasöfn væru til afnota fyrir alla þegna viðkomandi byggðarlaga.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Vestf. spurði um, eru í frv. sérstakir kaflar. I. kafli er um bæjar- og héraðsbókasafn og ákvæði um húsnæði í 6. gr. fyrir hann. II. kaflinn er um sveitarbókasöfn, og hygg ég, að IV. kaflinn muni eiga við þau. Aðaltilefni 28. gr. er að setja inn í lög lágmarksákvæði um þá heildarupphæð, sem skuli ganga frá ríkinu til húsabóta fyrir bókasöfn. Þetta er nýr kafli í bókasafnslöggjöf. Árið 1955 var varið 175 þús. til byggingar bókasafna, og hélzt um nokkurra ára skeið svipuð upphæð á fjárl. Þessi upphæð var að vísu hækkuð nokkuð í fjárl. í desembermánuði s. l., og var það sérstaklega gert í tilefni af einni bókasafnsbyggingu, sem var mjög fjárþurfi. En nú er gert ráð fyrir að lögbinda 500 þús. kr. í þessu skyni, og er gert ráð fyrir, að fénu verði ráðstafað samkv. reglugerð, sem menntmrn. setur.

Ég hygg, að þeir, sem standa að þessu frv., hafi talið, að það væri allgóður áfangi fyrir bókasöfnin að fá lögfesta slíka hækkun á byggingarframlagi, en ekki hafi verið talið fært á þessu stigi að ákveða visst hlutfall milli bæjar- og sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar, þótt búast megi við eftir verkum Alþingis á ýmsum öðrum sviðum, að síðar meir verði sú leið farin. Ég vil aðeins minna á, að með þessu frv. hækkar ríkið framlög sín til bókasafna um 2.3 millj. kr., og enn

fremur er framlag til húsabóta hækkað verulega, svo að telja verður, að miklum áfanga sé náð fyrir bókasöfnin, jafnvel þótt ekki verði gengið svo langt að lögfesta greiðsluhlutfall á milli ríkis og sveitarfélaga. Þó skal ég nefna þetta atriði aftur í menntmn. og kanna hug hennar til þessa atriðis fyrir 3. umr. málsins.

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fyrir að vilja taka þetta til athugunar fyrir 3. umr., en ég vil í sambandi við 15. gr. benda á, að þar kveður svo á, með leyfi hæstv. forseta:

„Framlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en 10 kr. á hvern íbúa sveitarinnar samkv. síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði. Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði, félagssjóði eða frá öðrum aðilum en nemur 10 kr. á íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur 30 kr. á hvern íbúa sveitarinnar, nema þar sem íbúatalan nær ekki 150, þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs miðast við 40 kr. á íbúa."

Nú stendur svo á, að eitt af elztu bókasöfnum í landinu er Flateyjarbókasafn. Það hefur á hverju ári haft ákveðna upphæð, bæði til bókakaupa og til að bæta sinn húsakost, og ég hygg, að ef fylgt væri þessu ákvæði í 15. gr., mundi sú upphæð lækka mjög verulega vegna þess, hversu fáir menn eru eftir orðnir í þessum hreppi. Og skyldi þessi hreppur svo leggjast í eyði, hvað á þá að gera við bókasafnið? Ég vil því mælast til þess, að hv. frsm. taki til athugunar, hvort ekki verði sett hér viðbótarákvæði, sem tryggi það, að þetta merka og gamla bókasafn geti fengið að njóta sín, þurfi ekki að flytjast úr héraðinu og geti haldið þeim styrk, sem það hefur haft hingað til á fjárl., því að mér sýnist, að ef þessi grein verður samþ. óbreytt, hljóti styrkurinn að fara í framtíðinni eftir ákvæðum greinarinnar og þá e. t. v. ekki verða nema kannske 600—800 kr. framlag ríkissjóðsins í staðinn fyrir þær upphæðir, sem nú eru og hafa verið sumar a. m. k. allt upp í 10000 kr.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Mér þykir gott að heyra, að hv. frsm. menntmn. ætlar að afla frekari upplýsinga um lestrarfélögin, sem ég nefndi áðan. Og það, sem ég vildi einmitt sérstaklega óska eftir í því sambandi að fá upplýsingar um, er, hvernig þessi félög eru upp byggð, hvort það er frjáls inngangur fyrir alla á félagssvæðinu í þessi félög. Það er ekki ástæða til þess að amast við þessum lestrarfélögum, en þegar þau eiga að fá jafnmikinn fjárstuðning frá því opinbera eins og sveitarbókasöfnin, þá finnst mér, að það ætti að ganga þannig frá málinu, að það sé tryggt, að það sé frjáls inngangur í þau félög fyrir alla til áhrifa á málefni félagsins. Í þessum kafla frv. um sveitarbókasöfn eru ákvæði um, hvernig stjórnir sveitarbókasafna skuli kosnar. Þar sem um er að ræða bókasafn rekið af sveitarfélagi, þá á sveitarstjórn að kjósa stjórn safnsins, sem skal vera skipuð þremur mönnum, en stjórn bókasafns, sem rekið er af lestrarfélagi eða öðru félagi, á samkv. frv. að vera þannig skipuð, að 2 séu kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, en hlutaðeigandi sveitarstjórn kjósi hinn þriðja.

Mér finnst það skipta miklu í þessu sambandi, að þessi félög séu byggð á lýðræðislegan hátt, ef þau eiga að njóta sama stuðnings og bókasöfn sveitarfélaganna, þannig að allir menn á félagssvæðinu eigi kost á að vera þátttakendur í þessum lestrarfélögum og taka þátt í stjórn þeirra og kosningu stjórnar og þar með geta haft áhrif á bókaval til lestrarfélagsins og önnur þau málefni, sem félög þessi hafa í sínum höndum. Um þetta vildi ég einmitt fá upplýsingar frá hv. nefnd.

ATKVGR.
1.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 503,1 (ný 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 503,2 (ný 10. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 503,3 (ný 11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 503,4 (ný 12. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
13.—20. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 503,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
22.—28. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 503,6 (ný 29. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 503,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
33.—37. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 528, 549).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. óskuðu 2 hv. dm. um örfá atriði nánari upplýsinga en þá var unnt að veita. Í fyrsta lagi spurði hv. 1. þm. Norðurl. v. um lestrarfélög, sem gert er ráð fyrir sérstaklega í II. kafla frv. N. hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að afla sér á þeim stutta tíma, sem liðinn er síðan, nákvæmrar skrár um þessi lestrarfélög, en það hefur því miður ekki tekizt. Hins vegar er augljóst af 13. gr., en menntmn. hefur rætt þetta atriði á fundum sínum og mun vera sammála um þann skilning, að lestrarfélög þessi geti verið þess eðlis, að sjálft félagið sé lokað, því að gert er ráð fyrir, að lestrarfélagi eða öðrum félagssamtök-

um sveitarinnar megi við vissar aðstæður fela bókasafnsrekstur. Hins vegar eru ákvæði í 4. gr. þessara laga, sem taka af öll tvímæli um, að lögin geti ekki náð til neinna bókasafna, sem ekki eru opin, þannig að viðkomandi bókasöfn hljóta að vera öllum opin, ella geta þessi lög ekki átt við þau. Í II. kafla eru allmörg nánari ákvæði um skipti sveitarfélagsins við slík lestrarfélög, þegar til eru, og virðist allvel um búið, að í fyrsta lagi hagnýtist þau samtök, sem mynduð hafa verið, og ekki verði ráðizt í að koma upp tveimur bókasöfnum, þar sem eitt væri mun hagkvæmara. Einnig eru ákvæði um það, hvað gerist, ef viðkomandi félög óska að hætta rekstri sveitarbókasafns, en þá er tvímælalaust, að skyldan að sjá fyrir slíku bókasafni færist aftur til sveitarfélagsins og það getur ekki undan skotizt. Það hefur einnig aðstöðu samkv. 20. gr. til að ná til slíks sveitarbókasafns þeim bókum, sem ótvírætt væru til komnar vegna opinberra styrkja. Okkur virtist því í n., að um þessi mál sé eins vel búið og æskilegt er.

Þá gerði hv. 1. þm. Vestf. aths. við 15. gr., þar sem fjallað er um fjárframlög til sveitarbókasafna. Benti hann á, að samkv. síðustu orðum greinarinnar sé tiltekin hámarksgreiðsla ríkissjóðs, sem miðist við 40 kr. á íbúa. Minnti hann á nokkur lítil sveitarfélög, þar sem sérstaklega stendur á, af því að til eru þar gömul og oft mjög merkileg bókasöfn, eins og í Flatey á Breiðafirði. Við slíkar aðstæður væri of takmarkað að veita ekki nema ákveðinn styrk fyrir hvern íbúa. Nú hefur ákvæði eins og í 15 gr. verið í lögum. Hér er aðeins verið að hækka tölurnar. Samt sem áður hefur á fjárl. verið veitt sérstaklega til þessara bókasafna. En til að tryggja algerlega það, sem hv. þm. nefndi, söfn, þar sem sérstaklega stendur á, en íbúatala byggðarinnar er lítil, hefur n. orðið sammála um að flytja brtt., sem er á þskj. 549. Er texti hennar, sem á að verða síðasti málsl. gr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs samkv. þessum l. miðast við 40 kr. á íbúa, en heimilt er að veita viðbótarstyrk á fjárl., ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi."

Með samþykkt þessarar brtt., sem er nánast staðfesting á því, sem gert hefur verið, hygg ég, að alveg sé girt fyrir öll mistök á þessu sviði.

Við 2. umr. voru samþ. brtt., sem menntmn. stóð að, en við nánari athugun hefur orðalag á tveim stöðum ekki þótt vera nógu ótvírætt. Þess vegna er það ósk menntmn. að fá að flytja skrifl. brtt. við 10. gr., sem á að taka af allan efa. Brtt. eru tvær. Sú fyrri er staðfesting á leiðréttingu, sem ég gat um munnlega við 2. umr., að „cand. mag.-próf" komi í staðinn fyrir „meistarapróf", og síðari brtt. er um næstsíðustu mgr., sem byrjar á „yfirbókaverðir", og er lagt til, að orðalag hennar verði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirbókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn geta þeir einir orðið, sem uppfylla 1. eða 2. fyrrtalinna skilyrða eða annað tveggja eru yfirbókaverðir við gildistöku l. eða hafa þá haft bókavörzlu sem aðalstarf í 3 ár."

Þetta er nánari skilgreining á því, að þarna er átt við fólk, sem hefur haft bókavörzlu að aðalstarfi í 3 ár, þegar lögin taka gildi, en ekki þegar viðkomandi starf er laust. Hér er ekki um efnisbreytingar að ræða, en aðeins orðalag, sem menntmn. hefur orðið sammála um og telur skýrara eftir ábendingar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. frsm. menntmn. gat þess, að n. hefði ekki tekizt að afla þeirra upplýsinga um lestrarfélögin, sem ég óskaði eftir við 2. umr. Ég hefði nú viljað fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. um þetta mál, — það er hér til síðustu umr., — þannig að mér gæfist kostur á því að leggja fram brtt. við frv. viðkomandi þessum lestrarfélögum. Gæti þá einnig verið gott fyrir þm. að hafa fyrir sér hina skrifl. brtt., sem n. var nú að flytja.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 528, 549, 584, 589).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og ég boðaði á síðasta fundi, hef ég leyft mér að leggja hér fram brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 589.

Ég hef áður gert það að umtalsefni, að ég teldi nauðsynlegt, að lestrarfélög, sem hefðu bókasöfn og fengju stuðning frá því opinbera til þeirrar starfsemi, væru opin félög, sem allir íbúar sveitarinnar, þar sem félagið starfar, gætu gerzt þátttakendur og þar með haft áhrif á stjórn mála hjá þessum félögum, m. a. á það, hvernig bækur eru valdar til bókasafnanna. Það er eiginlega merkilegt, að það hefur ekki tekizt enn að fá upplýsingar um þessi lestrarfélög, sem nefnd eru í II. kafla frv., hve mörg þau eru og hvar þau eru og hverjir að þeim standa. Hefði átt að vera auðvelt að fá þetta í rn., en það hefur ekki tekizt.

Fyrri brtt., sem ég flyt, er um þetta efni og er við 13. gr. frv. Ég legg til, að við gr. bætist ný mgr., þannig: „Bókasöfn, sem rekin eru af lestrarfélögum eða öðrum félagssamtökum, skulu því aðeins njóta framlaga frá ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. lögum þessum, að félögin séu opin öllum íbúum sveitarfélagsins." Eins og ég sagði, hefur ekki tekizt að fá upplýsingar um þessi félög. En þau geta verið með ýmsum hætti á legg komin. Ég hef t. d. hugmynd um það, að stundum hafi stjórnmálafélög stofnað lestrarfélög og bókasöfn innan sinna vébanda. Nú veit ég ekki, hvort slík lestrarfélög eru enn starfandi, en ef það væri, verð ég að segja það, að ég teldi óeðlilegt, að slík félög, sem væru bundin við meðlimi eins stjórnmálaflokks, fengju styrk frá opinberum aðilum á sama hátt og bókasöfn sveitarfélaga. Því er það, að ég hef leyft mér

að leggja fram þessa till., að slík félög fái því aðeins þennan stuðning, að þau séu opin öllum íbúum sveitarfélagsins til þátttöku.

Hv. frsm. menntmn. lét þess getið, að það væri ákvæði í frv., sem ætti að tryggja það, að bókasöfnin væru öllum opin til afnota. En það út af fyrir sig er ekki nóg. Almenningur verður að hafa jafnan rétt til þess að ráða málum slíkra félaga og m. a. vali á bókum í þessi bókasöfn.

Seinni brtt. mín er við 32. gr. frv. Í þeirri gr. er ákvæði um það, að skylt sé að láta hvert bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er í l., fá ókeypis eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, lagasafni, hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, álitum mþn. og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út, enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Þetta er út af fyrir sig gott og blessað. Það er réttmætt, að héraðs- og bæjarbókasöfnin fái þessi rit og þessar skýrslur. En ég vil bæta þarna við inn í þessa gr. svo hljóðandi málsl., með leyfi hæstv. forseta: „Einnig samrit af íbúaskrá hagstofunnar fyrir bæinn eða héraðið og afrit af skýrslum sóknarpresta til hagstofunnar, sem um getur í 2. tölul. 4. gr. l. nr. 54 1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.“ Í þessum lögum, sem sett voru á þingi í fyrra um þjóðskrá og almannaskráningu, segir svo í 4. gr., að almannaskráning skuli byggjast á þeim gögnum, sem þar eru talin, og m. a. er þar 2. tölul. þannig: „Skýrslur sóknarpresta til hagstofunnar um fæðingar, skírnir, nafngiftir, hjónavígslur og mannslát.“ Þarna er sem sagt um að ræða samrit af kirkjubókum, sem svo eru venjulega nefndar.

Það er alkunnugt, að margir landsmenn hafa áhuga fyrir ættfræði og rannsóknum á því sviði. En það gerir mönnum utan höfuðstaðarins erfitt fyrir að fást við slíkar athuganir, að kirkjubækur gamlar eru yfirleitt hér á þjóðskjalasafninu og ekki annars staðar. Þurfa þeir því að sækja fróðleik sinn hingað um þessi efni. Mér finnst eiginlega alveg sjálfsagt, úr því að á annað borð héraðs- og bæjarbókasöfnin eiga að fá svo mikið af opinberum skýrslum sem gert er ráð fyrir í 32. gr. frv., þá verði þessu bætt við. Það verður að teljast eðlilegt, að íbúaskrár viðkomandi héraða séu til í afriti á héraðsbókasöfnum og þá einnig skýrslur prestanna, til þess að menn geti fengið þar þann fróðleik í þessu efni, sem þeir sækjast eftir.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð, en ég vil vænta þess fastlega, að hv. d. taki þessum brtt. vel.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er einungis fsp. til hv. nefndar: Er nú kennsla í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands? Og ef svo er ekki, er þá viðeigandi að hafa það sem eitt af skilyrðum fyrir því, að menn geti hlotið þær stöður, sem um ræðir í 10. gr. frv.? Enn fremur vildi ég vekja athygli á því, hvort ekki mundu vera of hörð þau starfsskilyrði, sem í 10. gr. eru sett. Er það skynsamlegt að gera það að skilyrði fyrir því, að menn geti fengið þessar stöður, að þeir þurfi að hafa lokið þeim prófum, sem þarna ræðir um, og er það skynsamlegt, að menn þurfi endilega að hafa unnið í bæjarbókasafni? Nú skulum við segja, að maður hafi unnið á landsbókasafni eða háskólabókasafni. Af hverju má þá ekki veita honum þá stöðu, sem hér um ræðir? Mér er það ljóst, að þessi ákvæði voru að meginefni til í stjfrv. upphaflega og hefðu kannske átt að athugast innan ríkisstj. Ég játa, að ég hef ekki veitt þessu athygli, en mér finnst óneitanlega skilyrðin fyrir því að fá stöður við þessi söfn of einstrengingsleg og vildi beina því til hv. n., hvort ekki væri rétt að athuga þetta mál nokkru nánar.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Út af fyrirspurn hæstv. ráðh. vil ég skýra frá því, að eftir upplýsingum, sem menntmn. hefur fengið, hafa bókasafnsfræði verið kennd við Háskóla Íslands, og mun bókavörður háskólabókasafnsins hafa annazt þá kennslu. Mun því vera fullkomlega ástæða til að gera ráð fyrir þeirri menntun í löggjöf, sem um þessi mál fjallar, og er hún í brtt. sett við hliðina á námi í bókasafnsfræðum við erlenda skóla. Þau eru að sjálfsögðu kennd við flesta erlenda háskóla.

Um það atriði, að bókaverðir hafi starfað eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni, má e. t. v. deila að því leyti, að önnur íslenzk bókasöfn geti komið til greina. En ég geri fastlega ráð fyrir, að það yrði talinn sambærilegur undirbúningur. Hins vegar er hugsanlegt, að maður hafi starfað á mjög sérhæfu safni, ef hér risu upp söfn í einni og einni vísindagrein, og starf þar á þröngu og takmörkuðu sviði mundi e. t. v. ekki vera talið veita þá reynslu, sem þyrfti til að vera bókasafnsvörður við bæjarbókasafn, þar sem hið almenna bókaval skiptir verulegu máli og kann að vera, að flokkun sé á víðara sviði. Þó hygg ég, að þetta atriði geti varla valdið erfiðleikum í reynd og því mundi enginn mótmæla, ef maður hefði augljóslega reynslu, sem mætti teljast samsvara missirisvinnu í íslenzku bæjarbókasafni. En það er lögð á það áherzla af þeim, sem bezt þekkja til, að einhver vinna í safni þurfi að koma til, því að þetta er ein af þeim fræðigreinum, sem ekki er einhlítt að læra alveg af bókum.

10. gr. á sér nokkra forsögu, að því er menntmn. fékk upplýst. Voru í fyrstu drögum að þessu frv., sem samin voru fyrir nokkrum árum, sett allströng ákvæði um það, hverjir geti orðið bókaverðir, mjög svipuð því, sem er í brtt. menntmn. nú. Á síðara stigi breytti bókafulltrúi þessu, dró úr skilyrðunum. En hann lét í ljós þá skoðun, þegar hann kom á fund menntmn. til að ræða þetta mál, að hann hefði síður en svo á móti því, þó að skilyrðin væru hert á nýjan leik. Þarna virðist

vera um að ræða, hvort Alþ. á að setja tiltölulega lítil skilyrði eða setja markið hátt og treysta því, að stefnt verði að því. En þegar ekki er hægt að finna fólk með þessa menntun í þær bókavarðastöður, sem til eru, þá gildi ákvæði á öðrum stöðum í lögum um það að taka færustu umsækjendur, sem til eru.

Menntmn. leit svo á, að hér væri um mikilsverðan hóp starfsmanna að ræða, ekki sízt þegar lög eins og þessi ná samþykki og 2—3 millj. kr. verður varið til bókakaupa til viðbótar við það, sem verið hefur. Sé því æskilegt að skapa bókavarðarstörfum sem fastastan ramma í þeirri von, að þá fáist fólk frekar til að leggja þetta starf fyrir sig. Má að sjálfsögðu deila um, hvaða stefna er rétt, þegar svona stendur á, en menntmn. var þeirrar skoðunar eftir umr. við bókafulltrúa, að rétt væri að veita bókavarðastéttinni sem fastastan ramma til þess að reyna að hvetja fólk til að leggja þetta starf fyrir sig og skapa með lögum öryggi fyrir þá, sem leggja á sig háskólanám eða annan undirbúning. Treysta má því hins vegar, að þangað til hægt verður að fá bókaverði með þennan undirbúning í allar stöður hér á landi, verði að taka þá, sem hæfastir eru, og er á öðrum stað gert ráð fyrir því í lögunum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf, og þær hafa þýðingu að því leyti, að þær yrðu teknar til athugunar við túlkun l. Er ljóst, að ekki ber að skilja ákvæðin alveg eins strangt og bókstafurinn segir til um, og er því gott, að þessi yfirlýsing hefur komið fram.

Ég verð hins vegar að segja, að ég er andvígur þeirri hugmynd út af fyrir sig, og það er rétt, að það komi fram, þótt það sé kannske á síðasta stigi, að takmarka þessar stöðuveitingar við einhverja ímyndaða bókvarðastétt á Íslandi. Það kom líka fram hjá hv. frsm., að með þessum ákvæðum ætti að hjálpa til, að hún gæti myndazt. Ef við lítum á helztu héraðsbókasöfn, sem starfandi eru, þá sjáum við, að fyrstu bókaverðirnir við sum þeirra, eða a. m. k. þeir nafnkunnustu, eru menn, sem ekki hefðu fullnægt þeim skilyrðum, sem nú er verið að setja, en ég efast mjög um, að aðrir hæfari menn hefðu fengizt í þær stöður á sínum tíma.

Fyrst skal frægan telja aðalhöfund þessa frv., Guðmund Hagalín, sem ungur að árum og að því er ég hygg próflaus með öllu utan stúdentsprófs og kannske heimspekiprófs var ráðinn bókavörður á Ísafirði, vann þar ágætt starf, fékk mikinn áhuga á þessum málum og má heita frumkvöðull þeirrar löggjafar, sem nú er verið að endurnýja, en sett var fyrir nokkrum árum í fyrsta skipti.

Á Akureyri var á sínum tíma ráðinn forstöðumaður bókasafnsins þar Davíð Stefánsson skáld. Ég hygg, að hann hafi sleppt þeirri stöðu nú fyrir nokkrum árum, en það þótti á sínum tíma mikilsverður stuðningur við þennan mikla andans mann, að hann gæti fengið starf við bókasafnið á Akureyri.

Í Hafnarfirði var Magnús heitinn Ásgeirsson bókavörður, og hef ég ekki heyrt annað en hann hafi leyst það starf vel af hendi.

Hér í Reykjavík hefur Snorri Hjartarson verið forstjóri bæjarbókasafnsins, og hef ég ekki heyrt annað en hann hafi innt það sómasamlega af hendi.

Nú alveg nýlega hefur verið skýrt frá því, að ráðinn hafi verið einhvers konar bókmenntaráðunautur við landsbókasafnið, Thor Vilhjálmsson, sem ekki mundi fullnægja þeim skilyrðum, sem hér er verið að setja.

Ég held, að það sé mjög varhugavert að vera að greina niður og búa til slíkar stéttir eins og einhverja bókavarðastétt. Við vitum, að margir ágætir menn hafa fyrr og síðar starfað við landsbókasafnið, sem höfðu ekki lokið neinum prófum umfram stúdentspróf, og þannig verður það ætíð í okkar þjóðfélagi, að þar verður töluvert af mönnum, sem á lausum kili eru og ágætt getur verið að eigi kost á störfum við bókasöfn, hafa mikla bókmenntalega þekkingu, þó að þeir af einhverjum ástæðum hafi ekki lokið prófum.

Ég tel því þessa grein vera mjög misráðna og vil enn skora á hv. n. að athuga þetta mál betur og vil taka til íhugunar að flytja brtt. við greinina. Hæstv. menntmrh. er ekki við, svo að ég get ekki borið mig saman við hann, og teldi ég því a. m. k. æskilegt, að málinu væri eitthvað frestað fram eftir degi. Ég vil ekki verða til þess að hindra það, að málið nái fram að ganga, og veit, að það þarf að komast til Ed., en mér finnst þetta mál þurfa frekari íhugunar við.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að margir ágætir menn, þ. á m. þekktir rithöfundar, hafa verið bókaverðir hér á landi og hafa staðið sig með prýði í þeim störfum. Þetta hefur gerzt á því, sem kalla mætti frumbyggjaárum íslenzkra bókasafna í nútímamerkingu. Það eru áhugamenn, sem koma fram, eins og Guðmundur Hagalín og fleiri, sem hafa unnið mikið starf við að efla bókasöfn.

Eitthvað svipað hefur gerzt á mörgum sviðum þjóðlífsins. Menn spretta ekki upp í nýjum greinum, sem við erum að koma upp, með fullkomna skólamenntun. Er einmitt hlutverk áhugamanna að ryðja brautina. En það hefur líka gerzt á hverju sviði á fætur öðru, þegar viðkomandi stofnanir hafa vaxið og þeim hefur fjölgað, að þá hefur þótt ókleift annað en skapa ramma fyrir þau störf, sem þar á að vinna. Á eftir hafa komið menn, sem hafa hlotið sérmenntun til viðkomandi starfa.

Ég hygg, að það sé augljóst, að margir af frægustu og mestu sjómönnum, sem við höfum átt fyrr á árum, jafnvel fram á þessa öld, hefðu alls ekki staðizt próf í sjómannaskólanum í dag. Þeir hafa sótt sjóinn og fiskað próflausir.

Þannig mætti telja fjöldamargar greinar. En þetta er að sjálfsögðu engin sönnun fyrir því, að ekki sé rétt að gera með tímanum meiri kröfur en voru gerðar í upphafi, og ég hygg, að rétt sé að gera það varðandi bókasöfn líka. Má að vísu segja, að ýmsir menn geti án þess að hafa neina sérmenntun verið vel til þess fallnir að vera bókaverðir. Ég hygg, að ef það bærist út, að almennur áhugi væri á að láta t. d. vinsælt eða gott skáld fá slíka stöðu, þá mundi það hægt samkvæmt þessum lögum, því að menn mundu þá ekki sækja á móti, nema beinlínis væri um atvinnuleysi í stétt bókavarða að ræða.

Hitt vil ég biðja menn að vanmeta ekki, að það er töluvert mikil sérþekking að byggja upp og stýra bókasöfnum nútímans. Mér kemur til hugar eitt verk, sem er frægasti lykill að skráningu bókasafna, Dewey-lykillinn. Þessi eini lykill er bók ekki miklu minni en Biblían, eins konar undirstöðuhandbók. Þeir, sem eitthvað hafa unnið í bókasöfnum að ráði, komast fljótt að raun um, að það munar miklu fyrir þá, sem nota söfnin, hvort skipulag þeirra er vel gert eða ekki.

Ég vil vænta þess, að þjóðfélag okkar geti á sómasamlegan hátt séð fyrir skáldum, listamönnum og öðrum áhugamönnum án þess að þurfa að neita því fólki, sem hefur nú þegar lagt fyrir sig bókavarðarstörf, um að búa þess starfi einhvern ramma, þannig að þeir, sem afla sér bókavarðarmenntunar, hafi sæmilega viðunandi öryggi í sinni stétt. Það er ekki rétt að gera of lítið úr því, hvert þetta starf er. Þótt við vanmetum á engan hátt áhugamenn í hinum ýmsu greinum nútímaþjóðfélags, megum við ekki halda greinum algerlega opnum þeirra vegna.

Hinu hef ég ekkert á móti, að þessu máli yrði frestað án þess að ljúka umræðunni og fram gætu farið þær viðræður, sem menn óska, um þetta atriði. En ég vil aðeins láta það koma fram, að af minni hálfu a. m. k. var brtt., sem var samþ. við 2. umr., ekki sett fram að vanhugsuðu máli, heldur í ákveðnum tilgangi, sem að sjálfsögðu má deila um. En tilgangur er það engu síður.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Það er út út af þeirri brtt., sem hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hefur flutt hér á þskj. 589 í sambandi við þau bókasöfn, sem rekin eru af lestrarfélögum, að félögin skuli vera opin öllum íbúum sveitarfélagsins.

Ég held, að það verði að íhuga þessa till. betur. Það er alveg rétt náttúrlega hjá honum, að það þarf að tryggja, að bókaval sé sem óhlutdrægast til slíkra bókasafna, og það hefur stundum viljað nokkuð á það vanta og meira að segja jafnvel þótt það væru ekki stjórnmálafélög, sem rækju lestrarfélögin. Það var í einu góðu héraði hér á Íslandi, held ég, hér á árunum þannig, að Halldór Kiljan t. d. fékkst ekki keyptur þangað, vegna þess að hann var bannfærður þá.

En spurningin, sem þessi till. kemur inn á, er dálítið alvarleg viðvíkjandi félögunum, sem þarna er um að ræða. Ef um það er að ræða að skylda félagssamtök, sem standa að slíkum lestrarfélögum, til þess að vera opin öllum, þá er það hlutur, sem ríður í bág við önnur ákvæði, jafnvel stjórnarskrána. Við skulum segja t. d., að samvinnufélög eða verkamannafélög eða önnur slík reki lestrarfélög og það ætti að skylda þessi félagssamtök til þess að taka á móti öllum, sem sækja um inngöngu í þau, þá brýtur það önnur lög, þannig að ég held, að þetta sé ekki hægt svona. Það er alveg rétt, sem vakir fyrir hv. þm., að reyna að tryggja, að það sé ekki höfð nein hlutdrægni um hönd í sambandi við bókavalið, en þá er það hægt fyrst og fremst með því að láta sveitirnar sjálfar reka þetta, ef maður þá treystir sveitarstjórnunum til slíks, og við skulum vona, að það megi gera það. Það er aðalatriðið í öllum þessum kafla, að sveitarstjórnirnar eigi sjálfar að sjá um það, að þarna sé sveitarbókasafn, og þess vegna held ég, að það verði að íhuga þessa brtt. betur. Það væri sjálfsagt út af fyrir sig að taka fram, að bókasöfnin ættu að vera opin öllum íbúum sveitarfélagsins, en það álítum við að sé tryggt með I. kafla frv., í 1. gr. þar.

Hins vegar höfðum við dálitlar áhyggjur út af því í menntmn., að það yrði ekki heldur gengið of mikið á rétt þessara lestrarfélaga, einkum var það í sambandi við 20. gr. Það starfa sums staðar gömul lestrarfélög. Þau eiga sínar gömlu bækur, og það er rétt, að þau hafi sína aðstöðu til þess, ef þau vildu, að halda áfram sinni starfsemi, en verða þá bara ekki viðurkennd sveitarbókasöfn og fá ekki styrki sem slík. Það hafa löngum verið slík áhugafélög í sveitum landsins, þar sem menn hafa aurað saman til þess að kaupa bækur, og þær bækur ganga síðan milli þessara lestrarfélaga, og það getur verið allt í lagi. Það er ekki nema gott um það að segja. En ég held, úr því að umr. verður hvort sem er frestað, að það sé rétt, að hv. þm. eða n. athugi þessa till. betur til þess að reyna að ná þeim tilgangi, sem fyrir vakir. Það væri þá helzt að fá sett þarna inn eitthvert ákvæði um það, að svo framarlega sem íbúum sveitarfélaganna finnist eitthvað vera hlutdrægt með stjórn á slíkum lestrarfélögum, skuli sveitarstjórnin verða við því að setja upp sveitarbókasafn, eins og henni er ætlað mjög ákveðið í 13. gr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er út af þessari athugasemd hv. 3. þm. Reykv. Ég held, að hann þurfi ekkert að óttast, að með þessu sé verið að brjóta stjórnarskrá eða nein önnur lög. Þarna er talað um lestrarfélög, sem annar félagsskapur stendur að. Við skulum hugsa okkur ungmennafélag, sem hefur komið upp bókasafni og lestrarfélagi, þá er það sérstakur félagsskapur innan ungmennafélagsins, lestrarfélagið, og ég legg til, að það lestrarfélag verði öllum opið. Ungmennafélagið sjálft þarf ekki að verða það. Þannig mætti nefna

fleiri dæmi. Ég tel þetta nauðsynlegt ákvæði, ef þessi félög á annað borð eiga að njóta sama stuðnings frá því opinbera og bókasöfn sveitarfélaganna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla að gera þá athugasemd við það, sem hv. þm. sagði, að orðið „félögin" hjá honum þarna á jafnt við önnur félagssamtök eins og við lestrarfélögin, svo það er ekki bara um lestrarfélögin að ræða. Félagssamtökin geta rekið þetta beint, og þá verða þau félög að vera opin öllum. Þetta þarf að athugast betur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég hreyfði hér fyrr í dag, tel ég, að ákvæði í 10. gr. frv., sem miðar að því að setja upp sérstaka stétt bókavarða og miðar við fræðslu, sem ég hygg að enn sé allsendis ófullnægjandi hér innanlands, eigi ekki við, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, og muni hindra það, að margir þeir, sem bezt hafa getið sér orð við þessa starfrækslu, gætu fengið störf við bókasöfnin. Ég vek enn fremur athygli á því til viðbótar því, sem ég sagði áðan, að í raun og veru er fráleitt að takmarka skilyrðin fyrir utan þessa bókasafnsfræði, sem ég hygg að engin próf séu tekin í, a. m. k. hér á landi, — að takmarka þar fyrir utan skilyrðin við meistarapróf í íslenzkum fræðum. Próf í ýmiss konar öðrum fræðum geta ekki síður gert menn hæfa til þess að gegna bókavarðarstörfum heldur en próf í íslenzkum fræðum, án þess að ég geri lítið úr þeim, svo að ég hygg, að öll sé þessi grein meira og minna misheppnuð og megi missa sig.

Ég legg því til, að 10. gr. falli niður og 2. málsl. 29. gr. falli einnig niður.

Við fljóta athugun sé ég ekki, að það séu fleiri ákvæði í frv., sem þurfi að breytast af þessum sökum, heldur en þau, sem ég hef getið um, en ég vil leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. um þessa breyt. á frv. og afhenda herra forseta.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 10. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 528, 549, 584, 589, 616).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 616,1 samþ. með 14:8 atkv.
— 584 kom ekki til atkv.
— 589,1 felld með 16:7 atkv.
— 549 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 616,2 samþ. með 22:4 atkv.
— 589,2 felld með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Sþ., 16. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 644).

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., sem samþykkti það við 3. umr. með shlj. atkv., eftir að gerð hafði verið smávægileg breyting á frv., á 10. gr. þess.

Efni frv. er fyrst og fremst það, að gert er ráð fyrir mjög auknum fjárveitingum frá ríkinu til almenningsbókasafna, fyrst og fremst til bæjar- og héraðsbókasafna, en einnig til sveitarbókasafna og lestrarfélaga og til bókasafna í heimavistarskólum. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að framlag til húsabóta almenningsbókasafna sé aukið mjög verulega.

Gildandi lög um almenningsbókasöfn eru frá árinu 1955. Þau lög voru frumsmíð, og hefur þar reynzt vera um hina nytsamlegustu lagasetningu að ræða. Almenningsbókasöfnin hafa eflzt mjög og vaxið í skjóli þess stuðnings, sem þeim var veittur á grundvelli l. frá 1955. Hins vegar hefur verðlag breytzt mjög á þeim 8 árum, sem liðin eru, síðan almenningsbókasafnslögin voru sett, og kostnaður við öflun bóka og annar rekstrarkostnaður safnanna hefur aukizt mjög verulega síðan, en framlög úr ríkissjóði hafa staðið í stað. Hins vegar hafa framlög heiman að, úr sveitarsjóðum, til almenningsbókasafnanna aukizt mjög verulega, þannig að í raun og veru er ríkið nú orðið á eftir um stuðning við almenningsbókasöfnin.

Meginreglan er sú í þessu frv., að lagt er til, að ríkisstyrkur til almenningsbókasafna tvöfaldist frá því, sem gert var ráð fyrir í gildandi l. um almenningsbókasöfn. Mest hækkar þó styrkurinn til bæjar- og héraðsbókasafna. Er þar gert ráð fyrir, að um 1.7 millj. kr. hækkun verði að ræða, ef frv. nær fram að ganga. Styrkur ríkisins til sveitarbókasafna og lestrarfélaga mun aukast um 265 þús. kr. og til bókasafna í heimavistarskólum um 65 þús. Framlag til húsabóta er gert ráð fyrir að þrefaldist eða hækki úr 166 þús. kr., sem eru á gildandi fjárl., og upp í hálfa millj. kr. Alls mun styrkur til almenningsbókasafna hækka um 2.4 millj. kr., ef frv. þetta verður að lögum.

Eina breytingin, sem gerð var á frv. í hv. Nd., var sú, að horfið var frá því að gera ströng menntunarskilyrði til þeirra, sem geta orðið yfirbókaverðir við bæjar- eða héraðsbókasöfn. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að þeir menn hefðu lokið prófi í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands eða við erlendan háskóla, eða lokið cand. mag.-prófi í íslenzkum fræðum eða haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu í íslenzku bæjarbókasafni sem aðalstarf ekki skemur en eitt ár. En Nd. gerði þá breyt. á þessum ákvæðum, að kröfurnar um þá menntun, sem ég gat um, verði felldar niður. Aðrar breytingar, sem máli skipta, voru ekki gerðar á frv.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að mál þetta hljóti afgreiðslu nú á þessu þingi, þar eð ég tel hér vera um hið mesta nauðsynjamál að ræða, sem ég veit, að mikill áhugi er á, ekki

aðeins í bæjum, heldur og í dreifbýli, að nái fram að ganga. Almenningsbókasöfn gegna mjög mikilvægu menningarhlutverki, bæði í sveit og kaupstað, og sá aukni stuðningur, sem hér er gert ráð fyrir við almenningsbókasöfnin, er nauðsynlegur og mundi stuðla mjög að áframhaldandi vexti þessara ágætu menningarstofnana.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 644, n. 677).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað það frv., sem hér liggur fyrir, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 677, var einn nm., hv. 5. þm. Reykn., fjarstaddur, þegar málið var afgr. í n. Fyrir efni þessa frv. var gerð grein í aðaldráttum við 1. umr. málsins hér í þessari hv. þd. af hæstv. menntmrh. Ég mun því ekki fjölyrða um það frekar, en gera lítillega grein fyrir þeim brtt., sem menntmn. flytur við frv. Eru þær brtt. á þskj. 677.

1. brtt. n. er við 5. gr. frv., niðurlag hennar, að í stað orðanna „samkv. till. bókafulltrúa" komi: að fengnum till. bókafulltrúa. — Eins og þetta er orðað í frv., er það í rauninni algerlega lagt á vald bókafulltrúa, hvernig sá ferðakostnaður, sem þar um ræðir vegna eftirlits, skuli greiddur, til hverra hann skuli renna. En það þótti eðlilegt, að það yrði ekki algerlega bundið við hans till., heldur yrði þessu breytt á þann veg, að kostnaðurinn yrði greiddur að fengnum till. bókafulltrúa.

Þá eru 2. og 3. brtt. á þskj. 677. Þær eru nánast til leiðréttingar vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á frv. í meðförum hv. Nd. Alþ. Eins og kunnugt er, var þar felld niður 10. gr. frv., eins og það lá fyrir í sinni upphaflegu mynd, sem fjallaði um þau skilyrði, sem yfirbókaverðir, sem þar um ræðir, skyldu uppfylla. Gr. var sem sé felld niður í hv. Nd. Alþ., og er því ekki samræmi í ákvæði 10. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir eftir 3. umr. í Nd., ákvæðinu um, að umsækjendur skuli uppfylla þau skilyrði, sem búið er að fella út úr frv. Það er því ekki rökrétt, að það standi áfram í þeirri gr., sem nú er 10. gr. Einnig segir í gr., að í auglýsingu skuli geta launakjara og skírskota til laga um réttindi til starfsins, en slíkri skírskotun er ekki hægt að finna stað í rauninni í frv., eftir að búið er að fella niður þau skilyrði, sem upphaflega voru í frv. um réttindi til starfsins. Því leggur n. til, að gr. orðist svo sem segir undir 2. tölul. á þskj. 677, eða m. ö. o., að aftan af henni falli orðin „og skírskota til laga um réttindi til starfsins" o. s. frv. til loka gr.

Þá er 3. brtt. menntmn., sem er við 11. gr. Hún er um, að hún orðist svo sem segir undir 3. tölul. á þskj. 677. Það er sem sé lagt til, að tveir síðustu málsl. 11. gr. falli niður. Í 10. gr. frv., eins og það upphaflega lá fyrir, eða þeirri gr., sem úr var felld í Nd., var ákvæði um það, að bókaverðir skyldu m. a. hafa kynnt sér skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni. Nú hefur þetta verið fellt burt úr frv., og sýnist þá óeðlilegt, að þar skuli vera gerð þessi krafa til þeirra manna, sem ekki hafa bókavörzlu sem aðalstarf og yrðu skoðaðir, ef svo mætti að orði komast, sem minni háttar starfsmenn í þessari grein.

Að öðru leyti leggur menntmn. til, að frv. verði samþ., og væntir n. þess, að þm. þessarar hv. þd. geti á brtt. fallizt, enda má segja, að þær séu að mestu leyti einungis til leiðréttingar vegna þess, sem áður hefur verið breytt í frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 677,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 677,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 677,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

12.—36. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 700).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent. Nd.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar, og á sama fundi var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 716).

46. Tollskrá o. fl.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um tollskrá o. fl. [227. mál] (stjfrv., A. 470).

Á 63. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hinn 8. des. 1959 fól ég fjórum embættismönnum ríkisins að endurskoða núgildandi lög um tollskrá og önnur gildandi lög um aðflutningsgjöld. Þessir embættismenn voru ráðuneytisstjórarnir í fjmrn. og viðskmrn., þeir Sigtryggur Klemenzson og Jónas H. Haralz, tollstjórinn í Reykjavík Torfi Hjartarson og hagstofustjóri Klemenz Tryggvason. Nokkru síðar baðst Jónas Haralz undan störfum í n. vegna annríkis við önnur verkefni. Pétur Sæmundsen viðskiptafræðingur var skipaður í tollskrárnefndina um svipað leyti.

Um leið og þessum mönnum var falið þetta endurskoðunarstarf, var lagt svo fyrir, að nokkrar höfuðreglur skyldu hafðar til hliðsjónar við starfið. Það er í fyrsta lagi, að núgildandi aðflutningsgjöld ásamt viðaukum væru yfirleitt sameinuð í eitt heildargjald, verðtoll, í öðru lagi, að tollur af skyldum vörum væri samræmdur eftir föngum, í þriðja lagi, að verðtollur væri ekki hærri en 125% á neinni vöru, í fjórða lagi, að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum rýrnuðu ekki um of, og í fimmta lagi, að um flokkun og niðurröðun vara í nýju tollskránni væri fylgt hinni alþjóðlegu tollskrárfyrirmynd í Brüssel-skránni.

Áður en hægt var að hefja sjálft endurskoðunarstarfið, þurfti að leysa af hendi mikla undirbúningsvinnu. Það þurfti að flokka öll númer í núgildandi tollskrá og tollalögum undir Brüssel-skrána. Það þurfti að reikna út heildargjöld af hverri vörutegund, hverju númeri. Þetta var geysimikið verk, og tók hagstofustjórinn að sér að sjá um það. Það hefur hann gert ásamt starfsliði sínu og auk þess haft með höndum margvíslega útreikninga og áætlanir, sem nauðsynlegt hefur verið að gera. Starfsmenn tollstjóra hafa einnig aðstoðað við endurskoðunina með ýmsum hætti.

Ég vil, áður en lengra er haldið, þakka þeim mönnum, sem unnið hafa að undirbúningi þessa stóra máls, mikla elju og atorku og þá alveg sérstaklega þeim mönnum, sem skipað hafa tollskrárnefndina.

Orsakir þess, að ráðizt var í þetta mikla verk sem endurskoðun tollskrár og tollalaga er, og tilgangurinn með því verki er að sjálfsögðu margvíslegur. 1939 var sett tollskrá, sem var fyrsta heildarlöggjöfin um aðflutningsgjöld hér á landi og var merkur áfangi á sinni tíð. En síðan hefur margt gerzt og tollskráin og tollalögin mjög færzt úr lagi. Ár eftir ár hefur tollskrá og tollalögum verið breytt. Eins og hér hefur verið ástatt í efnahagsmálum á undanförnum tveim áratugum, með svo að segja sífelldri og vaxandi verðbólgu og örðugleikum atvinnuveganna, hefur mjög oft þurft til þess að grípa að auka tekjur ríkissjóðs eða þeirra sjóða, sem hafa átt að aðstoða framleiðsluna, hvort sem þeir hafa heitið útflutningssjóður, framleiðslusjóður eða annað. Hefur þá oftast verið gripið til þess að hækka aðflutningsgjöld á vörum til að afla slíkra tekna. Þau mál hafa þá ekki alltaf verið nægilega undirbúin, enda oft borið brátt að, og hin nýju tollalög eða breytingar á tollalögum oft og tíðum verið sett af nokkru fljótræði. Þannig hefur smám saman skapazt ákaflega mikið ósamræmi og flækja í öllum þessum málum, þannig að nú er svo komið, að heita má óviðunandi og í rauninni á mjög fárra manna færi að kunna skil á því, hverjir eru tollar af hverri einstakri vörutegund, sem til landsins flyzt.

Í sambandi við þessar sífelldu breytingar á aðflutningsgjöldum hefur það auðvitað verið aðalsjónarmiðið að afla þess fjár, sem nauðsynlegt var á hverjum tíma, og eins og ég gat um, þá ekki vandaður nægilega undirbúningurinn oft og tíðum. En í annan stað einkennir það flestar þessar breytingar á aðflutningsgjöldum, að um leið og verið var að afla fjár, var kostað kapps um það að halda vísitölunni niðri, komast fram hjá henni eða leika á hana þannig, að þessar tollahækkanir hefðu sem allra minnst áhrif til vísitöluhækkunar. Þessi saga er ekki eingöngu saga allra síðustu ára, heldur nær þetta nokkuð langt aftur í tímann. Það má segja, að eftir að tilraunin var gerð 1950 með réttri gengisskráningu og ýmsum öðrum ráðstöfunum að koma efnahagskerfinu á réttan kjöl, þá leið ekki langur tími, aðeins eitt ár, þar til til þess þurfti að grípa að leggja á nýjar álögur til að halda bátaútveginum gangandi, og var þá tekinn upp svokallaður bátagjaldeyrir á árinu 1951. Hann hélzt svo með ýmsum breytingum, bæði nafnabreytingum, talnabreytingum og efnisbreytingum, fram til ársins 1960, febr. 1960, þegar efnahagsaðgerðir á breiðum grundvelli voru gerðar til þess að koma atvinnulífinu á réttan kjöl. Síðast var það innflutningsgjaldið, sem á var lagt 1956 og 1958, ásamt yfirfærslugjöldum, og skal ég ekki rekja þetta mál frekar.

En til þess að gefa örlitla mynd af ástandinu eins og það er nú, skal ég aðeins verja hér örstuttum tíma. Þau gjöld, sem almennt eru á aðfluttum vörum nú, eru í fyrsta lagi vörumagnstollur, í öðru lagi er það 340% álag á vörumagnstoll, í þriðja lagi er það verðtollur, í fjórða lagi 80% álag á verðtoll, í fimmta lagi er það innflutningsgjald, sem er með þrennu móti, 15% á sumum vörum, 30% á öðrum, 40% á enn öðrum, í sjötta lagi er 7% söluskatturinn, sem verið hefur í gildi allengi, í sjöunda lagi 8% innflutningssöluskatturinn, sem lögleiddur var 1960, í áttunda lagi tollstöðvagjald, sem er 1% af vörumagnstolli og verðtolli, í níunda lagi byggingarsjóðsgjald,

sem er 1% af sömu gjöldum að viðbættu þó einu, í tíunda lagi rafmagnseftirlitsgjald, og í ellefta lagi matvælaeftirlitsgjald. Auk þess eru sérgjöld ýmis, svo sem gúmmígjald, benzínskattur, innflutningsgjald af bifreiðum, — og tollskráin, sem hér er lögð fyrir, snertir ekki þessi þrjú síðasttöldu gjöld, en hins vegar nemur hún úr gildi eða kemur í staðinn fyrir þær 11 tegundir gjalda, sem ég rakti hér áðan.

Nú er það svo, að þessi gjöld, sem flest eru reiknuð í hundraðshlutum af vissum verðmætum, standa ekki á heilum eða hálfum tugum, ekki einu sinni á heilum prósentum, heldur þegar allt er lagt saman, þá eru þau flest jafnvel brot úr prósentu, þannig að reikna þarf með decimölum. En fyrir utan það, hversu þessi gjöld eru margvísleg og með ólíkum prósentum og tölum, þá reiknast þau af mjög mismunandi grunni, og er það oft, sem þessi gjöld þarf að reikna af jafnvel 5 eða 6 eða 7 mismunandi grunnverðum. — Ég skal til örlítillar skýringar nefna hér einn vöruflokk, þar sem sendingin nam 760 kg og cif-verðið, þ. e. a. s. innkaupsverð vörunnar ásamt flutningsgjaldi hingað, nam rúml. 100 þús. kr. Af þessari vörusendingu þurfti að reikna 10 tegundir af aðflutningsgjöldum og af 6 eða 7 mismunandi grunnum. Í fyrsta lagi var það vörumagnstollur, sem var 7 aurar af hverju kg, í öðru lagi 340% vörumagnstollsviðauki, í þriðja lagi 10% verðtollur, í fjórða lagi 80% verðtollsviðauki, í fimmta lagi 3/4% rafmagnseftirlitsgjald, sem reiknast af cif-verði, í sjötta lagi tollstöðvagjaldið, sem er 1% af verðtolli og vörumagnstolli ásamt viðaukum, í sjöunda lagi byggingarsjóðsgjald til byggingarsjóðs ríkisins, sem er 1% af sömu upphæð eins og tollstöðvagjaldið, að viðbættu rafmagnseftirlitsgjaldi, í sjöunda lagi 7% innflutningssöluskattur, sem reiknaður er af cif-verði að viðbættum tollum og áætlaðri álagningu 10%, í áttunda lagi 8% innflutningssöluskatturinn, sem reiknaður er á sama hátt og sá næsti á undan, og loks innflutningsgjald, sem í þessu dæmi er 44%, það reiknast af sama grunni og innflutningssöluskatturinn.

Í þessari upptalningu eru þau gjöld, sem koma á mjög margar vörur. Rafmagnseftirlitsgjaldið kemur þó ekki nema á vissan flokk vara, en hins vegar kemur þá matvælaeftirlitsgjald á aðra flokka ýmsa, þar sem rafmagnseftirlitsgjaldið nær ekki til.

Af þessum dæmum má sjá, hversu flókin þessi mál eru orðin og það svo, að í raun inni er það á fárra manna færi að reikna rétt þessi torráðnu dæmi. Þessi flækja öll kostar ótrúlega mikla og dýra vinnu fyrir ríkið, fyrir innflytjendur, fyrir atvinnureksturinn í landinu, veldur óþarfa skriffinnsku, töfum og kostnaði. Eitt meginatriðið við endurskoðun tollskrárinnar var því að gera hana einfalda og óbrotna, og í stað þess aragrúa af gjöldum, sem í gildi hafa verið og reiknuð eru oft af mismunandi grunni, kemur nú einn verðtollur reiknaður að sjálfsögðu af einum og sama grunni, sem er cif-verð vörunnar. Í staðinn fyrir þær flóknu prósentur og þúsundasta hluta, sem þarf að reikna með oft og tíðum í sambandi við þessa útreikninga, koma nú verðtollsákvæði, þar sem prósenturnar eru samtals 21. Tollarnir eru þessir: Það er 1% af sumum vörum, 2%, 3%, 4% og 5%. Síðan hleypur þetta á hálfum tug, 10, 15, 20, 25, 30, 35 og 40%. Loks hleypur það á heilum tug með einni undantekningu, þ. e. a. s. næst á eftir 40 kemur svo 50, 60, 65, 70, 80, 90, 100, 110 og svo 125%, sem er hæsti tollflokkurinn samkv. þessu tollskrárfrv.

Á því er enginn vafi, að með þeirri endurbót, sem felst í því að afnema hið margbrotna kerfi, sem nú er og verið hefur um hríð, og fá í staðinn einn verðtoll, — að vísu er af fáeinum vörutegundum einnig vörumagnstollur, — en af þessu hlýtur að sjálfsögðu að leiða mikinn vinnu- og tímasparnað, bæði fyrir hið opinbera og atvinnureksturinn í landinu.

Annað meginatriði við endurskoðun tollskrárinnar er samræming, en óþolandi ósamræmi er nú orðið um aðflutningsgjöld af sams konar eða svipuðum vörum. Þetta ósamræmi hefur skapazt og aukizt smám saman, verið stundum vitandi vits til þess að mismuna atvinnuvegum eða jafnvel formum atvinnugreina eða atvinnurekstrar, en stundum orðið af vangá, vegna þess að of skammur tími hefur unnizt til undirbúnings. Um þetta má nefna ótal dæmi, en ég skal nefna hér fyrst varahluti til véla. Tollar af varahlutum eru nú, — og þegar ég ræði um tolla, eins og þeir eru nú, þá er að sjálfsögðu átt við heildargjöldin samanlagt í prósentu, og um það fjallar skráin, sem prentuð er aftast í þessu frv., — sem sagt, heildargjöldin af varahlutum eru nú ýmist 21% eða 34% eða 77% eftir því, hvort á að setja varahlutinn í bát eða dráttarvél eða bíl. Oft og tíðum er um nákvæmlega sams konar hlut að ræða, sem hentar í hvað sem er af þessu þrennu. Slíkt fyrirkomulag býður náttúrlega upp á misnotkun, og að dómi tollyfirvalda er þetta orðið óframkvæmanlegt með öllu, enda má það ljóst vera, að þegar svona mikill munur er orðinn á tollum, 77% og niður í 21%, þá er freistingin ákaflega mikil til misnotkunar. Tollskráin samræmir og sameinar þessa tolla. Í staðinn fyrir þessa þrjá mismunandi er settur einn og sami tollur af öllum varahlutum til véla, 35%, hvort sem þeir eiga að fara í bátavélar, dráttarvélar eða bifreiðar.

Annað dæmi, þar sem ósamræmið hefur verið orðið einnig óviðunandi, eru umbúðir, og er það þannig í dag, að sumar bráðnauðsynlegar umbúðir eru með heildargjöld yfir 100%, en aðrar umbúðir með allt niður í 4%, þó að þær ættu að réttu lagi að heyra saman eða a. m. k. að falla í flokka, sem ekki væru mjög langt hver frá öðrum. Þetta hefur skapazt fyrir vangá og slysni í meðförum Alþ. á tollalögum, og oft og tíðum verið svo óskýr ákvæði, að í framkvæmd hefur þetta misræmi skapazt og aukizt.

Í þriðja lagi má nefna vefnaðarvörur ýmiss

konar og efni til fataiðnaðar, þar sem hefur verið gífurlegt ósamræmi, eins og nokkru nánar er lýst í grg. Og í grg. er þessu þrennu, sem ég hef hér nefnt, lýst allrækilega.

Þessi samræming er að sjálfsögðu ákaflega mikið vandamál. Við erum þar að ýmsu leyti bundnir af fortíðinni, og ýmsar lagfæringar eru þess eðlis, að það verður að gera þær í fleiri áföngum en einum, því að ella yrðu stökkin of stór. Þegar á að samræma hluti og setja þær vörur, sem saman eiga, í sama tollflokk, þá þarf að sjálfsögðu oft að lækka verulega tolla á sumum flokkum, og taka allir því að sjálfsögðu vel, en á hinn bóginn þarf svo að hækka tolla til samræmingar á öðrum, og er því að sjálfsögðu yfirleitt miður vel tekið. Og þeir, sem notið hafa forréttinda, una því að vonum illa, þegar verið er að samræma og lagfæra hlutina og koma á réttlæti og jöfnuði í stað ranglætis og ójafnaðar, sem lengi hefur átt sér stað.

Á því er enginn vafi, að með þessari tollskrá hefur stórmikið áunnizt til samræmingar, lagfæringar, leiðréttingar og jafnréttis. Hins vegar er markinu engan veginn náð að fullu, og margt er enn ógert, sem að þarf að stefna. En eins og ég tók fram, verður ýmislegt af því að taka í fleiri áföngum en einum, vegna þess að ella yrðu stökkin of stór og of tilfinnanleg.

Fyrir utan þau tvö meginsjónarmið, sem ég hér hef rakið, að gera tollskrána einfalda og að samræma aðflutningsgjöldin, kemur í þriðja lagi það sjónarmið að lækka tollana eftir föngum. Þegar rætt er um lækkun tolla, þá er í rauninni um tvennt að ræða: annars vegar að hætta þeirri oftollun, sem verið hefur á mörgum vörum, og hins vegar að lækka tolla á ýmsum nauðsynjum atvinnuveganna og almennings. Oftollun margra vara var orðin slík, að engin dæmi þess eru meðal vestrænna, frjálsra þjóða. — Það er nú tæpast málfriður hér. (**Forseti:** Það er verið að gera ráðstafanir til að einangra betur á milli.)

Þegar verið var að afla tekna til þess að hlaupa undir bagga með atvinnuvegunum, þá var oft gripið til þess ráðs eða óráðs að hækka og hækka aftur og aftur tolla á ekki aðeins munaðarvörum, heldur ýmsum vörum, sem öllum almenningi eru nauðsynlegar, en hafa þó lítil sem engin áhrif á vísitöluna. Þetta var auðvitað komið hér hjá okkur gersamlega úr hófi. Hæstu aðflutningsgjöld nú á einni vöru eru 344%, og áður en tollalækkunin var framkvæmd í nóvember 1961, voru mjög margar vörur með heildargjöld, sem námu um 300% og á milli 200 og 300%. Þessi oftollun leiddi af sér þrennt: óhóflegt verð á þessum vörum, í öðru lagi stórfellt smygl og í þriðja lagi tekjutap ríkissjóðs. Í nóvembermánuði 1961 var í fyrsta sinn ráðizt til atlögu gegn þessum ófögnuði. — Er ekki hægt að loka þarna? (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess.) Þá eru lækkuð verulega gjöld af fjölmörgum vörutegundum og fyrst og fremst þeim, sem voru í hæstum tollflokkum og vissa var um eða grunur lék á að væri smyglað að verulegu leyti til landsins. Afleiðingin af þessari tollalækkun í nóvember 1961 varð í fyrsta lagi veruleg verðlækkun á mörgum vörum til gagns fyrir almenning, í öðru lagi, að úr smyglinu dró stórlega, og í þriðja lagi, að ríkissjóður fékk meiri tekjur en áður, þrátt fyrir tollalækkunina. Það var að vissu leyti áhættufyrirtæki að ráðast í þessa tollalækkun þá, og ef innflutningur að löglegum leiðum hefði haldizt óbreyttur frá því, sem verið hafði áður, þá hefði þessi tollalækkun svipt ríkissjóð milli 40 og 50 millj. kr. tekjum á ári. Því var hins vegar spáð og því var trúað af ríkisstj. og meiri hl. Alþingis, að árangur sá, sem til var ætlazt, mundi nást með þessum aðgerðum, og það reyndist sannmæli, því þegar litið er yfir innflutning þessara vara, sem tollar voru lækkaðir á í nóvember 1961, innflutning þeirra vara allt árið 1962 og hins vegar allt árið 1961, þá sést, að þrátt fyrir hinar miklu lækkanir tolla á mörgum þessara vara, þá hafa tekjur ríkissjóðs aukizt um nærri 15 millj. á árinu 1962 frá því, sem var 1961. Í því sambandi er rétt að taka fram, að heildarinnflutningur ársins 1962 varð meiri en heildarinnflutningur ársins 1961 og hefur vafalaust einhver áhrif í þessu efni, en sá munur nemur ekki nema tiltölulega litlu, og á því er enginn vafi, enda má sjá það af innflutningsskýrslum, að meginástæðan fyrir þessum tekjuauka ríkissjóðs er það, að hinn ólöglegi innflutningur hefur stórminnkað og innflutningurinn að verulegu leyti færzt í hina löglegu farvegi.

Ég vil nefna dæmi þessu til sönnunar. Kvensokkar voru lækkaðir úr 132% niður í 52%. Það brá svo við, að innflutningur kvensokka, sem verið hafði 6 millj. árið 1961, hækkaði upp í 15 millj. árið 1962. Vafalaust dettur engum í hug, að notkun þessarar vöru hafi aukizt stórkostlega, trúlega hefur notkunin verið nokkuð svipuð frá ári til árs. En þessar tölur, aukning úr 6 millj. kr. innflutningi upp í 15 millj. á einu ári, bentu auðvitað til þess, að úr hinum ólöglega innflutningi hefur dregið stórum.

Ég vil nefna annan vöruflokk eða vöruflokka. Það er ytri fatnaður ýmiss konar, bæði úr ull og baðmull. Þar undir falla bæði kjólar, kápur, úlpur, jakkar og peysur. Tollar á þessum vörum voru lækkaðir úr 155—187%, sem þeir voru, og niður í 90—100%. Innflutningur á þessum vörum var árið 1961 4 millj., en árið 1962 12½ millj., m. ö. o. meira en þrefaldaðist. Tolltekjur ríkissjóðs af innflutningi þessara vara, þessa ytri fatnaðar, jukust um 4.7 millj. á árinu 1962.

Þriðja dæmið eru hattar og höfuðföt önnur, sem var lækkað úr 186% niður í 100%. Innflutningurinn meira en tvöfaldaðist, jókst úr 800 þús. upp í 2.1 millj. — Ljósmyndavélar voru lækkaðar úr 155% í 52%, innflutningurinn jókst úr 1 millj. í 2½ millj. Úr voru lækkuð

úr 207% niður í 52%, innflutningurinn jókst úr 1.1 millj. upp í 3.9 millj.

Ég gat þess, að ein af afleiðingum þess, þegar tollar eru hafðir úr öllu hófi, er hér eins og annars staðar stóraukið smygl. Verður því löggjafinn jafnan að gæta nokkurs hófs og meta það, hversu háa tolla er unnt að taka af tollhæstu vörum, þeim sem sízt eru taldar nauðsynlegar, hversu hátt má spenna bogann, án þess að veruleg hætta sé á ólöglegum innflutningi. Í þessu frv. hefur að sjálfsögðu verið reynt að gæta hófs og hafa það sjónarmið að spilla ekki þeim árangri, sem þegar hefur náðst nú á rúmu ári til að vinna bug á hinum ólöglega innflutningi, heldur halda áfram á þeirri sömu braut, að reyna eftir föngum að draga úr honum með skynsamlegri löggjöf og framkvæmdum. Smygl á vörum hefur auðvitað í för með sér margar illar afleiðingar, siðspillingu og ólöghlýðni, sem er þeim mun hættulegri sem það verður almennara í áliti fólks, að eðlilegt sé og rétt að smygla vörum, en því miður verður það stundum þannig, þegar tollar eru óhóflegir, að slíkt almenningsálit fer að skapast. En þegar smygl er orðið almennt, ég tala nú ekki um, ef allur almenningur dæmir það ekki hart, þá er auðvitað skammt til þess, að af því leiði spillingu og ólöghlýðni á öðrum sviðum. En einnig er þess að gæta, að í sambandi við smyglvörur kemur ákaflega mikið inn af lélegri vöru. Yfirleitt er það lélegri vara en sú, sem flutt er inn af þeim innflutningsaðilum, sem mesta þekkingu og ábyrgð hafa í þeim efnum. Enn fremur fylgir því gjaldeyriseyðsla að óþörfu, vegna þess að mjög mikið af smyglvöru er keypt óhagkvæmt inn erlendis, keypt í smásölu, þar sem smásöluálagning er miklu hærri en þekkist hér á landi, í stað þess að íslenzkir innflutningsaðilar hafa yfirleitt þau sambönd og þá aðstöðu, að þeir fá vörur sínar á heildsölu- eða verksmiðjuverði.

Sem betur fer hefur nú þokazt mjög í rétta átt í þessum efnum, að draga stórlega úr smyglinu. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að önnur nefnd manna hefur unnið að endurskoðun á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Þau lög þurfa endurskoðunar við, og er gert ráð fyrir, að ýmis nýmæli verði á sínum tíma lögfest, auk þess sem herða þarf framkvæmd í ýmsum efnum til þess að draga sem mest úr hinum ólöglega innflutningi. Þeir, sem að því frv. hafa unnið, eru langt á veg komnir með það, en hvort unnt verður að leggja það lagafrv. fyrir þetta þing eða verður að bíða næsta hausts, er ekki hægt að segja á þessu stigi máls, en þykir rétt að skýra hv. deild frá því, að þeirri endurskoðun er langt komið.

Ég hef rætt hér nú einkum um hríð um lækkanir á hátollavörum. En að sjálfsögðu felur þetta frv. í sér margvíslegar og víðtækar lækkanir á öðrum vörum en til hátollavara teljast, ýmiss konar nauðsynjum fyrir almenning og atvinnuvegina, og mun ég koma nokkru nánar að því síðar. En í stað þess að heildargjöld af mörgum vörum hafa til skamms tíma verið 200—300% og eins og ég gat um upp í 344%, þá er nú hámarkstollur samkv. hinu nýja tollskrárfrv. 125%.

Fjórða atriðið, sem haft hefur verið til hliðsjónar við samningu þessarar tollskrár, er það að sníða hana eftir alþjóðlegri fyrirmynd, en það er Brüssel-nafnaskráin svonefnda. Á tímum Þjóðabandalagsins gamla voru gerðar tilraunir til þess að koma á samræmi um tollskrár þjóðanna, en varð lítið ágengt. Eftir lok síðari heimsstyrjaldar var málið tekið upp að nýju, og 1950 var haldinn fundur með fulltrúum margra þjóða í Brüssel í Belgíu. Þar var gerður sáttmáli um tollskrárfyrirmynd, Brüssel-nafnaskrá, eins og hún hefur verið nefnd. Við Íslendingar vorum aðilar að þeirri samþykkt, en höfum ekki fullgilt samþykktina enn þá á þann hátt, sem venja er til, með staðfestingu forseta Íslands og Alþingis. Fullgilding Brüsselskrárinnar er í undirbúningi. Það hefur verið mikið verk, bæði í sambandi við þýðingu og annað, og var talið rétt að láta vinnu við tollskrána ganga fyrir, og má því gera ráð fyrir, að til fullgildingar komi ekki fyrr en á næsta þingi, enda skiptir það út af fyrir sig ekki máli, hvort frá því er gengið nú eða næsta haust. Allar þjóðir Vestur-Evrópu hafa komið á hjá sér í tollalögum sínum þessari skipan, sem Brüssel-skráin mælir fyrir um og byggir á, og þótti því sjálfsagt, þegar tollskrá þessi var undirbúin, að semja hana eftir Brüssel-nafnaskránni. Eins og ég gat um í upphafi máls míns, var það að sjálfsögðu mjög mikið verk. Hins vegar er að því að sjálfsögðu ómetanlegt gagn, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, hversu viðskipti milli þjóða fara sívaxandi, einnig milli Íslands og annarra ríkja. Það eru vafalaust allir á einu máli um það, að á næstu árum skapist nánara samband í tollamálum milli Íslands og annarra þjóða. Í hvaða formi sem það verður og hvernig sem um efni þess verður, en ég ætla, að enginn dragi í efa, að til nánara samstarfs við þjóðir Vestur-Evrópu muni draga á næstu árum, þá er það að sjálfsögðu ákaflega þýðingarmikið, að við verðum búnir að koma okkar tollskrá í sama form og aðrar þjóðir, og mun auðvelda stórum allt slíkt samstarf. Það er auðvitað allt annað að hafa þessa nýju tollskrá í sama formi, sömu uppbyggingu, með sömu tollskrárnúmer fyrir sömu vörutegundir eins og allar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, í staðinn fyrir þá grautargerð, sem nú er í okkar tollamálum og ekki er hægt kinnroðalaust að sýna nokkrum siðuðum manni.

Varðandi gerð og uppbyggingu Brüssel-skrárinnar skal ég láta nægja að vísa til grg. með frv. á bls. 142 og 143, þar sem þetta mál er mjög ýtarlega skýrt. Það má aðeins geta þess, að vafalaust mun ýmsum Íslendingum, sem blaða í tollskránni, finnast hún vera ýtarlegri og meira sundurliðuð en nokkur þörf er á fyrir Ísland. Skýringin er að sjálfsögðu sú, að þessi

tollskrárfyrirmynd er miðuð við þarfir háþróaðra iðnaðarþjóða, og fyrst og fremst af þeim ástæðum er hún jafnsundurliðuð eins og hún er. Að sjálfsögðu eru mörg númer í tollskránni, sem við þurfum ekki á að halda að sinni, en auðvitað í vaxandi mæli, eftir því sem iðnaður okkar sjálfra vex og verður fjölbreyttari.

Með þessu frv. fylgir ýtarleg grg. á bls. 140—152, þar sem bæði er gerð grein fyrir aðdraganda, vinnu við skrána, starfstilhögun og raktir meginþættir hennar, m. a. hverjir tollar eigi eftir henni að verða á ýmsum helztu vöruflokkum. Á bls. 152—153 er svo áætlun um heildartekjur ríkissjóðs samkv. núgildandi tollalögum og hverjar þær mundu vera eftir tollskránni. Þá eru á bls. 153—165 skýringar við einstaka kafla og einstakar greinar. Og loks er á bls. 166—174 samanburður á tollum eða heildargjöldum, eins og þau eru nú fyrir hvert tollskrárnúmer eftir nýju tollskránni og hvernig verðtollurinn á að verða eftir henni. Það er rétt að geta þess til viðbótar, að nafna- eða orðaskrá yfir alla tollskrána er í prentun og verður tilbúin næstu daga, þar sem menn geta séð um hvert einstakt vöruheiti, hvar ákvæði um þau er að finna í tollskránni. Því miður hefur ekki tekizt vegna óvenjumikils annríkis í ríkisprentsmiðjunni að ljúka því verki enn, en verður sem sagt til alveg næstu daga.

Þá skal vikið að nokkrum einstökum vöruflokkum, sem snerta atvinnuvegina og almenning. Það er rétt að minnast hér fyrst á vélar og tæki og varahluti til þeirra. Í framkvæmd hefur undanfarin ár skapazt mjög mikið vandamál í sambandi við tollun á varahlutum í bifreiðar, bátavélar og landbúnaðarvélar, og gat ég þess nokkuð hér áðan sem dæmis um þá samræmingu, sem verið er að koma á í staðinn fyrir óhafandi ósamræmi. En nú er það svo, að á bátavélum og varahlutum í þær eru heildargjöld nú 21%, á vélum og varahlutum í hjóladráttarvélar um 34% og vélum og varahlutum í bifreiðar um 70%. Afleiðing þessa er sú, að með öllu móti er reynt að koma sem mestu af þessum varahlutum í lægsta tollinn, bátavélatollinn, sem er 21%. Tollyfirvöld hafa verið í hinum mesta vanda með þetta og oft og tíðum skapazt óhjákvæmilega misrétti milli innflytjenda í þessu efni. Það var lögð í það mikil vinna að finna tillögur til lausnar á þessum mikla vanda, og er gerð ýtarleg grein fyrir því á bls. 151 í grg. frv. Aðalreglan verður þá sú, að á vélum og varahlutum verður ákveðinn einn tollur, 35%. Til þess að gætt sé hagsmuna sjávarútvegs og sveitabæja, sem hér koma til greina, þá er svo ákveðið, að vélar, sem sannanlega eru settar í báta, skuli fá lægri toll, ýmist strax í öndverðu eða sem endurgreiðslu, þannig að raunverulegur tollur af bátavélum verði 10%. Er það því lækkun frá því, sem er nú, úr 21% í 10%. Sama máli gegnir um vélar, sem sannanlega eru notaðar til raflýsingar á sveitabæjum. Þær eru nú raunverulega í 34% tollflokki. Samkv. núgildandi reglum munu þær þó hafa verið í framkvæmd yfirleitt tollaðar með 21% eins og bátavélar, en verður nú lækkað í 10%. Varðandi varahlutina, þá þýðir þetta auðvitað mjög mikla lækkun á varahlutum til bifreiða, eða úr 77% niður í 35%. Varðandi varahluti í dráttarvélar má heita, að tollur sé óbreyttur. En óneitanlega er hér um töluverða hækkun að ræða á tollum af varahlutum til bátavéla, og skal ég koma að því hér á eftir, hvað gert hefur verið til þess að bæta útgerðinni upp þá tollahækkun.

Það er auðvitað ljóst, að þessi mikla lækkun á varahlutum til bifreiða úr 77% niður í 35% þýðir mjög mikið tekjutap fyrir ríkissjóð, og til þess að vega nokkuð upp á móti því tapi, en þó hvergi nærri að fullu, er lagt til, að tollur á fólksbifreiðum hækki úr 81% í 90%. Ég hef látið reikna það út, hvernig þetta komi út gagnvart almennri fólksbifreið, þ. e. a. s. að tollurinn á innkaupsverði hækkar um þessi 9%, en tollurinn á varahlutum lækkar, eins og fyrr segir. Vegamálastjóri hefur gert útreikninga á þessu varðandi almenna fólksbifreið og miðar þar við, að bifreiðin sé rekin í 5 ár, og verður þá niðurstaðan sú, miðað við venjulega notkun og varahlutaþörf og viðgerðir, að eigandi bílsins kemur nokkurn veginn jafnsléttur, þ. e. a. s. hann hagnast lítils háttar á þessari breytingu, þannig að tolllækkun á varahlutunum nemur nokkru hærri upphæð en hækkunin á innkaupsverðinu af þessari álagningu.

Atvinnubifreiðastjórar hafa notið að undanförnu nokkurra sérákvæða, ekki um toll, heldur um svokallað leyfisgjald eða innflutningsgjald af bifreiðum. Það er þannig nú, að þetta innflutningsgjald af bifreiðum er almennt 135% eða af minni bifreiðum 110%, hins vegar greiða atvinnubifreiðastjórar ýmist 80% innflutningsgjald eða 60% eftir stærð bíla. Það hefur lengi verið beiðni atvinnubílstjóra, að þeirra hlutur yrði réttur meir miðað við ýmsa aðra atvinnurekendur, m. a. þá, sem eiga og reka vörubíla, en af vörubifreiðum eru bæði miklu lægri tollar og engin leyfiseða innflutningsgjöld. Ríkisstj. hefur nýlega ákveðið að ganga nokkuð til móts við atvinnubílstjóra að þessu leyti, m. a. til þess að ekki bitni á þeim þessi hækkun á tollum af fólksbifreiðum. Hún hefur því ákveðið að lækka hið sérstaka innflutningsgjald af bifreiðum til atvinnubílstjóra úr 80% niður í 40% og úr 60% niður í 30%. Tollur af vörubifreiðum, sendibifreiðum, almenningsbifreiðum og jeppum verður svo til hinn sami og hann er nú, eða 40% í stað 38%. Og eins og menn sjá á tollskránni, vil ég skjóta hér inn í, verður í mörgum tilfellum að lækka niður eða hækka upp til þess að koma vörum í þá tollflokka, sem tollskráin ákveður, þar sem hleypur á hálfum og heilum tugum. Fyrir þá bílaeigendur, sem ýmist eru nýbúnir að fá fólksbíla eða þurfa ekki að endurnýja þá á næstunni, sem og fyrir þá, sem eiga vörubíla, sendiferðabíla, almenningsbifreiðar o. s. frv., sem

tollur er svo til óbreyttur á, er þetta auðvitað mikið hagræði og sparnaður, hversu varahlutir til bifreiða lækka mjög.

Í sambandi við bifreiðar er rétt að nefna ýmiss konar tæki þeim skyld, eins og dráttarvélar, beltisdráttarvélar, jarðýtur, veghefla og grafvélar. Að eðlilegum hætti eiga þessar vélar að vera í einum og sama tollflokki, en eru nú mismunandi: grafvélar í 21%, jarðýtur og beltisdráttarvélar í 34%, vegheflar í 38%. Nú er ákveðinn einn og sami tollur fyrir þessar vélar eða 25%, og þýðir það því verulega lækkun fyrir beltisdráttarvélar, jarðýtur og veghefla, en grafvélar verða nokkuð að hækka á móti til samræmis, og er það þó lítilfjörleg hækkun, úr 21% upp í 25%.

Ég minntist hér á sjávarútveginn og að bátaeigendur lentu í nokkurri hækkun á varahlutum til bátavéla, eða úr 21—35%, sem er óhjákvæmileg samræming, eins og getið var hér áðan. Til þess að draga úr áhrifum þessarar hækkunar hafa ýmsar aðrar þarfir sjávarútvegsins verið lækkaðar, þannig að þær lækkanir samtals eru ekki aðeins nægar til að vega á móti þessari hækkun varahlutanna, heldur nema miklu meira. Þannig er tollur á bátavélum lækkaður úr 21% niður í 10%, tollur af bergmálsdýptarmælum, fisksjám og radartækjum lækkaður úr 15% niður í 4%, tollur af skipsskrúfum og ýmsum tilteknum hlutum, sem eingöngu eru til báta, lækkaður úr 21% niður í 4%, af stýrisvélum úr 35% niður í 4%. Þegar litið er hins vegar á sjávarútveginn almennt, þá eru að sjálfsögðu skip og bátar tollfrjáls, eins og verið hefur, og þá einnig vélar og tæki, sem í þeim eru, þegar þau koma til landsins. Umbúðir utan um sjávarafurðir, sem útfluttar eru, eru tollfrjálsar, og ýmsar rekstrarvörur og notaþarfir sjávarútvegsins eru tollaðar með 1—4%, svipað og nú er.

Á tækjum til landbúnaðarins er um verulega lækkun á tollum að ræða. Á hjóladráttarvélum er nú um 34—35% tollur, og er hann lækkaður niður í 10%. Af ýmsum öðrum landbúnaðarvélum og tækjum eru tollar nú 19, 20 eða 21%, og er það lækkað allt niður í 10%. Þannig verða með 10% nú plógar, herfi, áburðardreifarar og slík verkfæri, mjaltavélar, sláttuvélar, upptökuvélar fyrir kartöflur, rakstrar- og snúningsvélar, en þessar vélar eru sem sagt með 19—21% tolla nú. Enn fremur eru vélar til raflýsingar á sveitabæjum, eins og ég gat um áðan, sem eru nú skv. tollskránni með 34%, en í framkvæmd raunverulega 21%, en það er lækkað niður í 10%. Hér er fyrst og fremst um að ræða vélar, sem bændur nota á búunum. Hins vegar eru svo vinnsluvélar, sem notaðar eru í mjólkurvinnslustöðvum, og tollur af þeim verður skv. frv. 35%, eins og af öðrum iðnaðarvélum.

Ég hef drepið hér nokkuð á sjávarútveg og landbúnað, og er þá rétt að fara örfáum orðum um þriðja höfuðatvinnuveg okkar, sem er iðnaðurinn.

Í sambandi við iðnaðinn skapast auðvitað fjölmörg vandamál, þegar semja skal tollskrá, því að það þarf auðvitað að hafa í huga að veita íslenzkum iðnaði hæfilega vernd, en hins vegar ekki of mikla vernd. Það er margt, sem þar þarf að taka tillit til, tollar af þeim hráefnum, sem iðnaðurinn þarf að nota, og tollar af sams konar vörum fullunnum erlendis. Í þessu sambandi kemur það einnig mjög til athugunar, hversu mikill hluti af framleiðslukostnaði innlendrar iðnaðarvöru er erlent hráefni og hve mikið vinnuafl er hér heima. Og það er ljóst, að iðngreinar þurfa mismunandi háa tollvernd eftir því, hvernig er með hlutföll hins innlenda og hins erlenda kostnaðar í framleiðslukostnaði iðnaðarvörunnar. Ég skal ekki fara hér ýtarlega út í þetta mikla og stóra vandamál, en reynt hefur verið eftir föngum að leysa þetta með fullri sanngirni. Margt er það í íslenzkum iðnaði, sem fyllilega stenzt eðlilega samkeppni við erlendan iðnað. Meginsjónarmiðin verða auðvitað að vera þessi, að láta iðnaðinn innlenda ekki gersamlega verndarlausan eða jafnvel hafa öfuga tollvernd, eins og stundum kemur fyrir, að erlend eða fullunnin vara er flutt inn með lágum eða engum tolli, en hins vegar efnivörur í sams konar vörur framleiddar hér eru tollaðar. Þetta er í rauninni öfug tollvernd og refsiskattur á hinn íslenzka iðnað, og einstök dæmi eru þar svo erfið viðfangs, að ekki hefur reynzt unnt að leysa þau til fullnaðar enn. En meginsjónarmiðin eru auðvitað þessi, að láta íslenzkan iðnað ekki verndarlausan, veita honum hins vegar ekki óhæfilega vernd, þannig að óheilbrigður iðnaður geti vaxið upp í skjóli slíkrar tollverndar, heldur að meta, hvað er eðlileg og hæfileg vernd í þessu efni. Ég vil geta þess sérstaklega hér, að þeir forráðamenn íslenzks iðnaðar og sérfræðingar, sem af hans hálfu hafa verið hafðir til ráðuneytis um ýmis þessi vandamál, hafa sýnt mjög mikinn þroska og viðsýni í þessu efni og fjarri þeim að heimta í nokkru eða fara fram á í nokkrum efnum vernd, sem ósanngjörn eða óhófleg gæti talizt.

Eitt af því, sem íslenzkir iðnaðarmenn og iðnrekendur hafa haft mikinn áhuga á, er, að tollur af iðnaðarvélum yrði lækkaður. Hann er í þessari tollskrá 35% eða svipaður og hann er nú. Það var athugað gaumgæfilega, hvort ekki væri hægt að ganga til móts við iðnaðinn að þessu leyti og færa niður tollinn af iðnaðarvélum. Það reyndist ekki unnt. Í fyrsta lagi þýddi það náttúrlega verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. En í rauninni var það ekki það, sem skar úr, heldur hitt, að hefði átt að lækka tolla af iðnaðarvélum úr 35%, hefði ákaflega margt annað óhjákvæmilega orðið að fylgja með til samræmingar, bæði aðrar vélar en þær, sem notaðar eru beint til iðnaðar, og einnig ýmiss konar efnivörur og hrávörur, sem eru í 35% flokki, og var það að lokum mat og niðurstaða manna, að ekki þætti fært að þessu sinni að færa iðnaðar-

vélarnar niður úr 35%. Það eru ýmsar efnivörur til íslenzks iðnaðar, sem eru lækkaðar í tolli, og hefur samræmingarsjónarmiðið ekki sízt átt sér stað varðandi fatnaðariðnaðinn, eins og greint er frá á bls. 148 í grg., en þar var um mikið og flókið samræmingarvandamál að ræða, sem ég ætla, að hafi tekizt vel að leysa, og þýðir um leið töluverða lækkun á mörgum þeim efnivörum.

Í heimildagrein í tollskrárfrv. eru tvö ákvæði, sem ég vildi aðeins nefna hér. Það er í fyrsta lagi heimild til þess að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar. Enn fremur er heimild til þess að lækka gjald af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni og verðmæti efnivörunnar eru verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.

Þrátt fyrir mjög vandlegan undirbúning þessarar tollskrár og samráðs við hina fróðustu menn á sviði iðnaðar getur það auðvitað alltaf komið í ljós í framkvæmd og við reynslu, að innlendur iðnaður, annaðhvort sá, sem nú er til eða upp kann að rísa á næstu árum, njóti ekki þeirrar verndar, sem eðlileg er talin, heldur jafnvel öfugt. Og til þess að geta gripið í taumana án þess að þurfa að breyta tollskránni sjálfri er þessi heimild sett, sem ég nú gat um. Sem sagt, ef það kemur í ljós, að hráefni í einhverja vöru, sem á að fara að framleiða hér á landi, reynist vera hærra en tollarnir af sams konar vöru innfluttri fullunninni, þá megi lagfæra það.

Í sambandi við iðnaðinn er einnig rétt að geta þess, að lækkaður er tollur á handverkfærum og smíðatólum úr 81% og 70%, sem það er í nú, og niður í 60%.

Í sambandi við íslenzkan iðnað er loks rétt að geta um eitt nýmæli í frv., og er það í 27.—32. gr. frv. Það er um undirboðs- og jöfnunartolla. Þetta mál er skýrt í grg. allýtarlega, en slík ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla hafa ekki verið í gildi hér á landi áður, en nær öll ríkin í Vestur-Evrópu hafa tekið upp í tollalög sín slík ákvæði, einkum í sambandi við aðild að tollabandalaginu, sem kallað er GATT. Þau ákvæði, sem ríki Vestur-Evrópu hafa tekið í tollalög sín um þetta atriði, eru í samræmi við GATT-samkomulagið og texta þess, en þar eru sérstök ákvæði um heimildir meðlimaríkjanna, til þess að koma á hjá sér undirboðstolli. Sams konar ákvæði eru einnig í gildi í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar. Þessi ákvæði eiga sér þau rök, að undirboð, sem kallað er „dumping", er vel þekkt fyrirbæri í milliríkjaviðskiptum. Það er aðallega fólgið í því, að fjárhagslega sterk erlend fyrirtæki reyna að koma fyrir kattarnef einhverri tiltekinni innlendri framleiðslu með því að selja vörur sínar undir kostnaðarverði um hríð. Þessum viðskiptaháttum er þá einkum beint gegn nýjum atvinnufyrirtækjum innlendum, sem framleiða og setja á markaðinn sams konar vörur og þessir erlendu aðilar höfðu áður selt til þess lands. Það hefur alloft komið fyrir, að slíkum fjársterkum aðilum hefur með slíkum undirboðum um nokkurn tíma tekizt að koma hinu innlenda iðnaðarfyrirtæki á kné. Undirboðstolli er ætlað að hamla gegn slíkri skemmdarstarfsemi.

Það er rétt og nauðsynlegt að hafa einnig hér á landi slík ákvæði, sem hægt er að grípa til, ef hagfelldum og nauðsynlegum íslenzkum iðnrekstri er stefnt í hættu með undirboðskjörum erlendis frá. Um þetta segir svo í 27. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjmrh. leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum. Þá má fjmrh. í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur og þess háttar erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr. — Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn."

Í næstu greinum er svo nánar tiltekið, hvað átt er við með undirboði og undirboðskjörum og einnig um upphæð undirboðstollsins, en hann má samkv. 29. gr. ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar. Þá er ákvæði í 31. gr. um, að fjmrh. skuli, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþ. frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

Efnislega ætla ég, að það geti tæpast verið ágreiningur um það, að rétt sé og nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga eins og aðrar þjóðir að hafa slíkar varnarráðstafanir gegn undirboðum til þess að vernda íslenzkan iðnað. Ég mundi hins vegar ætla og í rauninni vona, að til þess þurfi aldrei að grípa að leggja á slíka undirboðs- eða jöfnunartolla, heldur verði áhrif þessara lagaákvæða þau að koma í veg fyrir slíka verzlunarhætti, og í rauninni væri það æskilegast, að tilvera slíks heimildarákvæðis nægði til að koma í veg fyrir slík undirboð og aldrei þyrfti til þeirra að grípa.

En það er annað atriði í þessu sambandi, sem rétt er á að drepa. Og það er það, hvort slík ákvæði eins og þessi samrýmist 40. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður svo á, að engan skatt megi á leggja nema með lögum. En með þessu ákvæði er gert ráð fyrir að heimila fjmrh. að leggja á þennan toll. Nú má vitna að vísu í viss ákvæði, sem eru í gildandi lögum, t. d. lögum frá 1946 um hafnargerðir, sem fordæmi, en vissulega má um það deila, hvort rétt sé að túlka stjórnarskrárákvæðið með þessum hætti, að Alþ. geti með lögum framselt þetta skatt- eða tollálöguvald til fjmrh. Nú er það svo, að þetta er tekið eftir danskri og norskri fyrirmynd, þessi kafli, og

bæði þau lönd hafa sams konar ákvæði, að ég ætla, í sínum stjórnarskrám, eða a. m. k. er sams konar ákvæði í dönsku stjórnarskránni. Og þar var það álit fróðra manna og löglærðra eftir miklar umræður um málið, að þetta væri heimilt með þeim takmörkunum, sem settar eru í l., í fyrsta lagi allýtarlegar reglur um, hver skilyrðin þurfa að vera til slíkrar álagningar, í öðru lagi að takmarka gildistíma slíkra tolla við 6 mánuði og í þriðja lagi að skylda fjmrh. til þess að skýra Alþ., svo fljótt sem unnt er, frá álagningunni og ástæðunum til hennar. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að undirboðs- og jöfnunartollar mundu oft og tíðum ekki koma að fullu gagni, ef í hvert sinn yrði að leita til löggjafarvaldsins í því efni. Það gæti tekið svo langan tíma að fá slíka heimild og yrði allmiklu þyngra í vöfum. Um þetta atriði skal ég ekki fara fleiri orðum, en vísa að öðru leyti til grg. frv. um þetta mál.

Þýðingarmikill þáttur í kostnaði og útgjöldum atvinnuveganna allra og ekki sízt verzlunarinnar er umbúðir. Umbúðir og efni í umbúðir hefur verið eitt af þeim glundroðaatriðum, þar sem ákaflega mikils ósamræmis hefur gætt, eins og þegar það er athugað, að tollur hefur verið af umbúðum í tauninni frá 4% og upp í yfir 100%, jafnvel upp í 132%, að ég ætla. I það var lögð mikil vinna að reyna að samræma þessa hluti, og er gerð grein fyrir meginniðurstöðum þess á bls. 149 í grg. frv. Þar er rakið, hvernig tollar breytast á flestum tegundum pappírs og umbúða. Prent- og skrifpappír verður nú með 30% í stað 33%; kraftpappír og kraftpappi einnig með 30%, lækkaður úr 45%; bókbandspappi, umbúðapappír og veggpappi einnig í 30%, en er nú ýmist með 52, 54 eða 56%. Handgerður pappír og pappi lækkar úr 107% niður í 30%. Pergamentpappír er ýmist með 4%, eins og nú er, þ. e. a. s. upp að vissri þyngd, en annars yfirleitt með 30% í staðinn fyrir 70%; bylgjupappír og bylgjupappi með 40% í stað 52; áprentaður pappír og pappi með 60% í stað 107%. Hvað umbúðir snertir lækka pappakassar og öskjur úr 106% niður í 60%, pappírspokar almennt úr 106 niður í 50%, en pappírspokar sérstaklega fyrir vélpökkun á vörum úr 106 niður í 40%. Plastpokar til vélpökkunar eru einnig tollaðir með 40% og lækka úr 132%, eins og nú er. Hins vegar eru svo blöð, þynnur og hólkar eða filmur úr plasti til umbúða, sem fyrir mistök og í algeru ósamræmi við allt annað hafa verið tollað með 4%, til samræmis sett í 35%. Þegar litið er því á umbúðir almennt og pappírsvörur, þá er þar um mjög verulegar lækkanir að ræða, sem eiga að koma atvinnuvegunum öllum til góða.

Byggingarvörur hafa að vísu nokkuð mismunandi toll, en sá almenni tollur af byggingarvörum er um 35%. Það kom mjög til athugunar við undirbúning tollskrárinnar, hvort unnt þætti að lækka tolla almennt á byggingarvörum í því skyni að lækka byggingarkostnaðinn. Almennt þótti ekki fært að fara með byggingarvörutolla niður úr 35%. Þess ber m. a. að gæta, að innflutningur byggingarefnis *mun vera um eða yfir 400 millj. á ári*, og eru því tollar af því á 2. hundrað millj., og mundi því veruleg lækkun þar þýða mjög mikið tekjutap fyrir ríkissjóð. En þess þarf einnig að gæta, að ef byggingarvörur væru lækkaðar úr 35% almennt, þá hlytu óhjákvæmilega mjög margir aðrir vöruflokkar að fylgja þar með. Enn er þess að gæta, að það, *sem menn* hafa fyrst og fremst í huga með ósk um lækkun tolla af byggingarvörum, er að lækka byggingarkostnað íbúðarhúsnæðis. Ef tollar á byggingarvörum væru lækkaðir, mundi það að sjálfsögðu ná til alls byggingarefnis og ekki framkvæmanlegt að greina þar sundur byggingarefni til íbúðarhúsa og annars. En til þess að ná þeim tilgangi að lækka kostnað við íbúðabyggingar eru vafalaust aðrar leiðir tiltækari og ódýrari í framkvæmd. Þar eru vafalaust margar leiðir hugsanlegar, fyrst og fremst náttúrlega með betra skipulagi byggingarvinnu, með aukinni verksmiðjuframleiðslu á húsum eða húshlutum og mörgu fleira, sem þar kæmi til greina og ég skal ekki fara út í hér.

En þó að ekki hafi þótt fært að lækka byggingarvörur almennt í tolli, þá eru ýmsir einstakir byggingarvöruflokkar lækkaðir, sem hafa þótt óeðlilega háir. T. d. hreinlætistæki úr plasti, sem eru tolluð með 132%, eru færð niður í 80%, eins og gert er ráð fyrir að tollurinn verði á hreinlætistækjum almennt. Sem annað dæmi má nefna kork, sem lækkar úr 51% niður í 35% og úr 71% niður í 50%; lása og skrár, sem lækka úr 93% niður í 70%.

Eldsneyti er yfirleitt svo til tollfrjálst. En það er ein tegund eldsneytis, sem hefur verið í óeðlilega háum tolli, en það er kósangas, sem svo er kallað, sem er tollað með 38% nú, en þessi gasvökvi er svo til eingöngu notaður á *sveitabæjum, sem hafa ekki rafmagn*, og notkunin að mestu leyti til eldunar. Meginhluti þessarar notkunar er því hjá bændum, sem eru verr settir en aðrir að því leyti, að þeir hafa ekki enn átt kost á rafmagni, og þótti rétt að lækka verulega toll á þessu kósangasi, þannig að í staðinn fyrir 38% er það fært niður í 2%.

Auk þeirra málaflokka, sem ég hef hér gert að umtalsefni, vil ég nefna nokkur dæmi um ýmsar vörur, sem snerta almenning að verulegu marki. Ef við víkjum fyrst að matvörunni, þá er kornvara, kaffi og sykur tollfrjálst, eins og nú er; tollur á kakaói lækkaður úr 58 niður í 50%, á tei úr 77 niður í 70%. Á nýjum ávöxtum eru tollar töluvert mismunandi nú, og eru þeir samræmdir nokkuð á nýjum eplum og perum, eða 30% tollur, svo til sama og nú er, en á öðrum nýjum ávöxtum eru tollar nú 42—45%, og er það fært niður í 40%. Niðursoðnir ávextir og grænmeti er nú tollað með 125%, lækkað í 100%. Þá er varðandi heimilistæki, rafmagnsheimilistæki og rafmagnsbúsáhöld, þau lækka úr 84% í 80%. Útvarpstæki

lækka úr 90% í 80%. Heimilissaumavélar lækka úr 55% í 40%. Barnavagnar lækka úr 133% í 90%; lyf úr 34% og 16%, eru í tveimur flokkum núna, niður í 15%; klukkur ýmiss konar, þ. á m. vekjaraklukkur, úr 207% niður í 50%. Hljóðfæri voru lækkuð nokkuð, þ. e. a. s. sum þeirra, í nóvember 1961. Þá voru píanó og orgel lækkuð niður í 76%. Þau eru enn lækkuð verulega, eða úr 76% niður í 30%. Önnur hljóðfæri eru nú sum í mjög háum tolli, allt að 227%. Það má segja, að fyrir hljóðfæri eru nú tollflokkarnir aðallega þrír, þ. e. 227%, 162% og 76%, og fer það allt niður í 50%, en píanó og orgel sem sagt úr 76% niður í 30%.

Þá eru ýmiss konar matvörur, kryddvörur, sem hafa verið í 125—180%, fara niður í 100% tollflokk; lampar og ljósatæki úr 101% niður í 90%. Hjólhestar fara úr 150% niður í 90%. Íþróttatæki ýmis voru lækkuð á árinu 1961 úr 160% niður í 75%, en ýmis íþróttatæki, sem þá voru ekki lækkuð, eru nú lækkuð úr um 130% niður í 80%. Gleraugu lækka úr 107% niður í 80%. Grammófónplötur voru lækkaðar verulega árið 1961 og eru enn lækkaðar, þannig að almennar plötur lækka nú úr 100% niður í 80%, en grammófónplötur íslenzkar, þ. e. a. s. með íslenzku efni, úr 57% niður í 30%, og sama máli gegnir um grammófónplötur til tungumálakennslu. Þá má nefna rakvélar, sem lækka úr 131% niður í 80%. Og ýmis skrifstofutæki lækka verulega, t. d. ritvélar úr 72% niður í 60%, reikni-, bókhalds- og skýrsluvélar ýmiss konar og fjölritarar úr 85% niður í 60%. Peningaskápar og skjalaskápar eru nú með 132% og 187%, lækka niður í 100%, og svo mætti lengi telja.

Ég skal ekki rekja frekar einstaka vöruflokka eða einstakar vörutegundir með samanburði við núgildandi tollaákvæði og samkvæmt tollskránni, en aðeins geta hér að lokum um nokkur nýmæli og fáein atriði önnur.

Það er svo ákveðið í þessari tollskrá, eins og verið hefur síðan 1939, að tollar reiknast af cif-verði vörunnar, þ. e. af innkaupsverði hennar að viðbættu flutningsgjaldi og tryggingargjaldi, það sem fellur sem sagt undir hugtakið cif-vara, í stað þess að áður fyrr höfðu tollar verið reiknaðir af fob-verði, þ. e. a. s. af innkaupsverði án flutningsgjalds. Raddir hafa að vísu heyrzt um að færa þetta aftur til sama horfs og var fyrir 1939, en á móti því mælir fyrst og fremst það, að það er alþjóðleg regla að reikna tolla af cif-verði, og þegar við erum að fá nýja tollskrá bæði til samræmingar innbyrðis og til samræmis við tollalög annarra þjóða, væri mjög óeðlilegt að taka upp aðra reglu að þessu leyti. Tollskráin byggist því áfram á því að reikna tolla af cif-verði. En flugfélögin og ýmsir innflytjendur og samtök þeirra hafa borið fram þær óskir, að tollar verði ekki reiknaðir af cif-verði, þegar vara er flutt flugleiðis. Nú er flutningsgjald með flugvélum mun hærra en gjald fyrir flutning sams konar vöru með skipum. Og í rauninni má segja, að það sé ekki ástæða til þess, að ríkissjóður hagnist á því, að vara er af einhverjum ástæðum flutt með flugvél, en ekki með skipi, — það sé ekki ástæða til, að ríkissjóður hagnist á þessu með því að fá hærri toll, af því að cif-verðið verður hærra af þessari ástæðu. Hins vegar hafa verið færð fram þau rök gegn þessu, að flutningur með flugvélum sé kostnaðarsamari fyrir þjóðfélagið og sé því ekki þjóðhagslega hagkvæmt að örva eða hvetja til slíkra flutninga í stórum stíl. Í öðru lagi er bent á, að yfirleitt sé það um hinn íslenzka skipastól, að hann geti vel annað vöruflutningum til landsins og sé það því ekki rétt ráðstöfun á meðferð verðmæta að láta skip kannske sigla hálftóm eða án þess að þau hafi fullfermi, en flytja vörur í stað þess með miklu dýrari hætti með flugvélum. Þessi rök öll er að sjálfsögðu rétt að hafa í huga. En á hinn bóginn kemur það, að oft og tíðum liggja til þess full rök og jafnvel nauðsyn að flytja vörur með flugvél. Það getur verið svo aðkallandi að fá vöru hingað, t. d. varahluti, sem fást ekki hér, eða annað, sem bráðnauðsynlegt er að fá með skjótum hætti, að það réttlæti það, að varan sé flutt með flugvél. Með þetta í huga er sett inn það nýmæli í frv. að heimila að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað. Þetta þýðir það, að heimild er til þess að reikna toll af lægri upphæð en flutningsgjaldi með flugvélinni nemur, en að sjálfsögðu mun það aldrei vera reiknað af lægra flutningsgjaldi en mundi vera með skipi fyrir sömu vöru. Enn fremur er með niðurlagsákvæðinu mælt svo fyrir, að aðeins skuli lækka gjaldið fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, sem vöruna flytur hingað. Með þessu er átt við það, að ef maður vill t. d. fá vöru flugleiðis frá Japan eða Ástralíu, t. d. til Kaupmannahafnar, og svo er hún flutt með íslenzkri flugvél þaðan, þá mundi auðvitað aðeins lækkun á flutningsgjaldinu fyrir síðasta áfangann, frá Kaupmannahöfn hingað, koma til greina, en ekki veittur afsláttur af flutningi hina löngu leið þangað. Mér virðist vera töluverð sanngirni og eins og ég gat um ýmis rök, sem mæli með því að setja inn slíka heimild. Hún er sem sagt ekki til í núgildandi lögum og mun ekki vera í tollalögum annarra þjóða, þar sem vitað er, en hins vegar er sérstaða okkar Íslendinga slík vegna fjarlægðar frá öðrum löndum og langra flutningaleiða, að mér virðist það réttlæta ákvæðið.

Það hefur oft valdið leiðindum, að þegar gjafir hafa borizt hingað frá útlöndum, hvort sem er til fyrirtækja, líknarstofnana eða einstaklinga, þá hefur þurft að borga toll af slíkum gjöfum. Slíkar gjafir hafa þá verið metnar af tollheimtumönnum og tollaðar eftir því. Nú er sett inn í frv. nýmæli á þessa lund, að heimilt er að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga

að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila, enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500 kr. virði að mati tollyfirvalds. Þó að slík heimild sé sett og fyrir henni rök og sanngirni, þá verður auðvitað að setja strangar skorður gegn misnotkun, og fyrir því eru þessi ákvæði orðuð eins og ég las.

Á árinu 1960 voru sett lög um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og var þá ákveðið, að hann skyldi fá 1/5 hluta af þeim söluskatti, sem þá var á lagður, bæði 3% söluskattinum í smásölu og 8% söluskattinum, sem lagður er á innflutning. Síðan hefur jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengið þetta framlag árin 1960, 1961, 1962 og 1963, og nú er í fjárl. að sjálfsögðu gert ráð fyrir því og áætlað, hver þessi hluti muni verða, en í fjárlagaáætluninni er gert ráð fyrir, að hann nemi samtals af báðum þessum tekjustofnum 104 millj. kr. Þegar nýja tollskráin kemur í gildi, falla niður öll önnur aðflutningsgjöld, sem hér voru rakin, og m. a. innflutningssöluskatturinn. Þá reis sú spurning, hvernig ætti að bæta sveitarfélögum eða jöfnunarsjóði sveitarfélaga upp það tekjutap, og kom þá til álita bæði, hvernig ákvæði ætti að setja um það fyrir yfirstandandi ár, þar sem innflutningssöluskatturinn verður í gildi fram til 1. maí, en þá tekur nýja tollskráin við, eftir því sem gert er ráð fyrir, og svo ekki síður, hvernig á að ákveða um þetta í framtíðinni. Eins og skýrt er tekið fram í grg., hefur aldrei komið til orða, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga missti af þessum tekjum, — stendur þar skýrum stöfum, að bæta verði jöfnunarsjóði þennan tekjumissi.

Það eru ýmsar leiðir, sem koma hér til greina, og skal ég nefna nokkrar þeirra. Í fyrsta lagi er hugsanlegt, að ákveðið sé á hverju þingi í sambandi við afgreiðslu fjárl., hvern hlut á að ætla jöfnunarsjóði sveitarfélaga í staðinn fyrir hluta hans af 8% innflutningssöluskatti. Það er ein leiðin. Önnur leiðin væri sú að breyta l. um 3% smásöluskattinn á þá leið, að í staðinn fyrir 20% af þeim skatti fengju sveitarfélögin t. d. 40%, sem mundi nema svipaðri upphæð. Það er í þriðja lagi hægt að fara þá leið að ákveða, annaðhvort með sérstökum l. eða í tollskrárl. eða með breytingu á jöfnunarsjóðsl., að jöfnunarsjóður skuli fá ákveðna prósenttölu af verðtollinum, eins og hann verður eftir samþykkt þessa frv. Fleiri leiðir hafa komið til orða, en enn þá hefur ekki verið tekin endanleg afstaða til þess, hvaða aðferð ríkisstj. leggur til við Alþingi, að við verði höfð í þessu efni. Í þessu frv. er því aðeins ákvæði um það, hvernig fara skuli að fyrir árið 1963, og segir þar svo í frv., að jöfnunarsjóði skuli á árinu 1963 greitt af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti nái 104 millj. kr. á árinu 1963, en það er sú upphæð, sem fjárlög gerðu ráð fyrir að jöfnunarsjóður fengi. Að vísu væri hægt að láta það bíða til haustþingsins, en ég tel, að það sé réttara, að áður en þessu þingi lýkur, verði lagðar fram frá ríkisstj. ákveðnar till. um frambúðarlausn þessa máls. En ég vil endurtaka það og undirstrika, að vitanlega hefur aldrei komið til orða annað en jöfnunarsjóður héldi að fullu þeim tekjum, sem honum hafa verið ætlaðar.

Sú spurning rís að sjálfsögðu, hver áhrif þessi nýja tollskrá mundi hafa á vísitöluna. Eins og ég hef tekið fram áður, hefur um langan aldur verið ríkjandi það sjónarmið hér, að þegar aðflutningsgjöld hafa verið lögð á eða hækkuð, þá hefur verið kostað kapps um að reyna að komast fram hjá vísitölunni, að láta þau hafa sem allra minnst áhrif til hækkunar á hana. Náttúrlega var verið með þessu árum og í rauninni áratugum saman að brengla vísitöluna, því að það er auðvitað ljóst, að fjöldi vara, sem ekki eru taldar með í vísitölunni eða hafa þar sáralítil áhrif, eru nauðsynjavörur almennings, vörur, sem allur almenningur notar og þarf að nota. Þegar þess vegna er kostað kapps um með álagningu og tilhögun aðflutningsgjalda að leika sér þannig með vísitöluna, þá er náttúrlega verið að leika ákaflega óheppilegan leik og í rauninni óhyggilegan. Það er aðeins verið að tjalda til einnar nætur og verið að láta vísitöluna gefa villandi mynd af raunverulegum lífskjörum fólksins, því að vitanlega er hægt að rýra og skerða lífskjör fólksins með nýjum tollaálögum, án þess að vísitalan hækki nokkuð, alveg eins og á hinn bóginn er hægt að bæta lífskjör fólksins með tolla- og skattalækkunum, án þess að vísitalan hreyfist. Með stjfrv. um tollalækkanir í nóv. 1961 var farið inn á nýjar brautir í þessu efni. Það var snúið við af þeirri braut að vera alltaf að miða tollamálin við áhrifin á vísitöluna. Og þá var gerð till. um verulega lækkun á fjölmörgum vörum, sem almenningur notar og þarf að nota, en lítil sem engin áhrif hafa á vísitöluna. Við samningu þessarar nýju tollskrár hefur það sjónarmið ekki heldur verið haft, hvernig væri hægt að leika sér með vísitöluna í þessu efni, heldur fyrst og fremst miðað við það að gera hlutina einfaldari og óbrotnari í sniðum, að samræma, að gæta sem bezt hags atvinnuveganna og almennings, allt með hliðsjón af því, hver væri tekjuþörf ríkissjóðs og hversu mikils hann mætti í missa. Ef svo er athugað samkv. þessari nýju tollskrá, hver áhrifin muni verða á vísitöluna, þá er ekki hægt að fullyrða um það, það eru svo erfiðir og flóknir útreikningar, en það er þó búið að kanna það mál svo mikið, að áhrif þessarar nýju tollskrár verða lítil, það verða nokkur áhrif til lækkunar á vísitöluna, en lítil. Og vissulega er það eðlileg afleiðing af þeirri stefnu, sem ríkti um langan aldur eða fram til 1961, að undantaka eða undanþiggja vísitöluvörurnar yfirleitt sem allra mest, þegar verið var að leggja gjöldin á.

En þó að áhrif þessarar tollskrár til lækk-

unar á visitölunni verði lítil, er auðvitað ljóst mál, að hún hefur veruleg áhrif á lífskjör fólksins til þess að bæta þau. Því að vissulega er hægt að bæta lífskjör fólksins með lækkun tolla, hvað sem vísitölunni líður.

Að lokum er svo tekjuhliðin, sem snýr að ríkissjóði, og fyrir því máli er gerð nokkur grein á bls. 152—153 í frv. Þar er grg. um það, hve aðflutningsgjöldin hafa gefið ríkissjóði miklar tekjur í heild á árinu 1962 í fyrsta lagi, og í öðru lagi er svo áætlun um það, hversu miklar tekjurnar í heild mundu verða af verðtolli og vörumagnstolli samkv. þessu nýja frv. Þá kemur það í ljós, að heildartekjur voru á s. l. ári 1165 millj., en mundu verða, miðað við sama innflutning, af hinni nýju tollskrá 1068 millj. eða um 97 millj. lægri. Þetta frv. hefur því, byggt á þessari forsendu, miðað við innflutninginn 1962, í sér fólgna tollalækkun, sem nemur nær 100 millj. kr., og er það 8.3% lækkun á tollabyrðinni í heild. Vissulega er það þýðingarmikið atriði, eins og hver maður sér, fyrir atvinnuvegi og allan almenning í landinu til kjarabóta.

Nú kunna menn að spyrja á hinn bóginn: Þolir ríkissjóður að missa svo í af tekjum, og hvernig á þá að bæta það upp? Ég tel, að þó að hér sé um að ræða tollalækkun, sem nemur nærri 100 millj. kr., þá sé það borið fram af fullri ábyrgðartilfinningu fyrir hag ríkissjóðs. Í því sambandi má geta þess, að öll þau 3 ár, sem núv. ríkisstj. hefur setið, 1960, 1961 og 1962, hefur orðið greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Ef við notum við útreikning greiðsluafgangs þá aðferð, sem Seðlabanki Íslands hefur notað í mörg ár og kemur fram í Fjármálatíðindum og er sama aðferð sem alþjóðastofnanir yfirleitt nota við útreikning greiðslujafnaðar, þá var greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1960 um 35 millj. kr., á árinu 1961 um 72 millj. og verður á árinu 1962 væntanlega um eða yfir 100 millj. kr. Nú er það svo, að þó að góðæri hafi verið mikið hér á s. l. ári og tekjur ríkissjóðs þess vegna aukizt mjög mikið frá því, sem fjárlög ætluðu, þá náttúrlega réttlætir það út af fyrir sig ekki að ætla að draga úr tekjum ríkissjóðs framvegis. En vissulega er afkoman undanfarin 3 ár til hliðsjónar, þegar verið er að meta, hvað ríkissjóður þolir að missa í af tekjum á næstu árum. Í öðru lagi er þess að gæta, að reynslan frá 1961 sýnir það, að tollalækkun, sérstaklega á hátollavörum, vinnst upp með auknum löglegum innflutningi og minna smygli. Þó að mjög margar hátollavörur væru lækkaðar verulega 1961, og eins og ég gat um áður í ræðu minni, gaf það ríkissjóði auknar tekjur á árinu 1962 um nær 15 millj. fram yfir það, sem varð á árinu 1961, þá eru samt margar vörutegundir eftir enn, sem eru með háa tolla, milli 200 og 300% og jafnvel, eins og ég gat um, þar yfir. Og ég held, og það er sannfæring mín, að sama verði reynslan nú, þegar þeir tollar lækka og hámarkið verður 125%, algert hámark, þá muni þessar tollalækkanir einnig draga úr ólöglegum innflutningi á þessum vörutegundum og á þann veg gefa ríkissjóði auknar tekjur samkv. reynslunni. Í þriðja lagi má benda á það, að þær tollalækkanir, sem á þessu frv. eru gerðar fyrir atvinnuvegina í landinu, eiga ásamt mörgu öðru að örva atvinnulífið og atvinnuvegina, og þá að sjálfsögðu með aukinni framleiðslu og auknum þjóðartekjum að auka sjálfkrafa tekjur ríkisins. Í fjórða lagi má benda á það, að innflutningur til landsins fer að sjálfsögðu vaxandi ár frá ári, og þannig ætti innflutningurinn með óbreyttum tollstigum að gefa nokkuð auknar tolltekjur frá ári til árs. Ég nefni þessi fjögur atriði til skýringar á því, að frá hálfu ríkissjóðs er talið fært að lækka tolltekjurnar svo verulega, eins og gert er með þessu frv.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 29. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Frá því var skýrt í Morgunblaðinu s. l. þriðjudag, að tollskráin nýja eða tollskrárfrv. mundi væntanlega koma fram næsta dag og mundi fjmrh. þá að kvöldi þess dags gera grein fyrir henni á fundi í Varðarfélagi. En jafnframt var því bætt við, að menn hefðu beðið með mikilli óþreyju eftir hinni nýju tollskrá. Sama dag var frá því skýrt í dagblaðinu Vísi, málgagni hæstv. fjmrh., að menn hafi lengi beðið tollskrárinnar með eftirvæntingu. Og í Morgunblaðinu í fyrradag er sagt, að beðið hafi verið eftir skránni með eftirvæntingu. Þessi ummæli stjórnarblaðanna eru vissulega skiljanleg, þegar höfð er í huga sú skattaáþján, sem landsfólkið hefur átt við að búa af viðreisnarstjórnar völdum, og þegar þess er gætt, hversu oft er búið að gefa fyrirheit í sambandi við þessa væntanlegu tollskrá og þá ekki hvað sízt af hæstv. fjmrh.

Það er orðið býsna langt síðan hæstv. fjmrh. boðaði endurskoðun tollskrárinnar, það var þegar í desembermánuði 1959, og boðaði þá nýja tollskrá, þar sem vænta mætti mikilla og margvíslegra endurbóta í tollamálum, og síðan hefur hina væntanlegu nýju tollskrá borið á góma æði oft. Það er oft og við mörg og margvísleg tækifæri búið að gefa í skyn, hvers mætti vænta, er hin nýja tollskrá liti dagsins ljós. Í hvert skipti, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á nýja tolla eða skatta eða hækkað þær álögur, sem fyrir voru, og það er hreint ekki svo sjaldan, sem til þess hefur komið í tíð núv. hæstv. ríkisstj., þá hefur verið látið í það skína, að hér væri um bráðabirgðaúrræði að tefla eða menn yrðu að þola þessar álögur um sinn, en tollskráin nýja væri á næsta leiti, nýtt tollskrárfrv. yrði brátt fram lagt og þá yrði hægt að snúa þessu öllu til betri vegar, álögurnar mundu þá léttast, já, jafnvel sumir skattar alveg hverfa og verða lagðir niður. Og í hvert skipti, sem við stjórnarandstæðingar

höfum borið fram till. um tollalækkanir eða um afnám tolla af tilteknum vörum, þá hefur svarið jafnan verið á reiðum höndum af hálfu hæstv. ríkisstj. Svarið hefur jafnan verið eitt og hið sama, að ekkert væri hægt að lækka nú, ekkert væri hægt að lækka, eins og sakir stæðu, en öðru máli yrði að gegna, þegar nýja tollskráin kæmi, þá yrði þetta allt tekið til endurskoðunar og lagfæringar. Og þegar t. d. hæstv. ríkisstj. hefur framlengt hinn margumtalaða bráðabirgðasöluskatt sinn, sem upphaflega átti aðeins að gilda á árinu 1960, þá hefur hún alltaf haft þau huggunarorð á takteinum, að þessi skattur yrði afnuminn, þegar nýja tollskráin kæmi.

Það er sannarlega ekki að undra, þó að menn hafi beðið lengi með óþreyju og eftirvæntingu eftir þessari töfraskrá. Sérstaklega er skiljanlegt, að hennar hafi verið beðið með óþreyju og eftirvæntingu af þeim mönnum, sem eitthvert traust hafa borið til ríkisstj. Það er ekki búið að vekja svo fáar vonir í sambandi við þessa nýju tollskrá. Já, það er vissulega ekki að undra, þó að menn hafi beðið eftir því eftirvæntingarfullir, hvort ríkisstj. mundi nú aflétta einhverjum þeim álögum, sem hún hefur lagt á allan almenning í þessu landi nú í seinni tíð, því að sannleikurinn er sá, að í tíð engrar ríkisstj. hér á landi hafa álögur vaxið neitt svipað því og í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Álögur á landsfólkið hafa aldrei í allri Íslandssögunni vaxið neitt viðlíka og hjá þessari hæstv. ríkisstj. Hún er þar alger methafi, og vonandi verður þess langt að bíða, að því meti hennar verði hnekkt.

Það hefði vitaskuld mátt ætla, að þegar í kjölfar gengislækkananna á sinni tíð hefðu siglt einhverjar tollalækkanir. En það var nú síður en svo, að það ætti sér stað, því að eins og menn muna, þá var það einmitt svo í sambandi við hina fyrri miklu gengislækkun, sem átti sér stað 1960, að samhliða henni voru settar á nýjar álögur, og ber þar fyrst að nefna söluskattinn, bæði hinn almenna og svo viðbótarsöluskattinn á innflutningi. Og það var ekki látið nægja, því að jafnframt var t. d. alveg samhliða gengislækkuninni ákveðinn aukaskattur á benzín frá því, sem áður var, og aukatekjugjöld í ríkissjóð voru hækkuð um 50% samhliða gengislækkuninni, enda þótt gengislækkunin hlyti auðvitað að þýða margfalda hækkun á verðtollinum.

Þannig sem sagt brást hæstv. ríkisstj. við í sambandi við gengisfellingarnar. Það hafa ugglaust margir a. m. k. reiknað með því, að fljótlega á eftir þeim mundu koma til framkvæmda einhverjar lækkanir á aðflutningsgjöldum, en það var ekki fyrr en með l. nr. 90 frá 1961, sem tollur á nokkrum hátollavörum var lækkaður. Að öðru leyti hefur ekki verið um lækkanir á aðflutningsgjöldum að ræða í tíð núv. hæstv. ríkisstj., heldur þvert á móti, eins og ég kem að síðar. En hins vegar hefur oft verið á það minnzt, að lagfæringa og lækkana væri að vænta, þegar hin nýja tollskrá kæmi, og svo oft hefur verið á hana minnzt og það sérstaklega af hálfu hæstv. fjmrh., að í raun og veru hefur mátt kalla hana eins konar fagnaðarerindi fjmrh., sem hann hefur sí og æ á þessu kjörtímabili verið að veifa, bæði framan í þingheim og almenning.

Og nú er hún þá, þessi margumtalaða og lengi þráða skrá, loksins komin fram. Eftir að búið er að tala um hana allt kjörtímabilið, þá er hún þó nú að lokum komin fram á síðasta þingi kjörtímabilsins og á síðustu starfsvikum þess þings. Nú geta menn séð efndir gefinna fyrirheita. Það er nú hætt við því, að þeir, sem búizt hafa við miklum tollalækkunum í sambandi við þessa tollskrá, verði fyrir nokkrum vonbrigðum. Það er hætt við því, að þeim þyki tollalækkanirnar nokkuð naumt skammtaðar, og það er hætt við því, að þeim þyki heldur litlu skilað aftur af öllum þeim álögum og álagahækkunum, sem átt hafa sér stað, meðan núverandi stjórnarsamvinna hefur staðið yfir. En auðvitað var verulegra tollalækkana ekki að vænta og er ekki að vænta að óbreyttri stjórnarstefnu. Að því verður betur vikið síðar. Það mun allt liggja ljósar fyrir, þegar málið hefur verið athugað í nefnd. Um það skal ég ekki fjölyrða að sinni, en kem lítillega að því síðar.

En á þessu stigi kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á meðferð þessa máls og gera við hana nokkrar aths. Setning heildarlöggjafar um tollskrá er ákaflega flókið, vandasamt og umfangsmikið verk. Það þarf að sjálfsögðu mikinn og vandaðan undirbúning, og það þarf líka og ekki síður, ef vel á að vera, nákvæma og vandlega athugun á Alþ. Þm. er gersamlega ókleift að setja sig inn í svo umfangsmikið mál á stuttum tíma. Mál sem þetta ætti því að réttu lagi að leggja fram í þingbyrjun, svo að alþm. gefist nægilegt ráðrúm til að íhuga það. En nú er þetta stórmál lagt fram í þinglok að kalla má, og þinginu er ætlað að afgreiða þennan umfangsmikla lagabálk á aðeins örfáum starfsdögum og það á þeim tíma, sem annir þingsins eru að öllum jafnaði allra mestar. Það segir sig sjálft, að hvorki þingnefndum né einstökum þm. gefst nægur tími til athugunar á þessum málum. Með slíkum starfsháttum er stjórnin, sem fyrst og fremst og reyndar ein hefur haft ráðin um undirbúning þessa máls með höndum, í raun og veru að draga völd frá Alþingi.

Ég get ekki stillt mig um að benda aðeins á það í þessu sambandi, hversu þessir starfshættir, sem ég nú hef drepið á, og starfshættir allir við undirbúning þessa frv. eru gerólíkir þeim starfsháttum, sem viðhafðir voru með setningu tollskrárinnar 1939. En þá var fyrst, eins og mönnum er kunnugt, sett heildarlöggjöf um þessi málefni, tollamálefni. Tollskrárfrv. 1939 var undirbúið af sérstakri mþn., sem skipuð var samkv. þál. frá Alþ. 1938, og í þessari mþn. áttu sæti fimm menn, einn frá hverjum stærstu flokkum þingsins, og til viðbótar skattstjóri í Reykjavík og tollstjóri. Toll-

skrárfrv. var þá lagt fram í þessari hv. d. 1. marz 1939. Og það var til meðferðar hér í þessari hv. d. í marz og þar til það var síðast hér þá til umr. 17. apríl, en þinghlé var tekið það ár eða þingi var frestað 26. apríl og til 1. nóvember það ár, — en það var hér til 3. umr., þegar þingi var frestað. Það var svo, eftir að þing kom saman aftur um haustið, loks samþ. og afgr. til Nd. 8. nóv. Þar var því vísað til 2. umr. og fjhn. 14. nóv., og til 3. umr. var því ekki vísað fyrr en 18. des., og það var ekki endanlega samþ. fyrr en 29. des. Menn beri nú aðeins þetta saman við þá málsmeðferð, sem nú er viðhöfð og fyrirhuguð.

Það tollskrárfrv., sem hér liggur fyrir, er að vísu sagt undirbúið af nefnd, en þó held ég, að það sé tæpast hægt að segja, að þar hafi um nefndarskipun verið að tefla, enda segir svo í aths., að fjmrh. hafi falið þar til greindum fjórum embættismönnum að annast þessa endurskoðun, þannig að það má segja, að þetta tollskrárfrv., sem nú liggur fyrir, sé undirbúið af ákveðnum embættismönnum, vitaskuld samkv. forsögn hæstv. ríkisstj. og þá væntanlega fyrst og fremst hæstv. fjmrh., en þó er það sjálfsagt fyrst og fremst undirbúið af sjálfu fjmrn.

Ég vil taka það sérstaklega skýrt fram, að ég efast ekki um, að þeir ágætu embættismenn, sem þarna eru tilgreindir, og þeir starfsmenn fjmrn., sem um þetta hafa fjallað, hafa út af fyrir sig unnið hér gott starf og frá hinni tæknilegu hlið frv. sé út af fyrir sig vel gengið. En ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að það sé miklu eðlilegri undirbúningur á löggjöf sem þessari og á slíku máli sem þessu, að það sé undirbúið af mþn., þar sem ýmis sjónarmið geta komið fram, en vitaskuld er hitt jafnsjálfsagt og nauðsynlegt, að slík n. hafi aðgang að eða hafi sér við hlið embættismenn eða sérfræðinga í þessum málum. Það má líka í þessu sambandi benda á þá endurskoðun á tollskránni, sem fram fór 1954 og aðallega var gerð með tilliti til iðnaðarins. En sú breyt. var líka undirbúin af sérstakri fimm manna mþn., en eins og menn vita var sú lagabreyting síðan felld inn í meginmál tollskrárinnar frá 1939 og hún gefin út að nýju sem núgildandi tollskrá nr. 90 frá 1954. Sú breyting, sem þá var gerð, var auðvitað ekki nema örlítið brot á móti þeim umfangsmikla lagabálki, sem hér er um að tefla. En ég hygg, að þinginu hafi þá verið ætlaður eins langur tími eða lengri tími til þess að fjalla um þær breyt. eins og Alþ. nú virðist vera ætlaður til þess að fjalla um allt þetta umfangsmikla mál.

Þó að ég hafi hreyft aths. við sjálfan undirbúninginn að þessu leyti, að ég hefði talið eðlilegra, að þetta hefði verið undirbúið af mþn., þar sem fulltrúar t. d. frá stjórnmálaflokkunum hefðu átt aðild að, þá er þó það, sem er alveg sérstaklega forkastanlegt í sambandi við þetta mál, að leggja frv. nú fyrst fram í þinglokin og ætla að keyra málið í gegnum þingið á nokkrum dögum að kalla má. Það er, eins og ég hef þegar tekið fram, augljóst mál, að þm. gefst á þeim tíma alls ekkert ráðrúm til athugunar á þessu mikilvæga máli, þannig að niðurstaðan verður sú, að málinu er í reyndinni ráðið til lykta utan dyra Alþ. En það, sem verst er, er það, að þetta er því miður ekkert einstakt að þessu leyti. Þau vinnubrögð, sem á að viðhafa í sambandi við það, gefa tilefni til þess, að það sé rifjað upp og á það minnt, hver vinnubrögð þingsins nú að undanförnu hafa verið. Og það er alveg sérstakt tilefni til þess, af því að málgögn núv. stjórnarflokka hafa gert talsvert mikið að því upp á síðkastið að státa af vinnubrögðum þessa þings og bera það saman við önnur fyrri þing. En því fer náttúrlega fjarri, að þetta þing þoli að því leyti samanburð við, að ég ætla, nokkurt þing. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta þing hefur lengst af í vetur setið aðgerðalítið, og það er mönnum í þessari hv. d. allra bezt kunnugt um, að málefni, sem það hefur haft til meðferðar, hafa verið af skornum skammti. En nú á allra síðustu vikum þingtímans er lagt fram hvert stjfrv. á fætur öðru og sum mjög umfangsmikil, sem þyrftu, ef vel ætti að vera og þm. ætluðu að gegna sinni skyldu, að fá nákvæma athugun. Niðurstaðan af þessum vinnubrögðum verður auðvitað sú, að málin eru drifin gegnum þingið án nokkurrar verulegrar athugunar í þinginu sjálfu og venjulegast án þess að nokkur lagfæring fáist á, jafnvel þótt auðsæ missmíði séu þar á. En hitt er þó auðvitað algengara, að vegna þess að þessir starfshættir eru viðhafðir, þá fari gegnum þingið löggjöf, sem er ekki svo vel og rækilega undirbúin sem skyldi. Hitt er svo augljóst mál, að slík vinnubrögð sem þessi verða virðingu þingsins með ýmsum hætti til hnekkis.

Ég hygg, að allir hv. þm. verði að játa, að hér er aðeins réttum staðreyndum lýst, og ég hygg, að þeir muni með sjálfum sér allir taka undir það, að á þessu þyrfti að verða breyting. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að þetta, sem ég hef hér sagt, má ekki skoða að neinu leyti sem gagnrýni á forseta þingsins, vegna þess að við þá er náttúrlega ekkert að sakast í þessu efni. Þessi vinnubrögð — að koma fram með umfangsmikla lagabálka ekki fyrr en á síðustu dögum þingsins — eru auðvitað algerlega á ábyrgð hæstv. ríkisstj., og gagnrýni út af því hlýtur að beinast að henni.

Það má kannske segja, að þetta hafi verið útúrdúr. En ég gat ekki stillt mig um að benda á þetta, einmitt í sambandi við meðferð þessa máls, sem ég leyfði mér að gera nokkrar aths. við.

Um frv. sjálft, sem hér liggur fyrir, verður af skiljanlegum ástæðum fátt eitt sagt á þessu stigi. Það er flóknara og yfirgripsmeira en svo, að það hafi gefizt nokkurt tóm til þess að átta sig á því í einstökum atriðum. Eins og þegar hefur komið fram og frv. sjálft ber með sér og hæstv. fjmrh. gerði glögglega grein fyrir í framsöguræðu sinni hér í gær, eru með frv. þessu helztu tollar og aðflutningsgjöld

sameinuð í einn toll, verðtoll, þ. e. a. s. vörumagnstollur og verðtollur með þeim álögum, sem verið hafa, og 15% söluskatturinn, innflutningsgjaldið, tollstöðvagjaldið og byggingarsjóðsgjaldið, allt er þetta sameinað í einn toll, einn verðtoll. Sameining fleiri aðflutningsgjalda í einn toll verður út af fyrir sig að telja til bóta og til hagræðis, bæði fyrir innflytjendur og ríkið sjálft. Má því fallast á þá stefnu frv.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að hverfa nær alveg frá vörumagnstolli og nota hér eftir einungis verðtoll nema í örfáum undantekningartilfellum. Hér er um talsvert mikla stefnubreytingu að ræða frá því 1939, þegar tollskráin í öndverðu var sett, og þá sérstaklega frá því, sem talið var að við ætti fyrir þann tíma, því að mér skilst, að tollar og aðflutningsgjöld fyrir setningu tollskrárinnar 1939 hafi fyrst og fremst verið vörumagnstollur, en þá var horfið að þessu ráði, að taka upp hvort tveggja vörumagnstoll og verðtoll, og var þó upphaflega, þegar tollskráin var þá sett, gert ráð fyrir því, að vörumagnstollurinn yrði öllu fyrirferðarmeiri. En breyttir tímar hafa haft í för með sér breytingu á því. Það má segja, að hvor tollunaraðferðin sem er hafi sína kosti og sína galla. Það hefur verið talið vörumagnstollinum til gildis, að hann væri einkar auðveldur í framkvæmd, hann þyrfti ekki að byggja á neinum skýrslum, þar væri hægt fyrir tollyfirvöld að ganga að hinum innflutta varningi, vega hann og mæla. Þar yrði þess vegna engum missögnum við komið. Ókosturinn á vörumagnstollinum er hins vegar auðsær, a. m. k. frá sjónarmiði þess opinbera, þ. e. að hann fer ekkert eftir verðmæti vörunnar og gefur ríkissjóði því ekki auknar tekjur, þótt stórfelldar verðbreytingar eigi sér stað. Verðtollurinn er aftur á móti frá sjónarmiði ríkisins hentugur að því leyti til, að hann miðast við verðlagið og tekur breytingum eftir breyttu verðlagi. Hins vegar má telja það ókost á verðtollinum, að hann verður að byggja á skýrslum innflytjenda. Og það getur átt sér stað, að þær skýrslur reynist misjafnar, og þarf því a. m. k. vakandi eftirlit með því og athugun á því, hvort þær séu réttar. En hvað sem nú um kosti og ókosti þessara tvenns konar aðferða má segja, þá hefur víst niðurstaðan orðið sú, að flestar þjóðir hafa á síðari árum í æ vaxandi mæli horfið frá vörumagnstolli og að verðtolli og svo hefur einnig verið gert hér. Ég verð því að telja þessa breytingu út af fyrir sig eðlilega, þegar alls er gætt, að hverfa með öllu frá vörumagnstollinum og að verðtollinum. Að því leyti, sem þetta frv. þannig horfir til sameiningar og samræmingar á tollum og aðflutningsgjöldum, verður að mínum dómi að telja það til bóta.

Ég mun nú ekki hér fara að ræða um flokkun í þessu frv. eða uppsetningu þess. Það má vitaskuld hugsa sér það gert með ýmsum hætti, og það hafa ýmsar og mismunandi aðferðir tíðkazt í þeim efnum. Sérstaklega hefur verið fylgt þar tveimur mismunandi aðferðum, annars vegar að byggja á bókstafakerfi, hins vegar að byggja á vöruflokkum. Ég hygg, að það kerfi að byggja á vöruflokkum sé yfirleitt notað nú. Það, sem mestu skiptir í sambandi við slíka uppbyggingu tollskrár formlega séð, er, að hún sé gerð í samræmi við það, sem tíðkast hjá öðrum þjóðum og þá einkanlega þeim, sem mest skipti eru við. Það er þess vegna ofur skiljanlegt, að það hafi verið reynt með samvinnu þjóða á milli að samræma þessar aðferðir og koma á nokkuð föstu kerfi, og það skilst mér að hafi verið gert sérstaklega með þessari svokölluðu Brüssel-samþykkt. Og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri samþykkt. Ég held þess vegna, að það sé ekki út af fyrir sig ástæða til þess að gera aths. við hina formlegu uppbyggingu þessa frv., a. m. k. ekki í meginatriðum.

Samkv. frv. þessu er um nokkrar tollalækkanir að ræða á einstökum vöruflokkum. Eru þær margar a. m. k. góðar, svo langt sem þær ná. Á öðrum flokkum er hins vegar um hækkun að ræða. Lækkanir og hækkanir í þessu frv. er því að finna nokkuð sitt á hvað, eins og reyndar hæstv. fjmrh. nefndi dæmi um og gerði nokkuð grein fyrir í framsöguræðu sinni hér í gær. Það má t. d. nefna þetta, sem minnzt hefur verið á, að tollur á bifreiðum er hækkaður úr 81% upp í 90%. Á móti kemur svo aftur lækkun á bifreiðavarahlutum úr 77 niður í 35%. Aftur á móti kemur svo til hækkunar á varahlutum í bátavélar, úr 21 upp í 35. Og þannig mætti í sjálfu sér lengi telja, að þetta er nokkuð sitt á hvað. Þó hygg ég, að lækkunarliðirnir séu mun fleiri. En það þarf út af fyrir sig ekki að segja mikið, heldur skiptir hitt auðvitað meginmáli, á hverjum liðum er hækkun og á hverjum liðum er lækkun, hve mikið sem sagt þeir liðir vega í innflutningi, sem eru hækkaðir eða lækkaðir, þegar á að mynda sér heildarmynd af því, hver útkoman er eftir þessu frv.

Þó að það sé ljóst við lauslegan yfirlestur á frv., að það sé um talsverðar lækkanir að ræða á ýmsum vöruflokkum, þá verður það jafnframt auðsætt, að í þessu frv. er ekki um verulegar tollalækkanir í heildinni að ræða. Þetta jafnast nokkuð upp. Þetta verður sérstaklega ljóst, þegar þess er gætt, að heildarlækkanir samkv. frv. eru í grg. áætlaðar nema 97 millj. kr. Það verður ekki talin nein stórkostleg tollalækkun, allra sízt þegar tillit er tekið til þeirra síauknu álaga á almenning, sem átt hafa sér stað í tíð núv. ríkisstj. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu ýtarlega hér, en ég ætla þó aðeins að minna á nokkrar þær álögur, sem núv. stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir og staðið að. Það er til þess raunar líka fullkomið tilefni, vegna þess að formælendur stjórnarflokkanna eða a. m. k. málgögn þeirra hafa borið sér það í munn, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið horfið frá skattránsstefnu fyrri ríkisstj., sérstaklega vinstri stjórnarinnar, sem þeir nefna, þannig að þótt hæstv. fjmrh. léti þess ekki sérstaklega getið hér í gær, þá er tilefni til þess, — það er

leiðinlegt, ef fjmrh. hlustar ekki á þetta, ef hann skyldi vera farinn að gleyma einhverju af þessum álögum, sem á hefur verið komið í hans stjórnartíð, — en ég tek það fram um þessar álögur, sem ég nefni hér, að þar er ekki eingöngu um að ræða skatta, sem renna í ríkissjóð, en ég skal fara mjög fljótt yfir sögu og þá ekki sízt af því, að hæstv. fjmrh. er svo vant við látinn, að hann hefur ekki tíma til þess að vera við umr. Ég minni þá fyrst á hinn almenna 3% söluskatt. Það er skattur, sem núv. stjórnarflokkar innleiddu. Að vísu var áður 9% söluskattur á iðnaðarvörum, en hann rann í útflutningssjóð. Ég minni á 8% innflutningssöluskattinn, sem aðeins átti að standa til bráðabirgða, en sífellt hefur verið framlengdur frá ári til árs. Ég minni á þá hækkun á innflutningsgjaldi á benzíni, sem átt hefur sér stað, en það var hækkað einmitt í efnahagsl. frá 1960 um 34 aura á hvern benzínlítra, auk þess sem 50 aurar af hverjum benzínlítra, sem áður runnu til útflutningssjóðs, voru eftir efnahagslögin og gengisbreytinguna til viðbótar látnir renna í ríkissjóð. Ég minni líka á 50% hækkun á aukatekjugjöldum í ríkissjóð, sem ákveðin var í efnahagslögunum nr. 4 frá 1960 og enn stendur óbreytt. Á yfirstandandi kjörtímabili hafa auk þess margs konar þjónustugjöld ríkisfyrirtækja verið hækkuð stórkostlega. Nægir í því sambandi t. d. að benda á póstgjöld, símagjöld, útvarpsgjöld, rafmagns- og hitaveitugjöld o. s. frv., o. s. frv. Útflutningsgjald af sjávarafurðum hefur verið stórhækkað. Það hefur verið lögleiddur sérstakur skattur, launaskattur, að kalla má, á bændur, 1% álag á söluvörur landbúnaðar, en það er í raun og veru alveg sérstakur skattur að því leyti til, að hann fæst ekki reiknaður inn í verð landbúnaðarafurðanna og verður því ekki talinn söluskattur, heldur launaskattur á bændur. Jafnframt hefur svo aftur sérstakur söluskattur verið lagður á landbúnaðarafurðir, 0.75%, samkv. l. um stofnlánadeild landbúnaðarins. Það hefur nýlega verið lögleiddur 0.4% skattur á iðnaðinn til iðnlánasjóðs. Það hefur verið lögleitt sérstakt gjald í ríkisábyrgðasjóð. Í framlögðu frv. hér á hv. Alþ. er gert ráð fyrir söluskatti á sement, innflutt, og framleiðslugjald líka á sement innanlands, aðflutningsgjaldi á timbri og steypustyrktarjárni og skatti á útborguð laun iðnaðarmanna hjá iðnfyrirtækjum til þeirrar starfsemi eða framkvæmda, sem um er að ræða í því frv. Þessi orð mín má ekki skilja svo, að ég sé andvígur þeirri starfsemi, sem þar er um að tefla, þó að ég nefni þessi nýju gjöld, sem lögð eru á í þessu sambandi. En eins og sjá má af þessari upptalningu, þá hefur hér ekki verið um neinar smávegis álögur að ræða. En þar við bætist svo það, sem sízt af öllu má gleymast, að á þessu tímabili hafa farið fram stórfelldar gengislækkanir tvisvar sinnum, 1960 og 1961, og auðvitað hefur verðtollurinn, eins og ég hef raunar áður tekið fram, raunverulega stórkostlega hækkað við gengislækkanirnar.

Hugmynd um hinar miklu og gífurlega auknu álögur á almenning til ríkissjóðs má einnig fá með því að bera saman tekjur ríkissjóðs samkv. fjárl. fyrir árið 1958 og svo aftur samkv. fjárl. fyrir yfirstanandi ár. Í fjárl. fyrir árið 1958, þegar framsóknarmenn fóru með fjármálastjórnina, og málgögn núv. stjórnarflokka hafa viljað kenna við skattránsstefnu, þá voru skattar og tollar samtals áætlaðir 623 millj. og 400 þús. Í fjárl. fyrir árið 1963 eru skattar og tollar áætlaðir 1848 millj. kr. Hækkunin á tollum og sköttum á þessu tímabili nemur því 1225 millj. kr. Heildartekjur ríkissjóðs samkv. fjárl. fyrir 1958 voru 805 millj. kr. Samkv. fjárl. yfirstandandi árs eru þær, heildartekjurnar, áætlaðar 2 milljarðar 195 millj. kr. eða hafa hækkað um ca. 1390 millj. kr.

Það er líka hægt að bera saman ýmsa einstaka tolla þessara tveggja ára og sjá, hver breytingin hefur orðið. Ég skal nú ekki fara langt út í það að breyta hv. þm. á því. Ég get aðeins nefnt, að verðtollurinn var samkv. fjárl. fyrir 1958 áætlaður ca. 174 millj. Hann er áætlaður í fjárl. fyrir yfirstandandi ár 567 millj. Í fjárl. fyrir árið 1958 voru aukatekjur ríkisins, aukatekjugjöldin, áætluð 12½ millj. kr., en eins og ég sagði áðan, voru aukatekjugjöldin einmitt hækkuð um 50% með efnahagslögunum. Þau eru áætluð í fjárlögum yfirstandandi árs 29 millj. kr. Söluskatturinn var í fjárl. fyrir 1958 áætlaður 115 millj. kr., en hann er nú samkv. fjárl. yfirstandandi árs samtals áætlaður um 520 millj.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þessar tölur. Mér er ljóst, að það má hreyfa þeim aths. við þær, að það sé um áætlunartölur að ræða, það sé ekki rétt að bera þær saman. Það er rétt, í báðum tilfellum er um áætlunartölur að ræða og tekjur ríkissjóðs 1958 urðu meiri en fjárlagaáætlun sagði til. En ég hygg líka, að það megi ganga út frá því, að tekjur ríkissjóðs 1963 verði meiri en fjárlagaáætlunin segir til um. Ég hygg því, að þegar endanlegar ríkisreikningatölur liggja fyrir og hægt er að bera saman þær raunverulegu tölur um það, hverjar tekjur ríkissjóðs hafi orðið 1958 og 1963, þá muni sú mynd, sem ég hef hér brugðið upp, ekki mikið skekkjast. Mér er það líka ljóst, að það má vel segja, að þessar tölur og þessi hlið málsins, hvað greitt er í ríkissjóð og hvað er í ríkissjóð tekið, segi ekki alla söguna, hitt skipti meginmáli, til hvers þeim tekjum er varið. Og ég skal fúslega játa það og viðurkenna, að það er sanngjarnt t. d., þegar borið er saman, hvað álögur hafa verið auknar á almenning á þessu tímabili, að taka tillit til þess, að almannatryggingar hafa verið auknar á þessu tímabili og að ríkissjóður greiðir meira til þeirra. En þó að tillit sé tekið til þess, þá sjá það allir, að sú fjárhæð, sem þar er um að tefla, er ekki nema agnarsmátt brot af þeirri stórfelldu hækkun á álögum á almenning, sem átt hefur sér stað samkv. því, sem ég nú hef rakið, á þessu stjórnartímabili hæstv. ríkissti. Og þegar allt þess er gætt, sem ég nú hef sagt, þá verð ég að segja, að það

er meira en meðal-óskammfeilni hjá hv. stjórnarstuðningsmönnum og þeirra málgögnum að tala um skattránsstefnu hjá öðrum mönnum og öðrum stjórnum.

Þegar litið er til þess, sem hér hefur verið sagt, er augljóst, að það er ekki hægt að tala um neinar verulegar tollalækkanir, þó að miðað sé við þær 97 millj., sem í grg. er gert ráð fyrir að tollabyrði léttist um. En þar við bætist nú, að eftir frv., eins og það var lagt fram og eins og það liggur fyrir, þá verður nú ekki séð, að álögur á almenning lækki raunverulega um þá upphæð, þar sem það er gert ráð fyrir því í frv., að niður falli eftir árslok 1963 hluti jöfnunarsjóðs af 8% söluskattsviðaukanum, hann falli niður við það, að söluskatturinn er innlimaður í verðtollinn. Hæstv. fjmrh. gerði að vísu grein fyrir því í framsöguræðu sinni hér í gær, að það mundi vera ætlunin að bæta sveitarfélögunum upp þann tekjumissi, án þess að um nýjar álögur yrði að ræða, að mér skildist. En eftir frv., eins og það liggur fyrir, þá verður það ekki séð, og ég vil aðeins því til styrktar leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, þá mgr. 40. gr. frv., sem um þetta fjallar. Þar segir svo:

„Greiða skal á árinu 1963 af innheimtum aðflutningsgjöldum samkv. tollskrá til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkv. 1. tölul. 1. gr. l. nr. 10 1960, um söluskatt, og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga nái 104 millj. kr. á árinu 1963."

Og í aths. við þetta ákvæði segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og annars staðar er getið, fellur nú innflutningssöluskatturinn niður og verður yfirleitt verðtollur einn á þeim vörum, sem eigi eru tollfrjálsar. Af því leiðir, að frá gildistöku tollskrárinnar fellur niður hluti jöfnunarsjóðs af 8% innflutningssöluskattinum. Verður að bæta jöfnunarsjóði þann tekjumissi. Er hér lagt til, að það verði gert með því móti, að jöfnunarsjóði verði á árinu 1963 greitt af innheimtum aðflutningsgjöldum samkv. tollskrá það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkv. 1. tölul. 1. gr. l. nr. 10 1960, um söluskatt (þ. e. 3% skattinum), og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga (8% innflutningssöluskattinum nái 104 millj. kr. á árinu 1963. En í áætlun fjárl. fyrir árið 1963 er gert ráð fyrir, að hluti jöfnunarsjóðs á því ári nemi 104 millj. kr."

Það er alls ekki minnzt á það í þessum aths., að það sé ætlunin að bæta jöfnunarsjóði og sveitarfélögunum upp þennan tekjumissi til frambúðar. Það er í þessum aths., eins og í mgr. í 40. gr. sjálfri, aðeins talað um árið 1963, það er hvergi minnzt á framtíðina, og ég verð að segja, að eins og frá þessu er gengið í þessu frv., er ekki hægt að skilja það á annan veg en þann, að eftir árslok 1963 falli algerlega niður sú greiðsla í jöfnunarsjóð, sem svarar til 1/5 af 8% innflutningssöluskattinum. Ef það hefði verið meiningin eða væri meiningin, þá er augljóst mál, að sveitarfélögin verða þá fyrir tilsvarandi tekjumissi, og það hefði vitaskuld ekki verið nein von til þess, að sveitarfélögin hefðu komizt af án þess að fá þann tekjumissi bættan með einhverjum hætti. Og þar sem 8% viðbótarsöluskatturinn er nú samkv. fjárl. yfirstandandi árs áætlaður 267 millj. 400 þús., ef ég man rétt, þá er þar um að tefla 1/5 af þeirri upphæð, sem hluti jöfnunarsjóðs er, þannig að það eru yfir 50 millj. Ef hefði átt að taka frv. eins og það liggur fyrir, þá hefði mátt ætla, að raunverulég lækkun á tollabyrðinni á almenning vegna þessarar nýju tollskrár yrði ekki nema 43—44 millj. kr., því að vitaskuld hefðu sveitarfélögin orðið að leggja þær álögur, sem þessu svaraði, á almenning.

Nú er það hins vegar svo, að þrátt fyrir það, þó að frv. sé á þennan hátt úr garði gert, sem ég hef gert grein fyrir, og það verði ekki annað ráðið af því en það, sem ég hef haldið fram, þá hefur hæstv. fjmrh. lýst því yfir í framsöguræðu sinni hér í gær, að það sé ekki meiningin og hafi ekki verið meiningin að svipta sveitarfélögin þessum tekjustofni og að það sé ætlunin að leggja fram á þessu þingi og ganga frá því, áður en þessu þingi lýkur, að mér skildist, að þau fái þennan væntanlega tekjumissi upp bættan með einhverjum hætti, og benti hann í því sambandi á þrjár leiðir, sem gætu komið til greina, þ. e. a. s. ákvörðun í fjárl. í hvert eitt skipti, ákveðinn hundraðshluta af verðtollinum eftir tollskránni eða þá ákveðinn hluta eða hækkun þess hundraðshluta, sem til sveitarfélaga rennur af hinum almenna söluskatti, þannig að þessar yfirlýsingar fjmrh. verður að sjálfsögðu að skilja á þá lund, að sveitarfélögin eigi að fá þennan tekjumissi upp borinn, án þess að um nýjar álögur á almenning verði að ræða af því tilefni.

Þessari yfirlýsingu fjmrh. er að sjálfsögðu rétt að fagna. Framsóknarmenn hafa lagt til oftar en einu sinni, að það yrði horfið frá söluskattinum, en þeir hafa þá jafnframt tekið fram, að það yrði gert ráð fyrir því, að sveitarfélögunum yrði bættur upp sá tekjumissir, sem þau yrðu fyrir af þeim sökum.

En jafnvel þó að miðað sé við þessa tölu, sem frv. nefnir, 97 millj. kr., þá er ljóst, að þetta frv. leiðir ekki til verulegra lækkana á tollabyrðinni í heild sinni, eins og ég þegar hef tekið fram, þó að um talsverða lækkun á einstökum vörum sé að ræða, og sú fjárhæð er vitaskuld ekki nema örlítið brot af þeim álögum, sem núv. stjórnarflokkar hafa lagt á landsfólkið. Hún er meira að segja ekki nema brot af 8% bráðabirgðasöluskattinum einum, sem samkv. fyrirheiti stjórnarflokkanna átti aðeins að vera til bráðabirgða og búið er að marggefa i skyn að felldur yrði niður, þegar hin nýja tollskrá tæki gildi. En það er nú eitthvað annað en að bráðabirgðasöluskatturinn sé felldur niður með þessu frv.

í raun og veru. Hann er þvert á móti felldur inn í verðtollinn og þar með lögfestur til frambúðar og aðeins litlu broti af honum skilað aftur, eins og ég þegar hef tekið fram.

Þar sem hinn margumtalaði söluskattur er nú þar með endanlega felldur inn í tollakerfið og lögfestur til frambúðar, þá væri í sjálfu sér rétt að rifja upp sögu hans, en ég skal þó aðeins gera það með örfáum orðum, af því að ég vil ekki hrella hæstv. fjmrh. með allri þeirri sögu, af því að ég skil það, að honum þyki það enginn skemmtilestur. En um hann er í stuttu máli það að segja, að það var tekið fram í grg. með fjárlfrv. fyrir 1960 á sínum tíma, að það væri ekki ætlunin, að það væri gerð nein breyting á innflutningssöluskattinum. Sú staðhæfing var endurtekin í viðreisnarbæklingnum. Hins vegar var svo skömmu síðar lagt fram frv. um söluskatt, þar sem gert var ráð fyrir þessum viðbótarsöluskatti, 8% af innflutningi til viðbótar 7% söluskattinum, sem var á innflutningi, en þessi viðbótarsöluskattur átti aðeins að gilda til ársloka 1960, og var hann rökstuddur m. a. með því, að hans væri nauðsyn, af því að hinn almenni söluskattur yrði ekki innheimtur nema tiltekið tímabil á árinu 1960. Það hefði mátt ætla, að þessi söluskattur yrði ekki framlengdur, því að það voru gefnar út yfirlýsingar um það, a. m. k. í málgögnum stjórnarinnar, og víst er um það, að hinum norska sérfræðingi, sem fenginn var til að athuga málefnin hér, hefur verið sagt það, því að hann lét þess getið í skýrslu sinni. En það varð ekki af efndum, því að hann var framlengdur í árslok 1960 með lagabreytingu á söluskattslögunum. Í árslok 1961 var honum hins vegar bætt inn í framlengingar á ýmsum gjöldum. En í öll þessi skipti hefur það a. m. k. verið látið í veðri vaka, — það er ekki of sterkt að orði kveðið, — að þessum bráðabirgðasöluskatti yrði aflétt, þegar tollskráin nýja kæmi. Nú sjá menn efndirnar á því. Það er vitaskuld ekki hægt að tala um það, að honum sé aflétt, þó að nýtt heiti sé tekið upp á skattinum. Það er augljóst, að honum er ekki aflétt, þegar heildarlækkun tollabyrðarinnar nemur, jafnvel þótt miðað sé við frv., ekki nema 97 millj. kr., ekki bráðabirgðasöluskattinum, eins og ég þegar hef tekið fram, þannig að eftir framkomu þessa frv. þýðir náttúrlega ekki lengur fyrir hæstv. ríkisstj. að halda því fram, að viðbótarsöluskatturinn eigi að afnemast. Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þennan skatt.

Ríkisstj. hefur lýst oft og með fögrum orðum þeirri stefnu sinni að gera skattakerfið einfaldara. Það má að vísu segja, að þetta frv. út af fyrir sig sé í samræmi við þá stefnu. Hins vegar fer því fjarri, að sú regla gildi á ýmsum öðrum sviðum, því að ríkisstj. hefur einmitt verið sérstaklega athafnasöm við að fá samþykkta sérskatta, þannig að nú er einn skatturinn innheimtur hér, annar þar o. s. frv. Þessu til sönnunar nægir að nefna nokkra þá skatta, sem ég áðan nefndi, eins og skattana til stofnlánadeildar landbúnaðarins, útflutningsskattinn á útfluttar sjávarafurðir, skattinn á iðnaðinn, skattinn á timbur, sement og steypustyrktarjárn, sem meiningin er að lögleiða, og fleira af því tagi.

Við framsóknarmenn höfum bæði á þessu þingi og fyrirfarandi þingum flutt till. um að lækka eða létta af með öllu aðflutningsgjöldum af tilteknum vörum, svo sem af ýmsum landbúnaðarvélum, en þær till. okkar hafa ekki náð fram að ganga. Stjórnarliðið hefur ýmist fellt þær eða svæft. Á þessu þingi höfum við t. d. flutt 3 slík frumvörp: Frv. um afnám aðflutningsgjalda og söluskatts af vélum og tækjum til landbúnaðar. Samkv. því frv. skulu t. d. hjóladráttarvélar, sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar, mjaltavélar o. fl. vera með öllu undanþegnar aðflutningsgjöldum, en þessar vörur munu nú vera í heildartolli, sem nemur frá 21% og upp í 34%. Í öðru lagi hafa framsóknarmenn flutt frv. um afnám innflutningsgjalds af tilteknum heimilisvélum, svo sem eldavélum, suðu- og hitatækjum, hrærivélum, ísskápum, bónvélum og ryksugum o. s. frv., þ. e. a. s., þær skyldu vera undanþegnar hinu sérstaka innflutningsgjaldi samkv. efnahagslögunum. Enn fremur hafa framsóknarmenn flutt frv. um að undanþiggja landbúnaðarbifreiðar, læknabifreiðar, leigubifreiðar og vörubifreiðar hinu sérstaka innflutningsgjaldi á bifreiðar, sem lagt er á samkv. 16. gr. efnahagsl., nr. 4 frá 1960, en það gjald má samkv. þeim l. vera allt að 135%. En það mun samkv. þeirri heimild hafa verið lagt t. d. á innfluttar leigubifreiðar og fólksbifreiðar atvinnubílstjóra ýmist 60 eða 80% aukagjald eftir stærð bifreiðanna. Í tollskrárfrv. því, sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti gengið til móts við þessar till. framsóknarmanna. Þannig er tollur á landbúnaðarvélum almennt lækkaður niður í 10% úr 34 eða 21%. Leiðir þetta óneitanlega til talsverðrar lækkunar, t. d. á hjóladráttarvélum, þó að sú lækkun sé auðvitað ekki nema brot af þeirri hækkun, sem á þeim vélum hefur orðið frá því á árinu 1958. Tollur á heimilistækjum er sömuleiðis lækkaður nokkuð samkv. þessu frv. Hins vegar er ekki í því gert ráð fyrir að hreyfa neitt við hinu sérstaka innflutningsgjaldi á bifreiðar samkv. l. nr. 4 frá 1960. En fjmrh. lýsti því hins vegar yfir hér í gær, að ríkisstj. hefði ákveðið að gera nokkra lækkun, a. m. k. á ákveðnum gjöldum, sem innheimt hafa verið af fólksbifreiðum atvinnubifreiðastjóra, eða að mér skildist lækka þau gjöld, sem innheimt hafa verið, úr 80% og 60%, eins og hefur verið, um helming, niður í 40 og 30%.

Framsóknarmenn fagna að sjálfsögðu þeirri lækkun, sem fengizt hefur á aðflutningsgjöldum á landbúnaðarvélar og ýmis heimilistæki, þó að þar sé skemmra gengið með þessu frv. en eftir þeirra till. En að sjálfsögðu verður það athugað við meðferð málsins, að svo miklu leyti sem tóm vinnst til, að koma fram frekari lækkun á ýmsum liðum, þ. á m. þessum, í samræmi við þær till., sem framsóknarmenn

hafa flutt. Út í það eða einstaka liði yfirleitt mun ég ekki frekar fara á þessu stigi málsins.

Ég mun ekki heldur á þessu stigi málsins ræða almennt um almennar efnisgreinar frv. Þær eru sumpart nýjar, sumpart endurtekningar á eldri ákvæðum. Til nýmæla má telja t. d. ákvæðin um undirboðs- og jöfnunartolla, sem fjmrh. er heimilt að leggja á samkv. 27. gr. Það er sjálfsagt umdeilanlegt, hvort slíkt er fullkomlega stjórnskipulega heimilt. Um það skal ég að sjálfsögðu ekki dæma hér að litt athuguðu máli. Þeir hafa sína fyrirmynd annars staðar, í Danmörku skilst mér og sjálfsagt víðar. Það verður að athuga nánar við meðferð málsins, hvort rétt þykir að taka slík ákvæði hér upp. Aðalatriðið í því sambandi finnst mér vera það, að ég tel ekki ástæðu til að vera að taka upp slík ný ákvæði, sem e. t. v. eru vafasöm stjórnskipulega séð, nema einhver þörf kalli á eftir þeim. En mér er ekki kunnugt um það, að reynslan bendi til þess hér, að þeirra hafi verið þörf. Þó má það vera, ég þori ekki um það að segja. Getur vel verið, að hagkvæmt sé að hafa þetta skipulag, en sem sagt, mér finnst ekki vera ástæða til þess að vera að taka upp slík ákvæði, þótt þau séu í lögum annars staðar, nema það sé þannig, að reynslan bendi til þess, að þeirra sé þörf. Og ég býst a. m. k. við því, að það væri talið eðlilegra og í meira samræmi við stjórnarskrána, að vald fjmrh. væri kannske bundið eitthvað meira en gert er, þannig að það verði ákveðið hámark og lágmark. Það hefur að vísu verið gert nokkuð í 29. gr., en þó nokkuð óákveðið.

Það eru í þessu frv. fleiri ákvæði, sem ég held að stjórnskipulega séð séu hæpin. En það eru ekki ný ákvæði. Það eru ákvæði, sem hafa verið áður í tollskránni og enginn hefur að vísu mér vitanlega gert aths. við. Þau ákvæði eru núna, að ég held, í 34. gr., en munu svara líklega til 20. eða 21. gr. í gildandi tollskrá, en þar er það ákveðið, að fjmrh. hafi fullnaðarúrskurð um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða ekki og í hvað tollflokk hún eigi að koma. Hér er náttúrlega um mjög þýðingarmikið réttaratriði að ræða, sem ég fyrir mitt leyti hef alltaf talið vafasamt að væri í raun inni leyfilegt að undanskilja úrskurðarvaldi dómstóla. En eins og ég sagði áðan, þá er þetta ekki nýtt ákvæði, heldur gamalt. Og enginn hefur hreyft, a. m. k. ekki opinberlega, andmælum við því. Ég held, að menn hafi ekki talið það í ósamræmi við stjórnarskrána. En það er óneitanlega ekki eðlilegt, að annar aðilinn, í þessu tilfelli fjmrh., hafi endanlegt vald um þetta. Í rauninni finnst mér ekki óeðlilegt, að það verði settur upp einhver sérstakur úrskurðaraðili, sem mætti skjóta úrskurðum fjmrh. til, en sjálfsagt er það rétt, að það er erfitt að leggja svona mál til almennra dómstóla, það mundi taka of langan tíma. Um þetta skal ég sem sagt ekki fjölyrða frekar og ekki um hin almennu ákvæði í þessu frv. neitt frekar.

Ég vil að lokum bara segja það, að þó að það sé nú í þessu tollskrárfrv., nú rétt fyrir kosningarnar, gert ráð fyrir nokkrum tollalækkunum, sem að vísu eru langt frá því að vera stórfelldar, þegar á heildina er litið, er hætt við því, að það verði skammgóður vermir að óbreyttri stjórnarstefnu. Ef áfram verður haldið á sömu braut og að undanförnu, má áreiðanlega reikna með gengisfellingu eða nýjum álögum í einhverri mynd eftir kosningar. Það má einmitt segja, að það hafi verið einkenni á stefnu ríkisstj. að leita þess, sem þeir stjórnarmenn kalla jafnvægi í viðskiptum, með því sífellt að hækka verðlagið með einhverjum hætti. Verði stýrt eftir sama leiðarljósi og að undanförnu, verður blátt áfram að mínum dómi ekki komizt hjá því, að innan skamms verði gripið til gengisfellingar á ný eða til þess ráðs að leggja á nýjar álögur í einni eða annarri mynd. Þetta eru engar hrakspár, heldur sú framvinda, sem hlýtur að blasa við hverjum manni, sem athugar reynsluna og horfir opnum augum á þær staðreyndir, er við blasa. Og ég vil segja, að það má verða mjög mikil breyting, ef það á ekki eftir að rætast, sem ég hef hér sagt.

Mér sýnist sem sagt þessi nýja tollskrá að ýmsu leyti horfa til bóta, fyrst og fremst með sameiningu fleiri aðflutningsgjalda í einn toll, sem miðar að því að gera tollakerfið einfaldara, og enn fremur með tollalækkunum á ýmsum einstökum vöruflokkum. Það er sjálfsagt að viðurkenna. Á hinn bóginn er hér, eins og ég hef gert lítils háttar grein fyrir í ræðu minni, ekki um stórfelldar lækkanir á tollabyrði að ræða, þegar á heildina er litið. Það er þess vegna vissulega í meira lagi skrumkennt, þegar í þessu sambandi er talað um stórfelldar umbætur í tollamálum, sem muni hafa veruleg áhrif og bæta lífskjör almennings mjög verulega.

Björn Jónsson: Herra forseti. Tolla- og skattamál eru vafalaust meðal allra stærstu mála, sem löggjafarþing fær til meðferðar. Skipan þeirra ákvarðar að mjög verulegu leyti skiptingu þjóðartekna og aðstöðu atvinnuveganna og er þannig mótandi fyrir lífskjörin. Skipan þessara mála er markandi fyrir efnahagslega stéttaskiptingu í landinu. Hún getur leitt eina atvinnugrein til lífs, lamað aðra og drepið þá þriðju. Hún getur í sem fæstum orðum haft hina mikilvægustu þýðingu fyrir hagsmuni stéttanna og almenn lífskjör í landinu. Allar meiri háttar ákvarðanir í tolla- og skattamálum eru því stórpólitísk mál, stórpólitískar ákvarðanir, sem ber að undirbúa sem slíkar, áður en þær eru lagðar fyrir Alþingi, sem síðan hlýtur að leggja áherzlu á, að hvert málsatriði sé kannað af sérstakri vandvirkni og ekki hrapað að neinu. Við undirbúning slíkra stórmála sem nýrra tolla- eða skattalaga eða verulegra breytinga frá fyrri skipan þeirra mála er sú aðferð ein hæf og samboðin lýðræðislegum stjórnarháttum, að öllum flokkum, sem á þingi eiga sæti, sé gert fært að fylgjast

með öllum undirbúningi frá byrjun með beinni þátttöku í endurskoðun, að öll meginsjónarmið og stefnur, sem uppi eru í slíkum málum, fái að koma fram strax við undirbúning mála og hafi í reyndinni sama rétt til tillögugerðar, þegar til úrslita dregur á Alþingi.

Með þeim hætti, sem nú hefur verið á hafður, þ. e. a. s. þeim, að starfsmönnum stjórnarflokkanna einum hefur leyfzt að fjalla um allan undirbúning og öllum fyrirætlunum hefur verið haldið stranglega leyndum fram til síðustu stundar fyrir stjórnarandstöðunni, er í raun réttri verið að svipta þm. stjórnarandstöðunnar öllum tillögurétti varðandi þessi stórmál. Hinir stjórnskipuðu höfundar þessara nýju tollalaga hafa unnið að málinu í full þrjú ár, eða nákvæmlega 3 ár og 3 mánuði. Svo stórt viðfangs hefur málið verið. En okkur þm. stjórnarandstöðunnar eru ætlaðir nokkrir sólarhringar til þess hvors tveggja að kanna þennan gífurlega bálk og til þess að móta okkar brtt. Hvorugt er auðvitað mögulegt. Engin heilsteypt tillögugerð getur átt sér stað við slík starfsskilyrði og heldur tæpast hugsanlegt, að unnt sé til nokkurrar hlítar að gera sér grein fyrir frv. sem þessu nema á margföldum þeim tíma, sem til þess er ætlaður. Og nú til að byrja með býður hæstv. fjmrh., sem búinn er að láta einkaþjóna sína vinna í málinu í 3¼ ár, okkur til umr., eftir að við höfum haft afrakstur þessara þriggja ára starfs sérfræðinga hans til athugunar í 1—2 sólarhringa. Slík vinnubrögð og þvílík eru því miður ekkert einsdæmi hjá núv. hæstv. ríkisstj., heldur svo til algild regla, þar sem megininnntakið er að troða á rétti andstæðinganna með ólýðræðislegum og óþingræðislegum vinnubrögðum og um leið að reyna að sanna það sem oftast og sem áþreifanlegast, að þm. sjálfs stjórnarliðsins séu aðeins auðsveip verkfæri, sem hlýði fyrirskipunum eins og þrýst sé á hnapp, en hv. Alþingi sé ekki samkoma, sem telji sér skylt að kanna hvert mál til hlítar og taka síðan afstöðu eftir málefnum og sannfæringu.

Í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hefur það lagzt svo að segja niður með öllu, að mþn. skipaðar fulltrúum úr röðum þingflokkanna vinni að endurskoðun meiri háttar lagabálka. Engir nema þm. stjórnarflokkanna eða þá starfsmenn þeirra mega koma þar nærri. Ekki hefur þetta þó verið gert í sparnaðarskyni, því að aldrei hefur svo gífurlegum fjárupphæðum verið varið til nefndarstarfa við endurskoðun l. og samningu frv. eins og nú. Tilgangurinn getur því aðeins verið sá einn að útiloka stjórnarandstæðinga frá þátttöku í löggjafarstarfinu á jafnræðisgrundvelli við stjórnarflokkana, útiloka það, að sjónarmið þeirra og skoðanir komist að við undirbúning stórmála og raunar þeirra smærri einnig. Þetta kalla ég að vega að þingræðinu og troða á lýðræðislegum vinnubrögðum. En það er ekki aðeins með þessum hætti, sem öfugt og illa er að hlutunum staðið. Ofan á annað er æ ofan í æ leitað færis til þess að haga svo vinnubrögðum, að Alþ. sé sem mest óvirðing að. Það liggur nú fyrir, að aðilar utan Alþingis, þ. á m. kaupmannasamtök og iðnrekenda, hafa fjallað um þetta tollskrárfrv., ekki dögum saman, ekki vikum saman, heldur mörgum mánuðum saman, áður en þm. er sýndur sá trúnaður að fá að sjá frv. eða uppkast af því.

Í tímaritinu Frjálsri verzlun, sem út kom um s. l. áramót, þ. e. a. s. fyrir ársfjórðungi, segir þannig frá því, að kaupmannasamtökin hafi haft tollskrárfrv. til athugunar og fleiri aðilar hafi einnig haft það til athugunar, þ. e. a. s. þeir aðilar, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við tollamálin. Á sama tíma og allt þangað til í fyrradag var formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar synjað um að fá að sjá þetta frv. sem trúnaðarmál. Allir skyldu fyrr fá vitneskju um málið heldur en kjörnir fulltrúar þjóðarinnar. Þannig heldur hæstv. ríkisstj. uppi virðingu Alþingis og sýnir um leið ást sína á þingræðinu. Og svo er þetta hneyksli, því að annað er ekki hægt að kalla það, kórónað með því, að sjálfur hæstv. fjmrh. hleypur með frv. á Varðarfund í fyrrakvöld og gerir Varðarmönnum grein fyrir frv., áður en hann flytur framsöguræðu sína hér á hv. Alþ., — fyrst Vörður, síðan Alþingi. Þennan sama hátt hafði þessi hæstv. ráðh. á, þegar hann á sínum tíma bar fram frv. ríkisstj. um skattamál. Gleðiboðskapur hans þá um stórfellda skattalækkun auðfélaganna í landinu var fyrst fluttur í Verði, síðan á hv. Alþingi. Þessi framkoma hæstv. ráðh. er því ekkert einstakt frumhlaup nú, heldur regla, sem hann virðist vera að reyna að skapa og reyna að festa í sessi. Sjálfur er þessi hæstv. ráðh., eins og kunnugt er, einn aðaleigandi að heildsalablaðinu Vísi, og það er því varla tilviljun, að einmitt heildsalastéttin hefur notið forréttinda fram yfir hv. Alþ. um það að fjalla um þetta frv. Það er vafalaust, að heildsalarnir, meðeigendur hæstv. ráðh. að dagblaðinu Vísi, eru búnir að hagnast vel á því að hafa fengið í hendur fulla vitneskju um fyrirhugaðar breytingar á tollskránni nærri því ársfjórðungi áður en hún er lögð fram hér á hv. Alþingi. Það hefur áreiðanlega ekki verið þeim alveg ónýtt að geta hagað innkaupum sínum og sölum í samræmi við slíka vitneskju. Ég tel, að slík vinnubrögð sem ég hef hér lýst og þó í fáum orðum þurfi að fordæma eftirminnilega, og ég vil vona, að þeir tímar séu ekki langt undan, að breyting verði á breytni þeirra, sem með völdin fara, að þessu leyti.

Það, sem ég nú hef sagt, varðar að sjálfsögðu aðeins sjálf vinnubrögðin í þessu máli og framkomuna gagnvart hv. Alþingi af hálfu hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. sérstaklega, en ekki sjálft málið, efni þess, hvaða breytingar það hefur í för með sér í tolla- og skattamálum, hvaða breyt. það boðar í þeim efnum. Eins og að líkum lætur, hefur hvorki mér né öðrum stjórnarandstæðingum gefizt neitt ráðrúm til þess að kanna frv. til neinnar hlítar, og þess vegna hlýt ég að geyma mér til síðari umr. aths. um einstök atriði.

Það er gert mikið úr því, að hér sé um stórfelldar tollalækkanir að ræða. „Tollalækkanir um 100 millj. kr.“, hljóðaði t. d. þversíðufyrirsögn heildsalablaðsins í fyrradag. Og ég vil ekki að óreyndu rengja það, að sú staðhæfing úr grg. frv. sé rétt, að miðað við óbreyttan innflutning nemi tollalækkanir um 97 millj. kr. En í því sambandi fer heldur varla hjá því, að rifjað sé upp, hversu mikið tollar hafi hækkað í tíð núv. hæstv. ríkisstj. og hversu óveruleg þessi lækkun, sem hér er ráðgerð, er á móti henni, þó að hún ætti eftir að verða raunveruleg, sem ég tel útilokað, eins og ég mun víkja að síðar. Samkv. gildandi fjárl. fyrir yfirstandandi ár nema þeir tollar og aðflutningsgjöld, sem hér eru nú sameinuð í einn toll, 1347.4 millj. kr., þ. e. a. s. vörumagnstollur 40 millj., verðtollur 567, söluskattur 605.4 og innflutningsgjöld 135, og er þá sleppt smærri sköttunum, sem renna ekki beint í ríkissjóð og skipta ekki höfuðmáli. Árið 1959, síðasta fjárlagaárið fyrir viðreisn, námu þessir tollar, þ. e. a. s. aðeins þessir tollar, en ekki allir tollar og skattar, samanlagt tæplega 500 millj. kr. Hækkunin á þessum hluta skattheimtunnar, sem hér er um að ræða, er því yfir 850 millj. frá árinu 1959 eða nánast 170%. Það er hátt í þreföldun. Sé hins vegar miðað við hækkun allra tolla og skatta á þessu tímabili, þá er hækkunin 1070 millj., og sé miðað við árið 1958, verður myndin enn þá dekkri, því að á því tímabili, þ. e. a. s. miðað við fjárlög næsta ár og fjárlög 1958, nemur hækkun allra tolla og skatta 1220 millj., eða rétt um þreföldun, úr 628 millj. í 1848 millj. Þrátt fyrir 100 millj. kr. lækkun stendur samt eftir tollahækkun, þó að aðeins séu teknir þeir tollar og skattar, sem hér er um að ræða, upp á 750 millj., eða 150% frá árinu 1959, og sýnist það vera vel viðunanlegt afrek hjá hæstv. ríkisstj. á ekki lengri tíma.

Við mjög fljótlega athugun á þessu frv. virðist meginlækkunin vera á hátollaflokkum, skartgripum og skranvöru, allveruleg á varahlutum í bifreiðar, lítils háttar á landbúnaðarvélum og síðan smávægilegar lækkanir á mjög mörgum vörutegundum, en þó í langflestum tilvikum mjög lítilfjörlegar. Smávægilegar hækkanir eru einnig algengar og þ. á m. á algengum nauðsynjavörum. Á matvörum virðast hækkanir og lækkanir vegast nokkurn veginn á og sömuleiðis á vefnaðarvörum og skófatnaði. Ekki er hróflað við hinum óhæfilega tolli á byggingarefni, en sumt efni til byggingarstarfsemi hækkar, svo sem algengur viður, krossviður, gólfdúkur, pípur úr járni og stáli, miðstöðvarkatlar o. fl. Og á þeim byggingarvörum, sem ekki eru þannig beinlínis hækkaðar, eru lækkanirnar engar eða þá alveg hverfandi. Nú hefði manni virzt, að alveg sérstakar ástæður hefðu verið til þess að nota einmitt slíkt tækifæri sem heildarendurskoðun tollskrár er til þess að létta nokkuð þær drápsklyfjar tolla, sem hvíla á byggingarstarfseminni í landinu, sem vafalaust væri ein allra raunhæfasta aðgerðin til þess að mæta vaxandi húsnæðisskorti og ýta undir aukna byggingu íbúðarhúsa. Þegar þess er gætt, að tollar og innflutningsgjöld af byggingarefni eru í mörgum tilfellum fjórði partur til þriðji partur af verði efnis, má glögglega sjá, að af miklu er að taka, ef vilji væri fyrir hendi til að létta fyrir byggingariðnaðinum. En á það hefur ekki verið litið við þessa endurskoðun. Hæstv. fjmrh. sagði í gær, að þetta hefði verið mjög til athugunar, en hefði reynzt ókleift af þeim ástæðum, að ef byggingarefni hefði átt að lækka til íbúðarhúsa, þá hefði einnig þurft að taka byggingarefni til annarrar byggingarstarfsemi með og af því hefði leitt allt of mikla tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð. Ég vil nú benda hæstv. ráðh. á, að mér sýnist, að það væru til mjög auðveldar leiðir til þess, að þetta kæmi aðeins íbúðarhúsabyggingariðnaðinum til góða, t. d. með svipuðum hætti og um endurgreiðslu væri að ræða á vélum til báta og fleira, sem fordæmi eru fyrir. Það væri að mínu viti mjög auðvelt að meta það, hvað tollarnir væru á hverri íbúð, og endurgreiða þá, þegar íbúðin væri fullgerð. Það væri mjög auðveld aðferð til þess, að ekki þyrfti endilega að lækka tolla á allri byggingarstarfsemi, þótt þeim væri létt að einhverju leyti af íbúðabyggingariðnaðinum.

Eins og fram hefur komið, er allveruleg hækkun á bifreiðum, og enn þá er búsáhöldum haldið í mjög háum eða 100% tollflokki. Mér virðist því alveg vera augljóst, að lækkanirnar, sem leiðir af þessu frv., muni reynast léttar í vasa venjulegs neytanda, jafnvel þótt engin ný gjöld yrðu hækkuð í stað þeirra, sem hér er lagt til að verði lækkuð.

Enda þótt segja megi, að lækkun um 97 millj. kr. á gjöldum, sem áður er búið að hækka um 850 millj., sé þó alltaf nokkurs virði, þá verður varla svo um þessi mál rætt, að ekki komi að spurningunni um það, hvort fjármálastjórnin í heild gefi vonir um eða vissu um það, að þessi lækkun verði raunhæf, þ. e. a. s. engin ný önnur gjöld verði sett í staðinn eða önnur hækkuð, sem fyrir eru. Í því sambandi er kannske rétt að minna á það, sem sjálfsagt flestir muna, að í áróðrinum hefur hæstv. ríkisstj. alltaf verið að lækka tolla og skatta allt viðreisnartímabilið, þó að hinar köldu tölulegu staðreyndir hafi sagt nokkuð aðra sögu. Það væri áreiðanlega alveg blindur maður, sem ekki gerði sér fulla grein fyrir því, að allt bendir alveg ótvírætt til þess, að fjárþörf ríkissjóðs vaxi á þessu og þó alveg sérstaklega á næsta ári um gífurlegar upphæðir að óbreyttri fjármálastjórn, og þar ber margt til, að sú aukna fjárþörf að óbreyttri fjármálastjórn verður meiri en nokkru sinni áður á skömmum tíma. Almenn dýrtíð fer vaxandi risaskrefum, vísitala framfærslukostnaðar fer hækkandi í svo til hverjum mánuði sem líður, og launastéttirnar snúast til varnar í dýrtíðinni hver af annarri. Opinberir starfsmenn standa nú í kjarasamningum, og hæstv. ríkis-

stj. hefur þegar boðið þeim launahækkanir upp á a. m. k. 1 hundrað millj. kr. Ekki mun vera óvarlegt að áætla, að sú upphæð tvötil þrefaldist, áður en yfir lýkur.

Viðreisnarkrónurnar duga æ skemmra til hverra nota sem er og ekki síður til ríkisþarfa en annars, og ríkisbáknið vex auk þess með hverju ári. Á s. l. ári voru ríkisútgjöld áætluð 1748 millj. kr., og á þessu ári gera fjárlög ráð fyrir, að sú upphæð hækki í 2194 millj. kr. eða um 346 millj. Það er því áreiðanlega ekki of áætlað, að stökkið frá yfirstandandi ári og til þess næsta verði miklum mun stærra, þó að ekkert sérstakt komi til. 600—700 millj. kr. útgjaldaaukning miðuð við óbreytta fjármálastjórn og með hliðsjón af ýmsum ráðstöfunum, sem nú er verið að gera á löggjafarsviðinu beint vegna kosninganna, sem nú fara í hönd, og flestar eða allar eru skrifaðar á reikning framtíðarinnar, slík aukning verður að teljast fullvís. Og á sama tíma ætlar svo ríkisstj. að lækka tollana. Hvernig verður þessu komið heim og saman? Hæstv. ríkisstj. reiknar kannske ekki með því, að hún þurfi að leysa þann vanda, sem við blasir vegna dýrtíðarstefnu hennar, og vonandi verður sú reyndin á, að þjóðin kveði þar aðra til í kosningunum í vor.

Það var auðfundið á ræðu hæstv. fjmrh. hér í gær, að hann gerir sér nokkra grein fyrir því, að einhvern veginn verður ríkisstj. að reyna að svara því, hvaða úrræði hún hafi á hendinni, hvernig hún ætlar að leysa úr fjárþörfunum. En það verð ég að segja, að svo auðveldlega sem hæstv. ráðh. reyndi að sleppa út úr þeirri spurningu hér í gær, er ekki líklegt að ríkisstj. sleppi gagnvart nokkrum meðalgreindum manni. Hæstv. ráðh. tilgreindi fjórar uppsprettur, sem ríkisstj. hygðist ausa af í framtíðinni: Í fyrsta lagi tekjuafgangur ríkissjóðs s. l. 3 ár, sem hann taldi vera röskar 200 millj. kr. Það er ástæða til þess að spyrja út af þessu: Verður þetta fé, sem ríkisstj. hefur pínt út úr almenningi umfram þarfir, handbært á næsta ári, og sannar þessi útkoma nokkuð um afkomu 1963 og 1964? Ég held ekki. Í öðru lagi nefndi ráðh. þá reynslu, sem orðið hefði af lækkun hátolla 1961, að sú lækkun hefði fremur aukið tolltekjur heldur en hitt. Hér er áreiðanlega dregin mikil ályktun út frá lítilfjörlegri forsendu. Auðvitað skeði það óhjákvæmilega í fyrstu lotu eftir lækkun hátollavaranna og jafnframt afnám verðlagsákvæða á þær, að ofsalegt kapp greip heildsalastéttina um að ryðja þessum vörum inn á markaðinn, og af því stafa auknu tolltekjurnar fyrsta slagið. En þetta sannar auðvitað ekkert um það, að hér sé um neina stórvægilega breytingu til langframa að ræða, enda hefur reynslan af innflutningi hátollavaranna ævinlega verið sú, að hann gengur í bylgjum og á honum hafa orðið hliðstæðar sveiflur eins og nú hafa orðið eftir tollalækkanirnar, þó að ekki hafi verið um neinar slíkar breytingar að ræða.

Loks nefndi hæstv. ráðh. aukinn innflutning. Það er auðvitað rétt, að ef allt er með felldu um okkar atvinnulíf og lífskjör fara batnandi og fólki fjölgar, þá hlýtur innflutningur að vaxa. En að innflutningur vaxi svo á einu ári, að tolltekjur vaxi af honum um 600—700 millj. kr., eða meira en 50% á einu ári, það er hins vegar svo fjarstætt, að það sætir hreinni furðu, að hæstv. fjmrh. skuli láta sér slíkar fullyrðingar um munn fara. Eða hvað halda menn annars, að yrði um gjaldeyrisafkomuna með slíkum innflutningi, og hve miklar kjarabætur þyrfti almenningur að fá, til þess að slík eftirspurn skapaðist, sem til þyrfti. Nei, þessi svör hæstv. fjmrh. eru ekkert annað en vífilengjur og undanfærslur við að svara þeirri mikilvægu spurningu, sem hér er um að ræða, hvernig ríkisstj. ætli að mæta fjárþörfinni, sem dýrtíðarstefna hennar hefur skapað.

Ég held, að hið rétta svar liggi nokkuð ljóst fyrir, þegar reynslan af stjórnarstefnunni undanfarin ár er höfð í huga. Sú reynsla bendir alveg ótvírætt til þess, að það, sem koma skuli, sé margföldun á hinum almenna söluskatti eða gengisfelling, nema hvort tveggja verði, sem ég tel langlíklegast. En auðvitað á ekkert slíkt að ske fyrr en eftir kosningar. Fram að kosningum á að telja almenningi trú um, að lækka eigi tollana, efla tryggingastarfsemi, veita aukið fé í húsbyggingar, efla hvers konar sjóði, auka framlög til margs konar nauðsynlegrar starfsemi o. s. frv., o. s. frv. En þegar búið er að kjósa, þá má hefja sama leikinn, eins og gert var í ársbyrjun 1960: lækka gengið, margfalda söluskatta, skerða lífskjörin, allt skv. þeirri formúlu, að almenningur sé svo gleyminn, að í lok kjörtímabilsins sé hann orðinn óminnugur á það, sem gert var á fyrra helmingi þess. Þá megi gjarnan sýna honum hnefann af hjartans lyst, ef honum er bara klappað með lófa rétt fyrir kosningar. Og það er það, sem nú er verið að gera. Það er verið að sýna fleðulæti rétt fyrir kosningar. Tollskráin, sem hér liggur fyrir, er einn þáttur þessara fleðuláta, tryggingafrv. annar, úthlutun 500 millj. kosningalána þriðji, og það mætti telja lengur. En reikningnum verður ekki framvísað fyrr en að loknum kosningum, en þá kemur hann líka alveg jafnörugglega og nótt fylgir degi, þó að nú sé reynt að láta menn halda, að allt það umstang, sem nú á að bjarga stjórnmálaflokkunum, kosti ekki nokkurn skapaðan hlut.

Hér áður fyrr var það oft háttur svíðinga, sem höfðu rakað saman auði í jarðeignum eða lausu fé, að gefa ríflega fyrir sálu sinni, þegar dauðinn nálgaðist. Ill samvizka knúði þá til þess að skila einhverju af auði sínum aftur til kirkju eða til fátækra. Hæstv. ríkisstj. fer líkt að. Hún keppist við að gefa fyrir sálu sinni, þegar hún veit dóminn nálgast, en sá er þó munur á, að fjármálastjórn hennar hefur verið með þeim hætti, að hún verður ýmist að hafa gjafir sínar í formi ávísana,

sem engar innstæður eru til fyrir, eða taka lán með okurvöxtum til þess að geta annazt greiðslurnar. En ég hygg, að almenningur verði ekki ríkari af slíkum gjöfum, heldur þvert á móti. Hann verður ekki betur settur, þó að glysvarningur sé lækkaður í tolli, ef á eftir fer almenn hækkun söluskatts eða gengisfelling, heldur miklu verr en áður.

Eins og ég áður sagði, er auðvitað engin leið fyrir okkur stjórnarandstæðinga að ræða þetta mál, þetta flókna frumvarpsbákn í einstökum atriðum að þessu sinni. Það verður að bíða síðari tíma. Sennilegt verður þó að telja, að sú gagngera formbreyting, sem á tollskránni hefur verið gerð, sé til verulegra bóta á vinnubrögðum tollayfirvalda, þar á meðal sú breyting að bræða saman margs konar gjöld í einn toll. Í því sambandi verður þó ekki fram hjá því gengið, að með þessari sambræðslu hefur endanlega verið svikið að fella niður hinn svonefnda bráðabirgðasöluskatt í tolli, 8%, sem lagður var á í ársbyrjun 1960. Honum er nú í reyndinni gefið eilíft líf í tollakerfinu, þó að sjálft nafn hans eitt hverfi. Vörumagnstollurinn er einnig lagður af og verðtollur einn settur í staðinn. Sú breyt. hefur það m. a. í för með sér, að þungi tollheimtunnar verður enn þá háðari genginu en áður, og þannig er auðveldað að hækka tollheimtuna með einu pennastriki með gengisfellingu. En áður hefur gengisskráningarvaldið verið tekið úr höndum Alþ. og fengið í hendur bankastjórnar Seðlabankans. Það þarf þess vegna ekki lengur að leita samþykkis Alþ. til þess að hækka tollana, hvort sem um væri að ræða jafngildi þeirrar lækkunar, sem nú er lögð til, eða miklum mun meiri hækkun.

Varanlegt gildi breytinganna nú er þess vegna einvörðungu fólgið annars vegar í sjálfri formbreytingunni og hins vegar í breyt. á gjaldaflokkum innbyrðis, sem ég dreg að litið rannsökuðu máli að vísu mjög í efa að sé í heild til bóta fyrir almenning.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í gær, að þessi breyting á tollskránni mundi hafa lítil áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar, og fór í því sambandi hæðilegum orðum um það, hvernig fyrrv. ríkisstjórnir hefðu leikið sér með vísitöluna, eins og hann orðaði það, og reynt að láta hana sýna sem minnsta hækkun, þegar verið var að hækka tolla og skatta. Þetta er auðvitað að ýmsu leyti rétt hjá hæstv. ráðh. En hinu sleppti hann alveg, að geta um, að með nýja vísitölugrundvellinum, sem gekk í gildi 1959, var gerð á honum gerbreyting, þannig að hann er nú miklu raunhæfari mælikvarði en áður á þær breytingar, sem verða raunverulega á lífskjörum með hækkuðu verðlagi, og gefur tiltölulega rétta mynd af því, hvernig útgjöld manna breytast með breyttu verðlagi á neyzluvörum og þjónustu. Hinar algengustu og fábrotnustu lífsnauðsynjar, sem áður vógu mikið í vísitölugrundvellinum, eru þar nú léttari en áður, en aðrar vörur teknar inn í ríkara mæli og í meira samræmi við þá neyzlu, sem nú er almennt hjá almenningi. Það er þess vegna hreint ekki jafnauðvelt og áður var að leika sér með þennan mælikvarða, þó að viljinn væri fyrir hendi.

Þegar þessa er gætt, sannar sú fullyrðing hæstv. fjmrh., að þessar tollabreytingar hafi lítil áhrif á vísitöluna, auðvitað mjög greinilega, að áhrif þeirra á lífskjör venjulegs neytanda verða harla lítil. Það er auðvitað líka svo, að raunveruleg lífskjör batna harla lítið við það, þó að silfurplett og skartgripir úr gulli og silfri lækki í tolli. Verkamaður, sem hefur tæpast til hnífs og skeiðar, er litlu betur settur fyrir það, þó að 5 þús. kr. gullúr lækki um 200—300 kr. í verði eða tollur lækki á flatbeini. En það eru slíkar kjarabætur, sem hæstv. ráðh. telur almenningi alveg sérstaklega hagkvæmar. Ég get því vel tvítekið það, að ég tel fullan vafa leika á því, að þær breytingar, sem gerðar eru til jöfnunar á tollaflokkunum innbyrðis, séu til nokkurra bóta fyrir hagsmuni almennings, eða a. m. k. mjög vafasamt, að svo sé.

Ég hygg, að ýtarleg athugun, sem ég hef ekkert ráðrúm haft til að gera, á þeim 400 eða 500 tollskrárnúmerum, sem tollar eru hækkaðir á, og samanburður við ýmsar lækkanir, mundi leiða þetta allgreinilega í ljós, en ég vil aðeins nefna örfá dæmi, sem eru algerlega af tilviljun gripin upp úr tollskránni, um hækkanir, og sýnist mér, að í mörgum tilvikum sé þar um nauðsynjavörur að ræða. Þannig hækkar t. d. tollur á matarsalti pökkuðu, eplum, perum, rúsínum, sveskjum, ullargarni, vönduðu baðmullarefni, rafmagnsperum, bökunardropum, garðyrkjuverkfærum, vatnsslöngum, gólfdúk, byggingavið, krossvið, línoleumdúk, pípum úr járni og stáli til bygginga, miðstöðvarkötlum, benzíni, kartöflum, tómötum, belgávöxtum, púðursykri, flórsykri, kandís, súpum og súputeningum, sáraumbúðum og fleiri vörum til lækninga, litum til listmálunar og kennslu, handsápum, sjölum, klútum, hálsbindum o. fl.

Þetta eru aðeins dæmi tekin af algeru handahófi af þeim liðunum, þar sem um beinar hækkanir er að ræða. Það er sjálfsagt að geta þess, að hækkanir á þessum vörutegundum eru yfirleitt fremur lítilfjörlegar, en það er líka sama að segja um lækkanirnar, að þær eru það yfirleitt, mjög lítilfjörlegar.

Frá minni hálfu a. m. k. er það líka alveg óathugað mál, sem vel verður að athugast í nefnd, hver áhrif hinar innbyrðis breytingar hafa á iðnaðinn í landinu og einstakar greinar hans. Í ýmsum tilvikum getur tollvernd fyrir sérstakar iðngreinar átt fullan rétt á sér, þó að við höfum nú að vísu um skeið búið við svo lágt kaupgjald hér á landi, að okkar iðnaður, hverju nafni sem nefnist, hefur fyllilega getað staðizt samkeppni við erlendan iðnað aðeins þess vegna. En varla er hægt að reikna með slíku til frambúðar. Eins og ég áður sagði, virðast lækkanir á almennum neyzluvörum vera mjög óverulegar og aðeins lítill hluti af þeim 90—100 millj. kr. lækkunum, sem ráð er fyrir gert í heild. Frekar virðist

vera um umtalsverðar lækkanir að ræða á hátolluðum lúxusvarningi, eins og ég sagði áðan, og skrani, og í öðru lagi á nokkrum rekstrarvörum atvinnuveganna.

Þegar þessa er gætt og jafnframt hins, að heildarskattheimtan er nú orðin upp á 1850 millj. kr., þá er auðsætt, að ekki er um að ræða neina afgerandi kjarabót til handa almenningi. En það má segja, að öllum lækkunum, jafnvel á þeim vörutegundum, sem minnst ástæða er til að lækkaðar séu, hljóti menn þó að verða fegnir í því skatta- og tollaflóði, sem hæstv. ríkisstj. hefur veitt yfir þjóðina á valdatíma sínum. En því aðeins eru slíkar ráðstafanir ánægjuefni, að full skilríki séu lögð fram fyrir því, að hér sé um varanlega heildarlækkun að ræða og engin undirmál séu á ferðinni um fyrirætlanir um almenningi óhagstæðari skattheimtuaðferðir. Þess vegna hljóta þær spurningar að dynja á hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh.: Hvernig ætla þeir að leysa hina auknu fjárþörf ríkissjóðs á næstu tímum? Með hvaða hætti ætla þeir sér að afla þeirra 600—700 millj. kr., sem stjórnarstefnan hefur gert algerlega óhjákvæmilegt að afla á næsta ári eða jafnvel fyrr? Hver eru þeirra úrræði á þeim vanda, sem þeir hafa verið að skapa með fjármálastefnu sinni á undanförnum árum? Við þessum spurningum duga engin undanbrögð. Hér verða að koma hrein og bein svör, og á þeim svörum veltur að sjálfsögðu mjög allur heildardómur um þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 541, 562 og 577, 545, 561, 566, 567).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Því var til hennar vísað eftir 1. umr., og eins og nál. þau og brtt., sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki getað náð samstöðu um afgreiðslu málsins að öllu leyti. Við þrír, sem að meirihlutaálitinu á þskj. 562 stöndum, mælum með samþykkt frv. með brtt. þeim, sem n. flytur sem heild á þskj. 566, og þeim brtt., er meiri hl. flytur á þskj. 567. En þeir hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e. hafa skilað sérálitum og flytja frekari brtt.

Með tilliti til þess skamma tíma, sem n. hefur haft til umráða til athugunar á þessu viðamikla frv., gefur það auga leið, að hún hefur ekki getað framkvæmt svo ýtarlega athugun á því sem æskilegt væri. Að n. hefur þó tekizt að ljúka starfi sínu á svo skömmum tíma sem raun er á, er að þakka sérstakri lipurð og vilja til þess að hraða störfum af hálfu einstakra nm., og á þetta ekki síst við um hv. fulltrúa stjórnarandstæðinga í n. En vegna þess, hve n. hefur haft skamman tíma til starfa, getur hún hvorki sem heild né einstakir nm. ábyrgzt það, að skekkjur, sem kunna að hafa verið í frv., er það var lagt fyrir, tæknilegs eðlis eða af öðrum toga spunnar, hafi verið leiðréttar. En það er nú í rauninni ekkert nýtt, að þegar svo tæknileg mál sem þetta frv. eru lögð fyrir Alþingi, þá verður meira að treysta á sérfræðinga þá, sem unnið hafa að samningu frv., fremur en því, að þn. geti athugað þau svo gaumgæfilega sem æskilegt væri. En þetta frv. er, svo sem hv. þdm. er kunnugt, samið af hinum hæfustu mönnum, sem allir njóta almenns trausts, og gefur það að mínu áliti hina beztu fáanlegu tryggingu fyrir því, að afgreiðsla þessarar löggjafar verði Alþ. ekki til minnkunar, þó að meðferð þess í þinginu verði óhjákvæmilega yfirborðskenndari en æskilegt er. Vafalaust mun þó reynslan af framkvæmd laganna leiða í ljós, að einstökum atriðum þarf að breyta síðar, en svo hlýtur ávallt að verða, þegar slík löggjöf er sett.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., hafa n. borizt allmörg erindi, einkum frá iðnfyrirtækjum, með óskum um breytingu á einstökum tollaákvæðum. Hefur n. leitað um þau öll álits þeirra sérfræðinga, er frv. sömdu. Hefur verið komið til móts við sumar þessar óskir í brtt. þeim, er n. flytur sameiginlega á þskj. 566, en aðrar hefur n. ekki séð sér fært að taka til greina, oftast vegna þess, að sérfræðingarnir töldu slíkt koma í bága við þau grundvallarsjónarmið, er frv. væri byggt á. Ég vil þó geta þess á þessu stigi málsins, að eitt erindi, sem n. barst, kom svo seint fram, að ekki vannst tími til nægilega gaumgæfilegrar athugunar á því, áður en n. skilaði áliti, og er væntanleg brtt. að gefnu tilefni vegna þessa erindis, sem annaðhvort mun koma fram skrifleg við þessa umr. eða við 3. umr. málsins. Ég mun annars ekki þreyta hv. þdm. með því að gera nánari grein fyrir einstökum brtt. n., nema fram komi óskir um skýringar við þær frá einstökum hv. þm.

Í n. hafði svo verið talað um, að n. flytti sameiginlegar till. um tæknilegar lagfæringar og samræmingar, er gerðar væru í samráði við sérfræðingana, m. a. að gefnu tilefni vegna erinda þeirra, er borizt hefðu, enda miðuðu slíkar till. ekki til hækkunar tollaákvæða og ekki væri heldur um það að ræða, að einstakir nm. hefðu áhuga á því að flytja brtt., er lengra gengju. Hagstofustjóra var svo falið að forma þessar brtt., og fékk ég þær frá honum eftir hádegi s. l. laugardag. En svo illa vildi til, að tveir hv. nm. voru fjarstaddir á þingfundi þann dag, og var ég því settur í þann vanda að þurfa að ákveða það, hvort einstakar brtt. féllu undir það, sem hafði verið talað um að n. flytti sameiginlega, eða þær yrðu fluttar af meiri hl. n., því að frekari dráttur mátti þá ekki verða á prentun þskj., ef fylgja átti ásetlunum um meðferð málsins hér í hv. d. Hafi ég í þessu efni farið út fyrir þann ramma, sem um var talað, þannig að einhverjir einstakir hv. nm. telji sig ekki geta fylgt þeim brtt., er standa fyrir reikning n. allrar, þá væri þar

um að ræða óviljaverk af minni hálfu, sem ég veit að hlutaðeigandi hv. nm. munu virða til betri vegar með tilliti til aðstæðna.

Það er ein till., sem sérstaklega er e. t. v. ástæða til þess að minna á, af því að þannig hefur tekizt til, að hún er flutt bæði af fjhn. í heild og einnig af hv. 5. þm. Norðurl. e., en þessi till. er um það, að tollur á púðursykri verði felldur niður. Þetta er þannig til komið, að erindi með beiðni í þessa átt ásamt fleiru hafði borizt til stjórnarráðsins, en ekki verið sent n., en sérfræðingar þeir, sem unnu að samningu frv., voru því meðmæltir, að þetta væri gert, og tók ég þetta því upp í till. þær, sem n. flutti sem heild. En hv. 5. þm. Norðurl. e. var ókunnugt um það, þegar hann gekk frá sínum till., að meiri hl. n. mundi fallast á það, og er það þannig til komið, að till. er flutt af tveimur aðilum, en ekki um að ræða neitt kapphlaup um tillöguflutning.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega brtt. þær, sem stjórnarandstæðingar hafa flutt. Þær eru yfirleitt til verulegrar lækkunar á tollaákvæðum frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Og ástæðurnar fyrir því, að við í meiri hl. höfum ekki séð okkur fært að mæla með samþykkt slíkra tillagna, eru aðallega tvenns konar: Í fyrsta lagi, og það er aðalatriðið, þá er bersýnilegt að okkar áliti, að ef till. þessar væru samþykktar, þá væri stefnt að stórfelldum halla á ríkisrekstrinum, þar sem ekki er um það að ræða, að ríkissjóði verði bætt upp tekjutapið með öðrum ráðstöfunum, og það teljum við að mundi vera algerlega óábyrg afstaða. Þó er það ekki þetta eitt, sem liggur því til grundvallar, að meiri hl. n. hefur ekki séð sér fært að mæla með frekari lækkun tolla en felst í brtt., sem hún gerir, og það er tillitið til íslenzka iðnaðarins.

Í því sambandi væri e. t. v. rétt að fara örfáum orðum um till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. flytur, m. a. um verulega lækkun tollaákvæða á tilbúnum fatnaði. Ég tel þessa till. að vissu leyti merkari en við á um lækkunartill. stjórnarandstæðinga almennt, sem fluttar munu fyrst og fremst í áróðursskyni, vegna þess að fyrir þessari till. mætti færa fram skynsamleg efnahagsleg rök, sem ekki á í sama mæli við um flestar þær aðrar till., sem hér er um að ræða. En það, sem ég á við með þessu, er það, að vitað er, að með þeim háu tollum, sem nú eru á fatnaði, er áreiðanlega talsvert um það, að fólk fari til útlanda, e. t. v. beinlínis í þeim erindagerðum að kaupa fatnað, auk þess sem þeir, sem til útlanda fara í öðrum erindum, nota sér vafalaust tækifærið til þess að fá þessa vöru ódýrari fyrir heimili sín heldur en þeir gætu með því að kaupa þær hér. Það gefur vitanlega auga leið, að fyrir utan það tekjutap, sem þetta veldur þeim aðilum, sem með þessar vörur verzla, kaupmönnum og kaupfélögum, er hér auðvitað um gjaldeyrissóun að ræða frá sjónarmiði þjóðarbúsins í heild, þar sem vörurnar eru keyptar á smásöluverði erlendis, sem gera má ráð fyrir að sé reiknað í erlendum gjaldeyri allt að því 50% hærra en ef varan er keypt af innlendum heildsala. Það mætti því út af fyrir sig færa fyrir því rök, að tolla á þessu væri hægt að lækka, án þess að af því leiddi tilsvarandi tekjutap fyrir ríkissjóðinn og kannske alls ekki neitt tekjutap. En ástæðan fyrir því, að meiri hl. n. telur samt ekki fært að fallast á þetta, er sú, að í þessu efni verður að taka tillit ekki eingöngu til ríkissjóðsins og afkomu hans, heldur líka til innlenda iðnaðarins. Á því sviði, sem ég áðan nefndi, hefur risið upp allumfangsmikill innlendur iðnaður, og það gefur auga leið, að ef þessi iðnaður yrði sviptur þeirri tollvernd, sem hann nú hefur, mundi það valda verulegum samdrætti þar og jafnvel atvinnuleysi. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um, að það er fleira en hagsmunir ríkissjóðsins, sem taka verður tillit til, ef fara á inn á þá braut að lækka tolla verulega frá því, sem nú er.

Fyrir aðdraganda þeirrar löggjafar, sem hér liggur fyrir, og þeim sjónarmiðum, sem henni liggja til grundvallar, var annars gerð svo ýtarleg grein í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr., að ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þá hlið málsins nánar. Hins vegar vil ég, m. a. að gefnu tilefni í nál. hv. stjórnarandstæðinga, svo og í ræðum þeim, sem fluttar voru af þeirra hálfu við 1. umr., ræða nokkuð áhrif þeirrar stefnu, er með frv. og öðrum ráðstöfunum í tolla- og skattamálum hefur verið mörkuð á kjörtímabilinu, á efnahagskerfið og horfur í þeim efnum, eins og þær koma mér fyrir sjónir.

Tilgangur frv. er þríþættur: Í fyrsta lagi að gera framkvæmd tollheimtunnar einfaldari og fyrirhafnarminni, og mun ekki um það neinn ágreiningur hér í hv. d., að hér sé um að ræða spor í rétta átt, hvað sem öðru líður. En fyrir þessu atriði var að öðru leyti gerð svo nákvæm grein í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr., að ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það frekar, enda er hér um atriði að ræða, sem allir samkv. áður sögðu munu vera sammála um að horfi til bóta. Annað atriðið er það, að með frv. svo og þeim breytingum, sem gerðar voru á tollunum í nóvember 1961, er stefnt að því að jafna tollana, ef svo mætti segja, eða lækka hæstu tollana, svo að bilið á milli einstakra tollaákvæða verði minna en það áður var. Og m. a. af þessu leiðir svo það þriðja, þar sem sú jöfnun, sem hér er um að ræða, er eingöngu framkvæmd á þann hátt, að hæstu tollarnir eru lækkaðir, að hlutdeild tollanna í heildarfjáröflun ríkissjóðs verður nokkru minni en áður var.

Tvö síðustu atriðin eru auðvitað stjórnmálalegs eðlis og því skiljanlegt, að um réttmæti þeirra geti orðið skiptar skoðanir. Mér virðist líka af nál. hv. 5. þm. Norðurl. e., sem því miður er fjarstaddur á þessum fundi, að hann telji þá stefnu að jafna tollstigana andstæða hagsmunum alþýðu manna, því að það þýði tiltölulega lækkun tolla á munaðarvörum, en hækkun á nauðsynjavörum. Nú er það að vísu svo, að þær tölur, sem hv. þm. birtir í nál.

sínu og eiga að vera því til sönnunar, að þetta frv. þýði lækkun tolla á munaðarvörum, en hækkun tolla á nauðsynjavörum, eru mjög villandi. Eins og menn sjá, þegar menn athuga þessar tölur, er það yfirleitt þannig um hækkanirnar, að þær eru mjög litlar, gerðar til samræmingar af tæknilegum ástæðum. Eina varan, þar sem um verulega hækkun er að ræða, eru tómatar, en eins og kunnugt er, mun vera sáralítið um innflutning þeirrar vörutegundar, því að neyzlunni innanlands mun að mestu eða jafnvel í flestum árum að fullu vera fullnægt með innlendri framleiðslu. Hvað lækkanirnar snertir, er það líka auðsætt af yfirlitinu í nál., að hér er yfirleitt um þýðingarlitlar vörutegundir að ræða, svo að þessar tölur eru í rauninni mjög villandi. Og í öðru lagi má benda á það, að þær tollalækkanir, sem hér er um að ræða og eru verulegar, þegar allt kemur til alls, þar sem tolltekjurnar koma óbreyttum innflutningi til þess að lækka um nær 100 millj., eru sem kunnugt er framkvæmdar á kostnað ríkissjóðs. Það er ekki um það að ræða, að tollar á öðrum stöðum hafi verið hækkaðir til þess að vega á móti þessu. Hitt er út af fyrir sig rétt, að þar sem tekjuþörf hins opinbera er að jafnaði óháð því, hvernig teknanna er aflað, má að jafnaði gera ráð fyrir því, að lækkun ákveðinna skatta og tolla geri nauðsynlega hækkun annarra skatta eða verði a. m. k. á kostnað þess, að ekki sé hægt að lækka aðra skatta, nema fært þyki að lækka tolla og skatta í heild.

Hæstv. fjmrh. benti annars réttilega á það í framsöguræðu sinni við 1. umr., að núgildandi tollalög eru fyrst og fremst miðuð við áhrif tollanna á visitölu framfærslukostnaðar, og það sjónarmið, sem fyrst og fremst hefur legið að baki þessu, er það, að slíkar tollaálögur komi betur við hinar efnaminni stéttir þjóðfélagsins en hinar efnameiri. Að mínu áliti er það þó mjög hæpið, að visitölustefnan, sem svo mætti nefna, í tollamálum geti náð þessum tilgangi, og má að mínu áliti benda á þrennt því til stuðnings.

Í fyrsta lagi er það þannig, að munurinn á neyzlu hinna efnaminni og hinna efnameiri er að jafnaði ekki fólginn í því, að það séu allt aðrar vörutegundir, sem efnafólk notar, heldur en þær, sem efnaminna fólk neytir. Sá munur, sem á neyzlunni er, kemur hins vegar fyrst og fremst fram í því, að hinir efnameiri nota meira magn af einstökum vörutegundum, og þó e. t. v. einkum í því, að gæðamunur er á þeim vörum, sem einkum eru notaðar af efnafólki annars vegar og hins vegar af hinum efnaminni. Þessu til skýringar er auðvitað auðvelt að nefna óteljandi dæmi. Það munu t. d. vera flest heimili í landinu, hvort sem efnahagur þeirra er betri eða lakari, sem eiga útvarpstæki. Hins vegar má auðvitað gera ráð fyrir því, að efnafólk kaupi dýrari og vandaðri útvarpstæki en efnaminna fólk. Yfirleitt mun það líka vera þannig á flestum heimilum, að þar eru notuð gólfteppi, en munurinn á neyzluvenjum er þá fólginn í því, að efnaðri fjölskyldur kaupa dýrari og vandaðri gólfteppi en hinar efnaminni. Það er í fyrsta lagi þetta, að það má gera ráð fyrir því, að munurinn á neyzluvenjum sé ekki fólginn í því, að það séu mismunandi vörutegundir, sem notaðar eru, heldur notaðar mismunandi vörur hvað gæði snertir, sem torveldar það, að jafnvel þó að löggjafinn vildi hafa tollalöggjöfina þannig, að tollarnir bitni minna á hinum efnaminni, þá verður það erfitt í framkvæmd.

Hvað sem þessu atriði líður, þá má benda á tvenns konar óheppileg áhrif, sem það hlýtur að hafa, að tollstigarnir eru svo geysilega mismunandi sem verið hefur hér að undanförnu eða fram til þess, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur hafizt handa um leiðréttingu í þessu efni.

Fyrra atriðið, sem mjög hefur borið á góma hér og ekki þarf að mínu áliti að ræða nánar, er smyglhættan, sem hlýtur að verða þeim mun meiri, því hærri sem tollstigarnir eru, og á þetta auðvitað sérstaklega við með tilliti til íslenzkra aðstæðna, því að vegna hinnar löngu strandlengju hér og strjálbýlis landsins hlýtur ávallt að vera mjög miklum erfiðleikum háð að fyrirbyggja smygl í stórum stíl, enda er sá árangur, sem orðið hefur af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í þessu efni í nóvember 1961, órækt vitni um það, að þeir hafa haft á réttu að standa, sem bentu á smyglhættuna, sem fylgdi hinum óhóflegu tollum á þær vörutegundir, sem taldar voru munaðarvörur.

Hitt atriðið er, að það verður nú einu sinni ekki hjá því komizt, að tollar, sem á eru lagðir, hafa tvenns konar áhrif. Í fyrsta lagi þau, sem til er ætlazt, að afla ríkissjóði tekna, en jafnhliða því hlýtur tollurinn auðvitað alltaf að verka sem verndartollur. Afleiðingin af þessu, að tollstigarnir eru svona mismunandi, þannig að til þessa hafa verið kannske allt að því 300% tollar á því, sem talið hefur verið til munaðarvarnings, er m. a. sú, sem ég vænti ekki að sé ágreiningur um að sé óæskileg, að starfsemi í landinu, sem fæst við að framleiða þær vörutegundir, sem um er að ræða, nýtur þeim mun meiri tollverndar, eftir því sem vörurnar eru óþarfari. Það má auðvitað um það deila, hve mikla tollvernd eigi að veita. En hitt held ég að geti varla verið álitamál, að það getur ekki verið skynsamlegt að slá því föstu sem almennri reglu, að eftir því sem framleiddur sé meiri óþarfi, eftir því eigi iðnaðurinn að njóta meiri tollverndar. En þetta hlýtur alltaf að verða bein afleiðing af þeim mjög mismunandi tollstigum, sem hér hafa verið.

Ég sagði áðan, að af lækkun tollanna leiddi það, að spor er stigið í þá átt að minnka hlutdeild aðflutningsgjalda í tekjuöflun ríkissjóðs. Ég tel þetta spor í rétta átt og álít, að taka beri á næstunni stærri skref í þá átt en nú hefur þótt fært að gera, því að hinir háu tollar hafa óheppileg áhrif á uppbyggingu atvinnuvega okkar og eru hindrun í vegi efnahagslegra framfara. Tel ég, að þetta mundi kleift,

án þess að það hafi í för með sér tiltölulega meiri skattbyrði fyrir hinar efnaminni stéttir þjóðfélagsins, en það mundi þó leiða of langt að rekja það nánar í þessu sambandi. En þess ber að gæta í sambandi við þetta, að það er nú einu sinni þannig, að Rómaborg var ekki byggð á einum degi og stórfelldar breytingar, hvort sem er í tollamálum eða öðru, þó að þær séu út af fyrir sig til bóta, geta valdið slíkum röskunum, að heppilegt er og jafnvel óhjákvæmilegt, að slíkar breyt. séu gerðar í áföngum. Sem dæmi um þetta má aftur nefna, eins og ég þegar hef gert, tillitið til íslenzka iðnaðarins, sem óhjákvæmilega verður að hafa í huga, þegar slíkar breyt. eru gerðar.

Í nál. hv. 5. þm. Norðurl. e. gætir mikillar svartsýni um framtíðina. Virðist hann telja fyrirsjáanlegan halla á fjárl. og jafnvel gengislækkun fram undan. Sú hefur verið stefna hæstv. núv. ríkisstj. að leggja ekki á hærri tolla og skatta en nauðsynlegt er, og hefur því bæði nú og stundum undanfarin ár verið teflt á tæpt vað með afgreiðslu fjárl. Því skal engan veginn neitað, að þetta höfum við gert af ásettu ráði. Reynsla undanfarandi ára hefur samt sýnt það, að vegna góðrar afkomu atvinnuveganna hefur verið tekjuafgangur á fjárl. tvö undanfarin s. l. ár, og ég tel, að engin ástæða sé til að ætla annað, ef árferði verður ekki lakara á þessu ári en undanfarin tvö ár, en að afkoma ríkissjóðs þoli þá tekjuskerðingu, sem hér er um að ræða. En jafnvel þó að þetta brygðist, þá væri enginn stórfelldur skaði skeður fyrir efnahagskerfið, þó að eitt og eitt ár kynni vegna ófyrirsjáanlegra atvika að verða nokkurra tugmilljóna halli á fjárl. Vegna þess, hve óviss afkoma atvinnuvega okkar er, hlýtur alltaf að verða teflt í nokkra tvísýnu í því efni, ef þeirri stefnu er fylgt, sem stjórnarflokkarnir hafa gert, að leggja hverju sinni ekki á meiri tolla og skatta en brýna nauðsyn ber til. Hitt er svo annað mál, að ef samþykktar væru till. hv. stjórnarandstæðinga um lækkun á tollunum, þá væri auðvitað bersýnilega stefnt að miklum hallarekstri í ríkisbúskapnum, sem óhjákvæmilega mundi hafa mikil verðbólguáhrif og jafnvel hljóta að leiða til gengisfellingar eða hliðstæðra ráðstafana, og það er einmitt ein af meginástæðunum fyrir því, að við, sem erum í meiri hl., höfum að svo stöddu ekki séð okkur fært að mæla með samþykkt þessara tillagna.

Að öðru leyti er það í sjálfu sér utan þess efnis, sem hér er til umr., að fara að ræða um líklega framvindu efnahagsmála hér á Íslandi. Um það mun ég því verða fáorður. En í tilefni af þeim hrakspám hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hann bæði setti fram við 1. umr. þessa máls og í nál. sínu, þar sem hann telur óhjákvæmilega annaðhvort verulega hækkun skatta og tolla eða gengislækkun eða jafnvel hvort tveggja, þá get ég ekki stillt mig um að fara um þetta örfáum orðum.

Ég fæ satt að segja ekki séð, að kvíða þurfi gengislækkun eða svipuðum ráðstöfunum að óbreyttum þeim kringumstæðum, sem nú eru í okkar efnahagslífi. Í þessu sambandi má minna á það, að aðstæðurnar og útlitið er allmjög ólíkt því nú, sem var um það leyti, sem vinstri stjórnin fór frá völdum. Þá var svo komið, fyrst og fremst vegna þeirrar skuldasöfnunar erlendis, sem orðið hafði á valdaárum hennar, að það var, ekki síst að áliti vinstri stjórnarinnar sjálfrar og sérfræðinga hennar, óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að skerða kjörin. Um það voru þeir flokkar sammála, sem að þeirri ríkisstj. stóðu, að slíkar ráðstafanir væru óhjákvæmilegar. Hins vegar komu þeir sér ekki saman um leiðirnar til þess að skerða kjörin, og það var ástæðan til þess, að stjórnin varð að hrökklast frá völdum. En vegna þeirra efnahagsráðstafana, sem gerðar hafa verið að tilhlutun núv. hæstv. ríkisstj., svo og þess, að síðustu tvö árin a. m. k. hafa aflabrögð verið hagstæð, þá hefur íslenzka þjóðin átt því að fagna undanfarin 2—3 ár, að það hefur verið um að ræða eðlilegan vöxt þjóðarteknanna, gagnstætt því, sem var á þeim tíma, þegar hafta- og uppbótakerfið var ríkjandi, en það skapaði næstum algera stöðnun í hinni efnahagslegu þróun. Með tilliti til þessa, svo og þeirrar hagstæðu gjaldeyrisafkomu, sem nú er að fagna, þá er erfitt að koma auga á það, að um nokkra nauðsyn geti verið að ræða, að öðru óbreyttu, til þess að framkvæma gengislækkun og aðrar slíkar ráðstafanir. Ég tel því, að ummæli í þessa átt séu hrakspár einar.

Hitt er svo auðvitað annað mál, að ef til þess kemur í næstu framtíð, að um verði að ræða mjög miklar almennar hækkanir kaupgjalds og annarra peningatekna umfram það, sem eðlilegur vöxtur framleiðslunnar getur staðið undir, þá mun auðvitað sama sagan endurtaka sig eins og oftar, að þær kjarabætur, sem af því leiðir í bili, hljóta með einhverju móti að renna út í sandinn, og geta þá orðið nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir meiri eða minni samdrátt í atvinnulífinu, en það er önnur hlið á þessu máli. Ef gengið er hins vegar út frá óbreyttum aðstæðum, sýnist engin ástæða til þess að telja hættu á gengislækkun. Og svo má að síðustu nefna það, að hér er önnur hætta fyrir hendi, sem ekki má loka augunum fyrir, en hún er sú, að hv. stjórnarandstæðingar öðlist aðstöðu til þess eftir kosningar þær, sem nú fara í hönd, að knýja fram sína stefnu, stöðnunar- og haftastefnuna, að meira eða minna leyti, og takist svo illa til, er ekki hægt að ábyrgjast það, að ekki kunni að draga að því, að óþægilegar ráðstafanir í efnahagsmálum kynnu að verða óumflýjanlegar, áður en langt um liði.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, sem á sæti í fjhn. þessarar hv. d., varð að fara heim til Akureyrar, áður en kæmi til 2. umr. þessa máls. Honum vannst þó tími til að taka þátt í störfum n. og ganga frá nál. og brtt. við frv. Eru brtt. hans prentaðar á þskj. 545. Hv. þm. hafði

einnig gert drög að grg. fyrir till. sínum og bað mig, áður en hann fór, að flytja þá grg. við þessa umr. Í henni koma fram meira eða minna andsvör við nokkrum aths., sem hv. frsm. meiri hl. hefur nú gert, bæði við brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e. svo og nál. hans. En hv. þm. farast orð á þessa leið í sinni grg.:

Það er ofur eðlilegt, að sú heildarstefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í skatta- og tollamálum á valdaferli sínum, sé höfð í huga, þegar þetta frv. er metið. Sú heildarstefna liggur líka alveg ljós fyrir. Ríkisstj. hefur með hverri athöfn sinni í þessum málum stefnt að ákveðnum og augljósum markmiðum, fyrst og fremst þeim að færa skattheimtuna yfir á almenna neyzlu landsmanna með sem jöfnustum þunga, afnema, svo sem frekast er unnt, beina stighækkandi skatta og útsvör og setja í þeirra stað söluskatta, jafna skatta á hvers konar neyzlu og eyðslu án alls tillits til þess, hvort um nauðþurftaeyðslu er að ræða eða óhófseyðslu. Horfið skal sem lengst frá þeim auðjöfnunar- og tekjujöfnunarsjónarmiðum, sem áður settu nokkurn svip á skattakerfið. Jafnframt því, sem skattabyrðin var þannig færð í sívaxandi mæli yfir á almenning, hefur svo verið létt sköttum og skyldum af tekjuháum einstaklingum og auðfélögum í landinu. Þannig má segja, að á sama tíma og seilzt var með söluskattskerfinu langt niður í vasa tekjulágs eða jafnvel tekjulauss fólks, voru auðfélögin í landinu að mestu gerð skattfrjáls með margháttuðum ívilnunum þeim til handa, stórauknu skattfrelsi arðgreiðslna, beinni skattalækkun, nýjum fyrningarreglum o. s. frv. Svo langt er nú komið í þessum efnum, að tekju- og eignarskattar hafa á undanförnum árum komizt niður í 5—6% af heildarskattheimtunni til ríkissjóðs, en þessi beina skattheimta eftir efnum og tekjum nam við upphaf viðreisnartímabilsins um 20% af skatta- og tollabyrðinni til ríkissjóðs. Af þessum 5—6% greiða fyrirtækin og þar á meðal samanlögð auðfélög landsins sennilega minna en helming, eða aðeins 2—3% af skatta- og tollabyrðinni. Verður það að teljast vel að verið á ekki lengri tíma að hafa þannig komið þeim aðilum í landinu, sem meginhluta alls fjármagns og gróðarekstrar hafa með höndum, í tölu skattleysingja. Á sama tíma hefur svo verið lagður á almennur söluskattur, sem ekki hlífir neinum, ekki barninu í vöggunni, öryrkjanum, sjúklingnum, gamalmenninu, heldur heimtar miskunnarlaust, að þeir borgi hver sinn hlut til þarfa ríkisins. Jafnhliða hafa tvennar gengisfellingar margfaldað þá tolla, sem lagðir eru á við innflutninginn og ná til flestra vörutegunda, sem landsmenn kaupa, en á söluskattunum einum til ríkisins hefur orðið sú breyting, að þeir hafa verið hækkaðir um sléttar 500 millj. kr. frá árinu 1959, úr 151 millj. í 650 millj., eða um 330%, en sé hlutinn, sem rennur til sveitarfélaganna, einnig meðtalinn, nemur hækkunin 600 millj. eða nálægt 400%. Á sama tíma hafa svo gengisfellingar hækkað verðtollinn úr 295 millj. kr. árið 1959 í 567 millj. kr. á yfirstandandi ári, eða nær tvöfaldað hann.

Þegar hvort tveggja er haft í huga, heildarhækkun tolla og skatta til ríkissjóðs upp á 1220 millj. kr. frá árinu 1958 og jafnframt eðlisbreyting skattheimtunnar, þá dylst heldur ekki, að hér er um að ræða eina allra drýgstu orsökina til þeirrar hrörnunar lífskjara, sem orðin er á þessu tímabili viðreisnarinnar, eina af meginorsökum þess dýrtíðarflóðs, sem mætt hefur á almenningi stöðugt þyngra með hverju viðreisnarári, sem liðið hefur.

Það var alltaf nokkuð sennilegt og raunar fyrirsjáanlegt, að þegar á liði kjörtímabilið og einkanlega þegar fast tæki að líða að kosningum, þá mundi ríkisstj. hefja eitthvert undanhald, taka upp einhvers konar yfirbótastefnu í bili og ef til vill hverfa þá að því að skila einhverju aftur af þeirri gífurlegu skatta- og tollaaukningu, sem hún hafði staðið fyrir, a. m. k. meðan hún væri að komast yfir kosningarnar. Yfirbótaaðgerðirnar hófust svo samkv. ásetlun á síðasta þingi með frv. ríkisstj. þá um lækkun aðflutningsgjalda, en þá var talið, að skilað væri til baka rúmlega 40 millj. kr. af þeim hækkunum, sem þá voru orðnar. Og nú, 1—2 mánuðum fyrir kosningar, er svo hert á yfirbótaaðgerðunum og sagt, að nú eigi að létta tollabyrðina um 97 millj. kr. Þessum endurgreiðslum á örlitlu broti skatta- og tollaaukninganna er svo ætlað það hlutverk í áróðrinum að fá menn til að gleyma því, sem áður hefur gerzt, og horfa fram hjá því, hver heildarniðurstaðan hefur orðið, — gleyma því, að hér er aðeins um að ræða hverfandi smáræði af þeim hækkunum, sem orðið hafa.

Við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d. leiddi hv. 5. þm. Norðurl. e. að því rök, að miðað við óbreytta fjármálastjórn væri alveg augljóst, að hér væri ekki um raunhæfar frambúðarlækkanir að ræða. Fjárþörf ríkissjóðs mundi aukast þegar á þessu og næsta ári um mörg hundruð millj., og ef fylgt væri líkri stefnu og áður, þyrfti ekki að fara í neinar grafgötur um, að úrræðin til þeirrar tekjuöflunar yrðu stórhækkun almenna söluskattsins eða gengisfelling, nema hvort tveggja yrði undir stjórn núv. stjórnarflokka.

En jafnvel þótt hér yrði um raunverulegar lækkanir að ræða, sem bókstaflega engar líkur benda til, þá er aðferðin við lækkanirnar, valið á þeim vörutegundum, sem tollur er lækkaður á, mjög einkennandi fyrir stefnu hæstv. ríkisstj., og má með sanni segja, að á undanhaldi sínu hverfi hún í engu frá þeirri meginstefnu, sem hún hefur fylgt í tolla- og skattamálum. Bæði 1961 og aftur nú er fylgt þeirri meginreglu að velja úr þær vörutegundir, sem almennum neytanda er minnstur hagur í að lækkaðar verði. Þar eru lúxusvörur og hvers kyns ónauðsynlegur varningur látinn sitja í fyrirrúmi. 1961 var einvörðungu um lækkun á hátollavörum að ræða, og í velflestum tilfellum voru verðlagsákvæði afnumin af þeim vörum, sem lækkaðar voru í tolli. Hagsmunir innflytjenda og kaupmanna voru látnir sitja í

fyrirrúmi fyrir hagsmunum almennings. Nú er enn í meginatriðum fylgt sömu stefnu. Mestu lækkanirnar eru á hátollavarningi, sem flestu venjulegu fólki liggur í léttu rúmi, hvort er í hærra eða lægra verðflokki. Í annan stað eru svo rekstrarvörur verzlunarstéttarinnar settar í sérflokka og þær lækkaðar mjög í tolli. Virðist því ekki að undra, þó að vel hafi farið á með höfundum þessa frv. og kaupsýslustéttinni, eins og hæstv. fjmrh. lagði sérstaka áherzlu á í sinni frumræðu hér í þessari hv. deild.

Hér er sem sagt fylgt þeirri stefnu að jafna tollana, draga mjög úr þeim mismun, sem gerður er á vörutegundum og að verulegu leyti hefur verið byggður á nytsemi þeirra. Ef gengið er út frá því, að tollar í heild sem tekjustofn verði álíka gildur þáttur í heildarskattheimtunni í framtíðinni eins og þeir eru nú, er auðsætt, að þegar til lengdar lætur stendur breytingin á tollaflokkunum innbyrðis ein eftir, þ. e. a. s. tollarnir verða jafnháir eða hærri en áður, aðeins hvíla þeir léttar á ónauðsynlegri varningi, en þeim mun þyngra á almennum neyzluvörum. Verði slík útjöfnun tollanna eina varanlega afleiðingin, t. d. að afstaðinni gengisfellingu, sem leiddi af sér hækkun gjaldstofnanna, er alveg auðsætt, að allur almenningur er verr settur eftir en áður.

Þetta eru fyrst og fremst ástæðurnar fyrir því, að við fulltrúar Alþb. teljum breytingarnar, sem hér eru ráðgerðar á tollskránni, til vafasamra bóta, þegar á heildina og horfur allar er litið, þótt þær séu það í einstökum tilvikum. Þetta mundi þó koma miklu greinilegar í ljós, ef fyrir lægju nákvæmir útreikningar á því, hvernig þessi áætlaða 97 millj. kr. lækkun skiptist eftir vörutegundum, og þá einnig, hve hækkanir eru miklar og á hvaða vörutegundir þær skiptast. Því miður hefur ekki tekizt að fá um þetta neitt nákvæmt yfirlit, og tollskrárnefndin gat ekki orðið við óskum hv. 5. þm. Norðurl. e. um að gefa n. slíkt yfirlit. Þó hafa um þetta fengizt þær upplýsingar, sem nú skal greina: Landbúnaðarvélar og önnur landbúnaðartæki lækka um 8.1 millj. kr. Vélar og tæki til sjávarútvegs lækka um 8.3 millj. kr. Varahlutir í bifreiðar lækka um 21 millj. Pappír og umbúðir lækka um 8.9 millj. Smíðatól og önnur verkfæri lækka um 3.6 millj. Dúkar og ytri fatnaður lækkar um 15.4 millj., en hækkar hins vegar um 4.9 millj. Allar aðrar lækkanir eru 45.4 millj. að frádregnum hækkunum. Í þessum 45.4 millj. kr. er meginuppistaðan alveg vafalaust glingur og annar hátollavarningur, og má þá glöggt sjá, að lækkanirnar snerta yfirleitt alls ekki venjulegar neyzluvörur almennings eða a. m. k. svo hverfandi lítið, að ekki er unnt að segja, að um neinar lækkanir sé að ræða. Þær upplýsingar tollskrárnefndar, að breytingarnar séu nánast ómælanlegar á vog framfærsluvísitölunnar, sanna þetta líka alveg augljóslega.

Næsta athyglisvert er einnig, að langstærsta lækkunin, varahlutir til bifreiða, kemur á vörutegund, sem fer í gegnum sölu bifreiðaverkstæða, en alveg nýlega hafa öll verðlagsákvæði verið afnumin á þjónustu þeirra. Verður því að teljast mjög vafasamt, hvort eða að hve miklu leyti þessi lækkun kemur til skila til bifreiðaeigenda. Hér er greinilega fylgt fordæminu frá 1961 með því að lækka helzt þær vörur, sem jafnframt eru undanþegnar verðlagsákvæði.

Við þm. Alþb. erum þeirrar skoðunar, að við endurskoðun tollskrárinnar til lækkunar hefði átt að miða að því að lækka í verði þær vörutegundir, sem mestu máli skipta fyrir almenna neytendur, ekki sízt með tilliti til þess, að þeir hafa orðið fyrir þyngstum búsifjum af völdum skattastefnu viðreisnarstjórnarinnar. Hæstv. fjmrh. gaf nefnd þeirri, sem að endurskoðuninni vann, fyrirskipanir í alveg öfuga átt, og er því við hann einan og ríkisstj. að sakast í þeim efnum. Hann vildi lækka tolla og verð á gimsteinum, silfurpletti, filabeini og flosvefnaði úr silki, en hækka tolla á ýmsum matvörum og öðrum lífsnauðsynlegum varningi. Hann vildi láta lækka tolla á skrautvörum, perlum og tilbúnum blómum, en halda öllum tollum eða hækka þá á búsáhöldum og byggingarefni. Við því er auðvitað ekkert að segja, þótt við séum ósammála hæstv. ráðh. í þessum efnum, en hitt er furðulegra, að hæstv. ráðh. skuli halda þeirri firru fram, að slíkar lækkanir sem hann valdi séu almenningi meiri kjarabót en þótt gagnstæðri stefnu hefði verið fylgt í vörutegundavali.

Það hefur verið upplýst í þessum umr., að rúmlega 3 ára vinna sérfræðinga hæstv. ríkisstj. liggi að baki þessu frv., en jafnframt liggur svo fyrir, að okkur, sem miða viljum tillögugerð af okkar hálfu við alveg andstæð sjónarmið í veigamiklum atriðum, eru ætlaðir 4—5 sólarhringar til þess að móta okkar till. Þessum vinnubrögðum, þessum bolabrögðum mótmælti hv. 5. þm. Norðurl. e. við 1. umr. málsins, og þau mótmæli skulu endurtekin hér nú. Okkar stjórnarandstæðingum ber að öllum réttum lögum og hefðbundnum venjum jafn réttur til tillögugerðar sem stjórnarflokkunum, en okkur er í reynd synjað um slíkt jafnrétti. Þrátt fyrir þessi óþingræðislegu vinnubrögð hæstv. ríkisstj. hafði þó hv. 5. þm. Norðurl. e. notað hinn skamma tíma, sem honum var ætlaður til þess að kanna þetta mál, til þess að bera fram brtt. í samræmi við þær skoðanir, sem hér er lýst. Að sjálfsögðu gat ekki sakir tímaskorts verið um neina heilsteypta tillögugerð að ræða.

Brtt. hv. þm. á þskj. 545 ná til nær hundrað vörutegunda og auk þess til allra aðflutningsgjalda af byggingarefni til íbúðarhúsa.

Skv. frv. er öllum búsáhöldum haldið í 100% tollflokki, eða í öðrum hæsta tollflokki. Slíkt kapp er lagt á að halda öllum búsáhöldum í svo háum flokki, hvaða áhöld sem um er að ræða, að ekki er einu sinni gætt sjálfsagðasta samræmis. Þannig rísa tollarnir á búsáhöldin í ýmsum flokkum langt upp úr því, sem vörur úr hliðstæðum efnum og í sama flokki bera. Þannig eru leirvörur yfirleitt tollaðar 20—30%, þar til kemur að búsáhöldunum, þau eru sett

í 100% flokk. Glervörur eru flestar tollaðar 35—50%, þ. e. a. s. aðrar en borðbúnaður, hann skal í 100% flokkinn. Járn- og stálvörur bera yfirleitt 10—35% toll, nema búsáhöld í þeim flokki, þau skulu hafa sín 100%. Aðstandendur þessa frv. virðast þannig leggja alveg sérstaka áherzlu á að tolla þessa almennu vöru sem allra hæst og ganga svo langt í þessu, að fullkomið ósamræmi er í miðað við aðrar vörur, og hlýtur það jafnvel að valda miklum tæknilegum erfiðleikum fyrir tollayfirvöldin.

Það mætti teljast umtalsverð kjarabót fyrir allan almenning, að búsáhöld væru lækkuð í tolli, og leggjum við því til, að búsáhöld í öllum flokkum lækki úr 100% í 50%, og yrði samt um hærri toll að ræða en samrýmist tolli fjölda annarra vörutegunda.

Þá er lagt til á þskj. 545, að nokkur lækkun verði samþ. á öðrum heimilistækjum, svo sem kæliskápum og þvottavélum, en slík lækkun mundi mest, a. m. k. í fyrstu, koma til góða ungu fólki, sem er að stofna heimili, og fátækustu heimilunum í landinu, sem enn hafa ekki haft efni á að veita sér þessi lífsþægindi, sem meiri hluti fólks telur nú sjálfsögð, ekkert síður en fatnað og matvæli. Lækkunartillögum okkar varðandi þessi tæki er mjög í hóf stillt, þ. e. a. s. tollurinn lækki úr 80% í 50%, eða sama og lagt er til að búsáhöld verði tolluð. Samt yrði þar um 15% hærri toll að ræða en á hliðstæðum tækjum, t. d. í iðnaði og verzlun, sem bera yfirleitt 35% toll.

Þá fjalla brtt. um allmargar almennar neyzluvörur, og eru þessar helztar, að nýir og þurrkaðir ávextir lækki úr 40% tolli í 30%, en í sumum tilvikum er nú um hækkun að ræða, svo sem á sveskjum, rúsínum o. fl. Með hliðsjón af því, að strásykur og molasykur er ótollaður, virðist óeðlilegt, að annar sykur, sem mjög margir telja hollari til neyzlu, svo sem púðursykur og þrúgusykur, sé tollaður verulega, og því er hér lagt til, að allur sykur sé tollfrjáls og að tollur á sírópi og hunangi sé lækkaður allverulega, en hér er um skyldar neyzluvörur að ræða. Kryddvörur eru í háum tollflokki, 100%, og er lagt til, að þær verði lækkaðar í 70%. Svipað er að segja um bökunardropa og hliðstæðar vörur til matargerðar, sem eru óhæfilega hátt tollaðar í frv.

Enn eru till. um lækkun á allmörgum matvælum og hreinlætisvörum. Þannig ber te 70% toll, og er það óeðlilegt, þar sem kaffi, sem er alveg hliðstæð vara, er tollfrjálst. Í fatnaðarflokknum er lagt til, að ytri fatnaður karla, kvenna og barna lækki úr 90% niður í 60%, sem virðist alveg nægileg vernd fyrir íslenzkan fataiðnað, og nærfatnaður úr 90% og 70% niður í 50%. Sjóstígvél er lagt til í frv. að verði tolluð 25%, en munu nú vera tolluð um 26%. Sjóstígvél má segja að séu ein allra dýrasta rekstrarvara sjómanna og fólks, sem vinnur við fiskverkun. Virðist engin sanngirni í að tolla slíkar vörur hærra en fjöldann allan af rekstrarvörum til útgerðarinnar, sem mjög margar eru í 2% tollflokki. Er því lagt til á þskj., að sjóstígvél lækki niður í 2% toll. Skv. frv. er tollur á fimleikjatækjum og íþróttatækjum lækkaður allverulega, en er þó enn haldið í 80% tolli. Leggjum við til, að slík tæki, þ. á m. tæki til skíða- og skautaíþrótta, séu lækkuð úr 80% niður í 50%. Allir munu sammála um, að æskilegt sé, að æskulýður landsins beini áhuga sínum og lífsþrótti að viðfangsefnum göfugra íþrótta eins og skíðaíþróttarinnar. En það er staðreynd, að íþróttatækin eru mjög dýr og að verðlag á þeim hindrar mikinn fjölda barna og unglinga í því að verja tómstundum sínum til þessara íþrótta, og er það illa farið.

Nokkrar af brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e. fjalla um lækkun á tolli á dagblaðapappír og algengum prentpappír, þ. e. a. s. tollur á blaðapappír verði felldur niður með öllu og tollur á prentpappír verði lækkaður úr 30% skv. frv. í 10%. Það er kunnugt, að blaðaútgáfa á í vök að verjast hér á landi og dagblöð flest, sem hafa ekki að baki sér aðila, sem ráða yfir auglýsingafjármagni, eru rekin með stórfelldu tapi. Tollur á nauðsynlegustu rekstrarvöru blaðaútgáfu er því raunverulega hemill á það prentfrelsi, sem okkur á að vera tryggt skv. stjórnarskránni, og er hætta á, að slíkir tollar geti aukið á sérréttindi þeirra, sem yfir fjármagni ráða meir en aðrir, til þess að koma málflutningi sínum á framfæri. Það má því segja, að tollfrelsi á nauðsynlegustu rekstrarvörum blaðaútgáfu sé þáttur í verndun prentfrelsisins. Að vísu mætti segja hið sama um aðrar rekstrarvörur til blaðaútgáfu, en ívilnun að því leyti er erfið eða óframkvæmanleg af tæknilegum ástæðum. Dagblaðapappír er hins vegar alveg í sérflokki og ekkert því til fyrirstöðu að hafa hann tollfrjálsan, þótt annar pappír sé tollaður. Það er einnig okkar skoðun, að tollur á venjulegum prentpappír sé allt of hár og að það geipiverð, sem nú er orðið á þessari vöru, sé þrándur í götu bókaútgáfu í landinu, sem yfirleitt berst mjög í bökkum, og því sé nauðsyn að lækka verulega tolla á prentpappír almennt, þeirri ómetanlegu menningarstarfsemi til styrktar, sem blaðaútgáfa landsmanna er.

Veigamesta brtt. er við heimildakafla tollskrárinnar og fjallar um endurgreiðslu á tollum af byggingarefnum til íbúðarhúsa. Er lagt til, að heimiluð sé endurgreiðsla, sem svari til allt að 75% af tollum á byggingarefnum til íbúðabygginga. Lagt er til, að við slíka endurgreiðslu sé beitt líkri aðferð og gert er varðandi efni til skipasmíðaiðnaðarins, þ. e. a. s., að ákveða megi, að endurgreiðslan sé miðuð við tiltekna upphæð á rúmmetra íbúðar og sé þá takmörkuð við 360 rúmmetra eða sömu íbúðarstærð og lánshæð hjá húsnæðismálastjórn ríkisins. Í framsöguræðu sinni við 1. umr. gat hæstv. fjmrh. þess, að til athugunar hefði verið lækkun á byggingarefnum með tilliti til þess að létta fyrir íbúðarhúsabyggjendum, en ekki hefði þótt fært að leggja út í lækkanir á þessum vörum, vegna þess að taka hefði þá

þurft allar efnivörur til bygginga með og þá jafnt til íbúðarhúsa sem annarra bygginga og slíkt hefði orðið til of mikils tekjutaps fyrir ríkissjóð. Með þeirri brtt., sem hér er um að ræða, er bent á auðvelda leið til að greina hér á milli íbúðabygginga og annarrar byggingarstarfsemi og um leið á raunhæfa leið til þess að lækka allverulega byggingarkostnað? Það mun láta nærri, að tollur á 360 rúmmetra íbúð nemi nú um 50 þús. kr. Miðað við hæstu endurgreiðslu skv. till. yrði hún um 37—38 þús. kr. á íbúð. Væri gert ráð fyrir, að byggingarstarfsemi væri með eðlilegum hætti í landinu, þ. e. a. s. að árlega væru byggðar um 1500 íbúðir, næmi endurgreiðsla í heild nálægt 45 millj. kr. En eins og alkunnugt er, hefur bygging íbúðarhúsa dregizt mjög saman síðustu árin, þannig að ekki yrði hér um teljandi tekjumissi að ræða miðað við síðustu ár eða jafnvel engan, ef aftur tækist að koma byggingarstarfseminni í eðlilegt horf.

Slík endurgreiðsla tolla, sem hér er ráðgerð, er nokkuð hliðstæð þeirri niðurgreiðslu á byggingarkostnaði, sem Norðmenn tíðka. Þeir hafa farið inn á niðurgreiðslubrautina í þessum efnum, að vísu í formi vaxtalausra lána, þrátt fyrir það að þeir hafa mjög lága tolla á byggingarefni. Miða þeir sínar ráðstafanir við 70 m² gólffleti að viðbættri aukningu eftir fjölskyldustærð. Virðist það vel fært og mundi rúmast eftir till. hv. 5. þm. Norðurl. e., að nokkurt tillit yrði tekið til fjölskyldustærðar við endurgreiðsluna.

Flestum mun það ljóst, að húsnæðismálum okkar verði naumast komið í viðunandi horf eftir þær gífurlegu hækkanir, sem orðið hafa á byggingarkostnaði af völdum efnahagsaðgerða síðustu árin, nema til komi nýjar og stórfelldar aðgerðir af hálfu hins opinbera. Brtt., sem hér um ræðir, er auðvitað ekki nein allsherjarlausn á því vandamáli. En spyrja má, ef nauðsyn slíkra opinberra aðgerða í húsnæðismálum er óhjákvæmileg: Hvaða aðferð er þá til nærtækari en sú að létta að nokkru af þeim sköttum og tollum, sem ríkið sjálft leggur á byggingastarfsemina og valda því með öðru, að í óefni er komið? Hér er auðvitað ekki um að ræða nema brot af þeim hækkunum, sem orðið hafa á byggingarkostnaði á síðustu 3—4 árum. En engu að síður væri þessi lækkun umtalsverð og mundi án efa, ásamt nauðsynlegum aðgerðum í lánamálum, létta undir með þeim, sem eru að byggja og koma til með að byggja sér íbúðir á komandi tímum, og það ef til vill án þess að ríkissjóður missti nokkurs í hvað tekjur áhrærir. Það mun ekki heldur fjarri, að tollar ríkissjóðs af íbúðabyggingum yrðu að þessari breytingu gerðri sízt lægri en þeir voru í upphafi viðreisnartímabilsins. Hér væri því aðeins verið að skila aftur því, sem gengisfellingarnar tvær og söluskattur í innflutningi hafa bætt á sjálfa tollana á þessu tímabili.

Eins og áður er sagt, hefur þess ekki verið neinn kostur tímans vegna að móta brtt. í fullu samræmi við þær meginskoðanir, sem við Alþýðubandalagsmenn höfum varðandi tollamálin í heild. Þó er vafalaust, að brtt. okkar, ef samþ. yrðu, mundu gerbreyta eðli þess frv., sem fyrir liggur, þannig að um yrði að ræða mjög verulegar hagsbætur fyrir almenning í landinu, í stað þess að skv. eigin sögn þeirra, sem að frv. standa, eru hagsbæturnar nú ekki stærri í sniðum en svo, að engin mælitæki eru tiltæk til þess að mæla þær, hvorki vísitalan né annað. Tekjutap ríkissjóðs, sem leiða kynni af samþykkt þeirra, mundi ekki reynast tilfinnanlegt. Áður er bent á það, að aukin byggingarstarfsemi mundi þannig fyllilega geta mætt tekjutapinu, hvað byggingarvörurnar snertir. En að öðru leyti eru brtt. þess eðlis, að þær mundu af öllum almenningi vera beint metnar til jafns við launahækkanir og þannig spara hinu opinbera og atvinnurekstrinum í landinu bein útgjöld. Það fer því fjarri, að þær stefni einhliða að tekjumissi fyrir ríkissjóð og jafnvel miklu síður en þær lækkanir, sem annars er gert ráð fyrir í frv.

Þessi er grg. hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir þeim brtt., sem hann flytur á þskj. 545. Hann lýsir sig að lokum þess albúinn, ef till. hans verða samþ. við þessa umr., að standa að hækkunartill. frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, á ýmsum lúxus- og óhófsvarningi, ef á sannast, að slíkt verði óhjákvæmilegt vegna samþykktar á till. hans.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fimmtudaginn 28. f. m. var frv. til laga um tollskrá o. fl., sem hér er til umr., útbýtt síðdegis hér á Alþingi. Þennan sama dag kom Morgunblaðið út árla að venju, og í því mátti lesa frásögn af því, hvað tollskrárfrv. bæri í sér. Á forsíðu Morgunblaðsins var þversíðufyrirsögn með forkaletri: „Stórfelld endurbót á tollskránni.“ Neðan undir þessari miklu fyrirsögn stóðu fyrirsagnir, undirfyrirsagnir, með vænu letri líka, — öðrum megin: „Lækkun tolla nemur 100 millj. kr.“ — hinum megin alveg samsíða: „Miklar jarðhræringar hér á landi.“ Þetta var dálítið skemmtileg tilviljun í augum þeirra, sem gamanskyn hafa. Stundum hafa þau atvik, sem kölluð eru tilviljanir, orsakarök á bak við sig og eru ekki algerlega tilviljanir. Mennirnir við Morgunblaðið höfðu heyrt húsbændur sína tala um útgáfu nýrrar tollskrár sem stórkostlegan viðreisnarviðburð, og ef til vill þess vegna skipuðu þeir ósjálfrátt fréttinni um útkomu nýrrar tollskrár með fréttinni um miklar jarðhræringar. Þetta var samhliða í hugum þeirra og hvort tveggja stórvaxið og miklar fréttir.

Vísir sagði, seinna að vísu, um tollskrána: „Sannleikurinn er sá, að hið nýja tollafrv. er stórfellt hagsmunamál og raunhæf kjarabót.“

En því er nú miður, að með þessu frv. gerist enginn stórviðburður til hagsmunalegra umbóta. Með tilliti til fréttarinnar í Morgunblaðinu og þeim til réttlætingar, sem að henni stóðu, má segja, að fjallið hafði að vísu talið sig vera með jóðsótt, en lítil mús hafi fæðzt, eins og segir í dæmisögunni.

Stærð tollskrárinnar sem bókar er mikil, og það er mikið verk, sem stendur að baki þeirrar bókar. Til þess voru kvaddir tollfróðir menn að semja bókina, og það tók þá rúmlega 3 ár að ganga frá henni. Ég efast ekki um, að þessir menn hafi unnið verk sitt samvizkusamlega, og ég er þeim þakklátur fyrir að hafa gefið mér margar mikilsverðar upplýsingar um innihald þessarar bókar, þegar þeir mættu á fundi fjhn., eins og hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir hér áðan. En þrátt fyrir þetta er það sjálfsögð skylda Alþ. að athuga vel frv. þetta, þó að alþm. viti, að það hafi verið unnið samvizkusamlega. Til þess er það lagt fyrir Alþ., og í sjálfu sér bera ekki þessir embættismenn, sem unnu að tollskránni, ábyrgð gagnvart þjóðinni á þessu verki, heldur er það Alþingi, sem ber ábyrgðina. Og það er mikið tillitsleysi við Alþ. og við þingræðið að hafa lagt frv. svo seint fram á Alþ., að enginn tími er til að athuga það með þeirri gaumgæfni, sem ætlazt er til að Alþ. athugi slík frv. Þetta er ekki aðeins tillitsleysi við stjórnarandstöðuna, — við skulum segja, að það sé eðlilegt kannske, að stjórnin leggi ekki sérstaklega mikið upp úr því að gefa stjórnarandstöðunni langt ráðrúm til athugunar, — en þetta er tillitsleysi við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. Og það mátti heyra það á hæstv. frsm. meiri hl., að hann hafði þetta fullkomlega á meðvitundinni, því að hann bað fyrir hönd n., sem átti að gaumgæfa málið, afsökunar og hafði þann fyrirvara, að hún gæti ekki borið fyllstu ábyrgð á afgreiðslu málsins, vegna þess að henni hafði ekki gefizt tími til að vinna að athuguninni. Ég vitna í þetta af því, að ég tel það vera fulla sönnun fyrir því, að það sé ekki stjórnarandstöðuádeila ein, sem leggur þennan skilning í málið, og ég get þess líka vegna þess, að mér finnst verðugt, að hv. frsm. meiri hl. fái lof fyrir það að hafa sýnt þá samvizkusemi að flytja fyrirvarann.

Hv. fjmrh. tilnefndi þá embættismenn, sem sömdu þetta frv. Hann skipaði þá nefnd. Og eins og eðlilegt má telja, gaf hann út með tilnefningu sinni fyrirsagnir til n. um það, hvað hún skyldi hafa sem höfuðreglur við samningu nýrrar tollskrár. Þessar reglur er að finna á bls. 140, í upphafi athugasemda við frv. um tollskrána. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa þessar reglur:

„a) Að núgildandi aðflutningsgjöld ásamt viðaukum væru yfirleitt sameinuð í eitt heildargjald (verðtoll) á hverja tollskylda vörutegund.“ Þessi regla eða fyrirskipun var mjög eðlileg. Því hefur verið haldið fram, að þessi sameining gjaldanna sýni mikla ráðdeild. Ég hygg, að hvaða stjórn sem hefði látið gera endurskoðun hefði, eins og komið var málum, gefið út þessa fyrirskipun. Hún verðskuldar því ekkert einstakt lof.

„b) Að samræmdur verði eftir föngum tollur af skyldum vörum.“ Þetta er sjálfsögð regla.

„c) Að verðtollur skv. a væri ekki hærri en 125% á neinni vöru.“ Þetta er mjög umdeilanlegt atriði. Það hefur verið talið tollum til gildis, eða réttara sagt hefur það verið talið til réttlætingar óbeinum sköttum, að með þeim væri talsvert hægt að fylgja þeirri reglu, með því að hafa þá mismunandi, að þeir, sem hafa breiðu bökin, beri þyngri byrðarnar. Vegna þess að það eru þeir, sem hafa kaupgetuna til að kaupa hinar dýrari vörur. Annar sá stjórnarflokkur, sem stendur að núverandi hæstv. ríkistj., Alþfl., hafði á stefnuskrá sinni lengi vel skatta eftir efnum og ástæðum sem höfuðskattareglu. Nú hefur hann í þessu stjórnarsamstarfi horfið mjög frá þeirri reglu. Og eitt sinn, þegar umr. voru um þetta hér á Alþingi og málið var á dagskrá hjá þjóðinni, verið var að lækka háskatta, beina, þá sagði flokkurinn í Alþýðublaðinu, að þetta væri réttmætt, að lækka beinu skattana og hækka óbeinu skattana, því að það væri hægt að gera þannig, að óbeinu skattarnir kæmu mjög niður eftir efnum og ástæðum. Með því að hafa hátolla, þá væri verið að „gildra fyrir þá ríku“. Með sama rétti á grundvelli þessarar hugsunar er nú hægt að segja, að þegar hæstv. fjmrh. fyrirskipar endurskoðunarnefndinni að hafa engan toll hærri en 125%, fella niður tollprósentu þar fyrir ofan, þá sé verið að taka upp gildrurnar og fjarlægja þær. Alþfl. hlýtur að viðurkenna þetta. Hann hefur þá enn breytt um skoðun, ef hann er þessu samþykkur.

d) Í fyrirmælunum er: „Að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum rýrnuðu ekki um of.“ Engin regla er eðlilegri af hálfu þess manns, sem þarf að sjá um, að tekjur séu til á móti gjöldum hjá ríkissjóði. Engin regla er eðlilegri en þessi, eins og hún er sett fram í almennum orðum. En svo er hitt. Hvað er rýrnun um of? Og mér virðist, að með tollskrárfrv. sé þess mjög gætt, að ekki rýrni tekjur um of, og svo langt er gengið í því meira að segja, að fyrirheit, sem gefin hafa verið um niðurfellingu, bein og óbein fyrirheit um niðurfellingu álagna, svo sem eins og niðurfellingu bráðabirgðasöluskatts, þau eru ekki efnd.

„e) Að um flokkun og niðurröðun vara í nýju tollskránni væri fylgt hinni alþjóðlegu tollskrárfyrirmynd, Brüssel-skránni svonefndu.“ Ekkert hef ég að athuga við þau fyrirmæli.

Heildarlækkun þessi, sem mátti ekki vera um of, er sniðin við það samkv. frv. að mega vera 97 millj. kr. Það er lítil upphæð, það er lítið, sem fjallið fæðir þar af sér, þegar miðað er við þá heildarhækkun, sem orðið hefur síðan 1958 eða í tíð núverandi hæstv. stjórnarflokka á álögum til ríkissjóðs, því að þær hafa vaxið, eftir því sem næst verður komizt, um nálega 1400 millj., og vantar þá lítið á, að segja megi, að þær hafi þrefaldazt. Það eru einar 97 millj., sem telst ekki rýrnun um of. Og þessari lækkun er þannig fyrir komið í tollskránni, að vísitala framfærslukostnaðar lækkar ekki, svo að teljandi sé, að sögn. Það er talið, að reikningsvélar taki ekki þá heildarlækkun, sem

verða kynni á framfærsluvísitölunni. Vélarnar ná henni ekki. Samt er það svo, að ég tel ekki rétt að fella eða gera tilraun til að fella þetta frv. Ég tel, að allt, sem horfir í lækkunarátt miðað við það álögufargan, sem hvílir á þjóðinni, sé til bóta og það sé rétt að styðja. Og í öðru lagi tel ég, að með sameiningu aðflutningsgjaldanna, eins og hún hefur verið gerð samkv. frv., þá sé gerð umbót og þetta sé vinnuhagræði, bæði fyrir þá, sem eiga að annast tollalækkanirnar, og líka fyrir þá, sem fara með verzlun aðflutningsvara í landinu.

Hæstv. ríkisstj. og hennar talsmenn fara miklum lofsorðum um þá framtakssemi að hafa stofnað til endurskoðunar á tollskránni. Það er rétt, að endurskoðun á tollskránni hefði mátt hefja fyrr. En hitt er líka rétt, að það varð óumflýjanlegt að hefja hana, eftir að efnahagsaðgerðir ríkisstj. komu til sögunnar og umturnuðu tollagrundvellinum. Eftir gengisfellingarnar 1960 og 1961 varð gífurleg röskun á undirstöðum tollanna, enn fremur urðu viðbætur skatta, eins og söluskattsviðbótin og hinn nýi almenni söluskattur. Og allt þetta rak eftir með að hefja þetta verk, svo að ég tel það ekki sérstaklega þakkarvert, þó að til þess hafi verið stofnað, ekki bera vott um neina sérstaka framtakssemi. (Gripið fram í.) Ég sagði, að það hefði mátt hefja þessa endurskoðun fyrr, en það var óumflýjanlegt að hefja hana, þegar þarna var komið, og það, sem knýr að því, að það er óumflýjanlegt, er þess eðlis, að sá, sem er knúinn, á ekki sérstakar þakkir persónulega fyrir að hafa látið undan.

Ég flyt nokkrar brtt. við tollskrárfrv. á sérstöku þskj., þskj. 561. Ég tel, að þessar brtt. séu hófstilltar og það sé rangt, ef hv. frsm. meiri hl. í fjhn. hefur átt við þær áðan, þegar hann talaði um áróðurstill. Þetta eru till., sem flestar hafa verið fluttar af framsóknarmönnum á Alþ. að undanförnu, en ekki fengið jákvæðar undirtektir og verið felldar af stjórnarflokkunum. Ég hefði talið rétt að flytja miklu víðtækari og fleiri brtt., ef það hefði verið hægt að vinna að athugun á tollskránni rækilegar en aðstaða var til að gera nú, og enn fremur ef við hefðum talið nokkrar líkur til þess, að slíkar víðtækar till. yrðu samþ. hér, eins og sakirnar standa. Og loks er líka á það að líta, að það er ekki hægt að gera á tollskránni út af fyrir sig þær brtt., sem orka því að breyta því efnahagskerfi, sem hæstv. núverandi ríkisstj. hefur sett upp. Tollskrárbreytingar einar saman geta ekki náð þeirri niðurstöðu. Og þær þurfa að vera fluttar í sambandi við aðrar till. um breyt. á efnahagskerfinu, svo sem eins og um vaxtalækkun, lánsfjáraukningu o. s. frv. Það verður því að bíða seinni tíma að flytja slíkar till., — tímans, þegar aðstaða er til þess á Alþ. að gera heildarlegar og samfelldar nauðsynlegar breytingar á þessu tilbúna efnahagskerfi hæstv. ríkisstj.

Ég sé það og gleðst yfir því, að þær till., sem við framsóknarmenn höfum á undanförnum þingum og á þessu þingi flutt um afnám tolla á ýmsum tækjum vegna landbúnaðar, hafa haft áhrif á stjórnarstuðningsmenn og hæstv. ríkisstj., þó að þær hafi stöðugt verið felldar og svæfðar, því að nú hefur hæstv. ríkisstj. tekið sig til og fært niður í till. sínum tolla á þessum tækjum. Við höfum gert kröfu til þess, framsóknarmenn, að þessi tæki til landbúnaðarins nytu hins sama í álagningu aðflutningsgjalda og sambærileg tæki til sjávarútvegsins. Við höfum ekki talið, að sjávarútvegurinn væri ofhaldinn í styrkjum vegna aðflutningsgjalda, en við höfum gert kröfu til þess, að landbúnaðurinn nyti sams konar aðstoðar. Á þetta hefur ekki verið fallizt, og sýnilegt er, að á þetta er ekki enn fallizt samkv. till., þó að þar sé um lækkun tolla á landbúnaðartækjunum að ræða, því að þau á yfirleitt eftir till. að tolla með 10%, þó að hins vegar séu tollfrjáls skip og vélar, sem eru alveg hliðstæður við þessi tæki. Dráttarvélarnar eru skip bóndans og þau tæki, sem þeim fylgja.

Ég flyt till. um það, að þessi tæki til landbúnaðarins séu tollfrjáls, eins og skipin og vélarnar eiga að vera, og þar að auki flyt ég till. um það, að létt sé af sjávarútveginum 4% tolli á vissum tækjum, eins og radartækjum og fisksjám og bergmálsdýptarmælum, svo og á nokkrum efnivörum vegna sjávarútvegsins. Ég vil, að þessir gömlu undirstöðuframleiðsluatvinnuvegir þjóðar okkar njóti tollfrelsis í þessum efnum og búi við alveg sömu kjör í því. Framsóknarmenn hafa flutt till. á Alþingi um lækkun tolla á búsáhöldum. Þessi búsáhöld má segja að séu vélvæðing á starfssviði húsfreyjanna á heimilunum. Þau eru yfirleitt eftir frv. sett í 80% tollflokk. Ég legg til, að þau verði færð niður í 40%. Ef það yrði samþykkt, tel ég, að það væri töluverð lagfæring, sem almenningur nyti. Þessi tæki, og sérstaklega ef þau eru rafknúin, eru orðin bráðnauðsynleg á hverju heimili.

Ég legg til á þskj. 561, að te verði gert skattfrjálst eins og kaffi. Þetta var rætt í hv. fjhn. Yfirleitt litu nm. svo á, að það væri rangt að skattleggja te með 70% tolli, þegar kaffi er tollfrjálst, því að vitanlega er það svo, að þó að kaffi sé meira drukkið, þá eru margir menn, sem drekka te í kaffistað, og meira að segja af því, að þeir þola ekki að drekka kaffi. Það er því rangt að gera svona mikinn mun á þessari vöru, sem hefur sams konar hlutverki að gegna hjá þjóðinni. Að vísu varð ekki samstaða um það í n. að fella tollinn niður, en meiri hl. aðhyllist það að lækka hann ofan í 50%. Það er til bóta, en ég tel það of lítið og flyt till. um, að tollurinn af tei verði felldur niður.

Ég flyt till. um það, að girðingarnet verði lækkuð í tolli, úr 20%. niður í 15% toll, og gerð jafnálöguþung og gaddavír. Það kom erindi til hv. fjhn. frá skógræktarstjóra, sem benti á misræmið í því að tolla girðingarnet hærra en gaddavír. Ég álít, að sú aths. hafi haft við rök að styðjast. Fjhn. féllst ekki á þetta í heild, en ég legg til, að girðingarnetin verði færð niður í 15% toll, gjaldið það sama af þeim og gaddavír. Girðingarnet eru vara, sem bændur brúka mikið og jafnvel fleiri en bændur, og

það er engin ástæða til þess að skatta þau í aðflutningsgjöldum meira en gaddavírinn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa upp þá vöruflokka eða þær vörur, sem ég flyt sundurliðaðar till. um tollalækkanir á. Ég hef nefnt aðalflokka þeirra í því, sem ég er búinn að segja. Þó vil ég nefna prjónavélar, sem ég flyt till. um að verði lækkaðar úr 35% tolli niður í 15%. Þær hafa verið hækkaðar frá því, sem áður var, um 14%, og ég skil ekki, hvers vegna það hefur verið gert. Mér finnst, að það sé ósamræmi í því að hækka þessar heimilisnotavélar, þegar sumar aðrar vörur eru lækkaðar.

Ég vil benda á, að þó að aðalregla mín í tillöguflutningnum hafi verið að leggja til, að landbúnaðarverkfærin væru lækkuð svo mjög, að felldur væri niður af þeim tollur, eru það einstakar stærri vélar, og vélar, sem eru ekki eins almennt notaðar, sem hafa verið settar í till. þeim, sem liggja fyrir, í 35% skala, sem ég legg til að verði færðar niður í 15%, og hygg, að það sé sanngjarnt.

Þá flyt ég till. um það, að í 3. gr. breytist 30. liður þannig, að niður falli orðin: „sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur". Hér er um að ræða vélar í báta, sem eru ekki nýsmíði, og enn fremur vélar til rafmagnsframleiðslu á sveitabæjum. Heimild er til að lækka þær vélar með endurgreiðslu niður í 10% toll. Ég legg til, að heimild sé til að fella niður tolla af þeim, og tel það vera til samræmis við það, að toll má fella niður af nýsmíðum og vélum í sambandi við þau, þegar um báta er að ræða. Og framleiðsla rafmagns með dísilvélum á heimilum er svo nauðsynleg, að ég álít, að það eigi að taka þetta tillit til hennar, ekki síst þegar til hennar þurfa að grípa þeir, sem eru þannig illa settir í sveitum, að samveitur ná ekki til þeirra, þ. e. þeir geta ekki komizt í félag samveitna.

Þá flyt ég till. um það, að á eftir 30. lið 3. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi, að heimilt sé að endurgreiða hluta innflutningsgjalda af byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra. Skal endurgreiðslan nema 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra. Ráðh. setur nánari ákvæði um endurgreiðslu þessa.

Framsóknarmenn hafa flutt till. hvað eftir annað um það, að lækkaðir væru vextir af lánum, að aukin væru lán til íbúða. Þessar till. hafa ekki verið teknar til greina af meiri hl. þingsins. Ég skal játa, að ég álít, að þeir erfiðleikar, sem húsbyggjendur hafa komizt í og eru illkleifir eins og sakir standa, væru betur leiðréttir og eðlilegar leiðréttir með því að lækka vexti af lánum þessara manna og auka lánsfé til þeirra, heldur en bæta við í framkvæmd endurgreiðslu til þeirra. En af því að till. okkar um það, sem ég nefndi, hafa ekki verið teknar til greina, þá flyt ég þessa till., því að ég lít svo á, að fólki því, sem vantar húsnæði, sé í mörgum efnum algerlega ofviða, eftir að gengisfellingarnar hafa átt sér stað og ýmiss konar efnahagsráðstafanir, svo sem vaxtahækkun, frysting sparifjár komin til framkvæmda, — sé þetta þeim ókleift og í mörgum tilfellum algerlega ofviða að leysa þessa þörf sína. Og með því að gera svo torvelt að koma upp húsnæði, þá er sérstaklega lagður steinn í götu uppvaxandi fólks, og sú þjóð, sem gerir það, er að stofna til kyrkings í þjóðlífi sínu.

Þessi till. um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af efni til íbúðabygginga er vel framkvæmanleg, og ég veit, að Norðmenn hafa haft þann hátt á að endurgreiða aðflutningsgjöld af byggingarefni, svo að fordæmi eru til. Hér er lagt til, að endurgreiðslan verði ákveðin 110 kr. á hvern rúmmetra og greiðist á íbúðir upp í 360 rúmmetra stærð. M. ö. o.: allar íbúðir, sem fullgerðar eru, njóta þessa, en þær, sem eru stærri en 360 rúmmetrar, fá ekki endurgreiðslu á þá rúmmetra, sem eru fram yfir það mark. Við 360 rúmmetra er miðað vegna þess, að húsnæðismálastofnunin miðar við þá stærð, þegar hún veitir lán, miðar við, að það sé stærð, sem sé eðlilegt að taka til greina fyrir fimm manna fjölskyldu. Samkv. skýrslu Efnahagsstofnunar ríkisins voru fullgerðar íbúðir í landinu að meðaltali á ári 1954—1961, 8 árum, 1350 talsins. Þær voru fæstar fyrsta árið, þá voru þær 883, þær voru flestar 1957, þá voru þær 1618. Síðasta árið, sem er tekið í þennan reikning, voru þær 1209. Samkv. skýrslu hagstofunnar kostaði rúmmetri í íbúð í febrúar í vetur, þ. e. a. s. 1963, kr. 1689.16. Samkv. útreikningi húsnæðismálastjórnar 1960 um innflutningsgjöld af byggingarefni til íbúðarhúsa reyndust þau vera um 7.8% af fullnaðarverði íbúðar. Ef reiknað er nú með 8%, nema innflutningsgjöldin á hvern rúmmetra 135 kr. 110 kr. endurgreiðsla, eins og ég legg til að tekin verði upp á hvern rúmmetra íbúða, nemur þá um 81.5% af innflutningsgjöldum, og ef litið er á hússtærðir, mundi þessi endurgreiðsla nema: á 250 rúmmetra íbúð, ef menn létu byggja svo þröngt, 27 500 kr., á 275 rúmmetra íbúð 30 250 kr., á 300 rúmmetra íbúð 33 þús. kr., á 325 rúmmetra íbúð 35 750, en á 360, það er mesta stærðin, sem á að veita endurgreiðslu út á, nemur hún 39 600 kr.

Sé nú gert ráð fyrir því, að meðalstærð íbúðar sé 320 rúmmetrar og að byggðar séu 1350 íbúðir, sem þá njóta endurgreiðslna á ári, þá mundi sú upphæð nema 47 millj. 520 þús. kr. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að allir, sem byggja íbúðir, hvar sem þeir eru á landinu, nytu þessara endurgreiðsluréttinda. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni, því að mér skildist á formanni fjhn. áðan, að hann þyrfti helzt að skjóta á fundi núna rétt fyrir fjögur.) Ég skal reyna að vera stuttorður, mig langar ekki til þess að tefja málið. (**Forseti:** Annars verður áframhaldandi fundur seinna í dag.) Já, ég held, að ég geti lokið mér af á stuttum tíma.

Við 40. gr. flyt ég brtt. Hún er um það, að aftan við næstsíðustu mgr. komi svo hljóðandi viðbót: „Greiða skal síðan eftir 1963 árlega til

jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5% af innheimtum aðflutningsgjöldum samkv. tollskrá.“ Þessi 40. gr. gerir ráð fyrir því, að til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði greitt vegna niðurfellingar söluskattsins, viðbótarsöluskattsins, sem jöfnunarsjóður hefur fengið 20% af, þá verði greitt það, sem á vantar, að hann — jöfnunarsjóðurinn — fái það, sem honum hefur verið áætlað samkv. fjárl. á árinu 1963. En í frv. er ekkert séð fyrir því, að sveitarfélögin fái þetta tillag í jöfnunarsjóðinn áfram. Till. mín er til að tryggja það, því að 5% af heildartolltekjunum svara til þess, sem sjóðurinn hefur haft að undanförnu, og sveitarfélögin mega á engan hátt við því, að þessi tekjustofn þeirra falli niður. Hæstv. fjmrh. gat þess, að hann vildi, að fyrir því væri séð, að sveitarfélögin fengju tekjustofn, sem svaraði til þess, sem þau hafa haft. Ég vil með þessari till. minni tryggja það, því að ég sé enga ástæðu til þess, að það sé dregið að ganga frá því.

Ég hef þá minnzt á aðalatriði þessara till. minna. Ég hef ekki flutt þær án þess að gera mér grein fyrir því, að sá, sem till. flytur, verður að gera það meira en í áróðursskyni. Ég sagði áðan, að ég tæki ekki til mín það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði um ábyrgðarlausar áróðurstillögur.

Ég hafði áður getið þess, að endurgreiðslan á byggingarefni mundi gera, eftir því sem hægt væri að áætla, því að hér verður aldrei nema um áætlunarupphæðir að ræða, — mundi gera 47.5 millj. í útgjöld. Mér skilst, að tollalækkun búsáhalda, eins og ég legg til að hún verði, geti kostað um 20 millj. og tollalækkun vegna landbúnaðartækja um 5 millj., að tollalækkun á tei geti kostað 1 millj. og aðrar till. mínar geti kostað einar 7 millj., svo að þarna gæti orðið um 80 millj. kr. tolltekjulækkun að ræða. Greiðsluna til jöfnunarsjóðs, sem mundi vera um 54 millj. miðað við áætlun 1963, tel ég ekki ástæðu til að tala um í þessu sambandi. Ég tel svo sjálfsagt, að það verði að sjá fyrir því, að sveitarfélögin haldi þessum tekjum. Þó að ég leggi til, að það sé strax tryggt, þá tel ég ekki að þurfi að reikna með þeim í þessu sambandi sérstaklega, af því að till. mín auki útgjöldin. Nú er það svo, að bráðabirgðasöluskatturinn, sem rennur inn í tollinn, er miklu hærri en lækkun þeirra gjalda, sem ég legg til. Ég skil ekki í öðru en hæstv. fjmrh. telji sig siðferðislega nokkuð bundinn því að skila þessum skatti í tollalækkunum, þessum gamla bráðabirgðaskatti, því að þannig hafa orð fallið áður.

Í framsöguræðu sinni drap hæstv. ráðh. drjúgt í, að hann sæi mikla möguleika til þess að láta ríkissjóð standast nokkra aðflutningsgjaldalækkun. Hann sagði búmannlega, að hann ætti fyrningar frá fyrri árum. Þessar fyrningar eru, sagði hann, tekjuafgangar frá 1960 35 millj., frá 1961 72 millj. og frá 1962 væntanlega fullar 100 millj. Nú er vitanlega ekki hægt að margnota slíkar fyrningar, en fyrningarnar tryggja það, að þetta ár, ef þær eru rétt taldar, stenzt vel, þó að heildartollalækkunin verði eins og ég legg til. En svo sagði hæstv. ráðh. meira, sem snertir framtíðina í þessu sambandi. Hann taldi, að smygl mundi minnka. Hann lagði áherzlu á, að tollalækkanir vegna atvinnuveganna örvuðu þá til framleiðslu og þá ykjust þjóðartekjur og sjálfkrafa um leið tekjur ríkissjóðsins. Og enn benti hann á það, að innflutningur til landsins færi að sjálfsögðu árlega vaxandi og gæfi tolltekjur meiri og meiri frá ári til árs. Ég vona, að ég hafi ekki ofboðið bjartsýni hæstv. ráðh. með mínum hóflegu tillögum.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hafði boðað það í framsöguræðu minni, að vænta mætti nokkurra frekari brtt. frá fjhn. eða meiri hl. hennar. Ég mun leyfa mér að leggja fram 3 brtt., sem fluttar eru af meiri hl. n. Ástæðan til þess, að meiri hl. flytur þetta, er ekki sú, að ég ætli, að hv. fulltrúar stjórnarandstæðinga í n. séu þessum till. andvígir, en það hefur ekki gefizt tóm til þess að ræða þær í n. í heild, og því flytur meiri hl. þær.

1. brtt. er við tollskrána sjálfa og er á þann veg, að 84.11.00, eins og það er í tollskránni nú, skuli skiptast í tvö númer, svo hljóðandi: „84.11.01 Heyblásarar eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjmrn. 10%. — 84.11.09 Annað 35%.“ Það mun hafa verið fyrir vangá, að heyblásararnir komu undir þetta númer, en áður voru þeir með lægri tolli. Mun ekki hafa verið ætlunin hjá neinum að hækka þann toll.

2. brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur, er flutt skv. ósk hæstv. fjmrh. Er hún við 3. gr. frv. eða heimildaákvæðin um lækkun tolla. Brtt. er á þessa leið:

„Við 28. lið 3. gr. bætist eftirfarandi: Þá er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr 500000 kr.“

N. hafði borizt erindi um þetta frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, og var þar réttilega bent á það, að eins og nú er njóti skipaviðgerðirnar í rauninni neikvæðrar tollverndar. Sérfræðingar þeir, sem frv. sömdu, töldu að vísu frá tolltæknilegu sjónarmiði ýmsa annmarka á því að koma til móts við þetta, en í dönskum og norskum tollalögum eru ákvæði, sem heimila slíkt, og ætti því að vera unnt að framkvæma þetta einnig hér á landi.

3. og síðasta brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur, er einnig við 3. gr., að 33. liður hennar orðist svo: „Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til nr. 30.05.00 og til númera í 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.“

Hér er bætt einu tollskrárnúmeri við þá undanþágu, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir, og er það samkv. tilmælum sérfræðinga, sem tollskrárfrv. sömdu, að þessi till. er flutt.

Þá tel ég og rétt að vekja athygli á því, að inn í brtt. fjhn. á þskj. 566 hefur slæðzt ein prentvilla. Það er í o-lið, að þar stendur: „Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 2 m² og þar yfir útflattir“ o. s. frv. Í staðinn fyrir 2 m² á að standa: 0.2 m². Mun þskj. verða prentað upp með tilliti til þessa, en hér er aðeins um prentvillu að ræða.

Þó að ýmislegt væri í ræðu hv. frsm. minni hl., sem tilefni gefur til athugasemda, þá mun ég ekki hafa þessa ræðu lengri til að tefja málið ekki að nauðsynjalausu, enda er annar hv. frsm., sem kunnugt er, fjarverandi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 598) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 566,1.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 545,1.a—c.1 felld með 11:1 atkv.
— 561,1.a kom ekki til atkv.
— 567, 1—2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 545,1.c.2—8 felld með 11:1 atkv.
— 566,1.b—h samþ. með 14 shlj. atkv.
— 545,1.d.1 kom ekki til atkv.
— 545,1.d.2—h.2 felld með 10:2 atkv.
— 566,1.i samþ. með 15 shlj. atkv.
— 545,1.h.3—k felld með 11:2 atkv.
— 566,1.j—m samþ. með 17 shlj. atkv.
— 545,1.l—n.4 felld með 11:1 atkv.
— 566,1.n samþ. með 16 shlj. atkv.
— 545,1.n.5—6 felld með 11:2 atkv.
— 566,1.o samþ. með 16 shlj. atkv.
— 561,1.b felld með 11:6 atkv.
— 545,1.o—s felld með 10:3 atkv.
— 561,1.c felld með 11:8 atkv.
— 545,1.t—v felld með 11:5 atkv.
— 561,1.d.1 felld með 11:7 atkv.
— 598,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 561,1.d.2—3 felld með 10:8 atkv.
— 545,1.x.1—2 felld með 9:7 atkv.
— 561,1.d.4—5 felld með 10:7 atkv.
— 567,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 561,1.d.6—21 felld með 11:8 atkv.
— 545,1.x.3 felld með 11:7 atkv.
— 566,1.p—q samþ. með 19 shlj. atkv.
— 561,1.e—f felld með 10:8 atkv.
— 567,4—7 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 566,1.r samþ. með 19 shlj. atkv.
— 561,1.g felld með 11:8 atkv.
— 545,1.y felld með 11:5 atkv.
— 561,1.h felld með 11:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 566,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 598,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 561,2.a felld með 11:7 atkv.
— 561,2.b felld með 11:8 atkv.
— 545,2 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, AGl, ÁB, FRV, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ.
nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

1 þm. (BjörnJ) fjarstaddur.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 598,3 tekin aftur til 3. umr.

4.—39. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 561,3 felld með 11:8 atkv.
— 566,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

40. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 599, 598,3, 600).

Frsm. 2. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal ekki verða fjölorður. Ég veit, að málinu liggur á, ef það á að fá afgreiðslu á þessu Alþ. En þegar felldar höfðu verið þær till., sem ég flutti við 2. umr. hér í hv. d. í gær og ég var allundrandi yfir að felldar skyldu vera, því að að mínu áliti voru þær eðlilegar og sanngjarnar, þá vil ég, af því að ég tel, að illa fari á því, að frv. fari eins og það stendur nú héðan úr hv. d., flytja brtt. nokkrar, færri þó en við 2. umr.

Þær brtt. eru fyrst og fremst prentaðar á þskj. 600, sem hér liggur fyrir. Þær snerta þrjá kafla frv., og að efni til má segja að þær séu um landbúnaðartæki og heimilistæki. Ég vil ekki líta svo á, að till. í þessa átt til lækkunar frá tollskrárfrv. séu metnar hér af meiri hl. óréttmætar. Ég vil frekar líta svo á, að a. m. k. ýmsir hv. þdm. úr meiri hl. hafi talið, þegar þeir felldu till. mínar í gær, að þar væri um of mikla skerðingu að ræða, þó að ég telji, að það sé misskilningur. Ég vil ekki líta svo á, að þeir vilji, að landbúnaður sé harðar leikinn með tollum heldur en bróðuratvinnuvegurinn, sjávarútvegur. Allir vita, að landbúnaður skilar seinna því, sem til hans er kostað, en sjávarútvegur, venjulega, og sumu skilar hann aldrei til þess, sem í kostnaðinn leggur, heldur skilar hann því til seinni kynslóðanna og gerir það miklu frekar en sjávarútvegurinn.

Till. mínar nú eru um það, að meginlandbúnaðartækin verði tolluð með 4% tolli, eða ekki skattírjáls, eins og skipin til sjávarútvegsins, þó að það væri hið réttasta, af því að þar er um sambærilega hluti að ræða að þýðingu fyrir hvorn atvinnuveg fyrir sig, heldur tolluð eins og einstök tæki, svo sem radartæki og fisksjár, sem flutt eru inn vegna sjávarútvegsins, og eins og ýmsar rekstrarvörur sjávarútvegsins með 4% tolli. Enn fremur, að önnur tæki til landbúnaðar, sem gert er ráð fyrir eftir tollskrárfrv. að verði með 35% tolli, verði tolluð með 20% tolli. Heimilistækin rafmagnsknúnu, sem eru eiginlega vélvæðingartæki á starfssviði húsfreyjunnar og eiga að tollast samkv. tollskrárfrv. með 80%, verði tolluð með 60%. Það tel ég yfrið nóg. Lagði til í gær, að tollurinn yrði 40%. Geri þessa tilraun nú. Þetta eru tæki, sem öll heimili þarfnast, strax og rafmagn fæst, og þess vegna mikið keypt og almennt. Þar eru líka prjónavélarnar, sem eru mjög nauðsynlegur hlutur, en svo merkilega vildi til að höfðu verið hækkaðar í tolli samkv. till. þeim, sem felast í frv.

Þetta eru till. mínar samkv. þskj. 600. En svo var gerð breyting á tollskrárfrv. í gær samkv. till. frá meiri hl. fjhn., og til samræmis við þskj. 600 flyt ég nú brtt. við þær till. Verð að gera það skriflega og leyfi mér hér með að afhenda þær þannig, því að þær varð að miða við þskj. 599, endurprentað upp úr tollskránni, og gátu þess vegna ekki orðið til, fyrr en hægt var að vitna í og vísa til þess. Þessar till. eru um það, að heyblásarar o. fl. verði tollaðir með 4%, annað, sem lagt er til, að hafi 35% toll, verði tollað með 20%, ámoksturstæki o. fl. með 4%.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þdm. fallist á þessar till. mínar. Ef það verður ekki, þá verð ég að líta svo á, að þeir, sem fella þær, séu andvígir því að hafa jafnrétti milli landbúnaðar og sjávarútvegs fyrst og fremst. Ég hef tekið það fram áður, að ég tel ekkert ofgert í tollaívilnunum við sjávarútveginn, en ég tel vangert við landbúnaðinn samkv. þeim till., sem liggja fyrir í tollskrá.

Þá vil ég líka vænta þess, að menn hafi þann skilning á þýðingu rafknúinna heimilistækja, eins og nú er komið málum á starfssviði húsfreyjanna, að þeir geti þar fallizt á till. mínar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 614) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 600,a.1 felld með 10:6 atkv.
— 614,1—2 felld með 11:6 atkv.
— 600,a.2—5 felld með 11:6 atkv.
— 614,3 felld með 10:6 atkv.
— 600,a.6—21 felld með 11:6 atkv.
— 600,b felld með 11:6 atkv.
— 600,c felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, HermJ, KK, ÓlJ, SE, AGl.

nei: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

3 þm. (BjörnJ, FRV, PÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Þar sem hv. flm. hefur aldrei borið fram slíka till., þegar hann hefur verið í stjórnaraðstöðu og haft tækifæri til að koma máli sínu fram, dettur mér ekki í hug að taka þessa till. alvarlega og segi nei.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Þar sem aldrei hefur verið eins mögnuð dýrtíð í sambandi við þá hluti, sem hér um ræðir, þá tel ég nú miklu meiri nauðsyn og óumflýjanlega nauðsyn að lækka innflutningsgjöldin og segi já.

Brtt. 598.3 samþ. með 11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 615).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er árangur af rúmlega 3 ára starfi nokkurra embættismanna og sérfræðinga. Frv. var lagt fyrir Ed., og fylgdi ég því úr hlaði með allýtarlegri framsöguræðu, sem ég tel ekki ástæðu til að endurtaka hér, en vil fyrst og fremst vísa til hinnar mjög ýtarlegu grg. og fylgiplagga með frv. og minna hér aðeins á örfá meginatriði frv.

Tilgangur frv. eða samningar þess var í fyrsta lagi að gera allt tollakerfið einfaldara en það nú er. Það hefur verið þannig alla stund síðan tollskráin var sett 1939, að ýmis gjöld hafa hlaðizt upp á innflutninginn, og er nú svo komið, að af ýmsum vörutegundum þarf að greiða frá 7 upp í 9 eða 10 tegundir aðflutningsgjalda, og ekki aðeins það með mismunandi prósentum og af mismunandi stofni, þar sem sumt er reiknað í prósentum af cif-verði, annað af cif-verði að viðbættum vissum gjöldum o. s. frv. Þetta skapar ákaflega mikinn rugling og óvissu um gjöldin, þannig að í rauninni er það ekki nema á fárra manna færi að vita um það með vissu, hver heildargjöldin eru nú á hverri vörutegund. Þetta kostar að sjálfsögðu mjög mikla vinnu, skriffinnsku, bæði fyrir hið opinbera og fyrir innflytjendur.

Fyrsta atriðið við þessa endurskoðun var því að gera aðflutningsgjöldin einfaldari í sniðum og í stað þessara margvíslegu gjalda, sem reiknuð eru af margvíslegum grunni, komi einn verðtollur. Í öðru lagi var tilgangurinn með þessari endurskoðun sá að samræma gjöldin, en það hafði farið svo um margs konar vörur, að þó að þær ættu samkv. eðli máls að vera í sama tollflokki eða bera sömu aðflutningsgjöld, voru gjöldin orðin mjög mismunandi á þeim, stundum beinlínis af tilviljun eða fyrir mistök, en stundum að vísu vitandi vits, þegar verið var að mismuna skyldum vörum. Tilgangur þessa frv. er því m. a. sá að samræma gjöldin, og skal ég aðeins nefna eitt dæmi, sem valdið hefur miklum erfiðleikum í framkvæmd.

Nú er það þannig, að varahlutir til bifreiða, til dráttarvéla og til báta, sem oft og tíðum eru alveg sams konar í hverja af þessum þremur tegundum, sem á að nota þá, eru tollaðir mismunandi: 77%, ef það eru bifreiðavarahlutir, 34—35%, ef það eru varahlutir í dráttarvélar, en 21%, ef þeir eiga að fara til báta. Tollyfirvöldin hafa lýst yfir, að orðið sé gersamlega óframkvæmanlegt að greina þarna sundur og sannreyna það, í hvað varahlutirnir eiga að fara, misnotkun orðin mikil og freisting til hennar ákaflega mikil. Það er því ein af umbótunum í þessu frv. að ákveða einn og sama toll, sem er 35% fyrir alla varahluti, til hvers sem á að nota þá, hvort sem er í báta, dráttarvélar eða almennar bifreiðar. Þetta er mjög mikil umbót til samræmingar fyrir

alla í framkvæmd og dregur úr hættu á misnotkun eða eyðir henni. Má þannig nefna fjölmörg önnur dæmi, þó að þetta sé eitt hið stærsta.

Í þriðja lagi var ákveðið að semja hina nýju tollskrá eftir alþjóðlegri fyrirmynd. Það voru gerðar tilraunir á dögum Þjóðabandalagsins gamla að samræma tollskrár ýmissa landa í uppbyggingu þeirra, en sú viðleitni bar lítinn árangur. En árið 1950 var haldinn fundur margra þjóða í Brüssel í Belgíu, og þar var ákveðin og samþykkt ákveðin tollskrárfyrirmynd eða „Brüssel-nafnaskráin", eins og hún hefur verið nefnd. Ísland var aðili að þessum samningi og undirritaði hann, en hefur ekki enn fullgilt þennan samning. Hins vegar hafa, að ég ætla, allar þjóðir Vestur-Evrópu og nokkrar fleiri, nema Ísland, staðfest og fullgilt þessa Brüssel-samþykkt og samið sín tollskrárlög eftir henni. Það þótti því sjálfsagt við endurskoðun tollskrárinnar að miða alla uppbyggingu hennar þannig, að hún væri samin eftir Brüssel-nafnaskránni. Þetta kostaði auðvitað gífurlega mikla vinnu, en er til mikils hægðarauka að öllu leyti og ekki sízt í öllum viðskiptum okkar við önnur lönd, sem búa við þessa sömu gerð tollskrár.

Í fjórða lagi var það tilgangur með endurskoðun þessarar tollskrár að lækka aðflutningsgjöld, þar sem þau voru orðin algerlega úr hófi. Í því sambandi má geta þess, að í nóv. 1961 lagði ríkisstj. fyrir Alþ. frv. til l. um lækkun allmargra tolla, og var þá gert ráð fyrir, að ef löglegur innflutningur héldist óbreyttur á þessum vörum, mundi sú tollalækkun rýra tekjur ríkissjóðs um 40—50 millj. kr. á ári. Ríkisstj. taldi hins vegar, að það væri upplýst mál, að svo mikill ólöglegur innflutningur væri á mörgum þessum vörum vegna of hárra tolla, að lækkun þeirra og lagfæring mundi ekki valda ríkissjóði tekjutapi, heldur gæti hann komið jafnsléttur út eða jafnvel hagnazt á því. Það þótti því sjálfsagt að gera þessa tilraun á árinu 1961, sumpart til þess að reyna að draga úr hinu mikla smygli, sem öllum var vitanlegt að átti sér stað, og um leið að lækka vöruverð á þessum vörum að verulegu marki fyrir allan almenning í landinu. Reynslan af þessari tilraun varð eins og hinir bjartsýnustu höfðu vonað. Það dró svo stórlega úr hinum ólöglega innflutningi, að í stað þess að ríkissjóður biði tekjutap af þessu, fékk hann á árinu 1962 af þessum vörum, sem lækkuð voru gjöld á, um 15 millj. kr. meiri tekjur en árið 1961.

Í tollskrárfrv., sem nú liggur fyrir, er haldið áfram á þessari sömu braut og færður niður tollur á tollháum vörum, þannig að algert hámark samkv. þessu frv. er 125%, en tollar hjá okkur eru hærri eða hafa verið hærri en þekkist meðal annarra frjálsra þjóða, þannig að tollar hafa verið iðulega milli 200 og 300% af vöru og komizt upp í 344% af einni vörutegund. Nú verður sem sagt hámarkið 125%. Og ég vil taka það fram, að því fer að sjálfsögðu fjarri, að þessar vörur, sem nú lækka verulega í tolli, séu allt saman munaðarvörur eða lúxusvörur. Í þeim er fjöldi vörutegunda, sem allur almenningur notar og þarf að nota, þó að ekki séu þær taldar með í vísitöluútreikningi, þannig að þessar lækkanir koma að sjálfsögðu allar fólkinu í landinu til góða.

Það eru þessi meginatriði, sem höfð voru til hliðsjónar við samningu tollskrárinnar. En um leið var auðvitað kostað kapps um að endurskoða ýmis þau ákvæði tollalaganna, sem reynslan hafði sýnt að væru úrelt eða þyrftu breyt. við, enn fremur að taka upp nýjungar og nýmæli, þar sem þess þótti þörf, miðað við okkar reynslu og reynslu annarra þjóða. En í sambandi við þessa endurskoðun alla varð auðvitað að hafa það í huga, að ekki yrði slíkt tekjutap fyrir ríkissjóð, að afkomu hans yrði hætta búin.

Niðurstaðan af þessari endurskoðun hefur orðið þessi varðandi fjárhag ríkisins: Ef við byggjum á innflutningi til landsins árið 1962 og reiknum út tolltekjur eftir núgildandi aðflutningsgjöldum og eins og þau mundu verða eftir nýju tollskránni eða við sama innflutning, þá mundi nýja tollskráin gefa nær 100 millj. kr. minni tekjur en núgildandi aðflutningsgjöld. Er nánari grein gerð fyrir þessu í aths. við frv.

Árið 1960 var ákveðið að útvega sveitarfélögunum nýjan tekjustofn. Var það gert með lagasetningu um jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þá ákveðið, að sveitarfélögin skyldu fá fimmtung af smásöluskattinum, sem er 3% að upphæð, og sömuleiðis fimmtung af 8% innflutningssöluskattinum. Síðan hefur jöfnunarsjóður sveitarfélaganna haft þessar tekjur og þessum upphæðum síðan jafnað út meðal sveitarfélaganna eftir íbúatölu. Hefur þetta að sjálfsögðu orðið mikill fengur og lyftistöng fyrir sveitarfélögin og getað gert mögulega lækkun útsvara. Þegar þessi tollskrá var í undirbúningi, þurfti að sjálfsögðu að athuga, með hverjum hætti ætti að bæta það upp, að 8% innflutningssöluskatturinn fellur niður með gildistöku þessarar nýju tollskrár, en hluti sveitarfélaganna af þeim skatti hefur numið svipaðri upphæð og af 3% söluskattinum, eða um það bil. Samtals er gert ráð fyrir í fjárl. fyrir 1963, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái um 104 millj. kr. að hluta sínum af þessum sköttum báðum. Í þetta tollskrárfrv. var sett bráðabirgðaákvæði fyrir árið 1963, hvernig með skyldi fara, þannig að greiða skyldi úr ríkissjóði til jöfnunarsjóðs það, sem á kynni að vanta, að næðust inn þessar 104 millj. Þetta ákvæði var við það miðað að sjálfsögðu, að hluti jöfnunarsjóðs af 3% söluskattinum kemur í hann fyrir allt árið, en hluti af 8% innflutningssöluskatti aðeins frá 1. jan. og fram til gildistöku tollskrárinnar, sem væntanlega verður 1. maí. Þurfti því að bæta það upp, sem þarna vantaði á, og var þetta gert með bráðabirgðaákvæðinu í frv. Þegar frv. fór í prentun, var hins vegar ekki ákveðið, hvaða aðferð skyldi hafa til frambúðar við að bæta jöfnunarsjóði sveitarfélaganna upp þetta afnám

innflutningssöluskattsins, og var í rauninni aðallega um þrjár leiðir þar að ræða: Í fyrsta lagi að ákveða, að jöfnunarsjóður skyldi fá þeim mun meira af smásöluskattinum en hann fær nú og þá væntanlega 40% í staðinn fyrir 20% nú. Önnur leið er sú, að hann skyldi fá vissa prósenttölu af verðtollinum, eins og hann verður á hverjum tíma. Og í þriðja lagi sú aðferð að ákveða í fjárl. hverju sinni, hverjar skyldu vera tekjur jöfnunarsjóðs.

Um leið og það lá ljóst fyrir frá upphafi, að jöfnunarsjóði yrði séð fyrir a. m. k. sömu tekjum og honum voru áætlaðar og hann hefur samkv. gildandi lögum, þá var ekki endanlega ákveðið í ríkisstj., hverja af þessum þrem leiðum skyldi fara. Nú liggur það fyrir, að eðlilegast er að velja þá leiðina að taka ákveðna prósentu af verðtollinum, eins og hann verður, og verður núna á þessu þingi flutt og væntanlega lögfest frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, en þar er kafli um jöfnunarsjóðinn, á þá leið, að hann skuli frá og með 1. jan. 1964 fá tiltekna prósentu af verðtollinum. Hins vegar þótti ekki ástæða til þess í tollskránni sjálfri að hafa ákvæði um þetta efni, því að ráðstöfun á tekjum ríkisins af verðtolli til frambúðar á náttúrlega ekki heima í tollskránni sjálfri, heldur ýmist í öðrum lögum eða fjárlögum.

Ég ætla, að ég þurfi ekki í þessari framsögu hér í síðari d. að viðhafa öllu lengri grg., en vísa til hinnar ýtarlegu grg. og aths. við frv., — legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun reyna að vera ekki langorður, því að ég vil greiða fyrir því, að þetta frv. geti komizt til n. Það er ekki seinna vænna, að það komist þangað, miðað við að Alþingi geti orðið lokið í tæka tíð og málið afgreitt. þar sem búið er að rjúfa þingið og öllu settar mjög fastar skorður.

Ég get ekki stillt mig um að minna á það einmitt í sambandi við þetta mál, vegna þess hve það er viðtækt og flókið, að meinlegri óstjórn hefur að mínu viti verið á þessu Alþ., sem er að ljúka störfum, en mörg dæmi eru til áður. Meginhluta vetrar hefur Alþ. setið *hér aðgerðalítið og aðgerðalaust og* beðið eftir málum frá hæstv. ríkisstj., og var eins og einhver doði hefði heltekið ríkisstj. Sífellt var verið að gefa yfirlýsingar um, að mál væru rétt að koma, sem ætti að afgreiða, en aldrei varð neitt úr neinu, fyrr en nú fyrir örstuttu, að ríkisstj. virtist vakna með andfælum, og var þá fleygt hér inn nokkrum frv. á síðustu stundu. Fæst af því eru nú raunar stórmál, en þó þannig vaxin, að þau taka nokkurn tíma, og einstaka mál, eins og t. d. þetta tollskrármál, er þannig vaxið, að það verður að finna að því, að þessi háttur skuli vera hafður á varðandi það.

Eins og hæstv. ráðh. gat um, mun þetta mál hafa verið 3 ár í undirbúningi, og það mun vera búið að vera hér í ýmsum stofnunum í *höfuðstaðnum a. m. k.* vikum, ef ekki mánuðum saman til athugunar, en Alþ. fær ekkert af þessu að sjá, fyrr en aðeins örfáar vikur eru eftir af þeim tíma, sem hugsanlegur er með góðu móti til þinghaldsins.

Á hinn bóginn hefði verið ærið nógur tími í vetur til þess að skoða þetta mál ofan í kjölinn á þinginu, ef þessari vinnu hefði verið betur stjórnað. Nú verður niðurstaðan sú, að það verður hrein málamyndameðferð, sem málið fær, og viðurkenna það auðvitað allir, jafnt þeir, sem stjórninni fylgja, og hinir. Er það illa farið, vegna þess að sannast að segja er tollalöggjöfin svo þýðingarmikil og snertir svo marga þætti í þjóðarbúskapnum, að varla er önnur löggjöf, sem kemst til jafns við hana að *því leyti, og raunar engin.*

Það er alveg óhugsandi, að þm. geti gert sér nokkra grein fyrir því í einstökum atriðum, hvað verið er að samþykkja með þessu nýja tollskrárfrv., og það kveður svo rammt að þeim erfiðleikum, sem á þessu eru, að fjhn. getur ekki einu sinni lesið frv. allt yfir. Þess er enginn kostur, ef þetta á að ljúkast á þessu þingi. Þetta er ákaflega slæmt, og hefði verið miklu heppilegra að hafa þann hátt á að leggja frv. fyrr fyrir Alþ., snemma vetrar, og láta síðan umsagnir annarra koma inn og síðan hefðu þær verið skoðaðar í tómi á þinginu og frv. þá meira breytt á þinginu sjálfu. En með þessu lagi má segja, að frv. verði hreinlega að öllu leyti afgreitt utan Alþingis og án íhlutunar frá alþm., nema þá kannske örfáum, sem kvaddir hafa verið til bak við tjöldin. Afgreiðsla málsins verður með þessu móti nálega gersamlega án íhlutunar alþm., líka fjölmargra alþm. úr stjórnarflokkunum.

Ég vildi láta þessi fáu orð falla um þessa hlið málsins, vegna þess að mér finnst rík ástæða til að finna að þessu, því að hér er um að ræða að setja algerlega nýja tollskrá. Allt öðru máli hefði gegnt, ef hér hefði aðeins verið um að ræða breytingar á tollskrá, sem menn hefðu getað skoðað á stuttum tíma. Þá var ekkert við þessu að segja. En þar sem hér er sett algerlega ný tollskrá, þá er þessi aðferð mjög aðfinnsluverð.

Það verður að skoða tolla- og skattapólitík á þá lund, að hún er aðeins einn liður í þeirri efnahagsmálastefnu, sem fylgt er hverju sinni, og vitanlega verður að líta á þetta tollskrárfrv. þannig. Nú ætla ég ekki að halda hér erindi um efnahagsmálastefnu ríkisstj. Ég er búinn að ræða það mál oft í vetur og á eftir að ræða það á næstunni. En ég verð að benda á, að þetta tollskrárfrv. staðfestir í höfuðatriðum það, sem framsóknarmenn sögðu fyrir að verða mundi, miðað við það, hvernig hæstv. ríkisstj. fór að í efnahagsmálum og hefur unnið síðan.

Ríkisstj. tók upp þá stefnu strax eftir kosningarnar 1959 að leita þess, sem hún kallaði jafnvægi í efnahagsmálum landsins og þjóðarbúskapnum, með því að magna dýrtíðina sem

allra mest og einnig með því að gera lánsfé sem dýrast og draga úr lánsfé í umferð. Síðan hefur ríkisstj. alla tíð viljað og lagt höfuðkapp á að halda niðri launatekjum og afurðaverði. Þannig átti að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum með því að magna dýrtíðina, og það var gert með gengislækkun, fyrst einni og síðan annarri, og með því að leggja á stórfelldar nýjar álögur til ríkissjóðs um leið. En áður hafði það ætíð verið svo, að þegar gengislækkun varð, eða a. m. k. oft, var slakað á verðtollum og öðrum álögum um leið. Því var ekki til að dreifa í þetta sinn, heldur voru álögur magnaðar, um leið og gengislækkuninni var skellt á, nýr söluskattur innleiddur, bæði innanlands og hár söluskattur á innflutningi, og fleiri ráðstafanir gerðar, sem höfðu í för með sér nýjar álögur.

Þetta allt saman varð til þess, að dýrtíðarhjólið rann af stað með miklum hraða, og við bentum á það strax, að af þessu mundi leiða hverja dýrtíðarbylgjuna af annarri, enda hefur farið svo. Enn fremur bentum við á, að ef á þessa lund væri haldið á efnahagsmálunum og þessi stefna framkvæmd svona harkalega, leitað sífellt jafnvægis með því að magna dýrtíðina, þá væri óhugsandi, að því gætu fylgt minnkandi álögur. Það hlytu að fylgja því sífellt vaxandi álögur, og það er þetta, sem tollskrárfrv. staðfestir algerlega.

Þegar við nú lítum yfir kjörtímabilið, og það er tilefni til þess einmitt í sambandi við þetta frv., því að þetta mun eiga að vera sveinsstykkið hjá hæstv. fjmrh., þá hafa heildarálögur til ríkissjóðs vaxið um 1 milljarð og 400 millj. kr. Þetta er svo geigvænlegt, að ég held, að sá, sem hefði spáð þessu fyrir nokkrum árum, hefði ekki verið talinn líklegur spámaður, — hækkað um 1 milljarð og 400 millj., bara til ríkissjóðs eins. Þar fyrir utan eru svo margvíslegar aðrar álögur, sem ég ætla ekki að eyða tíma hér til að telja upp, því að það hefur þráfaldlega verið gert.

Í þessum álögum er einn skattur sérstaklega, sem átti að vera eins konar prófsteinn í þessum efnum, og það var bráðabirgðasöluskatturinn frægi, sem innleiddur var 1960 og nú gefur ríkissjóði hartnær 300 millj. kr. Það var sagt, þegar farið var af stað, að þessi söluskattur væri til bráðabirgða. Það var talað fyrir honum þannig, að hann væri kominn inn vegna þess, að mönnum hefði láðst að gæta þess, að álögurnar fyrsta ár viðreisnarinnar gæfu fullar tekjur, því að það væri liðið svo langt á árið, áður en þær kæmu til framkvæmda. Þess vegna yrði að bæta þetta upp í eitt ár með bráðabirgðasöluskattinum. Síðan mundi sú þörf ekki verða fyrir hendi.

Síðan hafa sífellt dunið yfir yfirlýsingar um það, að þessi skattur mundi verða felldur niður, og síðast nú í haust mun hæstv. fjmrh. hafa lýst því yfir, að þessi bráðabirgðasöluskattur yrði felldur niður. Hann var þá spurður að því, hvort hann yrði felldur niður með þeim hætti að fella hann inn í nýjan verðtoll inn í tollskrána nýju, og því svaraði hæstv. fjmrh. ekki þá. Sjá menn nú, að honum var vorkunn, þó að hann svaraði ekki, því að það var auðvitað það, sem hæstv. ráðh. hafði í huga með þessum orðaleik, að söluskatturinn skyldi felldur niður. Sá hæstv. ráðh. fram á, að hann gat litlu sleppt af þeim álögum, sem hann hafði beitt sér fyrir, og þess vegna svaraði hann ekki, þegar hann var spurður að því, hvort hann yrði felldur niður með þeim nýstárlega hætti að innlima hann í nýjan verðtoll eða nýja tollskrá.

Nú kemur það í ljós við endalok kjörtímabils, að það er lögð fram ný tollskrá, og efni hennar er að lögleiða til frambúðar allar þær álögur, sem hæstv. ráðh. og stjórnarmeirihl. hafa beitt sér fyrir á kjörtímabilinu, og þar með taldir a. m. k. 2/3 hlutar af bráðabirgðasöluskattinum, sem á að haldast áfram. Það á að ganga á móti öllum yfirlýsingum um, að hann falli niður, og 2/3 af honum eru ásamt öllum hinum álögunum innlimaðir í nýja verðtollinn samkv. tollskránni, en um það bil 1/3 af bráðabirgðasöluskattinum á að fella niður.

Eins og frv. kom fram og eins og það liggur fyrir enn í dag, áttu sveitar- og bæjarfélögin að bera helminginn a. m. k. af þeirri tilslökun, sem í tollskránni fólst, því að í frv. er aðeins gert ráð fyrir að bæta bæjar- og sveitarfélögunum upp fyrir árið 1963, þ. e. a. s. fyrir yfirstandandi ár, en ekkert ákvæði um, að þeim skyldi bætt upp það, sem af þeim er tekið með söluskattinum, eftir 1. jan. 1964, og engin yfirlýsing um slíkt í grg., heldur var þar aðeins fjallað um árið 1963.

Framsóknarmenn bentu strax á þessa veilu og bentu á, að eins og þetta lægi fyrir, væri bæjar- og sveitarfélögunum ætlað að bera um það bil helminginn af þessari tilslökun, taka hana á sig, og væri það í raun og veru engin lækkun, sveitarfélögin mundu þurfa að bæta sér það upp með öðru móti. Fljótlega komu þá fram frá hæstv. ráðh. yfirlýsingar um það, að ætlunin væri að bæta bæjar- og sveitarfélögunum þetta upp, og nú hefur hæstv. ráðh. staðfest það í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, að stjórnarmeirihl. mundi beita sér fyrir því, að bæjar- og sveitarfélögunum yrði bætt þetta upp á þessu þingi með löggjöf.

En ég legg áherzlu á, að þegar frv. kom fram, var bæjar- og sveitarfélögunum aðeins bætt þetta upp til ársloka 1963 og engin yfirlýsing í frv. sjálfu um, að það yrði gert til frambúðar. En ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi séð það, undireins og hann heyrði, að eftir þessu var tekið mjög víða og það m. a. af framsóknarmönnum, þá hafi hann strax séð, að það dugði ekki annað en setja án undanbragða skýr ákvæði um, að bæjar- og sveitarfélögin skyldu ekki missa neins í. Er það gott, að hæstv. ráðh. hefur nú skýr ummæli um þetta og lýsir yfir skýrt og skorinort, að hann ætli á þessu þingi að beita sér fyrir því, að það verði lögfest til frambúðar, að bæjar- og sveitarfélögin fái hluta af verðtollinum.

Á hinn bóginn felldi stjórnarliðið í Ed. till. frá framsóknarmönnum um, að bæjar- og sveitarfélögin fengju hluta af tekjunum. En ef þeim þykir það eitthvað skemmtilegri vinnuaðferð að fella slíka till. frá stjórnarandstæðingum fyrst og samþykkja hana síðar frá sjálfum sér í öðru frv., þá er engin ástæða til þess að finna að því, það er bara dálítið broslegt, en á hinn bóginn alveg í samræmi við það, sem komið hefur þráfaldlega fyrir, að stjórnarflokkarnir hafa fellt till. frá stjórnarandstöðunni um ýmis málefni, en síðan tekið till. upp og gert þá ný frv. eða flutt málin einhvern veginn í öðru formi og samþ. þannig.

Ef þeim þykja þetta eitthvað skemmtilegri vinnubrögð, þá er það vitanlega þeirra mál. Menn brosa góðlátlega að þessu yfirleitt, þessum sýningarleik, en það má segja, að þetta sé meinlaust. Þess vegna er engin ástæða til þess að vera að finna að þessu, þó að ég bendi á það, né deila hart á það, þó að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar vilji heldur bæta úr þessari yfirsjón sinni, sem fyrir lá í þessu frv., þegar þeir lögðu málið fram, með frv. frá sjálfum sér, heldur en samþykkja á þessu leiðréttingu frá framsóknarmönnum.

Ég benti á það áðan, að það er ekki mikið, sem hæstv. ráðh. gefur til baka skattborgurunum eftir þau viðskipti, sem hann hefur við þá haft á kjörtímabilinu. Brosa margir að því og þykir þunnur þrettándi að fá rúmar 90 millj. af þessum 1400 til baka rétt fyrir kosningarnar, og ekki sízt þykja mönnum þetta léleg viðskipti, þegar menn hafa í huga, að það er alveg víst, að eftir kosningar líða ekki margir mánuðir, þangað til þetta hefur verið tekið til baka og vafalaust margfalt, miðað við allar horfur að óbreyttum vinnuaðferðum, því að alls staðar eru vellandi hækkanir fram undan á öllum sviðum. Og ef hæstv. ríkisstj. ætlar að nota sömu aðferðina og hún notaði t. d. sumarið 1961, þegar hún felldi gengið á nýjan leik til að leita jafnvægis enn á ný með þeim nýstárlega hætti, — ef hún ætlar að halda áfram þeim leik, þá efast víst enginn um, að nýjar álögur flæða yfir, margfaldar á við það, sem slakað er til nú í bili, annaðhvort í formi nýrra gengislækkana eða nýrra söluskatta eða álaga með einhverju slíku móti — eða með öllu þessu móti, eins og varð raunar 1960, því að þá var allt í senn, bæði gengislækkanir og söluskatta- og vaxtahækkanir. Því miður verður þetta skammgóður vermir, ef allt fer á sömu lund og orðið hefur nú um sinn.

Ég minntist nokkuð á þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefði fylgt og hefði verið fólgin í því alla tíð að magna dýrtíðina og leita þannig jafnvægis, en halda niðri tekjum. Það er fróðlegt að athuga þau áhrif, sem þessi stefna hefur haft á verðlag í landinu og lífskjör. Ég skal ekki fara langt út í það núna til að tefja ekki fyrir málinu, en ég vil bara í því sambandi rifja upp, að dýrtíðarvísitalan hefur hækkað um 47 stig, þ. e. a. s. sá þáttur dýrtíðarvísitölunnar, sem sýnir vörur og þjónustu. Þá kemur spurningin: Hvað er þessi dýrtíðarvísitala? Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. talaði í Ed. heldur niðrandi um þessa vísitölu, og manni heyrðist á því, sem hann sagði, að hún væri ekki sérlega merkilegur gripur eða mælikvarði. En dýrtíðarvísitalan er nú samt sem áður yfirlit um nauðsynleg útgjöld venjulegra launamannafjölskyldna í landinu, venjulegrar launþegafjölskyldu, meðallaunþegafjölskyldu í landinu. Hún er ekkert ómerkilegri hlutur en það, að hún er yfirlit um, hvað slík fjölskylda telst þurfa til þess að lifa sómasamlegu lífi. Það er dýrtíðarvísitalan. Og ekki fyrir löngu var dýrtíðarvísitalan endurskoðuð með það fyrir augum að reyna að sýna sem sannasta mynd af þessu, og hún var endurskoðuð í samvinnu við launþegasamtökin í landinu. Dýrtíðarvísitalan er því enginn hégómi.

Þá kemur spurningin: Hvaða úrbót er að þessu frv. hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj., tollskrárfrv., í sambandi við dýrtíðina? Hvað verður linað mikið á dýrtíðarspennunni með þessu frv.? Hvað verður bætt mikið úr fyrir almenningi? Er þetta kjarabót fyrir almenning, teljandi kjarabót? Bætir hæstv. ríkisstj. hér eitthvað verulega úr?

Er skemmst af því að segja, að það, sem hér er á ferðinni, er þannig vaxið að þessu leyti, að hæstv. ráðh. mun hafa notað þau orð yfir það í Ed., að þetta frv. hafi ekki teljandi áhrif á dýrtíðarvísitöluna. M. ö. o.: það þýðir, að þetta frv. hefur ekki teljandi áhrif á afkomu meðallaunþegafjölskyldu í landinu, svo að það sé orðað blátt áfram og rétt. Þetta frv. hefur ekki teljandi áhrif á afkomu meðallaunþegafjölskyldu í landinu. Það er vitnisburðurinn, sem hæstv. ráðh. sjálfur gefur þessu frv., sem annað veifið er talað um sem einhvern atburð í efnahagsmálum og kjaramálum.

Eftir því sem ég kemst næst, munu sérfræðingar ekki telja taka því að reyna að reikna út, hver áhrif þetta hafi á vísitöluna eða afkomu meðallaunþegafjölskyldu í landinu, áhrifin séu ekki teljandi, eins og raunar hæstv. ráðh. mun sjálfur hafa orðað það. Það þýðir vafalaust, að hér mundi vera um að ræða aðeins brot úr visitölustigi. Og þegar við sjáum, að hæstv. ríkisstj. hefur með margvíslegum ráðstöfunum á undanförnum árum hækkað vísitölu vöru og þjónustu um 47 stig, þá skiljum við, hvað hér er að gerast. Þetta frv. á að vera talsverð fjöður í hattinn, að því er manni skilst. Það er verið að gefa til baka eftir viðskiptin á kjörtímabilinu. Enn þá er það þannig vaxið, að dýrtíðarvogin mælir það ekki, tekur það ekki, það er fyrir neðan það, sem vogin tekur. Aftur á móti hefur ekki borið á öðru en vogin hafi getað mælt hækkanir hæstv. ríkisstj. Þær hafa verið það ósleitilega útilátnar, að þær hafa fullkomlega haft áhrif á vogina, því að það eru ekki minna en 47 stig á vörum og þjónustu.

Ég skal ekki fara út það hér, hvernig þessar álögur duga yfirleitt. En útlitið er, að því er manni skilst, ekki nema miðlungi gott, þó

að hæstv. ráðh. telji, að tekjur muni skila sér, vegna þess að innflutningur muni enn vaxa á miður nauðsynlegum vörum. En eitthvað vænti ég, að það mundi þá snerta gjaldeyrinn, ef það yrði. En látum það nú vera.

En ekki verður þetta þó of drjúgt, því að ráðgerðar eru í öllum áttum lántökur til að greiða ýmsa liði í ríkisbúskapnum, sem áður hafa yfir höfuð verið greiddar af tekjum, og þar með skotið til framtíðarinnar stórfelldum fúlgum. Og ekki gerir það þessi málefni léttari viðfangs framvegis, þegar búið verður að kjósa. En lán eru ráðgerð í rafveituhalla, lán til að greiða framlög í atvinnuleysistryggingasjóð, lántökur í skólabyggingar, lántökur í lögreglustöð, lán til að borga ríkisábyrgðatöpin og lán í vegagerðir, og þannig mætti vafalaust lengur telja, þó að ég skuli ekki halda því lengur áfram. Þetta er það, sem ég man eftir núna í bili af lántökum, sem settar eru utan við ríkisbúskapinn.

Það má segja, að það sé í einni grein talsverð tilslökun á tollum, og það er á landbúnaðarvélum, þ. á m. dráttarvélum, og er augljóst, að í því efni hefur stjórnin svignað undan þrýstingi frá framsóknarmönnum, sem hafa á kjörtímabilinu þráfaldlega flutt till. um að fella niður aðflutningstoll á þessum tækjum og vélum vegna þess, hversu þær eru orðnar óhóflega dýrar. Má segja, að í þessu sé gengið til móts við sjónarmið framsóknarmanna og þarna tvímælalaust um árangur af þeirra baráttu að ræða. Á hinn bóginn verður að harma, að hæstv. ríkisstj. sér sér ekki fært að ganga lengra í þessu efni og taka inn í till. lækkun á ýmsum öðrum tollum, sem framsóknarmenn hafa barizt fyrir, og mun verða reynt hér eins og í Ed. að fá nokkrar lagfæringar á því.

Ég skal svo aðeins að lokum í örfáum orðum rifja upp þá heildarmynd, sem mér sýnist núna blasa við í skatta- og tollapólitíkinni. Hún er í stuttu máli svona: Öll núv. aðflutningsgjöld á að innlima í verðtollskerfið og lækka í leiðinni sem svarar 1/3 af bráðabirgðasöluskattinum, sem marglofað var að fella niður alveg. Þennan bráðabirgðasöluskatt á að innlima nú að 2/3 hlutum a. m. k. í verðtollskerfið til frambúðar. Heildarálögur til ríkissjóðs hafa síðan 1958 hækkað, eins og ég sagði áðan, um 1400 millj., fyrir utan mýmörg aukagjöld, sem haldið er utan ríkisreiknings og fjárl. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að sleppa í bili örlitlum hluta af þessum gífurlegu nýju álögum. Þá blasir það einnig við, að tollabyrðin hefur verið í vaxandi mæli flutt yfir á brýnustu lífsnauðsynjar, og á það m. a. þátt í því, hversu útgjöld meðallaunþegafjölskyldunnar í landinu hafa hækkað gífurlega, svo sem ég var að greina frá áðan. M. a. hefur á þessu kjörtímabili í fyrsta sinn verið lagður skattur á neyzlufisk, kjöt og eins konar söluskattur á mjólk. Slíkt er með öllu fordæmalaust áður í Íslandssögunni. Ríkisstj. lætur loks undan síga margra ára baráttu Framsfl. fyrir lækkun aðflutningsgjalda á landbúnaðarvélum, en tekur ekki á hinn bóginn tillit til ýmissa lækkunartill., sem flokkurinn hefur verið með á öðrum vörum. Jafnhliða því, sem aðflutningsgjöldin eru þannig innlimuð til frambúðar í verðtollinn og þar á meðal bráðabirgðasöluskatturinn að 2/3, þá eiga söluskattar innanlands, sem stjórnin hefur innleitt, allir að haldast óbreyttir. Hér við bætist, að vísitala beinna skattaútgjalda hjá vísitölufjölskyldunni, — ég sagði beinna skatta hjá vísitölufjölskyldunni, þ. e. a. s. hjá meðalfjölskyldu, — hefur hækkað, en ekki lækkað á kjörtímabilinu til viðbótar öllum þessum gífurlegu nýju tollaálögum. En það hefur átt að vera, eins og við þekkjum, skrautblóm á vegum hæstv. ríkisstj., hve beinir skattar hafi lækkað mikið. En hjá meðallaunþegafjölskyldu hafa beinir skattar hækkað og vísitala beinna skatta hækkað. Það er vegna þess, að beinir skattar á þeim tekjum, sem þarf til að geta borgað útgjöld vísitölufjölskyldunnar, hafa hækkað, en ekki lækkað á þessu tímabili. Þetta mundi ég segja, að væri niðurstaðan af skatta- og tollapólitíkinni.

Að lokum vil ég svo aðeins benda á það enn, að meginstefna hæstv. ríkisstj. hefur verið að leita jafnvægis, sem hún kallar, í efnahagsmálunum með því að hækka allt verðlag og auka dýrtíðina og kostnaðinn við lánsfé, og allar hennar ráðstafanir hafa ævinlega byggzt á þessu. En þessi stefna leiðir óhjákvæmilega til sífhækkandi ríkisútgjalda með óstöðvandi hraða, eins og reynslan glögglega sýnir. Og því er alveg augljóst, að eftir kosningarnar leiðir þessi stefna til nýrra söluskatta eða nýrra álaga eða nýrra gengislækkana, og áfram sama veltan og verið hefur síðan 1960, ef ekki verður breytt um stefnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 615, n. 662, 678 og 683, 679, 684).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft frv. til laga um tollskrá o. fl. til meðferðar og rætt efni þess á nokkrum fundum. Einn þessara funda sátu þeir sérfræðingar ríkisstj., sem frv. sömdu, og veittu þeir n. upplýsingar og skýringar á einstökum atriðum frv.

Tollskráin er mikið verk og vandasamt og að því er séð verður í skjótri svipan vel unnið af þeim, sem til þess voru kvaddir. Hins vegar skal það játað, að afgreiðslutími fjhn. um svo viðamikið og flókið mál hefur verið helzt til of skammur. Það kann því vel að vera, að einhverjir hlutir séu í þessum frumvarpsbálki, sem betur mættu fara, og reynslan á eftir að sýna, hvort þar þurfi um að bæta. Það er því eðli-

legt og trúlegt, að endurskoðun verði látin fara fram fljótlega, eftir að nokkur reynsla hefur fengizt af tollskrá þessari í heild. Með hliðsjón af því og til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins hefur meiri hl. fjhn. látið hjá líða að bera fram nokkrar brtt.

Tollar varða alla þegna þjóðfélagsins bæði beint og óbeint, hvort heldur þeir eru neytendur, dreifendur vara eða framleiðendur. Samning heildartollalöggjafar, tollskrár, er því viðurhlutamikið mál, því að áhrifa þeirra gætir víða varðandi afkomu einstaklinga og í atvinnulífinu í heild og þá ekki hvað sízt í ríkisbúskapnum sjálfum. Á þetta sérstaklega við hér á landi, þar sem aðflutningsgjöld hafa, allt frá því að landið hlaut sína fjárhagslegu sjálfstjórn, verið aðaltekjustofn ríkisins, og enn í dag nema þeir 55% af heildartekjum ríkissjóðs, og er það hlutfallslega töluvert meira en almennt gerist í öðrum löndum.

Það má segja, að flestir séu sammála um, að þessi tegund skattheimtu gangi of langt hér á landi og geti, er fram líða stundir, skapað íslenzkum atvinnuvegum, einkum útflutningsatvinnuvegunum, erfiðleika, sökum þess að torvelt kann að reynast að sækja á um tollalækkanir erlendis hjá viðskiptalöndum okkar fyrir þær vörur, sem við viljum selja þeim, en á sama tíma að halda uppi hátollakerfi hér á landi. Hitt er svo annað mál, að ef létt yrði á tollum, þyrfti að skapa ríkinu aðra tekjustofna í þeirra stað, ef athafnasvið ríkisins ætti ekki að þrengjast til verulegra muna.

Meiri hl. n. hefur ekki talið það verkefni sitt að fjalla um þessa hlið málsins, enda staðreynd, að samkv. þessu frv. ætti tollabyrðin að lækka nokkuð, svo og að skv. frv. mun tollabyrði einstakra atvinnuvega haldast í svipuðu hlutfalli og lengi hefur verið og ákvarðað hefur verið af Alþ. og ríkisstjórnum, sem allir núv. þingflokkar hafa einhverju sinni átt aðild að.

Tollskráin er bálkun á tollum á innfluttum vörum á mismunandi vinnslustigi. Upphaflega voru ákvæðin um tolla hér á landi sem annars staðar í ótal lögum og reglugerðum, sem erfitt var að henda reiður á. Síðar var farið að sameina slíka löggjöf í einn lagabálk, tollskrá. Það mun hafa verið árið 1928, sem Þjóðabandalagið átti frumkvæðið að því, að samin var slík alþjóðleg gerð af tollskrá, og mun fyrsta íslenzka tollskráin, sem samin var árið 1939, hafa verið svipuð henni. Síðan hafa verið sniðnar aðrar gerðir af tollskrám og einkum þó ein, sem hlaut nafnið Brüssel-tollskráin eða Brüssel-nomenclaturinn. Árið 1950 var sú gerð af tollskrá samþ. af allmörgum þjóðum, og skrifuðu Íslendingar undir þann samning, en fullgiltu hann ekki. Nú munu öll lönd í Vestur-Evrópu hafa fullgilt þennan samning nema Ísland, og auk þess er hún nú í notkun á meðal 50 þjóða.

Það tollskrárfrv., sem hér liggur fyrir, er í samræmi við Brüssel-skrána, og þess má og geta, að það er einnig í samræmi við þá gerð af verzlunarskýrslum, sem Hagstofa Íslands semur og gefur út, og er það og til hægðarauka.

Tildrög þessa tollskrárfrv. munu vera þau, að í desembermánuði árið 1959 fól fjmrh. nefnd embættismanna ríkisins að endurskoða núgildandi lög um tollskrá og önnur aðflutningsgjöld, og skv. ákvörðun ráðh. skyldi við það starf fylgja eftirfarandi meginreglum:

1. Að núverandi aðflutningsgjöld og viðaukar þeirra skyldu sameinuð í einn verðtoll á hverja vörutegund.
2. Að samræma tolla á skyldum vörum.
3. Að verðtollur skyldi ekki vera hærri en 125% á neinni vöru.
4. Að heildartekjur ríkissjóðs rýrnuðu þó ekki tilfinnanlega.
5. Að gerð tollskrárinnar og niðurröðun vara væri í samræmi við gerð Brüssel-nomenclatursins svonefnda.

Fram að þessu hafa tíðkazt hér á landi einar tíu tegundir aðflutningsgjalda eða þessar: Vörumagnstollur, verðtollur, innflutningsgjald, söluskattur á innfluttum vörum, tollstöðvagjald, byggingarsjóðsgjald, rafmagnseftirlitsgjald, matvælaeftirlitsgjald og sérgjald af hjólbörðum, benzíni og bifreiðum. Hafa gjöld þessi numið í heild frá 0.1% upp í 270% af cif-verði aðfluttrar vöru.

Sú breyting, sem verður á skv. þessu frv., ef að lögum verður, er, að sameinaðir verða í einn verðtoll núverandi vörumagnstollur, verðtollur ásamt álagi, söluskattur af innfluttum vörum, tollstöðvagjald og byggingarsjóðsgjald, en hins vegar rafmagnseftirlitsgjald og matvælaeftirlitsgjald verða felld niður. Skali tollprósentunnar mun yfirleitt standa á heillum og hálfum tug, frá 5% til 125%. Algengasta tollprósentan í þessari skrá mun vera 35%. Númerum tollskrárinnar er eilítið fjölgað, þ. e. a. s. úr um 1800 í 1900.

Þetta er nú almennt um gerð tollskrárinnar að segja. Um efnahagslegu hlið málsins virðist vera ljóst, að fylgt hefur verið svipaðri stefnu og að undanförnu, reynt að lágtolla algengustu neyzluvörur og rekstrarvörur atvinnuveganna, en þó í flestum tilfellum hafðir sömu tolltaxtar og áður hafa tíðkazt og flestir um alllangt árabil.

Meiri hl. fjhn. telur, að í heild sé tollskrárfrv. þetta merkt og þarft mál, og virðist, eftir því sem menn hafa kunnugleika á, að til þess hafi verið vandað. Með þessum hætti verður tollakerfi landsmanna einfaldara og ótvíræðara, enda undanþáguheimildum talsvert fækkað. Það kann hins vegar auðvitað að koma í ljós, að einhverjir vankantar séu á verkinu, og vissulega er tímabært, að staldrað sé við og leitað úrræða, sem leiða mættu til almennrar tollalækkunar, en að svo stöddu telur meiri hl. frv. þetta til bóta og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mikla frv., sem hér liggur fyrir, hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed.

Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar eftir till. meiri hl. fjhn. Hins vegar er það svo, að meiri hl. fjhn. í þessari hv. d. flytur engar brtt. við frv. Ekki mun það vera fyrir það, að þeir sjái ekki eða hefðu séð við nánari athugun ástæðu til þess, en það var bara enginn tími til að afgreiða málið á viðunandi hátt. Ég er ekki hér að ásaka mína meðnm. í fjhn. fyrir þetta. Sökin er hjá hæstv. ríkisstj., sem lagði þetta stóra mál svo seint fyrir, að ómögulegt er fyrir Alþingi að gera á því þá athugun, sem þurft hefði og þetta stóra mál verðskuldar.

Höfuðbreytingin, sem þetta frv. felur í sér frá núv. fyrirkomulagi, er sú, að eldri tollar eru færðir saman í eitt gjald. Vörumagnstollur á að mestu að falla niður. Fyrst þegar farið var að innheimta tolla ríkissjóðs hér á landi, mun það eingöngu hafa verið vörumagnstollur, sem á var lagður, og stóð svo um marga tugi ára. Þessi vörumagnstollur á nú aðeins að haldast á örfáum vörutegundum. Mér skilst, að það eigi að vera áfram vörumagnstollur á salti, 1 kr. á smálest, og kolum, 2 kr. á smálest. Einnig á jarðolíu, gasolíu og brennsluolíu, 35 aurar á hver 100 kg. Vörumagnstollur á að haldast á kartöflum, 20 aurar á kg, og á kvikmyndafilmum, 50 kr. á kg. Ég held, að þetta séu einu dæmin um vörumagnstoll, sem finnast í frv.

Tollur miðaður við vöruverð, eða svonefndur verðtollur, mun fyrst hafa verið upp tekinn hér á landi eftir fyrra stríðið. Verðtollur hefur farið ört hækkandi með hækkandi vöruverði. T. d. má nefna, að á valdatíma núv. ríkisstj., næstliðnum 4 árum, hafa verðtollar, þ. e. aðflutningsgjöld, sem miðast við vöruverð, en það eru verðtollurinn, söluskattar og innflutningsgjald, hækkað í heild um 203% eða því sem næst. Hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er hér ekki meðtalinn. En vörumagnstollurinn hefur staðið í stað á þessu tímabili, vegna þess að hann miðast við magnið, en ekki verð vörunnar. Sameining aðflutningsgjaldanna í einn verðtoll þýðir, að framvegis taka þau öll breytingum með vöruverðinu alveg sjálfkrafa. Verðtollurinn hefur reynzt miklu betri mjólkurkýr fyrir ríkissjóðinn heldur en vörumagnstollurinn gamli. Þess vegna er sá síðarnefndi nú sleginn af, en hinn settur á. En það má búast við því, að miklar hækkanir á tollum komi innan skamms. eins og verið hefur að undanförnu, ef haldið verður óbreyttri stefnu í efnahagsmálum, sem vel má nefna verðhækkunarstefnuna.

Árið 1960 var lögfestur sérstakur söluskattur á innfluttar vörur til viðbótar þeim eldri, og var þessi nýi skattur 8.8% af innflutningnum. Hann var talinn eiga að gilda til bráðabirgða, hefur þó verið framlengdur síðan um eitt ár í senn, og nú er endanlega horfið frá að telja hann bráðabirgðaskatt. Um það bil 2/3 af þessum viðbótarsöluskatti eru nú innlimaðir í verðtollinn til frambúðar, aðeins um 1/3 felldur niður, og er það túlkað af hæstv. stjórn sem lækkun á tollum. Þegar á það er litið, að á valdaskeiði núv. stjórnar hafa verðtollar til ríkisins hækkað um 203%, má segja, að þessi tilslökun, að sleppa 1/3 af þeim viðbótarsöluskatti, sem upphaflega átti aðeins að gilda til bráðabirgða, sé svo lítil, að hún sé naumast umtalsverð. Í aths. er áætlað, að lækkanir séu samtals 97 millj. á ári eða um 8.3%.

Þessi litla lækkun á tollabyrðinni nú í bili mun þó hafa átt að vera skrautfjöður í hatti ríkisstj. í komandi kosningum. En sú fjöður er ákaflega lítil, og verði stefnu núv. stjórnar í efnahags- og fjármálum fylgt áfram, mun sú litla fjöður endast aðeins örskamma stund. Tollalækkunin í heild er svo lítil, að það er ekki hægt að vega hana á reizlu framfærsluvísitölunnar. En þrátt fyrir það að breytingin á tollunum í heild samkv. frv. sé svona lítil, eru allmiklar breytingar á tollum á einstökum vörutegundum. Nefndin, sem samdi frv., fékk m. a. þau fyrirmæli frá ríkisstj., að hér eftir skyldi ekki reikna hærri toll en 125% af neinni vöru. Undanfarið hafa nokkrar vörur verið með hærra tollaálagi og þá fyrst og fremst þær, sem ekki teljast nauðsynjavörur, þó að þar hafi flotið með fáeinir gagnlegir hlutir. Í nál. minu er birtur listi yfir slíkar vörur, sem áður báru hærri toll en 125%. Sá listi hefst á hömum og öðrum hlutum af fuglum og endar á tálflautum og mekaniskum söngfuglum. Þá birti ég einnig í nál. minu lista yfir vörur, sem nú eru í lægri tollflokkum, en eiga að lækka í tolli, og annan yfir vörur, sem tollur hækkar á samkv. frv. Í upptalningunni hef ég sleppt mörgum vörum, aðallega þeim, sem tollur breytist mjög lítið á, ýmist til lækkunar eða hækkunar.

Við þá athugun á frv., sem unnt var að gera á þeim skamma tíma, sem það var hjá fjhn., hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að brýn þörf sé að gera breyt. á því til lagfæringar. Ég hef því leyft mér að flytja nokkrar brtt. á þskj. 679. Mörgu fleira hefði verið ástæða til að breyta, þó að ekki séu fluttar till. um það að sinni.

Ég vil þá, herra forseti, fara nokkrum orðum um brtt. minar. Brtt. eru flestar við 1. gr. frv. og um lækkun tolla á einstökum vörum.

A-liður 1. brtt. er við IX. kafla. Það er um, að te verði gert tollfrjálst eins og kaffi. Mér finnst það sanngjarnt, að þeir, sem heldur kjósa að drekka te en kaffi, njóti sömu kjara að því er tollfrelsi snertir.

Næst eru nokkrar brtt. við 59. kafla. Þar legg ég til, að nokkrar nauðsynjar til útgerðar, þ. e. a. s. færi og línur til fiskveiða, kaðlar, öngultaumar, fiskinet úr gerviefnum og fiskinet úr öðrum efnum, verði gerðar tollfrjálsar. Samkv. frv. á að greiða af þessu 4% toll.

Næst flyt ég brtt. við 73. kafla. Í þeim kafla eru m. a. girðingarnet. Samkv. frv. á að greiða af þeim 20% toll, en hins vegar er tollur á gaddavír samkv. frv. aðeins 15%. Mér finnst alveg sjálfsagt, að þessar vörur séu í sama tollflokki. Það hefur verið mjög vaxandi notkun á vírnetum í sveitum, því að það eru traustari og varanlegri girðingar í netum heldur en

eingöngu úr gaddavír, svo að bændur hafa tekið upp að nota meira af netum. En það er ósanngjarnt, að það sé hærri tollur af þeim en af vír.

Þá er næst d-liður í brtt. minni. Þar eru till. um breyt. á 84. kafla. Fyrst er þar till. um dísilhreyfla, 200 hestöfl eða stærri. Samkv. frv. á að greiða af þeim 10% toll, en ég legg til, að þeir verði tollfrjálsir. Þetta eru svo nauðsynleg tæki, að mér finnst eðlilegt, að menn sleppi við að greiða toll af þeim.

Næstu tvær till. undir þessum stafl. eru um kælitæki til heimilisnotkunar. Ég legg til, að þau lækki úr 80% í 40%. Til samanburðar má geta þess, að frystivélasamstæður eru í 35% tolli í frv., og ég sé ekki ástæðu til, að þessi kælitæki, sem heimilin nota, borgi meira en helmingi hærri toll en greiddur er af frystivélasamstæðu. Þá legg ég til, að mjólkurskilvindur verði tollfrjálsar.

Næsti liður þarna eru uppþvottavélar til heimilisþarfa, sem eru í frv. í 80% tolli. Ég legg til, að þær færist niður í 50% toll, en í frv. eru einmitt aðrar slíkar uppþvottavélar en til heimilisnotkunar í 50% tolli, — og hvaða ástæða er til að gera þennan mun á vélunum eftir því, hvort þær eru notaðar á veitingahúsum t. d. eða á einstökum heimilum? Ég sé ekki ástæðu til að gera þann mun, legg til, að vélar til heimilisþarfa verði færðar niður í 50%, svo að af þeim verði jafnhár tollur og af hinum.

Þá koma næst ýmis nauðsynleg tæki til landbúnaðar. Það er áberandi í þessu frv., að yfirleitt er hærri tollur settur á rekstrarvörur og nauðsynleg tæki til landbúnaðar en til sjávarútvegs. Ekki er þó hlutur sjávarútvegsins gerður of góður að mínu áliti. En það er engin sanngirni að láta landbúnaðinn búa við verri hlut. Ég legg því til, að nokkur tæki og vélar til landbúnaðar, sem nú eru í 10% tollflokki, verði gerð tollfrjáls. Það eru plógar, herfi, áburðardreifarar, aðrar jarðræktarvélar, sláttuvélar, upptökuvélar fyrir kartöflur, rakstrar- og snúningsvélar, aðrar uppskeruvélar og mjaltavélar. Ég tel óhjákvæmilegt að gera þessa lagfæringu á frv. Um leið og ég legg til, að fleiri nauðsynjar sjávarútvegsins verði gerðar tollfrjálsar, flyt ég þessar till. um, að ýmis tæki til landbúnaðar verði einnig gerð tollfrjáls.

Eins og ég sagði, er það yfirleitt þannig í frv., að tollur af vélum og tækjum til landbúnaðar er hærri en af nauðsynjum til sjávarútvegsins. Ég get nefnt um þetta þau dæmi, að margt af nauðsynlegum hlutum til sjávarútvegs er samkv. frv. í 2—4% tolli. Þannig eru netjakúlur, lóðarbelgir, fiskkassar, botnvörpuhlerar og bobbingar, nautshúðir í botnvörpur, staurar og spýtur í fisktrönur, síldartunnur, netja- og nótakork, fiskinet, færi og línur, kaðlar, öngultaumar, akkeri og drekar, sökkur og þess konar, skipsskrúfur, ratsjár, þetta er allt í 2—4% tolli. En hins vegar eru ýmis nauðsynleg tæki til landbúnaðar og rekstrarvörur til þess atvinnuvegar, eins og t. d. pappaumbúðir um mjólk, í 15% tolli, mjólkurbrúsar í 10% tolli, grafvélar og vélskóflur og jarðýtur í 25% tolli og þau tæki, sem ég var að nefna áðan, plógar, herfi, áburðardreifarar, sláttuvélar og aðrar heyvinnuvélar, mjaltavélar og upptökuvélar, í 10% tolli. Þarna er gert upp á milli atvinnugreinanna á þann hátt, að ég tel nauðsynlegt, að á því verði gerðar breytingar. Ég legg enn fremur til, að tollur af mjólkurvinnsluvélum og öðrum mjólkurbúsvélum, sem eru í þessum sama skala, verði lækkaður úr 35% í 15% og einnig af öðrum landbúnaðarvélum.

Loks er brtt. við þann kafla um lækkun tolls á prjónavélum, strokvélum og fataþvottavélum. Sú skekkja er nú í frv., að strokvélar, sem svo eru nefndar, og fataþvottavélar til heimilisnotkunar eru settar í 80% toll, en slíkar vélar til þvottahúsa eiga að bera aðeins 50% toll. Hvers eiga heimilin að gjalda? Ég legg til, að tollur af heimilisvélunum verði sá sami og af vélum til þvottahúsanna. Það er alveg sjálfsagt mál.

Þá eru brtt. við 85. kafla, en í þeim kafla eru ýmis rafmagnstæki. Brtt. eru aðallega um tollækkun á ýmsum heimilisvélum, svo sem ryksugum, hrærivélum, öðrum rafknúnum eldhúsvélum og rafmagnsknúnum búsáhöldum, rafmagnseldavélum, rafmagnsofnum, rafmagnshellum, rafmagnsstrokjárnum og rafmagnsvatnshitunartækjum. Þessar till. minar eru í samræmi við till. í frv., sem flutt var á þessu þingi af tveim þm. Framsfl., hv. 7. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, og hv. 3. þm. Vesturl., Halldóri E. Sigurðssyni. Það frv. er á þskj. 55, en það hefur ekki fengizt afgr. í d. Í grg. með því frv. er vakin athygli á því, að ein stærsta stétt þjóðfélagsins, húsmæðurnar, hafi yfirleitt mjög langan vinnutíma. Nú sé miklu örðugra fyrir heimilin að fá vinnuhjálp en áður, en hins vegar hafi störf húsmæðranna orðið á ýmsan hátt fjölþættari en áður var, og afleiðing þessa sé sú, að húsmæðurnar gegni erfiðum störfum og vinnutími þeirra sé langur, en þeim sé hins vegar ætlað að annast þær stofnanir, sem þjóðfélaginu er mikilvægast að reynist vel og raunverulega eru þýðingarmesta undirstaða allra annarra stofnana þess, en það eru heimilin. Þá er á það bent í grg., að á síðustu árum hafi komið til sögu ýmsar heimilisvélar, sem bæði draga úr vinnu og erfiði. Hins vegar hafi löggjafinn litið svo furðulega á, að þessar vélar ætti að tollleggja sem lúxusvörur, og þess vegna séu nú mörg heimili alls ekki búin eða verr búin þessum vélum en vera skyldi, og það oft þau, sem hafa einna mesta þörf fyrir þær. Og að lokum segja þeir í sinni grg., að því beri að treysta, að Alþ. telji störf húsmæðra svo þýðingarmikil, að hætt verði að tollleggja sem lúxusvörur vélar og tæki, er létta þeim erfiðustu störfin og stytta hinn langa vinnutíma þeirra. Þetta tel ég allt rétt vera, sem fram kemur í grg. með frv. þeirra tveggja hv. þm.

Ég vil vekja athygli á því, að samkv. frv. er til þess ætlazt, að 35—40% tollur verði greiddur af mörgum rafmagnstækjum, en hins

vegar eru þessi nauðsynlegu heimilistæki og vélar tolllögð með 80%, og ég legg til í mínum brtt., að sá tollur verði lækkaður niður í 40%.

Í þessum sama kafla eru ratsjár fyrir skip og radíómiðunartæki. Af þeim á að greiða 4% toll. Ég legg til, að þau verði tollfrjáls.

Næst vil ég nefna brtt. mína við 87. kafla. Hún er um hjóladráttarvélar. Af þeim á samkv. frv. að greiða 10% toll. Ég legg til, að þær verði tollfrjálsar eins og skipin. Það er svo komið nú um atvinnuhætti hér, að dráttarvél er bóndanum jafnnauðsynleg og skipið útgerðarmanninum, en dráttarvélarnar hafa tvöfaldazt í verði á því kjörtímabili, sem nú er að enda. Fyrst og fremst er sú mikla verðhækkun vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961. Um leið hækkaði verðtollur af sjálfu sér og söluskatturinn mjög mikið í krónutölu, og svo lagði núv. ríkisstj. á þær nýtt aðflutningsgjald, þ. e. a. s. viðbótarsöluskattinn, 8.8%, og þar að auki smásöluskattinn 3%. Tollar og söluskattur á dráttarvélum hafa allt að því þrefaldazt að krónutölu síðan 1958, eða hækkað um nálægt 185%. Nú er lagt til í frv., að tollur á dráttarvélunum lækki niður í 10%. Það er út af fyrir sig veruleg tilslökun, en þó er hér of skammt gengið. Þrátt fyrir tollalækkunina samkv. frv. verða dráttarvélarnar nú um 66% dýrari en þær voru 1958. Þetta er miklu meiri hækkun en orðið hefur á afurðaverði bændanna á sama tímabili. Bóndinn þarf nú eftir tollalækkunina, ef samþ. verður, að láta fast að 20% meira magn af sauðfjárafurðum og um 23% meira magn af mjólk til kaupa á dráttarvél heldur en hann þurfti að láta til kaupa á vélinni 1958. Og þó að brtt. mín um að gera dráttarvélarnar tollfrjálsar verði samþ., þurfa bændur að láta til muna meira af sínum afurðum til kaupa á dráttarvél nú en 1958.

Næsta brtt. mín er við 90. kafla í 1. gr. frv. Ég legg þar til, að bergmálsdýptarmælar, asdictæki o. fl. verði tollfrjálst, en af því á að reikna 4% toll samkv. frv. Og loks er síðasta brtt. við þessa gr., 97. kafla, um, að fiskiönglar verði tollfrjálsir.

2. brtt. mín er við 3. gr. frv. og er í tveimur liðum. Sá fyrri, a-liðurinn, er um það, að 30. tölul. gr. breytist. Hann er þannig nú í frv., með leyfi hæstv. forseta, það er endurgreiðsluheimild: „Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur." — Ég legg til, að heimildin nái til endurgreiðslna á öllum tollinum. Það verður að teljast mjög sanngjarnt, að tollfrjálsir mótorar fáist til þessara nota. Ég vil segja það um bátana, útvegsmenn mega gjarnan fá tollfrjálsa mótora í þá, og ég vil vekja athygli á því, að hlutur þeirra manna í sveitum landsins, sem ekki hafa fengið rafmagnið frá samveitunum og e. t. v. hafa litla von um að fá það þaðan, er sízt of góður, þótt þeir þurfi ekki að borga tolla til ríkisins af mótorum til ljósastöðvanna.

B-liður 2. brtt. minnar er um það, að á eftir 30. lið komi nýr liður, sem hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að endurgreiða hluta innflutningsgjalda af byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra. Skal endurgreiðslan nema 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðsla nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra. Ráðh. setur nánari ákvæði um endurgreiðslu þessa.".

Allir vita, hve kostnaðurinn við byggingar hefur aukizt stórkostlega síðustu árin, sem afleiðingar af gengisbreytingum núv. ríkisstj. og öðrum ráðstöfunum hennar, svo sem vaxtahækkuninni. Hámark láns frá húsnæðismálastjórn til byggingar íbúðarhúsa er nú 150 þús. kr. á íbúð. Láta mun nærri, að öll þessi lánsupphæð fari til að borga þá hækkun á kostnaði við að koma upp íbúð af meðalstærð, sem orðið hefur á valdatíma núv. ríkisstj. Það mun láta nærri, að allt lánið fari til þess að borga aðeins þessa verðhækkun. Svo kuldalega er nú búið að unga fólkinu, sem er að erfa landið og þarf að byggja upp heimili sín, og að öðrum, sem þurfa að byggja yfir sig. Framsóknarmenn hafa undanfarið flutt till. á Alþ. um lækkun vaxta og auknar lánveitingar til íbúðarhúsabygginga. Við hefðum kosið að létta vandræði fólksins eftir þeim leiðum, en stjórnarflokkarnir hafa beitt sér á móti þessu. Því gerum við nú tilraun til þess að fá samþykkta endurgreiðslu á hluta af aðflutningsgjöldum af byggingarefni í íbúðarhús af hóflegri stærð. Það mun láta nærri, að þetta séu um 4/5 hlutar af tollinum af byggingarefninu, sem við viljum veita heimild til að endurgreiða. Enginn fær endurgreiðslu samkv. till. okkar fyrir þann hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra, en þeir, sem byggja stærra, fá hins vegar endurgreiðsluna að því marki. En þetta stærðarmark mun ákveðið við lánveitingar frá húsnæðismálastjórn. Víst mundi þetta létta töluvert þær óheyrilegu byrðar, sem lagðar hafa verið á þá, sem þurfa að koma upp íbúðarhúsum, og þess er mjög brýn þörf.

Síðasta brtt. mín á þskj. 679 er við 40. gr. frv. Þegar viðbótarsöluskatturinn var á lagður 1960, var ákveðið, að hluti af honum skyldi renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Síðar var fastákveðið í lögum, að hluti jöfnunarsjóðs skyldi vera 20% af skattinum. Nú er viðbótarsöluskatturinn innlimaður í verðtollinn, eins og áður segir. Í frv. þessu er ákveðið, að greiða skuli af innheimtum aðflutningsgjöldum til jöfnunarsjóðs á árinu 1963 það, sem á kann að vanta, að sjóðurinn fái alls 104 millj. á því ári samtals af bráðabirgðasöluskattinum, sem gildir til 1. maí þetta ár skv. frv., og af smásöluskattinum. Ég vek athygli á því, að engan veginn er víst, að jöfnunarsjóður fái á þessu ári skv. þessu ákvæði í frv. jafnmikið og hann hefði fengið að óbreyttum lögum, en skv. l. frá síðasta þingi átti hann að fá 20% af viðbótarsöluskattinum. Það er ekki trygging fyrir því, að hann fái þetta allt skv. þessu ákvæði frv. á þessu ári. Þó er hitt athugaverðara, að

í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái neitt af aðflutningsgjaldatekjum eftir næstu áramót. Eftir að frv. þetta kom fram og athygli var vakin á þessu, hefur þó hæstv. fjmrh. látið þess getið, að hann teldi, að jöfnunarsjóður þyrfti að fá þetta bætt á einhvern hátt. En engar tillögur hef ég séð frá hæstv. stjórn enn um það mál. Ég tel því rétt að ákveða hlut jöfnunarsjóðsins til frambúðar, um leið og þetta frv. er samþ., og flyt því brtt. við 40. gr. um þetta, en hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að aftan við næstsíðustu málsgr., sem er einmitt um þessa greiðslu til sjóðsins á þessu ári, komi svo hljóðandi viðbót: „Greiða skal síðan, eftir 1963, árlega til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5% af innheimtum aðflutningsgjöldum skv. tollskrá.“

Ég hef ekki, herra forseti, að svo stöddu lagt fram fleiri brtt. Margt hefði þó þurft að taka til nánari athugunar en mögulegt hefur verið á þeim allt of skamma tíma, sem þinginu hefur verið skammtaður til afgreiðslu á þessu stóra máli. Trúlega verður lögunum breytt innan skamms. Ég legg svo til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég flyt till. um á þskj. 679.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., hefur fjhn. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstj. í n., vill láta samþ. frv. í því formi, sem það kom frá Ed., og treysti sér ekki til þess að standa að því, að gerðar verði á frv. neinar breytingar. Ég tel nú þegar óhjákvæmilegt, að gerðar séu breyt. á frv., og kaus því þann háttinn að gefa út sérstakt nál. um afstöðu mína til málsins, og er það birt á þskj. 683.

Undirbúningur þessa máls hefur verið með óeðlilegum hætti. Ríkisstj. kaus að hafa þann hátt á, að skipa starfsmenn sína til þess að fara yfir gildandi lög og reglur um tolla og aðflutningsgjöld og umsteypa fyrri lagaákvæðum í einn nýjan frv.-bálk, en hún hefur varazt að leyfa stjórnarandstöðunni að koma nokkuð nærri þessum undirbúningi. Þó að ríkisstj. hafi haldið á undirbúningi málsins á þennan hátt, hefur hún eigi að síður farið þannig að, að hún leggur ekki þetta flókna og mikla mál hér fyrir til afgreiðslu, fyrr en komið er rétt undir þinglok. Það er því alveg augljóst mál, að stjórnarandstaðan hefur í rauninni enga aðstöðu til þess að geta staðið þannig að afgreiðslu þessa máls, sem eðlilegt ætti að telja. Ríkisstj. taldi þó rétt á undirbúningstíma málsins að leyfa ýmsum aðilum utan þings að fylgjast með því, sem verið var að gera. Það kom t. d. fram í blöðum verzlunarmanna, að verzlunarmannasamtökin höfðu fengið málið til athugunar nokkru fyrir áramót, þó að þm. stjórnarandstöðunnar fengju hins vegar ekki að sjá málið fyrr en komið var undir þinglok. Og hæstv. fjmrh., sem lagði frv. fram hér á Alþ., kaus að hafa þann hátt á að ræða efni frv. fyrst á almennum stjórnmálafundi á vegum síns flokksfélags, áður en hann mælti fyrir frv. hér á hv. Alþ. Ég tel, að slík vinnubrögð sem þessi, sem hér hafa verið viðhöfð um jafnstórt og viðamikið mál eins og tollskráin er, séu vítaverð. Hér eru í rauninni brotnar almennar lýðræðis- og þingræðisreglur, og þm. er ekki gefinn eðlilegur kostur á því að standa að afgreiðslu þýðingarmikilla mála á Alþ. Það er svo líka alveg augljóst, að það nær engri átt, að Nd. Alþ. skuli vera sett frammi fyrir þeim vanda að verða að afgreiða slíkan lagabálk eða slíkt frumvarpsbákn og hér liggur fyrir án þess að mega gera nokkrar breytingar á frv., þó að menn sjái, að augljóslega þyrfti að gera þar á ýmsar breytingar. Þeir, sem standa vilja að samþykkt frv. óbreytts, afsaka afstöðu sína með því, að það séu allar líkur til þess að vísu, að breyta verði frv., en þá verði bara að gera það t. d. á næsta þingi eða síðar. Ég tel, að slík vinnubrögð sem þessi séu fordæmanleg og það beri að varast þau í framtíðinni.

Það er sagt, að höfuðbreytingarnar, sem þetta frv. felur í sér frá gildandi innflutningsgjaldaákvæðum, séu fólgnar í því að sameina margar tegundir af innflutningsgjöldum, sem áður giltu, í einn verðtoll á hverri vörutegund, og að auk þess sé hér um allmikla samræmingu að ræða á tollum hinna ýmsu vöruflokka. Það er auðvitað enginn vafi á því, að sú breyting að gera aðflutningsgjöldin einfaldari en þau hafa verið í formi, hún er gagnleg, og það var auðvelt að koma þeirri breytingu við án þess að viðhafa þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þessa máls. Það er sagt, að frv. stefni að nokkurri lækkun á tollum frá því, sem verið hefur. Reiknað er með, að tollalækkunin geti numið um 97 millj. kr., miðað við það innflutningsmagn, sem var árið 1962. Það er þó ljóst, að þessi tiltölulega litla lækkun á heildartollinnheimtunni kemur að litlu eða engu leyti niður á almennum nauðsynjavörum. Lækkunin er mestmegnis á þeim vörum, sem yfirleitt hafa verið flokkaðar sem ónauðsynlegar vörur eða ekki almennar notavörur. Þannig virðist t. d. ein mesta lækkunin á tollum frá því, sem í gildi hefur verið, eiga að verða á varahlutum í alls konar bifreiðar. Og auk þess lækka svo tollar á öllum þeim vörum, sem hæst voru tollaðar áður, eins og alls konar glysvarningi og munaðarvörum.

Ég tel, að þessi breyting sé mjög vafasöm. Það hefði verið miklu meiri þörf á því, að láta þá lækkun, sem fært þótti að gera á tekjustofnum ríkisins, koma niður á ýmsum öðrum vöruflokkum en gert er í þessu frv. Mér sýnist líka, að sú gífurlega tollvernd, sem verið hefur fyrir innlendan iðnað í mörgum greinum fram til þessa, eigi í öllum aðalatriðum að halda áfram. Áfram á það að verða svo, að fjölmargar vörur, sem framleiddar eru hér í landinu, eiga í innflutningi að tollast um 100% og allt upp í 125% og þannig í ýmsum tilfellum að vera áfram útilokað að flytja þær vörur

inn, nema þá með því, að þeim sé haldið í óeðlilega háu verði í landinu. Mér sýnist líka, að það sé ljóst, að áfram eigi að vera mikill mismunur á milli einstakra framleiðslugreina í þessari tollvernd. Það vandamál, sem auðvitað þarf að taka til athugunar tiltölulega fljótlega, er tollvernd íslenzka iðnaðarins og það mikla misræmi, sem þar er á milli einstakra iðngreina. Við því hefur að sáralitlu leyti verið hreyft í sambandi við þá endurskoðun, sem hér hefur farið fram á tollalöggjöfinni.

Það hefur verið á það bent hér í þessum umr., að tollar muni vera orðnir miklu hærri hér á landi en í flestum eða öllum öðrum löndum, og enginn vafi er á því, að hinir raunverulegu tollar hafa hækkað til mikilla muna í tíð núverandi ríkisstj. Það hefur verið gert oftast nær með öðrum hætti en þeim að hækka tollskalana sjálfa. Það hefur verið gert með endurteknum gengislækkunum, því að á þann hátt er vitanlega hægt að hækka verðtollinn í krónum talið á innflutningsvörum, og það hefur verið gert með því að leggja á nýja söluskatta. Alla þessa gífurlegu skattabyrði á nú að lögbinda til frambúðar í formi eins verðtollsgjalds. Það er enginn vafi á því, að þegar málunum hefur þannig verið komið fyrir, þá mun hin raunverulega hækkun, þegar um gengisbreytingu er að ræða, verða enn þá meiri og tilfinnanlegri á tollinnheimtu ríkisins heldur en hún nokkurn tíma hefur verið að undanförnu. En eins og ég hef sagt hér áður, þá er ljóst, að það er ætlun hæstv. ríkisstj. að koma í veg fyrir allar breyt. á frv. frá því, sem nú er orðið. Ég tel því í rauninni nú á síðustu dögum þingsins tilgangslítið að halda hér uppi löngum umr. um þetta mál, þó að það gefi vissulega tilefni til þess. Ég sé ekki heldur ástæðu til að flytja hér margar brtt., þegar þessi afstaða ríkisstj. liggur hér fyrir, að hún getur ekki fallizt á neinar breytingar, þar sem hún er komin í tímahrak með afgreiðslu málsins. Ég hef því kosið að hafa þann hátt á að flytja tiltölulega fáar brtt., og þær hef ég flutt hér á þskj. 684. Allar brtt. mínar, sem eru á því þskj., eru um að lækka nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., tolla á almennum nauðsynjavarningi.

Í till. mínum er gert ráð fyrir því, að tollar verði nokkuð lækkaðir á ýmsum tegundum af búsáhöldum. Ég geri þó ráð fyrir því, að tollar á þessum vörum verði áfram verulega háir, en í stað 80 og 100%, sem segir í ýmsum gr. frv. að tollur skuli vera á slíkum varningi, legg ég til að færa tollinn niður í 50% og í sumum tilfellum niður í 35%.

Þá legg ég til, að tollur á ýmiss konar fatnaði, fatnaði karla og kvenna, nærfatnaði og ytri fatnaði, verði lækkaður nokkuð frá því, sem lagt er til í frv. Þar er um svipaða lækkun að ræða, í ýmsum tilfellum frá 90%, nokkrum frá 70% og niður í 50—60%. Þá legg ég til, að tollur á hreinlætistækjum verði einnig lækkaður úr 80% í 50%. Á þvottavélum og öðrum slíkum varningi verði líka um nokkra lækkun að ræða. Ef það hefði virkilega vakað fyrir að breyta tollunum til hagsbóta fyrir almenning, þá hygg ég, að tollalækkanir af því tagi, sem mínar till. fjalla um, hefðu verið bornar fram í frv. En mér sýnist, að allt annað hafi vakað fyrir hæstv. ríkisstj. með breyt. sínum á tollalöggjöfinni heldur en að koma fram tollalækkun á nauðsynjavarningi almennings.

Þá flyt ég einnig till. um það, að ríkisstj. verið heimilað að endurgreiða þeim, sem byggja íbúðarhús, nokkurn hluta eða 75% af þeim aðflutningsgjöldum, sem hvíla á byggingarefninu. Þessi till. er í samræmi við till., sem við Alþýðubandalagsmenn höfum gert hér áður á Alþ. og rökstutt hér ýtarlega. Ég vil benda á í sambandi við þessa till., að fordæmi eru fyrir því, að slík endurgreiðsla fari fram. Nú eru alveg hliðstæð ákvæði í lögum um endurgreiðslu á tollum í sambandi við smíðar á fiskibátum innanlands, eins og þarna er gert ráð fyrir að taka upp í sambandi við íbúðarhúsabyggingar. Það væri því mjög auðvelt að koma þessari endurgreiðslu við. Hér er aðeins spurningin um það, hvort ríkisstj. vill láta fallast á að létta tollum nokkuð af byggingarefni til íbúðarhúsabygginga, þar sem um er að ræða byggingar íbúða af hóflegri stærð.

Ég skal svo ekki eyða lengri tíma af takmörkuðum tíma þingsins í ræðuhöld um þetta mál, en vonast til þess, að brtt. mínar, þær sem ég hef nú gert grein fyrir, verði samþ.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég vil þakka meiri hl. hv. fjhn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu frv. Ég mun ekki fara hér út í umr. um tollskrána eða ræða um nál. og till. beggja minni hl. Það eru aðeins fullyrðingar hv. frsm. minni hl., bæði í ræðum og nál., varðandi sjálf vinnubrögðin, undirbúning og málsmeðferð, sem ég tel skylt og rétt að víkja að örfáum orðum.

Hv. þm. hafa haft þau ummæli hér, að undirbúningur málsins, málsmeðferð og vinnubrögð séu vítaverð og fordæmanleg. Og rökin, sem þeir reyna að færa fyrir þessu, eru aðallega þessi: Í fyrsta lagi hafi sérfræðingar, en ekki stjórnmálamenn eða þingmenn, unnið að undirbúningi málsins. Í öðru lagi, að áður en málið var lagt fyrir Alþingi, hafi það verið sent kaupmönnum og iðnrekendum til athugunar. Í þriðja lagi, að ég hafi talað um málið í stjórnmálafélagi, áður en ég gerði Alþ. grein fyrir málinu.

Að því er varðar fyrsta atriðið, þá eru að sjálfsögðu ýmsar aðferðir, sem má hafa um undirbúning slíkra stórmála sem tollskrár. Stundum er höfð sú aðferð, að skipuð er nefnd stjórnmálamanna, þingmanna, af hálfu ríkisstj., eða Alþingi sjálft kýs slíka nefnd pólitískri kosningu. Við höfum reynslu af ýmsum slíkum n. Stundum hafa þær gefizt vel, stundum miður. Ég kann þess mörg dæmi, að slíkar pólitískar n. hafa verið skipaðar, einmitt til þess að athuga tolla- og skattamál. Þær hafa unnið árum saman, en uppskeran orðið harla

lítil. Er þess skemmst að minnast, og þó ekki skemmst að minnast, því að það er nú kominn líklega rúmur áratugur síðan, að sett var á laggirnar n. undir forustu hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. 1. minni hl., Skúla Guðmundssonar, til þess skv. þál. að endurskoða allt skattakerfi landsins og tekjustofna sveitarfélaga sem og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi skattamála- og tekjustofnanefnd starfaði undir forustu þessa ágæta þingmanns árum saman, en eftir allt það starf og alla þá fundi og öll þau ár, sem hún starfaði, varð eftirtekjan sorglega lítil, því að ég veit ekki til, að neinar heildartill. hafi frá þeirri nefnd komið, og að lokum sálaðist hún. Ég nefni þetta dæmi vegna þess, að það er nærtækt, af því að sá maður, sem hér hefur uppi ádeilur um þennan undirbúning og þessa starfsháttu, á einmitt þessa fortíð að baki sér í skattamálum. Ég vil taka það fram, að ýmsar n., sem skipaðar hafa verið þm. um ýmis mál, hafa að sjálfsögðu skilað ágætu starfi. En reynslan er misjöfn.

Þegar ákveðið var að hefja endurskoðun á tollskránni í heild með það fyrir augum að bæta úr allri þeirri ringulreið, sem smám saman hefur verið að skapast um okkar aðflutningsgjöld, þá kom til greina, hvort ætti að ráða til þeirra starfa fyrst og fremst þm., stjórnmálamenn úr öllum flokkum, eða hvort ætti að velja til þess sérfræðinga og embættismenn. Ég taldi alveg einsætt, að til þess að vinna að svo flóknu og vandasömu máli sem þessu væri sú leiðin heppilegri að velja til þess 4 reynda og færa embættismenn, sem allir voru þaulkunnugir þessum málum. Það var gert, til þess valdir hagstofustjórinn, tollstjórinn í Reykjavík og ráðuneytisstjórarnir í fjármála- og viðskmrn. Síðar var bætt við sérfræðingi í iðnaðarmálum, sem einnig hafði sérstaklega fengizt við tollamál áður.

Ég er sannfærður um, að þessi vinnubrögð eru heppilegri, og ég er sannfærður um það líka, að ef hin leiðin hefði verið farin, að skipa í þetta þm. frá öllum flokkum, þá hægi tollskráin ekki fyrir Alþ. nú og ætti vafalaust langt í land. Ég tel þess vegna, að því fari fjarri, að ríkisstj. sé ámælisverð eða vítaverð fyrir þessi vinnubrögð. Ég tel einmitt, að hún hafi valið hina hentugustu leið.

Önnur ádeilan hjá þessum tveim hv. þm. er sú, að ég hafi, áður en málið var lagt fyrir Alþingi, sent frv. kaupmönnum og iðnrekendum. Í því sambandi vil ég taka fram, að hér er um tvær leiðir að ræða. Tollskráin snertir svo atvinnuvegina í landinu, að á einhverju stigi málsins verður að gefa samtökum þeirra og fyrirsvarsmönnum tækifæri til að fjalla um hana, og þá eru tvær leiðir til. Önnur er sú, að þeir sérfræðingar, sem undirbjuggu málið, hefðu samband við þessi samtök atvinnuveganna, áður en málið kæmi til Alþingis, til að heyra þeirra aths. og þeirra óskir. Sá veit bezt, hvar skórinn kreppir, sem ber hann, og ég býst við, að enginn vefengi, að á einhverju stigi máls sé rétt að hafa samband við þessi samtök. Þetta er önnur leiðin. En hin er sú, að tollskrárnefndinni hefði verið bannað að ræða við nokkurn sérfræðing eða fulltrúa frá þessum samtökum, leggja málið þannig fyrir og ætla þingnefndum að ræða við öll þessi samtök og fulltrúa þeirra. Ég býst við, að þá hefði heyrzt hljóð úr horni um, að málið væri illa undirbúið, þar sem ekki hefðu verið kannaðar óskir og sjónarmið atvinnuveganna. Ég ætla líka, að það hefði tekið ærið mikinn tíma hjá Alþ. og n., ef þessi vinnubrögð hefði átt að hafa.

Ég taldi því og tel, að það hafi verið alveg sjálfsögð og eðlileg vinnubrögð, að tollskrárn. var falið, áður en málið kæmi til Alþ., að kanna sjónarmið og óskir atvinnuveganna. Og þessir fulltrúar og samtök atvinnuveganna, sem leitað var til, voru ekki fyrst og fremst kaupmenn og iðnrekendur, eins og hv. frsm. leyfa sér nú að hafa við orð hér, þó að þeir viti betur. Þessi samtök atvinnuveganna, sem leitað var til áður, voru þessi: Samband ísl. samvinnufélaga, framleiðsluráð landbúnaðarins, Landssamband ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda, Verzlunarráð Íslands, Kaupmannasamtök Íslands, Stórkaupmannafélagið, — 9 samtök, sem eru fulltrúar fyrir okkar aðalatvinnuvegi.

Öll þessi samtök, ætla ég, að hafi fengið málið til athugunar nokkuð samtímis, og frá öllum þeirra komu aths., brtt. og óskir, sem farið var rækilega gegnum af tollskrárn., og það tekið til greina, sem unnt var. Þessi vinnubrögð hafa svo að sjálfsögðu sparað Alþ. og n. í þingi mjög mikinn tíma, og kemur það m. a. í ljós í því, hversu það eru tiltölulega fáar aths., sem borizt hafa til n. um breytingar. Út af þessari aths. held ég og er sannfærður um, að hér hafi verið rétt að farið, og hefði verið æskilegra, að þessir hv. þm. hefðu rætt málið á þessum grundvelli, en ekki lagt það fyrir með þeim blekkingum, að eingöngu hafi einhverjum kaupmönnum og iðnrekendum verið sýnt frv.

Í þriðja lagi sé vítavert og fordæmanlegt, að ég hafi flutt ræðu í landsmálafélaginu Verði um málið, áður en ég flutti framsöguræðu í Alþingi.

Nú er það vitanlega mikið álitamál, á hvaða stigi í undirbúningi stórmála eigi og megi ræða þau í stjórnmálafélögum. Vitanlega getur enginn ætlazt til þess, og það mun enginn maður í neinum flokki gera, að alveg sé það með öllu bannað að ræða eða hreyfa stórmálum í stjórnmálafélögum, fyrr en mái hefur verið lagt formlega með framsöguræðu fyrir Alþ. Enda ætla ég, að allir stjórnmálaleiðtogar á Íslandi hafi gert slíkt fyrr og síðar. Hins vegar má segja, að frv. eigi ekki að leggja fyrir og ræða nákvæmlega eða skýra í stjórnmálafélagi, áður en það hefur verið lagt fyrir Alþ. Þetta er auðvitað mikið álitamál, og ætla ég, að sumir leiðtogar andstöðuflokkanna á

Alþ. hafi á sínum tíma orðið fyrir allhörðu ámæli út af þeirra vinnubrögðum í þessu. En hvað hefur gerzt hér? Þessi ræða, sem ég flyt í landsmálafélaginu Verði, er ekki haldin fyrr en eftir að tollskrárfrv. með öllum skýringum og grg. hefur verið útbýtt á Alþ. Fyrst er málið lagt fyrir Alþ. og gerð ýtarleg grein fyrir því í grg. og skýrslum þeim, sem frv. fylgja, áður en ég flyt þessa ræðu, sem hv. þm. telja fordæmanlegt framferði. Eða líta þessir hv. þm. svo á, að einn ráðh. eigi að vera gersamlega múlbundinn, frá því að hann lætur útbýta frv. og þangað til hann kann að flytja framsöguræðu við 1. umr. málsins? Ég skal nefna dæmi þessu til skýringar. Venjulega líða ein til tvær vikur frá því, að fjárlfrv. er útbýtt á Alþ. og þangað til 1. umr. fer fram. Ætla þessir hv. frsm. tveir að bera það á borð fyrir þingheim, að fjmrh. eigi þá alltaf að vera múlbundinn og megi ekki segja eitt einasta orð í nokkru félagi þennan tíma, þessa eina eða tvær vikur, frá því að fjárlfrv. er lagt fyrir Alþ. og gert öllum landslýð heyrinkunnugt og þangað til 1. umr. kann að fara fram? Þetta er fjarstæða einber.

Í þessu tilfelli er enginn grundvöllur fyrir neins konar fordæmingu eða vítum. Þvert á móti, því að sú grg., sem ég flutti í þessu landsmálafélagi, er ekki flutt fyrr en eftir að allir alþm. hafa fengið tollskrána með öllum skýringum og grg. í hendur.

Ég taldi rétt vegna síendurtekinna árása þm., frsm. og málsvara stjórnarandstöðunnar, og blekkinga í blöðum þeirra einmitt um vinnubrögðin, um undirbúninginn og um málsmeðferðina, að láta þetta koma fram.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Hæstv. forseti. Það voru nokkur orð í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. Það hafði komið illa við hann, að bent var á staðreyndir málsins í sambandi við undirbúning hans að þessu máli, sem hér liggur fyrir. Hann reynir nú að afsaka það, hvernig hann hefur haldið á málinu, og drap hér á þrjú atriði, sem fundið hafði verið að, og taldi sig geta réttlætt þau.

Það fyrsta var, eins og hann orðaði það, að fundið væri að því, að sérfræðingar hefðu unnið að undirbúningi málsins. Að þessu hefur enginn fundið, þvert á móti. Það hefur komið greinilega fram, að allir ætlast til þess, að sérfræðingar vinni að undirbúningi slíks máls eins og hér er um að ræða. En venjan hefur verið sú, að alþm. væri einnig gefinn kostur á því, þegar á að umsteypa slíkri löggjöf eins og hér um ræðir, að fylgjast með því. Það var sú venja, sem var brotin af hæstv. fjmrh. í þessu tilfelli og ekki einu sinni, heldur allan undirbúningstímann í gegn, því að það virtist vera sérstakt kappsmál hjá hæstv. ráðh. að halda þessu máli þannig á öllu undirbúningsskeiðinu, að alþm. úr stjórnarandstöðunni gætu þar ekki fylgzt með. Sá háttur hafði verið hafður hér á oftsinnis áður, að Alþingi kysi mþn., þegar tollskráin var tekin til endurskoðunar. Varðandi einstök dæmi um það, að kosnir hafi verið alþm. í nefndir og það hafi gefizt illa, þá held ég megi nefna mörg dæmi þess, að ríkisstj. hafi skipað nefndir, sem ekkert hefur komið frá. Slíkt eru ekki frambærileg rök fyrir þeim hætti, sem hæstv. ráðh. hefur haft á í þessum efnum.

Þá segir hæstv. fjmrh., að það sé ekki rétt, að hann hafi leitað eingöngu ráða hjá samtökum kaupmanna og iðnrekenda um samningu hinnar nýju tollskrár. Ég a. m. k. hef ekki haldið því fram, að hæstv. ráðh. hafi ekki leitað til annarra. En mér var kunnugt um það, að í blöðum verzlunarmanna hafði það birzt fyrir jól, að þeir væru um tíma búnir að hafa málið til umsagnar og athugunar. En þá var mér einnig kunnugt um það, að við þm. úr stjórnarandstöðunni höfðum óskað eftir því að fá að sjá þessi sömu drög, sem þá lágu fyrir af tollskrármálinu, að við, sem áttum að vinna að afgreiðslu málsins í n. á Alþingi, fengjum þá þegar að fylgjast með þessum undirbúningi málsins, og okkur var neitað um það, okkur alþm. var neitað um þann rétt, sem verzlunarmönnum var boðið upp á og iðnrekendur máttu verða aðnjótandi. Það er þetta, sem er fundið að. Ég veit, að hæstv. fjmrh. veit mætavel, að óskir voru lagðar fram um það á þessum tíma, að stjórnarandstaðan fengi að fylgjast með undirbúningi málsins, m. a. til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins, þegar það yrði lagt fram á Alþ. En ríkisstj. var ekki á þeim buxunum að leyfa helmingi alþm. eða þar um bil að fylgjast með málinu, þó að kaupsýslumenn mættu fylgjast með því, hvernig ætti að breyta tollalöggjöf landsins. En sá háttur hefur verið hafður á hingað til, að það væri nauðsynlegt einmitt að halda vissum upplýsingum frá slíkum aðilum, til þess að þeir gætu ekki notfært sér þær á óeðlilegan hátt. En nú var annar háttur hafður á. Og svo kemur þessi skýring frá hæstv. ráðh., að honum þótti alveg sjálfsagt að leita til samtaka iðnrekenda og verzlunarmanna og, eins og hann segir, fulltrúa atvinnuveganna, en það átti að varast að leyfa fulltrúum almennings í landinu að fylgjast með því, hvað var verið að gera. Þó að tollskrá varði vissulega mikið verzlunarmenn og iðnrekendur og atvinnurekendur, þá varðar fulltrúa almennings í landinu, þá menn, sem eru kjörnir af almenningi í landinu til þess að fjalla um þessa lagasmíð, ekkert minna um þessi mál heldur en atvinnurekendur og verzlunarmenn. Og það hefði hæstv. fjmrh. átt að vita.

Svo segir hæstv. fjmrh., að það hafi ekki verið mikið saknæmt við það, þó að hann hafi fyrst gert grein fyrir tollskrárfrv. á almennum stjórnmálafundi í sínu stjórnmálafélagi, áður en hann mælti fyrir frv. á Alþingi, vegna þess að hann hafi þó verið búinn að leggja frv. hér fram. Jú, það er rétt. Málinu var útbýtt í skyndi hér á Alþ. þann daginn, sem fundurinn í sjálfstæðisfélaginu hér í Reykjavík var haldinn um málið. Það er auðvitað enginn að fara fram á það að múlbinda hæstv. ráðh., hvorki í þessum málum né öðrum. Hann hefur auð-

vitað fulla aðstöðu til þess að tala um málin eins og honum sýnist. En það er vægast sagt mjög óviðkunnanleg aðferð með tilliti til alls undirbúnings í þessu máli, þegar hann hefur þann hátt á að gera grein fyrir slíku máli sem tollskrárfrv. er, að fara fyrst á almennan stjórnmálafund og gera þar grein fyrir málinu, áður en honum vannst tími til þess að tala fyrir málinu á Alþ. Og hver hafði komið í veg fyrir það, að hæstv. ráðh. gæti talað fyrir málinu á Alþ., áður en hann talaði fyrir því á Varðarfundi? Var það kannske stjórnarandstaðan, sem hafði þvælzt þar fyrir? Ætli hæstv. ráðh. hefði ekki getað lagt fram frv. einum deginum fyrr og mælt þá fyrir málinu? Nei, það var bara vegna þess, að hann var svona síðbúinn með frv. og hafði lagt á það slíka ofsaáherzlu allan tímann, að alþm. skyldu þó ekkert fá um að vita utan stjórnarliðsins, fyrr en þeim væri sagt, að nú ætti að fara að bera málið upp á Alþ. og afgreiða það.

Hæstv. ráðh. veit það mætavel, að sá tími, sem Alþ. hefur verið ætlaður til þess að afgreiða þetta stórmál, er allsendis ónógur. Það hefur engin aðstaða unnizt til þess í þeim nefndum, sem hafa fjallað um málið, ekki einu sinni að lesa frv. sameiginlega yfir. Ég held því, að það væri eðlilegast, að hæstv. ráðh. bæði afsökunar á því, hvernig til hefur tekizt, og að hann hefði ekki ætlað eins illt með þessum undirbúningi og undirbúningurinn bendir þó til.

Nei, þegar slík lagasetning er undirbúin eins og ný tollskrá, þar sem fyrri reglan er gersamlega umsteypt og allt sett í alveg nýtt form frá því, sem áður hafði verið, þurfti auðvitað á rúmum tíma að halda, til þess að þeir, sem eiga að bera ábyrgð á lagasetningunni, þeir sem eru til þess kosnir að standa að lagasetningu, hefðu einhverja möguleika á því að fylgjast með því, hvað um var að ræða. Þó að verzlunarmenn og iðnrekendur séu mikilsverðir, þá eru það ekki þeir út af fyrir sig, sem bera ábyrgð á setningu laga á Alþ. Til þess hafa ákveðnir menn verið kosnir, og þeir eiga að fá tækifæri til þess að fylgjast með því, hvað er verið að lögleiða á hverjum tíma.

Ég álít því, að þær aths., sem ég hef gert viðvíkjandi undirbúningi málsins, hafi allar átt fullan rétt á sér, og ég get ekki séð, að þau orð, sem féllu hér frá hæstv. fjmrh., hafi afsakað hans gerðir viðvíkjandi ófullnægjandi undirbúningi og óeðlilegum undirbúningi málsins á nokkurn hátt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins fá orð til viðbótar út af ræðu hæstv. fjmrh.

Hann var að segja, að frsm. minni hl., eins og hann orðaði það, og ýmsir fleiri hefðu deilt á stjórnina fyrir undirbúning þessa máls, í fyrsta lagi fyrir það að skipa embættismenn til þess að undirbúa málið. Ég kannast alls ekki við þetta hvað mig snertir, að ég hafi deilt nokkurn hlut á ráðh. fyrir að velja þessa 4 embættismenn, sem hann valdi til þess að undirbúa málið. Ég minntist ekkert á það í minni framsöguræðu. En það, sem ég segi um þetta í nál., er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tollskráin er búin að vera rúmlega 3 ár í smíðum. Það var 8. des. 1959, sem fjmrh. skrifaði fjórum embættismönnum og fól þeim að endurskoða tollalöggjöfina. Það er vel skiljanlegt, að þetta tæki langan tíma. Tollskráin er mikill smíðisgripur. Smiðirnir hafa unnið mikið verk og þeir hafa gengið vel frá gripnum að formi til."

Hver getur fundið einhverja ádeilu í þessum ummælum, sem ég hef um þetta haft? Og ég skal lýsa yfir því, að ég tel, að þetta hafi verið mjög færir menn, þessir embættismenn, einmitt til að undirbúa tollskrá, sem ráðh. hitti á að velja til þess. Ég get því ekki tekið þessi ummæli hæstv. ráðh. til mín. Ég hef ekkert deilt á hann fyrir þetta.

Þá segir hann í öðru lagi, að það hafi verið deilt á stjórnina fyrir það, að kaupmenn og iðnrekendur hafi fengið málið til athugunar. Um þetta segi ég í upphafi nál. míns á þskj. 662:

„Loks er hún komin, tollskráin nýja, í frv.-formi. Hún var lögð fyrir Alþingi 27. marz. Sagt er, að hún hafi áður verið til skoðunar hjá kaupsýslumönnum og iðnrekendum, til þess að þeir gætu kynnt sér málið og komið aths. á framfæri. En alþm. er ætlaður allt of skammur tími til að íhuga þetta stóra mál."

Nú hefur einmitt hæstv. ráðh. í ræðu sinni staðfest, að þetta er rétt, sem ég hafði heyrt. Það væri réttur sá orðrómur, að hann hefði sent þessum aðilum o. fl. tollskrána til athugunar, meðan hún var á undirbúningsstigi. Ég hef ekkert deilt á hann fyrir þetta, ekki einu orði. Þarna er bara sagt frá því, sem ég hef heyrt og ráðh. hefur staðfest að er rétt, en engin ádeila í þessu.

Svo er það í þriðja lagi þetta með ræðuna í stjórnmálafélaginu Verði. Ég hef nú ekkert nefnt hana, mér hefur ekki þótt taka því, þó að hún hafi sennilega verið merkileg. Það er ekkert að henni vikið, hvorki í minu nál. né í framsöguræðu, — ekki með einu orði vikið að því. Það má náttúrlega um það tala og um það deila jafnvel, hvaða hátt ráðh. eigi að hafa á í þessum efnum, en ég hef látið það alveg kyrrt liggja. Það, sem ég hef fundið að í sambandi við þetta mál, er það, hvað Alþ., er skammtaður naumur tími til að íhuga það. Þetta er vítavert, og ég hef fundið að því, bæði í mínu nál. og minni framsöguræðu, og þetta er aðfinnsluvert. Það er það, sem ég hef fundið að í sambandi við málið, og þetta er viðurkennt alveg eins af stuðningsmönnum stjórnarinnar og öðrum, að hér hafi verið hafður á allt annar háttur en átti að vera. Þeir segja það, stuðningsmenn stjórnarinnar, hver um annan þveran, að þetta sé svo stórt mál, að þingið hefði þurft að hafa miklu lengri tíma til að íhuga það, til þess að afgreiðslan gæti verið forsvaranleg. Þetta er alveg rétt, og það

er þetta sem hæstv. ríkisstj. er ámælisverð fyrir. Hér liggur hennar sök.

Ég þarf í raun og veru ekki að hafa þessi orð fleiri. Það lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. sé þannig orðinn, að honum finnist alltaf verið að deila á sig, jafnvel þó að ekki sé snefill af ádeilu í ummælum manna, hvorki í ræðu né riti. Það stendur einhvers staðar: „Illur á sér ills von.“ Ég veit ekki, hvort má heimfæra þetta undir það, ég skal ekki segja um það.

En svo sagði hæstv. ráðh., að ég hefði einu sinni verið formaður í nefnd, sem hefði átt að undirbúa skattamál, skattalagabreytingar, og eftirtekjan hefði orðið lítil. Ég læt mig litlu skipta hans dóm um það, því að það eru aðrir, sem sögðu sitt álit um það á sínum tíma. Það er rétt, að ég var með öðrum mönnum á tímabili að undirbúa breyt. á skattalögum, og af þeirri vinnu spruttu ný skattalög, þar sem voru gerðar mikilsverðar lagfæringar á skattamálunum, bæði fyrir einstaklinga og félög. Það getur verið, að hæstv. ráðh. sé búinn að gleyma þessu. Það eru ýmsir aðrir, sem muna eftir því og kannast við það.

ATKVGR.

Brtt. 679,1.a felld með 16:7 atkv.
— 684,1.a—c felld með 16:6 atkv.
— 679,1.b felld með 16:9 atkv.
— 684,1.d—h felld með 16:8 atkv.
— 679,1.c felld með 16:9 atkv.
— 684,1.i—k felld með 16:9 atkv.
— 679,1.d.1—2 felld með 17:9 atkv.
— 684,1.l.1 felld með 16:8 atkv.
— 679,1.d.3 felld með 16:9 atkv.
— 684,1.l.2 felld með 16:8 atkv.
— 679,1.d.4—20 felld með 16:9 atkv.
— 684,1.l.3 felld með 16:9 atkv.
— 679,1.e felld með 16:9 atkv.
— 679,1.f felld með 16:9 atkv.
— 679,1.g felld með 16:9 atkv.
— 679,1.h felld með 16:9 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 679,2.a felld með 16:10 atkv.
— 679,2.b felld með 16:10 atkv.
— 684,2 felld með 16:10 atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—39. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 679,3 felld með 16:9 atkv.
40. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 615, 685, 698).

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil enn gera tilraun til að fá nokkrar lagfæringar á þessu frv. um tollskrá. Ég hef flutt hér fáeinar brtt. á þskj. 698.

1. brtt. mín er um það, að tollur af steypustyrktarjárni verði lækkaður úr 35 í 15%. Mundi það þá verða tollað á sama hátt og þakjárn. Þetta er, eins og allir vita, mjög nauðsynlegt byggingarefni.

Næst flyt ég allmargar brtt. við 84. kafla tollskrárinnar. Þar er fyrst till. um, að dísilhreyflar færist úr 10% í 4%. Við 2. umr. lagði ég til, að þeir yrðu tollfrjálsir. Þarna er líka um að ræða till. um lækkun á tolli á allmörgum áhöldum og vélum vegna landbúnaðar úr 10% í 4%. Áður hafði ég borið fram till. um að gera þessi tæki tollfrjáls. Með því að ákveða 4% toll á þeim, mundu þau verða tolluð með sama hætti og ýmsar nauðsynjar til sjávarútvegsins, og mér finnst það eðlilegt, að þessir atvinnuvegir sitji við sama borð. Áður hafði ég lagt til, að bæði þessi tæki og eins ýmsar nauðsynjar sjávarútvegsins yrðu gerðar tollfrjálsar. Það var því miður fellt hér í hv. deild. Þarna er einnig um að ræða nokkra tollalækkun á mælitækjum og fleiri slíkum tækjum, nokkru minni lækkun en ég lagði til við 2. umr.

Þá er við 85. kafla. Þar legg ég til, að tollur af ýmsum heimilistækjum, rafmagnsknúnum, lækki úr 80 í 60%. Áður hafði ég flutt till. um, að þeir lækkuðu niður í 40%. Ég vil nú gera tilraun til að fá þó þessa leiðréttingu á þessum tolli. Ég hlustaði í gær á útvarpsumr. hér frá Alþingi. Einn hæstv. ráðh., sem þar talaði, stefndi máli sínu einkum til húsmæðra og taldi sig hafa verið mikinn vin þeirra, og manni skildist á tali hans, að hann vildi vera þeim hlýr og góður hér eftir. Mér þótti því rétt að gefa þessum hæstv. ráðh. tækifæri til þess að greiða atkv. með svolítilli lækkun á tolli af ýmsum heimilistækjum, sem húsmæður hafa mikla þörf fyrir. Ég vil vænta þess, að honum verði það ljúft þegar á næsta degi, eftir að hann mælti svo fagurlega til húsmæðranna.

Síðasta till. mín er um það að lækka tolla af hjóladráttarvélum úr 10 niður í 4%. Áður hafði ég lagt til, að þær yrðu gerðar tollfrjálsar. Eins og ég hef áður bent á, þurfa nú bændur að láta miklu meira afurðamagn til kaupa á dráttarvél en fyrir 4 árum, þrátt fyrir að búið sé að lækka tolla af vélunum niður í 10%.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það er ærið lítið tóm, sem okkur þm. hefur gefizt til þess að yfirfara það stóra frv. til tollskrárl., sem hér liggur fyrir, og reyndar hef ég fyrir mitt leyti beðið eftir því að sjá, hverjar till. kynnu að koma úr þeirri nefnd, sem þetta frv. fjallaði um, áður en ég hugði til þess að gera þær till., sem mér finnst nauðsynlegar á frv. og ekki hafa komið fram annars staðar frá. Þær eru að vísu ekki margar, till., sem ég geri í þessu efni, en mér þykir sjálfsagt að gera hér till. varðandi einn flokk innflutningsvara, sem tollaðar eru í tollskránni, ýmist með 20% tolli eða 4% tolli samkv. frv. Þetta eru björgunartæki. Björgunartækin eru á þrem stöðum í tollskránni eftir því, hvort um er að ræða björgunartæki úr plasti, björgunartæki úr toggúmmíi eða björgunartæki úr korki, og það er

á fjórða staðnum í tollskránni sérstök tollákvörðun um björgunarbáta. Björgunartækin úr plasti, toggúmmíi og korki eru samkv. frv. tolluð með 20% tolli, en björgunarbátarnir með 4% tolli.

Við Íslendingar búum við þær aðstæður, að við þurfum alveg sérstaklega á því að halda að hafa til taks björgunartæki, og ég álít, að íslenzkt þjóðfélag hafi ekki efni á því að láta neins ófreistað um það, að slík tæki séu fáanleg með beztu hugsanlegum kjörum, þar eð skortur á þeim getur kostað okkur meira en svo, að það réttlæti það, þó að hægt sé að taka upp einhverjar krónur í ríkissjóð með tolli á þessar vörur. Þess vegna geri ég till. um, að þessir liðir innflutningsvarningsins verði allir tollfrjálsir og þá væntanlega þeim mun ódýrari í innkaupum.

Við höfum að undanförnu séð það í blöðum og orðið þess vör á annan hátt, að stundum kemur það fyrir, að menn, sjálfsagt bæði útgerðarmenn og skipstjórar skipa, freistast til þess að fara á sjó með skipshafnir sínar, án þess að þar séu öll björgunartæki fyrir hendi, af því að þeir hafa ekki eða telja sig ekki hafa fjármuni til þess að kaupa slík tæki eins og til þyrfti. Að sjálfsögðu gæti slíkt einnig komið fyrir, þótt allur tollur væri felldur niður af þessu. En þá er a. m. k. engin afsökun, að tækin hafi verið gerð dýrari en nauðsynlegt var og þannig af ríkisins hálfu stuðlað að því, að til óhappa gæti dregið, þar sem björgunartæki væru ekki tiltæk.

Ég hef að sjálfsögðu ekki haft neinn tíma til þess að afla mér upplýsinga um það, hvað það mundi skerða tekjur ríkissjóðs árlega, að till. mín, sú sem prentuð er á þskj. 685, yrði samþ. En ég hef ástæðu til að ætla, að þar mundi vera um smámuni að ræða í tekjurýrnun hjá ríkissjóði, og tel, að sú hlið málsins geti með engu móti skipt neinu verulegu máli í tekjuöflun ríkissjóðs.

Nú gæti hugsazt, að einhver segði sem svo, að ef þessar vörur væru gerðar tollfrjálsar í innflutningi, gæti það máske stuðlað að því, að það tollfrelsi yrði misnotað, þ. e. a. s. að þessar vörur yrðu keyptar inn sem björgunarvörur, en notaðar svo með einhverjum öðrum hætti, þar sem eðlilegt væri, að tollur hefði á þær fallið. En við alla þá tollskrárliði, sem till. mín á, er séð við þessum leka með því, að á öllum viðkomandi stöðum í tollskrárfrv. er fjmrn. gefin heimild til þess að ákveða þetta nánar, og eftirfarandi klásúla stendur við hvern og einn þeirra í frv.: „Eftir nánari skilgreiningu og ákvörðun fjmrn.“ — þ. e. um það, hvað teljast skuli björgunartæki.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa orð mín um þessa till. öllu fleiri, en vænti þess, að hv. þm. geti á það fallizt, að hér er um að ræða þess háttar mál, að vart getur orkað tvímælis, að þeir, sem að setningu tollskrár standa, mundu geta haft betri samvizku að henni samþykktri en felldri, og enn fremur, að hér er um það mál að ræða, sem orðið gæti til þess, þótt ekki sé það stórt í sniðum, að einhver mannslíf björguðust, sem ella gætu farið forgörðum um aldur fram.

ATKVGR.

Brtt. 685,1 felld með 15:10 atkv.
— 685,2 felld með 15:10 atkv.
— 685,3 felld með 17:12 atkv.
— 698,a felld með 17:13 atkv.
— 698,b felld með 18:16 atkv.
— 698,c felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, HÁ, HS, HV, IG, JSk.

nei: JP, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÞG, IngJ, JóhH.

5 þm. (ÓTh, BP, GÍG, JPálm, GJóh) fjarstaddir.

Brtt. 698,d felld með 17:15 atkv.
— 685,4 felld með 18:15 atkv.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 717).

47. Tekjustofnar sveitarfélaga (stjfrv.).

Á 77. fundi í Ed., 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga [246. mál] (stjfrv., A. 692).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Snemma árs 1960 lagði ríkisstj. til, að Alþingi samþykkti að fá sveitarfélögum landsins nýjan tekjustofn, hluta af söluskatti. Var lögfest á því þingi, að renna skyldi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fimmtungur af 3% smásöluskattinum og fimmtungur af 8% innflutningssöluskatti. En úr jöfnunarsjóðnum skyldi fé þessu skipt milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu. Það fé, sem þannig hefur runnið til sveitarfélaganna af hinum nýja tekjustofni um jöfnunarsjóð, nam á árinu 1960 56 millj., árið 1961 71 millj., árið 1962 83 millj. og árið 1963 samkv. áætlun fjárl. 104 millj., eða samtals á þessum 4 árum 314 millj. kr.

Með frv. til nýrrar tollskrár er gert ráð fyrir m. a., að innflutningssöluskatturinn falli niður. Þarf því að gera sérstakar ráðstafanir til þess, eins og sagt er í grg. með tollskrárfrv., að bæta jöfnunarsjóði þann tekjumissi. 3% smásöluskatturinn og hluti jöfnunarsjóðs af honum stendur áfram, en bæta þarf jöfnunarsjóði missi

fimmtungsins af 8% innflutningssöluskatti. Þar voru tvö viðfangsefni, annað að ákveða, hvað gera skyldi fyrir árið 1963, og hitt, hvað gera skyldi framvegis. Varðandi árið 1963 þurfti sérákvæði, vegna þess að nýja tollskráin tekur gildi væntanlega 1. maí og kemur því í jöfnunarsjóðinn á þessu ári nokkur hluti af innflutningssöluskattinum fyrir það ár, eða fyrir 4 fyrstu mánuði ársins. Um þetta var sett sérákvæði í tollskrárfrv. og þar ákveðið, að greiða skuli í jöfnunarsjóð á árinu 1963 það, sem á vantar, að hann fái á því ári 104 millj., en það er sú upphæð, sem fjárl. hafa gengið út frá.

Ég tók fram í framsöguræðu í þessari hv. d. fyrir tollskránni, að varðandi framtíðarlausn þessa máls væru einkum þrjár leiðir, sem ræddar hefðu verið, og hefði ríkisstj. ekki ákveðið, þegar tollskráin var lögð fram, hverja af þessum þrem leiðum ætti helzt að velja. Hins vegar tók ég það fram þá við 1. umr. tollskrárinnar, að ég teldi rétt, að áður en þessu þingi ljúki, verði lagðar fram frá ríkisstj. ákveðnar till. um frambúðarlausn þessa máls. Niðurstaðan hefur orðið sú að velja þá leiðina af þessum þremur, er ég nefndi, að ákveðinn hundraðshluti af verðtollstekjum ríkissjóðs renni í jöfnunarsjóðinn. Það er efni þessa frv. að gera þá breyt. á l. um jöfnunarsjóð, sem er hluti af löggjöfinni um tekjustofna sveitarfélaga, að þetta verði lögfest.

Þegar ákveða skyldi, hvaða prósentu af verðtollstekjum skyldi ákveða, ber að hafa það í huga, að á árinu 1962 nam hluti jöfnunarsjóðs af innflutningssöluskattinum um það bil 4.3% af þeim aðflutningsgjöldum, sem gert er ráð fyrir að verðtollurinn hefði orðið samkv. frv. um tollskrá miðað við innflutninginn 1962. Rétt hefur þótt að hækka þessa prósentu nokkuð og ákveða 5%, og er það gert með 1. gr. frv. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, þar sem ákvæði í tollskránni gildir fyrir þetta ár, að þetta frv. taki gildi 1. jan. 1964 og frá þeim tíma renni í jöfnunarsjóð fimmtungurinn af 3% smásöluskattinum, eins og verið hefur, og auk þess 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs.

Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á að láta þetta mál, sem er mjög einfalt í sjálfu sér og ég ætla að enginn ágreiningur sé um, ganga gegnum þessa hv. d. í dag og án þess að því verði vísað til n. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég flutti hér í þessari hv. d. brtt. við frv. um tollskrá á þá leið, að 5% af heildarverðtolli yrðu látin ganga til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sú till. var felld. Nú kemur hún endurfædd í því frv., sem hér liggur fyrir, og hef ég vitanlega sérstakar ástæður til að fagna því. Mér er það sönnun fyrir því, að till. mín var réttmæt og að hún var hæfilega sniðin, miðuð við 5% af verðtollstekjum.

Ég mæli þess vegna að sjálfsögðu eindregið með þessu frv. og sé ekkert eftir því, þó að hæstv. fjmrh. hafi notað mitt smiðajárn. Enn fremur vil ég mæla með því, eins og sakir standa, að frv. verði ekki látið ganga til n. og tafið með því. Ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái ekki ástæðu til að telja það galla á frv., þó að það innihaldi sömu prósentu til jöfnunarsjóðs af sama stofni og búið var að fella hér till. um. Mér er svo annt um þetta mál, að ég vænti þess, að hann sjái ekki ástæðu til þess að telja vera óréttmætt skv. þingsköpum að endurflytja till. mína þannig.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila hér við hv. þm. um höfundarrétt, en vil aðeins benda á það, um leið og hann vill nú helga sér þetta mál, að áður en hann flutti sína till. í sambandi við tollskrána, hafði ég sérstaklega getið um það hér í framsöguræðu um tollskrána, að ein af þeim þremur leiðum, sem ríkisstj. hefði til athugunar, væri einmitt að taka ákveðna prósentu af verðtollstekjunum í þessu skyni, og að sjálfsögðu, þar sem um frambúðarlausn á málinu er að ræða, er sjálfsagt, að það komi sem breyt. við jöfnunarsjóðslögin eða l. um tekjustofna sveitarfélaga, því að það er óeðlileg lagasmíð að setja við tollskrána til frambúðar ákvæði um ákveðna ráðstöfun á vissum hluta tollteknanna, þó að þyrfti af þeim ástæðum, sem ég hef áður greint, að setja þar bráðabirgðaákvæði um, hvernig skyldi ráðstafa þessum málum þá. Ég held því, að þessi leið, sem hér er farin, sé eðlilegri en sú, sem hv. þm. lagði til. Efnislega má segja, að þetta sé alveg það sama. Hins vegar eru engin rök fyrir því eða þingskapaákvæði, að þó að brtt. sé felld í d., brtt. við ákveðið frv., þá megi ekki flytja sjálfstætt frv. við allt önnur lög með þessu sama ákvæði, þar sem það á heima með réttu. Annars skiptir þetta ekki máli. Aðalatriðið er það, að ég vænti þess, að allir séu sammála um að fara þessa leið, að bæta jöfnunarsjóði upp missinn af innflutningssöluskattinum með þeim hætti að ætla honum 5% af verðtollstekjunum.

Forseti (SÓÓ): Ég vil taka eftirfarandi fram í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Norðurl. e. um það, hvort hér væri um sama atriði að ræða og brtt. hans við tollskrána, sem fram kom á sínum tíma og var felld, — hvort hér væri um sama atriði að ræða, sem ekki mætti samkvæmt þingsköpum bera upp aftur í þessari deild á þessu þingi. Þingsköp segja um þetta, í 32. gr.: „Brtt. um atriði, sem búið er að fella í d., má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi.“ Þarna er átt við brtt. „En heimilt er að bera hana upp í hinni d. og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess.“ Þarna er um tvö ólík atriði að ræða. Umrædd brtt., sem var felld, var um breyt. á lögum um tollskrá. Frv. það, sem hér er til umræðu, er um breyt. á allt öðrum lögum og á því ekki að því leyti skylt við hina felldu brtt., og kemur því flutningur þess ekki í bága við þingsköp.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á þeim fundi.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1960 var svo ákveðið, að hluti af söluskatti skyldi renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og því fé varið til þess að skipta milli sveitarfélaganna eftir íbúatölu þeirra. Það var svo ákveðið, að fimmtungur af 3% smásöluskattinum skyldi renna í jöfnunarsjóð og enn fremur fimmtungur af 8% innflutningssöluskattinum. Með tollskránni nýju, sem væntanlega verður afgreidd sem lög nú í dag, er gert ráð fyrir, að einn verðtollur komi í stað þeirra aðflutningsgjalda, sem verið hafa. Af því leiðir, að innflutningssöluskatturinn fellur niður.

Eins og tekið er fram í grg. tollskrárfrv. og ég skýrði í framsöguræðu fyrir þessu máli, var nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að bæta jöfnunarsjóði upp þennan tekjumissi. Þar var um tvennt að ræða: annað, hversu skyldi ráðstafa þessu fyrir árið í ár, og hins vegar til frambúðar. Fyrir árið í ár fær jöfnunarsjóðurinn fimmtung 8% innflutningssöluskattsins fram til 1. maí, þá er gert ráð fyrir, að tollskráin gangi í gildi, en að öðru leyti er svo ákveðið með bráðabirgðaákvæði eða með ákvæði síðustu gr. tollskrárinnar, að til viðbótar skuli greiða í jöfnunarsjóð það, sem á vantar til þess að náist sú upphæð, sem fjárlög gera ráð fyrir, 104 millj. Varðandi framtíðina, þ. e. a. s. þá skipun, sem skuli taka gildi um næstu áramót og gilda framvegis, voru þrjár leiðir, sem til greina komu: í fyrsta lagi að hækka hluta sveitarfélaganna af smásöluskattinum, í öðru lagi að ákveða hverju sinni í fjárl., hversu stóran hluta jöfnunarsjóðurinn skyldi fá, og í þriðja lagi að ætla honum ákveðinn hundraðshluta af verðtollstekjum ríkissjóðs.

Þegar ég lagði tollskrárfrv. fyrir hv. Ed., gerði ég ýtarlega grein fyrir því, að þessar þrjár leiðir kæmu til greina og að á þessu þingi mundi verða lagt fram frv. til frambúðarlausnar á málinu. Niðurstaðan hefur orðið sú að velja síðastnefndu leiðina, þannig að ákveða vissa prósentu af verðtollstekjum. Ef miðað er við tekjur jöfnunarsjóðs af innflutningssöluskattinum árið 1962, þá reiknast hagstofunni svo til, að samsvarandi upphæð ætti að vera 4.3% af verðtollstekjunum, eins og þær mundu verða samkv. nýju tollskránni miðað við innflutninginn 1962. Rétt hefur þótt að hafa þennan hundraðshluta heldur ríflegri, og er því í þessu frv. gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður skuli hljóta 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs, eins og þær verða á hverjum tíma, sem komi í stað fimmtungsins af 8% innflutningssöluskattinum.

Ég vænti þess, að um þetta mál verði full samstaða í þessari hv. d., eins og var í Ed. Í Ed. var málið látið ganga áfram, án þess að því væri vísað til n., og geri ég ekki till. um, að því sé vísað til n. í þessari hv. d., legg til, að því sé vísað til 2. umr., og vænti þess, að það fái skjóta afgreiðslu og greiða í þessari d. eins og hinni efri.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í frv. þessu, sem hæstv. ráðh. var að mæla fyrir, er till. um, að 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skuli framvegis renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þessi till. er að heita má samhljóða till., sem við framsóknarmenn fluttum sem brtt. við tollskrárfrv. í báðum d. þings, en þá var ekki á fallizt. Till., sem ég bar fram um þetta, var felld hér í hv. d. í gær. Nú er það gott, að hæstv. stjórn hefur tekið till. upp. Hún ætti eiginlega að gera meira að því að taka upp till. okkar framsóknarmanna og bera þær fram til sigurs. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með þessu, eins og ég gerði í gær, og ég vænti þess, að hv. þm. stjórnarflokkanna greiði jafnfúslega atkv. með till. nú í dag eins og þeir greiddu fúslega atkv. gegn henni á fundinum í gær.

Annars er ýmislegt skrýtið, sem gerist, eins og stundum er, nú á síðustu dögum þingsins. Hér eru á dagskránni efst tvö stjfrv., bæði um breyt. á sömu lögunum. Hefði verið meiri tími til umsvifa, hefði farið betur að sameina þetta í eitt, en ég geri ekki neina till. um það, eins og nú er ástatt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm., að þessi tvö frv. séu stjfrv. Annað er stjfrv., það sem ég mælti fyrir, hitt er ekki flutt af ríkisstj., heldur n. í Ed.

Varðandi þessi 5% í jöfnunarsjóð af verð-

tollstekjum, þá er það líka alger misskilningur hjá hv. þm., að slíkt ákvæði eigi heima í sjálfri tollskránni, því þó að nauðsynlegt væri að setja í tollskrána bráðabirgðaákvæði varðandi þetta ár, sem nú stendur yfir, þá er það með öllu óeðlilegt, að í tollskrárl. sjálfum sé verið að ráðstafa hluta af verðtollstekjum ríkisins til frambúðar. Þess vegna var auðvitað ljóst, að þetta þurfti að koma sem breyt. á l. um jöfnunarsjóð, eins og ég gerði ráð fyrir strax, þegar málið var lagt fyrir, svo að ég held, að þessi hv. þm. geti ekki helgað sér neinn eignarrétt að þessu né höfundarrétt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Það var rétt aths. hæstv. ráðh. um það, sem ég sagði um þessi 2 frv., sem bæði eru um sama efni. Það var misminni hjá mér, að þau væru bæði flutt af stjórninni, annað er flutt af nefnd. Hins vegar breytir það engu um það, að það hefði verið eðlilegra, þar sem meiningin er að samþykkja þau bæði, að hv. d. hefði fært þetta saman í eitt frv., en til þess mun nú ekki gefast tími héðan af.

En ég vil þá um leið gera aths. við annað, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann sagði, að það væri ekki viðeigandi að hafa ákvæði í tollskrárl. um ráðstafanir á tekjum samkv. tollskránni. En þetta er einmitt í tollskránni, frv. eins og það nú er. Það er í 40. gr. þess. Þar eru ákvæði um tollstöðvagjald og byggingarsjóðsgjald og ákvæði um, að það skuli greiða þessi gjöld af tolltekjum og til þeirra sjóða, sem eiga að fá þau. Það var því ekki hægt fyrir hæstv. ráðh. að mótmæla till. okkar framsóknarmanna um að verja 5% af tolltekjunum til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þeim grundvelli, að það væri óviðeigandi að hafa slíkt ákvæði í tollskrárl. Hliðstæð ákvæði eru nú þegar í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 720).

---

48. Fasteignamat.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um fasteignamat og fasteignaskráningu [242. mál] (stjfrv., A. 564).

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Gildandi lög um fasteignamat eru frá 1945. Með þeim var svo kveðið á, að fasteignamat, þ. e. a. s. aðalmat, skyldi fram fara 25. hvert ár, og skyldi miða að því, að næsta aðalmat taki gildi 1. janúar 1965. Matið skal framkvæmt af yfirfasteignamatsnefnd, sem skipuð er þrem mönnum, og nær starfssvið hennar yfir landið allt, en auk þess skyldi vera þriggja manna fasteignamatsnefnd í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

Þegar yfirfasteignamatsnefnd fór að undirbúa næsta mat og endurskoða reglur og þau sjónarmið, sem þar skyldi við hafa, þótti henni sýnt, að rétt væri og nauðsynlegt að breyta ýmsum ákvæðum gildandi laga um fasteignamat. Niðurstaðan varð sú, að samið var nýtt frv. til l. um fasteignamat og fasteignaskráningu, það, sem hér liggur fyrir. Í yfirfasteignamatsnefnd eiga sæti Ármann Snævarr prófessor og háskólarektor, sem er formaður, Jón Pálmason og Torfi Ásgeirsson. Þeir hafa samið þetta frv., og er í grg. þess skýrt mjög ýtarlega, í hverju breytingarnar eru fólgnar.

Á bls. 6—7 í frv. eru dregnar saman í 15 liðum þær helztu breytingar, sem er um að ræða. Ég get því farið hér fljótt yfir sögu, skal aðeins taka það fram, að í stað þess, að eftir gildandi lögum skal aðalmat fara fram 25. hvert ár, er gert ráð fyrir í þessu frv., að það fari fram 15. hvert ár, og þykir ekki fært að láta lengri tíma líða þar í milli. Þá er það nýmæli m. a., að fasteignamatsnefndir skulu einnig framkvæma aukamöt þau, sem fram eiga að fara milli aðalmata, en nú eru það úttektarmenn og sérstakir millimatsmenn, sem framkvæma þau aukamöt. Fasteignamatsnefndin telur, að þar sem matsmenn fasteignamatsnefnda hafi hlotið mikla reynslu af störfum við aðalmatið, tryggi það meiri festu og samræmi í fasteignamötum milli aðalmata, ef þeirri n. væri einnig falið þetta verkefni. Ég vil taka það fram, að einn nm., Jón Pálmason, telur rétt að halda heldur þeirri skipan, sem nú er, að úttektarmenn framkvæmi þessi millimöt, eða a. m. k. sé því haldið í sveitum.

Ég vil svo benda á ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðar svo:

„Áður en nýtt aðalmat fasteigna samkv. lögum þessum gengur í gildi, skal fram fara endurskoðun á gildandi ákvæðum l., sem fasteignamat hefur áhrif á, og miðist endurskoðunin við, að skattar á fasteignum hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins."

Eins og kunnugt er, miðast ýmis gjöld við fasteignamat, og þó að svo kynni að fara, að einhver breyting yrði á fasteignamati við þetta næsta aðalmat, er að sjálfsögðu ekki ætlunin, að þau gjöld, sem við fasteignamat eru miðuð, hækki af sjálfu sér við hið nýja mat, heldur að endurskoðun fari fram á öllum slíkum ákvæðum, áður en nýja matið tekur gildi.

Ég vil að öðru leyti vísa til hinnar ýtarlegu grg. með frv. og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og væntanlega allshn. Mér skilst, að það geti verið um tvær n. að ræða, fjhn. eða allshn., líklega hafa þessi mál oftar verið í allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 671, 672).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, eftir því sem tök hafa verið á, en frv. var mjög seint fram komið og þess vegna hefur ekki gefizt kostur á að athuga það sem skyldi. Aftur á móti er lögð á það áherzla af yfirfasteignamatsnefndinni, að frv. fáist afgr. á þessu þingi, með hliðsjón af því, að n. telur, að nauðsynlegt sé að fastmóta þá starfshætti, sem hún telur þörf að hafa í sambandi við matið, en mjög vanti á í núgildandi löggjöf að séu nægilega skýrt markaðir, auk þess sem í núgildandi l. séu ýmis atriði, sem beinlínis eigi ekki við lengur og sé því þörf á að breyta.

Enda þótt allshn. hefði talið, að æskilegt hefði verið að hafa þetta frv. lengur til athugunar, hefur n. samt orðið sammála um að leggja til, að málið yrði afgreitt, ekki hvað sízt með hliðsjón af því, að frv. er undirbúið af yfirfasteignamatsnefndinni sjálfri, og má því ætla, að þar sé um þá sérþekkingu að ræða, sem nauðsynleg er til þess að marka þá stefnu, sem eðlilegt er að fylgja við grundvöll matsins. Engu að síður eru alltaf viss atriði í löggjöf sem þessari, sem geta orkað tvímælis, og allshn. hefur við athugun málsins talið nauðsynlegt að leggja til, að á því verði gerðar vissar breytingar, sem að vísu eru ekki stórvægilegar, en þó sumar hverjar þess eðlis, að þær breyta nokkuð um efni málsins. Skal ég víkja aðeins örfáum orðum að þessum brtt., sem eru fluttar á sérstöku þskj., nr. 672.

Fyrsta brtt., við 8. gr. frv., er eingöngu orðalagsbreyt. til þess að taka af vafa um það, hvað átt er við í gr., en breytir ekki efnisniðurstöðu.

11. gr. frv. felur í sér allverulegar breyt. frá þeim reglum, sem nú gilda um mat fasteigna. Þar er gert ráð fyrir, eins og greinin er í frv., að undanþegnar fasteignamati séu tilteknar opinberar eignir. Að vísu geta þar einnig verið til einkaeignir eða félagseignir, svo sem dæmi eru til um sjúkrahús, barnaheimili og elliheimili og raunar einnig kirkjur, en eins og gr. er í frv., er hún í samræmi við ákvæði um það, hvaða eignir séu undanskildar fasteignaskatti. Allshn. gat ekki fallizt algerlega á það sjónarmið, sem þarna kemur fram, og taldi eðlilegt, að yfirleitt allar húseignir væru metnar til fasteignamats, enda þótt ekki væru greidd af þeim fasteignagjöld, auk þess sem í ýmsum sérlögum eru ákvæði, þar sem er einmitt miðað við fasteignamat eigna í sveitarfélögum, og þess vegna raunverulega nauðsynlegt að hafa slíkar eignir metnar. N. leggur því til í sinni brtt., að þessari grein frv. verði breytt á þann veg, að allar húseignir verði metnar, þ. e. a. s. kirkjur, skólahús, vitar, sjúkrahús, elliheimili, barnaheimili og þinghús, en telur hins vegar ástæðulaust að vera að meta almenn þjónustufyrirtæki, sem raunverulega að dómi yfirfasteignamatsnefndarinnar eða formanns hennar, sem allshn. ræddi við, er illgerlegt eða næsta ógerlegt að meta eftir hinum venjulegu reglum, sem gert er ráð fyrir að fylgt sé. Er því lagt til af hálfu allshn., að auk þess sem vegir og torg og almenningsgarðar séu ekki metnir, þá verði ekki heldur metin almenn þjónustutæki, svo sem rafveitur, vatnsveitur, skolpveitur og hafnargerðir. En í reynd munu þessi fyrirtæki ekki hafa verið metin, þannig að hér er ekki um efnislega breytingu að ræða frá því, sem framkvæmt hefur verið um fasteignamatið.

Brtt. við 20. gr. er einnig formlegs eðlis og felur ekki í sér neina efnisbreytingu, en n. telur, að hún sé heppilegar orðuð á þann veg, sem hún leggur til.

4. brtt. er einnig ekki bein efnisbreyting, heldur orðalagsbreyting, sem n. telur að betur fari, eins og hún leggur til, að sú mgr. hljóði.

Aftur á móti er 22. gr. frv., eins og hún hljóðar í frv., þess efnis, að gert er ráð fyrir, að fasteignamatsnefndir allar starfi áfram. Í yfirfasteignamatsnefndinni var ágreiningur um það efni, svo sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir, þegar hann lagði frv. hér fyrir, og það er niðurstaða allshn. að leggja til, að þessari gr. verði breytt á þann veg, að hin fyrri regla gildi áfram, að það séu úttektarmenn hver í sínum hreppi, sem annist þessi störf, eins og verið hefur. Úttektarmenn þurfa hvort sem er að vera til eftir sem áður, og þar sem þeir eru ekki til staðar, þá verði tilnefndir menn á þann sama hátt sem gert hefur verið.

Það má auðvitað færa rök fyrir því, að það sé heppilegt að hafa n. starfandi áfram með hliðsjón af því, að það geti gætt meira samræmis í því mati. En hins vegar er því ekki að leyna, að það er nokkurn veginn öruggt, að af því mun leiða verulega aukinn kostnað, enda er gert ráð fyrir því í grg. frv., að svo kunni að vera, og enn fremur minnkar það þörfina á því að hafa þessar nefndir, að nú er gert ráð fyrir því, að yfirfasteignamatsnefnd sé permanent stofnun, þannig að hún starfar áfram og á þá að geta séð um það að gefa út

þær reglur, sem hægt er að hafa til hliðsjónar, þannig að mikið misræmi verði ekki í mati á hinum einstöku stöðum. Það er því niðurstaðan að leggja til, að sú skipan verði á þeim málum, sem verið hefur.

B-liður 5. brtt. er fluttur eftir ósk yfirfasteignamatsnefndarinnar, sem er nauðsynlegt ákvæði vegna þess, að fasteignamatið mun standa yfir í alllangan tíma, og talið, að það muni ekki taka gildi fyrr en kannske eftir 3—4 ár.

Í frv. er gert ráð fyrir, að yfirfasteignamatsnefnd leggi úrskurð á kærur út af mati, en það þykir óeðlilegt, að það komi til framkvæmda fyrr en aðalmatið hefur verið framkvæmt, og gildir sú skipan þangað til, sem verið hefur, og er hér því raunverulega aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða.

Svo sem kemur fram í nál. allshn., hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða styðja frekari brtt., sem fram kunna að koma, en það er hins vegar skoðun n., að eftir atvikum sé hægt að fallast á að samþykkja frv. með þeim breytingum, sem n. hér sameiginlega leggur til að á því verði gerðar, enda þótt það skuli tekið fram, að það kunni að vera ýmis önnur atriði, sem einstakir nm. hefðu haft áhuga á að hafa á annan veg. En flest þeirra atriða eru þannig, að þau hafa ekki mikla efnislega þýðingu, og miðað við þann skamma tíma, sem til umráða var, þótti ekki ástæða til þess að hreyfa frekari breytingum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir það, hversu vel hún hefur orðið við tilmælum um að afgreiða þetta mál. Ég veit, að æskilegt hefði verið, að lengri tími hefði gefizt til meðferðar í Alþingi á þessu máli, en eins og hv. frsm. tók fram, hefur verið lögð á það mikil áherzla af yfirfasteignamatsnefnd, sem samdi þetta frv., að það næði afgreiðslu nú á þessu þingi, og eru aðalrökin þau, að þar sem vinna við fasteignamatið er að hefjast, sé nauðsynlegt að hafa þegar í upphafi mótaðar þær meginreglur, sem matið á að fara eftir og byggjast á.

Af þeim brtt., sem hv. allshn. leggur fram, er það 5. brtt. a, sem aðalmáli skiptir. Það er um framkvæmd matsgerða milli aðalmatanna. Nú er sú skipun á þessum málum, að milli aðalmatanna framkvæma úttektarmenn í hreppum þessi aukamöt, en í kauptúnum og kaupstöðum framkvæma þau tveir menn, og tilnefnir fjmrh. annan, en hinn er kosinn af bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Þessi ákvæði eru í 2. gr. l. frá 1945, um fasteignamat.

Eins og ég gat um, þegar ég lagði frv. fram, var nokkur ágreiningur í yfirfasteignamatsnefndinni um það, hvernig ætti að haga þessum málum framvegis. Einn nm., Jón Pálmason, lagði til, að hin eldri skipan yrði óbreytt, en meiri hl. n. taldi æskilegri þá skipan, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., í 22. gr., en sú skipan er í stuttu máli á þá leið, að fasteignamatsnefndirnar, sem framkvæma aðalmötin, skuli einnig framkvæma aukamötin og starfa því einnig milli aðalmata. Meiri hl. yfirfasteignamatsnefndar taldi, að þótt nokkur kostnaðarauki kynni að verða af þessari breytingu, þá mætti vænta fyllra samræmis í matsstörfum, ef sú nefnd fjallaði um aukamötin, sem einnig fjallar um aðalmötin, og kæmi þannig meiri festa og samræmi í heild sinni á þessi mál.

Hv. allshn. hefur talið réttara að halda því skipulagi, sem nú er, og færir fyrir því að sjálfsögðu, eins og fram kom í ræðu hv. frsm., full rök. Ég vil aðeins varpa því fram hér, að mér sýnist, að til mála hefði getað komið sú leið, að í hreppum framkvæmdu úttektarmenn aukamötin, en hins vegar í kaupstöðum og kauptúnum störfuðu fasteignamatsnefndirnar einnig milli aðalmata í stað þess að kjósa sérstakar millimatsnefndir. En hins vegar vil ég ekki gera á þessu stigi neina till. um það og tel, eins og málin liggja fyrir, rétt að mæla með samþykkt brtt. hv. allshn., sem felur það í sér að halda þeirri skipan, sem nú er.

Það er ósk mín nú, eins og ég tók fram við 1. umr., að málið fái afgreiðslu á þessu þingi, og vænti ég þess, að hv. d. fallist á að afgreiða það nú í dag út úr þessari d. með þeim breyt., sem allshn. gerir á frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 672,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 672,2 (ný 11. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
12.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 672,3 (ný 20. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 672,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 672,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
23.—28. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 687).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég var ekki við áðan, þegar 1. umr. um þetta mál fór fram, en ég sé, að því hefur ekki verið vísað til n. Hér er um talsvert mikinn lagabálk að ræða, og mér finnst óeðlilegt að afgreiða það þannig og vil því gera að till. minni, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til allshn. með 20:3 atkv. og til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um fasteignamat og fasteignaskráningu, og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. í því formi, sem það kom frá Ed., en þar voru gerðar á því nokkrar breytingar. N. hefur að vísu haft nokkuð nauman tíma til athugunar á frv., en þó nægilega langan til þess, að nm. hafa myndað sér skoðun um, að rétt væri að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, og þær breyt. og nýmæli, sem í frv. felast, væru eðlilegar og sumar jafnvel nauðsynlegar. Annars er þeim breyt. og nýmælum, sem í frv. felast miðað við gildandi lög, lýst á bls. 6—7 í aths. með frv., og skírskota ég til þeirra. — Eins og ég áður sagði, mælir allshn. einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt í því formi, sem það kom frá Ed.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á, að mér finnst allt stefna að því, að afgreiðsla þessa máls verði með nokkuð óvenjulegum hætti. Það er talað um, að það sé nú til 3. umr. Það hefur engin atkvgr. um málið farið fram við 2. umr. Samkv. þingsköpum á þá að bera upp einstakar greinar frv. Þetta hefur enn ekki verið gert. Mér sýnist, að þetta geti ekki verið lögleg meðferð á málinu. Ég vil skjóta því til hæstv. forseta.

Forseti (JóhH): Ég þakka fyrir þessar ábendingar, og það er rétt, að það eru nokkur afbrigði á þessu máli. En lífið tekur stundum fram fyrir bókstafinn, og með því að svo er, þá mun ég bera upp hinar einstöku greinar þessa frv. nú við 3. umr., enda þótt það sé ekki venja. En þá verður fullnægt efnislega því ákvæði þingskapa, að hver grein fyrir sig hafi verið borin upp.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 722).

---

49. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyt. á þeim lögum [243. mál] (stjfrv., A. 610).

Á 69. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á framkvæmd gildandi laga um skemmtanaskatt. Undan því hefur mjög verið kvartað, að skemmtanaskatt skal greiða af samkomum ýmissa félaga og félagssamtaka, ef þar fer fram einhver dans. Hefur þetta verið til trafala starfsemi ýmissa félaga, sem hafa viljað nota tekjuafgang af rekstri slíkra skemmtana til eflingar menningarstarfsemi sinni. Þá hafa leikfélög hér í Reykjavík og víðs vegar úti um land einnig kvartað undan því, að greiða hefur þurft skemmtanaskatt af aðgangseyri að leiksýningum. Og sömuleiðis hafa þeir, sem hljómleika hafa haldið, borið sig illa undan því að þurfa að greiða skemmtanaskatt af aðgangseyri að slíkum hljómleikum. Þá hafa af hálfu hins unga íslenzka kvikmyndaiðnaðar einnig verið uppi óskir um að létta greiðslu skemmtanaskatts af sýningu íslenzkra kvikmynda.
Ríkisstj. hefur talið rétt að ganga til móts við þessar óskir, sem á undanförnum árum hafa orðið æ háværari. En ef það er gert, mundi það þýða nokkra lækkun á skemmtanaskatti. Hins vegar eru þeir aðilar, sem njóta tekna af skemmtanaskatti, mjög fjárþurfi, en hann skiptist, sem kunnugt er, til helminga milli félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhúss, en 10% álag á skemmtanaskatt gengur til rekstrar sinfóníuhljómsveitar. Sérstaklega þarfnast félagsheimilasjóður mjög aukinna tekna til þess að geta styrkt byggingu félagsheimila víðs vegar um landið, eins og gert er ráð fyrir í lögum um félagsheimilasjóð.

Ef gera á hvort tveggja, annars vegar að sniða þá annmarka af skemmtanaskattheimtunni, sem ég gat um áðan, þ. e. a. s. að undanþiggja þær tegundir skemmtana, sem ég nefndi, skemmtanaskatti, en hins vegar auka tekjur félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhúss, er einsætt, að nauðsynlegt er að finna nýjan skattstofn, þ. e. auka skemmtanaskattinn með einhverjum hætti. Hefur verið á það bent, að mikið misræmi hafi undanfarin ár verið í innheimtu skemmtanaskatts að því leyti, að heimtur hefur verið skemmtanaskattur af inngangseyri að dansleikjum, þar sem vín hefur ekki verið haft um hönd, jafnvel á unglingaskemmtunum, en hins vegar hafa þeir, sem sækja þau skemmtihús hér í Reykjavík og annars staðar, sem hafa vínveitingaleyfi, engan skatt þurft að greiða, af því að ekki hefur verið seldur aðgangseyrir að þessum vínveitingahúsum. Þannig hafa starfað svo að segja hlið við hlið hér í Reykjavík hús, sem annast vínsölu og láta dansa, en einskis aðgangseyris krefjast af þeim, sem húsin sækja, þannig að þar er ekki um neina skemmtanaskattheimtu að ræða, en á hinn bóginn hafa starfað hús, sem verða að krefjast aðgangseyris að sínum dansleikjum, af því að þar er ekki um vínveitingaleyfi að ræða, og þá hefur orðið að greiða skemmtanaskatt af aðgöngumiðum að þessum dansleikjum. Þetta er misrétti, sem mjög æskilegt er að bæta úr. Þess vegna hafa verið uppi þær hugmyndir, að þeir, sem reka vínveitingahús, krefjist nokkurs aðgangseyris fyrir inngöngu í þau hús og sá aðgangseyrir skiptist síðan í skemmtanaskatt og almennan aðgangseyri að húsinu.

Það er lagt til í þessu frv., að þessi leið verði farin, og hefur það verið gert í samráði við samtök veitingamanna, og eru þær reglur, sem hér er gert ráð fyrir að teknar verði upp varðandi innheimtu aðgangseyris að vínveitingahúsum, settar í samráði við samtök veitingamanna. Er gert ráð fyrir, ef þetta frv. verður að lögum, að heimtur verði 15 kr. aðgangseyrir að vínveitingahúsum, þar sem er dansað. 10 kr. af þessum 15 kr. skulu vera skattur, skemmtanaskattur og menningarsjóðsgjald, en 5 kr. skulu renna til hússins sjálfs sem greiðsla á þeim kostnaði, sem þessi aðgöngumiðasala og almennt eftirlit hefur í för með sér.

Það er nokkrum erfiðleikum bundið að áætla, hversu mikil lækkun skemmtanaskatts muni hljótast af því, að frv. gerir ráð fyrir að undanþiggja skemmtanaskatti, eins og ég sagði áðan, klassíska hljómleika, leiksýningar, íslenzkar kvikmyndir og vínlausar danssamkomur. Þó hefur verið talið, að áætla mætti þessa lækkun skattsins um 1 millj. kr. Á hinn bóginn hefur verið áætlað, að skattaukinn vegna aðgangseyris að skemmtihúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, muni geta numið 4—5 millj. kr., þannig að nettóaukning skattsins, ef þetta frv. nær fram að ganga, mundi verða 3—4 millj. kr. Mundi þá félagsheimilasjóður og Þjóðleikhúsið fá í tekjuauka samkv. frv. 1½—2 millj. kr. hvort. Ætti þessi tekjuauki að stórbæta hag félagsheimilasjóðs og gera honum kleift í stórauknum mæli að sinna því mikilvæga verkefni, sem honum er falið. Enn fremur mundi þetta bæta mjög rekstraraðstöðu Þjóðleikhússins, sem um mörg undanfarin ár hefur barizt nokkuð í bökkum og verið rekið með halla umfram það, sem skemmtanaskattur hefur numið, en samþykkt þessa frv. mundi aftur koma rekstri Þjóðleikhússins í eðlilegt og heilbrigt horf, án þess að það þyrfti á beinum ríkisstyrkjum að halda.

Ég læt þetta nægja til skýringar á þessu frv. og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 610, n. 649, 664).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 664. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. á fundi, þó ekki haft ýkjalangan tíma til meðferðar þess, þar sem málið er mjög nýlega fram komið.

N. virðist, að þær nýju undanþágur frá skemmtanaskatti, sem veita á samkv. þessu frv., séu yfirleitt mjög til bóta. Því muni verða fagnað af vissum aðilum í menningarlífinu, að t. d. leiksýningar allar losni nú við að greiða þennan skatt, ýmsir tónleikar, og sérstaklega muni margvísleg félög, sem vilja gjarnan halda skemmtanir, bæði fyrir meðlimi sína og jafnvel til fjáröflunar, telja, að frv, sé mjög til bóta.

N. spurðist sérstaklega fyrir um, hvort það væri ekki alveg tryggt, að æskulýðsskemmtanir án vínveitinga, eins og þær sem reyndar hafa verið hér í Reykjavík nýlega og gefið hafa góða raun, væru undanþegnar skemmtanaskatti, og var n. tjáð, að ákvæði frv. mundu duga til þess.

Til þess að vega upp á móti tekjutapi, sem verður við þessar vaxandi undanþágur, sem teknar eru í 2. gr., og enn fremur til þess að afla nokkurra nýrra tekna með skemmtanaskatti, sem þá renna til félagsheimila og annarra þeirra málefna, sem fá skemmtanaskattinn, er bætt við nýjum flokki, sem verður 4 flokkur þessa skatts, og lagt gjald á vínveitingar í veitinga- og samkomuhúsum. Í sambandi við þetta atriði, sem er í 1. gr. frv., hafa orðið nokkrar umr. um það, hvert tímatakmark þessa nýja gjalds skuli vera. Í frv. er gert ráð fyrir, að það skuli koma til skjalanna fyrst kl. 6 að kvöldi, þ. e. klukkustundu áður en vínveitingar mega hefjast í þeim húsum, sem hafa leyfi til þeirra. Áður en n. fjallaði um frv., átti formaður sambands veitingamanna tal við

formann n. og lét í ljós það sjónarmið, að einhver misskilningur hefði orðið í samtölum um þetta ákvæði, því að málið hafði verið rætt við samtökin, og óskaði hann eftir því, að tímatakmarkinu kl. 6 yrði breytt í kl. 9. Hann færði fram þau rök, að framan af kvöldi væri matartími og nú orðið fjöldi manns, sem af ýmsum ástæðum, þ. á m. ferðamenn og aðrir, neytti máltíða í þessum húsum, án þess að þeir væru þangað komnir til þess að sækja dansskemmtun með vinveitingum. En höfuðtilgangur með þessum nýja skatti væri að ná til skemmtana, sem væru sambærilegar við þá dansleiki, sem áður hafa verið skemmtanaskattsskyldir. Um þetta var rætt við einn aðila, tollstjóra, og á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þar fengust, gerir n. till. um, að í staðinn fyrir kl. 6 komi kl. 8, farin millileið í þeirri von, að þeir gestir þessara veitingahúsa, sem raunverulega koma þangað fyrst og fremst til þess að neyta matar, verði þangað komnir inn fyrir þann tíma, en þeir, sem koma þangað eftir að kl. er orðin 8, munu koma til kvöldsetu, dansskemmtunar eða annars og séu því sá hópur manna, sem fyrst og fremst er ætlunin að láta greiða skemmtanaskatt.

Mér skilst, að nokkrar umr. hafi orðið við ýmsa aðila um þetta atriði síðan og að hæstv. menntmrh. muni e. t. v. hafa einhverjar aths. við þetta að gera, en svona leit málið út frá sjónarmiði menntmn., og hún gerir því aðeins till. á þskj. 649 um að breyta þessu tímamarki, en mælir í heild með frv., telur að þær breytingar, sem það gerir á skemmtanaskattinum, séu mjög til bóta, að framkvæmd hans ætti að verða í stórum atriðum mun þægilegri, réttlátari og betri en verið hefur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu frv.

Hv. frsm. n. gat þess, að n. hefði rætt það við mig í gær, hvort ákvæði frv. um, að heimilt yrði að undanþiggja unglingaskemmtanir skemmtanaskatti, væru alveg ótvíræð, en það kemur fram í grg., að það er tilgangurinn með flutningi frv. m. a., að unglingaskemmtanir verði ekki skemmtanaskattsskyldar. Ég svaraði n. því í gær þannig og gerði það með beztu samvizku, að ég teldi og embættismenn hefðu talið ákvæði frv. um þetta efni alveg ótvíræð og það þyrfti ekki að gera breyt. á frv. til að tryggja, að þetta yrði svo. Í morgun bað ég hins vegar embættismennina um að athuga þetta atriði nánar, og varð þá niðurstaða þeirra, að öruggara væri að hafa sjálfstætt ákvæði um það í l., ef samþykkt verða, að heimilt sé að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16—21 árs aldurs eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er ráðh. setur.

Í samræmi við þetta hef ég leyft mér að flytja brtt., sem nýlega hefur verið útbýtt, þessa efnis, sem ég nú hef getið, og vona, að þm. geti verið mér sammála um að samþykkja hana. Þetta var tilgangur og hefur alltaf verið tilgangur ríkisstj. með flutningi frv., að svona yrði þetta, og auðvitað sjálfsagt að hafa ákvæðin þannig, að um þetta geti engin deila orðið eftir á, að þessi heimild sé raunverulega fyrir hendi.

Á annað atriði vildi ég og minnast, sem hv. frsm. gat um í framsöguræðu sinni, og það er, frá hvaða tíma vinveitingahúsin skuli fara að innheimta þann aðgangseyri, sem gert er ráð fyrir að þau taki að innheimta, ef þetta frv. verður að lögum. Í frv. sjálfu var miðað við tímann kl. 6 að kvöldi, og var það gert samkv. till. tollstjóra. Síðar hefur verið á það bent af hálfu veitingamanna, eins og hv. frsm. tók fram í ræðu sinni, að vinveitingar byrja ekki í vínsöluhúsunum fyrr en kl. 7, en grundvöllur þeirrar skattlagningar, sem hér er gert ráð fyrir, er, að um vinveitingar í þessum skemmtihúsum sé að ræða. Ég tel fyrir mitt leyti þessa aths. veitingamanna vera réttmæta, að það sé óeðlilegt að láta gjaldskylduna koma til framkvæmda, áður en húsin hafa rétt til að selja áfengi, og því nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði. Hins vegar hafa í gær og dag farið fram umr. um það við veitingamenn, hvaða tími sé þarna æskilegastur. Að höfðu samráði við fulltrúa tollstjóra taldi hann í gær eðlilegast að flytja tímann aftur alveg til kl. 8. Í morgun hafa hins vegar embættismenn og tollstjóri sjálfur og fulltrúi lögreglustjórans, sá sem fjallar um eftirlit með þessum húsum, komið að máli við mig og lagt eindregið til, að tíminn yrði ekki fluttur aftur alveg til 8, heldur aðeins til 7, það sé sá eðlilegi tími við að miða, því að vinveitingaheimildin hefjist kl. 7 og það sé sá eðlilegi viðmiðunartími. Umr. standa hins vegar yfir um málið við veitingamennina, því að ég tel mjög æskilegt, að samstaða við þá geti fengizt um framkvæmd málsins. Þeim umr. er hins vegar ekki lokið, og ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. menntmn., að hún taki till. sína á þskj. 649 aftur til 3. umr. og haldið verði áfram umr. annars vegar við embættismennina og hins vegar við stjórn félags veitingamanna til að freista þess að fá samkomulag þessara aðila um það tímamark, sem eðlilegt þyki að miða skattheimtuna við.

Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. n., að hún taki till. aftur til 3. umr., og mun beita mér fyrir því, að viðræður haldi áfram í þeirri von, að samkomulag geti náðst um þá breytingu, sem nauðsynleg er, og það er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um viðmiðunina kl. 6 að kvöldi.

ATKVGR.
Brtt. 649 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 664 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 610, 649, 664, 680).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr., um leið og ég bar fram þá ósk við hv. menntmn., að hún tæki till. sína á þskj. 649 aftur til 3. umr., að fram hefðu farið og fram mundu fara viðræður við samtök veitingamanna um það ákvæði frv., á hvaða tíma kvölds skyldi hefja innheimtu þess gjalds, sem gert er ráð fyrir að vínveitingahús taki að innheimta, ef þetta frv. nær fram að ganga. Síðdegis í gær og í morgun hafa farið fram áframhaldandi umr. við fulltrúa veitingamanna um framkvæmd þessa atriðis.

Svo að ég rifji upp í örfáum orðum, hvað hér er um að ræða, þá er það ákvæði í frv., að umræddan 15 kr. inngangseyri að vínveitingastöðunum skuli byrja að innheimta kl. 6 að kvöldi. Samtök veitingamanna bentu á, að heimild til að hefja vínveitingar hæfist ekki fyrr en kl. 7 að kvöldi og þess vegna væri of snemmt að byrja að innheimta þetta gjald þegar kl. 6. Þess vegna var það, að hv. menntmn. bar fram þá brtt., að í stað „kl. 6" kæmi: kl. 8.

Á hinn bóginn bentu embættismenn, tollstjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík, á, að það væri of seint að hefja innheimtu gjaldsins kl. 8 á kvöldin, því að fjölmargir gestir væru komnir inn í húsið fyrir kl. 8 og sætu þar úr því allt kvöldið, þannig að að réttu lagi ættu þeir að greiða aðgangseyrinn, en mundu ekki greiða hann, ef ekki væri tekið innheimtugjaldið fyrr en kl. 9. Þess vegna var talsvert um það rætt síðdegis í gær og í morgun, hvort ekki væri rétt að hefja innheimtu gjaldsins kl. 7, þ. e. a. s. á sama tíma og réttur inn til vínveitinga hefst. Veitingamenn eru þó ekki alls kostar ánægðir með það og benda í því sambandi á, að milli 7 og 8 komi ýmsir gestir í þessi vínveitingahús, sem jafnframt eru matsölustaðir, til þess eins að njóta kvöldverðar, en sitji þar ekki fram yfir kl. 8 eða kl. 9, eftir að dans hefst, þannig að óeðlilegt sé að krefjast skemmtanaskatts af þessum gestum, sem einungis njóta kvöldverðar. Þeirra ósk er því sú helzt, að ekki verði byrjað að innheimta gjaldið fyrr en kl. 9, en teljast geta fallizt á, að byrjað verði að innheimta gjaldið kl. 8. Þó fallast fulltrúar veitingamanna á það sjónarmið lögreglustjóra og tollstjóra, að einkum á föstudögum og laugardögum sé mjög algengt, að gestir, sem koma á þessa staði til að vera þar allt kvöldið, m. a. til að dansa, komi þar fyrir kl. 8, hins vegar sé ekki algengt önnur kvöld vikunnar, að þeir, sem ætla að vera allt kvöldið á slíkum skemmtistað, komi þar fyrir kl. 8.

Niðurstaðan af viðræðum um þetta síðdegis í gær og í morgun var sú, — og um það eru embættismennirnir, tollstjóri og lögreglustjóri, og stjórn félags veitingamanna á einu máli, — að heppilegast sé að kveða ekki á um það í lögunum sjálfum, á hvaða tíma hefja skuli innheimtu þessa gjalds, heldur hafa hér hliðstæðan hátt á og nú er um opnunar- og lokunartíma þessara skemmtistaða, sem hlut eiga að máli, vínveitingahúsanna, en hann er ákveðinn í reglugerð. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. þess efnis við 1. gr., að fyrir orðin „eftir kl. 6 að kvöldi" komi: að kvöldi á þeim tíma, sem ákveðinn verður í reglugerð. — Eru þá sams konar ákvæði um það, hvenær vínveitingar megi hefjast, hvenær þessir skemmtistaðir skuli loka og frá hvaða tíma skuli krefjast aðgangseyris, skemmtanaskatts af þeim, sem þessa staði sækja. Hefur verið samkomulag um að láta fara fram nokkru nánari athugun á næstu dögum og sérstaklega um næstu helgi, hvenær menn byrji yfirleitt að sækja þessa skemmtistaði, vegna þess að allir eru sammála um, að eðlilegt sé að láta þá greiða þennan aðgangseyri, sem koma á skemmtistaðina og eru þar meginhluta kvöldsins. Hins vegar væri æskilegt að hlífa þeim við greiðslu þessa gjalds, sem eingöngu koma á þessa staði til að neyta kvöldverðar og hverfa af stöðunum aftur að kvöldverði loknum. Mundu ákvæði í reglugerð vera miðuð við þetta meginsjónarmið og leitazt við að ná um þau ákvæði samstöðu þeirra embættismanna, sem mest fjalla um þetta, tollstjóra og lögreglustjóra, og stjórnar samtaka veitingamanna, sem eiga og reka þau hús, sem hér eiga hlut að máli.

ATKVGR.
Brtt. 680 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 664 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 449 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 686).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 686, n. 702).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Núgildandi lög um skemmtanaskatt eru frá árinu 1927, en nokkur breyting var á þeim gerð á árinu 1957.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að þær breyt. verði gerðar á núgildandi

lögum um skemmtanaskatt annars vegar að undanþiggja skemmtanaskatti ýmsar tegundir af samkomum, sem þó eru skattskyldar, og hins vegar að taka upp nýja skattheimtu í þessum efnum.

Aðalbreytingar frá gildandi lagaákvæðum, sem þetta frv. hefur að geyma, eru þær í fyrsta lagi, að hvers konar klassískir tónleikar skulu vera undanþegnir skemmtanaskatti, í öðru lagi skulu allar leiksýningar án undantekningar vera undanþegnar skattinum, í þriðja lagi sýningar á íslenzkum kvikmyndum og í fjórða lagi dansskemmtanir félaga og annarra aðila, ef vín er ekki haft þar um hönd, en samkv. núgildandi l. hefur þurft að greiða skemmtanaskatt af hvers konar skemmtunum, ef einhver dans hefur farið þar fram. Þó nær undanþágan samkv. frv. ekki til stærstu dansskemmtihúsanna, sem halda að staðaldri dansskemmtanir í eigin nafni. Þá er í fimmta lagi það, að lagt er til, að tekinn sé sérstakur skemmtanaskattur af gestum vínveitingahúsa, en eins og nú er er enginn sérstakur skattur af þeim tekinn, sem sækja þessi vínveitingahús, ef ekki hefur verið seldur aðgangur að staðaldri. Lagt er til, að þessi skattur nemi 8 kr. á hvern þann, sem fær aðgang að húsinu eftir þann tíma að kveldi, sem ákveðinn verður nánar í reglugerð, og auk þess skuli innheimtar 2 kr. til viðbótar, sem renni í menningarsjóð, 10% álag á skemmtanaskatt samkv. l. frá 1927 er innifalið í gjaldinu, af hverjum þeim, sem sækir vínveitingastaðina eftir þann tíma, sem lög mæla fyrir að skuli ákveða. Þá er ráðh. heimilt samkv. frv. að láta haldast að einhverju eða öllu leyti þær undanþágur frá skemmtanaskatti, sem þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til ágóða fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði og fleiri aðila, svo sem nánar er upp talið í frv. Loks hefur ráðh. heimild til að undanþiggja skemmtanaskatti dansstaði, sem unglingar frá 16—21 árs aldurs eiga einir aðgang að, enda sé aðgangseyri stillt í hóf og öðrum skilyrðum fullnægt, sem ráðh. kveður nánar á um. Þá er ráðh. heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, þar sem fram fara minni háttar skemmtiatriði, enda sé ekki haft vín um hönd á þeim skemmtunum og þær ekki haldnar í danshúsum, sem eru yfir ákveðna stærð. Enn fremur eru skilyrði um það, hve oft í hverjum mánuði til jafnaðar slíkur dansstaður skuli hafa opnar dansskemmtanir, til þess að það verði talið danshús í þessu sambandi.

Það liggur í augum uppi, að það er mikill hagur fyrir ýmsa aðila að slíkum undanþágum frá skemmtanaskatti, ef lögfestar verða. Má þar nefna t. d. þá, sem að leiklistarstarfsemi standa víðs vegar um landið. Það ætti að geta orðið til mikils framdráttar fyrir alla leiklist í landinu, ef sýningar eru undanþegnar greiðslu skemmtanaskatts, og sama má segja um tónlistarstarfsemi, ef allir klassískir tónleikar eru undanþegnir skatti. Hins vegar nær undanþágan ekki til danshljómsveitar- eða dægurlagaskemmtana, þar sem fer fram djass- og dægurlagasöngur og tónlist.

Frv. hefur, eins og ég hef þegar greint, einnig að geyma undanþágur frá skemmtanaskatti fyrir sýningar á íslenzkum kvikmyndum, og má sama um kvikmyndaiðnaðinn segja og leiklistar- og tónlistarstarfsemi, að slík undanþága ætti að geta orðið honum til mikils framdráttar.

Auk þessarar starfsemi er, eins og við vitum, mikið af áhugamannafélögum, sem starfa að ýmsum líknar- og menningarmálum og gengur oft erfiðlega að afla fjár til sinnar starfsemi og grípa mjög mikið til þeirrar fjáröflunaraðferðar að halda skemmtanir af ýmsu tagi, og ættu undanþágur þær, sem í frv. felast, að geta orðið þeim allmikil fjárhagsleg stoð.

Eins og kunnugt er, rennur skemmtanaskatturinn að hálfu til Þjóðleikhússins og að hálfu til félagsheimilasjóðs. Það er samkv. grg. þeirri, sem frv. fylgir, nokkuð erfitt að áætla með nokkurri vissu, hvað undanþágurnar mundu nema miklu í lækkuðum tekjum af skemmtanaskattinum, og það er ekki heldur hægt að fullyrða með vissu, hvað hinn nýi skattur á gesti vínveitingastaðanna mundi gefa af sér. Í grg. með frv. er lauslega áætlað, að sá skattur muni skila 4—5 millj. kr. á ári, og það er líklegt, að hann muni gera meira en hrökkva fyrir þeirri lækkun, sem af nýjum undanþágum mundi leiða.

Þá er einnig að því vikið, að hin nýja skattheimta muni þrátt fyrir það, þó að á móti komi nýjar undanþágur, gefa menningarsjóði auknar tekjur frá því, sem nú er.

Menntmn. hefur athugað frv., og mælir hún einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm., hv. 5. þm. Reykn., var fjarstaddur, þegar málið var afgr. úr nefndinni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég tel, að það frv., sem hér er til umr., stefni tvímælalaust í rétta átt og að því sé mikil bót. Með því eru þeim aðilum, sem njóta skemmtanaskattsins, tryggðar verulega auknar tekjur. T. d. mun félagsheimilasjóður væntanlega fá 1½—2 millj. kr. í tekjuauka af þessum lögum á ári. Er sjóðnum að sjálfsögðu mjög mikill styrkur að þeim tekjuauka. En svo mikil og aðkallandi er þörfin í þessum efnum, að ég tel brýna nauðsyn vera til frekari aðgerða, eins fljótt og unnt er, til eflingar sjóðnum.

Síðan árið 1949 hefur hluti skemmtanaskatts runnið í félagsheimilasjóð, sem stofnaður var það ár til stuðnings við byggingu félagsheimila og samkomuhúsa um land allt. Fram til ársloka 1962 nam skemmtanaskattur samtals 74 millj. kr., þar af til félagsheimilasjóðs um 32 millj. kr. Tekjur sjóðsins af skemmtanaskatti árið 1962 hafa verið áætlaðar um 3.6 millj. kr. Frá því að félagsheimilasjóður tók til starfa, hefur hann veitt styrki til mikils fjölda samkomuhúsa og félagsheimila um land allt. Ég hef ekki nákvæmlega tölu félagsheimilanna, en ég hygg, að þau muni orðin

nær 100 talsins, sem nú er ýmist lokið við að byggja eða eru í byggingu og styrks hafa notið.

En mikið brestur á, að félagsheimilasjóður geti staðið undir lögbundnum greiðslum á þeim 40% stofnkostnaðar, sem honum hefur borið að greiða af byggingarkostnaði félagsheimilanna. Nemur nú áætluð krafa 77 félagsheimila til sjóðsins um 49.9 millj. kr. Þessar gífurlegu skuldir sjóðsins við félagsheimilin valda þeim aðilum, sem að þeim standa, að sjálfsögðu miklum erfiðleikum. Stendur getuleysi sjóðsins jafnframt eðlilegu og heilbrigðu félagslífi fólksins í mörgum byggðarlögum ákaflega fyrir þrifum. Til þess ber því að minu áliti brýna nauðsyn, að félagsheimilasjóði verði séð fyrir nýjum tekjustofnum, sem geri honum fært að gegna hlutverki sínu með eðlilegum hætti.

Félagsheimilin hafa stuðlað að stórbættum skilyrðum í félags- og menningarlífi fólksins um land allt. Þau hafa að sjálfsögðu orðið fyrir barði þeirrar óreglu og upplausnar, sem leiðir af vaxandi drykkjuskap, eins og önnur samkomuhús í landinu í þéttbýli sem strjálbýli. En það afsannar ekki nytsemi þeirra og þýðingu fyrir félags- og menningarlíf í sveit og við sjó. Þvert á móti hygg ég, að óhætt sé að fullyrða, að bætt húsakynni til samkomuhalds og félagsstarfsemi hafi átt ríkan þátt í því að skapa aukinn menningarbrag og halda aftur af siðleysi og uppvöðslu óaldarlýðs, sem alls staðar reynir að valda spjöllum og vandræðum. Þar að auki hafa félagsheimilin veitt almenningi úti um land tækifæri til þess að njóta beztu listamanna þjóðarinnar, bæði á sviði leiklistar og hljómlistar. Ég tel því, að óhjákvæmilegt sé, að látin verði fram fara frekari athugun á því, hvernig félagsheimilasjóði verði tryggðir nýir tekjustofnar, þannig að hann verði fær um að gegna hinu mikilvæga hlutverki sínu í þágu félags- og menningarlífs í landinu. Má hugsa sér til þess ýmsar leiðir, t. d. að allur kvikmyndahúsarekstur í landinu verði látinn greiða skemmtanaskatt, en eins og kunnugt er gilda nú víðtækar undanþágur frá greiðslu skattsins gagnvart kvikmyndahúsarekstrinum. Enn fremur kemur til greina að auka hluta félagsheimilasjóðs af skattinum og jafnvel hækka hann verulega. Árlegt framlag ríkissjóðs á fjárlögum tel ég einnig koma til greina. Fleiri nýjar leiðir til eflingar félagsheimilasjóði tel ég að mjög geti komið til athugunar.

Það er skoðun mín, að heilbrigt félagslíf fólksins sé svo þýðingarmikið atriði, ekki sízt fyrir æskuna, sem margvíslegir miður hollir straumar leika nú um, að eigi megi láta undan fallast að gera þær ráðstafanir, sem hér voru nefndar. Æskan er fjöregg þjóðarinnar. Hún verður að alast upp við sem þroskavænlegust skilyrði á heimilum sínum, í skólum og við félags- og skemmtanalíf. Fólkið í strjálbýlinu, sveitum og sjávarþorpum og kaupstöðum úti um land, hefur lengstum búið við erfið og ófullkomin skilyrði til félagslífs. Félagsheimilin, sem þegar eru risin, hafa stórbætt þau, en mikið og aðkallandi verk er óunnið á þessu sviði.

Ég vildi leyfa mér að láta þessar ábendingar koma fram við 2. umr. þess frv., sem hér liggur fyrir og ég tel að stefni í rétta átt. Ég vil jafnframt beina því til hæstv. menntmrh. að taka til athugunar þau atriði, sem ég nefndi hér og ég tel að athuga beri í sambandi við áframhaldandi viðleitni til þess að efla félagsheimilasjóð og þá merkilegu og þjóðnýtu starfsemi, sem hann stendur undir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í tilefni af ræðu hv. 10. landsk. þm. (SB), að ég lít ekki á samþykkt þessa frv. sem endanlega eða frambúðarafgreiðslu á fjárþörf félagsheimilasjóðs og raunar ekki Þjóðleikhússins heldur, sem er hinn aðilinn, sem skemmtanaskattsins nýtur. Ég er alveg sammála því, sem kom fram í ræðu hv. þm., að til þess beri hina brýnustu nauðsyn að efla fjárhag félagsheimilasjóðs og það meira að segja mjög verulega, því að hann gegnir, eins og hv. þm. tók fram, alveg sérstöku menningarhlutverki, bæði í bæ og byggð. En reynslan hefur sýnt, að þær tekjur, sem honum hefur verið séð fyrir, eru ekki nægilegar til þess, að sjóðurinn hafi getað gegnt hinu mikilvæga hlutverki sínu eins vel og æskilegt hefði verið. Þetta frv., sem hér er flutt, er að vísu mikil bót frá því, sem verið hefur, bæði að því er snertir félagsheimilasjóð og Þjóðleikhúsið, en ég vil að gefnu þessu tilefni taka fram, að ég tel málinu ekki lokið með þessu, og ég mun stuðla að því, að málinu verði haldið vakandi, og alveg í samræmi við þá skoðun, sem fram kom hjá hv. þm., að haldið verði áfram leit að frekari leiðum til þess að bæta hag félagsheimilasjóðsins og efla hann.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. til meðferðar milli umr., og ber hún fram við það brtt., og er það gert í samráði við hæstv. menntmrh. Brtt. er við 3. gr. frv., sem felur í sér heimild til að endurgreiða eða fella niður skemmtanaskatt af leiksýningum frá 1. jan. þessa árs að telja, en n. leggur til við 3. gr., að á eftir orðunum „á leiksýningum" komi: og sýningum á íslenzkum fræðslukvikmyndum.

Ég leyfi mér hér með að afhenda hæstv. forseta brtt. og vænti þess, að þm. í þessari hv. þd. geti á hana fallizt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 710) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 710 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 712).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. Ed. gerði eina mjög smávægilega breytingu á þessu frv. Hv. menntmn. Ed. lagði til samhljóða að breyta 3. gr. frv., svo sem nú skal greina. Eins og hv. Nd. samþykkti gr., hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:
„Ráðh. skal heimilt að endurgreiða eða fella niður skemmtanaskatt af leiksýningum frá 1. jan. 1963 að telja."
Hv. menntmn. Ed. lagði til, að inn í gr. yrði bætt heimild til þess að fella niður skemmtanaskatt af sýningu fræðslukvikmynda frá 1. jan. 1963, en endurgreiða áður innheimtan skatt af fræðslukvikmyndum, sem sýndar hafa verið eftir 1. jan. 1963. Nefndin í Ed. lagði þetta einróma til, og hv. Ed. samþykkti þessa breyt. á frv. einróma. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hið sama gerist í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 732).

---

50. Búnaðarmálasjóður.

Á 8. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs [58. mál] (þmfrv., A. 58).

Á 10. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 58 er flutt af landbn. þessarar hv. deildar, en nefndinni hafði borizt ósk um flutning frv. frá byggingarnefnd Bændahallarinnar og stjórn Búnaðarfélags Íslands, og þótti n. sjálfsagt að verða við óskum þessara aðila um flutning málsins hér í þinginu, en hefur að sjálfsögðu óbundnar hendur í afstöðu sinni til málsins.
Með lögum nr. 38 frá árinu 1945 var búnaðarmálasjóður stofnaður. Skv. þeim l. var bændum gert að greiða til búnaðarmálasjóðs 1/2% af því verði, sem þeim er greitt á hverjum tíma fyrir nær allar framleiðsluvörur landbúnaðarins. Og í 1. gr. laganna segir, að verja skuli fé sjóðsins til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar, eftir því sem búnaðarþing ákvarðar og landbrh. samþykkir. Árið 1959 var svo samþ. hér á hv. Alþingi ákvæði til bráðabirgða við lögin um búnaðarmálasjóð, og átti ákvæði þetta að gilda til 4 ára, og með því var bændum gert að greiða 1/2% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins og skyldi viðbótargjald þetta renna til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til þess að reisa hina svonefndu Bændahöll, stórhýsi það, sem nú er risið hér við Hagatorg í Reykjavík.
Um s. l. áramót hafði búnaðarmálasjóður greitt til Bændahallarinnar 8 millj. 260 þús. kr., en á sama tíma höfðu bændur greitt til búnaðarmálasjóðs 29 millj. 330 þús. kr. eða rösklega það. Ákvæði þetta um 1/2% viðbótargjaldið féll úr gildi í árslok 1961, en byggingarnefnd Bændahallarinnar og stjórn Búnaðarfélags Íslands telja, að byggingin geti ekki næstu 4 árin misst af þeim tekjum, sem gjald þetta gefur, og því er fram komin ósk þessara aðila um það, að bráðabirgðaákvæði búnaðarmálasjóðslaganna verði framlengt um 4 ára skeið, eða til ársloka 1965, og er það, eins og hv. þm. sjá, efni þessa frv., sem hér er til umr.
Það er nú sýnt, að allur kostnaður við byggingu og búnað Bændahallarinnar mun ekki verða undir 100 millj. kr., og þegar það er haft í huga, að 70% af þessum kostnaði er lánsfé, má öllum það ljóst vera, að byggingunni mun ekki veita af þeim tekjum, sem 1/2% viðbótargjaldið gefur næstu 4 árin. Og mun efalaust ýmsum sýnast, að það megi gott heita, ef ekki þarf að framlengja gjaldið að þeim tíma liðnum. En þess er að vænta, að þessi glæsilega bygging gefi það ríkulegar tekjur, að til þess þurfi ekki að koma.
Eins og ég sagði, höfum við í landbn. óbundnar hendur í afstöðu okkar til þessa frv., en ég fyrir mitt leyti get sagt það, að ég sé ekki, að hv. Alþ. komist hjá því að framlengja þetta viðbótargjald, enda mun það vera í samræmi við óskir bændastéttarinnar, a. m. k. meiri hluta hennar, því að fulltrúar hennar bæði á búnaðarþingi og stéttarsambandsfundum hafa samþykkt að óska eftir því, að gjald þetta verði framlengt.
Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Jón Pálmason: Hæstv. forseti. Ég bjóst nú við því, að hér mundi tala einhver frsm. fyrir hv. landbn. En úr því að það er ekki, þykir mér ástæða til að segja um þetta mál fáein orð. Og satt að segja furðar mig á því, að hv. landbn. þessarar d. skuli flytja frv. um það að framlengja þennan milljónaskatt á bænda-

stétt landsins, sem búinn er að vera í gildi í 4 ár og í upphafi var gert ráð fyrir að ekki mundi verða framlengdur.

Á þinginu 1958 var hér talsvert hörð barátta í þessari hv. d. um afgreiðslu þessa gjalds, og á því þingi var ég algerlega andvígur því að samþykkja þennan milljónaskatt. Á sama hátt barðist hæstv. núv. landbrh. algerlega gegn þessu máli, og sýndum við sameiginlega með glöggum rökum, hvílíkt öfgamál hér væri á ferðinni. Nú var það svo, að á því þingi var af flm. málsins gert ráð fyrir því, að þetta stóra hús, sem sennilega er stærsta hús, sem byggt hefur verið hér á landi, mundi kosta 25—30 millj. kr., og ef svo hefði verið, þá var náttúrlega fyrir sig, að í þetta væri ráðizt. En ég og hv. þáv. 1. þm. Rang., núv. hæstv. landbrh., sýndum fram á, að þetta næði ekki nokkurri átt, því að húsið mundi verða miklum mun dýrara en þessu næmi. Og nú er það að koma í ljós, að það munar ekki neinum smáum upphæðum á þessari húsbyggingu, því að eftir fregnum, sem ég hef af því, er það orðið alveg víst, að kostnaðurinn við þessa húsbyggingu fer á annað hundrað millj., og má mikið vera, ef fer ekki svo, um það er lýkur, að það verði 100 millj. kr. hærri kostnaðurinn við þessa byggingu en 25 millj., sem var áætlað að kosta mundi í byrjun. Og það er rosalegasta áætlunarhækkun, sem maður hefur heyrt getið um.

Á þinginu 1958 flutti ég sem minni hl. landbn. dagskrártill. um það að vísa þessu máli frá og vék að því m. a., sem ég rakti ræðilega í umr., að það væru mörg önnur mál, sem bændastéttinni riði meira á að fá fram, heldur en hótelbygging hér í Reykjavík, sem ég taldi að væri eitt þeirra mála, sem sveitamennirnir ættu einna sízt að skipta sér af. Ég vék m. a. að því, hvað mikið er eftir af vega- og brúargerðum til þess að fullnægja þörfinni í okkar dreifðu sveitum, og ég vék að því, hvernig ástatt væri um rafmagnsmálin, sem eru eitt mesta áhugamál almennings í sveitum landsins, og svo er um margt fleira. Ég sýndi fram á það og færði að því nokkuð sterk rök, að í mínum landsfjórðungi, Norðlendingafjórðungi, væri það nokkurn veginn áreiðanlegt, að þar væri meiri hl. bændanna á móti þessum skatti.

Hæstv. núv. landbrh. flutti tvær brtt. við frv. á því þingi, aðra um það, að þetta skyldi borið undir atkv. allra bænda í öllum búnaðarfélögum landsins til þess að fá sannað, hvort meiri hl. bændanna væri með þessu eða hve mikill hluti bænda vildi fallast á þetta. Þessi till. var stráfelld af þeim, sem börðust fyrir þessu máli. Aðra till. flutti hæstv. núv. landbrh. á þessu þingi, og hún var á þá leið, að ef þessi skattur yrði á lagður, þá skyldi hann ganga inn í verðlagið, svo að hann félli á þjóðina alla. Þetta var einnig fellt og frv. samþ. eins og það lá fyrir, sem er 1/2% gjald á allar söluvörur landbúnaðarins.

Nú hef ég að vísu ekki upplýsingar um það, hve mikið búið er að leggja í þetta hótel í gegnum þetta skattgjald, en það er áreiðanlegt, að eins og nú er komið með allri þeirri verðhækkun, sem orðið hefur, þá verður þetta skattgjald miklu hærra en það hefur þó verið á undanförnum árum, og má gera ráð fyrir, að þetta verði 4—5 millj. kr. á ári og getur orðið náttúrlega hækkandi, eftir því sem lengra líður.

Nú er það svo, að þetta hús er það langt komið, búið að byggja það svo mikið, að það má gera ráð fyrir, að það sé sjálfsagt, að það verði að ljúka við það. En þeir mörgu menn, sem barizt hafa fyrir þessu og stutt að því, og þær félagsstofnanir, sem þar standa að, ættu að hafa svo mikið áhrifavald, að þær ættu að geta komið því til leiðar, að þessu væri lokið með lánsfé, því að það er auðvitað eina rétta leiðin, að þessu húsi, að svo miklu leyti sem vantar fé í það, sé lokið með lánsfé. Kæmi þá alveg greinilega fram á næstu árum, hve mikil stoð er í þeirri höfuðróksemd forustumanna þessa máls, búnaðarþingsmanna og annarra, að þetta geti verið gróðafyrirtæki fyrir Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, að stofna þetta hótel og reka það. En mér finnst, að ef hv. Alþingi ætti nú að fara að framlengja þennan milljónaskatt á bændastéttina, þá bendi það til þess, að þeir, sem fyrir byggingunni standa og ætla að reka hana, séu fyrir fram að gefa yfirlýsingu um, að það þurfi að fá peninga til þess að standa undir rekstrarhallanum á þessari starfsemi, og það sé þess vegna algerlega öfugt við það, sem þeir hafa áður haldið fram, bæði í einkaviðræðum og opinberlega, að til þessa væri stofnað til þess að gera að gróðafyrirtæki fyrir þær stofnanir, sem hér eiga hlut að máli.

Nú er annars að geta einmitt í þessu sambandi. Og það er það mál, sem hér lá fyrir og var harðvítugt deilumál á síðasta þingi og fjallaði um það að koma á réttan kjöl aðallánastofnunum landbúnaðarins, ræktunarsjóði og byggingarsjóði. Þeir sjóðir voru komnir í það ástand, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við, að það vantaði stóra upphæð til, að þeir ættu fyrir skuldum. Og þó var sá reikningur miðaður við það, að öll útistandandi lán þessara lánastofnana mundu innheimtast. En þó að við höfum nú verið nokkuð bjartsýnir í því efni og séum það að vísu enn, þá er það með þessar stóru lánastofnanir eins og margar fleiri, að það er næsta lítil von til þess, að það verði ekki eitthvað af lánunum, sem ekki innheimtist.

Nú var um tvennt að velja fyrir bændastétt landsins, þegar svona var komið. Annaðhvort var að leggja eitthvað af mörkum til að fá enn meira af ríkisins hálfu til að leiðrétta ástand þessara stofnana og koma þeim í starfhæft ástand aftur, eins og við, sem vorum því samþykkir, töldum einu réttu leiðina, ellegar hitt hefði orðið að gera, að láta starfsemi þessara sjóða stöðvast a. m. k. í bili. En ég verð að segja það, að mér þykir mjög undarlegur hugsunarháttur þeirra manna, sem eru sömu mennirnir, sem börðust mest fyrir

þessum hótelskatti og gera það sjálfsagt enn, en börðust algerlega gegn því, að það væri lagður nokkur eyrir fram af bændastéttarinnar hálfu til þess að koma í starfhæft ástand aðallánastofnunum bændanna, ræktunarsjóði og byggingarsjóði. Ég get ekki annað en vikið að þessu í þessu sambandi, því að þetta er einhver undarlegasti hugsunarháttur, sem fram kemur þarna hjá þessum mönnum, að það er erfitt að finna samanburð í okkar félagsmálastarfsemi.

Nú hefur því að vísu alltaf verið haldið fram sem aðalröksemd fyrir þessari byggingu, að hún hefði verið nauðsynleg vegna starfsemi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. En ég verð að segja, að það hefði fyrir löngu verið hægt að byggja ríflegt hús til þeirrar starfsemi fyrir um 10 millj. kr., svo að maður taki nú ekki neina smáupphæð til. En aðaldeilumálið í þessu efni er hótelbyggingin, sem sagt er að eigi að verða dýrasta og veglegasta hótel hér á landi, og á annan hátt líka verzlunarhúsnæði, sem í þessari höll á að vera. Ef líkur eru til þess, að þetta verði svo arðvænlegt, þessi hótelrekstur og verzlunarbygging, eins og forustumennirnir hafa viljað vera láta, þá á ekki að þurfa að vera að pína bændastéttina með milljónaskatti árlega í þessa starfsemi, heldur á hún þá að geta staðið undir sér og fullnægt sínum þörfum með lánsfé, hvort sem þeir, sem fyrir því standa, geta kríað það út erlendis eða innanlands.

Ég vildi nú taka þessi atriði fram til þess að sýna það og láta hv. alþm. vita, að ég hef óbreytta skoðun á þessu máli frá því, sem var 1958 á þinginu, og ég er ófáanlegur til þess að greiða atkv. með þessu frv., sem hér liggur fyrir. En það má vera, úr því að hv. landbn. er öll sammála um flutninginn á þessu máli, að það sé búið að undirbúa það svo, að þetta sé tryggt í gegn. Það verður þá að vera. Ef ég verð hér við atkvgr., þá verður það gegn mínum vilja og mínu atkv.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm) lét í ljós undrun sína á því, að við þessa umr. skyldi ekki koma fram frsm. af hálfu landbn. Ég vil aðeins skýra það, að frv. þetta er flutt af landbn. samkv. ósk Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefndar Bændahallarinnar og var hér til 1. umr. um daginn. Þá var því ekki vísað aftur til n., og n. sá þess vegna ekki ástæðu til að gefa út sérstakt nál., enda hygg ég, að séu fordæmi hér í þinginu fyrir slíkri meðferð mála, sem flutt eru af nefndum.

Það er að sjálfsögðu síður en svo, að það sé mér nokkurt fagnaðarefni, að til þess þurfi að koma að framlengja 1/2% viðbótargjaldið til búnaðarmálasjóðs vegna byggingar Bændahallarinnar. En eins og ég sagði við 1. umr. málsins, þá sé ég ekki, að það sé hægt að komast hjá þessu, m. a. vegna þess, sem hv. síðasti ræðumaður tók fram, að það er sýnilegt, að það þarf til að koma mikið lánsfé, til þess að það sé hægt að ljúka þessu verki, til þess að það sé hægt að reisa þetta hús, og ég fæ ekki séð, að það geti auðveldað lántökur, ef það kemur nú í ljós, að bændurnir, sem hafa óskað eftir þessari byggingu, eða samtök þeirra, vilja svo ekkert á sig leggja til þess að auðvelda lántökur og til þess að stuðla að því, að komizt verði frá því að byggja þetta mikla hús. Ég held því, að það verði ekki hjá því komizt að framlengja þetta gjald, ef bændurnir eða samtök þeirra vilja halda þessari byggingu og eiga hana. Og það hygg ég, að samtökin séu sammála um í dag að reyna.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta mál var hér til 1. umr. 1. þ. m. og hefur ekki verið tekið á dagskrá síðan fyrr en í dag. Ég ætla mér hér ekki að ræða málið efnislega, en mér þykir eðlilegt að benda á, að ég tel það mjög óviðeigandi, að hv. landbn. skuli ekki gefa neinar aðrar upplýsingar um þetta mál hér í þessari hv. d. en það, sem kemur fram á þskj. 58. N. hefur nú haft þriggja vikna tíma til þess að gefa okkur upplýsingar, sem eigum að greiða atkv. um málið, til þess að fara eftir, en þær hafa hvorki komið fram hér í framsögu né heldur í framsögu við 1. umr.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að það er ekkert óvenjulegt, að nefnd flytji frv. og að því sé ekki vísað aftur til hennar. En þegar um svo veigamikið mál er að ræða, eins og hér er til umræðu, og einkum að hér er um að ræða 100 millj. kr. skekkju frá raunverulegum áætluðum kostnaði, eftir því sem hv. 4. þm. Norðurl. (JPálm) upplýsti hér, þá hefði ekki verið óeðlilegt, að fyrir okkur lægi hér nákvæm skýrsla um það, hvernig þetta er tilkomið og hvort þetta sé endanlegur kostnaður við bygginguna eða hvort það megi vænta þess, að aftur 1965 verði enn óskað eftir framlengingu á þessu bráðabirgðaákvæði til þess þá að standa kannske undir enn öðrum 100 millj. kr., sem ekki er vitað um í dag.

Ég vil því mega leyfa mér að fara þess á leit við hv. form. landbn., að hann óski eftir, að þessari umr. verði frestað og að n. gefi út álit, þótt frv. hafi ekki verið vísað til hennar, svo að vér þm. gætum séð, hvernig er saga þessa máls, hver er ástæðan fyrir því, að byggingin hefur kostað svo miklu meira en ákveðið var í upphafi, og hvaða möguleikar liggi til þess að geta lokið þessari byggingu án þess að leggja þessa byrði á bændurna. Ég held, að það sé það minnsta, sem við getum krafizt af landbn., að hún leggi fram eitthvað annað og meira í þessu máli en þessa stuttu grg., sem hún setur hér fram á þskj. 58 og segir bókstaflega ekkert til um málið. Kemur ekki einu sinni fram í grg. á þskj., hvort samþykktin, sem gerð er á aðalfundi Stéttarsambands bænda, hefur verið samþ. með öllum greiddum atkv. eða gegn einhverjum minni eða meiri hl. Hér kemur því ekkert fram um það, hvort þetta er raunverulega vilji bændanna sjálfra

eða hvort þetta er aðeins vilji búnaðarþings, svo sem hér kemur fram.

Um sjálft málið skal ég ekki ræða, en ég vil endurtaka þá ósk mína til hv. formanns n., að hann óski eftir, að umr. verði frestað og að fyrir liggi hér fullkomin skýrsla um málið fyrir okkur þm. til þess að athuga, áður en gengið er til atkv. Liggi hún ekki fyrir, mun ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. um málið yfirleitt. Ég veit ekkert, hvað ég er að gera, þegar ekki liggja fyrir önnur gögn en þau, sem fram koma í þessu þingskjali.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt, að ég óski eftir því, að umr. verði frestað og það verði athugað, hvort ástæða er til þess að gefa út nál. í þessu máli. Ég skal gjarnan verða við þeirri ósk hv. 1. þm. Vestf. Hann sagði í ræðu sinni, að það kæmi ekki fram í þeirri grg., sem fylgdi frv., hver vilji hefði verið t. d. á síðasta stéttarsambandsfundi í þessu máli. Þetta er nú ekki alls kostar rétt hjá hv. þm., því að það kemur fram einmitt í grg., að sú till., sem fram kom á stéttarsambandsfundinum um það, að þetta viðbótargjald yrði framlengt, var samþ. þar með 37:1 atkv., sem sjá má á 2. bls. frv.

Yfirleitt er það svo, eins og ég hef tekið fram, að það hefur verið vilji fyrir þessu, bæði hjá Búnaðarfélagi Íslands og á fundum Stéttarsambandsins. Hins vegar skal ég ekkert um það fullyrða, hversu ríkur vilji er fyrir þessu meðal bændanna í landinu yfirleitt. Því miður hefur þessu máli aldrei verið vísað til þeirra til atkvgr. En sem sagt, þá skal ég gjarnan verða við ósk hv. þm. og láta athuga, hvort nokkur ástæða er til að gefa hér frekari skýringar á þessu máli.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta mál var hér til 2. umr. í hv. d. þann 19. f. m. Hæstv. forseti frestaði þá umr. og tók málið út af dagskrá, vegna þess að óskir komu fram um fyllri upplýsingar varðandi byggingu Bændahallarinnar svonefndu.

Landbn. hefur enn tekið þetta mál fyrir á fundi sínum og sér sem áður ekki ástæðu til þess að gefa út sérstakt nál. um málið. Málið er flutt af n. samkv. beiðni þar um. Hins vegar hafa n. borizt nokkrar upplýsingar frá framkvstj. byggingarnefndar búnaðarbyggingarinnar, og hefur n. falið mér að lesa upp þessar upplýsingar hér í hv. d., og vil ég gera það, ef hæstv. forseti leyfir. En skýrsla framkvstj. byggingarnefndarinnar, Sæmundar Friðrikssonar, er á þessa lund:

„Eftir tilmælum form. landbn. Nd. Alþ., séra Gunnars Gíslasonar, í tilefni af umr. og fsp. á Alþ. 19. þ. m. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, þ. e. um framlengingu á gjaldi til búnaðarbyggingarinnar, skal hér gerð tilraun til að skýra byggingarmál þetta að nokkru:

1) Þegar sótt var um byggingarleyfi á árunum 1956—1958, var áætlað, að byggingin mundi kosta um 25—30 millj. kr. Var þá ráðgert, að stærð hennar yrði um 25 þús. rúmmetrar. Nú hefur húsið verið mælt upp af byggingarfulltrúa borgarinnar og er talið vera um 42 þús. rúmmetrar að stærð. Stækkunin orsakast að nokkru leyti af því, að bætt var ofan á bygginguna einni hæð, sem í upphafi var ekki gert ráð fyrir, og auk þess voru sumar hæðir hennar hækkaðar verulega frá því, sem áætlað var í byrjun. Samkv. áætlun þeirri, er áður var nefnd, sem miðuð er við þáv. byggingarkostnað, hefði kostnaður orðið 1000—1200 kr. á rúmm. árið 1957. Þá var byggingarvísitalan 904 samkv. útreikningi hagstofunnar. Nú er þessi vísitala 1744. Svarar það til þess, miðað við 1100 kr. að meðaltali á rúmmetra 1957, að nú kosti einn rúmmetri um 2120 kr. Sé rúmmetratal hússins margfaldað með þeirri tölu, þ. e. 42 þús. sinnum 2120, verður upphæðin 89 millj. 40 þús. kr. Að vísu hefur talsverður hluti byggingarinnar verið unninn á ódýrari tíma en hér um ræðir, en þó hefur langmestur hluti komið á árin 1961 og 1962. Og þess má einnig geta, að samkv. upplýsingum byggingarfróðra manna hefur vísitala hagstofunnar ekki náð til stóraukinnar eftirvinnu, sem átt hefur sér stað á síðustu árum. Í fyrstu áætluninni er ekki minnzt á húsbúnað, enda þá ekki ráðið að fullu, hvernig húsið yrði nýtt. Á s. l. vetri var reynt að gera heildaráætlun um byggingarkostnað og innbú. Var hún milli 90 og 100 millj. kr., þar af um 20 millj. í innanstokksmunum, vélum, borðbúnaði o. fl. þess háttar. Nú síðustu mánuðina hefur verið gert ráð fyrir heildarkostnaði um 100 millj. kr. Engu skal um það spáð, hvort sú ágizkun stenzt, en engan þarf að undra, þótt áætlanir um byggingarkostnað standist ekki í krónutali, ef verkið stendur yfir í fleiri ár, þegar gengislækkanir og kauplækkanir skiptast sífellt á. Byggingarvísitölurnar, sem nefndar eru hér að ofan, sýna þetta greinilega og jafnframt, að fyrsta áætlunin hefur ekki verið eins röng og í fljótu bragði sýnist.

2) Framlög og lán til byggingarinnar eru nú orðin sem hér segir: Það eru fyrst framlög Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda 15 millj. 800 þús. kr. Annað: frá búnaðarmálasjóði 10.1 millj. kr. Þriðja: leigu- og vaxtatekjur 2.1 millj. Fjórði liður: fast erlent lán 35 millj. kr. Og í fimmta lagi eru það lausaskuldir 13 millj. Samtals er þetta 76 millj. kr. Þessari upphæð hefur nú verið varið til byggingarinnar.

3) Fullgerðar eru nú fjórar hæðir hússins, þ. e. 4., 5., 6. og 8., og 7. hæð mjög langt komin, einnig fullgerður suðurhluti 1. hæðar og syðsti hluti 2. hæðar. Suðurhluti kjallara er að mestu fullgerður. Eftir er að innrétta norðurhluta kjallara og að mestu leyti norðurhluta 1. og 2. hæðar. Einnig er eftir að innrétta 3.

hæðina. Mestan hluta húsbúnaðar er búið að kaupa. Lyftur hússins, 5 að tölu, eru frágengnar.

4) Leigutekjur af húsinu hafa verið áætlaðar um 8.5 millj. kr. á ári. Flugfélag Íslands flutti inn á 4. hæð í apríl s. l., sem þá var fullgerð. Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna hefur á leigu suðurhluta af 2 hæðum, þ. e. 1. og 2. hæð, og flutti þangað seint í sumar. Hótelreksturinn, sem hófst snemma í júlí, hefur enn sem komið er verið á vegum byggingarnefndar, því að ekki eru tök á að semja um leigu á húsnæði, sem er að smákomast í ganginn. Annars hefur verið gert ráð fyrir að leigja hótelið, þegar það er fullgert. Allt húsnæði, sem ekki hefur þegar verið tekið í not, er fyrir löngu búið að leigja fyrir fram, svo sem búðir á 1. hæð og húsrúm í kjallara, sem haft verður til ýmissa nota. 3. hæðin er þar undanskilin, en þar mundu bændasamtökin hafa skrifstofur sínar.

Ástæðan til þess, að nauðsynlegt er að framlengja gjaldið til búnaðarbyggingarinnar, er einkum sú, að ekki eru líkur til, að kjör á lánum til byggingarinnar verði svo hagstæð, að unnt verði að standa undir afborgunum og vöxtum fyrstu árin nema með tilstyrk þessa framlags. Fulltrúar bænda í helztu landssamtökum þeirra hafa líka sýnt afstöðu sína með því að óska eftir framlengingunni með ákveðnu fylgi við málið, bæði á búnaðarþingi og aðalfundi Stéttarsambands bænda.

Reykjavík, 20. nóv. 1962,
Sæmundur Friðriksson."

Þetta var þá sú skýrsla, sem landbn. barst frá framkvstj. byggingarnefndarinnar. Ég hef engu í rauninni við hana að bæta. Ég vil aðeins segja nokkur orð til skýringar á síðustu orðum þessarar skýrslu, af því að það var alveg sérstaklega um það spurt hér við fyrri hluta umr., hvernig atkvgr. hefði fallið á búnaðarþingi og stéttarsambandsfundi um till. þær, sem þar komu fram og snertu framlengingu viðbótargjaldsins.

Eins og sjá má á fskj., sem birt er með frv., var flutt á stéttarsambandsfundi hinum síðasta till., sem fór fram á, að Alþ. framlengdi þetta gjald. Þessi till. var samþ. á þeim fundi með 37:1 atkv., en á þessum fundi munu eiga sæti 47 fulltrúar, sem rétt eiga til þátttöku í atkvgr., og hafa því 9 fulltrúar setið hjá við atkvgr. eða verið fjarverandi.

Fyrir síðasta búnaðarþingi lá erindi frá byggingarnefnd Bændahallarinnar um framlengingu á bráðabirgðaákvæði laga um breytingu á lögum um stofnun búnðarmálasjóðs. Fjárhagsnefnd búnaðarþings hafði þetta erindi til meðferðar og lagði til, að það yrði afgreitt með eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að framlengja um 4 ár, frá 1962—1965 að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði l. nr. 10 17. marz 1959 um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd að flytja málið við Alþingi, er nú situr."

Það kom fram á búnaðarþingi till. um rökst. dagskrá, þar sem lagt var til, að þessari ályktunartill. fjhn. yrði vísað frá þinginu. Dagskrártill. var felld á búnaðarþingi með 20:2 atkv., 1 greiddi ekki atkv. og 2 voru fjarverandi. Enn fremur kom fram á þinginu till. þess efnis að leggja erindi byggingarnefndarinnar fyrir öll búnaðarfélög í landinu og leita álits þeirra um framlengingu. Sú till. var felld á búnaðarþingi með 18:5 atkv., 2 fulltrúar voru fjarverandi. Enn kom fram á búnaðarþingi brtt. við ályktunina á þá lund, að framlengingin næði aðeins til 2 ára í stað fjögurra. Sú brtt. var felld með 17:4 atkv., 2 greiddu ekki atkv. og 2 voru fjarverandi. Síðan var ályktun fjhn. borin upp, og var hún samþykkt með 18:4 atkv., 1 greiddi ekki atkv. og 2 voru fjarverandi.

Þetta, sem ég hef nú stuttlega rakið hér, sýnir, að mikill meiri hl. fulltrúa bænda á stéttarsambandsfundi og búnaðarþingi hefur óskað eftir því, að hv. Alþingi samþykkti það frv., sem hér er flutt að beiðni þessara samtaka.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar málið var hér til umr. síðast, óskaði ég eftir því, að þm. yrðu gefnar nokkru nánari upplýsingar um þetta mál en gert er á þskj. 58. Hv. frsm. hefur orðið við þessum tilmælum mínum, og vil ég leyfa mér að þakka honum fyrir hans greinargóðu skýrslu í þessu máli og allar þær upplýsingar, sem hann hefur gefið og að sjálfsögðu gefa okkur tækifæri til þess að átta okkur á málinu betur en ef við hefðum aðeins haft þskj. sjálft til þess að fara eftir. Ég ætla mér ekki að ræða skýrsluna efnislega, en vil endurtaka þakklæti mitt til hv. frsm. fyrir að hafa aflað þessara upplýsinga, svo að þær verið skjalfestar í þingtíðindum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það hafa ekki orðið miklar umr. um þetta mál, og það virðist sem menn hafi viljað sem minnst um það tala, skjóta sér bak við það, að fulltrúar bænda hafi óskað eftir þessu og þetta sé vilji bænda og þess vegna sé sjálfsagt að gera þetta. En ef maður ræðir um þetta við einn og einn mann, hvort heldur er í búnaðarsamtökunum eða þm., þá virðist mér koma í ljós, að öllum þyki leitt að þurfa að samþykkja þetta gjald áfram. Ég held því, að bezt sé, að ég taki að mér að segja mína meiningu um þetta mál, fyrst ekki vilja aðrir verða til þess.

Arnór Sigurjónsson gerði yfirlit yfir það 1960,

hvað nettótekjur bænda væru á öllu landinu, og þær urðu að meðaltali 64 þús. kr., en skv. áætlun, sem gerð var og gerð er árlega, þá var gert ráð fyrir 68 þús. kr., en þær voru 64 þús kr. raunverulega, þannig að þær urðu 4 þús. kr. lægri. Hæstar urðu þær í Eyjafirði um 88 þús. kr., en lægstar í Norður-Múlasýslu 47 þús. kr. Í ár er gert ráð fyrir, að nettótekjur bænda verði 94 þús. kr. Það er gert ráð fyrir, að bruttótekjur þeirra verði 211 þús. kr. Af því eru aukatekjur, sem ekki eru af búsafurðum, nokkur hluti, þannig að tekjur af búsafurðum er gert ráð fyrir að verði 192 þús., þegar heimamjólk er frádregin, sem þetta gjald mundi ekki ná til. Þá er líklegt, að það mundu verða um 180 þús., sem búsafurðirnar mundu nema, sem þessi gjöld mundu ná til.

Nú er það svo, að bændur þurfa að borga 1% í Búnaðarbankann. Svo er gert ráð fyrir, að þeir borgi 1/2% í búnaðarmálasjóð, 1/4% til Stéttarsambands bænda, og 1/4% gengur svo til búnaðarsambandanna. Þetta eru því alls 2%. 2% af 180 þús. kr. gera 3600 kr., og bændur eiga að hafa 94 þús. kr. í kaup, en hafa það sennilega ekki, því að yfirleitt hafa þeir haft lægra kaup en gert er ráð fyrir. Þá er þetta dálítil fjárhæð. Þeir þurfa að sjá fyrir sínum heimilum, halda við íbúðarhúsum, greiða öll útgjöld og yfirleitt að sjá á allan hátt fyrir sinni fjölskyldu með þessum tekjum. Það er ekki mikil fjárhæð, þessar 90 þús. kr., og ef á að taka í þessi gjöld 3600 kr., þá er það dálítið tilfinnanlegt fyrir bændur. Allir verða að greiða þetta gjald, hvort sem þeir hafa miklar eða litlar tekjur.

Ég álít, að það minnsta, sem þingið geti gert, sé að athuga, hvort það sé engin leið önnur fær en þessi, hvort ekki sé eitthvað hægt að gera til að draga úr þessum aukaútgjöldum á bændur.

Það hefur mikið verið gert að því, og ekki sízt í tíð núv. ríkisstj., að leggja gjöld á bruttótekjur atvinnurekenda. Þetta hefur einkanlega náð til sjávarútvegsins, en einnig til bænda, og það er verið að auka þetta. Ég skal játa, að mér er meinilla við þessi útgjöld. Ég tel þau ósanngjörn og mjög hættuleg. Þetta getur gengið í góðum árum, en þegar illa árar, þá eru þetta óþolandi gjöld, og þau eru ranglát að því leyti, að þau koma jafnt niður á þeim, sem geta ekki borgað þau, og þeim, sem geta borgað þau. Gjöld, sem lögð eru á bruttótekjur, eru ævinlega meira eða minna vafasöm. En þetta er handhæg leið til að innheimta fé. Ég vil taka það fram, að ég álít, að það liggi ekki fyrir, að bændur vilji greiða þetta gjald. Upphaflega mun 4 ára gjaldið hafa verið borið undir bændur, en þá var það fullkomlega látið í ljós, að þetta kæmi ekki til greina nema 4 ár, og bændur hafa alls ekki verið að þessu spurðir. Ég veit, að ég sem bóndi hef aldrei verið að því spurður, hvort ég vildi framlengja þetta gjald. Hitt er annað mál, að þegar upphaflega var ráðizt í þetta fyrirtæki, að byggja þessa svokölluðu Bændahöll, þá var ekki gert ráð fyrir, að hún yrði svona dýr, eins og raun hefur á orðið. Gengislækkunin er búin að hækka hana um 20—30 millj.

Það er nokkur misskilningur, sem komið hefur fram hér í þeim litlu umr., sem fram hafa farið um þetta, að kostnaðurinn sé miklu hærri en upphaflega var gert ráð fyrir. Þetta er ekki rétt, ef tekið er tillit til allra aðstæðna, því að í upphaflegu áætluninni var gert ráð fyrir, að byggingin væri 25 þús. m³, en hún varð endanlega um 42 þús. m³. Þar að auki hefur byggingarvísitalan hækkað frá 1952 til 1962 úr 94 í rúmlega 170. Það eru hlutföllin. Það er sama, hvort maður notar það eða 900 og 1700. Byggingarvísitalan hefur hækkað nær um helming á þessu tímabili. Þetta hvort tveggja veldur því, að munurinn á áætluninni og byggingarkostnaði, ef þetta er tekið til greina, er sáralítill og ekki meiri en má búast við á mörgum byggingum.

Það má segja, að það þýði ekki að deila um orðinn hlut. Það er búið að ráðast í þessa byggingu. En hitt er ég sannfærður um, að þó að svona stór bygging hefði verið byggð fyrir bændasamtökin, ef þeir hefðu ekki ráðizt í hótelbygginguna, hefðu byggt þetta allt sem skrifstofubyggingu og getað leigt það út, þá þyrftu þeir á engri aðstoð að halda.

Ég er ekki mjög hræddur um, að þessi bygging geti ekki borið sig, jafnvel þó að það hafi verið ráðizt í hótelið, ef rétt er að farið, en það verður erfitt nú í bili. Vegna gengislækkananna hefur þessi bygging hækkað um 20—30 millj. Þetta er bara ein af afleiðingum gengislækkunarinnar, sem hefur komið fram í ótal myndum. Það hefði ekki þurft að leggja þetta 1% í Búnaðarbankann frá bændum, ef gengið hefði ekki lækkað svona mikið. Gengislækkunin er á ýmsan hátt að koma fram. Ég skal ekki fara út í það, því að það yrði langt mál, en þetta er ein afleiðingin.

Þeir bera meiri ábyrgð á þessum aðgerðum, Jóhannes Nordal og Jónas Haralz, en hin raunverulega ríkisstj., og þetta eru menn, sem ekki hafa mikla reynslu í atvinnumálum, vægast sagt. Og ég er í efa um, að þeir hefðu verið hæfari en aðrir sem atvinnurekendur. Það er oft svo í veröldinni, að þeir, sem aldrei þekktu ráð, þeir eiga að bjarga öðrum. Það er nú þannig með þessa ríkisstj., að þetta eru ekki slæmir menn, og ef þeir gera eitthvað misjafnt af sér, þá hafa þeir haft vilja til að bæta fyrir það, að svo miklu leyti sem það er hægt. Vil ég í því sambandi benda á stofnlán sjávarútvegsins og einnig lausaskuldalán bænda. Það var tilraun til þess að bæta fyrir syndir. Það er þakkarvert. Mér þætti því ekki ólíklegt, að þeir vildu bæta fyrir þessar syndir, sem þeir hafa framkvæmt með þessari gengislækkun gagnvart Bændahöllinni, vildu eitthvað greiða fyrir því, að þetta geti gengið sem bezt, og ég efa ekki, að þeir vilja það.

Það, sem þarf að gera, er að útvega Bændahöllinni hagkvæmt lán, svo að hægt sé að ljúka verkinu, helzt innlent lán, og ef það er ekki hægt, þá erlent með tiltölulega lágum

vöxtum. Það er skilyrði til þess, að hægt sé að hafa eitthvað upp úr byggingunni, að það sé lokið við hana. Svo verður erfitt í eitt eða tvö ár, en hinu er ekki að neita, að þjóðin þarf á hótelinu að halda. Ég vil benda á það, að þegar Hótel Borg var byggð 1930, þá aðstoðaði ríkið á allan hátt við það. Það viðurkenndi, að það væri þörf fyrir hótelið. Aftur var Hótel Borg keypt nýlega af öðrum aðilum og enn mun hafa verið aðstoðað við það, a. m. k. af bönkunum. Það var greitt fyrir því, að einstaklingar gætu keypt það og rekið, af því að það var þjóðarnauðsyn. Það er líka þjóðarnauðsyn, ef við ætlum að hafa tekjur af gestum, að við höfum fullboðlegt hótel, meðan þeir dveljast hér.

Þess vegna er það tvennt, sem veldur því, að ríkisstj. á að greiða fyrir því, að bændasamtökin geti fengið hagstæð lán til þessarar byggingar. Það er bæði það, að það er þörf fyrir hótelið þjóðarinnar vegna, og það er einnig af því, að ráðstafanir núv. ríkisstj. hafa valdið því, að byggingin hefur orðið allt að 30 millj. kr. dýrari en hún hefði annars orðið. Ég efast ekki um það, að ríkisstj. vilji gera þetta. Ég held, að ef hægt er að koma rekstrinum í heilbrigt horf, geti hótelið borið sig. Það ættu að vera miklar tekjur af ferðamönnum. Það er ekki vafi á því, að ferðamannastraumur til Íslands getur skapað mikinn erlendan gjaldeyri, og er þá nokkuð óeðlilegt, að greitt sé fyrir því, að bændasamtökin geti starfrækt þessa byggingu? Ég hygg, að það sé ekki. En ég er algerlega á móti því að vera að leggja gjald á bændur til að byggja fyrir lúxushótel. Ég hygg, að það sé engin stétt á Íslandi, sem veitir sér minni munað en bændastéttin. Ég hygg, að bændafjölskyldurnar eyði minna en flestar eða jafnvel allar aðrar stéttir í alls konar munað, bæði viðvíkjandi fötum, húsgögnum og ferðalögum, er mér óhætt að segja líka.

Þegar samþ. var gjaldið til Stéttarsambands bænda, var það haft allríflegt, það var haft 1/4%, en til L. Í. Ú. eru aðeins 0.42 þúsundustu. Það er nefnilega sex sinnum lægra til L. Í. Ú. en til Stéttarsambandsins. Nú er dálítið varasamt að skammta mönnum meira en þeir þurfa til neyzlu, því að annaðhvort skemmist maturinn eða það er farið að fikta eitthvað með hann. Og ef menn hafa peninga, sem þeir þurfa ekki að nota, þá vilja þeir gjarnan fara að braska eitthvað með þá. Stéttarsambandið er búið með of háum gjöldum, sem lögð hafa verið á bændur, sem hafa of litlar tekjur, að reyta saman 7—9 millj. á þessum árum, síðan það fór að starfa. Nú er það ágætt að deila á aðra fyrir, að þeir leggi gjöld á bændur, eins og gert hefur verið viðvíkjandi gjaldinu til Búnaðarbankans. En þeir sömu aðilar mega þá ekki leggja óþarflega há gjöld á bændur. Menn mega ekki búa í glerhöll, ef þeir ætla að kasta steinum. Og ég get sagt um þetta eina prósent, sem bændur greiða til Búnaðarbankans, að heldur vil ég greiða það en skatt til hótels og fá peningana aldrei aftur.

Mér er það engin launung, Búnaðarbanka þurfum við að hafa, og við, sem höfum fengið lán, þegar krónan var tiltölulega verðmikil, getum borgað nú með verðlitlum krónum. Við þurfum ekkert að telja eftir að borga þetta eina prósent. En hluturinn er erfiðari hjá bændum, sem eru að byrja, verða að taka að láni verðlitlar krónur, verða að borga hærri vexti, fá skemmri lán og verða svo að borga í ofanálag það, sem tapazt hefur með gengislækkunum hjá þeim, sem fengið hafa tiltölulega verðmiklar krónur að láni. Hlutur þeirra er erfiður, ósanngjarnlega erfiður. Stéttarsambandið á nú raunverulega 7—9 millj., sem hafa runnið til Bændahallarinnar. Ef rétt hefði verið að farið, ef t. d. Stéttarsambandið hefði keypt 10—12 íbúðir hér í Reykjavík og leigt þær út, þá væri hægt að létta þessu gjaldi algerlega af bændum. Ef peningarnir hefðu verið lagðir í banka, sem er að því leyti ótryggara, ef gengið lækkar, þá voru vextir af því meira en nógir til að starfrækja Stéttarsambandið. Vegna þess, að þessar 7—9 millj. voru lagðar í hótelið, þarf að framlengja þennan skatt. Ef hótelið hefði ekki verið byggt, hefði verið hægt að lækka búnaðarmálasjóðsgjaldið eða fella það alveg niður, þetta 1/2%, og þar að auki að fella niður gjaldið til Stéttarsambandsins, vegna þess að eignir Stéttarsambandsins eru orðnar svo miklar, að það gæti algerlega starfað með vöxtunum og meira en það.

Það, sem ég álít að eigi nú að gera við Bændahöllina, er, að bændasamtökin eiga að eiga þann hluta, sem ekki er hótel. Það er góð eign. Þau eru trygg með að fá um það bil 2½ millj. kr. í vexti. Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið eru búin að borga um 30 millj., og það er sem svarar kostnaðinum á þeim hluta byggingarinnar. Ef þau hefðu enga byrði af hótelinu, þá væri hægt að létta stéttarsambandsgjaldinu alveg af og búnaðarmálasjóðsgjaldinu líka. Þau gætu haft þarna af eigin fé 2½ millj. í tekjur á ári. En haldist stéttarsambandsgjaldið, þá gætu þau látið afganginn af því ganga til þess að bera uppi kostnaðinn við hótelið, og það yrðu þá rúmlega 2½ millj. á ári, og það gæti gengið til þess að bera uppi kostnaðinn við hótelreksturinn, það vaxtatap, sem yrði á hótelinu fyrstu árin, — þannig að ef bændasamtökin fengju lán fyrir kostnaðinum við hótelið, sem verður sennilega um 70 millj., þá hefðu þeir ráð á því, þótt búnaðarmálasjóðsgjaldið væri fellt niður, að láta vextina af hinum hluta byggingarinnar ganga upp í væntanlegan hallarekstur á þessu eða afborganir af skuldum næstu árin og þar að auki afganginn, sem Stéttarsambandið hefur af þessum 1/4%. Þetta yrðu um 3 millj. Ef þetta dugir ekki, vil ég fara aðra leið en að leggja lögboðinn skylduskatt á bændur, sem er alveg útilokað að þeir fái nokkurn tíma endurgreiddan, hvað sem

menn segja, að þetta eigi að vera tekjur fyrir bændastéttina í heild og þannig eigi að vera hægt að létta stéttarsambandsgjaldinu af bændum. Það var alveg óþarfi að ráðast í þetta þess vegna. Stéttarsambandið átti nóg til þess, og vextirnir af eignum þess gátu borið uppi allan kostnaðinn. En tekjum af hótelinu verður aldrei deilt meðal bænda, það fullyrði ég.

Ef þarf að fara aðra leið, þá er rétt að stofna hlutafélag um hótelið. Það má deila um, hvernig því hlutafélagi á að vera fyrir komið. Ég stakk upp á því í grein, sem ég skrifaði í fyrra, að það yrði þannig. að Stéttarsambandið, Búnaðarfélagið, Búnaðarbankinn, ríkið, jafnvel flugfélögin og skipafélögin, sem hafa miklar tekjur af ferðamönnum, yrðu aðilar að þessu hlutafélagi. Ef forráðamenn bændasamtakanna vilja ekki ganga inn á annað en að eiga bygginguna, þó að ég áliti, að það í sjálfu sér skipti engu máli, ef þeir ættu meira eða minna í henni, þá er önnur leið til, og það er að hafa félagsskapinn svipaðan og er hjá Eimskip, að hafa frjáls framlög í hlutafé. Það er tvennt unnið við það. Í fyrsta lagi t. d., ef einhver bóndi leggur 10 þús. í hlutafélag, þá er hægt að endurgreiða honum vexti af þeirri upphæð, þegar fyrirtækið fer að bera sig. Það er hægt að endurgreiða honum árlega vexti, eins og yfirleitt er gert í hlutafélögum, sem bera sig, og þannig getur hann fengið sína fjármuni endurgreidda, og það getur verið góð eign, meira að segja mjög góð eign. Í öðru lagi er ekki tekið fé af mönnum, sem ekki geta misst peningana. Það er ekki gert með skylduskatti. Og það er allt annað, þótt bóndi, sem hefur efni á því, leggi 10—20 þús. í hlutafélag, eða taka þetta af bláfátækum mönnum, sem varla geta keypt nauðsynlega hluti handa sér og sinni fjölskyldu.

Þetta eru tvær ólíkar leiðir. Ég held nefnilega, að þeir hafi ekki reynt að gera sér neina grein fyrir þessu, þessir forráðamenn bændasamtakanna, að nein leið sé fær önnur en þessi. Þetta er ósköp handhæg leið, senda miða til þingsins, biðja það að samþykkja skatt á bændur. Fulltrúar á stéttarsambandsfundum og búnaðarþingi eru búnir að koma sjálfum sér í sjálfheldu, raunar með aðstoð ríkisstj., gengislækkunin gerði það að verkum, gerði mönnum erfitt fyrir. Þeir gerðu vitanlega ekki ráð fyrir því. Þeir eru komnir þarna í hálfgerða sjálfheldu, og í staðinn fyrir að spyrja bændur, hvað þeir vilja, þá er það ekki gert, heldur send beiðni til þingsins að samþykkja þennan skatt.

Nú lít ég svo á, að það sé alls ekki hlutverk þingsins að samþykkja það, að bændur eða útgerðarmenn og er mér óhætt að segja, sjómenn, því að þeir borga náttúrlega sinn hlut, sjómennirnir, þeir leggi einhverja vissa prósentu af tekjum sínum annaðhvort í banka, eins og gert er með útgerðarmennina og bændur líka, eða til þess að byggja hótel. Þetta er alls ekki hlutverk þingsins, hvorki þings né stjórnar, heldur að ákveða skatta til ríkisins. Ég lít svo á, að þetta sé hreint ekki í samræmi við bókstaf stjórnarskrárinnar. En þetta hefur verið gert. Ég held því, að það, sem eigi að gera í þessu máli, sé að fresta afgreiðslu þess, taka til athugunar, hvort ekki séu aðrar leiðir færar, — og ég er alveg viss um, að þær eru færar, ef vilji er fyrir hendi, — reyna á þann hátt að létta þessu gjaldi af bændum. Forráðamenn bændasamtakanna geta ráðið, hverjum þeir hleypa í þetta hlutafélag, þeir geta meira að segja samþykkt, að það séu eingöngu bændur eða bændasamtök, sem stæðu að því. Það væri allt í lagi. En það er allt annað, hvort menn kaupa hlutabréf fyrir 10—20 þús. kr. og fá vexti af þeim eða hvort maður borgar 1/2% af bruttótekjum sínum, sama sem 1% af kaupi sínu, og fær aldrei neitt til baka. Það er allt annar hlutur, það er allt önnur aðferð.

Það gæti einnig komið til greina að stofna hlutafélag um rekstur hótelsins, ef það þætti hagkvæmara. Það er vitanlega hægt að stofna hlutafélag um rekstur fyrirtækis, alveg eins og eign þess, og fá það leigt einhvern ákveðinn tíma. En ég er sannfærður um, ef rétt er að farið, að það þarf ekki að leggja þennan skatt á bændur sem skylduskatt, og meira að segja undireins og fyrirtækið fer að bera sig, þá er hægt að létta stéttarsambandsgjaldinu af bændum, vegna þess að Stéttarsambandið á svo miklar eignir, að það nægir því fullkomlega til rekstrarfjárþarfa. Og að gefnu tilefni vil ég taka það fram, að ég hef séð reikninga Stéttarsambandsins, og það hefur verið mjög vel með fé þess farið. Og ég hygg, að þótt ýmislegt hafi kannske verið fundið að byggingu þessarar Bændahallar, sé það ekki allt réttlátt. Sá maður, sem hefur séð um þetta, er mjög hagsýnn að eðlisfari og hefur yfirleitt gert þessa hluti eins vel og unnt var. Við vitum, að menn eru mislagnir að hirða kindur. Sumir eyða miklu heyi í kindurnar og hafa þær magrar, aðrir eyða litlu heyi og hafa þær í góðu lagi. Spyrji maður þann, sem eyðir miklu heyi og hefur kindurnar ekkert sérstaklega góðar, hvað valdi þessu, segir hann, að það hafi þurft að gefa svona mikið. Hann mun líka segja, að þær hafi ekki þrifizt betur en þetta á heyinu. En þetta liggur bara í ótal smáatriðum. Sá, sem er klaufi að hirða skepnur, leitar aldrei eftir því, hvort önnur aðferð sé fær. Það er erfitt að kenna svona hluti.

Ef bóndi hefur kornakur, þá er auðvitað það vitlausasta, sem hann gerir, að vinna akurinn svo illa og bera þannig á hann, að kornið spretti ekki til fulls. Þess vegna er í raun og veru það vitlausasta, sem ríkisstj. gerir, — hún er þegar búin að aðstoða viðvíkjandi byggingu þessarar Bændahallar með því að útvega erlent lán, 35 millj., — en það vitlausasta, sem hún gerir, er að hætta við hálfnað verk. Annaðhvort er að hjálpa eða hjálpa ekki. Annaðhvort á að vinna þannig akurinn, bera þannig á hann og hirða þannig um hann, að kornið

spretti, eða eiga ekkert við að rækta það. Þess vegna er ekki nema ein leið í raun og veru fær og réttlát í þessu máli fyrir ríkisstj., og það er að aðstoða bændasamtökin við að ljúka við hótelið, útvega hagkvæm lán, — það er vel hægt. Ríkisstj. getur það, sem hún vill í þeim efnum, og þá mun ekki líða langur tími, þar til þessi bygging getur borið sig.

Þó skal ég taka það fram, að það var miklu betra fyrir bændasamtökin að byggja húsið sem skrifstofuhús heldur en sem hótel, miklu óruggara fjárhagslega. En vegna þjóðarinnar er þörf fyrir hótelið. En það er vitanlega enginn nauðsyn fyrir íslenzka bændur að taka það á sig að byggja lúxushótel fyrir þjóðina, ekki nin minnsta, og var barnaskapur að ráðast í það. Þar að auki eiga menn aldrei að fást við það, sem þeir hafa ekkert vit á. Vitanlega hafa aldraðir bændur lítið vit á hótelrekstri. Sá eini á meðal þeirra, Sveinn á Egilsstöðum, sem hafði eitthvert vit á hótelrekstri, var alltaf á móti þessari byggingu. En það var vitanlega ekki hlustað á hann, því að það er yfirleitt erfitt, þegar margir koma saman, að fá menn til að fara eftir því, sem sá vitrasti segir.

Það er vitanlega ekkert meiri ástæða fyrir bændur að vera að leggja sína litlu fjármuni í hótelbyggingu heldur en t. d. iðnaðarmenn eða aðrar stéttir þjóðfélagsins, síður en svo. Það eru engir, sem gista síður á þessum hótelum en bændur. Þeir sjást ekki hér á dýrari hótelunum. Helzt fara þeir alls ekki á hótel, og ef þeir fara á hótel, þá fara þeir á ódýrustu hótelin. En það er komið sem komið er. Það er búið að ráðast í þetta. Bændasamtökin eru búin að borga 30 millj., 35 millj. munu vera skuldir erlendis, og allmikið er af lausaskuldum. Gert er ráð fyrir, að öll byggingin kosti um 100 millj. Þeir þurfa því að fá um 70 millj. kr. lán til þess að geta lokið þessu. Auk þess get ég tekið fram, að ég álít afar óhyggilegt í fyrsta lagi að ráðast í byggingu á hóteli af mönnum, sem hafa ekki neina sérþekkingu á því máli, og enn fremur er það hæpið að reka hótel án þess að sá, sem rekur það, eigi eitthvað í því eða beri ábyrgð á rekstrinum.

Það var skýrt frá því, að gert væri ráð fyrir, að leigan eftir heildarbygginguna yrði 8½ millj., en það liggur hreint ekkert fyrir um það, að nokkrum manni detti í hug að taka hótelið á leigu. Ef það lægi fyrir, þá væri sannarlega ekki þörf á að jafna þessu 1/2% niður á bændur. Þá væri þetta allt saman á þurru og hægt að fá nóg lán. En það liggur bara alls ekki fyrir, og persónuleg skoðun mín er sú, að mönnum detti hreint ekki í hug að taka hótelið á leigu fyrir 6 millj. á ári, fyrr en búið er að reka það í nokkur ár. En það er dálitið óhagkvæmt að hugsa sér það að reka jafnstórt fyrirtæki og þetta hótel er, án þess að sá, sem stjórnar því, eigi þar einhverra persónulegra hagsmuna að gæta, eigi eitthvað í því. Í fyrsta lagi er vandfundinn maður til þess að gera það. Það er mjög vandasamt verk að reka hótel og mikið starf, sem liggur í því. Þess vegna væri mjög hagkvæmt að mínu áliti, að sá, sem ræki hótelið, ætti hluta í því, og það verður ekki gert öðruvísi en stofna hlutafélag. Og það er sannfæring mín, að á einhvern hátt eigi að gera það. Hitt er í raun og veru ekki aðalatriðið, á hvern hátt það verður gert. En það er í raun og veru ekki hægt að gera mikið viðvíkjandi útvegun fjár, án þess að ríkisstj. aðstoði við það á einhvern hátt. Þess vegna er ekki hægt að leysa þetta mál á hagkvæman hátt fyrir bændasléttina öðruvísi en ríkisstj. beint eða óbeint beiti sér fyrir því að gera það í samráði við bændasamtökin. En ég held, að bændasamtökin hafi ekki reynt að fara neina aðra leið en þessa, að óska eftir því að leggja þennan skatt á bændur.

Ef bændur endilega vildu borga þennan skatt, eins og haldið er fram, þá þyrfti ekki að vera að semja nein lög um það, það væri nóg að senda línu til afurðasölufélaganna og biðja þau að innheimta þetta 1/2% af bændum, þeir væru guðsfegnir að borga það. En það liggur alls ekki fyrir, vegna þess að bændur hafa aldrei verið spurðir um, hvort þeir vildu borga þetta gjald eða ekki. Og auðvitað vilja þeir ekki borga það, þeir vilja fegnir losna við það. Bónda, sem er að basla með 60—70 þús. kr. tekjur yfir árið fyrir sig og sína fjölskyldu, langar ekkert til að vera að borga fjárhæðir, sem hann þarf ekki að borga. Það gefur auga leið. Þess vegna er það eins og hvert annað mas, að þetta sé gert eftir ósk bænda yfirleitt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 202 og 204).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af landbn. Nd. að beiðni Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Það, eins og hv. þm. er kunnugt, fjallar um framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldi, 1/2% af bú-

vörum bænda, um 4 næstu ár, og það nær til áranna 1962—1965.

Þetta mál var skýrt nokkuð við umr. í Nd. og lesin skýrsla frá byggingarnefnd svokallaðrar Bændahallar, sem þetta gjald á að renna til, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka það. Um þetta mál hefur verið rætt bæði á síðasta búnaðarþingi, síðasta stéttarsambandsþingi í haust, og af báðum þessum stéttarfélagssamkomum bændanna hefur þess verið óskað mjög eindregið, að þetta gjald yrði framlengt. Við atkvgr. um það hefur verið lítill ágreiningur, þó að þess að sjálfsögðu hafi gætt eitthvað. En mikill meiri hl. þessara fulltrúa bændanna hefur óskað eftir því, að þetta gjald yrði framlengt, og tel ég óhjákvæmilegt að gera það, til þess að bændasamtökin geti haldið áfram byggingu þess húss, sem þau hafa ráðizt í að byggja, hið mikla stórhýsi á Hagamel í Reykjavík.

Ég get getið þess, að þegar lagt var út í þetta fyrirtæki, var nokkur ágreiningur um það meðal bænda úti um land, hvort ætti að gera það. Ýmsir töldu sem svo, að þar væri lagt í fyrirtæki, sem var svo stórt og kostnaðarsamt, að það væri óskynsamlegt af bændum að vera að leggja fé í það. Hins vegar munu ekki hafa verið skiptar skoðanir um það, að bændasamtökin þyrftu að byggja yfir sig eða sína starfsemi, því að allir vita, að það húsnæði, sem Búnaðarfélag Íslands býr í, Búnaðarfélagshúsið við Lækjargötu, er orðið mjög gamalt og lélegt, og önnur starfsemi bændasamtakanna, t. d. Stéttarsambandið, hefur búið í leiguhúsnæði. En ágreiningurinn var um það, hvort bændasamtökin ættu að byggja aðeins yfir sína starfsemi, og ég hygg, að allir bændur hafi verið sammála um, að það skyldi myndarlega gert, en þau sjónarmið réðu að byggja miklu stærra hús.

Ég get sagt fyrir mig, að þegar þetta mál var til umr. á fundum bændanna úti um land, hallaðist ég miklu frekar að því að byggja aðeins yfir starfsemi Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins og gera það að sjálfsögðu myndlega, en vera ekki að hugsa um aðrar byggingar. En hin sjónarmiðin réðu þá, og í þetta var ráðizt. Og nú hygg ég, að allur þorri bænda telji óhjákvæmilegt að halda áfram með þessa byggingu og koma henni upp, en hætta ekki í miðju kafi og verða að ráðstafa henni einhvern veginn öðruvísi en upphaflega var ætlað. Og þótt ýmsir bændur hafi verið á móti byggingunni í upphafi, svona stórri og kostnaðarsamri, þá tel ég, að bændur geti ekki almennt verið nú á móti því að halda áfram með bygginguna, úr því sem komið er, og fullgera hana. Slíkt væri mikill undansláttur og sannast sagt mjög óaðgengilegt fyrir bændur að verða þannig að leggja árar í bát. Og þar sem ekki kemur fram neinn ágreiningur, sem að kveði, á þessum félagsfundum bændanna, verður að líta svo á, að þetta sé mjög eindregin ósk þeirra fulltrúa, sem fara með umboð bændanna, að þetta 1/2% gjald verði framlengt í 4 ár. Ég tel ekki, að Alþingi geti neitað þessum fulltrúum stéttarsamtakanna um að lögfesta gjaldið, eins og á stendur.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að ræða þetta frekar. Meiri hl. landbn. hefur lítið svipað á þetta og ég hef hér skýrt, og við fengum á fund til okkar framkvstj. byggingarnefndar, Sæmund Friðriksson, til þess að skýra málið, og af upplýsingum þeim, sem hann gaf, tel ég enn frekar nauðsynlegt en áður að framlengja þetta gjald og legg til fyrir hönd meiri hl. landbn., að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv., sem hér er til umr., segir, að á árunum 1962—1965 að báðum meðtöldum skuli greiða 1/2% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Þetta mun vera sama orðalag, að ég hygg, eins og haft var á lagaákvæðum 1959, sem hér er meiningin að framlengja með þessu frv. En ég tel, að þarna séu verulegar blekkingar hafðar í frammi og það sé í rauninni naumast viðeigandi að leggja svona orðalag fram fyrir Alþingi, þar sem segir, eins og ég las áðan, að fénu skuli verja eða gjaldinu til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra.

Nú er það á allra vitorði og hefur sennilega verið 1959 líka, að það er aðeins örlítill hluti þessarar byggingar, Bændahallarinnar, sem á að nota fyrir starfsemi Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands. Þessi samtök munu ætla að nota aðeins eina hæð af þessari byggingu, en það eru 8 hæðir, og ef miðað er við rúmtak, þá mun þessi hæð ekki einu sinni vera 1/8 af byggingunni, og jafnvel þó að gert væri ráð fyrir, að samtökin færðu eitthvað út kvíarnar, notuðu meira húsnæði síðar meir, þá er það sjálfsagt riflega áætlað að segja, eins og ég hef gert í mínu nál., að um 1/8 hluti af húsrými þessarar byggingar muni vera ætlaður til nota fyrir starfsemi Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, og því tel ég það algerlega óviðeigandi, þetta orðalag, sem hér er haft, að gjaldið eigi að renna til húss félaganna við Hagatorg í Reykjavík, yfir starfsemi þeirra. Þetta er eitthvað hliðstætt því eins og maður fengi leyfi til þess að byggja bílskúr og byggði svo í staðinn íbúðarhús með innbyggðum bílskúr. Þannig er það ljóst, þegar verið er að skattleggja bændastéttina til þessarar byggingar, þá er þeirrar skattlagningar engin þörf lengur vegna byggingar yfir starfsemi bændasamtakanna, heldur er þessarar skattlagningar þörf vegna byggingar hótels, Hótels Sögu, og vegna byggingar á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði, sem meiningin mun vera að leigja út og þegar hefur að sjálfsögðu að nokkru leyti verið gert í Bændahöllinni.

Ég hefði haldið, að bændur væru sú stétt manna í landinu, sem notaði einna stærstan

hlutann af tekjum sínum til fjárfestingar í eigin þarfir. Það er vitað mál, að það þarf mikið fé til fjárfestingar í landbúnaði, bæði ræktun, vélum og húsakosti og öðru slíku, og ég tel það þess vegna ekki koma til mála, að á bændurna sé verið að leggja skattgjald til að byggja lúxushótel og verzlunarhúsnæði í Reykjavík, enda koma bændur sjálfsagt aldrei til með að búa á þessu hóteli. Og raunar tel ég, að það sé ekki hægt að leggja svona skattgjald á eina stétt manna, nema það liggi ljóst fyrir, að þessi stétt vilji samþykkja álagninguna, en hér tel ég engu slíku vera til að dreifa. Það hafa að vísu legið fyrir samþykktir frá Stéttarsambandi bænda og frá búnaðarþingi, en mér er ekki kunnugt um, að það liggi fyrir neinar samþykktir frá hreppabúnaðarfélögunum eða frá búnaðarsamböndunum, og þegar þetta mál var til meðferðar hér á þingi fyrir 4 árum, var felld till. um að láta fara fram allsherjaratkvgr. meðal bænda um afstöðu til þessa máls. Og a. m. k. hef ég ekki heyrt frá því skýrt í umr. um þetta mál hér á Alþ., að nú að þessu sinni hafi nokkuð verið leitað til bænda í héruðunum til þess að kanna afstöðu þeirra til þessa máls.

Ég tel, að það sé engan veginn byggjandi á því, þó að það liggi fyrir samþykktir frá búnaðarþingi og þingi Stéttarsambands bænda. Þær þurfa raunverulega ekki endilega að sýna öruggan vilja bændastéttarinnar. Ég vil aðeins minna á það, að í fyrra, þegar voru til meðferðar lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins, lá fyrir, hvaða afstöðu búnaðarþing og stjórn Stéttarsambands bænda tóku til þess máls. Meiri hl. Alþ. hafnaði algerlega að taka tillit til óska þessara aðila. En nú virðast það vera helztu rökin fyrir málinu, að úr því að búnaðarþing og Stéttarsamband bænda eru með því, þá sé sjálfsagt að verða við því, en það þótti ekki eðlilegt að taka undir sjónarmið þessara aðila hér á þingi í fyrra, þegar l. um stofnlánadeild landbúnaðarins voru til umr., og meira að segja hv. frsm. meiri hl. landbn. hér var þá þeirrar skoðunar, að það væri ekki rétt að taka tillit til vilja búnaðarþings og Stéttarsambandsins og að þessi þing túlkuðu ekki í raun og veru vilja bændastéttarinnar.

Í samþykkt búnaðarþings um afstöðuna til stofnlánadeildar landbúnaðarins sagði svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing mótmælir eindregið þeirri sérstöku skattlagningu á bændastéttina og gjaldi á útsöluverð landbúnaðarvara, sem kveðið er á um í 4. gr. frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., sem nú liggur fyrir Alþ."

Það er þess vegna alveg ljóst, að búnaðarþing í fyrra mótmælti því, að bændur væru látnir greiða 1% gjald í sjóð, sem eingöngu á að verja í þeirra eigin þágu, og voru þó ýmsir aðrir tekjustofnar, sem sá sjóður fékk, heldur en framlagið frá bændum. Það var m. a. framlag frá ríkinu og framlag frá neytendum, þannig að bændur áttu alls ekki að borga þetta allt, þó að sjóðurinn kæmi hins vegar þeim einum að gagni. Þetta búnaðarþing, sem taldi fráleitt að leggja 1% gjald á bændastéttina til þess að stofna sjóði, sem síðar yrðu notaðir í þágu landbúnaðarins, til ræktunar og uppbyggingar í sveitunum — þetta sama búnaðarþing taldi hins vegar mjög eðlilegt, að bændur væru skattlagðir til þess að byggja lúxushótel í Reykjavík og skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, sem þeir höfðu enga þörf fyrir.

Á fundi í fyrra samþykkti stjórn Stéttarsambands bænda, sem fékk til umsagnar áðurgreint frv. til l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, svofellda ályktun, sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi forseta:

„Stjórn Stéttarsambands bænda hefur tekið til athugunar frv. frá Alþingi um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Stjórn Stéttarsambandsins viðurkennir, að með frv. er reynt að bæta aðstöðu byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs frá því, sem nú er, en telur hins vegar, að sú leið, sem gert er ráð fyrir í frv., að skattleggja bændur í þessu skyni, sé neyðarúrræði."

Þannig er stjórn Stéttarsambands bænda staðin að því að álíta það neyðarúrræði að þurfa að leggja 1% gjald á bændur til þess að leggja í stofnlánadeild landbúnaðarins, sem, eins og ég hef áður tekið fram, á að verja til ræktunar í sveitum og uppbyggingar þar og er eingöngu í þágu bændanna eða landbúnaðarins, — það telur stjórn Stéttarsambandsins neyðarúrræði, að leggja slíkt gjald á bændurna. En það kemur allt annað hljóð í strokkinn, þegar á að fara að taka afstöðu til þess, hvort bændurnir eigi að byggja ferðamannahótel og verzlunar- og skrifstofuhúsnæði í Reykjavík. Þá er ekki minnzt á, að það sé neyðarúrræði. Nei, nei, nei, það er bara alveg sjálfsagður og eðlilegur hlutur og alveg nauðsynlegt fyrir bændastéttina að fá þennan skatt. Það mætti í sjálfu sér alveg eins halda áfram að skattleggja bændastéttina til þess að gera út togara eða byggja bifreiðaverkstæði eða reisa súkkulaðiverksmiðju eða eitthvað slíkt. Það væri sjálfsagt eðlilegt áframhald á þessu.

Nú vil ég út af fyrir sig taka fram, að ég er á engan hátt andvígur því, að það sé reist hótel í Reykjavík, og það er sjálfsagt nauðsynlegt. En það á fyrst og fremst að gera af þeim aðilum, sem hafa reynslu og þekkingu í hótelrekstri, og ég geri ráð fyrir því, að það hefði verið byggt hér hótel, ef Hótel Saga hefði ekki risið, en það kann vel að vera, að það hefði verið með öðru sniði en Hótel Saga. En það réttlætir ekki, að það sé verið að skattleggja eina stétt. Þó að það vanti hótel í Reykjavík, þá er það ekki nein réttlæting fyrir því, að bændastéttin sé skattlögð, og ég tel í raun og veru, að það hafi verið farið algerlega út fyrir heimild Alþingis með þessa skattlagningu, þar sem í heimildinni frá 1959 segir einungis, að það megi leggja

þennan skatt á til þess að byggja hús við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, en ekki til annarra hluta. En svo kom það á daginn, þegar þetta hús var byggt, að það var aðeins örlítill hluti af því, sem á að notast í framtíðinni yfir þessa starfsemi, þannig að það má mjög undarlegt heita, að það skuli vera af stjórn Stéttarsambandsins talið, eins og ég sagði áðan, neyðarúrræði að safna eða láta bændurna leggja í sjóð til þess að kosta ræktun og vélakaup, byggingu peningshúsa og íbúðarhúsa, mjólkurvinnslustöðva og annarra slíkra í þágu landbúnaðarins, en það sé hins vegar ekki minnzt á neyðarúrræði, heldur talið sjálfsagt og eðlilegur hlutur, að bændasamtökin í landinu séu að byggja skrifstofuhúsnæði yfir Flugfélag Íslands og Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og svo að lokum yfir erlenda ferðamenn.

Ég tel þess vegna, þegar litið er á afstöðu búnaðarþings og Stéttarsambandsins til skattlagningar á bændur í sambandi við stofnlánadeild landbúnaðarins og þegar litið er á það, að meiri hl. Alþ. tók ekkert mark á þessum samþykktum í fyrra, þá sé ekki heldur nein ástæða til að gera það að þessu sinni og miklu síður ástæða til þess nú.

Í sjálfu sér væri hægt að hugsa sér það, að þessi mikla fjárfesting hjá bændasamtökunum við skrifstofu- og verzlunarhúsnæði og hótelbyggingu gæti að lokum orðið þeim til hagnaðar, þannig að reksturinn á hótelinu og byggingunni yrði hagfelldari og þarna skapaðist ágóði og bændastéttin gæti aftur fengið sér bætt upp þetta skattgjald, sem á hana hefur verið lagt. En ég held, að þeir, sem málum eru kunnugastir, telji því miður ákaflega litlar líkur til þess, að málin snúist á þann veg, heldur séu líkurnar miklu meiri fyrir hinu gagnstæða, að þarna geti um langt árabil orðið um varanlegan rekstrarhalla að ræða, og þá yrði þetta ekki einungis eins og upphaflega var gert ráð fyrir, að þetta skattgjald yrði framlag til byggingar Bændahallarinnar, heldur yrði þetta skattgjald til þess í framtíðinni að standa undir rekstrarhalla af byggingunni, og þá má sjálfsagt gera ráð fyrir því, að það verði oft farið fram á það við Alþingi, að þetta gjald verði framlengt.

Ég held svo, að ég hafi ekki fleira fram að taka um þetta mál á þessu stigi, en ég legg til, eins og ég hef tekið fram í mínu nál., að frv. verði felllt.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 9. landsk., þar sem hann vék að því, að gætt hafi ósamræmis í afstöðu minni til ályktana búnaðarþings, þar sem ég hefði í fyrra hér á Alþingi ekki viljað gera neitt með ályktun búnaðarþings, þar sem það mótmælti því gjaldi, sem þá var lögfest af afurðum bænda til stofnlánadeildar landbúnaðarins, en vildi nú taka undir óskir búnaðarþings um þetta mál. Búnaðarþing 1962 óskaði eindregið eftir, að sú lagabreyting, sem hér liggur fyrir, yrði gerð á þinginu í fyrra, en málið var aldrei tekið fyrir á því þingi. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið og bændur búnir að halda sinn stéttarsambandsfund s. l. haust og samþykkja nær einróma að óska þess, að þetta gjald verði framlengt, svo sem eftirfarandi samþykkt sýnir — með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn að Bifröst 4. og 5. sept. 1962, felur stjórn Stéttarsambandsins að vinna að því, að Alþingi framlengi um 4 ár, frá 1962—1965 að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði l. nr. 10 17. marz 1959, um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs."

Á þessu stéttarsambandsþingi kom það eins greinilega fram og orðið getur, að fulltrúar á því þingi voru svo til hver og einn einasti því fylgjandi, að þetta lagaákvæði yrði framlengt. Og þó að þetta hafi ekki verið borið undir bændur almennt í landinu, þá verður að álíta svo, að þessir fulltrúar þeirra, sem sátu stéttarsambandsþingið í haust, hafi haft það gild umboð og vitað það vel hug bænda í landinu almennt, að þeir hefðu ekki farið að samþykkja þetta, ef þeir teldu það ekki nauðsynlegt og þeir teldu, að þeir hefðu bændur á bak við sig í þessu máli. Ég tel, að þessi ályktun Stéttarsambandsins í haust ráði úrslitum um það, að Alþ. geti ekki neitað samtökum bændanna um það að framlengja þetta gjald, úr því að svona ákveðnar óskir hafa komið fram um það og jafnframt studdar mjög föstum rökum um það, að þetta hús, sem er í byggingu og ekki lokið, þurfi nauðsynlega á þessu fé að halda, ef bændasamtökin eigi ekki að missa málið úr höndum sér og verða að ráðstafa byggingunni öðruvísi en ætlað var.

Þess vegna er mín afstaða sú, að Alþ. geti ekki neitað svona ákveðnum óskum fulltrúa bændanna um það að fá þetta gjald framlengt, eins og á stendur, án tillits til þess, hvaða afstöðu einstakir menn eða einstakir þm. hafa haft í upphafi um það, þegar út í þessa byggingu var farið. En málið er komið á það stig, að ekki verður aftur snúið með bygginguna, og að láta bygginguna úr höndum sér, tel ég vera svo óaðgengilegt fyrir bændastéttina, að hún geti alls ekki unað við það, ef því er að skipta, sem allar líkur benda til, ef bændasamtökin verða ekki studd með því að fá þetta gjald, þá skapist þar ástand, sem ég fyrir mitt leyti vil ekki styðja að því að skapist.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég er meðal þeirra, sem fagna því, að bændasamtökin skyldu ráðast í þessa byggingu við Hagatorg, og mér vex það ekkert í augum, að þau skyldu hafa hana svo stóra og veglega sem raun ber vitni um. Ég held, að það sé frekast bændum og samtökum þeirra til sóma að hafa byggt þannig, ekki aðeins fyrir bráðustu þarfir í nútíð, heldur langa framtíð. Vitanlega er þeim mikil nauðsyn á því að hafa nægilegt fjármagn til þess að ljúka þessari byggingu.

En ég stend nú ekki upp til þess að láta aðdáun eina í ljós, heldur til þess að minnast á atriði, sem ég ber svolítinn kvíðboga fyrir í þessu efni. Og það er hótelrekstrinn, sem þegar er hafinn í þessari byggingu. Ég veit ekki, hvort ég skil það rétt, en ég hef grun um, að sá hótelrekstur, sem hafinn er þar, sé á ábyrgð bændasamtakanna að miklu leyti eða öllu leyti. Ég hef heyrt, að þessi rekstur hafi ekki farið sérlega vel af stað og hingað til hafi verið um taprekstur að ræða. Er nú ástæða til þess að óttast, að þessi baggi verði til frambúðar lagður á bændastéttina án samþykkis hennar. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli. Það var eðlilegt, að bændasamtökin leigðu út hluta af þessari miklu byggingu, en það er ekki eðlilegt, að þau taki að sér neins konar annarlegan rekstur við þessa byggingu, eins og hótelrekstur. Ég veit ekki til, að það hafi verið komið á stofn neinum ábyrgum aðila að þessum rekstri, og þess vegna tel ég alls ekki áhættulaust fyrir bændurna að halda áfram. Og ég er því mótfallinn algerlega, að bændur séu skattlagðir fyrir þennan hótelrekstur og að húsbygginganefnd sé leyfilegt að láta svo og svo mikið af mörkum, ekki aðeins fyrir hótelbúnað, heldur einnig í sjálfan reksturinn. Þetta er henni algerlega óheimilt.

Ég verð að láta í ljós undrun mína á því, að samtök bænda skuli hafa reynzt jafneinhuga í þessu máli um framlengingu gjaldsins til 4 ára og raun ber vitni um. Mér er þó ekki grunlaust um, að þetta muni alls ekki vera vinsælt meðal bændanna sjálfra, og þess vegna dettur mér í hug: Er ekki þörf á því einmitt hér og nú að vernda bændur fyrir sínum eigin fulltrúum í þessu efni? En hvað sem um það er, þá tel ég þetta mál ekki nógu vel upplýst, sérstaklega með tilliti til skuldbindingar bændasamtakanna gagnvart hótelrekstrinum, og teldi vera æskilegt, að einhver hér inni gæti upplýst það nánar, þau tengsl og þær skyldur, sem bændasamtökin kunna að hafa tekizt á hendur um þennan rekstur. Sé það ætlunin að binda þann bagga á herðar bændasamtökunum, þá er ég mótfallinn þessu frv. í því formi, sem það er lagt fram.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki mikið lengja þessar umr., en það voru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á þó í máli mínu, sumt að gefnu tilefni. Það mætti margt um þetta mál efnislega ræða. Ég skal þó forðast að fara út í almennar umr. um það.

Þegar þetta gjald var á lagt, gerði ég þá grein fyrir mínu atkv. um það mál, að jákvæði mitt byggðist eingöngu á því, að það væri yfirgnæfandi meiri hl. fulltrúa bænda, sem óskaði eftir því að fá heimild til þess að innheimta þetta gjald, og að öðrum kosti mundi ég ekki hafa greitt málinu atkv., því að það var skoðun mín og er raunar skoðun mín enn, að þarna hafi kannske verið farið með, — ja, við getum kallað það stórhug, — meiri stórhug af stað en heppilegt hefði verið, þó að alltaf beri að sjálfsögðu að virða slíkt framtak. Afstaða mín til þessa máls í dag og ástæðan til þess, að ég greiði atkv. með framlengingu þessa gjalds, er sú, að eins og málið stendur, er óumflýjanlegt annað en að innheimta þetta gjald nú, a. m. k. alveg næstu árin, því að það gefur auga leið og það mun hafa haft áhrif á marga þá, sem upphaflega voru á móti gjaldinu, að það getur orðið mjög afdrifaríkt fyrir bændasamtökin, sem eru búin að leggja í þessa byggingu nú, ef það kæmist allt í þrot, m. a. vegna þess, að það er engin vissa fyrir því, að þau gætu án verulegra fjárhagsáfalla komizt út úr málinu, þótt þau vildu það. Og af þessum sökum er ég í dag miklu minna hikandi en ég var í upphafi við það að greiða atkv. með þessu máli og taka afleiðingunum af því, sem gert hefur verið. Hitt er allt annað mál, að ég get efnislega tekið undir það, sem fram kemur í grg. hv. minni hl. landbn. Þar kemur vissulega fram sjónarmið, sem hefði vel komið til greina og hefði mátt segja, að hefði verið réttara ráðið í upphafi þessa máls um framkvæmdir á því. En það er miklum mun erfiðara nú að ætla sér að færa málið inn á þær brautir en það hefði verið þá.

Þessi bygging er mjög glæsileg, og það er rétt, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér, að það verður vafalaust síðar meir talið bændasamtökunum til mikils sóma að hafa reist þetta stóra og myndarlega hús. En því miður hefur hér orðið um að ræða stærri fjárhagsbyrðar en menn í upphafi létu sér detta í hug. Orsakir þess skal ég ekki rekja, bæði að húsið varð að lokum jafnvel enn stærra en upphaflega var ætlað og enn fremur hitt, að allur tilkostnaður hefur mjög aukizt á seinni árum, þannig að húsið hefur orðið miklum mun dýrara en gert var ráð fyrir. En það, sem blasir við nú, er, að það verður að ljúka húsinu, þannig að það verði hæft til þeirra nota, sem það er ætlað, og eins og sakir standa í dag, þá hygg ég, að það sé rétt mat, að það sé lítt mögulegt að koma þessu máli á þann grundvöll, að bændasamtökin verði ekki beinlínis fyrir stórtjóni, ef þetta gjald verður ekki framlengt, því að möguleiki samtakanna til að fá lán til að ljúka húsinu byggist að verulegu leyti á því, að sú trygging sé fyrir hendi, sem í þessu gjaldi er fólgin.

Hitt er svo allt annað mál, og undir það vil ég mjög taka með þeim, sem það hafa rætt hér, að það er að minni hyggju fráleitt með öllu, að bændasamtökin fari sjálf að reka þarna hótel. Það er rétt, að þau eru ábyrg fyrir þessum rekstri í dag. En ástæðan til þess er sú, að það er ekki talið gerlegt, — og ég hygg, að það sé rétt, — að bjóða út hótelreksturinn, fyrr en byggingunni er það langt komið, að hótelrýmið sjálft sé tilbúið til afnota. Það mundi enginn maður taka þetta húsrými á leigu sem hótel eða til neinna hluta, meðan það er ekki hálfkarað. En það mun vera ákveð-

in ætlun forustumanna bændasamtakanna að bjóða síðan hótelreksturinn út, en reka ekki hótelið í eigin nafni.

Hitt vil ég einnig taka undir, að ég álít það fráleitt með öllu, ef hótelið verður baggi á bændasamtökunum, þannig að þetta gjald þurfi að notast til þess að greiða rekstrarhalla. Þá álít ég, að sé orðið fullkomlega tímabært að endurskoða málið í heild. En það er erfitt að segja nokkuð um það í dag, og ég hef sannast sagna ekki þá trú, að það sé líklegt, að forustumenn bændasamtakanna mundu láta sér hugkvæmast það að starfrækja þetta hótel á eigin vegum eða eiga áfram þennan hluta byggingarinnar, sem til hótelrekstrar er notaður, ef það sýnir sig, að reksturinn sjálfur eða leiga hótelsins gefur ekki þann arð, að það fái staðið undir byggingarkostnaðinum. Það væri mjög fráleitt, og ég er hræddur um, að þá færi að koma mikill kurr í marga bændur, ef það væri sýnt, að það ætti að nota þetta gjald til þess að greiða rekstrarhalla, sem er auðvitað allt annað mál en að koma byggingunni upp.

Ég mundi því segja og taka undir með þeim mönnum, sem hafa nú gagnrýnt þetta mál, að það væri fullkomin ástæða til endurskoðunar á þessu gjaldi og þessari tilhögun allri saman um þessa fjáröflun, ef og þegar það sýnir sig, að gjaldið verður notað til þess að greiða rekstrarhalla af byggingunni, því að vitanlega er það rétt, og ég þykist sannfærður um það, að forustumenn bændasamtakanna geri sér fulla grein fyrir því, að þessa leið er ekki hægt að fara, og það yrði þá að reyna að finna möguleika til þess að afsetja annaðhvort hluta byggingarinnar eða koma hótelrekstrinum í hendur aðila, sem hefðu aðstöðu til þess að tryggja nægileg verkefni fyrir hótelið. Það mætti vel hugsa sér, að það yrði reynt að koma á einhverri samvinnu milli þeirra aðila, sem t. d. stunda fólksflutninga milli Íslands og annarra landa, ef þess gerðist þörf, til þess að reyna að tryggja framtíðarrekstur þessa hótels.

Ég skal engu spá um það, hvernig þessi rekstur muni ganga í framtíðinni, þó að ég fyrir mitt leyti hafi nokkrar efasemdir um það, að hann skili þeim árangri, sem ásetlanir hafa verið gerðar um. En um það skulum við ekkert fullyrða í dag. Mér finnst, að það sé ekkert áhyggjuefni út af fyrir sig, þó að yrði veitt þessi heimild, sem hér um ræðir í þessu frv., því að að sjálfsögðu má hvenær sem er á tímabilinu fella þessa heimild niður, ef það sýnir sig, að óskynsamlega sé á þessu máli haldið, hótelið sé rekið með halla á kostnað bændasamtakanna eða á einhvern þann hátt málum þannig hagað, að hér sé beinlínis verið að nota fé bænda til að greiða hallarekstur, sem á að vera ástæðulaust að þurfi að greiða. En ég fæ ekki séð, að með nokkru móti sé nú hægt að komast undan því að framlengja þetta gjald, þótt það vafalaust sé engum manni gleðiefni að þurfa að gera það, því að vissulega væri sannarlega það bezta, að þess þyrfti ekki með.

Ég skal ekki orðlengja frekar, herra forseti, um málið, en langaði aðeins til að láta þessi orð falla hér, sem nokkurs konar grg. þá um leið fyrir afstöðu minni til frv., þegar þar að kemur.

Frsm. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður og reyndar fleiri hafa borið það fram sem mikilvæg rök í þessu máli fyrir því að framlengja nú gjaldið, að það sé nauðsynlegt, til þess að lánsstofnanir fáist til þess að lána fé til byggingarinnar, henni sé ekki fyllilega lokið og það sé auðvitað nauðsynlegt að ljúka byggingarframkvæmdum sem fyrst og koma öllu húsinu í rekstur. Ef þetta er rétt, að það sé erfitt að fá lán til byggingarinnar öðruvísi en að framlengja þetta gjald, þá virðist mér það því miður benda til þess, að lánsstofnanir hafi ekki trú á því, að sá rekstur, sem þarna verður hafður um hönd og þá fyrst og fremst hótelrekstur, sé arðvænlegur. En hitt vildi ég benda á, að ef þessi heimild til framlengingar verður samþ. nú, þá teldi ég varla fært síðar á þessu tímabili að fara að fella hana niður aftur, eins og hv. síðasti ræðumaður drap á, vegna þess að ég sæi ekki annað en þá væri raunverulega verið að svíkja þær lánsstofnanir, sem hafa lánað út á þetta gjald, sem þær hafa væntanlega treyst á að yrði til næstu 4 ára.

Ég held, að það sé skynsamlegt, eins og síðasti hv. ræðumaður drap á, að bændurnir seldu hótelið á leigu í heilu lagi. En það þarf þó ekki að vera lausn á öllum vanda. Það kann vel að fara svo, að það fáist enginn aðili til þess að taka á leigu húsið í heild, það verða bændasamtökin að horfast í augu við. Og þá getur farið svo, að þau verði að velja á milli þess tvenns, annaðhvort að selja hótelið eða reka það sjálf með halla. Það er í raun og veru ekki ákaflega sterk viðskiptaaðstaða að byggja hótel í þeirri fullvissu að ætla ekki að reka það sjálfur, heldur fá einhvern annan til þess að reka það eða taka það á leigu, — það er ekki sterk aðstaða. Og þess vegna er það alveg óvíst, að það fáist nokkur til að taka þetta á leigu með þeim skilmálum, sem bændasamtökin geta sætt sig við, og þau verði þess vegna að leggja út í hótelreksturinn sjálf, og þá kann svo að fara í framtíðinni, að þetta gjald renni raunverulega til þess að greiða niður rekstrarhalla á Hótel Sögu.

En þá ætla ég að koma að því, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. drap á í sinni síðari ræðu, og það var ályktun Stéttarsambands bænda, sem gerð var um þetta mál í haust, en ræðumaður taldi, að hún hefði verið einróma eða nær einróma í þá átt að mæla með því, að þetta gjald yrði framlengt. Frsm. meiri hl. taldi, að það væri sérstaklega mikið að marka þessa samþykkt, vegna þess að bændur hefðu verið búnir að hugsa málið þá í heilt ár. Ég

verð nú að játa það, að ég skildi þetta ekki nægilega vel kannske. Þegar búnaðarþing gerði samþykkt um þetta mál í fyrra, — sú samþykkt er, held ég, prentuð sem fskj. með frv., — þá tel ég ekki hægt að halda því fram, að bændur hafi í annað skiptið verið búnir að hugsa meira um málið heldur en hitt, þannig að þeir hefðu í haust verið búnir að hugsa málið meira en í fyrra, þegar búnaðarþing tók sína afstöðu. Það verður að athuga, að þessi þing eru fámenn, og ég held a. m. k., að á stéttarsambandsþing séu fulltrúarnir ekki kosnir beinum kosningum af bændum. Auk þess veit ég ekki um það, hvernig þetta mál hefur verið lagt fyrir stéttarsambandsþingið. Það er alls ekki víst, að það hafi verið lagt nægilega skilmerkilega fyrir, til þess að fulltrúar hafi getað markað rétta afstöðu til málsins. En það, sem ég held þó, að sé höfuðatriði, er, að leiðandi menn bændastéttarinnar, sem eru auðvitað leiðandi menn innan Stéttarsambands bænda, eiga sjálfir verulega sök á þessum mistökum, sem hafa verið gerð í sambandi við Bændahöllina. Og það er þess vegna eðlilegt, að þeir reyni að fá þingið inn á sín sjónarmið og fá það til að taka þá mistökin á sínar herðar, eða a. m. k. láta ekki koma fram óeiningu innan bændastéttarinnar.

Ég hygg nú, þó að ég þekki ekki nákvæmlega til þessara hluta, að ýmsir af þessum fulltrúum bændastéttarinnar, sem hafi samþykkt að mæla með framlengingu þessa gjalds á þingi Stéttarsambandsins í haust, hafi ekki gert það af því, að þeir væru hrifnir af þessari gjaldálagningu, síður en svo, heldur hafi þeir aðeins litið þannig á málið, að bændasamtökin væru komin svo langt út í ófærur, að það væri skynsamlegra að reyna að halda áfram heldur en að snúa við. Og ég held, að til samþykkta, sem gerðar eru á slíkum grundvelli, þurfi Alþ. ekki að taka mikið tillit.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:2 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið. Ég vildi aðeins á þessu stigi leyfa mér að leggja fram brtt., sem ég held að allir hv. þdm. ættu að fallast á. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi skattur á bændur skuli gilda næstu 4 árin. En er nú nokkur þörf á því að ákveða með lögum 4 ár fram í tímann þessa skattlagningu? Ég hefði talið heppilegra og nærgætnara við bændur að ákveða þetta svo að segja eftir hendinni, t. d. eitt ár í senn eða í mesta lagi 2 ár. Ég legg til í minni brtt., að það verði bundið við 2 næstu árin. Þá má taka málið aftur til athugunar og ákvörðunar. Í öðru lagi legg ég til, að Alþingi skeri úr um það, til hvers þessu fé sé varið, að því skuli varið til þess að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík og ekki til annarra hluta. Það virðist hafa komið fram hér í umr., að fé bænda sé varið til annarra hluta, því sé varið nú í dag til hótelrekstrar, til að standa undir halla af hótelrekstri. Þetta tel ég, eins og ég sagði áðan, algerlega ótækt. Ég legg því til, að skotið sé inn í setningu þess efnis, að þessu fé, sem um er að ræða, verði ekki að neinu leyti varið til hótelrekstrar né annarra annarlegra framkvæmda.

Ég vil þá aðeins að lokum lesa brtt., eins og hún er orðuð. Hún er á þessa leið:

„Ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. orðist svo: Á árunum 1962 og 1963 skal greiða 1/2% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra, enda verði fénu ekki að neinu leyti varið til hótelrekstrar né annarra annarlegra framkvæmda. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu 2:1. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald."

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja þessa till. fram, þótt hún sé skrifleg, og vænti þess, að hv. deild veiti afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess raunverulega að gera grein fyrir atkv. mínu í sambandi við þessa brtt., af því að ég álít æskilegt, að það komi fram sú skoðun, þannig að ekki verði misskilningur í sambandi við afstöðu til málsins.

Þetta frv. er flutt hér á Alþingi að beiðni tveggja aðalsamtaka bænda og í því formi, sem þessi samtök hafa frá því gengið. Ég álít, að þessi samtök séu ábyrg gagnvart sínum umbjóðendum um það að misfara ekki með þetta fé eða ráðstafa því á neinn óeðlilegan hátt. Einmitt vegna þess, hvernig frv. er til komið, tel ég fyrir mitt leyti ekki eðlilegt annað en að menn annaðhvort afgreiði frv. í þessari mynd eða séu á móti málinu í heild, því að það þyrfti allt nánari athugunar við, hvort það þjónaði þá sínum tilgangi, ef það ætti að fara að breyta því í verulegum atriðum nú frá því, sem það er.

Hitt vil ég gjarnan taka fram, að þó að ég greiði atkv. gegn þessari brtt., sem hér liggur fyrir, ber alls ekki að skilja þá afstöðu þannig, að ég sé efnislega á móti því, að þeirra sjónarmiða verði gætt, sem í brtt. felast, þannig að í því felist nokkur viðurkenning á því, að það sé eðlilegt að nota gjaldið til þess að borga rekstrarhalla af þeim rekstri, sem fer

fram í þessu húsi. Ég álít, að aðhald það, sem forustumenn bændasamtakanna hafa í því efni, sé nægilegt frá bændunum sjálfum og þeir muni ekki una því, að þannig yrði á málum haldið, og því þarflaust af Alþ. að vera að ákveða neitt um það. En til þess, eins og ég áðan sagði, að það verði ekki misskilið, að með þessu sé Alþ. að leggja blessun sína yfir, að gjaldið verði þannig notað, þó að brtt. sé felld, þá tel ég rétt, að það komi fram, að varðandi a. m. k. mína afstöðu í þessu máli er alls ekki heimilt að gagnálykta í því efni.

ATKVGR.
Brtt. 215 felld með 13:3 atkv.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 216).

51. Jarðræktarlög.

Á 13. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og l. nr. 29 1955, um breyt. á þeim lögum [93. mál] (þmfrv., A. 113).

Á 15., 19. og 20. fundi í Nd., 15. og 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Valtýr Kristjánsson): Herra forseti. Í fáum löndum munu atvinnuvegir eins háðir árferði og hér á landi. Á ég þar fyrst og fremst við landbúnað og sjávarútveg. Oft blása naprir vindar um þetta eyland við heimskautsbaug. Enn í dag mun fátt almennara umræðuefni, þar sem tveir eða fleiri mætast, en tíðarfarið. Bændur og sjómenn hafa um aldir látið það verða eitt sitt fyrsta verk morgun hvern að gá til veðurs. Glöggir menn og framsýnir sáu fyrir veðrabrigði, sem oft og einatt varð til þess að koma í veg fyrir eignatjón og mannskaða. Bændur þessa lands hafa lengst af átt allt sitt undir sól og regni. Þó hefur það breytzt á síðari árum hjá mörgum þeirra vegna ræktunarframkvæmda og vélvæðingar, sem gerir þeim mögulegt að afla heyja á skemmri tíma en áður og haga heyskap sínum meira eftir veðurfari, einkum þó þeir bændur, sem sett hafa upp súgþurrkun og byggt votheysgeymslur. Enn í dag standa menn þó næstum ráðþrota gegn kalinu, þeim mikla tjónvaldi. Vitað er, að orsakir eru margar til kals, köld veðrátta, snöggar hitabreytingar og svellalög eru algengar orsakir, en fleira kemur til. Erlendar grastegundir, sem notaðar hafa verið, hafa reynzt mjög misjafnlega. Þær, sem fluttar voru inn í síðasta stríði, dóu margar hverjar út á skömmum tíma, og ýmsar grastegundir, sem notaðar hafa verið á síðari árum, deyja eftir nokkur ár eða rýrna að miklum mun. Það er því augljóst, að mjög þarf að vanda til vals á grasfræi, sem flutt er inn, og reyna að kaupa það frá þeim stöðum, sem líkast hafa veðurfar og er hér á landi, eins og t. d. skógræktin gerir, þegar hún velur trjáfræ. Þá er og nauðsynlegt að blanda grasfræið með tilliti til þess, hvar á landinu á að nota það. Mætti hugsa sér, að ráðunautar leiðbeindu bændum í því efni að fengnum till. sérfræðinga og að undangenginni rannsókn á því, hvaða tegundir eiga bezt við á hverjum stað. Þá hafa þær raddir komið fram meðal bænda og búvísindamanna, að aukin notkun áburðar, einkum köfnunarefnis, geti átt sinn þátt í því, að jurtirnar hafa minna þol og deyi af þeim sökum, ef kaldara blæs.

Á árunum 1951 og 1952 gerði dr. Sturla Friðriksson athuganir á kali á vegum Atvinnudeildar háskólans. Hann telur, að tjónið af völdum kals þessi tvö fyrrnefndu ár hafi verið um 50 millj. kr. Þessi ár voru þó ekki meðal þeirra verstu. Kal taldi hann aðallega verða með fernum hætti: frostkal, svellkal, klakakal og rotkal. Meira bar á kali á flatlendum túnum en þeim, sem voru í halla. Verst fóru þær sléttur, sem höfðu halla mót norðri, og þar næst austri. Gróður, sem kom í kalsléttunar, reyndist slæmur til fóðurs og erfitt að þurrka hann. Auk þess urðu slétturnar ósléttar og erfiðar af þeim sökum til heyskapar. Dr. Sturla athugaði um 250 sléttur alls sunnan- og norðanlands. Síðan er liðinn fullur áratugur. Á þeim tíma hefur verið byrjað á jarðvegsrannsóknum, og margt fleira gerir það að verkum, að auðveldara ætti að vera fyrir okkar búvísindamenn að rannsaka orsakir kalskemmdanna nú, enda gert í smáum stíl 1951 og 1952 og á takmörkuðum svæðum á landinu.

Ég hef ásamt þremur öðrum þm. lagt fram hér á hv. Alþingi till. til þál. um rannsókn á kali í túnum o. fl. Í þessari till. er lagt til, að hafnar verði á vegum Atvinnudeildar háskólans viðtækar rannsóknir á kalinu og orsökum þess og að því loknu gefnar út niðurstöður rannsóknanna og leiðbeiningar um það, hvernig helzt sé að verjast þessum vágesti, og bent á ráð til úrbóta, sem að gagni mætti koma. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru að sjálfsögðu erfiðleikum bundnar hjá smáþjóð vegna kostnaðar. En ég held, að þrátt fyrir það höfum við alls ekki efni á því að telja eftir þann kostnað, sem fer til þess að undirbyggja okkar atvinnuvegi, ef svo mætti að orði komast. Kal hefur þjáð íslenzkan landbúnað um aldir. Áraskipti eru að því. Stundum kemur eitt og eitt slæmt ár með nokkru millibili, í annan tíma fleiri saman. En bændur hafa ekki nema að litlu leyti getað safnað í hlöður, þegar betur áraði, og geymt það til vondu áranna. Það getur hver og einn gert sér ljóst það efnalega áfall, sem bændurnir verða fyrir vegna kalskemmda í túnum sínum, fyrir utan það vonleysi og uppgjafartilfinningu, sem grípur þá við að horfa upp á eyði-

leggingu þeirra framkvæmda, sem kostað hafa þá mikið fé og erfiði. Það mundi þykja t. d. tíðindum sæta, ef hálfur heyfengur mörg hundruð bænda, auk minni heyskaða, brynni, og þó er það engu meira tjón en það, sem orðið hefur í ár af völdum kalskemmda. Í mörgum tilfellum er ekki um annað að ræða en endurvinnslu á mestu kalsvæðum túnanna, en vegna hins mikla kostnaðar, sem orðinn er við alla jarðrækt, reynist það mörgum bóndanum erfitt viðfangsefni til viðbótar öðrum afleiðingum, sem tjóninu eru samfara. Til skýringar máli mínu vil ég gera grein fyrir sundurliðun á kostnaði við ræktun á mólendi án jöfnunar, sem er auðunnasta land, sem tekið er til ræktunar. Samkv. upplýsingum frá landnámi ríkisins er kostnaðurinn sem hér segir á hektara:

Plæging 1590 kr., tæting 763, áburður 2254, fræ 2200, sáning, dreifing, völtun og flutningskostnaður 1155 kr. og söluskattur 105 kr. Samtals er þetta 8067 kr., kostnaður við ræktun á hektara. En þess má geta, að ef um mýrlendi er að ræða, er þessi kostnaður yfir 12 þús. kr. Í ár er jarðræktarstyrkurinn á hvern hektara kr. 1223.60 til þeirra bænda, sem hafa stærra tún en 10 hektara. Hann er með öðrum orðum líðlega helmingur fræverðsins, sem er, eins og fyrr segir, 2200 kr. Þar sem ég þekki bezt til, var mikið kal líka árið 1961. Þar við bættist óþurrkasumur og gjaffrekur vetur. Segja má, að ástæður sumra bænda séu mjög slæmar og óvíst, hvort þeir ráða við þær skuldir, sem myndazt hafa á síðustu árum, bæði af þessum ástæðum og öðrum, sem ég mun ekki rekja hér.

Er þá mikill skaði skeður, þó að nokkrir bændur flosni upp, þar sem vöntun er á vinnuafli, kunna einhverjir að hugsa? Mér kom í hug undir ræðum hér á hv. Alþ. um styrjaldarhættu, hervarnir, brottflutning fólks af hættusvæðum o. fl., hvort ráðamenn þjóðarinnar hefðu hugleitt, hverja þýðingu landbúnaðurinn hefur fyrir þjóðina, ekki sízt á styrjaldartímum. Ég leyfi mér að draga í efa, að þorri manna geri sér þetta nægilega ljóst, en það mun sannast, ef landið t. d. einangrast í styrjöld, að landbúnaðurinn er einn fær um að fæða og klæða þjóðina. Bretar sáu það bezt í síðustu styrjöld, að þeir höfðu ekki sinnt sínum landbúnaði sem skyldi, og supu seyðið af því. Eftir styrjöldina hafa þeir lagt mikið kapp á að efla landbúnað sinn með opinberri aðstoð, vel minnugir þess, hvað skilningsleysi á þýðingu hans fyrir þjóðina kostaði, þegar mest kreppti að henni í hörmungum styrjaldarinnar.

Mér finnst, að því hafi furðulítið verið haldið á lofti, hvert verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í raun og veru er. Árið 1958 nam það 830 millj. kr. Það hefur ekki unnizt tími til að reikna út til fulls verðmæti áranna 1959, 1960 og 1961, en talið er, að heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar 1961 muni nema um 1000—1100 millj. Það lítur stundum út fyrir, að svo sé litið á, að framleiðsla sé lítils virði, nema fyrir hana komi erlendur gjaldeyrir, en minna að því gætt, hversu mikill gjaldeyrir sparast vegna þess, sem neytt er í landinu sjálfu. En söm er þýðing atvinnuvegar fyrir þjóðina, hvort hann framleiðir vöru, sem aflar gjaldeyris eða sparar hann.

Ég hef hér á undan leitazt við að færa rök að því, að þjóðin hafi ekki efni á því, að landbúnaðurinn dragist saman, bæði öryggis vegna og til að fullnægja þörfum ört vaxandi þjóðar á landbúnaðarvörum. Frv., sem hér liggur fyrir til umr., er flutt í því skyni, að þeir bændur, sem nauðbeygðir eru til að endurvinna tún sín vegna kalskemmda, njóti styrks á framkvæmdina. Þótt styrkurinn sé lágur, er hann þó nokkur hjálp, en ég þori að fullyrða, að hann freistar ekki nokkurs bónda til þess að reyna að misnota hann.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 150).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Það er hyggja mín, að árið 1962 muni í búnaðarsögu okkar skipa sér á bekk með þeim árum, sem í annálum okkar eru stundum kalár kölluð. Þess mun hafa gætt í nær öllum héruðum landsins, að gróður hafi kalið á þessu ári, misjafnlega mikið að vísu og langmest þó á norðausturhluta landsins. Í þeim landshluta olli kalið stórfelldu tjóni. Athugun, sem gerð var á s. l. sumri að tilhlutan Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga á kali á ræktuðu landi þar í sýslu og tjóni af völdum þess, bendir til þess, að heymagn af túnum í þessu héraði verði í ár þriðjungi minna en á undanförnum árum. Af sumum túnum þar í sveitum varð ekki nema helmingsuppskera og sumum mun minni, og er kalinu að langmestu leyti um að kenna. Það er því alveg ljóst, að búendur í þessu héraði hafa orðið fyrir gífurlegu tjóni vegna uppskerubrests, og vart mun ástandið vera betra í héruðum þar norður undan og austan.

Það þarf því engan að undra, þó að þeir, sem fyrir slíkum áföllum verða, sem bændur í þessum landshlutum hafa orðið fyrir, beri fram óskir um aðstoð af hálfu hins opinbera, og ekkert er eðlilegra, þegar stórfelld áföll verða í einhverri atvinnugrein, ekki sízt þegar atvinnugreinin er svo mikilvæg fyrir þjóðarheildina sem landbúnaðurinn er, en að þing og stjórn komi til nokkurar hjálpar og létti þær byrðar, sem af ófyrirsjáanlegum orsökum hafa á þennan eða hinn atvinnuveginn verið lagðar.

Þetta frv., sem hér er til 2. umr., miðar í þessa átt, og þyrfti þó meira til að koma,

ef vel væri. Landbn. þesarar hv. d. var á einu máli um það, að hér væri um svo mikið sanngirnismál að ræða, að sjálfsagt væri að mæla með samþykkt frv. En efni frv. er, svo sem hv. þm. vita, það, að greiða skuli sama jarðræktarstyrk og greiddur er skv. jarðræktarlögum á nýrækt á endurvinnslu túna, sem svo illa hafa farið af kali, að nauðsynlegt er að vinna þau upp og sá í þau grasfræi á ný.

Það er að sjálfsögðu ekki hægt að segja neitt til um það, hver kostnaður af þessu verður fyrir ríkissjóð. Vonandi verður hann sem minnstur, og að því þarf að vinna að gera hann sem minnstan, eftir því sem á okkar valdi er, m. a. með því að stuðla að áframhaldandi rannsóknum á orsökum kalsins og hyggja að því, hvernig gera má ræktunina sem öruggasta með tilliti til framræslu og vinnslu landsins og alls frágangs á því, svo að eitthvað sé nefnt. Einnig mun val grastegunda hafa mikið að segja, og verður það að fara eftir aðstæðum. Allt þetta mun þegar hafa verið nokkuð kannað, einkum af Sturlu Friðrikssyni magister, sem þegar hefur unnið í þessum efnum gott verk. Og nú alveg nýlega, fyrir 2 eða 3 dögum, var frá því skýrt í blöðum og útvarpi, að til landsins hefði verið flutt ódýrt tæki, sem þær vonir eru bundnar við, að með notkun þess megi koma gróðri í kalskemmdirnar án þess að til endurvinnslu landsins komi. Þetta tæki hefur ekki verið notað enn vegna þess, hve seint það kom til landsins á þessu ári. Væntanlega gefur það góða raun, og ég vil nota þetta tækifæri til að flytja þeim mönnum þakkir, sem hafa haft forgöngu um útvegun þess.

Framkvæmd jarðræktarlaganna mun vera ákveðin með reglugerð. Nefndinni sýnist rétt, að eins fari með ákvæði þessa frv., að framkvæmd þess verði ákveðin með reglugerð, annaðhvort sett inn í hina eldri reglugerð eða um það samin ný. Brtt., sem n. flytur og fylgir nefndarálitinu á þskj. 150, er aðeins formbreyting. Hún snertir ekki efni málsins, og vænti ég þess, að hv. þd. geti bæði fallizt á hana og samþ. þetta frv.

ATKVGR.
Brtt. 150 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 170).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 170, n. 244).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Mál þetta er komið frá Nd. og var rætt þar nokkuð og reifað þar á sínum tíma. Nd. gerði lítils háttar orðalagsbreytingar á frv., en efnisbreytingar ekki. En efni frv. er það, að greiddur skuli jarðræktarstyrkur út á endurvinnslu lands, sem orðið hefur fyrir kalskemmdum. Þetta er nýtt ákvæði í jarðræktarlögum. En ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er sú, að á undanförnum árum, einkanlega nú tvö síðastliðin vor, hafa orðið mjög stórfelldar skemmdir af þessum sökum á túnum allvíða um land, einkanlega þó í vissum landshlutum. Af þessu hefur skapazt vandræðaástand á nokkrum jörðum í landinu eða hjá nokkrum bændum á landinu, og það kvað svo rammt að því s. l. vor norðaustanlands og austan, að sumir bændur munu ekki hafa fengið nema liðlega hálfan töðufeng af túnunum í sumar vegna þessara skemmda. Það hefur verið reynt hjá ýmsum bændum að brjóta þessa landskika aftur og sá í þá til þess að ná grasi upp úr þeim. Út af fyrir sig er það naumast, að þessi aðferð leysi þann vanda, sem hér er á ferðinni, því þó að yfirleitt sé talið, að þessar kalskemmdir stafi af slæmu tíðarfari, þá er álit margra, sem þekkingu hafa á þessum málum, að orsakirnar liggi dýpra. En það er hvergi nærri ljóst, af hverju þessar skemmdir stafa, og þess vegna er það, sem þarf að gera fyrst og fremst í þessu máli, að rannsaka það með tilraunum. Það tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma að komast til botns í því, hvað hægt sé að gera til varnar þessari stórkostlegu eyðileggingu, sem sums staðar er á nýræktinni, en það er mjög nauðsynlegt að það sé gert.

Frv. það, sem hér um ræðir, er ekki um þetta, heldur lítils háttar aðgerð til þess að bæta úr í bili, þar sem menn telja sig til neydda að brjóta nýræktarland eða tún að nýju og sá í þau. Og landbn., sem hefur fjallað um þetta frv., er á einu máli um, að rétt muni vera að koma til móts við þá bændur, sem þarna eiga hlut að máli, með því að veita þeim að nýju jarðræktarstyrk til þess að brjóta þau svæði í túnunum, sem verst hafa farið. Af þessari breyt. á jarðræktarlögunum getur ekki leitt neinn verulegan kostnað fyrir ríkissjóð, því að yfirleitt fara bændur ekki út í það að endurvinna túnin, nema þar sem kalið hefur verið svo stórkostlegt, að svo til ekkert gras stendur eftir í túninu á vissu svæði. Það er einnig svo dýrt fyrir bændur að rækta, að sá jarðræktarstyrkur, sem hér er gert ráð fyrir

að verði veittur í þessu skyni, freistar engra til þess að fara að rækta að nýju eða endurvinna land að nýju, nema þar sem þess er alveg brýn þörf til þess að leysa úr því ástandi, sem hefur skapazt á vissum stöðum, þar sem túnin hafa farið verst.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, og þar sem landbn. Ed. er sammála um það að leggja til, að frv. verði samþ., og þar sem landbn. Nd. hefur einnig lagt hið sama til og Nd. samþ. frv. fyrir sitt leyti, þá vænti ég þess, að hv. deild hér geti séð sér fært að samþykkja frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 277).

---

52. Landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Á 4. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi [32. mál] (þmfrv., A. 32).

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnar Guðleifsson): Herra forseti. Frv. það til laga, er ég leyfi mér hér með að flytja, er um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi. Breytingin er í því fólgin, að ákvæði laganna um heimild ríkisstj. til lántöku vegna byggingar hafnarinnar breytist þannig, að heimildin hækkar úr 25 millj. kr., sem hún nú er, í 70 millj. kr. Þetta er stórt stökk, og menn hljóta því að álykta, að hér liggi á bak við miklar fyrirhugaðar framkvæmdir, enda er það svo, og mun ég skýra það nokkru nánar.

Fyrir rúmlega 16 árum voru samþ. lög hér á hinu háa Alþ. um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Ég er þess fullviss, að fyrir þeim, er að þessari lagasmíð stóðu, hefur það vakað, að þarna yrði byggð höfn, er bæri nafnið landshöfn með réttu, höfn, er fullnægði þeim kröfum, sem gerðar eru til fullkominnar fiskihafnar, og þá einnig útflutningshafnar fyrir öll Suðurnesin. En fyrst og fremst yrði þetta lífhöfn allra þeirra mörgu fiskimanna, er veiðar stunda á Faxaflóa og nálægum miðum, höfn, er væri þeim mönnum, er sækja hinn raunverulega gullforða okkar í greipar Ægis, öruggt vígi að lokinni erfiðri sjóferð.

Því spyrjum við í dag: Hafa vonir og áætlanir þessara manna rætzt? Hefur hin fyrirhugaða landshöfn verið byggð? En því miður verðum við að svara þessum spurningum að mestu neitandi. Landshafnarsvæðið er takmarkað milli Vatnsness, sem liggur sunnan að Keflavíkurhöfn, og Hákotstanga, er liggur suðaustan að Njarðvíkurhöfn, eða Vatnsnesvík og Njarðvík, svo og strandlengjan þar á milli. Við Vatnsnes er nú hafnargarður um 200 m langur, sem nær út á um 13 m dýpi. Þar fer fram öll afgreiðsla stærri flutningaskipa, og garðurinn skýlir fyrir norðan- og austanátt, en í suðaustanátt er höfnin illa varin og því engan veginn örugg. Í höfninni eru nú fjórar bátabryggjur, og við þær fer fram afgreiðsla fiskiflotans, svo og við hafnargarðinn, þegar þar er rými vegna flutningaskipanna. En þegar við höfum það í huga, að á s. l. ári voru afgreidd 344 flutningaskip í þessari höfn, þá verður okkur ljóst, að skipin eru í höfninni svo að segja daglega, og reiknum við þá með helgum dögum sem rúmhelgum. Afgreiðsla fiskibátanna fer því aðallega fram við bátabryggjurnar, en þar er hægt að afgreiða 10—12 báta samtímis við hagstæðustu skilyrði, þ. e. a. s. þegar flóð er, en aðeins 3 báta, þegar skilyrðin eru verst, þ. e. þegar dýpi er minnst um stórstraumsfjöru.

Þegar það liggur nú fyrir, að á vetrarvertíð og þegar síld veiðist á haustvertíð koma í höfnina daglega 70—100 bátar og fá þar afgreiðslu, þá má gera sér í hugarlund, að þarna er öll aðstaða til afgreiðslu mjög erfið. Um þetta segir svo í skýrslu landshafnarstjórnar, er lögð var fyrir fund, er ég mun síðar geta, og ég les hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Er einstök heppni, að ekki verður stórtjón á mönnum og skipum í veðrum, þegar Grindavíkurhöfn og Sandgerðishöfn lokast vegna brima og bátar þaðan leita vars í Keflavíkurhöfn, sem verður þá þeirra lífhöfn, þrátt fyrir hinar mjög slæmu aðstæður. Það má teljast kraftaverk, að allur út- og innflutningur, sem fer um höfnina, skuli geta átt sér stað við núverandi aðstæður, og tekst því aðeins, að samvinna allra aðila er mjög góð og mikið unnið í nætur- og helgidagavinnu, sem svo leggur aukinn bagga kostnaðar á þá, sem við framleiðsluna starfa. Þegar á allt þetta er litið, má merkilegt heita, en er þó staðreynd, að óvíða mun meira aflamagn koma á land á einn stað en einmitt í þessari höfn."

Á s. l. ári var landað í landshöfninni 50 þús. smál. af nýjum fiski, þar af 19 þús. smál. af síld. Þetta er að visu 50% aukning frá árinu áður vegna síldarmagnsins, en þetta magn er 8.5% af heildarafla landsmanna það árið.

En höfnin er ekki aðeins löndunarhöfn fyrir fiskiflotann, hún er einnig útflutningshöfn, og

þá ekki aðeins fyrir Keflavík og Njarðvíkur, heldur einnig fyrir öll Suðurnes.

Eins og ég gat um áðan, eru svo að segja á hverjum degi flutningaskip í höfninni. Og á s. l. ári komu þangað og fengu afgreiðslu 344 flutningaskip. Þessi skip fluttu út 33500 tonn sjávarafurða, sem eru að útflutningsverðmæti um 360 millj. kr. eða 12% af heildarútflutningi sjávarafurða landsmanna árið sem leið. Auk þessa eru ýmsar aðrar vörur lagðar á land í höfninni, svo sem sement, timbur, salt, olíur, tómar síldartunnur o. fl., og nemur það vörumagn rúmlega 100 þús. tonna. Er heildarmagn aðfluttrar vöru á s. l. ári því 151191 tonn.

Ég gat þess áðan, að hafnarsvæði landshafnarinnar lægi á svæði tveggja sveitarfélaga, Keflavíkur og Njarðvíkur. Þessi staðsetning hafnarinnar hefur óefað átt sinn þátt í því, að framkvæmdin við að gera höfn þessa að veruleika hefur dregizt lengur en æskilegt hefði verið og upphaflega var vænzt. En hvað sem liðna timanum líður, þá má nú vænta, að þáttaskil séu fram undan í sögu þessarar hafnar, því að nú hefur það skeð, að aðilar þeir, sem hér eiga hlut að máli, sem eru landshafnarstjórn og sveitarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur, hafa sameiginlega samþ. framkvæmdaáætlun, er landshafnarstjórn samþykkti 1959, um byggingu hafnarinnar, og kemur þessi áætlun fram í ályktun, er áðurnefndir aðilar samþykktu á sameiginlegum fundi, er haldinn var í Keflavík 29. sept. s. l., og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn lýsir einhuga stuðningi við verkáætlun landshafnarstjórnar frá 1959 um byggingu hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að hægt verði að afgreiða samtímis við góð skilyrði 3 flutningaskip, 25 fiskibáta af stærðunum allt að 150 tonn, að séð verði fyrir geymsluplássi innan hafnar fyrir allt að 150 fiskibáta af stærðum 75—150 tonn. Fundurinn telur ástand í hafnarmálum hér svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu 4 árum. Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj., að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn um 50—60 millj. kr., svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori.“

Þótt það komi ekki beint fram í þessari ályktun, hvernig framkvæmdum verði hagað, þá sýnir tillöguuppdráttur, sem verkáætluninni fylgir, að aðalframkvæmdin er fólgin í því að gera örugga bátahöfn í Ytri-Njarðvík, jafnhliða því að bæta sem mögulegt er afgreiðsluskilyrðin innan hafnarinnar við Vatnsnes. Þessi ályktun ber það með sér, að það er þungi lagður á það, að framkvæmdir geti hafizt hið fyrsta og að þeim verði hraðað sem verða má. Og þetta er ekki að ástæðulausu. Sjómennirnir, sem sækja á miðin við Suðurnes á vetrar- og haustvertíðum og leggja upp afla sinn í þessari höfn, þekkja bezt, hve ófullkomin höfnin er og óryggi þar lítið. Helgarfriin þeirra hafa oft hafnað þar, og margar óveðursnætur verða þeir að gæta þar báta sinna, ef verða mætti til þess að koma í veg fyrir tjón. Auk þess er rými hafnarinnar mjög takmarkað, og veldur það vaxandi erfiðleikum með ári hverju, því að bátunum er ávallt að fjölga, og á síðustu árum hafa þeir stækkað úr 40—50 smál. í 70—250 smál.

Vegna þessa hef ég lagt fram þetta frv., ef verða mætti til þess að flýta gangi mála. Þótt hér sé ekki farið fram á bein fjárframlög í frv., heldur aðeins heimild til handa ríkisstj. til lántöku, þá tel ég rétt að líta aðeins á fjárhagshlið þessa máls. Þá spyr sjálfsagt einhver: Svarar þetta kostnaði fjárhagslega? Getur slík höfn borið sig? Verður hún ekki alltaf baggi á ríkinu?

Ég treysti mér ekki til þess að segja fyrir um, hvort sú höfn, sem samkv. framkvæmdaáætlun landshafnarstjórnar er fyrirhuguð, getur staðið undir stofnkostnaði. Því verður framtíðin að skera úr. Ég veit hins vegar, að ríkið hefur ekki þurft til þessa að gefa með landshöfninni í Keflavík og Njarðvíkum. Ég fletti að gamni upp í reikningum hafnarinnar árin 1958—1961, og þá kemur í ljós, að á þessum árum er árlegur hagnaður hafnarinnar frá 339 þús. til 690 þús., eða um hálf milljón árlega. Auk þess eru afskriftir þessi árin nær hálf millj. kr. á ári hverju. Þessi er afkoma hafnarinnar, þrátt fyrir það að hafnar- og vörugjöldum er mjög stillt í hóf og með þeim lægstu, er hér á landi þekkjast. Mér er líka ljóst, að enginn mun treysta sér til að reikna, hve mikið það hefur kostað og mun kosta árlega, ef ekkert verður að gert í hafnarmálum þessara byggðarlaga. Við vitum hins vegar, að árlega kostar viðhald bátanna hundruð þúsunda vegna óöruggrar hafnar. Það hefur kostað skipstapa, og slíkt getur komið fyrir aftur. Og þá getum við ekki gleymt slysahættunni, sem slíkum mannvirkjum fylgir.

Við verðum því ávallt, þegar meta á gildi slíkra mannvirkja, að hafa í huga, að þeirra hlutverk er ekki aðeins það að afla tekna, heldur miklu fremur að verja líf manna og eignir. Og því er það, að oft getur kostnaðurinn orðið meiri við að bíða og framkvæma ekki en sem svarar kostnaði við að byggja mannvirkið.

Ég hef lokið máli mínu og vænti þess, að mál þetta fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi. Ég legg til, að málinu verði að umr. loknum vísað til 2. umr. og sjútvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal á þessu stigi málsins ekki ræða efnislega frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 32, en vildi að gefnu tilefni mega beina þeirri spurningu til hv. flm., hvort hann hafi flutt þetta frv. í samráði við hæstv. sjútvmrh., sem hann situr nú á þingi fyrir, eða hvort þetta er flutt án hans vilja og vitundar.

Eins og kunnugt er, þá eru hér á landi aðeins tvær landshafnir, ein í Keflavík og önnur á Rifi á Snæfellsnesi. Báðar þessar hafnir lúta

sömu lögum og eiga því að sjálfsögðu einnig sama rétt til aðstoðar frá hinu opinbera. En framkvæmdir á Rifi hafa dregizt árum saman, þjóðinni og íbúum í þeim hreppi til stórkostlegs tjóns, vegna þess að ekki hefur fengizt leyfi til þess frá hæstv. ríkisstj. að taka lán á þann hátt, sem hér um ræðir, heldur hefur því verið haldið fram, að það skyldi beinlínis haldið sig við þau ákvæði, sem eru í hafnarlögunum. M. a. er mér kunnugt um, að það bauðst einu sinni 10 millj. kr. lán til þess að gera stórt átak við þessa höfn, en það strandaði einmitt á þessu, að ríkisstj. vildi ekki samþykkja þá lántöku, sem að vísu var ekki hér innanlands, heldur erlendis. Ég geymi mér því allan rétt til þess að bera fram brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, ef það er borið fram án vitundar hæstv. ráðh., og vildi biðja hv. sjútvn., sem fær þetta mál til athugunar, að athuga það gaumgæfilega, og fái það fylgi n., þá að athuga, hvort ekki sé eðlilegt og sjálfsagt að bæta inn hliðstæðu ákvæði um landshöfnina í Rifi.

Eins og kunnugt er, er mjög aðkallandi að leysa vanda margra staða á landi hér um hafnarbætur. Á undanförnu þingi bar ég fram frv. um það, að hafnarbótasjóður fengi nýjan tekjustofn, sem hefði gefið honum um 10—15 millj. á ári. Þetta frv. var ekki samþ. á s. l. þingi, — ég vil segja mest vegna þess, að viðkomandi hv. alþm. hafa ekki gert sér fullkomlega ljóst, hvað það er nauðsynlegt, að útgerðarmenn sjálfir leggi eitthvað á sig í sambandi við þessi mál. Það framlag mundi spara stórkostleg útgjöld fyrir þá á öðrum sviðum, eins og ég lýsti í þeim umr. Ég skal ekki fara frekar út í það mál hér, en aðeins endurtaka það, að ég mun geyma mér allan rétt til þess að bera fram brtt. við 2. umr. við þetta frv., ef það á að ná fram að ganga á Alþ. því, sem nú stendur yfir, og þá einnig í samráði við hæstv. sjútvmrh.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en vegna þessa frv. og þess, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf., vil ég segja þetta: Við, sem erum í nefnd þeirri, sem fer með landshöfnina í Rifi, höfum átt margar viðræður við hæstv. ríkisstj. um málefni Rifshafnar. Unnið hefur verið að því á s. l. ári og yfirstandandi ári að undirbúa það mál, svo að framkvæmdir gætu hafizt við fyrsta tækifæri, og hefur alltaf verið á það treyst, að þegar málið væri fullkomlega undirbúið tæknilega, þá mundi ekki standa á því, að hæstv. ríkisstj. legði málinu lið hvað fjármálum viðvíkur.

Ég leit svo á, að þegar þetta frv. kom fram hér á hv. Alþingi, þá sannaði það, að um jákvæða afstöðu væri að ræða hjá hæstv. ríkisstj. Ég dreg ekkert í efa, að þetta frv. er auðvitað flutt í samráði við hæstv. sjútvmrh., sem þessi hv. þm. situr hér á Alþingi fyrir og er auk þess form. í þeim þingflokki, sem hv. þm. tilheyrir. Þess vegna fagna ég því, að það er fram komið, og það er mér fyrirboði þess, að okkur Rifshafnarnefndarmönnum mun vel ganga, þegar við förum á slóð um það að koma málefni Rifshafnar áfram, sem verður vonandi á yfirstandandi Alþingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 32, n. 253).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt á l. nr. 23 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi. Frv. er aðeins ein grein, eða aðalefni þess, og hún er um það, að lántökuheimild fyrir ríkisstj. vegna landshafnarinnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi verði hækkuð og miðist nú við allt að 70 millj. kr.

Sjútvn. hefur sent þetta frv. til umsagnar vitamálastjóra, sem mælir eindregið með því, og enn fremur liggur fyrir bréf frá stjórn landshafnarinnar, þar sem eindregið er mælt með samþykkt frv.

Eins og hv. dm. er kunnugt, eru í gildi tvenn lög um landshafnir, landshöfnina í Keflavík og Njarðvík og landshöfnina í Rifi á Snæfellsnesi, og í báðum lögunum hefur lántökuheimildin verið bundin við ákveðnar upphæðir. Hins vegar er þetta þannig í hafnarlögunum, sem gilda fyrir aðrar hafnir almennt, að lántökuheimildin er ekki bundin við ákveðnar upphæðir.

Að þessu athuguðu þótti sjútvn. réttmætt og viðhlítandi, úr því að þessu máli var hreyft fyrir aðra landshöfnina, að fara einnig af stað með sams konar breyt. fyrir hina, þ. e. a. s. landshöfnina í Rifi á Snæfellsnesi, og þess vegna hefur n. samið frv. um það efni, sem liggur hér fyrir undir næsta dagskrárlið fundarins. Það frv. er alveg sams konar og tilsvarandi frv. undir þessum dagskrárlið, og sé ég ekki ástæðu til þess að hafa sérstaka framsögu fyrir því, heldur læt þessi fáu orð nægja um báða dagskrárliðina og mæli með því fyrir hönd sjútvn., að bæði frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 46. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 339).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar, svo sem fram kemur á þskj. 339. Mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ.
Sú breyting, sem frv. þetta felur í sér, er einungis í því fólgin að hækka lántökuheimild til handa ríkisstj. í því augnamiði að auka við eða stækka landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum. Núv. heimild mun vera bundin við 15 millj. kr., en skv. frv. er lagt til, að upphæðin verði hækkuð í 70 millj. kr. Í umsögn vita- og hafnarmálastjóra, en hann mælir með samþykkt frv., kemur það fram, að hann telur, að upphæð sú, er hér um ræðir, muni nægja til þess og vera jafnvel nokkru meiri en ráðgert sé að framkvæma fyrir í næstu framtíð. Verður að telja eðlilegt, að lánsheimildin sé það rúm, að ekki þurfi til þess að koma að leita lagabreyt. í þessu skyni mjög ört.
Ég tel ekki, að ástæða sé til þess að ræða sérstaklega um þá miklu nauðsyn, sem á því er að auka og stækka landshöfnina í Keflavík, en um það mál munu allir, sem til þekkja, vera á einu máli, enda má telja, að hlutverk hafnarinnar hafi á síðari árum náð langt út yfir það að þjóna þeirri þörf, sem um er að ræða í Keflavík og Njarðvíkum, einum saman. Aðrar útgerðarstöðvar á Suðurnesjum hafa einnig og munu í framtíðinni njóta góðs af þeirri aðstöðu, sem landshöfnin getur veitt, eftir að ráðizt hefur verið í stækkun hafnarinnar og hún aukin og endurbætt, eins og nú er fyrirhugað.
Ég mun svo ekki orðlengja frekar um mál þetta, en geri það að tillögu minni, að það verði að lokinni þessari umr. samþ. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 samhlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 371).

---

53. Landshöfn í Rifi.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1957, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi [142. mál] (þmfrv., A. 252).

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 252, n. 340).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Hér er um mál að ræða, sem segja má að sé að öllu leyti hliðstætt frv. því um landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum, sem hér var til umr. næst á undan. Eina efnisbreytingin, sem frv. felur í sér, er um hækkun lánsheimildar til hafnarframkvæmdanna. Er hér um hækkun að ræða úr 12 millj. kr., sem nú er, í 50 millj. kr. Sú heimild, sem nú er í gildi, mun að mestu leyti vera fullnýtt, en hins vegar er nú fyrirhugað að hefja framkvæmdir að nýju á komandi sumri, skv. upplýsingum, sem fram koma í bréfi hafnarmálastjóra, dags. 13. nóv. s. l., um mál þetta. Þar er sagt m. a., að þá standi yfir áætlunargerð um byggingarframkvæmdir í Rifshöfn og muni þær áætlanir gera ráð fyrir framkvæmdum, sem kosta muni um 30—40 millj. kr. Er þá aðeins átt við næsta áfanga, sem að vísu mun taka meira en eitt ár að framkvæma. Það er því augljóst mál, að sú hækkun lánsheimildar, sem frv. kveður á um, er sízt of mikil. Þessar byggingarframkvæmdir, sem nér um ræðir og nú eru fyrirhugaðar af báðum þessum þýðingarmiklu landshöfnum, í Keflavík og á Rifi á Snæfellsnesi, eru nú orðnar mjög brýnar og aðkallandi, og hefur þeirra vissulega verið beðið með eftirvæntingu um langan tíma af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli.

Það er einróma till. sjútvn., að frv. þetta verði samþ. og að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 372).

---

54. Dýralæknar.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna** [105. mál] (þmfrv., A. 140).

Á 23. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. þarf ekki langra skýringa við. Efni þess, eins og segir í grg., er að leggja til, að Eyjafjarðardýralæknisumdæmi verði skipt í tvö dýralæknisumdæmi. Ástæðan til þessarar breytingar er sú, að það er bæði af þeim dýralækni, sem nú gegnir embætti í þessu umdæmi, og einnig af yfirdýralækni talið óviðunandi vegna hins mikla fjölda gripa, sem er í þessu umdæmi, að hafa þar aðeins einn dýralækni.

Nú um nokkurt skeið hafa verið starfandi tveir dýralæknar á Akureyri. Hins vegar er skv. gildandi dýralæknalögum ekki heimilt að launa nema einn dýralækni í hverju umdæmi, og er því aðstaða hins dýralæknisins algerlega óviðunandi. Héraðsdýralæknirinn hefur hins vegar sagt, að ef hann missti þennan dýralækni, þá teldi hann algerlega óviðunandi, að hann gæti gegnt þessu starfi. Niðurstaðan í þessu máli er sú, að við þm. úr Norðurl. e. í þessari hv. d. flytjum frv. um það í samráði við yfirdýralækni, að umdæminu verði skipt.

Í grg. er tekið upp úr bréfi yfirdýralæknis um þetta mál, og er þar að finna nákvæmar skýringar á því, hvað felst í frv., og að ég hygg skýrustu rökin fyrir því, að nauðsynlegt sé að breyta dýralæknalögunum að þessu leyti. Það er kunnugt, að ekki hafa fengizt dýralæknar að vísu í öll umdæmi landsins. En þó að menn af þeim sökum vildu halda því fram, að ekki ætti að skipta umdæminu, sem hér um ræðir, til að tryggja fyrst dýralækna í önnur umdæmi, þá mun það ekki leysa neinn vanda að þessu leyti, vegna þess að það yrði að reyna að finna einhverja lausn á þessu vandamáli í Eyjafirði, þannig að þessi dýralæknir gæti verið þar áfram. Hann vill gjarnan vera nyrðra og mundi naumast sækja um þau embætti önnur, sem hér kunna að vera laus. Ég tek þetta aðeins fram til þess að útskýra það, sem væru að telja má einu hugsanlegu andmælin gegn þessu frv., að ekki væri alls staðar skipað í embætti og þá mundi það ekki leysa neitt þann vanda, þó að menn af þeirri ástæðu teldu sér ekki fært að fallast á þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Það er annað dæmi þess, að héraði eða einni sýslu hafi verið skipt, þ. e. hér á Suðurlandi. Árnessýslunni hefur verið skipt í 2 umdæmi vegna þess, hve gripafjöldi hefur verið þar mikill, og þar er því fordæmi fyrir því, að þetta sé gert, auk þess sem Eyjafjarðarumdæmi nær, eins og menn sjá af frv., einnig yfir hluta af Þingeyjarsýslu.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að orðlengja frekar um málið. En svo sem tekið er fram í lok grg., hefur þótt rétt að hafa þetta frv. í því formi að taka inn í það þær breytingar, sem gerðar hafa verið á dýralæknalögum undanfarin ár, og fella þau lög jafnframt úr gildi, þar sem það er augljóslega miklu handhægara að hafa þessi lagaákvæði öll á einum stað.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er fjarri mér, að ég vilji mæla gegn þessu frv. Mér virðist hv. frsm. færa góð og gild rök fyrir því, að þessi breyting sé gerð, sem hér er farið fram á. En hinu er ekki að neita, að það er meiri vandi á ferðinni en þetta í máli dýralæknanna í landinu. M. a. er svo, að í vesturhluta Vestfjarðakjálkans eiga að vera 2 dýralæknar, en þar er enginn. Og þó að ætla mætti, eins og hv. frsm. drap á, að fyrst ætti að fullnægja slíkum héruðum, þá er það rétt hjá honum, að það verður ekki leystur þeirra vandi, þótt neitað væri um þessa breytingu, sem hér er farið fram á. En ég vil beina því til hv. n., sem athugar þetta mál, að hún gefi því gætur, hvort ekki eru einhver ráð til að leysa vanda þeirra héraða, sem engan dýralækni hafa. Það má segja, að hér sé ekki ólíku saman að jafna og um venjulega héraðslækna, það þarf líka að leysa þennan vanda.

Eins og kunnugt er, þá er víða á Vestfjörðum allveruleg framleiðsla í dreifðum byggðum á mjólk, sem síðan er flutt til bæjanna, og fer hún vaxandi. Það er því alveg sama nauðsyn á því fyrir bændur þessara héraða að geta náð til dýralækna eins og annarra héraða þessa lands. En hvernig þetta verður gert, því er ekki auðsvarað, það skal ég játa. En þessum tilmælum vil ég beina til hv. n., að hún athugi, hvort ekki sé unnt að gera eitthvað til að leysa vanda þessara héraða, þessara bænda, sem búa við öryggisleysi hvað þetta snertir, eins og öllum er kunnugt um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 39. og 40. fundi í Ed., 11. og 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Ed., 12. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 140, n. 241).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með lítils háttar breytingu.

Frv. fjallar um það að fjölga dýralæknisumdæmum í landinu um eitt, þ. e. a. s. að skipta Eyjafjarðarumdæmi í tvennt, en það er mjög stórt, og í reyndinni hefur það orðið svo að undanförnu, að einn dýralæknir hefur ekki getað annað þeim verkefnum, sem þar hafa skapazt fyrir dýralækni, og hefur því verið um skeið annar dýralæknir þar, búsettur á Akureyri, en það hefur ekki verið talið heimilt að greiða honum laun úr ríkissjóði samkv. lögum um dýralækna. Samkv. frv. yrði þá Eyjafjarðarumdæmi skipt í V.-Eyjafjarðarumdæmi og A.-Eyjafjarðarumdæmi. Í vestur-Eyjafjarðarumdæmi, eins og lagt er til í frv., yrðu þá um 4300 nautgripir og um 25700 sauðfjár. Það er ærið verkefni, að dómi allra þeirra, sem til þekkja, fyrir einn dýralækni að annast umdæmi með svona margt búfé. Þar að auki eru að sjálfsögðu aðrar skepnur, svo sem hross og alifuglar. Í Austur-Eyjafjarðarumdæmi yrðu um 4300 nautgripir einnig og um 29300 sauðfjár. Og skiptingin samkv. því, sem lagt er til í frv., yrði:

Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrísey.

Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu, Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu og Hálshreppur í Þingeyjarsýslu.

Austurhluti Þingeyjarsýslu hefur verið sérstakt umdæmi. Þingeyjarsýsluumdæmi er mjög stórt og erfitt fyrir einn dýralækni, eða allt frá Ljósavatnsskarði að vestan og austur á Langanes.

Sú brtt., sem landbn. leggur til, er, að úr síðustu málsgr. 1. gr. falli orðin „án sérstakra launa úr ríkissjóði". Þetta ákvæði hefur staðið lengi í dýralæknalögum, að ef ekki fæst dýralæknir í eitthvert umdæmi, þá sé þeim dýralækni, sem næstur býr, skylt að sinna þar störfum, eftir því sem hann getur, án sérstakra launa úr ríkissjóði. Í framkvæmd hefur það orðið á seinni árum a. m. k., að þetta hefur reynzt ógerlegt, og í reynd hefur þetta orðið þannig, að viðkomandi dýralæknir, sem hefur tekið að sér að sinna næsta dýralæknishéraði, sem verið hefur dýralæknislaust, hefur fengið 1/3 launa greiddan úr ríkissjóði til viðbótar við sín aðallaun í sínu héraði. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að það sé sjálfsagt að fella þetta ákvæði úr, þar sem það er þegar orðið dauður bókstafur fyrir alllöngu í framkvæmd.

Þess skal að lokum getið, að það hefur komið fram ósk til landbn. að athuga um það, hvort hún geti flutt brtt. við þetta frv. um það að skipta Húnavatnssýsluumdæmi í tvennt. Þessi tilmæli komu svo seint fram, að n. hefur ekki getað tekið þau til athugunar við þessa umr., en mun athuga þetta atriði milli 2. og 3. umr. og ef til vill þá flytja brtt. um þetta atriði, ef samkomulag verður um það í landbn.

ATKVGR.

Brtt. 241 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 21. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 272, 286).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég gat um við 2. umr. þessa máls, að

e. t. v. yrði það niðurstaðan, að landbn. flytti brtt. við frv., áður en til 3. umr. kæmi. Nú hefur landbn. orðið sammála um að leggja til svofellda brtt.:

„Við 1. gr. Í stað 8. tölul. komi tveir töluliðir: 1) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla að Árneshreppi. 2) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.

Þessi brtt. er flutt að beiðni héraðsbúa norður þar, studd af héraðsdýralækninum í Húnaþingsumdæmi og yfirdýralækni hér í Reykjavík. Ég held, að það þurfi ekki að hafa neina framsögu um þetta mál. Þetta umdæmi er mjög stórt og stærra en það, að einn dýralæknir anni því að sinna þar öllum ferðalögum. Öll þau ferðalög, sem þar eru, eru svo mikil, að hann á mjög erfitt með að anna því að sinna svona stóru umdæmi. Þetta er hliðstætt því að skipta Eyjafjarðarumdæmi, sem samþ. var hér við 2. umr. Þó að sé nokkru færra af búfénaði á þessu svæði, þá er umdæmið svo stórt, að einn dýralæknir er ekki talinn geta annað því. Sem sagt, landbn. er sammála um að leggja til, að þessi breyt. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 286 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., 25. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 310).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 310, n. 351).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á dýralæknalögunum var flutt í hv. Ed. og hefur gengið þar í gegn með fullu samkomulagi. Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. En breyt. frá eldri lögum, sem þetta frv. fer fram á, er um það að fjölga um tvo dýralækna, annan í Eyjafjarðarsýslu og hinn í Húnavatns- og Strandasýslu. Um þetta hefur orðið fyllilega samkomulag, og vil ég fyrir hönd landbn. vænta þess, að svo geti orðið einnig hér í hv. d. N. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Einn hv. nm. var ekki á fundi, þegar afgreiðsla málsins fór fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 392).

---

55. Verkfræðingar.

Á 15. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til laga um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga** [104. mál] (þmfrv., A. 135).

Á 21. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Iðnmrn. hefur með bréfi farið þess á leit við iðnn., að n. kynnti sér efni þessa frv. og flytti það á yfirstandandi Alþingi, ef hún teldi sér það fært. N. hefur athugað frv. og orðið sammála um flutning þess, en einstakir nm. hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Eins og fram kemur í grg. með frv., er aðalnýmæli þess það, að lagt er til, að heitið tæknifræðingur verði tekið upp sem starfsheiti þeirra manna, sem nú nefnast iðnfræðingar samkv. l. nr. 24 frá 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga; enn fremur, að tæknifræðingur megi *nota* orðið „ingeniör" í sambandi við starfstitil sinn, en verkfræðingur noti samsvarandi erlent starfsheiti (diplom-ingeniör eða civil-ingeniör).

Flestir þeirra manna hér á landi, sem leyfi hafa fengið samkv. l. nr. 24 frá 1937 til að kalla sig iðnfræðinga, hafa lokið prófi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð eða Þýzkalandi frá tækniskólum, sem í þessum löndum útskrifa menn, sem þar nota starfsheitið „ingeniör", en verkfræðingar nota þar starfstitilinn „civil-ingeniör" eða „diplom-ingeniör". Samkv. þessu frv. er því ætlazt til, að þeim mönnum, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum tækniskólum erlendis, skuli heimilt að bera það starfsheiti, sem erlendir menn mega nota að loknu prófi.

Iðnfræðingar hafa haldið því fram, að bannið við að nota starfsheiti það, sem sams konar námi fylgir erlendis, hafi mjög dregið úr áhuga

ungra manna til tæknifræðináms erlendis. Í grg. með frv. er á það bent, að verkfræðingar séu nú nær fjórfalt fleiri hér á landi en iðnfræðingar og sé það hlutfall mjög á annan veg en æskilegt sé talið miðað við reynslu annarra þjóða.

Iðnfræðingar hafa stofnað með sér félag, sem þeir nefna Tæknifræðingafélag Íslands, og hefur frv. þetta verið samið vegna beiðni þess. Bæði Verkfræðingafélag Íslands og Arkitektafélag Íslands hafa lýst sig andvíga þeirri breytingu, sem í frv. felst. Iðnn. mun ræða við þessa aðila, þegar þar að kemur, og kynna sér rök þeirra og viðhorf.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr., en það er flutt af n., eins og fram hefur verið tekið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 333).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv.

Eins og fram kemur í grg. í þskj. 135, er frv. þetta efnislega svo til samhljóða lögum nr. 24 1937, um rétt manna til þess að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, að öðru leyti en því, að lagt er til, að heitið „tæknifræðingur" verði eftirleiðis tekið upp sem starfsheiti þeirra manna, sem nú nefnast iðnfræðingar samkv. 1., enn fremur, að sá maður, sem fengið hefur leyfi ráðh. skv. 5. og 6. gr. frv. til þess að nefna sig tæknifræðing, megi nota orðið „ingeniör" í sambandi við starfstitil sinn, en verkfræðingar noti þá samsvarandi erlend starfsheiti (diplom-ingeniör eða civil-ingeniör). Þar sem breyta þurfti meira en helmingi greina í 1. nr. 24 1937 vegna þessara nýmæla og auk þess fyrirsögn l., þótti henta betur að orða frv. sem frv. til heildarlaga en breyt. við l. frá 1937.

Verkfræðingafélag Íslands og Arkitektafélag Íslands hafa tjáð sig andvíga því, að orðið tæknifræðingur fái lagalega staðfestingu sem starfssvið iðnfræðinga, og undir það álit hefur verkfræðideild háskólans tekið. Þessir aðilar telja orðið tæknifræðingur of víðtækt heiti til þess, að það geti átt við iðnfræðinga eina saman. Í grg. frv. er skýrt frá því, að það hafi verið samið samkv. beiðni Tæknifræðingafélags Íslands, en það félag var stofnað af mönnum, sem lokið höfðu „ingeniör"-prófi frá viðurkenndum skólum erlendis. N. barst bréf frá nemendum við tækniskóla í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum, og þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir, sem stundum nám við tækniskóla í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum, leyfum oss að lýsa yfir ánægju og stuðningi við frv. það, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. varðandi starfsheiti þeirra Íslendinga, er lokið hafa prófi frá viðurkenndum tækniskólum erlendis. Teljum við, að í frv. felist sú viðurkenning á tæknifræðinámi, sem nauðsynleg er til að glæða áhuga meðal ungra manna fyrir sliku námi, og þannig stuðli frv. að því, að rétt verði við þau hlutföll, sem nú eru milli fjölda tæknifræðinga og annarra stétta þjóðfélagsins, svo að þau verði svipuð og hjá öðrum tækniþróuðum þjóðum. Mun það verða mikill styrkur fyrir þjóðina í hinni hörðu samkeppni og hröðu þróun á sviði tækni og iðnaðar. Einnig teljum við, að með því að gefa tæknifræðingum rétt til að nota heitið „ingeniör", sem hinir dönsku skólabræður þeirra bera að námi loknu, sé stuðlað að því, að íslenzkir tæknifræðingar snúi heim, þegar námi lýkur, en á því hefur því miður verið nokkur misbrestur."

N. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24:1 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 415).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og komið er frá hv. Nd., fjallar um það efni eitt, að inn í starfsheitalögin um verkfræðinga og húsameistara bætist orðið tæknifræðingur, sem

starfsheiti þeirra manna, sem nú nefnast iðnfræðingar skv. l. nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig starfsheitum eins og ákveðið er í lögum þessum, enn fremur, að tæknifræðingur megi nota orðið „ingeniör" í sambandi við starfstitil sinn, en verkfræðingur noti samsvarandi erlent starfsheiti, eða „diplom-ingeniör" eða „civil-ingeniör". Þar sem breyta þurfti meir en helmingi gr. í l. nr. 24 1937 vegna þessara nýmæla og annars, sem minna máli skiptir, sbr. 8. og 9. gr., og auk þess fyrirsögn l., þótti betur henta að orða frv. þetta sem frv. til heildarlaga en breyt. á fyrrnefndum lögum.

Iðnn. hefur rætt málið og hefur orðið sammála um sömu afgreiðslu á því og gerð var í hv. Nd., þ. e. a. s. nefndin mælir með samþykkt frv. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., eins og fram kemur á þskj. 415, en einn nefndarmanna, hv. 1. þm. Vesturl., var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefnd. N. mælir sem sagt með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

---

56. Sala Bakkasels í Öxnadalshreppi.

Á 35. fundi í Ed., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi [126. mál] (þmfrv., A. 228).

Á 36. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi flyt ég ásamt hv. 6. þm. Norðurl. e. eftir beiðni hreppsnefndar Öxnadalshrepps.

Eins og öllum hv. dm. er væntanlega kunnugt, er jörðin Bakkasel fremsta jörð í Öxnadal. Bærinn stendur við þjóðveginn, þar sem hann liggur upp á Öxnadalsheiði. Ríkissjóður keypti þessa jörð árið 1929 fyrir 5 þús. kr., og var það um það leyti, sem bifreiðaferðir hófust yfir Öxnadalsheiði. Lengi var það viðkomustaður áætlunarbifreiða, en nú er það fyrir æðilöngu af lagt.

Vegamálastjóri hefur af hálfu ríkisins haft jörðina á sínum snærum til ráðstöfunar og reynt að halda henni í byggð með það fyrir augum, að þar yrði til reiðu gisting og greiðasala og afdrep fyrir ferðamenn, sem lent hefðu í hrakningum í vetrarferðum yfir Öxnadalsheiði eða þyrftu aðstoðar af öðrum ástæðum. Munu ábúendurnir lengi hafa haft afnot jarðarinnar endurgjaldslaust og jafnvel notið sérstaks styrks að auki í þessu skyni.

Tvö s. l. ár hefur enginn ábúandi fengizt á jörðina, þrátt fyrir þessi kjör, enda er Bakkasel allfjarri mannabyggðum og vetrarríki mikið og ekki búsældarleg jörð. Öxndælir hafa mikinn áhuga á að eignast jörðina með það fyrir augum að nota land hennar sem afréttarland fyrir sauðfé. Í Öxnadal eru sauðfjárbændur miklir og vantar tilfinnanlega afréttarland. Bakkaselsland liggur að aðalafréttarlandi Öxndæla. Af þessum sökum er það, sem hreppsnefnd Öxnadalshrepps óskar mjög eftir að fá eignarhald á jörðinni. Hins vegar er það tekið fram af þeirra hálfu, að hvenær sem ábúandi kynni að fást á jörðina, þá mundu þeir meta það meira og leigja hana, ef þeir ættu hana til ráðstöfunar. Á jörðinni er íbúðarhús, gamalt að vísu, auk annarra húsa, og er það nú notað sem sæluhús fyrir ferðamenn í sambandi við ferðir um Öxnadalsheiði.

Þótt á það yrði fallizt að selja jörðina, er engin nauðsyn til, að íbúðarhúsið verði selt jafnframt, og sjálfsagt er, að það yrði enn um sinn notað sem sæluhús, eins og hingað til hefur verið. Hins vegar fæ ég ekki séð, að nein sérstök ástæða sé til þess, að ríkið eigi sjálfa jörðina, sem að meginhluta er óræktanlegt fjalllendi. Ég gat þess, að vegamálastjóri hefði undanfarið annazt ráðstöfun jarðarinnar af hálfu ríkisins. Sýnist því einsætt, að málinu verði ekki til lykta ráðið á hv. Alþ. án þess að fá umsögn hans um málið.

Það mun hafa verið venja að vísa málum eins og þessum til landbn., og ég geri það að till. minni, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til þeirrar nefndar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta mál, sem hér er hreyft, sé þannig vaxið, að það sé full ástæða til þess fyrir hv. þd. og þá n., sem kann að fá það til meðferðar, að íhuga það allvel, áður en hv. n. eða hv. þd. stuðlar að því, að það verði samþ. Ég álít a. m. k., að þarna sé um jörð að ræða, sem hefur svo sérstæða þýðingu, að það sé mjög varhugavert að gera ráðstafanir í sambandi við hana, sem gætu orðið til þess að torvelda ábúð á henni í framtíðinni. Það, sem ég á hér við, er sú þýðing, sem sú jörð getur haft fyrir öryggi á einni fjölförnustu og jafnframt oft og tíðum hættulegustu vetrarleið, sem til er á Íslandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það er lagt mikið kapp á að halda norðurleiðinni,

sem er eina samgönguæðin á landi milli Suðurlands og eystri hluta Norðurlands og Austurlands, opinni á vetrum vegna þeirrar miklu þýðingar, sem þessi leið hefur fyrir atvinnulíf í fjölmennum landshluta. Er þar ekki sízt til að nefna, hvaða þýðingu þessi leið hefur fyrir allt atvinnulíf á Akureyri og þá ekki sízt iðnaðinn þar og verzlunina. Það hefur færzt æ meira í vöxt á síðustu árum, að iðnaðarvarningur, sem framleiddur er á Akureyri, er fluttur með bifreiðum til Reykjavíkur, og verzlunin fær mjög mikinn og sífellt stærri hluta af sínum varningi fluttan með bifreiðum þessa leið. En það er kunnugt, að einn sá kaflinn á þessari leið, sem er erfiðastur yfirferðar, snjóþyngstur á vetrum og hættulegastur, er Öxnadalsheiðin. En nú eru þar um 30 km á milli byggðra bóla, þ. e. a. s. frá Engimýri í Öxnadal að Kotum í Norðurárdal. En ef Bakkasel væri í byggð, mundi leiðin milli byggðra bóla styttast um meira en 10 km.

Ég held, að það geri sé flestir ljóst, sem eitthvað þekkja til vetrarferða um Öxnadalsheiði, að það er nauðsynlegt, að þar verði haldið uppi gistingu og aðhlynningu fyrir ferðamenn. Þar þyrfti, ef vel ætti að vera, að vera staðsettur snjóbíll, sem gæti orðið til hjálpar í neyðartilfellum, og a. m. k. væri mjög æskilegt, að þar væri einnig rekin einhver viðgerðarþjónusta fyrir bifreiðar. Á vetrum þyrfti líka, ef vel væri, að vera þar staðsettur snjóplógur eða snjóýta, sem gæti verið til taks einmitt þar til þess að halda leiðinni opinni. Og ég held líka, að það væri á því brýn nauðsyn að hafa ekki aðeins þessa aðstöðu í Bakkaseli, heldur þyrfti einnig að vera sæluhús á heiðinni, þar sem vegfarendur gætu komizt í síma eða talstöð og gert vart við sig, ef hætta væri á ferðum eða slys hefði þegar orðið. Ég held, að það sé nokkurn veginn alveg augljóst, að þessum skilyrðum til öryggis á norðurleiðinni verður ekki fullnægt nema með því, að búið sé í Bakkaseli. Það er líka augljóst að mínu viti, að það að hafa sæluhús á þessum stað er algerlega ófullnægjandi, ef vel á að vera. Og ég veit, að þeir eru margir, sem þekkja til þessarar hættulegu leiðar á vetrum, sem eru uggandi um það, að fyrr eða síðar hljóti að fara illa í þessum ferðum, sem eru mjög fast sóttar með erfiðum, stórum og þungum bifreiðum í verstu vetrarveðrum, — eru mjög uggandi um það, að fyrr eða síðar hljóti að fara illa, ef öryggi á þessari leið er ekki tryggt betur en hefur verið.

Því er haldið fram hér í erindi sveitarstjórnarinnar í Öxnadalshreppi, að það séu mjög litlar líkur fyrir því, að jörðin fari í ábúð á næstu árum. Það virðast mjög litlar líkur til þess, út frá því séð, eins og segir í bréfi því, sem fylgir með frv., hver þróunin er í hinum afskekktu byggðum. Ég álít, að þarna séu erfiðleikarnir málaðir töluvert of svörtum litum. Ég álít, að ábúð sé vel hugsanleg í Bakkaseli, ef nægilegur styrkur kemur til frá ríkinu. Og ég held, að hún sé meira en vel hugsanleg. Ég held, að það sé vel hægt að tryggja hana og það sé auðvelt að tryggja hana, ef fjárveitingavaldið eða vegamálastjórnin vill eitthvað verulega á sig leggja til þess. En ég hygg, að það hafi sýnt sig, eða a. m. k. grunar mig það sterklega, að áhugann hafi vantað hjá báðum þessum aðilum á undanförnum árum og því sé um að kenna, að Bakkasel er ekki í byggð nú.

Ég tel rétt að skýra frá því, að nú alveg nýlega, fyrir örfáum vikum, hafa tveir ungir og vaskir menn sótt eftir því að fá ábúð í Bakkaseli. En þeirra máli hefur a. m. k. ekki enn þá verið tekið þannig hjá vegamálastjórninni, að það séu líkur til, að úr því verði. Það er rétt, sem hv. frsm. þessa máls. og 1. flm. sagði, að á undanförnum árum, meðan jörðin var í byggð, var hún leigulaus, og mjög lítilfjörlegur styrkur mun hafa verið að auki, eða sem svaraði upphitun á íbúðarhúsi. En ég tel, að þar sem þarna er um að ræða öryggi á mjög fjölfarinni og alveg sérstaklega þýðingarmikilli leið, þá væri það engin ofrausn, þótt þessi styrkur væri miklu meiri. Og ég held, að það væri miklu nær fyrir okkur þm. á Norðurlandi að reyna að sameinast um það að fá þennan styrk aukinn, þannig að hægt væri að koma jörðinni í ábúð og skapa þannig öryggi fyrir vegfarendur á þessari leið og fyrir þennan atvinnurekstur í Norðurlandi, sem hefur hagsmuna að gæta, að hún sé opin, heldur en að flytja frv. um að selja jörðina, sundra landi og húsum sitt til hvorrar handar og gera það eins óaðgengilegt og hugsazt getur, að jörðin geti farið í byggð.

Það er auðvitað rétt, að Bakkasel er engin vildisjörð, og það mundu sjálfsagt fáir, eins og nú horfir, sækjast eftir ábúð á henni af þeim sökum, að hún sé góð til búrekstrar. Þó er þess að geta, að jörðin er mjög þokkaleg sauðjörð, og því fer fjarri, að hún sé ákaflega afskekkt. Hún er aðeins 50 km frá Akureyri og hún er við leið, sem er svo að segja opin allan ársins hring, og hygg ég, að margir búi við jarðir, sem afskekktari eru en Bakkasel að þessu leyti. Ég tel það a. m. k. ákaflega ólíklegt, þótt þarna settust að menn, sem hefðu það í hyggju fyrst og fremst að reka aðra starfsemi, svo sem ýmsa þjónustu við vegfarendur, að þá mundu þeir ekki vilja hafa jarðarafnot með. Ég get þess vegna ekki séð, að það sé neinum til góðs að selja þessa jörð.

Eins og kemur fram í bréfi sveitarstjórnarinnar, hefur Öxnadalshreppur þessa jörð nú á leigu fyrir bændur í sveitinni, og mér þykir a. m. k. ótrúlegt, að þessir leigumálar séu svo óaðgengilegir, að það sé mikið hagræði fyrir bændur að kaupa jörðina. Hvort jörðin verður seld þeim eða hafður sami háttur á og hefur verið, að landið sé leigt bændum, þá get ég ekki séð, að á því sé neinn munur. Og ef svo fer sem sveitarstjórnin virðist trúa, að jörðin fari í eyði, þá er það auðvitað sjálfgert mál, að engin hafa afnot af jörðinni, hvorki til afréttar né annars, heldur en þeir. Ég get þess vegna

ekki séð, að þarna sé um neitt hagsmunamál fyrir bændur í Öxnadalnum að ræða. Og ég verð að segja það, að þar sem svo er nú ástatt, að allur framanverður Öxnadalur er í eyði og þeir bændur, sem í hreppnum búa, hafa a. m. k. 6 eða 7 jarðir á þessu svæði í eyði og til nytja, þá muni Bakkasel ekki þrengja svo að þeirra hagsmunum um afréttarlönd, að það sé þeim til nokkurs trafala. Það fæ ég ekki skilið. Og vissulega er það svo, að þó að Bakkasel liggi að afréttarlöndum, þá auðvitað skerðast þau ekki, svo að neinu nemur, þótt búið sé í Bakkaseli og þótt þar horfi að öllu leyti eðlilega með búskap. Það hefur alltaf verið sameiginlegt afréttarland bændanna, dalurinn, sem liggur að Bakkaseli, og heiðin, og á því mun ekki verða nein breyting, hvort sem jörðin er seld eða ekki. Þegar þessir hagsmunir, sem ég vil meina að séu mjög óverulegir eða jafnvel alls engir, eru svo bornir saman við hitt, að þarna getur verið um að ræða það, að skapað sé öryggi, sem getur jafnvel bjargað mannslífum í verstu tilfellum, þá held ég, að það sé ekki áhorfsmál, að ríkið eigi að elga jörðina, eins og hefur verið, þannig að það sé auðveldara að koma henni í ábúð, hvenær sem einhverjir eru fúsir til þess að setjast þar að. Og ég held, eins og ég sagði áðan, að ef einhver vilji væri fyrir hendi hjá vegamálastjórninni og fjárveitingavaldinu, þá væri þetta mjög auðvelt.

Ég get verið sammála hv. fyrra flm. um, að það eigi að leita álits vegamálastjórnarinnar, sem hefur haft með þessa jörð að gera á undanförnum árum, um það, hvort rétt er stefnt með því að selja hana. En ég vildi þá líka álita, að það væri rétt að leita álits ýmissa þeirra aðila, sem hafa næstra hagsmuna að gæta í sambandi við samgöngur um Öxnadalsheiði og um það, að norðurleiðinni sé haldið opinni, um þetta mál. Ég álít t. d. rétt að leita álits forustumanna verzlunar og iðnaðar á Akureyri, og það væri rétt að leita álits t. d. fyrirtækis eins og Norðurleiða og þeirra fyrirtækja, sem halda uppi vöruflutningum um þessa leið á vetrum með bifreiðum. Og ég er sannast að segja ekki í nokkrum vafa um það, að allir þessir aðilar mundu ófúsir vilja gera nokkrar þær ráðstafanir, sem gætu orðið til þess að draga úr öryggi á þessari leið. Ég vil að vísu alls ekki halda því fram, að það sé meining flm. að gera það, því að ég efast ekkert um, að báðir mundu þeir vilja hafa það sem mest. Ég álít, að þeir hafi farið í það að flytja þetta frv. af misskilinni þjónustusemi við örfáa bændur í Öxnadalshreppi, en ekki gætt þess sem skyldi, að það eru ýmsir fleiri, sem þarna hafa ríkra hagsmuna að gæta.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Út af þeim sjónarmiðum, sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., vil ég einungis segja, að það er sjálfsagt, að sú n., sem um þetta mál fjallar, taki þau til athugunar eins og efni standa til.

En ég vil einnig vekja athygli á því, að með flutningi þessa frv. er engan veginn meiningin að draga úr öryggi ferðamanna, sem eiga leið um Öxnadalsheiði, og ég geri ráð fyrir því og er raunar sannfærður um, að það öryggi þarf engan veginn að minnka, þótt jörðin yrði seld á þann veg, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Enn síður er hægt að gera ráð fyrir því, að torvelduð verði ábúð á jörðinni, eins og hv. þm. vill vera láta, vegna þess að mér er kunnugt um það, og það kemur raunar fram í bréfi oddvitans, sem prentað er með grg., að hreppsnefndin hefur einmitt áhuga á, að ábúandi fáist í Bakkasel. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að svo er ekki, þrátt fyrir það að þar hafi verið til reiðu afnot jarðarinnar án endurgjalds auk nokkurra þúsunda framlags úr ríkissjóði árlega.

Nú geri ég ráð fyrir því, að n., sem um þetta mál fjallar, ráðgist um það við vegamálastjóra, svo sem vera ber, sem er kunnugur þessum hlutum og hefur haft umsjón jarðarinnar undanfarið. Og ef svo færi að þeirri athugun lokinni, að skynsamlegt þætti að selja jörðina, þá má einnig á það benda, að samfara þeirri sölu væri hægt að tryggja það, að jörðin kæmist í ábúð, svo fremi sem einhverjir reyndust þar vilja setjast að. Það væri hægt að tryggja það í samningum við kaupendurna. Og ég efast ekki um það, að þeir eru reiðnubúnir til þess að skuldbinda sig til að láta jörðina á leigu, ef ábúandi fæst til þess að setjast þar að.

Ég fæ ekki heldur séð, að það skipti neinu máli, þó að ríkissjóður eigi húsið á jörðinni, en hreppurinn jörðina sjálfa, sérstaklega ef svo væri um búið í samningum, sem mér finnst engin fjarstæða að geti orðið og ég veit að kaupendur mundu hiklaust samþykkja, að það yrði áskilið, að jörðin yrði leigð, þegar ábúandi fengist, sem viðhlítandi þætti, og þar með væri það tryggt, að aðstaða til þess að setjast þar að minnkaði ekki, enda þótt eigendaskipti yrðu að jörðinni sjálfri.

Ég vildi einungis taka þetta fram, til þess að ekki yrði uppi misskilningur um það, að til þess væri ætlazt með þessu frv., að torvelduð yrði með einhverjum hætti ábúð á jörðinni, því að það er alls ekki meiningin.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessa frv. sagði, að það væri ekki meining þeirra flm. að draga neitt úr öryggi fyrir ferðamenn á þessari leið, og ég er alveg sammála honum um það, og það efast sjálfsagt enginn um þeirra heilindi varðandi það. En hitt sýnist mér alveg ljóst, að þegar búið er að sundra einni jörð þannig, að einn aðili á hús og mannvirki á jörðinni og annar á landið sjálft, þá er torveldara um leigu á jörðinni. Og ég vil líka benda á, að það er auðvitað allt annað, þó að það standi í bréfi, einkabréfi frá oddvitanum eða sveitarstjórninni til hv. flm., að sveitarstjórnin mundi verða fús til að leigja land jarðarinnar á hverjum tíma, ef einhver ábúandi fengist, — það er auðvitað allt annað en það séu einhver fastákveðin skilyrði. Hvergi stendur í frv., að það eigi að selja landið með þeirri kvöð. Og jafnvel þó að áhugi kynni að

vera mikill hjá núv. hreppsnefnd Öxndæla á ábúð í Bakkaseli, er alls ekki víst, að það verði svo í framtíðinni. Það gætu orðið allt önnur viðhorf þá uppi, og þar gætu ráðið menn, sem alls ekki vildu leigja jörðina.

En meðal annarra orða, þá vildi ég spyrja hv. flm. að því, hvaða hagsmunir það eru fyrir bændur í Öxnadal að kaupa jörðina, ef gert er ráð fyrir því, að jörðin fari í ábúð. Hverju breyta kaup þeirra á jörðinni um þá hagsmuni, sem þeir hafa þarna að gæta? Er leigan, sem vegamálastjórnin tekur fyrir jörðina, svo há, að þar sé um óhæfilega leigu að ræða, eða hver er hún? Getur það verið, að þessi leiga sé svo mikil, að það sé nauðsynlegt fyrir bændur að kaupa jörðina af þeim sökum til þess að firra sig svo þungri leigu? Ef leigan er lág eða kannske því nær engin, — ég skal ekkert um það segja, hv. flm. mun e. t. v. geta upplýst það, — hverju eru þeir þá bættari, þegar þeir hafa í báðum tilfellum landið, sem um er að ræða, til ráðstöfunar? Er ekki stutt í það, — það fer auðvitað eftir því, hvernig svör við þessu verða, — að áhugi sé ekki mjög mikill fyrir því hjá þessum bændum, að jörðin sé byggð, og þeim þyki betra að hafa svolítið rýmra fyrir sitt sauðfé? Er ekki stutt í það?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. samþ. með 10:1 atkv.

Á 49. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 311).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál var nokkuð reifað og rætt við 1. umr., svo að það er ekki ástæða til að fara miklu nánar út í það. Það verður að teljast eðlilegt, að hreppsnefnd Öxnadalshrepps leiti eftir kaupum á jörðinni Bakkaseli, sem er innsti bær í hreppnum, stendur alllangt frá öðrum bæjum og er kominn í eyði og taldar mjög litlar líkur til, að jörðin byggist aftur. Hins vegar mun sveitin eða hreppsbúar hafa fulla þörf fyrir land jarðarinnar, beitiland, og vilja þess vegna tryggja sér það með kaupum á jörðinni. Hins vegar er á það að líta, að það hefur verið á það bent, að það sé vinningur að því, að þarna sé byggt ból, vegna mikillar umferðar um Öxnadalsheiði á vetrum. Landbn. leitaði því sérstaklega eftir áliti vegamálastjóra, sem þessum málum er einna handgengnastur, áður en hún gaf út sitt álit, sem er shlj. meðmæli með sölu þessarar jarðar, en einn nm. var ekki viðstaddur afgreiðsluna, eins og segir í álitinu, hv. 1. þm. Vesturl.

Vegamálastjóri ritaði n. alllangt bréf um þetta efni og rakti þar sögu Bakkasels um allmörg ár, síðan vegamálastjórnin hafði afskipti af því að halda þar við byggð vegna ferðamanna. Það kemur fram í bréfi vegamálastjóra, að vegagerðin hefur haft allmikinn kostnað af þessu í mörg ár, þar til loks enginn maður fékkst til að búa á jörðinni þrátt fyrir talsvert miklar meðgjafir frá ríkinu nú fyrir tveimur árum. Það kemur einnig fram í bréfi vegamálastjóra, að jarðarhús eru svo léleg, að þau eru ekki til neinnar frambúðar fyrir búanda, sem kynni að fást á jörðina, og þá sennilega ekki nema með miklum meðgjöfum, og þess vegna yrði að leggja í stórkostnað við að byggja upp íbúðarhús og peningshús, til þess að jörðin gæti verið frambúðarjörð fyrir sveitabúskap. Hins vegar liggur ekki vegamálastjóri á því áliti sínu, að þarna sé nauðsynlegt að sé hús eða skýli, ferðamannaskýli í einhverri mynd. En hans álit er það, að miklu skynsamlegra sé að byggja þar skýli með aðstöðu fyrir ferðamenn, síma og einhverjum tækjum eða sæluhús heldur en að leggja í kostnað við að halda þarna við bændabýli.

Landbn. leitaði einnig álits landnámsstjóra, Pálma Einarssonar, um þetta efni, og það var mjög samhljóða. Hann lýsti því allgreinilega með tölum, hversu búskaparafkoma í Bakkaseli sé erfið, bæði vegna þess að jörðin er langt frá öðrum bæjum og þó einkanlega fyrir það, hvað húsakostur sé þar lélegur nema með stórkostnaði, og þó enn mest fyrir það, að jörðin sé ekki framtíðarjörð fyrir búskap, vegna þess að ræktunarmöguleikar séu þar litlir. Að þessu öllu athuguðu og því, að hreppsnefnd Öxnadalshrepps hefur tjáð sig reiðubúna að byggja jörðina, ef einhver bóndi fengist til að flytjast á hana, og að því athuguðu, að eðlilegt er, að hreppurinn fái umráð á beitilandi jarðarinnar, þegar þar er ekki búið, og þó einkum að því athuguðu, að vegamálastjórnin telur ekki vinning að því að halda þarna við byggð, eins og á stendur, heldur séu aðrar leiðir eðlilegri að koma þarna upp aðstöðu fyrir ferðamenn á ódýrari hátt. hefur landbn. lagt til, að frv. verði samþykkt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég gerði þetta mál nokkuð að umræðuefni, þegar það var hér til 1. umr., og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka mikið af því, sem ég sagði þá. Ég þykist hafa við það tækifæri leitt rök að því, að til mikils öryggis væri fyrir umferð á Öxnadalsheiði, að Bakkasel væri í ábúð, og það væri naumast hægt að búast við því, að hægt væri að veita vegfarendum á þessari þýðingarmiklu leið þá þjónustu, sem nauðsynlegt er, einkanlega á vetrum, ef ekki væri þarna búið. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka rök mín í þessu efni, en vil minna á, að það hefur verið lögð áherzla á að halda býlum í ábúð, þar sem minni ástæða hefur verið til en með Bakkasel. Ég lýsti því líka þá, að ég sæi ekki, hvaða sérstök rök lægju fyrir því eða nauðsyn, að farið væri að sundra jörðinni, þannig að hús jarðarinnar kæmust í hendur eins aðilans og jörðin sjálf eða landið í hendur annars aðila, og spurði um það, hverjum til hagsmuna slík ráðstöfun gæti verið. Ég er þess vegna dálítið undrandi yfir því, að hv. frsm. landbn. kemur hér enn og segir, að það sé nauðsynlegt fyrir bændur, að hreppurinn kaupi þessa

jörð, til þess að þeir geti tryggt sér beitiland. Þetta er furðuleg staðhæfing, þar sem það er vitað mál, að bændurnir hafa afréttarland, sem tilheyrir Bakkaseli, og land jarðarinnar á leigu, að ég held með mjög lágri leigu. Ég spurði hv. fyrra flm. að því, hvort leigan væri svo há á landinu, að bændum væri nauðsynlegt að kaupa það þess vegna, til þess að létta þeim það, en fékk ekki svör við því. En það er vafalaust, að hv. n. hafi athugað þetta, og má því gera ráð fyrir, að hv. form. n. geti gefið greið svör við því, hvort þessi ástæða er fyrir hendi, því að það er sú eina ástæða, sem gæti verið fyrir því, að bændur hafi einhverja hagsmuni af því, að Öxnadalshreppur kaupi þessa jörð, — bókstaflega sú eina.

Við fyrri umr. málsins benti ég líka á, að það væri eðlilegt að senda þetta mál ekki aðeins til umsagnar vegamálastjóra og jarðeignadeildar ríkisins, heldur einnig til þeirra aðila, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í því, að umferð sé örugg um Öxnadalsheiði, en þar taldi ég vera forsvarsmenn verzlunar og iðnaðar á Akureyri og þau fyrirtæki, sem fyrst og fremst stunda þessar ferðir, oft við hin erfiðustu skilyrði. En þetta hefur n. látið hjá líða að gera, og vil ég lýsa yfir undrun minni yfir því, því að þarna eru vissulega aðilar, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta og ástæða væri til að taka nokkurt tillit til. Og ég satt að segja efast ekki um það, hvernig þeirra umsögn mundi vera. En það hefur af einhverjum ástæðum ekki þótt heppilegt af þeim, sem hafa — ég vil segja furðulegan áhuga á þessari jarðarsölu, að leita þess álits.

Hv. frsm. n. gat þess, að leitað hefði verið álits vegamálastjóra og hann hefði talið það miklu hagkvæmara fyrir alla aðila að halda þarna uppi skýli eða sæluhúsi heldur en jörðin væri í byggð, það væri ekki vinningur að því. Mér kemur þessi umsögn vegamálastjóra ekkert á óvart, vegna þess að hann hefur staðið sem brándur í götu fyrir því á undanförnum árum, að jörðin væri í byggð, og hefur þar áreiðanlega horft í smávægilegar peningaupphæðir, en ekki í það að skapa öryggi á þessari oft hættulegu leið. Það eru peningasmámunir, sem þar eru settir á oddinn, en ekki hagsmunir þeirra, sem um þennan fjallveg þurfa að fara.

Ég vildi spyrja hv. frsm. að því, hvort vegamálastjóri hefði falið þær staðreyndir fyrir n., að nú liggja fyrir umsóknir hjá honum um ábúð í Bakkaseli, a. m. k. frá tveimur aðilum. Ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem þarna er um að ræða, mundu ekki hefja búskap í Bakkaseli eða setja þar upp þjónustu fyrir almenning, nema til kæmi nokkur styrkur, en það er hann, sem strandar á. Ég held þess vegna, eftir því sem framkoma vegamálastjórnarinnar hefur verið varðandi þetta mál nú um margra ára skeið, varðandi ábúð í Bakkaseli, sem hún hefur reynt að hindra eftir getu, þá sé þessi stofnun ekki rétti aðilinn til þess að byggja á lagasetningu um sölu jarðarinnar. Og ég vil aðeins benda á það, að þó að bændur af einhverjum einkennilegum ástæðum, vil ég segja, eða a. m. k. hreppsnefnd í Öxnadalshreppi vilji eignast jörðina, þá hafa þeir lýst sig mjög fylgjandi því, að þarna yrði búið, en þar skakkar miklu við skoðun vegamálastjóra. Hann vill alls ekki hafa ábúð í Bakkaseli, og það er mergurinn málsins. Það er fyrst og fremst verið að fallast á það sjónarmið með þessari sölu.

Eins og ég sagði, fór ég allýtarlega út í þá nauðsyn, sem er á því, að Bakkasel sé í byggð, við 1. umr. málsins, og ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði þá. En ég vildi vona, að hv. form. n. og hv. n. vildi fallast á það að athuga málið ofur lítið betur og leita umsagnar fleiri aðila um málið, áður en það fer lengra. Mér þykir sýnt, að n. hafi verið leynd þýðingarmiklum upplýsingum varðandi málið, og ég tel, að það sé sanngjörn krafa, að málið sé athugað að nýju og sent til umsagnar þeirra aðila, sem ég nefndi.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það var einkanlega út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, hvort sú leiga, sem Öxnadalshreppur greiðir fyrir þetta land, sé svo há, að það sé verulegt hagsmunaatriði fyrir hreppinn að kaupa jörðina. Ég hygg, að leigan sé ekki há, svo að það út af fyrir sig sé ekki verulegt atriði í málinu. Hitt er aðalatriðið, eins og ég drap á, að hreppsnefndin mun telja sig hafa miklu meira öryggi í því að geta notað þetta land, ef hún eignast það, heldur en ef það er í eigu ríkisins, því að það geta verið fleiri en hreppsbúar á þessum stað, sem vilja gjarnan komast yfir landið til að nota það sem beitarland. Þetta er ekkert aðalatriði í málinu, eins og ég held að hafi komið fram í minni framsöguræðu, heldur er aðalatriðið í málinu það, hvort þarna sé betur séð fyrir þörfum ferðamanna með því að reyna að halda þessu býli í byggð heldur en með því að fara þá leið, sem vegamálastjóri telur ódýrasta og óðýrasta. Hann hefur í bréfi til n. rakið það, hvað kostað hafi á undanförnum árum, meðan vegagerðin hélt við byggð í Bakkaseli með því að styrkja bændur til að búa þar. Þessi listi nær yfir nokkur ár. 1949 hefur kostnaður þarna orðið til að viðhalda byggðinni um 38 þús., 1950 18600, 1951 26 þús., 1952 27400, 1953 10500, 1956 er kostnaðurinn 33 þús. kr. og 1957 56 þús. Þetta eru nokkrar tölur af handahófi. En síðan byggðin lagðist niður, hefur vegagerðin einnig haft ofur lítinn kostnað af því að halda þarna við húsum, til þess að það væri hægt inn í þau að fara, ef ferðamenn þyrftu á að halda, og það kostaði 1961 2700 og 1962 4700 kr. En aðalatriðið í málinu er það, að þarna er þannig aðstaða, að það er talið útilokað að fá nokkurn mann til að búa þar nema með mjög miklum styrkjum, og ekki aðeins það, heldur þurfi einnig að byggja húsin upp, og það kostar náttúrlega mikið fé, og svo í þriðja

lagi, að þarna sé aðstaðan slík, að því er landgæði snertir, einkum ræktanlegt land, að þarna verði ekki búið til frambúðar.

Viðkomandi því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um, hvort það hefði komið fram í svari vegamálastjóra, að þarna hefðu tveir eða þrír bændur beðið um jarðnæði eða óskað eftir að fá jarðnæði, þá er því til að svara, að hann hefur hiklaust látið það uppi, að það hafi enginn maður fengizt til að búa á Bakkaseli síðan 1960.

Ég vildi láta þetta koma fram sem skýringar á þeirri afstöðu n. að taka það fyllilega til greina, sem þessi trúnaðarmaður vegaumferðarinnar í landinu telur skynsamlegt í þessu efni. Og ég er ekki persónulega í neinum vafa um það, að framtíðin þarna er ekki búskapur með svo og svo miklum styrkjum, heldur á að byggja þarna sæluhús með allri þeirri aðstöðu, sem nútíminn hefur yfir að ráða, til öryggis fyrir ferðamenn. Hitt kann að vera rétt, að það væri hægt að fá einhverja menn með því að styrkja þá svo og svo mikið til þess að búa þarna, en þó tæplega nema mjög stuttan tíma í einu hvern um sig, og það er held ég áreiðanlega hin eina rétta lausn á þessu, að þarna verði byggt sæluhús. Ég vænti þess, að þó að jörðin sé seld hreppsnefndinni, þá verði engin vandræði að fá þar lóðarréttindi til að byggja þar skýli fyrir ferðamenn, enda gengið út frá því í greinargerð frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og í ræðu hv. 10. landsk. þm., frsm. þessa frv., var ég ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefnd, og er ég ekki að halda því fram, að það út af fyrir sig breyti neitt afstöðu minni til þessa máls. En mér fannst strax, þegar þetta frv. var lagt fyrir hv. Alþingi, að hér gegndi nokkuð öðru máli með jarðarsölu en almennt, þegar einstaklingar eða hreppsfélög fara fram á að fá keyptar jarðir hins opinbera. Og það, sem liggur þar til, er sú þjónusta, sem fyrst og fremst þeir ábúendur, sem verið hafa í Bakkaseli um margra áratuga skeið, hafa veitt ferðamönnum, sem farið hafa yfir Öxnadalsheiði, um nokkurra ára skeið með tilstyrk frá því opinbera. Og síðustu tvö árin hefur verið rekið þarna sæluhús. Um leið og ákveðið er, að ríkið selji Öxnadalshreppi jörðina, liggur ekkert fyrir um það, hver á að veita þessa þjónustu. Það liggur ekkert fyrir um það, hvort vegagerðin hugsi sér í framtíðinni að hafa sæluhús í þessum húsakynnum í Bakkaseli, þar til byggt verður nýtt sæluhús, annaðhvort í Bakkaseli eða annars staðar, þar sem hentara þykir. Og meðan svo er, sýnist mér, að það liggi ekkert á fyrir ríkið að afsala sér eignarrétti á jörðinni Bakkaseli, nema síður sé.

Það er enginn vafi á því, að eins og nú er komið málum með ferðalög okkar Íslendinga sumar og vetur, þá er Öxnadalsheiði ein af fjölförnustu leiðum milli tveggja landshluta, þ. e. a. s. Suður- og Vesturlands annars vegar og Norður- og Austurlands hins vegar, og verður krafa þeirra, sem ferðast um þessa fjallleið eins og aðrar, að þar verði einhver lágmarksþjónusta veitt af því opinbera. Og þegar byrjað er að veita slíka þjónustu, er ekki svo auðvelt heldur að snúa til baka með það. Og ég fæ ekki séð, að það verði auðvelt fyrir Öxnadalshrepp að veita þá þjónustu. Ég tel, að það sé því sveitarfélagi um megn að veita hana. En ríkið getur hins vegar átt auðvelt með að gera það. Og þótt svo sé og komi fram í áliti vegamálastjóra, að honum þyki dýrt viðhaldið á Bakkaseli og eigi örðugt með að leggja fé til þeirra hluta, þá rengi ég hann ekkert um það, og það er sjálfsagt af litlu fjármagni að taka hjá honum. En hins vegar liggur það fyrir, ef ekki á að ske hrein og klár „katastrófa“ í öllu samgöngukerfi landsmanna nú þegar á þessu og næstu árum, þá verður að stórauka allt fjármagn til samgöngubóta í landinu. Og þá þykir mér sýnilegt, að þessi mál, eins og sæluhúsastarfsemi og annað, verði endurskoðuð í leiðinni og þeim verði ætlað eitthvert fjármagn til sinnar starfsemi, því að ég tel, eins og ferðalög að vetrinum eru orðin mikil og það á fjallvegum, þar sem stórhríðar geta geisað um lengri tíma, þá sé óforsvaranlegt að reyna ekki að veita eins góða þjónustu á þessu sviði og auðið er. Og það tel ég, að ríkið eitt geti og eigi að gera, en ekki aðrir aðilar.

Við skulum taka hinn þátt málsins, sem snýr að jörðinni sjálfri og sveitarfélaginu í Öxnadalshreppi. Mér skilst, að það hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að þetta sveitarfélag fengi fullkomin afnot af þeim afrétti, sem hreppurinn vill nú festa kaup á. Mér skilst, að þar hafi ekkert verið til fyrirstöðu. Hins vegar sé einhver ótti, — það kom fram í ræðu hv. 10. landsk. nú, þegar hann talaði síðast, — að það verði kannske aðrir hreppar eða önnur sveitarfélög, sem ef til vill þurfa líka á afrétti að halda, sem verði hlutskarpari í þessum efnum, og það rýri not Öxndælinga af þeim afrétti, sem þarna er. Þetta eru nýjar upplýsingar í málinu, og mér finnst, þegar þær eru fram komnar, að það sé enn þá verra fyrir Alþ. að taka afstöðu í þessu máli, vegna þess að ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um það, hver þörfin hjá þeim aðilum kynni að vera fyrir afréttarlönd. Vera má, að hún sé fullt svo mikil eða meiri en hjá því sveitarfélagi, sem fer fram á að fá jörðina keypta. Og það er afar hæpið fyrir Alþ. að ákveða sölu á jörðinni, þegar þessar upplýsingar eru komnar fram, nema fyrir liggi eitthvað nánara í þeim efnum, sem gerir málið svo augljóst, að það sé engin ástæða til annars en að selja Öxnadalshreppi jörðina.

Það kom fram við 1. umr. hjá hv. flm. þessa máls, eða mér skildist það, að ríkið mundi eiga að hafa húsakynnin áfram og veita sína þjónustu þar, en það væri einungis landið, sem ætti að selja. En í frv. er alls ekki gert ráð fyrir, að það sé neitt undan skilið, og það er ekki heldur gert ráð fyrir því í frv. sjálfu, að ríkinu sé ætlaður nokkur lófablettur, ef það

vildi reisa þarna sæluhús eða hafa einhverja slíka starfsemi annaðhvort í Bakkaseli eða landareign Bakkasels framvegis. En slíkt fyndist mér að ætti þá að tryggja, um leið og jörðin er seld, að ríkið gæti áfram haldið sinni þjónustu, eins og ég veit að allur fjöldi þeirra, sem ferðast þarna um, gerir kröfu til, þegar þar að kemur. Þess vegna er það, af því, sem ég hef nú sagt, að ég er ekki reiðubúinn að ljá þessu frv. fylgi mitt og tel, að málinu liggi ekki neitt á fyrr en að frekari upplýsingum fengnum. Það er hyggilegast fyrir ríkið að eiga jörðina, þar til búið er að ganga fullkomlega frá sæluhúsastarfseminni, sem ég veit að verður gerð krafa til af þeim, sem eiga daglegar ferðir þarna um og þurfa að halda uppi samgöngum á milli tveggja stórra höfuðborga og tveggja landsfjórðunga á hvorn veg. Þess vegna sýnist mér, að við eigum ekki nú að ganga frá samþykkt þessa máls, heldur fresta því um sinn, jafnvel um nokkurra ára skeið, þangað til búið er að ganga þannig frá hlutunum, að vegfarendur hafi fullkomið öryggi, að þeirra réttur verði ekki fyrir borð borinn, og þá getur maður séð, hver þörf annarra aðila er fyrir landið, — fyrir afréttarlandið, sem hér er farið fram á að selja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hingað er nú komið úr Ed. frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadal, og kveður 1. gr. frv. á um það, að ríkisstj. sé heimilt að selja Öxnadalshreppi nefnda jörð fyrir verð, sem dómkvaddir menn meti. En þetta frv. er flutt af tveimur hv. alþm., sem sæti eiga í Ed., og raunar flutt eftir beiðni hreppsnefndar Öxnadalshrepps. Í bréfi oddvitans, sem prentað er sem grg. fyrir frv., er bent á, að Bakkasel hafi verið úr ábúð og ónytjað tvö undanfarin ár að öðru leyti en því, að Öxnadalshreppur hafi leigt landið og notað sem afrétt. Telur oddvitinn, að litlar líkur séu til, að jörðin fari í ábúð á næstu árum, og færir fyrir því ýmis rök. Aftur á móti telur oddvitinn, að bændum í Öxnadalshreppi sé ávinningur að því að nýta jörðina sem afréttarland, svo sem verið hefur undanfarin tvö ár, en eins og áður er sagt, hefur hreppurinn landið á leigu einmitt í þessu skyni. Með tilliti til þessara aðstæðna og þeirra líkinda, að Bakkasel muni ekki byggjast að nýju, er það ósk hreppsins að fá landið keypt, enda komi jörðin helzt að gagni sem afrétt fyrir Öxndælinga. Að öðru jöfnu hefur það yfirleitt verið venja Alþ. að virða slíkar röksemdir sem þessar og veita þá ríkisstj. heimild til þess að selja jarðirnar. Ef ekki kæmi fleira til, mundi Alþ. áreiðanlega nokkuð samhljóða samþykkja þessa sölu Bakkasels nú til Öxnadalshrepps.

Í umr. þeim, sem átt hafa sér stað í hv. Ed. um þetta mál, hafa komið í ljós fleiri sjónarmið en hagsmunir Öxnadalshrepps í afréttarmálum. Hafa ýmsir hv. þm. bent á, sem rétt er, að Bakkasel gegni alveg sérstöku hlutverki í samgöngumálum Norðurlands vegna legu sinnar í þjóðbraut, vöruflutninga og annarra samgangna, einkum að vetrarlagi. Um margra ára skeið var Bakkasel eina byggða bólið milli efstu bæja í meginbyggð Öxnadals og fremstu bæja í Norðurárdal í Skagafirði. Á milli er Öxnadalsheiðin, versta torfæran og á margan hátt hættulegasti kaflinn á leið langferðabifreiðanna milli Norður- og Suðurlands. Er ávallt talsverð slysahætta á Öxnadalsheiði, fyrst og fremst á vetrum á hálum og bröttum vegi, enda hafa orðið þar allmörg bílslys og oft raunar mildi, að ekki fór verr en raun varð á. Það er því með réttu þess vert að gefa samgöngumálunum á þessu svæði sérstakan gaum, þegar rætt er um að veita heimild til þess að selja umrædda jörð, og þá fyrst og fremst það, að hvaða leyti Bakkasel geti komið að gagni til umferðaröryggis. Ég hygg, að allir séu sammála um, að Bakkasel sé þannig staðsett, að nauðsynlegt sé að hafa þarna einhvern viðbúnað, sem miðar að öryggi vegfarenda á Öxnadalsheiði og nágrenni. En um það kunna að verða skiptar skoðanir, í hvaða formi sá viðbúnaður þyrfti eða ætti að vera miðað við núverandi aðstæður.

Svo sem kunnugt er, eru rétt um 30 ár síðan áætlunarferðir almenningsvagna hófust milli Akureyrar og Reykjavíkur, en tæplega 20 ár síðan byrjað var á nokkuð föstum ferðum flutningabifreiða. Lengi framan af gegndu áætlunarferðir almenningsvagnanna mjög stóru hlutverki í samgöngum milli Reykjavíkur og Akureyrar og gera það að sjálfsögðu enn, þó að nokkuð hafi dregið úr því með tilkomu flugferða. Aftur á móti eykst stöðugt notkun stórra flutningavagna á þessari leið, og má heita, að flesta daga vikunnar fari slíkar bílalestir um þjóðveginn milli áðurgreindra staða og flytji margs konar verzlunar- og iðn-

aðarvarning fram og til baka. Hygg ég, að Akureyringar einir eigi um 20 stóra flutningavagna, sem eru í förum milli Norður- og Suðurlands, hvenær sem fært er, hvort heldur er að sumri eða vetri. Hið sama er að segja um almenningsvagnana eða rúturnar, sem svo eru kallaðar, þeim er haldið gangandi allan ársins hring, eftir því sem aðstæður leyfa. Umferðin um Öxnadal og Öxnadalsheiði er því afar mikil allan ársins hring, og vegurinn hjá Bakkaseli er því hin mesta lífæð fyrir alla flutningastarfsemi.

Á fyrstu árum mannflutninga milli Reykjavíkur og Akureyrar, og raunar alllengi fram eftir, gegndi Bakkasel hlutverki sínu sem óhjákvæmilegur áfangi á leiðinni. Þar var jafnan stanzað og notið veitinga, a. m. k. á suðurleið, enda var þá torfærara og langsóttara frá Akureyri en nú er, eftir að miklar vegarbætur hafa átt sér stað, svo að leiðin er nú ekin á allt að helmingi skemmri tíma en fyrrum. Veitingastarfsemi í Bakkaseli hlaut því að leggjast af í þeim mæli, sem var, meðan langferðavagnarnir höfðu þar fasta viðkomu. Þá tók einnig að sneiðast um arðgæfan afkomugrundvöll fyrir ábúendur Bakkasels, og reyndist smám saman erfitt að fá menn til þess að búa þar, þótt reynt væri að bæta afkomuna með nokkrum styrkveitingum, enda fór svo að lokum, að seinasti ábúandi Bakkasels fluttist þaðan fyrir u. þ. b. 3 árum, eða í fardögum 1960, og telur vegamálastjóri, sem hefur umráð jarðarinnar fyrir hönd ríkisins, að ekki fáist ábúendur á jörðina, og er sammála hreppsnefndinni um það, að líkurnar fyrir því, að Bakkasel komist í ábúð að nýju, séu næsta litlar. Þá hygg ég, að vegamálastjóri sé þeirrar skoðunar, að hægt sé að nota Bakkasel til öryggis í umferðinni, án þess að jörðin sé í ábúð, nefnilega með því, að ríkið starfræki þar sæluhús, eins og verið hefur að undanförnu. Hins vegar hefur komið fram hér í umr. á Alþingi, að ekki sé nægilega vel séð fyrir umferðarörygginu, nema því aðeins að Bakkasel sé í ábúð, þ. e. að fólk sé á staðnum. Ef það sjónarmið reyndist rétt og ef það er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir umferðaröryggi á Öxnadalsheiði, að það sé búið í Bakkaseli, þá er auðvitað ekkert vit í, að ríkið afsali sér jörðinni og afhendi hana Öxnadalshreppi sem afrétt, þá verður að synja um þessa söluheimild. Verði aftur hitt sjónarmiðið ofan á, sem vegamálastjórnin virðist hallast að, að ábúð í Bakkaseli sé ekkert sérstakt skilyrði fyrir notum staðarins í umferðaröryggisskyni, þá er ekkert því til fyrirstöðu að selja Öxnadalshreppi jörðina til afréttarnota, því að sem slík er hún mikilvæg bændum í Öxnadal og fullkomið sanngirnismál, að þeir njóti þeirra gagnsmuna, sem jörðin býr yfir og helzt verða nú nýttir.

Ég þekki nokkuð til í Bakkaseli og þori að fullyrða, að jörðin er ákaflega rýr að gæðum, þó að hún hafi haft nokkra kosti áður fyrr, meðan aðrir búskaparhættir voru við lýði. Ræktunarland er þar sáralítið og búskapur þar því ekki eftirsóknarverður og á margan hátt alveg ástæðulaust að halda henni í byggð, enda er byggðasaga Bakkasels ærið stutt, og telur Bernharð Stefánsson fyrrv. alþm., sem er nákunnugur sögu þessarar sveitar, að Bakkasel hafi fyrst orðið bújörð um miðja síðustu öld. Lengri er sú saga ekki, og minnir hún nokkuð á þá þróun, sem varð á Austurlandi á svipuðum tíma, þegar skortur var á jarðnæði þar og allmargir bændur settust að í Jökuldalsheiði, en síðan lagðist sú byggð af með breyttum tíma. Um búskap í Bakkaseli verður því ekki að ræða, nema ríkið styrki ábúandann verulega með kaupgreiðslum eða fjárstyrk og þyrfti sá styrkur þá að verða eftirsóknarverðari en hann hefur verið hingað til. Í sjálfu sér gæti ég fyrir margra hluta sakir fallizt á þá lausn að styrkja menn þannig til ábúðar á jörðinni, því að vissulega er það æskilegt, að mannabyggð sé á þessari fjölförnu leið og að hún teygist sem allra lengst upp undir heiðina, og mundi það út af fyrir sig verða til öryggis vegfarendum. En þó held ég, að þetta sé engan veginn einhlítt. Á það verður að benda, að kostnaðurinn við að koma Bakkaseli í byggð að nýju afmarkast ekki af því einu að auka styrk eða kaup til væntanlegs ábúanda. Jarðarhús eru mjög léleg, og er óhjákvæmilegt að byggja þar upp að nýju, ef sómasamlegt á að teljast. Mundi það kosta stórfé, en engar líkur til þess, að hægt yrði að rísa undir kostnaðinum af búskap einum saman, og er þá hætt við, að fljótlega drægi að því, að hús dröbbuðust niður, jafnvel þótt fé væri veitt til uppbyggingar í því skyni að reka búskap.

Ég hef þá skoðun, að ríkinu sé ekki akkur í að halda eignarumráðum jarðarinnar í því skyni að koma þar upp búskap og það sé því ekkert því til fyrirstöðu að selja Öxnadalshreppi jörðina. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, að jörðin verði seld með ákveðnum skilyrðum, fyrst og fremst þeim, að ríkið haldi eftir jarðarhúsunum, sem nú eru til staðar, og jafnframt, að ríkið tryggi sér ævarandi rétt til þess að hafa áfram eða byggja nýtt sæluhús eða önnur mannvirki, sem nauðsynleg teldust til þess að auka öryggi í vetrarferðum um Öxnadalsheiði. Það er vafalaust höfuðatriði í málinu, séð frá sjónarmiði öryggismálanna.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að full ástæða er til að gera ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að auka umferðaröryggið í hinum erfiðu og áhættusömu vetrarferðalögum. Ég vil sérstaklega benda á það, að allir langferðabílar séu búnir talstöð, sem sé í sambandi við hlustunarþjónustu á einhverjum stað. Raunar mun þetta nú komið á hvað snertir rútubílana. Og hið opinbera ætti að stuðla að slíkri þjónustu með styrkveitingu fram yfir það, sem nú er. Eins er nauðsynlegt að setja reglur um það, að bílar séu ekki einir í slíkum ferðum, heldur séu jafnan fleiri í samfloti, og jafnframt finnst mér ástæða til þess, að bílstjórar séu ekki einir í bílunum, heldur hafi þeir

aðstoðarmann, a. m. k. á hættulegustu leiðum, eins og Öxnadalsheiði. Þá þarf einnig að fylgjast með búnaði bifreiða í vetrarferðum, þ. á m. að fyrir hendi séu skjólflíkur, t. d. ullarteppi og annar útbúnaður, sem nauðsynlegur er öryggi vegfarenda í slíkum ferðum, ef eitthvað ber út af. Raunar er ég ekki með þessum orðum að væna bifreiðastjóra um, að þeir sýni ekki næga aðgæzlu í ferðum sínum hvað þetta snertir, en hins vegar er full ástæða til þess, að eftir þessu sé litið með eðlilegu öryggiseftirliti.

Þetta mál hefur verið allvel kannað af hv. landbn. Ed., sem leitaði umsagnar nokkurra aðila um málið, og mæla þeir allir með sölunni. Allir viðstaddir nm. mæltu með samþykkt frv., en einn nm., hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, lýsti síðar í þingræðu yfir því, að hann vildi láta fresta málinu, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, lagðist eindregið gegn frv. í ræðum, sem hann flutti við 1. og 2. umr. í hv. Ed. Hins vegar var frv. samþ. óbreytt í d. og er nú hér til 1. umr. í þessari hv. þingdeild.

Málið mun að sjálfsögðu ganga til n., og hygg ég, að það væri æskilegt, að hv. landbn. leitaði umsagnar fleiri aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu máli, t. d. Norðurleiðar h/f og þeirra bifreiðastöðva á Akureyri, sem einkum stunda vöruflutninga á þessari leið. Eins kynni það að vera til athugunar fyrir n., hvort ekki sé rétt að bæta inn í frv. ákvæðum, sem tryggja nauðsynlega fyrirvara af ríkisins hálfu, ef úr sölu verður. Hef ég áður gert grein fyrir, hverja ég tel mikilvægasta slíkra fyrirvara, og skal ekki endurtaka það, en minni aðeins á þetta, ef hv. landbn. vildi athuga það mál sérstaklega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 515 og 516).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Öxnadalshreppi eyðijörðina Bakkasel í Öxnadal hefur verið til athugunar í landbn. þessarar hv. d. Samstaða varð ekki full í n. um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 6. þm. Sunnl., leggur til, að málið verði afgr. hér í þinginu með rökst. dagskrá.

Í þinginu liggja fyrir umsagnir um frv. frá jarðeignadeild ríkisins, frá landnámsstjóra og frá vegamálastjóra, og hafa þessir aðilar allir mælt með sölu jarðarinnar. Við 1. umr. um málið hér í þessari hv. d. mun hafa komið fram ósk um það, að leitað væri umsagnar Norðurleiða h/f um frv. Landbn. gerði þetta, sendi frv. til umsagnar þessum aðila, en það hafa engin svör borizt til n., og taldi n. ekki ástæðu til þess að bíða frekar með afgreiðslu þessa máls.

Það hefur komið fram sú skoðun, að það geti verið varhugavert vegna öryggis vegfarenda, sem leið eiga um Öxnadalsheiði að vetrarlagi, að freista þess ekki að halda uppi byggð í Bakkaseli. Um þetta atriði er nokkuð rætt í umsögn vegamálastjóra, og held ég, að sé rétt, að ég lesi þann kafla úr umsögn hans, er varðar þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta, en um þetta segir svo í umsögn vegamálastjóra:

„Frá því að jörðin fór í eyði 1960 og til þessa dags hefur fyrsta hæð hússins (þ. e. hússins í Bakkaseli) verið notuð sem sæluhús að vetrarlagi, en öðrum hlutum hússins lokað. Þar hefur verið komið fyrir síma, og er þar samband við Akureyri allan sólarhringinn. Kostnaður við að reka íbúðarhúsið sem sæluhús að vetrarlagi er hverfandi á móti því að halda jörðinni í ábúð. Hins vegar verður ekki hægt að notast við íbúðarhúsið til þessa nema fá ár enn þá, og yrði þá heppilegast að byggja lítið sæluhús ofan við Bakkaselsbrekku eða hafa þar að vetrarlagi færanlegan skúr, þar sem ferðamenn gætu leitað sér skjóls og náð símasambandi við byggð. Slík sæluhús hafa gefið mjög góða raun á Holtavörðuheiði, Kerlingarskarði, Fróðárheiði, Þorskafjarðarheiði og víðar, og er kostnaður við rekstur þeirra mjög lítill.

Aðstæður við vetrarumferð um Öxnadalsheiði hafa breytzt mjög seinustu árin. Áætlunarbifreiðar, sem flytja fólk og farangur, hafa nú allar orðið talstöðvar og geta því látið vita af sér, áður en lagt er á heiðina, og einnig látið vita, ef á aðstoð þarf að halda. Vegagerð ríkisins hefur á Akureyri talstöð, og þau tæki, sem notuð eru að vetrarlagi við snjómokstur á heiðinni, svo sem dráttarbílar og plógbílar, hafa einnig talstöðvar. Hins vegar getur það alltaf skeð, að ókunnugir leggi á heiðina á lélegum farartækjum án þess að hafa talstöðvar, en fyrir slíka aðila getur lítið sæluhús komið að fullu gagni."

Og enn fremur segir vegamálastjóri:

„Ég lít svo á, að engin nauðsyn sé lengur að halda Bakkaseli í byggð vegna vetrarumferðar um Öxnadalsheiði og hægt sé að sjá fyrir þörfum umferðarinnar og öryggi vegfarenda á alveg viðunandi hátt með litlu sæluhúsi, sem er margfalt ódýrara í rekstri heldur en ábúð í Bakkaseli hefur reynzt."

Það kemur sem sagt fram í þessu áliti vegamálastjóra, sem ég var að enda við að lesa, að það sé eins vel hægt að sjá fyrir öryggi vegfarenda um Öxnadalsheiði og þörfum umferðarinnar, þótt Bakkasel verði selt. Meiri hl. landbn. fellst á þessi sjónarmið vegamálastjóra og mælir því með sölu jarðarinnar, en sjálfsagt er að binda söluna þeim skilyrðum, sem nauðsynleg kunna að vera vegna um-

ferðarinnar. Álit meiri hl. n. er sem sagt þetta, að leggja til, að hv. Alþingi samþykki þetta frv.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef ekki átt samleið með öðrum nm. í landbn. þessarar hv. d. við afgreiðslu þessa máls.

Frv., sem hér liggur fyrir, er efnislega um það að heimila ríkisstj. að selja Öxnadalshreppi eyðijörðina Bakkasel fyrir verð, sem dómkvaddir menn meta. Hreppsnefndin hefur gert grein fyrir því í bréfi sínu til flm. frv., að hún ætlar að nota land Bakkasels til beitar, og gerir það raunar, þó að ekki hafi hún enn þá fengið neinn eignarrétt á landi þessu, heldur hefur hún það á leigu. Mér sýnist í því sambandi, að það muni engan hindra í nytjun þessa lands, þótt Öxnadalshreppur hefði landið um skeið enn á leigu og nytjaði það sem slíkt. Ríkið gerir ekki illa við þá, sem land þess hafa á leigu yfirleitt, og hygg ég, að hreppsnefndin í Öxnadalshreppi hafi ekki þar um að kvarta umfram aðra, og raunar hreint ekki. Á hinn bóginn liggur í augum uppi, að Bakkasel hefur verið og að margra dómi hlýtur að verða, ef vel á að vera, áningarstaður, sæluhús eða beinlínis hjálparstöð fyrir þá vegfarendur, sem leið eiga um þann erfiða fjallveg Öxnadalsheiði. Til mála mun hafa komið, að menn settust að í Bakkaseli, sem auk einhvers búskapar ræktju þar viðgerðarverkstæði og vildu veita vegagerðinni þjónustu um það að hafa þar staðsettar ýtur vegagerðarinnar til snjóruðnings og annarra vegaframkvæmda, sem vegamálastjórnin þarf að láta framkvæma á þessum stöðum.

Ég fyrir mitt leyti teldi mikils um vert, að ekki væri glatað þeirri aðstöðu, sem í Bakkaseli er til þess að veita þar vegfarendum aðstoð, og allra bezt þætti mér, ef hægt væri að tengja það því, að einhver búskapur yrði rekinn á jörðinni. Nú stendur svo á, sem öllum hv. þm. er kunnugt um, að vegalög eru í endurskoðun. Það hefur að vísu litið eitt eða fátt eitt verið sagt um það hér á þingi, í hvaða átt sú endurskoðun beinist. En það hlýtur að liggja í augum uppi, að meðal þess, sem um hlýtur að verða fjallað í nýrri vegalöggjöf, er einmitt vegaþjónusta á borð við það, sem veitt hefur verið og veitt þyrfti að verða í Bakkaseli.

Hér hafa verið lögð fyrir þingið ýmis mál, sem hafa fengið allar hinar beztu undirtektir og menn hafa yfirleitt talið sig samþykka þeim. Ég nefni sem dæmi frv., sem ég hef flutt um þjóðvegi gegnum þorp og kauptún. En þessi mál hafa verið látin bíða, ekki einasta allan þennan vetur, heldur líka í fyrravetur, með þeim röksemdum, að um þetta mundi verða fjallað í endurskoðun vegalaganna og væri þess vegna eðlilegt, að þessar till. biðu að svo komnu máli. Síðan kemur hér inn í Alþ. frv. um sölu á Bakkaseli í Öxnadalshreppi, sem allir viðurkenna að bæði hefur verið og þarf í framtíðinni einnig að verða hjálparstöð við mikilvægan þjóðveg, og við söluna á ekki annað að breytast frá núv. ástandi til hagræðis þeim, sem kaupin ætlar að gera við ríkið, en það, að hann ætlar að kaupa landið og nytja það sem slíkt, í staðinn fyrir það, að nú hefur hann það á leigu og nytjar það sem leiguland. Ég hef þess vegna ekki séð þörfina á því að hlaupa með afgreiðslu þessa máls fram fyrir endurskoðun vegalaganna og alveg sérstaklega með tilliti til þess, að hér hafa miklu þýðingarmeiri mál verið látin bíða eftir afgreiðslu vegalaganna en þetta mál. Fyrir því hef ég leyft mér að gera till. um það í minu nál., að þetta mál verði ekki afgr. hér í Alþingi að svo komnu, með sérstöku tilliti til þess, að í væntanlegri endurskoðun vegalaganna hlýtur að verða fjallað um sæluhús og hjálparstöðvar við þjóðvegi, og legg því til, að næsta mál á dagskrá verði tekið fyrir.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 516 felld með 14:7 atkv.

1. gr. samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÞ, BF, BK, ÓskJ, EmJ, EystJ, GíslG, GuðlG, GunnG, IngJ, IG, JP, JR, MÁM, PS, RH, BGr.

nei: SÁ, EðS, GíslJ, GJóh, HV, KGuðj, SkG, BP, HÁ greiddu ekki atkv.

13 þm. (SI, AGb, BBen, EI, EOl, GeirG, GÍG, GÞG, HS, JóhH, JSk, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, JP, JR, MÁM, PS, RH, SÁ, ÞÞ, ÁÞ, BF, BK, ÓskJ, EmJ, EystJ, GíslG, GuðlG, GunnG, IngJ, BGr.

nei: KGuðj, EðS, GíslJ, GJóh, HV, SkG, BP, HÁ greiddu ekki atkv.

13 þm. (JóhH, JSk, LJós, ÓTh, SI, AGb, BBen, EI, EOl, GeirG, GÍG, GÞG, HS) fjarstaddir.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 559).

57. Sala Vatnsenda og Æsustaða.

Á 37. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu [186. mál] (þmfrv., A. 356).

Á 54. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Með bréfi 5. þ. m. hefur dóms- og kirkjumrn. óskað þess, að landbn. Ed. flytti frv. það, sem hér liggur fyrir, um sölu á tveim prestssetrum, Æsustöðum í Húnavatnssýslu og Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi prestssetur bæði eru nú lögð niður sem slík og aðsetur prestanna flutt á aðra staði skv. ósk sóknarnefnda og með samþykki biskups og kirkjumrn. Hins vegar hefur ráðuneytið komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynleg sé sérstök lagaheimild til að selja jarðirnar og gera þannig verð úr þeim, sem gangi til húsabóta á hinum nýju prestssetrum.

Einstakir nefndarmenn landbn. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Hins vegar er að mínu áliti ekkert annað en gott um það að segja, að þessar jarðir séu seldar, ekki sízt ef um leið er hægt að tryggja það, að þær haldist í ábúð og verði nytjaðar. En báðar eru þessar jarðir allvel í sveit settar og mjög sæmilegar jarðir, og þar af leiðandi virðist ekkert því til fyrirstöðu, að á þeim verði búið, ef einstakir menn geta fengið þær með þeim kjörum, sem þeir telja sæmileg. Ég held, að það hafi ekki verið ágreiningur um það, að þessar jarðir verði seldar, þar sem búið er áður að ganga frá því, að prestsseturstaðirnir verði aðrir en verið hafa, og þegar eru hafnar framkvæmdir við byggingar a. m. k. á öðru því prestssetri, sem á að taka við, og þess vegna fyllsta þörf á fjármunum til stuðnings því, að þar komist upp prestsseturshús sem fyrst.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé ágreiningsmál. Hins vegar má athuga um, ef eitthvað nýtt kemur fram í málinu, fyrir 2. umr., og þá mundi það koma fram við 2. eða 3. umr.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24:1 atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 518 og 519).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Hæstv. forseti. Frv. þetta er komið frá Ed., þar sem það hefur verið samþ. Það var flutt inn í þingið að tilmælum dóms- og kirkjumrn. og er efni þess það að heimila ríkisstj. að auglýsa til sölu og selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv., og leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ., en minni hl. n., hann skipar hv. 6. þm. Sunnl., leggur til, að frv. verði fellt.

Ástæðan fyrir því, að farið er fram á þessa heimild, er sú, að það hefur verið ákveðið skv. óskum þar um og að fengnum till. hlutaðeigandi aðila að flytja prestssetrin á hentugri staði í prestaköllunum. Ætlunin mun vera að flytja prestssetrið frá Æsustöðum á stað í nánd við Bólstaðarhlíð, en þar hefur myndazt nokkurs konar miðstöð þess byggðarlags, en prestssetrið á Vatnsenda mun eiga að flytja í nýbýlahverfi, sem er að rísa upp í landi jarðarinnar Fremstafells í Köldukinn.

Ég vil aðeins skýra frá því til þess að sýna, að það er hagræði að því að flytja prestssetrið frá Æsustöðum, þar sem ég þekki aðstæður, og núv. prestur þar, séra Jón Ísfeld, hefur á þessum vetri ráðizt í það að halda uppi unglingafræðslu í sínu prestakalli. Hefur hann þann hátt á, að hann tekur unglinga heim á það heimili, þar sem hann býr nú, en hann býr ekki á Æsustöðum, vegna þess að íbúðarhúsið þar er ekki talið íbúðarhæft. En ef prestssetrið yrði flutt, eins og ráð er gert fyrir í þessu frv., í nánd við Bólstaðarhlíð, þá mundi hann, ef honum sýndist svo, sem ég vona,

halda áfram þessu merka starfi að reka þarna unglingaskóla, og þá mundi aðstaða hans mjög batna, því að þá væri hægt að nota félagsheimili sveitarinnar, Húnaver, til þessa skólahalds.

Það er í frv. fyrirhugað, að andvirði þessara prestssetra, sem hér er farið fram á að heimila sölu á, renni til hinna nýju prestssetra, og er það í samræmi við ákvæði 7. gr. l. um skipun prestakalla.

Við í landbn. vitum ekki annað en það sé full eining um þessar breyt. heima í prestaköllunum, og m. a. af því að svo er, þá leggur n. til, að þetta frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Hv. forseti. Ég get ekki mælt með samþykkt þessa frv. Hv. frsm. meiri hl. landbn. hefur hér gert grein fyrir þörfum á því að flytja prestssetur úr stað. Ekki mótmæli ég neinu af því, sem hann hefur í þeim efnum að segja. En sem betur fer, vænti ég, er íslenzka ríkið ekki svo á vonarvöl, að það hafi ekki efni á að flytja prestssetur úr stað, án þess að til þess þurfi að koma til sölu á jörðum, enda hygg ég, að ríkissjóður eigi ekki í vonum þær fjártekjur af sölu þeirra jarða, sem hér eru nefndar, með þeim takmarkaða húsakosti, sem á þeim er, að það muni draga stórt til eða frá um fjárhag íslenzka ríkisins. Ég hef þess vegna ekki talið ástæðu til að taka afstöðu til málsins á þeim grundvelli, að hér væri um neina nauðsyn að ræða til þess að geta flutt þessi prestssetur. Hitt tel ég vera aðalatriði þessa máls, að hér er í frv. lagt til, að ríkisstj. fái heimild til að selja tvær ákveðnar prestssetursjarðir fyrir ótiltekið verð og til ótiltekinna kaupenda. M. ö. o.: frv. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. fái heimild til að selja þessar jarðir út eða suður eftir eigin geðþótta og á ótilteknu verði. Hér er því greinilega verið að heimila að taka vissar eignir ríkisins og setja þær út í hið almenna brask.

Hv. 1. þm. Vestf. hefur fyrr á þessum fundi lýst einni sölu af því tagi, sem hér gæti komið til greina að færi fram, eða er a. m. k. heimiluð, ef þetta frv. væri samþ. Ég vil alveg sérstaklega taka undir það sjónarmið og þau orð, sem hann lét falla um slíka kaupmennsku í sinni ræðu, og þá um leið ítreka hans mótmæli gegn því, að hér séu hafðar uppi vítur um það, þótt sagt sé hispurslaust frá því, hvað gerzt hefur í slíkum jarðabrasksmálum, því að það er vissulega hlutur, sem hv. alþm. hafa gott af að heyra að hér sé rifjað upp. Ég get að vísu hvorki hrakið né staðfest frásögn hv. 1. þm. Vestf. af slíku máli í Barðastrandarsýslu. En þó að okkur greini á um ýmislegt, hv. 1. þm. Vestf. og mig, þá hef ég aldrei reynt hann að því að fara hér með ósatt mál og tek þess vegna frásögn hans fullkomlega trúanlega í þeim efnum. Ég tel þess vegna, að hans ræða um það mál geti að verulegu leyti komið hér í staðinn fyrir mörg orð af minni hálfu, en ég hef sem minni hl. í landbn. lagt til í nál. á þskj. 519, að þetta frv., sem annars gerir ráð fyrir að heimila ríkisstj. sölu á jörðunum Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustöðum í Austur-Húnavatnssýslu á ótilteknu verði til ótiltekinna kaupenda, verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:4 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 560).

---

58. Bændaskólar.

Á 46. fundi í Ed., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bændaskóla [156. mál] (þmfrv., A. 285).

Á 48. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta til nýrra l. um bændaskóla er flutt að beiðni landbrh. Einstakir landbúnaðarnefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. er samið af mþn., sem ráðh. Ingólfur Jónsson skipaði 25. marz 1960, en formaður þeirrar nefndar er Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri, aðrir í n. Kristján Karlsson, áður skólastjóri á Hólum, Aðalsteinn Eiríksson skólaeftirlitsmaður, Ásgeir Pétursson sýslumaður og Gunnar Vagnsson fulltrúi. Auk þess starfaði í n. Gunnar Bjarnason, þegar hann var skólastjóri á Hólum 1961—62.

Gildandi lög um bændaskóla eru frá 22. marz 1948, nr. 24. Frv. þetta gerir ráð fyrir talsverðum breytingum á þeim lögum. Einna veigamestar eru þessar:

Í frv. segir, að bændaskólar skuli vera tveir, þ. e. á Hvanneyri og á Hólum. Í gildandi lögum segir, að þeir skuli vera þrír, þ. e. á Hvanneyri, Hólum og Skálholti. Skálholtsskóli hefur aldrei verið stofnaður, svo að þetta hefur verið dauður bókstafur þau 14 ár, sem lögin hafa gilt. Nú er verið að gera ráðstafanir með sérstöku lagafrv. um að afhenda þjóðkirkjunni Skálholtsstað, en að sjálfsögðu væri unnt að finna þriðja bændaskólanum stað annars staðar á Suðurlandi, ef þörf væri fyrir þrjá bændaskóla. En reynsla að því er snertir aðsókn að bændaskólum hin síðari ár virðist fremur styðja þá stefnu, að hagkvæmara sé að búa sem bezt

að tveimur skólum eða þeim, sem til eru, en bæta við nýjum.

Í gildandi lögum er ákveðið, að við bændaskóla skuli vera tveir fastir kennarar auk skólastjóra. Þetta hefur reynzt of lítið. Á fjárl. 1963 er gert ráð fyrir 3 kennurum á Hólum og 4 á Hvanneyri auk skólastjóra og þar að auki að launa aukakennara. Í frv. n. er gert ráð fyrir, að fastir kennarar verði 5 við hvorn skóla. Er það m. a. vegna breyttrar tilhögunar við nám og aukinnar kennslu í hagfræðilegum efnum, verkfræði og vélfræði. Miðað við reynslu annars staðar mun ekki af þessari fjölgun veita.

Í 6. gr. frv. er nýmæli, að ekki sé sjálfsagt, að námið í báðum skólunum sé alveg með sama sniði og verkaskipting milli skólanna geti átt sér stað, einnig, að önnur deild annars hvors skólans starfi aðeins um eitt ár í senn eftir ákvörðun ráðh. Í gildandi lögum er aldurslágmark nemenda 18 ár, en nú er gert ráð fyrir, að það verði 17. Þá er og verklegt nám stytt verulega frá því, sem er í gildandi lögum, og er það í samræmi við það, sem hefur orðið í framkvæmd vegna þess, hve margir nemendur hafa ekki mátt missa nema mjög takmarkaðan tíma frá störfum heima fyrir, einkum um sumartímann.

Þá er enn í 9. og 10. gr. lögð meiri áherzla á kennslu í vélfræði en verið hefur og gert ráð fyrir, að kennsluverkstæði verði við skólana.

Í 15. gr. eru þær helztu breytingar frá 13. gr. gildandi laga, að nánar er ákveðið um greiðslu rekstrarhalla á skólabúum.

Frv. fylgir alllöng grg. frá mþn. og er þar vikið að mörgu, sem varðar bændaskólana yfirleitt, bæði að því er snertir kennslutilhögun, nauðsynlegar framkvæmdir, sem fyrir liggur að gera, bæði á Hvanneyri og Hólum. Þá er og vikið að því, hversu brýn þörf sé nú orðin á mjög aukinni tækni við allan búrekstur og að fjölbreytni í framleiðslu búvöru hljóti að vera mjög á dagskrá á næstu grösum. Benda frumvarpshöfundar á, að á þessum sviðum geti búnaðarskólarnir mikið hjálpað bændum og bændaefnum með ýmiss konar námskeiðum fyrir þá landbúnaðarmenn, sem ekki geta sótt skólana sem reglulegir nemendur eða vilja afla sér meiri þekkingar og kennslu í verklegum greinum en hinn takmarkaði skólatími getur veitt þeim. Enn fylgir frv. í grg. sögulegt yfirlit um búnaðarfræðslu hér á landi frá því 1880, er brautryðjandinn, Torfi í Ólafsdal, stofnaði fyrsta bændaskóla hér á landi, en hann starfaði 1880—1907 og hafði þá útskrifað 160 búfræðinga. Frá Eiðaskóla, meðan hann starfaði, útskrifuðust um 260 búfræðingar. Nemendur Hvanneyrarskólans eru orðnir 1500 og Hólamenn 1350 miðað við árið 1962.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þessa frv. frekar. Þar sem það er flutt af nefnd, mun það vera í samræmi við þingvenju, að því sé ekki vísað til n., enda einboðið, að landbn. verði að fjalla um það meira en hún hefur þegar gert og leita máske umsagnar stéttarsamtaka bænda um frv. og e. t. v. fleiri, áður en það kemur til 2. umr. Að lokinni þessari umr., legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 285, 435).

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Í gildandi lögum um bændaskóla, sem eru frá 1948, er svo ákveðið, að búnaðarskólar skuli vera þrír hér á landi, þ. e. að Hólum í Hjaltadal, að Hvanneyri í Borgarfirði og Skálholti í Biskupstungum. Með frv. því, sem hér liggur fyrir og samið er af þar til kjörinni mþn., er sú breyt. gerð á gildandi lögum, að bændaskólarnir skuli aðeins vera tveir á landinu, þ. e. að Hólum og að Hvanneyri, og þar með ákveðið, að úr lögum skuli numið, að bændaskóli skuli vera í Skálholti. Í sambandi við þetta er rétt að minna á það, að fyrir Alþingi liggur nú frv. um, að ríkið afhendi hinni íslenzku þjóðkirkju Skálholt til eignar og umráða. Gera má ráð fyrir, að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi. Það virðast því lítil líkindi til, að ríkið reisi bændaskóla á þessum stað. En þó að þetta liggi fyrir, sé ég ekki neina ástæðu til að nema úr lögum, að bændaskólarnir skuli vera 3 á landinu. Á slíku virðist vera full þörf á þessari miklu skólaöld. Í grg., sem fylgir þessu frv., segir um þá niðurstöðu n., að bændaskólar skuli aðeins vera 2 á landinu, en ekki 3, að ástæðan sé sú m. a., að aðsókn að bændaskólunum sé ekki meiri en svo, að 2 skólar geti fullnægt henni. Það getur verið, að þetta sé rétt og hafi við rök að styðjast. En þar með er ekki sagt, að slíkt ástand vari áfram.

Staðreynd er og verður ekki um deilt, að búnaðarfræðsla hér á landi hefur haft mikla þýðingu fyrir íslenzka bændastétt og á veigamikinn þátt í þeim öru framförum í landbúnaði, sem orðið hafa á síðustu áratugum. Þessi þróun þarf að halda áfram, en til þess að svo megi verða, þarf að búa þannig að bændaskólunum, að við vitum, að þeir geti rækt sitt mikilvæga hlutverk, og til þess er m. a. sú breyt. gerð á lögunum um búnaðarskóla, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir. En ég álít það ekki vera rétta stefnu í frv. að fækka skólunum um einn. Og eins og kunnugt er, var aldrei hafizt handa um byggingu bændaskóla að Skálholti. Þó var veitt eitthvert fé til byrjunarframkvæmda á sínum tíma, en ekkert gert, sem talizt gæti. En þrátt fyrir þetta álít ég ekki rétt stefnt í þessum málum að nema úr lögum, að bændaskóli skuli vera á Suðurlandi, og þó að hann yrði ekki staðsettur að Skálholti, eru nógir aðrir

staðir til á Suðurlandsundirlendinu, sem væru tilvaldir sem skólasetur.

Ég hef vegna þessa, sem ég hef nú tekið fram, leyft mér að flytja brtt. við frv., brtt., sem eru prentaðar á þskj. 435. Aðalbreytingin er við 1. gr. frv. og felur í sér, að bændaskólar skuli vera 3 hér á landi, að Hólum í Hjaltadal, að Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandi. Samþykkt þessarar till. hefur þá einu breyt. í för með sér á gildandi lögum um bændaskóla, að skólinn á Suðurlandi er ekki staðsettur, ekki bundinn við ákveðinn stað. Það er sú eina breyt., sem á lögunum yrði. Ekki hefur þessi breyting heldur í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóðinn nú þegar, þar sem ekki liggur fyrir nein ákvörðun um að hefjast handa um framkvæmdir. Það bíður síns tíma. Þetta er aðalbreytingin sem sagt, sem ég geri að till. minni á þskj. 435. 2. og 3. brtt. eru ekki nema leiðréttingar, sem nauðsynlegt er að gera, ef 1. brtt. yrði samþ. Ég vænti, að hv. þdm. sjái sér fært að samþ. þessar brtt., sem ég hef nú mælt fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta var sent landbn. af hæstv. landbrh. með ósk um, að n. tæki það til flutnings. N. varð einróma við þeim tilmælum, svo sem algengt er hér í þingi, að flytja málið að beiðni ráðuneytisins, en einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.

Skömmu eftir að málið var flutt hér í d. ákvað landbn. að senda frv. búnaðarþingi til umsagnar. Búnaðarþing hafði þá starfað um skeið, og var mjög liðið á starfstíma þess, þegar hægt var að senda málið þangað.

Af grg. frv. er það ljóst, að málið hefur verið mjög lengi í undirbúningi. Með bréfi, dags. 25. marz 1960, skipaði landbrh. n. til að endurskoða núgildandi lög um bændaskóla, og það er augljóst af grg., að n. hefur ekki lokið störfum fyrr en á síðari hluta árs 1962. Þetta mál virðist því hafa verið í höndum n., sem undirbjó það, á þriðja ár, og það er ekki flutt á þessu þingi, fyrr en komið er langt fram í febrúarmánuð. Því var útbýtt 19. febr. og tekið til 1. umr. og vísað til 2. umr. 25. s. m. Það er því ekki hægt að segja, að það hafi verið haft hraðan á um meðferð þessa máls af hendi þeirra, sem það hafa undirbúið og viljað fá það afgreitt, og þetta er jafnvel því furðulegra, að í frv. þessu eru tiltölulega litlar breyt. frá gildandi lögum um bændaskóla, svo að í sjálfu sér hefði það ekki þurft að taka svo mjög langan tíma að glöggva sig á þessum atriðum. En afstaða búnaðarþings var sú, að búnaðarþing afgreiddi málið frá sér með rökstuddri dagskrá, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp:

„Með því að búnaðarþing lítur svo á, að frv. til l. um bændaskóla, það sem nú liggur fyrir Alþingi og sent hefur verið búnaðarþingi til umsagnar, sé á ýmsan veg næsta ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla veg bændaskólanna og búnaðarfræðslunnar í landinu svo sem nauðsyn ber til, en hins vegar sýnt, að búnaðarþingi vinnst ekki tími til að gera rökstuddar till. til breyt. á frv., telur þingið æskilegt, að frv. verði endurskoðað af nefnd manna, er skipuð sé m. a. einum manni eða fleirum úr bændastétt, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þeir, sem undirbjuggu þetta mál, eru a. m. k. sumir kunnugir starfsemi bændaskólanna, því að í n. áttu sæti m. a. skólastjórar beggja bændaskólanna. En það kemur í ljós, eins og búnaðarþing bendir á, að félagasamtök bændanna sjálfra hafa engan fulltrúa átt í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta mál, og enginn bóndi átt þar sæti. Bændaskólarnir og starfsemi þeirra snerta þó mjög bændastéttina í landinu og eiga að vera fræðslustofnanir til að sérmennta hina ungu í bændastéttinni.

Ef litið er á efni þessa frv. og það borið saman við gildandi lög, þá er það og augljóst, sem ég fyrr drap á, að í þessu frv. felast ekki veigamiklar breyt. eða atriði, sem ekki er hægt að framkvæma skv. gildandi lögum. Niðurstaða n., sem undirbjó þetta mál, er sú, að frv. feli í sér breyt. á 6 atriðum:

Í fyrsta lagi, að bændaskólarnir skuli vera 2 hér á landi, en ekki 3. Það hefur verið í lögum um alllangt árabil, að bændaskólar hér á landi skuli vera 3, á Hvanneyri og Hólum og í Skálholti. Hins vegar hefur bændaskólinn í Skálholti ekki verið stofnaður enn þá, svo að þar sé um starfhæfa stofnun að ræða. En sannast sagna felst ekki í því mikil reisn hjá forustumönnum landbúnaðarins að ætla nú að hverfa frá því, að bændaskólarnir skuli framvegis vera 3 hér á landi. Þvert á móti finnst mér ástæða til að vinna að því að framkvæma þau lagafyrirmæli, sem eru í gildi um bændaskóla á Suðurlandi, enda er nú þegar komin fram brtt. um þetta atriði frá hæstv. forseta þessarar d., sem jafnframt er samþingismaður hæstv. landbrh. í Suðurlandskjördæmi. Það er að sönnu rétt, að nú er fyrirhugað að gera þá sérstöku ráðstöfun um eign og umráðarétt Skálholts, að það mun naumast samrýmast því að setja þar á fót bændaskóla. En eigi að síður er full ástæða til að halda þeim lagafyrirmælum, að stofna skuli bændaskóla á Suðurlandi, stærsta samfellda gróðurlendi landsins, og það eru vissulega ýmsir aðrir staðir en Skálholt, sem fyllilega koma til greina sem bændaskólasetur, og vil ég í því sambandi minna á, að þegar lagaákvæðin voru sett um bændaskóla í Skálholti, þá var um það rætt og þóttu koma til greina fleiri staðir á Suðurlandsundirlendinu. Einkum var þá talað um Kálfholt og Sámsstaði í Rangárvallasýslu í því sambandi, þó að niðurstaðan yrði sú, að Skálholt varð fyrir valinu, þegar þau lagaákvæði voru sett.

Önnur efnisbreyting skv. þessu frv. er sú að gera ráð fyrir fleiri kennurum við hvorn bændaskólanna en gildandi lög mæla fyrir um. En í grg. frv. kemur það fram, að með

fjárlagaákvæðum hefur kennurum verið fjölgað við bændaskólana umfram það, sem boðið er í bændaskólalögunum sjálfum. Og hafi það verið lögmætt, sem ég vil ekki draga í efa, þá er vitanlega hægt að ganga lengra á þeirri braut með fjárlagaákvæðum, þótt þetta frv. yrði ekki lögfest nú um sinn.

Þriðja efnisatriðið er það, að ekki er talin brýn þörf á því að hafa námið í báðum skólunum að öllu leyti hið sama, eins og nú er, heldur væri hugsanlegt að viðhafa verkaskiptingu milli þeirra, ef hentugt þætti, eins og þetta er orðað í grg. frv. Út af þessu virðist mér, að hægt sé að ná þessu marki án lagabreyt., því að lögin eru svo rúmur rammi um starfsháttu skólanna, að inn í þau verður að fylla með reglugerð og stundaskrá, og í sambandi við breytingar á stundaskrá eða reglugerð skólanna tel ég hægt að ná þessu marki án þess að gera þá lagabreytingu, sem stefnt er að í þessu frv.

Fjórða atriðið er það, að gert er ráð fyrir, að verklega námið sé stytt, þar sem sveitapiltar eiga oft erfitt um vik að vera frá heimilum sínum á vorin og margir þeirra kunna allvel til búnaðarstarfa. Ég hygg, að það sé einnig hægt að ná þessu marki, þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði ekki samþ. nú á þessu þingi.

Hið sama er að segja um fimmta atriðið. Það er um aukna fræðslu í vélfræði. Ég fæ ekki séð, að gildandi lög banni það að auka slíka kennslu eða reisi skorður við, að breytingar séu gerðar á innra starfi skólanna að því leyti.

Sjötta atriðið er, að meiri áherzla er lögð á margs konar námskeið við bændaskólana, annan eða báða. Í gildandi lögum eru skýr ákvæði um námskeið við bændaskólana. 11. gr. l. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn skv. jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og enn fremur matreiðslunámskeið."

Mér virðist þessi heimild í gildandi lögum vera svo rúm, að það sé ekki bein ástæða til að breyta þar orðalagi.

En þá vil ég loks víkja að einu atriði, sem mér virðist að þurfi gagngerari endurskoðunar við en enn hefur fram farið og kemur fram í þessu frv. Annar höfuðþáttur búnaðarfræðslunnar í landinu er vissulega framhaldsmenntun búfræðinga, vísir að landbúnaðarháskóla. Við annan bændaskólann hefur um skeið starfað framhaldsdeild skv. reglugerðarákvæði. Nú hefði mátt ætla, að þegar n. vinnur að endurskoðun l. um bændaskóla og hefur það mál til meðferðar á þriðja ár, hefðu komið fram frá hennar hendi ákveðnar og gagngerar till. um þennan þátt búnaðarfræðslunnar. En í þessu frv. er aðeins ein lína um þennan þátt málsins, — fyrirgefið, það eru raunar tvær línur, en það skiptir ekki máli, það er 17. gr., svo hljóðandi:

„Við bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja framhaldsdeild í búfræði. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð, sem ráðh. setur."

M. ö. o.: að allt það, sem viðkemur þessum þætti búnaðarfræðslunnar, á eftir sem áður að ákveða með reglugerð, kennarafjölda við þá deildina ásamt öðru, er starfsemina varðar.

Mér finnst, að frv., sem gengur ekki lengra og felur ekki í sér skýrari ákvæði, vera fremur ófullkomin lagasmíð og að það hafi við nokkur rök að styðjast, sem fram kemur í umsögn búnaðarþings um málið, að æskilegt sé, að þetta frv. sé athugað betur en orðið er, áður en ný heildarlöggjöf um bændaskólana verður lögfest. Þetta sjónarmið vildi ég láta koma fram nú við þessa umr. Hins vegar er mér það ljóst, að ef hæstv. ráðh. og meiri hl. Alþingis vill knýja málið fram, þá hefur meiri hl. vitanlega vald á því. En ég hafði í hyggju að bera fram brtt. við frv., og hv. 1. þm. Vesturl., sem á sæti í landbn. ásamt mér, vill gjarnan standa að því með mér, þannig að við höfum samráð um þessar brtt. Nú vill þannig til, að hv. 1. þm. Vesturl. er forfallaður og hefur verið síðan fyrir helgi, þannig að ég hef ekki þessar brtt. formaðar. Ég vildi því að síðustu bera fram þau tilmæli til hæstv. forseta, að þessari umr. málsins yrði ekki lokið nú í dag, en hins vegar er það ekki ætlun mín að standa í vegi fyrir því, að þetta mál nái hér afgreiðslu innan skamms, ef að því er stefnt af hálfu hæstv. forseta og hæstv. landbrh., að svo verði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. hefur nú farið nokkrum orðum um þetta frv. Það, sem hann helzt hefur að því að finna, er það, að honum finnst það heldur rislitið og ekki nógu umfangsmikið. Það er því eðlilegt, að hv. þm. boði brtt. En ef marka má ræðu hans, yrði brtt. um það, að framhaldsnám í búvísindum yrði nánar skilgreint í frv. en það er.

Það er ekkert óeðlilegt, þó að fram komi brtt. við frv. eins og þetta. En ég vil aðeins taka það fram, að ég tel ekki ástæðu til þess að fresta þessari umr. fyrir það. Hv. þm. getur komið með sína brtt. alveg eins eftir 2. umr., og það væri þá miklu betra og eðlilegra að fresta því að taka málið á dagskrá einn dag, á meðan hv. þm. er að útbúa till., heldur en út af fyrir sig að fresta 2. umr., vegna þess að till. sé ekki fram komin, og ég vil mælast til þess, að hv. þm. hraði því eins og hann getur að koma till. á framfæri. En ég tel, að þetta frv. eins og það er í aðalatriðum eigi að verða að lögum. Ég tel, að það sé til bóta frá því, sem verið hefur, og það var rætt um það við þá nefnd, sem útbjó þetta frv., hvernig það væri með framhaldsmenntunina, og kom þar greinilega fram, að ef hér yrði stofnaður búnaðarháskóli, þá yrðu sérstök lög um það og ætti það ekki heima í þessu frv. En hvað snertir framhaldsdeild-

ina á Hvanneyri, á meðan hún starfar í því formi, sem hún er, þá hefur hún aldrei verið nefnd svo virðulegu nafni, búnaðarháskóli, enda þótt hún sé óneitanlega vísir að því, og þessi deild hefur starfað fram að þessu samkv. reglugerð. En þótt þetta frv. verði að lögum, er enn eftir að gera lög um framhaldsnámið. Það hljóta að verða sérlög um það, ef hér verður stofnaður búnaðarháskóli.

Hv. þm. talaði um samþykkt búnaðarþings í þessu efni, og það var helzt þar að fundið, að stéttarsamtökin hefðu ekki tilnefnt menn eða mann til þess að semja frv. og það hefði ekki verið bóndi, sem átti sæti í n. Þetta er náttúrlega sjónarmið út af fyrir sig, og það sé fjarri mér að gera lítið úr því, hvaða þýðingu það gæti haft, að bóndi kæmi fram með sín sjónarmið. En við skulum ekki loka augunum fyrir því, að í n. áttu sæti hinir færustu menn. Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri og fyrrv. skólastjóri Kristján Karlsson áttu sæti í þessari n. og töluðu þar vitanlega af eigin reynslu, þeirri reynslu, sem fáir aðrir hafa eða geta tileinkað sér og ekki bændur. Einn færasti skólamaður landsins, Aðalsteinn Eiríksson, var í n. Hann hefur að vísu ekki verið bændaskólastjóri, en hann hefur verið skólastjóri. Og svo voru tveir aðrir menn, sem hafa ekki mikið við skólamál fengizt, einn lögfræðingur, sem þótti betra en ekki að hafa með til þess að forma frv., og viðskiptahagfræðingur.

Ég held, þegar á það er litið, hvernig n. var samansett, þá verði ekki að því fundið, og ég held, að n. hafi unnið vel, það sé ekki heldur ástæða til að finna að því, að hún hafi haft frv. lengi hjá sér. Það er aðeins vottur þess, að n. kynnti sér allar hliðar á þessu máli. Og mér sýnist nú satt að segja, að ræða hv. 5. þm. Austf. og sú samþykkt, sem meiri hl. búnaðarþings gerði í þessu máli, staðfesti það nokkuð, að n. hafi unnið vel og tekið til greina flest þau atriði, sem um var að ræða. Búnaðarþing finnur það að frv., að það átti ekki sæti í n. bóndi og að stéttarsamtökin höfðu ekki tilnefnt fulltrúa, en búnaðarþing eða meiri hl. búnaðarþings kemur ekki með neitt atriði í sinni samþykkt, sem það vill fá tekið inn í frv. Það kemur ekki heldur með neitt atriði, sem það vill láta taka út úr frv. Mér sýnist það staðfesta nokkuð, að flest þau atriði séu í frv., sem þar sé nauðsynlegt að hafa, og þar sé litlu ofaukið. Og hv. 5. þm. Austf., sem hefur áreiðanlega lesið frv. ofan í kjölinn og gert sér grein fyrir málinu, hefur ekkert að frv. að finna annað en það, að honum finnst það ekki nógu umfangsmikið, finnst ekki nógu mikil reisn yfir því, án þess þó að benda á nokkurt atriði, sem hann vill bæta inn í frv., annað en það, að hann vill samþykkja till. hv. 5. þm. Sunnl., sem ég vil einnig gera og vakti reyndar athygli á því við n., að þetta ætti að vera, en hins vegar saklaust, þótt frv. færi svona inn, vegna þess að það væri alltaf möguleiki á því að koma brtt. að. Ég er því samþykkur að taka það inn og hafa það í lögum, sem í þeirri till. felst. Og hv. 5. þm. Austf. er aðeins með eina aðra till., eða það kom ekki fram í hans ræðu annað en það, að hann vildi hafa framhaldsmenntunina eða það, sem hann nefndi vísi að búnaðarháskóla, einnig í þessu frv. En það á ekki þar heima. Það koma sérlög um það, ef búnaðarháskóli verður stofnaður. Þetta út af fyrir sig staðfestir nokkuð, að n., sem samdi frv., hafi gert sér glögga grein fyrir því, hvað í frv. þarf að vera og hvað ekki á að vera þar. Og ég vil segja það, að búnaðarþing getur hvenær sem er komið á framfæri breytingum við búnaðarfræðsluna í landinu. En það hefur lítið borið á því að undanförnu, að till. hafi komið fram um það frá búnaðarþingi, og í sambandi við þetta frv. eru engar brtt. fram komnar frá búnaðarþingi.

Mþn. segir frá því, sem stóð í bréfi, sem til hennar var sent, um leið og hún var skipuð, varðandi verkefni hennar, að það sé: 1) að gera till. um æskilegar breytingar og endurbætur á búnaðarfræðslunni; 2) að gera till. um og vera til ráðuneytis um þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á bændaskólasetrunum með hliðsjón af heildartill. n. um framtíðarskipun búnaðarfræðslunnar. Og hv. 5. þm. Austf. sagði áðan, að það ætti ekki aðeins að gera ráð fyrir þremur bændaskólum í landinu með lögum, heldur ætti einnig að hefja framkvæmdir við þriðja skólann. Það hefur nú verið í lögum, að ég ætla, síðan 1944—45, að bændaskóli skyldi vera í Skálholti. Fram að þessu hefur þetta aðeins verið bókstafurinn einn, og ástæðan er sú, að aðsókn að bændaskólunum hefur ekki verið meiri en það til þessa, að það hefur ekki verið þörf fyrir þriðja skólann. Það má hins vegar reikna með því, um leið og þjóðinni fjölgar og þá vitanlega einnig í landbúnaðinum, að það verði þörf fyrir þrjá síðar, og þess vegna á þetta að vera í lögum. En meðan ekki er búið betur að þeim tveimur bændaskólum, sem eru í landinu, og aðsóknin ekki meiri en verið hefur, þá þarf ekki að gera ráð fyrir því, að það verði alveg á næstunni, sem þriðji skólinn verður reistur. Það má þó geta þess, að aðsókn að bændaskólunum er nokkuð vaxandi. Bændaskólinn á Hvanneyri hefur eins marga nemendur og hann mögulega getur tekið, og skólastjóri við þann skóla tjáði mér nú fyrir stuttu, að aðsóknin væri mjög mikil fyrir næsta ár, og þar eru samtals um 60 nemendur.

Á Hólum hefur þetta verið dálitið misjafnt, en eins og nú er, lofar það góðu um framtíðina, að aðsóknin er þar mjög að lagast. Þar eru 22—23 nemendur í vetur og þar af 18 í yngri deild. Ef þeir koma allir til náms og fara upp í aðra deild næsta vetur og kæmu þótt ekki væru nema 15 nemendur í yngri deild, þá er skólinn fullsetinn, því að hann er raunverulega fullsetinn, Hólaskóli, með 30—35 nemendur, þannig að þetta held ég að sé framför. En aðbúnaðurinn að bændaskólunum þarf að vera miklu betri en hann hefur verið. Það vantar kennslutæki og það

vantar ýmislegt við báða skólana, og þó hefur það verið meira við Hólaskóla, og nú í seinni tíð hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, verið lagt meira til aðgerða og uppbyggingar við bændaskólana heldur en oft hefur áður verið, þannig að ef það hefði verið gert á undanförnum áratug, þá væri náttúrlega ástand skólanna miklu betra en það er nú. Og það er ekki veigalitill þáttur í búnaðarskólamenntuninni að gera sér grein fyrir því, hvað það er, sem þarf að gera til þess að byggja þessa tvo skóla upp með eðlilegum hætti, hvað þarf að lagfæra og hverju þarf að auka við. Og það er nokkuð skilgreint hér með frv., eins og hv. þm. sjá. Ég tel, að það beri að stefna að því að byggja upp á báðum bændaskólunum, sem fyrir eru, eins og n. leggur til, og þá er það ekki síður mikilvægt, að n. hefur leitazt við samkv. þessu frv. að samræma kennsluna breyttum staðháttum og breyttum lifnaðarháttum, og kemur þá vélfræðikennslan þar helzt við sögu, því að það er gert ráð fyrir að ráða sérstakan vélfræðikennara við hvorn skóla, og útheimtir það vitanlega að koma upp góðu vélaverkstæði, þar sem nemendur læra ekki aðeins að fara með vélar, heldur einnig að gera við vélar, og það er þetta, sem hver bóndi raunverulega þarf á þeirri vélaöld, sem nú er. Vélfræðikennarinn er þess vegna viðbót frá því, sem verið hefur í skólunum, og vélfræðinámið, og það er ekki hvað þýðingarminnst.

Hv. 5. þm. Austf. var að tala um það áðan, að það, sem lagt væri til með þessu frv., væri hægt að framkvæma allt án þess að lögfesta það, það væri hægt að skilgreina þetta allt með reglugerðarákvæði og það væri hægt að framkvæma þetta án þess að lögfesta það, það mætti fjölga kennurum, án þess að það væri lagaheimild til þess, að öðru leyti en að fá fjárframlög í fjárl., og það mætti framkvæma allt, sem n. leggur til, án nýrra laga. Um leið og ég þakka hv. 5. þm. Austf. fyrir það að vera meðmæltur eiginlega öllu, sem búnaðarskólanefnd hefur lagt til, að undanskildu því, að skólarnir skuli vera tveir, en ekki þrír, þá vil ég aðeins segja það, að þótt e. t. v. væri framkvæmanlegt að gera flest af því, sem er í frv., án þess að lögfesta það, þá er ég þó alveg viss um, að frá lagalegu sjónarmiði finnst ýmsum þetta hæpið og alls ekki eðlilegt. Og hvaða ástæða væri til þess fyrir hv. 5. þm. Austf., sem í hjarta sínu og orði er samþykkur því, sem er í þessu frv., að mæla gegn því, að frv. verði að lögum nú? Ég held, að það sé ekki nokkur ástæða til þess, því að ef menn vilja á öðru stigi málsins koma á framfæri breytingu til bóta við búnaðarkennsluna, þá stendur það vitanlega jafnt opið, þó að þetta frv. sé lögfest. En verði þetta frv. lögfest, tel ég, að það sé hægara að byrja kennslutilhögun eins og þar er lagt til á næsta skólaári heldur en ef það er ekki gert, og ég tel einnig, að ef þetta frv. verður lögfest, þá verði hægara að vinna að uppbyggingu skólasetranna, eins og lagt er til í fskj. með þessu frv., heldur en ef frv. er ekki lögfest. Ég tel þess vegna, þótt það mætti hugsa sér, að það væri umfangsmeira, þetta frv., og þótt ég sé sannfærður um, að það má eitthvað þar koma til bóta, að það sé stór vinningur í því að fá frv. lögfest. Og ég vil segja það, að bæði búnaðarþing og hv. 5. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vesturl. geta vitanlega komið sínum brtt. að nú við þetta frv., og nái þær ekki fram að ganga, en hafi þó í sér eitthvað, sem seinni tími eða nánari athugun gæti sýnt að væri til bóta, þá stendur vitanlega alltaf opið að koma með brtt. um búnaðarfræðsluna.

Ég hef svo í rauninni ekki meira um þetta að segja. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. 5. þm. Austf. fyrir að hafa verið samþykkur því flestu, sem í frv. er, og ég vil einnig lýsa ánægju minni yfir því, að hv. þm. með sinni ræðu benti ekki í rauninni á neitt, sem ætti að fara út úr frv., og finnst mér þá, að það í aðalatriðum staðfesti, að frv. stefni í rétta átt.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 285, 435, 460).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Með þessu frv., sem hér er til umræðu, er stefnt að heildarendurskoðun á lögunum um bændaskóla, þannig að löggjöf sú, sem setja á með þessu frv., á að koma í stað laganna frá 1948. Við umr. málsins á fundi deildarinnar í gær sýndi ég fram á, að þetta frv. hefur engin svo stórfelld nýmæli að geyma, að ekki sé hægt, án þess að lögfesta það nú á þessu þingi, að framkvæma flest af því, sem stefnt er að því að ná í framkvæmd skv. frv. En mér virðist, þegar um heildarendurskoðun er að ræða á þessari löggjöf, þá gangi þetta frv. að ýmsu leyti of skammt og að það sé ekki kveðið á um sumt af því, sem hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir búnaðarfræðsluna í landinu. Ég vil í því sambandi benda á, að þegar lögin frá 1948 voru sett, sem nú á að fella úr gildi, var hið almenna eða samfellda fræðslukerfi alveg á byrjunarstigi og þess vegna ekki hægt að gera sér þá grein fyrir sambandi sérskólanna við almenna skólakerfið, eins og á að vera hægt nú að fenginni þeirri reynslu af hinu almenna skólakerfi, sem nú er. En í þessu frv. eru engin ákvæði, sem marka glöggleg samband bændaskólanna við hina almennu fræðslu í landinu, sérstaklega gagnfræðastig. Þvert á móti eru ákvæði um námsgreinar í bændaskólunum nálega hin sömu í þessu frv. og þau eru í gildandi lögum. Hér er t. d. í 9. gr. þessa frv. ákvæði um, að skyldunám í bændaskólum skuli vera grasafræði, eðlisfræði, efnafræði og þar skuli kenna dönsku og ensku og enn fremur kenna söng. Allt eru þetta í sjálfu sér nauðsynlegar námsgreinar. En allar þessar greinar eru kenndar á gagnfræðastiginu og teljast til almennra

fræðigreina miklu fremur en sérnáms bændaefna. Mér finnst skorta allmikið á, að í þessu frv. sé markað, svo sem eðlilegt væri, sambandið að þessu leyti milli bændaskólanna og þeirra skóla, sem veita hina almennu fræðslu. Enn fremur vil ég itreka það, sem ég drap á í ræðu í gær, að í þessu frv. eru engin ákvæði um framhaldsmenntun búfræðinga. Það er þó þáttur af búnaðarfræðslunni, sem vissulega er vert að gefa gaum. Þegar um heildarendurskoðun á lögum um bændaskóla er að ræða, þá er það fullkomlega eðlilegt, að báðir þessir þættir séu íhugaðir í senn: hið almenna búfræðinám og framhaldsmenntunin, og sambandið milli þeirra námsstiga bændafræðslunnar ákveðið í löggjöfinni.

Við samningu þessa frv. og endurskoðun málsins hefur og þannig til tekizt, að enginn fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands eða bændasamtökunum í landinu og enginn starfandi bóndi hefur átt hlut að undirbúningi þessa máls. Þeir, sem þetta verk hafa unnið, eru skólastjórar bændaskólanna, sem vissulega eru kunnugir þeim stofnunum og starfsháttum skólanna, þar sem skólastjórarnir hafa öðrum fremur mótað þá starfshætti skólanna, sem verið hafa í gildi nú undanfarið. Ég vil á engan hátt gera lítið úr þeirri þekkingu eða reynslu, sem þessir ágætu menn hafa. En vera kann, að aðrir, sem hafa sérþekkingu á landbúnaði og standa utan við starfsemi sjálfra skólanna, séu ekki síður glöggir á ýmis nýmæli, sem ástæða væri til að kæmu inn í allsherjarlöggjöf um bændaskóla og orðið gætu landbúnaðinum og búnaðarnáminu til eflingar. Mér virðist því eðlilegt með tilliti til þess, að það virðist ekki knýjandi þörf á að lögfesta þetta frv. nú á þessu þingi, og með tilliti til þess, að fullkomin ástæða er til að athuga málið á mjög breiðum grundvelli, áður en ný heildarlöggjöf er sett um þessi efni, að þá sé eðlilegt að fresta afgreiðslu þessa frv. nú og að ríkisstj. verði falið að hlutast til um, að málið verði enn athugað og að bændasamtökin, búnaðarþing, geti átt hlut að þeirri endurskoðun. Í samræmi við þetta sjónarmið flyt ég á þskj. 460, ásamt Ásgeiri Bjarnasyni, hv. 1. þm. Vesturl., rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

„Með því að frv. þetta er á ýmsan hátt ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka veg búnaðarfræðslunnar í landinu, svo sem nauðsyn ber til, og þar sem æskilegt er, að búnaðarþingið eigi þess kost að gera rökstuddar tillögur um breytingar á búnaðarfræðslunni, áður en sett er ný heildarlöggjöf um bændaskóla, og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að mál þetta verði endurskoðað af nefnd, er skipuð sé m. a. einum eða fleiri úr bændastétt, þá telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vænti þess, að hv. d. fallist á þá afgreiðslu málsins, sem hér er lagt til. En fari svo mót von minni, að rökst. dagskráin verði felld, þá mun ég styðja brtt. á þskj. 435, því að mér virðast þær stefna til bóta á frv., en ekki sjá mér fært að styðja frv. í heild.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem sagt var hér í gær. Það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, gefur ekki tilefni til ræðuhalds um þetta mál. Það kom að því, sem ég bjóst við, að það kæmu ekki brtt. frá hans hendi við frv., heldur frávísunartill., og mér þykir það heldur leitt hans vegna, að hann skuli með þessari frávísunartill. vera að kveða upp sleggjudóm yfir þessu máli, órökstuddan, þar sem hann segir í till., að frv. sé á ýmsan hátt ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka við tæknina í landinu, — heldur verra hans vegna, að hann skuli láta sér það sæma að viðhafa slík orð og láta það koma á prenti á þskj. um mál, sem hann sér ekki ástæðu til að flytja neina brtt. við.

Þetta frv. hefur verið hér í hv. d. á annan mánuð, og þess vegna hefur hv. þm. haft nægan tíma til þess að athuga, hvað það væri nú helzt, sem til bóta mætti verða við málið. En í stað þess að gera það, þá er lagt til að vísa málinu frá, án þess að færa fram ástæður fyrir því, hvers vegna það á ekki að samþykkja.

En það eru ýmsar aðferðir, sem menn hafa, og ein meginástæðan, ef ástæðu mætti kalla, er það, að það var enginn bóndi í þeirri nefnd, sem samdi frv. Það hefði vitanlega vel mátt hugsa sér það að hafa bónda í n., og frv. hefði vissulega getað orðið eins gott, þótt það hefði verið, ekki skal ég neita því. En með því að hafa báða skólastjórana á bændaskólunum, sem hafa áratugareynslu í kennslu og þekkja til búskapar eins vel og hver bóndi, þá virtist þetta mál vera nokkuð tryggt og vel fyrir því séð, og þar er til viðbótar einn færasti skólamaður landsins, sem hefur verið miðskólastjóri og vissulega sérstaklega vel til þess fallinn að tengja það saman, sem hv. 5. þm. Austf. var að tala um hér áðan, þ. e. gagnfræðamenntunina og búnaðarmenntunina. Og það er enginn vafi á því, að þótt þetta frv. gæti vitanlega verið fullkomnara, það vitum við, það er svo með öll mannanna verk, þá er ég sannfærður um, að þetta frv. er til bóta og mikilla bóta við búnaðarfræðsluna í landinu, ef það verður lögfest.

Þau atriði, sem hv. 5. þm. Austf. var hér að tala um áðan og eins í gær, að það mætti með reglugerðarákvæðum framkvæma flest af því, sem gert væri ráð fyrir að lögfesta í frv., og þess vegna gerðist ekki þörf á að lögfesta það, það er nú út af fyrir sig játning frá hendi hv. þm., að það sé eitthvað gott í frv., úr því hann telur, að það megi framkvæma flest af því, sem er í því, með reglugerð. Það út af fyrir sig er játning á því, að það séu ákvæði í frv., sem eigi að framkvæma. En jafnvel þótt svo væri, að það mætti gera þetta, þá eru áreiðanlega skiptar skoðanir um það, og það

væri óviðeigandi að gera þetta án þess að lögfesta það. Og það er eitt meginatriði, sem ég benti á í gær, jafnvel þótt það mætti framkvæma þetta án laga hvað kennsluna snertir, sem er þó mjög hæpið og vafasamt, þá er það þó með uppbyggingu skólasetranna ábyggilega til mikils stuðnings að fá þetta frv. gert að lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Þessi dagskrártill. er fram komin, það er staðreynd, og úr því að hv. 5. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vesturl. vildu það viðhafa, þá er raunar ekkert við því að segja, en ég vænti þess, að meiri hl. hv. Ed. verði á móti dagskránni og samþykki frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 460 felld með 8:5 atkv.

Brtt. 435,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, JÁ, JÞ, SÓÓ.

KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁB, BjörnJ, FRV, GTh, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 435,2 samþ. án atkvgr.

4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 435,3 (ný 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

7.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 468).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.

ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, KK greiddu ekki atkv.

2 þm. (FRV, HermJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál, hér við 1. umr. í hv. deild. Málið er komið úr Ed. Þar var samþykkt ein breyting við frv. Það var heimild til þess, að bændaskólarnir væru þrír, eins og hefur verið í lögum, þ. e. að þriðji bændaskólinn verði reistur á Suðurlandi, þegar efni standa til. En eins og l. eru núna, hefur verið gert ráð fyrir, að bændaskóli yrði byggður í Skálholti. Eftir að Skálholt er afhent kirkjunni til umráða, þykir ekki tilhlýðilegt að hafa í l., að þar skuli einnig vera bændaskóli.

Frv. er samið af n., sem var skipuð 25. marz 1960. Í n. áttu sæti Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri, Kristján Karlsson fyrrv. skólastjóri á Hólum, Aðalsteinn Eiríksson fyrrv. skólastjóri, núverandi skólaeftirlitsmaður, Ásgeir Pétursson sýslumaður og Gunnar Vagnsson fulltrúi.

Það, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., er að auka til muna vélfræðinám í skólanum og samræma búnaðarnámið við breytta staðhætti. Það er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun á kennurum. Það er gert ráð fyrir því, að það þurfi ekki endilega að vera sams konar kennsla í báðum bændaskólunum, heldur gæti komið til greina að hafa nokkra verkaskiptingu þar í milli. Frv. stefnir sem sagt að því að samræma kennsluna við breytta staðhætti.

Aðsókn að bændaskólunum hefur að undanförnu verið nokkuð dræm, sérstaklega að Hólaskóla. Hvanneyrarskóli er fullsetinn nú og umsóknir að berast fyrir næsta ár. Aðsókn að Hólaskóla hefur aukizt aftur, og nú eru 18 nemendur í yngri deild skólans. Ef þeir koma allir til náms á næsta hausti og sæmileg aðsókn verður aftur að yngri deild, er ástæða til að ætla, að skólinn verði fullsetinn næsta ár, og lofar það nokkuð góðu.

Þess verður að geta, að aðbúnaður að bændaskólunum hefur ekki verið eins góður og æskilegt er að undanförnu. Fjárveitingar til viðhalds og uppbyggingar hafa verið of litlar. Þetta hefur verið aukið allverulega nú á fjárlögum 1962 og aftur á yfirstandandi fjárlögum, en slíkar fjárveitingar þurfa að halda áfram, ef uppbyggingu skólanna á að koma í það horf, sem nauðsynlegt má telja. Búnaðarskólanefnd hefur gert sér grein fyrir því, hvað þarf að gera á hvorum skóla til uppbyggingar, til þess að aðstaðan geti talizt sæmileg, og er út af fyrir sig nauðsynlegt að gera slíka áætlun, til þess að framkvæmdir geti orðið eins og eðlilegt og æskilegt er.

Ég tel það til mikilla bóta, ef þetta frv. verður að l. nú, frá því, sem verið hefur. Það samræmir búnaðarskólanámið við nútíðar búnaðarhætti. Þetta frv., ef að lögum verður, mun styrkja aðstöðuna til þess að bæta hag skólanna, og það mun sérstaklega stuðla að því, að vélfræðileg kennsla verði aukin í skólunum, en það er eitt af því, sem er nauðsynlegt hverjum bónda, að kunna meðferð véla og viðgerðir á þeim.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. að svo stöddu, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 468, n. 517, 527).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Í marzmánuði 1960 skipaði hæstv. landbrh. nefnd til þess að endurskoða núgildandi lög um bændaskóla. Enn fremur var það verkefni þeirrar n. að gera till. um framkvæmdir á bændaskólasetrunum með hliðsjón af þeim breytingum, sem n. lagði til að gerðar yrðu á búnaðarfræðslunni. Árangur af starfi n. er m. a. það frv. til l. um bændaskóla, sem hér er nú til 2. umr. í þessari hv. d. Frv. er að finna á þskj. 285 eins og það var lagt fyrir þingið, en það er á þskj. 468 eins og það var afgreitt frá hv. Ed.

Í frv. var ráð fyrir því gert, að bændaskólarnir yrðu tveir, svo sem nú er, á Hólum í Hjaltadal og á Hvanneyri í Borgarfirði, en hv. Ed. samþ. þá breyt. á frv., að skólarnir skyldu áfram vera þrír, eins og raunar er í núgildandi lögum, og skyldi sá þriðji vera staðsettur á Suðurlandi og byggður þar, þegar það þætti tímabært.

Landbn. var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við fjórir nm., sem skipum meiri hl., leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það var afgr. frá Ed., en einn nm., hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ), leggur til, að frv. verði vísað frá þinginu með rökstuddri dagskrá.

Gagnstætt því, sem hv. minni hl. heldur fram og reynir að rökstyðja í dagskrártillögu sinni, þá er það skoðun okkar, sem erum í meiri hl., að frv. miði að því að efla og auka búnaðarfræðsluna í landinu frá því, sem nú er, og sýnist okkur því einsýnt, að samþ. beri frv. Það er á því mikil og tímabær þörf, að búnaðarfræðslan sé aukin. Einkum á þetta við um kennslu í notkun og meðferð véla og verkfæra, sem nú er mjög farið að nota á hverju búi og segja má að enginn bóndi geti búið án. Að þessu er miðað í frv., og er þar ætlazt til, að við bændaskólana starfi kennarar með sérþekkingu í véla- og verkfærafræði, en til þess að slík kennsla verði fullnægjandi, þurfa skólarnir að eignast sín eigin verkstæði, búin fjölbreyttum kennslutækjum, áhöldum, vélum og verkfærum, sem nauðsyn er að hafa tiltæk við slíka kennslu.

Í áliti bændaskólanefndarinnar er talið, að hús að stærð um 500—600 fermetrar nægi til kennslu í vélfræði, verkfærafræði og smíðum, og mundu slík hús kosta um eina milljón króna við hvern skóla, og sjálfsagt kostar það talsvert mikið fé að búa þessi hús nauðsynlegum tækjum. En ég lít svo á, að í slíkan kostnað megi ekki horfa um of, svo nauðsynlegur þáttur sem kennsla í vélfræði og allri meðferð véla er orðinn í sjálfri búnaðarfræðslunni.

Ég er og mjög sammála því, sem fram kemur í grg. n. með frv., að gagnlegt geti verið að efna til stuttra námskeiða við búnaðarskólana í hinum ýmsu greinum búfræðinnar. Slík námskeið gætu stuðlað að því, að bændaefni og jafnvel ýmsir bændur gætu sótt sér gagnlega fræðslu til skólanna, þótt annarra aðstæðna vegna gætu ekki stundað þar fullt nám. Og það ætti líka að stuðla að því, að það væri hægt að gera þessi námskeið og raunar allt námið við skólana fjölbreyttara og gagnlegra, að ákveðið er með frv. að fjölga kennurum við skólana, fjölga þeim um tvo við hvorn skóla. Slík fjölgun kennara ætti að geta tryggt, að það sé hægt að bæta við nýjum námsgreinum, eftir því sem nauðsynlegt er talið og eftir því sem tímans kröfur krefjast, ef fleiri sérmenntaðir menn en nú mundu starfa við þá.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég get ekki neitað því, að ég er dálítið hissa á afstöðu þeirri, sem hv. þm. Framsfl. hafa tekið til þessa máls hér í þinginu. Þeir rökstyðja sitt mál með því, að frv. sé lítils háttar, gangi of skammt. Samt hef ég ekki orðið var við, að þeir hafi gert neina tilraun til þess að bera fram breyt. á frv. til bóta á því, sem þeir telja því áfátt um, og mér er nær að halda, að frsm. hv. minni hl. í Ed. hafi ekki í sínum ræðum þar komið með neinar ábendingar um það, hvernig hann vildi láta haga búnaðarfræðslunni. Úr því að það er óskað áframhaldandi endurskoðunar á þessum lögum, þá hefði það að sjálfsögðu verið nokkurs virði fyrir þá n., sem það starf ætti að vinna, að hún hefði héðan frá hv. Alþingi fengið einhverjar ábendingar um þetta efni.

Þá er að því fundið í rökstuðningi dagskrártill., að enginn bóndi skyldi hafa átt sæti í þeirri n., sem undirbjó frv. og endurskoðaði lögin um búnaðarskólana. Vissulega hefði ég ekki haft neitt á móti því, að í þeirri n. hefði átt sæti einhver bóndi eða bændur, en mér finnst nú samt þessi ástæða vera tylliástæða, þegar á það er litið, hverjir áttu sæti í endurskoðunarnefndinni. Þar áttu sæti m. a. báðir skólastjórar bændaskólanna, og auk þess sem þessir menn þekkja öðrum mönnum betur þarfir bændaskólanna og búnaðarfræðslunnar, þá eru þeir mjög kunnugir öllum sjónarmiðum bænda, enda má raunar segja, að þeir séu bændur sjálfir, þótt þeir beri ekki það starfsheiti, menn, sem árum saman eru búnir að veita forstöðu einhverjum stærstu búum, sem til eru í landi okkar. Ég verð að segja það, að mér finnst alveg ómaklegt það vantraust, sem kemur fram í þessari dagskrártillögu, sem var flutt í Ed. og nú aftur hér í þessari d., — alveg ómaklegt vantraust á þessum mætu mönnum, sem fram kemur í þessum aðfinnslum og raunar kom fram í umsögn búnaðarþings um frv. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, að það sé verið að gefa það í skyn, að þessir menn þekki ekki eins vel sjónarmið bændanna og raunar bændurnir sjálfir, því að það er eins og ég segi, þeir eru bændur, þótt þeir beri ekki það starfsheiti.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef lagt fram till. til rökst. dagskrár í máli þessu, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að frv. þetta er á ýmsan hátt ófull-

komið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka veg búnaðarfræðslunnar í landinu, svo sem nauðsyn ber til, og þar sem æskilegt er, að búnaðarþing eigi þess kost að gera rökstuddar till. um breytingar á búnaðarfræðslunni, áður en sett er ný heildarlöggjöf um bændaskóla, og í trausti þess, að ríkisstj. hlutist til um, að mál þetta verði endurskoðað af n., er skipuð sé m. a. einum manni eða fleirum úr bændastétt, telur d. ekki rétt að lögfesta þetta frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi afstaða mín til frv. er byggð á því, að ég tel frv. ekki gera ráð fyrir nógu rismikilli breytingu til að efla og auka búnaðarfræðslu við bændaskólana. Það skal vel vanda, sem lengi á að standa, segir forn málsháttur. Ég held, að það sé ekki enn þá almennt nægilega ljóst fyrir mönnum, að starf bóndans á okkar dögum er að verða mjög margþætt, og sífellt eru að opnast ný svið til þekkingar, sem nauðsynlegt er fyrir bændur að tileinka sér. Þetta gildir um alla þætti búskaparins, jarðræktina, fóðrun búpenings, nýtingu og meðferð áburðar, varðveizlu eða geymslu fóðursins, þekkingu á hinum margvíslegu vélum, sem til búskaparins þarf, og réttri notkun þeirra, og síðast, en ekki sízt, má nefna, hversu nauðsynlegt það er fyrir bændur að hafa meira en sitt eigið brjóstvit á að byggja um hina hagfræðilegu þætti í búskapnum, eins og nú er komið, því að nú er svo að segja hvert bú rekið með daglegum viðskiptum við ýmsar viðskiptastofnanir. Enn fleira mætti nefna af sérfræðilegum atriðum, sem nauðsynlegt er fyrir bændur að bera skyn á, en ég mun ekki drepa á fleiri atriði en ég hef þegar gert. En svo er þar að auki mikil nauðsyn fyrir bændur að hafa aflað sér almennrar þekkingar á unga aldri, m. a. vegna þess, að þeir verða að hafa með höndum alls konar félagsleg og opinber störf hver í sínu héraði, eftir því sem þeim er falið af þeirra samtíðarmönnum. Þegnlegar og borgaralegar skyldur í nútímaþjóðfélagi verða ekki ræktar, svo að vel sé, nema til komi allvíðtæk almenn menntun.

Fyrir nokkrum missirum heyrði ég einn af skólastjórum unglingaskóla úti á landi segja, þegar hann setti skóla sinn, að í nútímaþjóðfélagi yrðu þeir unglingar eins konar öryrkjar, sem ættu ekki völ á góðri menntun á þeim sviðum, er þeir vildu starfa á. Ég tel, að þessi setning hins reynda skólamanns hafi að geyma rétta mynd af því, sem verða mun, þar sem hin mikla tækniþróun og vísindi hafa í raun og veru tekið við af striti genginna kynslóða.

Við viljum öll stefna að því á sem flestum sviðum að láta vit koma í staðinn fyrir strit. Um það er auðvitað enginn ágreiningur, hvorki hér á Alþingi né yfirleitt annars staðar. Mjög ör bylting er nú að gerast í íslenzkum landbúnaði á sviði alls konar nýrrar tækni, bæði í vinnubrögðum og daglegum rekstri. Bændur framtíðarinnar þurfa því, eins og ég hef nokkuð drepið á, mjög á aukinni og fjölbreyttri þekkingu að halda, og við þá þörf þarf auðvitað og á að miða uppbyggingu þeirra bændaskóla, sem við Íslendingar eigum, og þeirra, sem reistir kunna að verða í framtíðinni.

Ég viðurkenni það, að nokkur bót er að þessu frv. frá því, sem verið hefur, og ég vil einnig taka það fram, að sú breyting, sem á frv. var gerð í Ed. um að gera ráð fyrir þriðja bændaskólanum á Suðurlandi, er til bóta og er sjálfsögð endurbót á frv., eins og það kom frá mþn. En úr því að ekki var gert ráð fyrir svo sjálfsögðum hlut og því, að Suðurland með 1/4 af öllum bændum landsins og þar sem eru beztu skilyrði hér á landi til landbúnaðar, fengi búnaðarskóla, þá finnst mér, að ekki sé óliklegt, að ýmislegt fleira kynni nú að vera í þessu frv., sem athugunar þyrfti við. Ég tel óeðlilegt, að svo þýðingarmikil lög eins og lög um búnaðarfræðslu séu endurskoðuð og sett án þess að fagfélag bændastéttarinnar, Búnaðarfélag Íslands, eða búnaðarþingið væri haft með í ráðum um þá endurskoðun, — og þess vegna legg ég til, að málið verði betur athugað, og þarf þá bændastéttin að koma sínum sjónarmiðum að. Það var auðvitað í alla staði eðlilegt, að skólastjórar bændaskólanna væru í þeirri nefnd, sem endurskoðaði lögin um bændaskóla, og fjármálaeftirlitsmaður skólamála, sem er merkur embættismaður með mikla og góða fortíð og reynslu í skólamálum, en ég hygg, að bændastéttin hefði mátt og átt að eiga þar starfandi bændur til umráða við þá ákvörðun um form búnaðarfræðslunnar á næstu tímum. Ég býst t. d. við, að iðnaðarmönnum þætti það heldur óviðfelldið, ef lög um iðnfræðslu væru endurskoðuð og þeir fengju ekki að taka þátt í slíku, og svo hygg ég að væri um fleiri stéttir.

Með þessum fáu orðum, sem ég hef hér sagt um þetta, vildi ég hafa lýst í stórum dráttum minni afstöðu eða minu viðhorfi til þessa máls.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. meiri hl. í landbn. fyrir fljóta afgreiðslu á þessu máli og þann skilning, sem þar kemur fram á því, að frv. það, sem hér um ræðir, sé til bóta og beri að lögfesta það. Hins vegar á minni hl. ekki þakkir skilið fyrir afstöðuna í þessu máli. Hér er flutt orðrétt sama frávísunartill. og var flutt í Ed., ekki gerð nein tilraun til þess að benda á, hvað það er, sem frv. er ábótavant, engin brtt., heldur aðeins fullyrðingar. Og það er náttúrlega alls ekki sæmandi að fullyrða, að þetta frv. sé ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka veg búnaðarfræðslunnar, án þess á nokkurn hátt að koma með till. eða ábendingu um það, hvað skyldi koma í staðinn inn í þetta frv. til viðbótar, til þess að það geti náð tilgangi sínum.

Ástæðan til þess, að hv. minni hl. vill vísa frv. frá, virðist vera sú ein, að ekki var bóndi í mþn., sem samdi frv. Ég skal viðurkenna,

að það hefði gjarnan mátt vera bóndi í n., þriðji bóndinn, því að eins og sagt var hér áðan, þá eru skólastjórar bændaskólanna vitanlega bændur, um leið og þeir eru kennarar og skólastjórar þessara merku stofnana. Það hefði mátt vera. En ég hygg, að sjónarmið bændanna hafi að öllu leyti komið fram við samningu þessa frv. og það sé ekki þess vegna nein ástæða til þess að vísa frv. frá.

Þá er því og borið við, að búnaðarþing hafi ekki fengið aðstöðu til þess að gera rökstuddar till. um frv. Þetta frv. lá frammi allan þann tíma sem búnaðarþing sat á rökstólum, og búnaðarþing hafði þess vegna tækifæri til þess að kynna sér frv., enda var frv. beinlínis til þess vísað, og það hefði vissulega getað gert brtt. við málið, ef það hefði í rauninni talið ástæðu til þess. En meiri hl. búnaðarþings telur, að ekki beri að samþ. frv., vegna þess að bóndi hafi ekki átt sæti í mþn. Enda þótt það hefði í alla staði verið vel til fallið, að þriðji bóndinn hefði átt þar sæti, getur það út af fyrir sig ekki verið ástæða til þess að vísa frv. frá, þótt svo hafi ekki verið. Það ber miklu frekar að athuga það, hvernig frv. er. Og þá, sem gagnrýna ekki út af fyrir sig frv. sjálft og hafa engar brtt. við það fram að bera, er ekki unnt að taka alvarlega, þótt þeir menn komi með frávísunartill., því að slíkar frávísunartill. eru órökstuddar.

Hv. frsm. minni hl. sagði hér áðan, að frv. væri ekki nægilega rismikið til þess að fullnægja því, sem lög um bændaskóla ættu að vera. En ég segi nú það, að ef hv. minni hl. finnst frv. ekki nógu rismikið, þá hefði hv. minni hl. átt að leggja sig fram og leggja eitthvað jákvætt til málanna til viðbótar við frv. til þess að hækka risið. En það forðast minni hl. að gera. Gæti það verið vegna þess, að hv. minni hl. hefur ekki hugmynd um, hvað það er, hvers konar efniviður það væri, sem ætti að koma til viðbótar við frv., til þess að það gæti orðið betra? Ég hygg, að svo sé.

Það, sem mþn. hefur lagt áherzlu á, er hin aukna tækni í búskapnum. Það er hin aukna tækni í búskapnum, að auka vélfræðikennsluna, að miða námið í bændaskólunum við breytta þjóðfélagshætti, við þá byltingu, sem hefur orðið í landbúnaðinum. Það er þetta, sem frv. miðar að, að auka vélfræðikennsluna þannig, að bændaefnin læri að fara með vélarnar, þekkja gildi vélvæðingarinnar í landbúnaðinum, þekking á einstökum vélum og vélahlutum og viðgerðir á þeim og allt viðhald og notkun véla og verkfæra. Þetta þarf vitanlega hver einasti bóndi að kunna, og þess vegna er með þessu frv. lagt til, að það verði haldið námskeið fyrir þá bændur og bændaefni, sem hafa ekki fengið þá fræðslu, sem ætlazt er til, að nemendur í bændaskólunum fái. Og þá er einnig í þessu frv. gert ráð fyrir því, að bændaefnin geti fengið nám í bændaskólunum í samræmi við hina auknu fjölbreytni í búskapnum, þ. e. að fleiri búgreinar verði teknar með en áður hefur verið. Þess vegna er það, að frv. gerir ráð fyrir nokkurri fjölgun kennara.

Þá hefur n. rökst. till. um það, hvernig skuli byggja upp og viðhalda skólunum. Eins og kunnugt er, hefur síðasta áratuginn verið þannig búið að skólunum, að þeir hafa ekki haft fé til viðhalds eða uppbyggingar, þessir tveir skólar. Nú hefur verið horfið nokkuð frá þeirri braut og fjárveitingar auknar mjög til beggja skólanna, svo sem nauðsyn bar til. Og í sambandi við þetta frv. liggja fyrir rökstuddar tillögur um það, hvað þarf að byggja og endurbæta á hvorum skóla, til þess að þeir geti uppfyllt þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar. N. telur, að það sé ekki nauðsynlegt, að náminu sé hagað nákvæmlega eins á báðum skólunum, það sé leyfilegt að haga því með sitt hvoru móti eftir því, hvort það þykir praktískt eða ekki. Og sjálfsagt þykir að hafa námskeið ekki aðeins í meðferð og viðgerð véla, heldur einnig í sambandi við ýmsar búgreinar, t. d. námskeið í hirðingu nautgripa, námskeið í hirðingu sauðfjár, námskeið í áburðarfræði, námskeið í svína- og alifuglarækt og námskeið í búsmíðum.

N. lagði til, að bændaskólarnir væru tveir, en eins og kunnugt er, hefur verið í l. nú í 17 eða 18 ár, að bændaskóli skuli reistur í Skálholti. Það hefur ekki verið gert, einfaldlega vegna þess, að ekki hefur verið það mikil aðsókn að tveimur bændaskólunum, að þörf hafi verið fyrir þriðja skólann. Og úr því að ekki var hægt að láta hina tvo bændaskóla, sem fyrir voru, hafa nægilegt fé til nauðsynlegs viðhalds og uppbyggingar, hefði síður verið mögulegt að byggja og starfrækja þriðja skólann, jafnvel þótt aðsókn að skólunum hefði verið meiri en raun ber vitni.

Ég er vitanlega samþykkur því og lagði það reyndar til, að heimildin um skóla á Suðurlandi yrði látin standa. Það er ekki viðkunnanlegt að binda það við Skálholt, eftir að kirkjunni hefur verið afhent jörðin til eignar og umráða, en að bændaskóli verði reistur á Suðurlandi, eins og nú er lagt til samkv. till. hv. 5. þm. Sunnl., er í alla staði viðeigandi, enda þótt við vitum, að næstu árin verður ekki byggður þriðji bændaskólinn, ekki allra næstu árin. En við getum vissulega hugsað okkur það, að sá tími komi, að það verði gert, og þess vegna alveg ástæðulaust að taka þá heimild út úr löggjöfinni.

Till. n. eru, eins og ég hef lýst, í aðalatriðum fleiri kennarar, að vélfræðinámið verði aukið og námskeið verði haldin í hinum ýmsu greinum og náminu verði hagað þannig, að bændaefnin verði sem færust um að tileinka sér þau búvísindi, sem nú eru ráðandi, því að búskapinn þarf nú í dag að reka á visindalegum grundvelli, og það þarf sannarlega talsverða þekkingu til að gera það rétt. Unglingarnir og bændaefnin fara fyrst í unglinga- og gagnfræðaskóla og eru betur undirbúin, þegar þau koma í bændaskólana, nú en var áður, þegar bændaefnin fóru beint úr barnaskólanum þang-

að, og þess vegna er það, að í bændaskólunum þarf ekki eins nú að leggja megináherzlu á hina venjulegu bókfræði, heldur getur þetta verið miklu frekar og eingöngu sérfræðinám, eins og það á að vera.

Hv. minni hl. vitanlega metur það, hvort það er viðeigandi að vísa þessu frv. frá, eins og hann leggur til, eða ekki. En satt að segja finnst mér hlutskipti hv. minni hl. ekki gott, og mér finnst, að miklu eðlilegra hefði verið fyrir minni hl. að samþykkja frv., enda þótt segja megi með réttu, að þótt þetta frv. verði að lögum, þurfi síðar meir að endurbæta löggjöf um búnaðarfræðsluna, og það liggur vitanlega alveg opið fyrir, þótt þetta frv. verði að lögum. Og ég vil vekja athygli á einu, þótt ég vilji ekki ganga fram hjá búnaðarþingi og stéttarsamtökum bændanna, — ég vil aðeins vekja athygli á því, að búnaðarþing hefur ekki undanfarið vakið athygli á því, að það væri þörf á að breyta löggjöf um búnaðarfræðslu. Ég hef ekki heldur heyrt, að það hafi komið frá Stéttarsambandi bænda till. um þetta efni. En það hefði vitanlega verið eðlilegt, að á því hefði örlað á undanförnum árum.

Ég vil undirstrika það, að þeir menn, sem störfuðu í mþn. og sömdu þetta frv., eru allir mjög fróðir um fræðslumál. Einn þeirra er reyndasti skólastjóri landsins í alþýðufræðslu og búnaðarskólastjórarnir tveir, Kristján Karlsson og Guðmundur Jónsson, hafa verið skólastjórar og bústjórar við bændaskóla í áratugi. Þessir menn hafa vissulega haft meiri og haldbetri þekkingu á því, hvað það er, sem þurfti að breyta í búnaðarfræðslunni, til þess að hún næði tilgangi sínum, heldur en jafnvel bóndi, sem ekki hefur komið nálægt kennslu í þessum efnum, jafnvel þótt greindur væri og reynslu hefði í búskap. En eins og ég sagði áðan, þá hefði vel mátt vera þriðji bóndinn í n., frv. hefði áreiðanlega ekkert orðið lakara fyrir það. Við getum haft skiptar skoðanir um það, hvort hefði verið betra. En það er ekki það, sem skiptir máli, og það eru ekki rök til þess að vísa frv. frá. Ég tel, að það sé mikils virði að fá þetta frv. lögfest. Búnaðarfræðslan verður betri eftir en áður og hún er samræmd við breytta staðhætti og vélvæðingu og nýbreytni, sem nú hefur verið tekin upp í landbúnaðinum.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. er nú búinn að halda hér langa ræðu til þess að hrósa frv., og ég álít það eðlilegt, að hann leggi nokkra vinnu í það að gylla þetta fyrir hv. alþm., því að satt að segja er nú svo, eins og ég hafði áður lýst, að það er lítil reisn yfir þessu. Þess vegna veitir ekki af að reyna að gylla þetta eitthvað.

Hann lét sem hann vorkenndi mér mjög að hafa tekið þá afstöðu, sem ég hef til málsins, og taldi það bera vott um fávizku mína, og skal ég ekki deila neitt um það atriði við hann. En ég vil vekja athygli á því, sem raunar hefur komið fram áður, að búnaðarþingi, sem er samkoma bændastéttarinnar á hinu faglega sviði, var sent þetta frv. til umsagnar. — Ég man ekki almennilega, hvernig atkv. féllu þar, en svo mikið var víst, að búnaðarþing vísaði málinu frá á þeim forsendum, að þetta þyrfti miklu nánari athugunar við og því þætti ekki gert ráð fyrir nógu miklum glæsileika í þessu máli.

Það getur vel verið, að hæstv. landbrh. geti haft þessi samtök bændanna að engu hvað eftir annað, bæði í þessu máli og ýmsum fleirum, og það komi ekki að sök fyrir hann. Ég skal ekki segja um það. Alþingi hefur allt fram á valdatíma þessa hæstv. ráðh. tekið mikið tillit til búnaðarþings og gert mikið með þess till., og flest málefni, sem búnaðarþing hefur haft til meðferðar og gert ályktanir um, hafa fengið svipaða afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Alþingi hefur litið þannig á, að þessi samkoma bændastéttarinnar væri öðrum færari um það að segja til um, hvernig hún vildi láta skipa þeim málum, sem bændastéttina og landbúnaðinn varða.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er gott að heyra það, að hv. 2. þm. Sunnl. ber frávísunartill. ekki fram vegna þess, að hann hafi gert sér sjálfur skoðun um það, að frv. sé ekki harla gott, heldur vegna þess, að meiri hl. búnaðarþings vildi, að það væri athugað nánar, og fann frv. það til foráttu, að það hefði enginn bóndi verið í mþn. Það er enginn vafi á því, að ef búnaðarþing flytur till., þá ber að taka þær till. til athugunar og yfirvegunar og taka þær til greina, ef þær eru viturlegar og góðar. En þegar búnaðarþing — meiri hl. þess — samþykkir till. eins og það gerði í þessu máli, að tefja málið á þeim forsendum, að ekki hefði verið bóndi í n., án þess að benda á nokkra breytingu eða nokkurn galla á frv., þá verður það ekki tekið alvarlega, bæði vegna þess, að það er ekki rétt, að það hafi ekki verið bændur í n., þeir voru tveir, skólastjórarnir, og í öðru lagi vegna þess, að sá, sem leggur til, að eitthvert frv. nái ekki fram að ganga, er skyldugur til þess að benda á og færa rök fyrir því, hvers vegna það eigi ekki að vera. Það gerði meiri hl. búnaðarþings ekki, og þess vegna ber ekki að taka þessa till. til greina, sem það samþykkti í þessu máli.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Mér finnst eðlilegt, að menn segi skoðun sína á þeim till., sem liggja frammi í frv. til l. um bændaskólana. Ég ætla ekki að fara að leggja neinn dóm á það, hvort það frv. muni verða til mikilla hagsbóta fyrir bændastéttina. Ég geri ráð fyrir, að svo sé. En ég get ekki annað en tekið undir þá rökstuddu dagskrá, sem 2. þm. Sunnl. hefur flutt hérna, og ég geri það sérstaklega með tilliti til þess, að hér hafa verið flutt frv. um aðra skóla, sem skal koma hér á stofn, svo sem um kennaraskóla og um tækniskóla, og ég sé ekki betur af flutningi þeirra frv. en mjög hafi verið leitað til þeirra manna, sem

þar fara með þau mál, til þess að undirbúa þá skólalöggjöf, mjög verið leitað til þeirra á öllum sviðum. Þess vegna tel ég, að það hefði verið eðlilegt, að sama aðferð hefði verið höfð við undirbúning laga um bændaskóla, að leitað hefði verið einnig mjög til bændastéttarinnar um till. um, hvernig hún óskaði eftir, að sá skóli væri úr garði gerður. Mér finnst þetta ekki nema eðlileg og rétt afstaða, af því að ég sé ljóslega, að það hefur verið allt annar háttur hafður á um undirbúning að frv., svo sem um kennaraskólann og tækniskólann.

Ég ætla ekki að segja fleira um þetta, en ég vil aðeins láta þessa skoðun mína í ljós, og ég tel eðlilegt, að þegar jafnmikið vandaverk er að vinna eins og að koma á löggjöf um skóla, sem eiga að vera til menningar og uppbyggingar heilli stétt í þjóðfélaginu, þá fái þessi stétt óskoraðan rétt til þess að fjalla um málið og vinna að því, að það geti orðið sem bezt úr garði gert. Að þessu athuguðu finnst mér eðlilegt og ég mun styðja það, að rökst. dagskrá verði samþykkt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þá heyrðist það, sem ekki hefur heyrzt áður í hv. deild, að hv. þm. lýsir því yfir, að frv. muni verða til bóta við búnaðarfræðsluna, en eigi að síður ætlar hann að styðja frávísunartill. Þetta er hreinskilni. En það er alveg ótrúlegt, að hv. þm., sem telur eitt mál vera til bóta, skuli í sömu andránni lýsa yfir því, að hann ætli að vera með því að vísa því frá. Og hann nefndi forsendurnar. En ég vil benda hv. þm. á það, að þær eru algerlega rangar. Hann bendir á, að það sé vegna þess, að bændurnir og bændasamtökin hafi ekki haft tækifæri til þess að fjalla um þessi mál eða vera með í samningu frv. En ég hef aldrei heyrt það fyrr en nú, að skólastjórar bændaskólanna væru ekki taldir fullgildir fulltrúar bænda, þegar um það er að ræða að efla búnaðarfræðsluna. Og hv. þm. veit, að búnaðarþing fékk tækifæri til þess að fjalla um málið, en hafði enga brtt. fram að bera um það. Brtt. frá búnaðarþingi hefðu vissulega verið teknar til athugunar og færðar inn í frv., ef þær að athuguðu máli hefðu verið til bóta við frv. Hv. þm. byggir þess vegna sína skoðun algerlega á skökkum forsendum, og mér finnst það leiðinlegt, að hann skuli játa það hér, að hann ætli að fylgja frávísunartill. í máli, sem hann telur vera til bóta.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þegar það frv., sem hér er til umr., var lagt fyrir þingið, fól það í sér m. a. þá breytingu frá gildandi lögum um þetta efni, að bændaskólar í landinu áttu að verða aðeins tveir, eins og þeir eru, í staðinn fyrir það, að í gildandi lögum er gert ráð fyrir þremur bændaskólum í landinu, þótt aldrei hafi einn þeirra komizt á fót. Starfandi bændaskólar eru nú á Hólum í Hjaltadal og á Hvanneyri í Borgarfirði, svo sem alkunnugt er, en gildandi lög um þetta efni gera ráð fyrir því, að bændaskóli eigi einnig að vera starfræktur í Skálholti. Sá bændaskóli hefur aldrei komizt á, og Alþingi hefur haft til meðferðar allt aðra ráðstöfun á Skálholti en þau lög gerðu ráð fyrir. Máske hefur sú nefnd, sem undirbjó þetta lagafrv., haft eitthvert veður af því, hvað til stæði um Skálholt, og í samræmi við það tekið það út úr þeim lagabálki, sem þeir voru að semja, að einn bændaskóli skyldi vera á Suðurlandi. Að því leyti var frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir þingið, nokkru rislægra en sú löggjöf, sem gildandi er nú um bændafræðsluna. Þessu hefur hv. Ed. breytt, og í frv., eins og það kemur fyrir þessa deild, er gert ráð fyrir bændaskólum á Hólum, á Hvanneyri og á Suðurlandi, án þess að það sé nánar tiltekið, á hverjum stað á Suðurlandi sá skóli eigi að rísa.

Ég get verið sammála ýmsum þeim, sem hér hafa talað um þetta frv., um það, að þetta frv. markar engin sérstök tímamót í bændafræðslunni. Það er ekki af þeirri stærð. Engu að síður ber að játa það, að gildandi löggjöf um bændafræðsluna er þegar sprungin, þ. e. a. s. sú löggjöf gefur ekki það olnbogarúm, sem nauðsynlegt hefur reynzt til starfsemi bændaskólanna, og þar af leiðandi hafa bændaskólarnir nú tekið upp kennslu, sem er umfram það, sem gildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Að því leyti er það rétt, sem aðrir menn hafa hér haldið fram, talsmenn þessa frv., að það beri nokkra nauðsyn til að breyta þessum lögum, þótt ekki sé nema til samræmis við það, sem í reyndinni er. Ég er þeim um það sammála og hef tekið afstöðu um það í landbn., að ég mæli með samþykkt þessa frv.

Ég vil að lokum aðeins víkja að því, að búnaðarþing mun hafa lagt þetta mál til hliðar, vegna þess að þeim fannst ekki það ris yfir málinu, sem þeir gjarnan hefðu viljað hafa. Síðan búnaðarþingi lauk, hefur verið sett það ris á málið til viðbótar við það, sem fyrir lá, að hv. Ed. hefur, eins og áður er á minnzt, bætt inn í þetta lagafrv. möguleikanum til þess að reisa hinn þriðja bændaskóla, sem frv. upphaflega gerði ekki ráð fyrir. Ég tel, að þar hafi verið verulega bætt úr. Ég virði það mjög við búnaðarþing og þá fulltrúa bændastéttarinnar, sem þar halda á málum, að þeir eru hvað mestir höfðingjar í þessu landi um þessar mundir að því er varðar reisn yfir byggingum og máske rekstri, og ég vænti þess þá, að búnaðarþingið og fulltrúar bænda eigi þess fullan kost innan ramma þess frv., sem hér liggur fyrir, að koma á stofn hinum þriðja bændaskóla, sem nú er ekki til, að beita áhrifum sínum að því, að komið verði á stofn hinum þriðja bændaskóla, sem nú er ekki til, bændaskóla á Suðurlandi, og sá skóli geti þá verið með þeirri reisn, sem bændasamtökunum er samboðin og bændastéttinni nauðsynleg.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út frá orðum hæstv. landbrh.

Ég tel það enga goðgá, jafnvel þó að menn telji mál standa til bóta, þó að þeir vilji, að

því væri gjarnan komið lengra áleiðis en er. Og ég verð að telja, að það hafi verið alveg nóg ástæða til þess að bíða með þetta mál, að búnaðarþing vildi fá að fjalla betur um málið en orðið var og bændasamtökin fengju tækifæri yfirleitt til að ráða ráðum sínum um þetta mál. Ég tel það alveg nægа ástæðu, vegna þess að slíkar stofnanir eru yfirleitt ekki settar á stofn í þjóðfélaginu nema að fengnum ráðum og mjög vandlega íhuguðum ráðum þeirra manna, sem að þeim eiga að búa um alla framtíð. Þetta vita allir. Þess vegna er óeðlilegt, að um þessa stofnun sé ekki hafður sami háttur á, þannig að bændasamtökin fái næði og tíma til að rannsaka málið til hlítar, áður en löggjöf er sett um það. Ég skammast mín ekkert fyrir að játa það, að ég tel, að þetta frv. sé á ýmsan hátt til bóta. En það hefði getað verið miklu betra að mínu viti, ef bændastéttinni hefði verið sýnd sú sjálfsagða kurteisi að fá málið til meðferðar, áður en það var gert að lögum hér á hv. Alþingi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að tala í þessu máli og geri ekki mikið að því að tala hér, af því að ég er nú þannig gerður, að ég er latur að fást við það, sem mér finnst ekki bera neinn árangur, og við vitum það, sem erum í stjórnarandstöðunni, að þó að við förum að koma með einhverjar till., þá er ekki mikið gert með þær.

En hæstv. landbrh. var að brýna flokksbróður minn og frsm. minni hl. á því, að hann kæmi ekki með neina ástæðu fyrir því að vilja ekki samþykkja frv., svo að ég fór að líta yfir frv. og rak augun í ýmislegt smávegis, sem ég hefði álitið að færi betur að hafa á annan hátt. Það er t. d. byrjað að segja, að hér á landi skuli vera þrír skólar, er veita verklega og bóklega menntun bændaefnum og öðrum þeim, sem hyggjast gera landbúnaðarstörf að lífsstarfi sínu. Skulu þeir vera að Hólum í Hjaltadal, Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandi, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Skólarnir nefnast bændaskólar. Ég álít, að það hefði farið betur að byrja ekki að slá þessu alveg föstu með þriðja skólann. Það hagar nú þannig til, að þessir tveir skólar, sem við höfum, hafa ekki verið báðir fullsetnir undanfarið, og það virðist ekki vera sérstaklega mikill áhugi á því að sækja nám í bændaskólum, og það er ábyggilegt, að það, sem ríður mest á, er að hafa þessa skóla þannig útbúna, að þeir séu til fyrirmyndar og menn geti þar eitthvað lært. Það er betra að hafa færri skóla og hafa þá í betra lagi. Ég held, að það hefði því farið betur á því að ákveða að hafa tvo skóla og hafa aðeins heimild til að stofna þriðja skólann, orða þetta dálítið öðruvísi. Sumir halda því meira að segja fram, að það sé nóg að hafa einn bændaskóla. Ég hef átt tal um þetta við Guðmund á Hvanneyri t. d. og átti það síðast í vetur, og mér fannst vera talsvert hik á honum að halda því fram, að þyrfti meira en einn skóla. Það helzta, sem hann fann að því, var, að það yrði óþægilegt að koma fyrir mjög mörgum nemendum við verklegt nám. Vitanlega væri betra að hafa einn skóla, sem væri á allan hátt vel útbúinn og vel skipaður kennurum, heldur en hafa tvo vanrækta, það er ég sannfærður um.

Það er nú svo með þessa bændamenntun, að hún er góð og æskileg. En aðstaðan er nú að verða þannig hjá flestum bændum, að þeir hafa mikla véltækni og drengir, sem alast þar upp, læra þetta frá því fyrsta. Ég er því ekki viss um, að þeir geti lært mjög mikið viðvíkjandi því að nota vélar á bændaskólanum, enda er ekki tími til þess fyrir þá. Þeir eru búnir að læra miklu meira heima hjá sér. Hitt má vel vera, að þeir geti lært eitthvað að gera við vélar, ef þeir hefðu þá góða tilsögn í því.

Þá stendur í 2. gr.: „Rekstri skólabúanna skal haga þannig, að nemendum sé til fyrirmyndar og lærdóms.“ Ég álít, að þetta sé nokkuð mikið sagt, að skylda skólana til að haga þessu þannig, því að það gætu verið vissar ástæður fyrir því, að þetta sé ekki hægt. En það er eftir því, hvernig skólastjórar og kennarar veljast að þessum skólum, hvernig þetta tekst. Það væri betra að orða þetta svolítið öðruvísi og hafa minni fullyrðingu í þessu og segja t. d.: Reynt skal að haga þessu þannig. Það færi betur á því, svo að það þyrfti ekki að þverbrjóta lögin.

Svo kemur 4. gr.: „Við hvern skóla um sig skal vera skólastjóri og eigi færri en 5 fastir kennarar, miðað við fullt skólastarf.“ Þetta er nokkuð mikið sagt, að skylda að hafa 5 kennara. Við skulum segja, að Hólar væru kannske skipaðir 30 nemendum og ómögulegt væri að fá kennara, því að við vitum, að það hefur gengið afleitlega að fá kennara til bændaskólanna. Ég held, að það væri réttara, til þess að ráðh. þyrfti ekki að brjóta lög, að orða þetta þannig, að það væri heimilt að hafa allt að 5 kennurum, ef þörf gerðist, eða eitthvað svoleiðis, því að það er leiðinlegt að hafa lög, sem kannske er ómögulegt annað en þverbrjóta. Raunar liggja engar sektir, — ég sé það ekki í þessu frv., — við því að brjóta það, en það er bara vitleysa að vera að hafa lögin þannig, að það sé kannske óhjákvæmilegt að brjóta þau.

Þeir einir geta orðið kennarar við bændaskólana, sem lokið hafa kandídatsprófi í búfræði, eða þeir, sem hlotið hafa hliðstæða menntun eða meiri. Sé sérstakur kennari ráðinn til kennslu í almennum greinum, skal gera þar sömu menntunarkröfur og til kennara við skóla gagnfræðastigsins. Þessir 5 kennarar eiga sem sagt allir að vera háskólagengnir menn, kandídatar, og það er nú gott og blessað, ef mögulegt er að fá 5 kandídata til að kenna. En það hefur nú gengið fullilla. Það var hér um bil ómögulegt að fá kennara að Hólum í haust t. d.

Svo álít ég, að viðvíkjandi því að gera við

vélar og kenna söng og svoleiðis, þá sé ekki brýn nauðsyn, að það sé búfræðikandídat, því að það getur verið hálærður búfræðikandídat, sem getur ekki rekið upp eitt einasta bofs. Og eins er viðvíkjandi viðgerð á vélum. Hann getur verið dúx frá Kaupmannahafnarháskóla eða hvaða háskóla sem er í heiminum í búfræði og verið sá erkiklaufi, að hann geti ekki gert við nokkra vél, þannig að þetta ætti ekki að vera svona strangt. Það væri t. d. hægt að orða það á annan hátt en þetta, ekki „þeir einir", heldur hafa þetta þannig, að þetta yrði gert í samráði við skólastjórann. Það þurfa að vera búfræðikandídatar til að kenna sum fögin, en ekki öll. Svo álít ég vera fullmikið að skylda algerlega til að hafa 5 fastakennara, sem eiga að vera búfræðikandídatar. Auk þess er gert ráð fyrir tímakennslu. En ég vil hafa þetta meira heimildarlög, vil ekki hafa það svona ákveðið, af því að ég vil ekki, að ráðh. brjóti lög. Ég álít, að það væri hægt að orða þessar greinar skynsamlegar.

Annars er óþarfi fyrir mig að vera að skipta mér af þessu. Ég býst ekki við, að það verði mikið gert með þetta. En ástæðan til þess, að ég fór að tala í þessu máli, var sú, að ég var raunar hálfhissa á því, að minn ágæti flokksbróðir og frsm. gat ekki bent á neinn punkt, ekkert annað en blessað búnaðarþingið. Satt að segja hef ég samúð með ráðh. þar, því að búnaðarþingið var ekkert of gott til að endurskoða frv., úr því að því var sent það. Og þetta er hálfgerð leti að geta ekki bent á eitthvað, sem mátti betur fara, fyrst ég gat gert það og lesið það yfir á tveimur mínútum. En mér finnst þetta engin afsökun.

Mér líkar það vel hjá hæstv. ráðh. að vera húsbóndi á sínu heimili og þola engan slóðaskap, og ef búnaðarþing gat ekki unnið í þessu máli, þá var ástæðulaust að vera að bíða eftir því, að því þóknaðist að gera það. Hann er yfirmaður allra búnaðarmála hér á landi og átti náttúrlega að skipa þeim að gera þetta eða rökstyðja, hvers vegna þeir vildu ekki gera þetta eða hvað þeim fyndist að. En það er ekki rétt að láta þetta bitna algerlega á frsm. okkar ágæta flokks, því að hann vitnaði bara í búnaðarþingið, og þá átti fyrst og fremst að skamma búnaðarþingið. Svo er nú alltaf þessi skemmtilegi tónn, þegar þeir tala, — ég kemst þá alltaf í gott skap, — þm. þeirra Sunnl. Hann er svo frumlegur og vingjarnlegur og svo er húmor í þessu öllu. En það var bæði í þetta skipti og oftar, sem mér finnst hæstv. landbrh. vera bæði langorður og fullharðorður í garð minna ágætu flokksbræðra, þó að ég hafi ekki undan því að kvarta.

Fleira hef ég svo ekki að segja um þetta í bili.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 285, er komið frá hv. Ed., hefur verið til athugunar í landbn. þessarar hv. d. og liggur nú fyrir til 2. umr.

Ég sé það í grg. frv., að það hefur verið undirbúið af ýmsum mætum mönnum. Það stendur þar, að skipuð hafi verið nefnd með bréfi, dags. 25. marz 1960, af landbrh. hæstv. Ingólfi Jónssyni, sem að sjálfsögðu er rétt, því að hann var landbrh. hér árið 1960, til þess að endurskoða gildandi lög um bændaskóla, nr. 24 1948, og gera till. um endurbætur. Í þessari n. voru þeir Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri, sem var formaður n., Aðalsteinn Eiríksson skólaeftirlitsmaður, Kristján Karlsson skólastjóri á Hólum og Gunnar Vagnsson fulltrúi. Hann mun vera fulltrúi í samgmrn. (**Gripið fram í:** Einn er ótalinn.) Einn er ótalinn, já, ég bið afsökunar, mér hefur sézt yfir hann. Það er Ásgeir Pétursson deildarstjóri í stjórnarráðinu. Hann mun vera sýslumaður í Borgarnesi. Síðan var með nýju bréfi 1961, hinn 4. marz, Gunnar Bjarnason kennari, sem tók við skólastjórn á Hólum 1. júní, skipaður í n. í stað Kristjáns Karlssonar, sem hætti störfum þar. (**Gripið fram í:** Hann hætti aldrei störfum. Kristján sat í n. alltaf.) Nú, jæja. Það var gott. Það er gott, að það var upplýst, því að það stendur ekki í grg., og það er þá þannig, að Gunnari hefur verið bætt við. En hans naut ekki lengi við, því að hann var skipaður 1. júní 1961 og sat í n. til jafnlengdar árið eftir. Þá lét hann af skólastjórastarfi 1. júní 1962. En þess er ekki getið, að annar hafi þá verið skipaður í hans stað.

Nú hefur þessi n. unnið að undirbúningi frv. þess, sem fyrir liggur, og geri ég ráð fyrir, að það hafi verið lagt fyrir þingið í svipuðu formi eða kannske alveg samhljóða og n. gekk frá því. Og ég tek undir það með hv. 4. þm. Sunnl., að jafnvel þó að ég hefði ekki lesið frv., mundi ég gera ráð fyrir því, að þessir mætu menn, a. m. k. sumir þeirra, hefðu haft skilyrði til þess að gera till. til úrbóta á l. um bændaskóla, sérstaklega þeir, sem sjálfir hafa verið skólastjórar eða veitt forstöðu þessum skólum. Nú geri ég einnig ráð fyrir því eftir að hafa lesið frv., þó að ég sé ekki neinn sérfræðingur í þessum málum, að í því muni felast atriði, sem séu til bóta frá því, sem nú er í lögum.

Nú hefur verið gefið út nál. í hv. landbn. hér í þessari d. á þskj. 517, sem meiri hl. n. stendur að, 4 nm. Minni hl. hefur ekki gefið út sérstakt nál., hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, en hins vegar hefur hann lagt fram till. til rökstuddrar dagskrár. Þetta álít meiri hl. landbn. á þskj. 517 er mjög stutt. Í því stendur aðeins, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur rætt frv. og kynnt sér efni þess N. er ekki sammála um afgreiðslu frv. 4 nm. mæla með samþykkt þess, en minni hl. leggur til, að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá."

Á þessu nál. er ekki mikið að græða, annað en það er upplýst um afstöðu nm. og að n. hafi rætt frv. og þá um leið kynnt sér efni þess. En í umr., sem fram hafa farið í deildinni, hefur það komið fram, að frv. hafi verið sent til umsagnar. Það kom fram a. m. k., að það hafi verið sent til umsagnar búnaðarþingi, og

má vera, að það hafi verið sent fleiri aðilum til umsagnar, þó að það hafi ekki komið fram í umræðunum.

Nú hefur það tíðkazt, þegar mál hafa verið send til umsagnar, að umsagnir aðilanna, sem hafa fengið málið til umsagnar, hafi verið prentaðar með nál., þannig að þm. hafa átt þess kost að kynnast sjálfir þessum umsögnum. Ég sakna þess mjög, að þessi umsögn búnaðarþings skuli ekki hafa verið prentuð með áliti annars hvors nefndarhl. og þá aðrar umsagnir, ef þær kunna að hafa verið fengnar, meðan n. hafði málið til meðferðar. Það er alltaf mjög upplýsandi að geta kynnt sér þessar umsagnir hinna sérfróðu aðila.

Mér skilst á því, sem fram hefur komið í umr., að búnaðarþing muni ekki hafa mælt með samþykkt frv. En hins vegar hefði ég mjög gjarnan viljað kynnast þessari umsögn, hvað það er, sem búnaðarþing hefur lagt til. Og ég vildi beina því til hv. frsm og þá sérstaklega hv. frsm. meiri hl., sem hefur gefið út nál., hvort hann hafi ekki í sínum fórum þessa umsögn búnaðarþingsins og geti lesið hana upp hér í d., þannig að við dm. getum kynnzt því öðruvísi en af lauslegri sögusögn þeirra, sem hafa tekið þátt í umr., hver afstaða búnaðarþingsins var. Það getur náttúrlega verið, að þetta sé svo ýtarlegt plagg, að það sé ekki hægt að lesa það upp. En sé vel viðráðanlegt að lesa það upp, þá vildi ég mælast til þess við frsm., að álit búnaðarþingsins yrði lesið upp hér í umr., áður en þeim yrði lokið, og það er vegna þess, að við hér á Alþ. hljótum alltaf í máli eins og þessu að fara mjög eftir því, sem okkur er ráðlegt af sérfróðum mönnum.

Við alþm. erum ekki kosnir á þing sem sérfræðingar. Það er ekki neitt skilyrði til kjörgengis, að frambjóðandi sé sérfróður í einu eða neinu. Menn eru af ýmsum stéttum og með ýmiss konar menntun hér í þinginu, og þarf ekki nein þeirra að vera sérfræði. Aðferðin er því sú, að þegar fyrir þingið eru lögð mál, sem eru sérfræðilegs efnis, þá leita alþm. eða n. þeirra til sérfræðinga, og það er ekkert óeðlilegt við það, þó að menn oft og tíðum taki afstöðu samkvæmt því eða byggi á því, sem sérfróðir aðilar ráðleggja. Búnaðarþing hefur verið starfandi um áratugi sem ráðgefandi samkoma fyrir Alþ. í málefnum landbúnaðarins. Það er einn aðalþátturinn í starfi þess að vera slík ráðgefandi samkoma fyrir Alþ., og það er rétt, sem hér var tekið fram áðan, að það er mjög algengt, að Alþ. taki til greina till. búnaðarþings og jafnvel fari alveg eftir þeim, og stundum er búnaðarþinginu falið að undirbúa mál eða það tekur upp hjá sjálfu sér að undirbúa mál, sem síðan fara um hendur landbrn. inn á Alþ. og eru afgreidd þar sem l. eftir till. þess. Þess vegna er það einmitt mjög mikilsvert atriði, að það sé nákvæmlega upplýst hér, hvað búnaðarþingið hefur lagt til, og að álit þess komi fram og verði lesið upp, úr því að það er ekki prentað hér með nál.

Auðvitað er það, að jafnvel þótt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, kunni að felast einhver atriði til breytinga, sem telja má til bóta, — jafnvel þótt svo sé, og ég dreg ekki í efa, að þar sé um einhver slík atriði að ræða, — þá er það svo, að ef búnaðarþing af einhverjum ástæðum telur málið enn ekki komið á afgreiðslustig og að meira þurfi að því að vinna, þá á það ekki að vera á neinn hátt ámælisverð afstaða hjá alþm., þó að þeir vilji bíða átekta og gefa þessari ráðgefandi samkomu bændastéttarinnar — ráðgefandi fyrir Alþ. — tækifæri til þess að fjalla um málið.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð og blanda mér ekkert í þau orðaskipti, sem hafa orðið hér milli manna. Ekki ætla ég heldur að ræða sjálft efni frv., enda liggur málið nú þannig fyrir, að hér virðist fyrst vera um það að ræða, hvort eigi að afgr. það eða ekki, og það verður að afgerast fyrst.

Ég vil samt benda á það, að mér þótti gæta misskilnings hjá hæstv. ráðherra, þegar hann átaldi hv. frsm. minni hl. fyrir það, að hann bæri ekki fram brtt. við frv. við þessa umr. Hæstv. ráðh. hlýtur að gera sér það ljóst eins og aðrir þm., að sá, sem ber fram till. um, að máli sé frestað eða vísað frá, fer ekki að bera fram brtt. við það sama mál samtímis.

Ég vil svo ljúka þessu máli mínu með því að endurtaka þá ósk mína, að lesin verði hér af hv. frsm. umsögn búnaðarþings um þetta mál, úr því að það hefur verið upplýst, að því hefur verið sent málið til umsagnar, og þá einnig kynntar aðrar umsagnir annarra aðila, ef þær liggja fyrir.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt að verða við tilmælum hv. 3. þm. Norðurl. e. um það að lesa hér upp umsögn búnaðarþings um þetta frv. um bændaskóla, sem hér er verið að ræða. Það er vitaskuld ekkert leyndarplagg. En í raun og veru þyrfti ekki að lesa upp þessa umsögn búnaðarþingsins, því að segja má, að sú till. til rökstuddrar dagskrár, sem liggur fyrir hér og lá einnig fyrir alveg samhljóða í hv. Ed., sé í raun og veru alveg samhljóða því, sem búnaðarþingið segir um frv. En umsögn búnaðarþingsins er á þessa leið:

„Með því að búnaðarþing lítur svo á, að frv. til laga um bændaskóla, sem nú liggur fyrir Alþ. og sent hefur verið búnaðarþingi til umsagnar, sé á ýmsan veg næsta ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að l. verður, að efla veg bændaskólanna og búnaðarfræðslu í landinu, svo sem nauðsyn ber til, en hins vegar sýnt, að búnaðarþingi vinnst ekki tími til að gera rökstuddar till. til breytinga á frv., telur þingið æskilegt, að frv. verði endurskoðað af n. manna, er skipuð sé m. a. einum manni eða fleirum úr bændastétt, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er umsögn búnaðarþings, og er hún, eins og ég sagði, nær alveg samhljóða þeirri rökstuddu dagskrá, sem hv. minni hl. hefur lagt hér fram.

Það er hér fundið að því, að frv. sé ófull-

komið og í undirbúningsnefndinni hafi ekki verið bændur. Líka er bent á það, að búnaðarþing hafi ekki haft tíma til að gera rökstuddar till. til breytinga á frv. En ég hygg nú samt, að það hefði vel getað verið, hefði búnaðarþing haft á því ríkan áhuga að gera það, úr því að málið var til þess sent.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í upphafi, að ég get alls ekki fallizt á þann rökstuðning, að það sé nokkur ástæða til að vísa þessu máli frá þinginu, að ekki hafi bóndi átt sæti í n. Eins og ég sagði, var það auðvitað álit mitt, að það hefði ekki verið til neins tjóns, síður en svo, að bændur hefðu átt þar sæti. En úr því að báðir skólastjórar búnaðarskólanna undirbjuggu málið, menn, sem þekkja svo vel sjónarmið bænda sem nokkrir menn gera í þessu landi, þá er þetta tylliástæða ein og ekkert annað, að halda því fram, að það hafi ekki verið tekið tillit til sjónarmiðs bænda við undirbúning þessa máls.

Það kom mér í raun og veru ekkert á óvart afstaða hv. samþingismanns míns, 5. þm. Norðurl. v., í þessu máli. Hún er líkust afstöðu hans til flestra mála í þinginu, í algerri andstöðu við skoðanir flokksbræðra hans. Hann hafði það eitt út á frv. að setja, að það gengi allt of langt. Það var hans afstaða í málinu. Ég fékk ekki skilið annað.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir að hafa lesið hér álit búnaðarþingsins á þessu frv. og þá niðurstöðu, sem búnaðarþingið hefur komizt að. Hins vegar verð ég að segja það, að mér fannst það ekki fyllilega viðurkvæmilegt af honum að viðhafa þau orð um þessa virðulegu fulltrúasamkomu bændanna, að hún beri fram tylliástæður fyrir ályktunum sínum, því að það vona ég, að hún geri ekki, og veit raunar, að ekki kemur til greina.

En þegar ég hef heyrt þessa álitsgerð búnaðarþingsins og afstöðu, þá er mér ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til þessa máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 527 felld með 18:7 atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 594).

---

59. Siglingalög.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 [91. mál] (þmfrv., A. 111).

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta var flutt á Alþingi af sjútvn. Nd. skv. beiðni samgmrn. 1958 og 1960, en var í hvorugt skiptið útrætt. Á síðasta þingi var það flutt sem stjórnarfrv., en hlaut ekki afgreiðslu að heldur. Nú er það flutt enn á ný af sjútvn. að beiðni ráðuneytisins, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt. og hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Tel ég rétt að taka það strax fram, að n. mun taka málið fyrir milli umr. og m. a. athuga ábendingar um breyt., sem fram hafa komið við meðferð málsins áður, og væri þá gott, að við þessa umr. kæmu fram athugasemdir og brtt. hv. þdm., ef einhverjar eru, til þess að nefndin geti einnig tekið þær til athugunar.

Ég skal nú rifja upp nokkur atriði varðandi tildrögin að endurskoðun siglingalaganna og ræða lauslega um efni frv., þó að málið eigi að vera orðið hv. þdm. allvel kunnugt eftir að hafa legið hér fyrir þing eftir þing.

Siglingalög þau, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1914, og hefur þeim nokkuð verið breytt með lögum nr. 69 1919, lögum nr. 40 1930 og með lögum nr. 30 1936, en veigamesta breyt., sem á þeim hefur orðið, er sú, að kaflinn um skipshöfn var tekinn til endurskoðunar og gerður að sérstökum lögum, þ. e. sjómannalögum, nr. 41 frá 1930. Að öðru leyti eru siglingalögin frá 1914 óbreytt, en þau voru upphaflega að mestu samhljóða sams konar löggjöf á hinum Norðurlöndunum, sem samræmdu lög sín um þetta efni þegar á síðari hluta 19. aldar. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa síðan sameiginlega endurskoðað siglingalög sín og breytt þeim til samræmis við alþjóðlegar samþykktir, en siglingar eru í eðli sínu svo alþjóðleg starfsemi, að það er til mikils hagræðis fyrir þau lönd, sem samskipti hafa á því sviði, að réttarreglur séu sem víðast þær sömu, einkum að því er kaupför varðar.

Nefnd sú, sem falið var að endurskoða hin íslenzku siglingalög, var upphaflega skipuð 1948 af þáverandi samgmrh., Emil Jónssyni, og var formaður nefndarinnar Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari. Nefndin frestaði störfum um skeið, vegna þess að verið var að endurskoða siglingalöggjöf hinna Norðurlandanna, en þegar sú endurskoðun lá fyrir, var gengið frá frv. til fullnustu.

Hinu yfirgripsmikla efni siglingalaganna verður skv. frv. skipt niður í 11 kafla, sem hér segir: I. kafli um gildissvið laganna o. fl. II. kafli um réttindi yfir skipum. III. kafli um

útgerð skipa. IV. kafli um skipstjóra. V. kafli um flutningasamninga. VI. um sjótjón. VII. um tjón af árekstri. VIII. kafli um björgun. IX. kafli um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna. X. kafli um sjóveðrétt og fyrningu á sjókröfum. Og XI. um refsingar og önnur viðurlög.

Hver kafli fyrir sig er mikið mál, en skýringarnar í grg. frv. eru ýtarlegar, og mun ég því aðeins drepa á fáein atriði til þess að sýna fram á, að endurskoðun siglingalaganna er tímabær og nauðsynleg. Vil ég þá fyrst nefna, að sum ákvæði laganna frá 1914 eru komin svo langt frá veruleikanum, að dómstólar hafa neyðzt til þess að dæma þau ógild. VII. kafli laganna frá 1914 fjallaði um sjólán eða bodmeri, þ. e. a. s. skipstjóranum var gefið víðtækt vald til þess að taka lán og veðsetja skip og farm, ef á þurfti að halda, til þess að tryggja áframhald ferðarinnar. Þetta gat stundum reynzt nauðsynlegt, ef skip voru fjarri heimahöfn, og eitthvað það kom fyrir, sem ráða þurfti fram úr, áður en hægt væri að hafa samband við skipseigandann. Nú á dögum getur skipstjóri alltaf haft samband við útgerðina með símtölum eða skeytum, svo að segja hvaðan sem er af hnettinum, og eru þessi ákvæði þess vegna úrelt orðin. VII. kafli núgildandi laga í heild er því felldur niður í frv.

Ákvæði um rétt skipstjóra og skipverja til að reka eigin verzlun á farskipum eru afnumin og skipverjum gert óheimilt að hafa með sér söluvarning á skipi fyrir sjálfa sig eða aðra án leyfis útgerðarmanns.

Ákvæði um skyldu skipstjóra til að gefa sjóferðaskýrslu eru sumpart rýmkuð og sumpart aukin. Bætt er við, að skipstjóra sé skylt að gefa sjóferðarskýrslu, þegar slys verða á mönnum, sem vinna í þágu skips eða skipi fylgja, hvort sem slysið verður innanlands eða utanlands. Einnig skal gefa sjóferðarskýrslu, ef skip valda tjóni á hafnarmannvirkjum. Þessi ákvæði eru mikilvæg bæði í sambandi við tryggingar og bótaskyldu.

Gildandi ákvæði um heimild skipstjóra til að selja af farmi skips, ef fjár er vant til að halda áfram ferð, eru þrengd í frv., og heimild skipstjóra til að selja skip, eftir að það hefur verið dæmt óbætandi, eru felld niður. Skilyrði þau, sem nú eru fyrir hendi, til þess að skipstjóri geti haft samband við skipseiganda, gera ákvæði sem þessi óþörf lengur, sbr. það, sem sagt var áður um sjólán.

Skv. frv. er víða breytt einstökum orðum, sem lýsa vel þróuninni frá setningu laganna. Má þar fyrst nefna, að lögunum er skipt niður í kapítula, en í frv. er gert ráð fyrir I. kafla o. s. frv. Þar sem áður stóðu orðin „konsúll" eða „danskur konsúll", „konungur" og „konunglegar tilskipanir", koma nú, eftir því sem við á, orðin „ræðismaður", „íslenzkur ræðismaður", „ráðherra" og „reglugerð". Í stað orðanna „gufuskip" og „kolabirgðir" koma orðin „vélskip" og „eldsneytisforði".

Skv. frv. á V. kafli laganna, sem er mjög langur og ýtarlegur, að fjalla um flutningssamninga, en þeir greinast í farmsamninga, um flutning á vörum, og farsamninga, um flutning á farþegum. Þessi ákvæði eru í frv. samrýmd alþjóðasamþykkt, sem sett var í Brüssel árið 1924. Meðal nýmæla í þessum kafla eru ákvæði um tímabundna farmsamninga (time charter), og eru þau ákvæði byggð á venjureglum, sem myndazt hafa um slíka samninga.

Varðandi farþega er það nýmæli í frv., að lögð er sú skylda á farsala að sjá farþegum fyrir flutningi til áætlunarstaða, hvort heldur er með öðru skipi, flugfari eða flutningi á landi, ef skipinu hlekkist svo á á leiðinni, að verulegum töfum valdi. Einnig er það nýmæli, að farsala ber að bæta tjón, sem farþegi bíður við það, að skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða af því, að för skips seinkar verulega. Þetta verður bótaskylt, nema ætla megi, að hvorki farsali né hans menn hafi átt sök á tjóninu.

Sú regla er afnumin samkv. frv., að samningshafi geti riftað farmsamningi hvenær sem er og sloppið með það að greiða hálft farmgjaldið. Í stað þessa gamla ákvæðis er sett um þetta almenn bótaregla, og verður sá farmsamningshafi, sem riftar farmsamningi að ástæðulausu, að greiða fullar skaðabætur.

Engar verulegar breytingar eru gerðar á þeim kafla laganna, sem fjallar um sjótjón. Breytingar á kaflanum um tjón af árekstri eru aðallega í því fólgnar, að úr honum eru felld ákvæði, sem nú eru í öðrum lögum.

Gerðar eru í frv. smávægilegar breytingar á X. kafla siglingalaganna um björgun. Gerir n., sem frv. samdi, ýtarlega grein fyrir afstöðu sinni til þessa atriðis í tilefni af því, að frv. um breytta skiptingu á björgunarlaunum var til hennar vísað á sínum tíma. Niðurstaða n. er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér hefur verið gerð grein fyrir því í aðalatriðum, hvaða sjónarmið hafa verið látin ráða skiptingu björgunarlauna í siglingarlöggjöf þjóða. Við athugun á þeim hefur n. ekki séð ástæðu til að víkja frá núgildandi reglum, sem eru í samræmi við það, sem aðrar þjóðir og okkur skyldar, hafa í sínum lögum, enda hafa þær látið þessi ákvæði haldast óbreytt þrátt fyrir nýlega endurskoðun laganna." Þetta var niðurstaða n. í grg. um 10. gr. frv.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir nýjum kafla í siglingalögunum undir fyrirsögninni „um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna", og segir í grg. n., að þarna sé að finna þýðingarmestu breytingarnar frá gildandi siglingalögum, sem í frv. felast. Reglur um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna hafa meðal annarra þjóða verið settar með hliðsjón af því, að útgerð er áhættusamur atvinnurekstur og útgerðarmaður getur ekki alltaf sjálfur haft hönd í bagga, þegar stofnað er til skuldbindinga, sem á hann kunna að falla, heldur á hann þar mest undir öðrum. Rakið er í grg., hvaða reglur hafa gilt um þetta hjá ýmsum einstökum þjóðum og einnig samkv. alþjóðlegum samþykktum. Till.

n. í frv. er sú, að persónuleg ábyrgð útgerðarmanns á nánar tilteknum kröfum verði eingöngu miðuð við verð skips og farmgjalds — og tvöfalda þá upphæð, þegar um tjón á mönnum er að ræða, og verði farmgjaldið ávallt talið 10% af skipsverðinu. Verði þessi regla um takmörkun ábyrgðar lögleidd, leiðir af því, að útgerðarmenn verða að kaupa sér tryggingar, er dugi fyrir allri áhættunni.

Kaflinn um sjóveðrétt og fyrningu á sjóveðskröfum hefur verið umsaminn í heild til samræmis við önnur ákvæði í frv.

Varðandi kaflann um refsingar og önnur viðurlög er þess að geta, að margar greinar 12. kapítula siglingalaganna um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl. hafa verið felldar úr gildi með sjómannalögunum, nr. 41 19. maí 1930, og öðrum greinum þessa kafla var breytt með sömu lögum. Þessar breytingar hafa nú verið teknar upp í frv. samkv. 13. gr. þess.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég láta þess getið, að skipafélögin, h/f Eimskipafélag Íslands og Skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, hafa mælt með samþykkt þessa frv. og sömuleiðis Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Íslenzk endurtrygging.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og það hljóti afgreiðslu á þessu þingi, þannig að við þurfum ekki lengur að búa við úrelt siglingalög.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 111, 254).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Á þskj. 254 liggur fyrir ein brtt. frá sjútvn. við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 59 30. nóv. 1914. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 12. gr. 2. málsl. 4. mgr. í 2. tölulið (217. gr.) orðist þannig:

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óskylt að láta vátryggingarfé af höndum, fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðina og ákveða upphæð bótanna."

Þessi brtt. er flutt samkv. ábendingu, sem fram kom frá Íslenzkri endurtryggingu um, að þetta ákvæði, eins og það er í frv., væri í ósamræmi við gildandi ákvæði í l. um vátryggingarsamninga, og er þessi till. fram borin til þess að fyrirbyggja það misræmi.

Hv. dm. hafa sjálfsagt athugað frv. um ný siglingalög gaumgæfilega. Það liggur hér nú fyrir í þriðja skipti, og allir þeir aðilar, sem sjútvn. hefur sent frv. til umsagnar og athugunar, hafa eindregið mælt með því, að það yrði samþ. Einnig er vitað, að það er full þörf á, að þessi löggjöf sé færð í nútíma horf. Hins vegar er það svo, að það er býsna mikið verk að fara nákvæmlega yfir frv. og bera það saman við l., vegna þess að frv. er þannig upp sett, að það er allt flutt sem breytingar við einstakar greinar og einstaka liði gildandi laga. En frv. felur í sér ákvæði um það, að ef þær breytingar, sem það fer fram á, ná fram að ganga, þá verði lögin í heild endurprentuð. Verður þessi lagabálkur þá allur mun aðgengilegri en nú er fyrir menn að átta sig á, og ef svo kynni að vera, að sjútvn. og öðrum, sem fjallað hafa um málið, hafi yfirsézt um einhver atriði, sem þyrfti að færa til betri vegar, þá mætti síðar meir sníða þá vankanta af, þegar búið er að endurprenta löggjöfina í heild. En ég vil fyrir mitt leyti, og ég held, að ég mæli þar einnig fyrir hönd sjútvn., leggja á það áherzlu, að það er orðið mjög aðkallandi og tímabært, að þetta frv. nái fram að ganga.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í brtt. á þskj. 254 er til þess ætlazt, ef till. verður samþ., að vátryggingarsala skuli ekki skylt að inna af hendi vátryggingarfé fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á, til þess að sannprófa atburðinn og ákveða upphæð bótanna. Ég vildi gjarnan spyrja hv. frsm., hvað er hugsað, að sá frestur geti orðið langur. Í sjálfri gr. er ekkert tekið til um það, hver á að meta það, hvenær hann hefur ekki lengur kost á að kynna sér þetta atriði. Það getur vel farið svo, að hann geti aldrei kynnt sér þetta atriði. Þegar skip ferst og ekkert spyrst til þess, þá getur vel farið svo, að vátryggingarsali eigi þess aldrei kost að leita þeirra upplýsinga. Ég vildi því biðja af þessu tilefni hv. n. að athuga, hvort ekki sé þörf á að gera þessa brtt. nokkru skýrari, til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Það gæti e. t. v. verið nægilegt, að það kæmi fram hér í framsögu, hvað n. hugsar sér, að þessi frestur gæti verið lengstur.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan, er þessi brtt. flutt til samræmis við ákvæði, sem eru í gildandi lögum um vátryggingarsamninga, og er það gert eftir ábendingu Íslenzkrar endurtryggingar. Ég skal ekki segja um það, hvað þessi frestur geti orðið langur, en ef ágreiningur rís út af því, þá getur það að sjálfsögðu orðið dómstólaatriði að skera þar úr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 254 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 270).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að fylgja þessu frv. með nokkrum orðum úr hlaði hér í þessari hv. d., þó að það sé ekki í þetta sinn flutt sem stjórnarfrv., heldur af sjútvn. hv. Nd.

Þetta frv. er búið að vera alllengi á döfinni og hefur virzt eiga erfitt uppdráttar, eins sjálfsagt og það þó er að mínum dómi. Það var árið 1948 eða fyrir 14 árum, að ég sem þáverandi samgmrh. skipaði n. til þess að endurskoða siglingalögin. Í þessa n. voru skipaðir þeir Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, Gunnar Þorsteinsson hrl., Guðbjartur Ólafsson hafnsögumaður og Sigurjón Á. Ólafsson alþm., en Þórður Eyjólfsson var formaður n. Þessi n. hóf þá þegar störf sín, en komst fljótt að raun um, að þessi mál voru öll í athugun hjá Norðurlöndunum öllum og nefndir að verki til þess að endurskoða þeirra lög um sama efni. Það varð því að ráði, að okkar nefnd beið með sín störf, þar til Norðurlandanefndir hefðu lokið sínum störfum, sem varð þó ekki fyrr en fyrir nokkrum árum. Og það varð til þess, að frv. kom ekki fram fyrr en árið 1958 og þá flutt af sjútvn. Nd. og aftur 1960, en það varð ekki útrætt. Enn var það flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrv., en varð ekki heldur þá útrætt. Nú hefur sjútvn. Nd. enn flutt málið og hefur bæði nú og áður athugað það mjög rækilega. Þetta er þó frv. komið lengst á veg nú, að það er komið í fyrsta skipti í þessa hv. deild.

Farmennska er þannig uppbyggður atvinnuvegur, að hann er að mörgu leyti alþjóðlegur, og þess vegna mjög æskilegt, að þær reglur, sem um hann gilda í hinum ýmsu löndum, séu í eins miklu samræmi og mögulegt er, þannig að sín reglan gildi ekki á hverjum stað. Og við það er einmitt þessi endurskoðun og þetta frv. miðað, að leitast við að samræma íslenzka lagasetningu hinni erlendu og þá sérstaklega Norðurlandalöggjöfinni. Okkar siglingalög eru að stofni til og eiginlega mikið til enn frá 1914, og í núgildandi lögum um þessi efni eru ýmis ákvæði, sem bæði vegna breyttra tima þurfa endurskoðunar við og eins fara nokkuð á svig við hliðstæð ákvæði erlend.

Meginbreytingin, sem í þessu frv. felst, er um réttarstöðu skipshafnarinnar, um flutningasamninga, um ábyrgð útgerðarmanna og um sjóveð. Ákvæði um skipshöfn voru þó tekin út úr siglingalögunum 1930 og hafa verið í sérstökum lögum síðan, en ákvæðin um flutningasamningana, ábyrgð útgerðarmanna og sjóveðin er að finna í 6., 11. og 12. gr. þessa frv.

Endurskoðunin, sem fór fram á síðasta áratug aðallega má segja, á Norðurlöndunum varð bæði til þess að samræma þeirra landa lagasetningu alþjóðareglum, sem um þetta gilda, bæði í alþjóðasamþykktum, sem gerðar hafa verið, og eins til samræmis við aðalreglur annarra landa. Í þessu frv. hér hefur svo verið þrædd nokkuð Norðurlandalöggjöfin, eftir því sem við á, og efnisákvæði þess eru, eins og ég sagði, þessi 3 aðallega: flutningasamningar, ábyrgð útgerðarmanna og sjóveðin. En auk þess eru leiðréttingar á gömlu lögunum, sem eru vegna breyttra tíma, breyttra staðhátta, breyttrar skipagerðar og breyttrar utanríkisþjónustu, því að þegar lögin frá 1914 voru sett, voru utanríkismál okkar Íslendinga í höndum Dana, og ákvæðin um erlenda ræðismenn og viðskipti við þá voru öll miðuð við danskar aðstæður.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja einstök atriði í þessu máli. Þau eru svo ákaflega mörg og ýtarleg í frv. og öll tæknilegs eðlis. T. d. eru breytingarnar við 6. gr., sem eru aðalbreytingarnar, nokkuð á annað hundrað og mjög ýtarlegar, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að vera að rekja þær hér. En ég vil aðeins taka fram, að bæði hefur hv. sjútvn. Nd. athugað öll þessi atriði mjög ýtarlega, fengið um frv. umsagnir sérfróðra manna og þeirra aðila, að ég ætla flestra, sem málið snertir. Og að lokinni þessari athugun hefur málið nú verið afgr. samhljóða frá Nd. og með sáralítilli eða aðeins einni smávægilegri breytingu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil aðeins leyfa mér að mælast til þess, að sú n., sem fær frv. til athugunar, sem væntanlega verður hv. sjútvn., komi því áfram, svo að frv. geti orðið að lögum nú á þessu þingi, því að sannast sagna er ekki alveg vansalaust, að við höfum ekki enn getað komið þessu máli frá og gert þessi ákvæði að lögum, svo sjálfsögð eru þau, bæði til þess að leiðrétta ýmislegt, sem betur þarf að fara, úr fyrri lagasetningu, og eins koma þeim nýmælum á framfæri, sem í frv. eru.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 531).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914, á sömu forsögu og frv. um sjómannalögin. Það er byggt upp af n., sem skipuð var af Emil Jónssyni 1958, en hann var þá siglingamálaráðherra.

Mál þetta var sent til umsagnar ýmsum aðilum, og hafa þeir allir mælt með samþykkt frv. Einn þeirra, Íslenzk endurtrygging, benti þó á eina brtt. varðandi vátryggingafé, um greiðsluskyldu og tímafrest í því sambandi. Við afgreiðslu málsins í Nd. var fallizt á þá breytingu ásamt nokkurri breyt. á 12. gr. frv., sbr. þskj. 270, en sú breyt. tekur til sjóveðréttar í skipi, farmgjaldi og fyrir launakröfum og þóknun samkv. 2. tölul. 216 gr., um bótakröfu fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys o. s. frv., eins og þar segir. Að öðru leyti er frv. óbreytt.

Hér gegnir sama máli varðandi störf hinnar stjórnskipuðu n., sem undirbjó frv., og fram kom um sjómannalögin, að hún beið átekta, þar sem hliðstæð löggjöf var til endurskoðunar á hinum Norðurlöndunum. Í grg. fyrir frv. varðandi undirbúning þess segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Frá því á síðari hluta 19. aldar hafa ýmsar þjóðir haft með sér samstarf um samræmingu siglingalöggjafar. Siglingar eru svo alþjóðleg starfsemi, einkum að því er tekur til kaupskipa, að oft veldur óhagræði, þegar réttarreglur um þær eru mjög mismunandi í þeim löndum, sem mest samskipti hafa sín á milli á því sviði. Nokkru fyrir síðustu aldamót settu Norðurlandaríkin Danmörk, Noregur og Svíþjóð sér siglingalög, sem sameiginleg nefnd frá þessum löndum hafði undirbúið, enda höfðu lögin sams konar ákvæði að geyma í öllum meginatriðum. Íslenzku siglingalögin nr. 56 30. nóv. 1914 eiga rót sína að rekja til þessara norrænu laga og eru að mestu shlj. þeim. Síðan hafa Norðurlandaþjóðirnar þrjár, sem nefndar voru, gert mikilvægar breytingar á siglingalögum sínum og þó aðallega þeim köflum þeirra, sem fjalla um skipshöfn, flutningssamninga, ábyrgð útgerðarmanna og sjóveð. Á árunum 1922 og 1923 tóku Danmörk, Noregur og Svíþjóð kaflann um skipshöfn út úr siglingalögum sínum og settu í stað hans sérstök sjómannalög, sbr. í Svíþjóð sjömanslag 15. júní 1922, í Noregi sjömannslov 16. febr. 1923 og í Danmörku sömandslov 1. maí sama ár. Með sænskum lögum 18. maí 1928, dönskum lögum 27. maí 1929 og norskum lögum 31. maí sama ár var kaflinn um sjóveð umsaminn og bætt við nýjum kafla um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna. Tilefni þessara breytinga voru tvær alþjóðasamþykktir, sem gerðar höfðu verið í Brüssel 25. ágúst 1924 og 10. apríl 1926. Þá var og kafli laganna um flutningssamninga umsaminn í heild með sænskum lögum 5. júní 1936, dönskum lögum 7. maí 1937 og norskum lögum 4. febr. 1938. Höfðu Danmörk, Noregur og Svíþjóð þá gerzt aðilar að alþjóðasamþykkt um farmskírteini, sem gerð var í Brüssel 25. ágúst 1924.

Hér á landi var kaflinn um skipshöfn tekinn til endurskoðunar og gerður að sérstökum l., þ. e. sjómannalögunum, nr. 41 19. maí 1930. Var þá stuðzt við norrænu sjómannalögin. Við samningu þessa frv. hafa norrænu siglingalögin einnig verið lögð til grundvallar í öllum meginatriðum, sérstaklega að því er varðar kaflana um flutningssamninga, takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna og sjóveð. Hefur n. talið nauðsynlegt, að á þessu sviði, sem snertir svo mjög millilandaviðskipti, haldist samræmi í löggjöf Norðurlandaþjóða, enda hafa Norðurlandalögin hlotið mjög vandaðan undirbúning. Að öðru leyti hafa breytingar á núgildandi siglingalögum einkum verið miðaðar við að færa til nútíðarhorfs ákvæði, sem sett voru með annað fyrirkomulag fyrir augum en nú tíðkast, og þá jafnframt felld niður ákvæði, sem telja má úrelt eða óþörf."

Hér gegnir sama máli varðandi störf hinnar stjórnskipuðu nefndar, sem undirbjó frv. og ég áður hef um getið. Og eins og fyrr segir, hefur mál þetta verið alllengi í meðförum þingsins, og er því þm. að sjálfsögðu kunnugt um efni þess. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. Siglingar eru alþjóðleg starfsemi, og er því að allra dómi ákjósanlegt, að löggjöf þjóða, sem siglingar stunda, sé í sem allra mestu samræmi. Með þessu frv. er að því horfið að samræma íslenzk lög sams konar löggjöf annarra þjóða og þá fyrst og fremst okkar nágrannaþjóða. Að öðru leyti vil ég vísa til grg. fyrir frv. og þeirra skýringa, sem þar er að finna.

Ég vil að svo mæltu fyrir hönd sjútvn. leyfa mér að mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

---

60. Sjómannalög.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930 [90. mál] (þmfrv., A. 110).

Á 17. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyt. á sjómannalögunum var samið að beiðni hæstv. sjútvmrh. af sömu nefnd og samdi frv. um breyt. á siglingalögunum. Það frv. er einnig á dagskrá þessa fundar. Er eðlilegt, að þetta tvennt fylgist að, því að upphaflega voru sjómannalögin sérstakur kafli í siglingalögunum, þ. e. a. s. kaflinn um skipshöfn, en með l. nr. 41 19. maí 1930 var þessi kafli endurskoðaður og gerður að sérstökum lögum, sem nefnast sjómannalög. Við þessa breytingu var fylgt fordæmi hinna Norðurlandaþjóðanna. Sjómannalögunum frá 1930 hefur síðan verið breytt með lögum nr. 36 frá 1941. Lutu þær breytingar, sem þá voru gerðar, aðallega að réttarstöðu loftskeytamanna, og eru breyt. frá 1941 felldar inn í þetta frv.

Sjútvn. flytur frv. á ný að beiðni samgmrn., og áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég leyfi mér að vísa til grg. með frv. varðandi þau sjónarmið, sem fylgt hefur verið við samningu þess, en þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að ljóst er, að breytingar þær, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á sjómannalögum sínum, horfa yfirleitt til bóta og eru í betra samræmi við siglingastarfsemi nútíðarinnar en hinar eldri reglur, þá hafa gildandi sjómannalög þeirra verið höfð til fyrirmyndar við samningu frv. þessa. Það er og mikilsvert að rjúfa ekki samræmi það, sem um langt skeið hefur verið milli siglingalöggjafar Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða. Í nokkrum atriðum hefur þó verið vikið frá ákvæðum hinna norrænu sjómannalaga, þar sem annað þótti betur fara vegna íslenzkra atvinnuhátta eða annarra ástæðna.

Með frv. þessu eru ekki gerðar neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna. Hér er frekar um að ræða lagfæringar, ýmist til að nema burt úrelt ákvæði og setja önnur viðeigandi í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar."

Óþarft er að bæta miklu við þessa grg. nefndar þeirrar, sem frv. samdi. Sjómannalögin eru talsvert yngri en siglingalögin og þess vegna minni þörf breytinga á þeim. Nýmæli eru það í 4. gr. frv., að skipstjóri skuli ráðfæra sig við bryta og stýrimann, þegar undirmenn þeirra eru ráðnir, hliðstætt þeim ákvæðum, sem nú gilda um það, að skipstjóri skuli ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu annarra vélgæzlumanna.

Tekin eru upp í 5. gr. ákvæði núgildandi barnaverndarlaga um það, að því er pilta snertir, að bannað sé að hafa við vinnu á skipi yngri börn en 15 ára, en gagnvart stúlkum er aldursmarkið hækkað í 18 ár. Er þar farið eftir dönskum og sænskum sjómannalögum, en norsku lögin banna að ráða yngri stúlkur en 20 ára til vinnu á skipi. Nýmæli eru það einnig í sömu gr., að skipverjar skuli ganga undir læknisskoðun, áður en þeir hefja starf sitt á skipi, og verður að telja þetta sjálfsagða heilbrigðisráðstöfun.

Tillögur frv. í 7. gr. um lengingu á uppsagnarfresti skipverja eru til mikilla bóta, en þar er lagt til, að uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna lengist úr einum mánuði í 3 mánuði, sé eigi annað ákveðið um ráðningartímann. Á öðrum skiprúmssamningum skal uppsagnarfrestur skv. frv. vera 1 mánuður, nema á íslenzkum fiskiskipum 7 dagar. Gilda nú í þessum tilfellum 7 dagar um aðra skipverja, nema á íslenzkum fiskiskipum aðeins einn dagur. Það síðastnefnda hefur einkum reynzt bagalegt, þegar fyrir hefur komið, að skipverjar á fiskibátum hafa notað sér þennan stutta uppsagnarfrest á miðri vertíð og valdið með því tjóni, bæði útgerð og skipsfélögum sínum, þegar ekki hefur tekizt að ráða menn í þeirra stað samstundis, en oft hefur það orðið torvelt vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir vinnuafli hin síðari ár. Að mínum dómi kæmi til álita, að þessi frestur til uppsagnar á ráðningarsamningum á fiskiskipum yrði einnig einn mánuður. Það er ekki ósanngjarnt með tilliti til þess, að nú hafa allir skipverjar kauptryggingu, sem jafngildir sæmilegu kaupi hjá fastráðnu fólki. Tillöguna um 7 daga tel ég þó spor í rétta átt.

Í 10. gr. frv. eru ákvæði, sem miða að því að kveða skýrar á um réttindi skipverja til launa í veikindum. Er sá tími, sem þeir njóta slíkra réttinda, yfirleitt lengdur, en getur þó aldrei orðið fleiri dagar en skipverji hefur gegnt störfum á skipi.

Ég tel svo ekki ástæðu til að rekja frekar efni frv., en legg til, hæstv. forseti, að því verði vísað til 2. umr. og að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (110, 300).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni samgmrn. af sjútvn., eins og fram var tekið við 1. umr., og hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Síðan málið var fyrst tekið fyrir, hefur n. yfirfarið frv. vandlega og orðið sammála um þær brtt., sem hv. þdm. hafa fyrir framan sig á þskj. 300, en einstakir nm. hafa þó sem fyrr óbundnar hendur gagnvart frekari brtt.

N. hefur áður við meðferð þessa sama frv. fengið umsagnir um það frá ýmsum aðilum. Hafa bæði Alþýðusamband Íslands og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tjáð sig meðmælt frv., skólastjóri stýrimannaskólans hefur ekki séð ástæðu til þess að gera við það aths., eftir að hafa borið það undir kennara skólans í sjó-

rétti. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur í umsögn sinni gert nokkrar aths. við frv., sem n. hefur þó að athuguðu máli ekki séð ástæðu til að taka til greina. Þá er þess að geta, að þegar frv. lá fyrir Alþingi 1961, barst þinginu áskorun frá verkamannafélaginu Þrótti í Siglufirði um að fella frv., þar sem í því fælist skerðing á réttindum verkamanna og sjómanna. Sjútvn. er sammála um, að þessi skoðun sé á algerum misskilningi byggð, því að frv. gengur tvímælalaust í gagnstæða átt. Það tryggir sjómönnum aukinn rétt, t. d. þegar veikindi eða slys ber að höndum.

Ég skal nú víkja nokkru nánar að einstökum gr. frv. og styðst þá við grg., sem ráðuneytisstjóri samgmrn., Brynjólfur Ingólfsson, hefur gert um þetta efni, og mun ég jafnframt gera grein fyrir brtt. n. við frv.

1. gr. frv. á við 2. gr. l. nr. 41 1930. Um ráðningarsamning skipstjóra eru nú í gildi þau ákvæði, að báðir aðilar geta sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara, og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur til fermingar eða affermingar. Skipstjóri getur þó eftir 18 mánaða starfstíma sagt upp samningi sínum með þriggja mánaða fyrirvara til ráðningarslita í erlendri höfn, þar sem skipið kemur til fermingar eða affermingar. Í frv. er lagt til, að í báðum framangreindum tilfellum komi það nýmæli, að ráðningarslit geti ekki einungis farið fram þar, sem skipið kemur til fermingar eða affermingar, heldur einnig þar, sem skipið hættir siglingu. Mundi þetta geta skipt máli í vissum tilfellum, t. d. þegar skip kemur í höfn að lokinni ferð og ekkert er ákveðið um, hvenær það hefur ferð að nýju, e. t. v. ekki fyrr en eftir nokkurn tíma.

2. gr. frv. svarar til 2. mgr. 4. gr. í l. nr. 41 1930. Samkv. 4. gr. gildandi sjómannalaga á skipstjóri rétt til þriggja mánaða launa, ef honum er vikið úr starfi sakir veikinda eða meiðsla, sem gera hann óhæfan til starfsins. Þetta gildir þó ekki, ef skipstjórinn á sjálfur sök á eða hefur leynt veikindum sínum eða meiðslum, er hann réðst á skipið. Breyting sú, sem frv. felur í sér, hnígur að því að rýmka nokkuð síðari mgr. 4. gr., og er þar gert ráð fyrir, að skipstjóri missi því aðeins laun þá þrjá mánuði, sem um getur í 1. mgr., að hann hafi leynt veikindum sínum eða meiðslum með sviksamlegum hætti eða valdið sjúkdómi þeim eða meiðslum, sem eru orsök ráðningarslita, af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í grg. með frv. segir m. a.:

„Hin ströngu ákvæði núgildandi 2. mgr. 4. gr. geta reynzt ósanngjörn, sérstaklega ef meiðsli ber að höndum við skyldustörf. Sama er um það, ef skipstjóri hefur ekki skýrt frá sjúkdómi eða meiðslum, er hann réðst á skipið, ef slíkt yrði ekki talið sviksamlegt atferli af hans hálfu. Grunur einn mundi því yfirleitt ekki nægja til að svipta skipstjóra launum, og ekki heldur vitund um sjúkdóm eða meiðsli, sem skipstjóri hefur ástæðu til að álíta svo smávægileg, að þau mundu ekki hindra hann í starfi, þó að annað kunni að reynast síðar."

Þá kem ég að 3. gr. frv., sem svarar til 7. gr. laganna. 3. gr. frv. er efnislega að mestu shlj. 7. gr. gildandi laga, en greinin orðuð um og bætt við einu atriði, því, að skipstjóri sé skyldur að ganga undir læknisskoðun, áður en hann byrjar störf á skipi. Þetta skilyrði er einnig lagt til að sett verði um skipverja almennt, sbr. 5. gr. frv., og er því ekki breytt frá þeirri stefnu 7. gr. l. nr. 41/1930, að sama gildi um skipstjóra og skipverja almennt, að því er að þeim málum lýtur, sem gr. fjallar um.

4. gr. frv. á við 9. gr. l. Samkv. 9. gr. gildandi laga ber skipstjóra að ráðgast við 1. vélstjóra um ráðningu starfsmanna við vélgæzlu og við 1. stýrimann um ráðningu háseta. Hér er einnig lagt til, að skipstjóri skuli ráðfæra sig við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans. Þá er í frv. lagt til, að felld verði niður eftirfarandi klausa úr núgildandi 9. gr. l.:

„Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að er ráðinn annars staðar."

Mér virðist skýringin á niðurfellingu þessarar mgr. vera sú, að sá aðili, sem ræður sig á tveim stöðum, hljóti sjálfur að bera ábyrgð á því athæfi. Um fyrra atriðið varðandi brytann er þess getið, að það sé í samræmi við ákvæði annarra norrænna sjómannalaga.

5. gr. frv. á við 10. gr. l. nr. 41/1930. Samkv. 10. gr. núgildandi laga má ekki ráða börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi, ekki kyndara eða kolamokara yngri en 18 ára eða hjálpardrengi við vélgæzlu yngri en 16 ára. Hér er, með skírskotun til laga um barnavernd, nr. 39/1947, lagt til, að fyrst nefnda markið verði hækkað í 15 ár, að því er til pilta tekur, en verði 18 ár fyrir stúlkur, þannig að óheimilt sé að ráða til starfa á skipi yngri drengi en 15 ára og yngri stúlkur en 18 ára. Þess er getið í grg., að aldursmark þetta, 18 ár varðandi konur, sé sama og í sænskum lögum, en í norsku sjómannalögunum sé aldursmark þetta 20 ár. Lagt er til, að aldursmarkið varðandi kyndara og kolamokara sé óbreytt, en um hjálpardrengi í vél verði það hækkað um eitt ár og verði 17 ár. Ekki er í grg. n., sem frv. samdi, gefin önnur skýring á því, hvers vegna aldurstakmarkið er lægra um kyndara og kolamokara en aðstoðardrengi í vél, en sú, að ákvæðið um aðstoðardrengina sé í samræmi við tilsvarandi ákvæði í dönsku sjómannalögunum. Þá er hér loks nýmæli, sem áður var vikið að í sambandi við 3. tölul. 3. gr. frv., að enginn skipverji megi hefja starf á skipi, nema hann hafi áður gengið undir læknisskoðun. Um þetta segir í grg.: „Eins og sambúð skipverja er háttað, verður að telja þetta nauðsynlega heilbrigðisráðstöfun. Í lögum eru nú engin almenn ákvæði um slíka skyldu, en sérákvæði, sem að þessu lúta, eru í 8. og 15. gr. berklavarnarlaga, nr. 66 frá 1939."

Við 5. gr. frv. er 1. brtt. sjútvn. N. leggur til, á eftir 1. málsl. komi orðin: „nema um skólaskip sé að ræða." Það vill segja, að n. telur, að það megi ráða yngri drengi en tiltekið er í gr. á skólaskip, og gengur þá út frá

því að sjálfsögðu, að að öðru leyti sé lögleg áhöfn á slíkum skipum. En n. taldi nauðsynlegt að taka þetta fram, vegna þess að útgerð skólaskipa er nú tekin nokkuð að tíðkast.

Þá vík ég að 6. gr. frv., sem svarar til 12. gr. l. Þessi brtt. er sama eðlis og 1. gr. frv. um ráðningarslit skipstjóra. Samkv. þessari breytingu getur skipverji sagt upp skiprúmi, ekki aðeins í höfn, þar sem skip fermir eða affermir, heldur einnig þegar skip hættir siglingum.

7. gr. frv. svarar til 13. gr. l. Fyrri mgr. frvgr. er efnislega shlj. 13. gr. l. nr. 41/1930, nema bætt er við þriðja tilvikinu, þegar heimilt er að fara úr skiprúmi, þ. e. a. s. þegar skipið hættir siglingu. Vísast um þetta atriði til skýringa hér að framan við 1. og 6. gr. frv. Samkv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir mikilli lengingu á uppsagnarfrestum á skiprúmssamningum. Nú er uppsagnarfrestur einn mánuður hjá stýrimönnum, vélstjórum og loftskeytamönnum — ekki hjá brytum, eins og ranglega er sagt í grg. með frv. Hjá öðrum skipverjum er uppsagnarfrestur 7 dagar, nema á íslenzkum fiskiskipum einn dagur. Í frv. er lagt til, að fresturinn verði hjá stýrimönnum, vélstjórum, loftskeytamönnum og brytum 3 mánuðir, hjá öðrum skipverjum einn mánuður, nema á íslenzkum fiskiskipum 7 dagar. Hér er um mikla lengingu að ræða á frestinum, og hefur nefnd sú, sem frv. samdi, skýrt breyt. þannig, að samkv. gildandi lögum sé um óvenjulega stutta uppsagnarfresti sjómanna að ræða, „því að almennt má telja, að föstum starfssamningum verði aðeins sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara hið skemmsta. Þessir stuttu uppsagnarfrestir sjómannalaganna munu hafa verið settir með það fyrir augum, að útgerð skipa er að ýmsu leyti ótryggari en venjulegt er um annan atvinnurekstur. Búast má við, að oft verði með litlum eða engum fyrirvara að taka skip úr notkun, t. d. vegna viðgerðar, af því að ekki sé völ á nýjum flutningasamningum, fiskveiðar bregðist o. s. frv. Væri þá óheppilegt, ef útgerðarmaður væri bundinn við langa uppsagnarfresti. Einnig getur verið óhagkvæmt fyrir skipverja, sem ekki fellur dvöl á skipi, að vera bundinn þar um langan tíma. En þó að tillit sé tekið til þessara sjónarmiða, verður samt að telja, að uppsagnarfrestir l. séu óhæfilega stuttir. Er því lagt til, að frestir þessir verði lengdir svo sem í þessari gr. frv. segir.“

Ekki verður því neitað, að hér er um að ræða talsvert róttæka breytingu. En þó eru frestir þeir, sem gert er ráð fyrir í frv., að því er til óbreyttra skipverja tekur, ekki lengri en lögfest er um verkamenn og iðnaðarmenn, faglærða og ófaglærða, sem unnið hafa á vikukaupi í eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, sbr. lög nr. 16/1958, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

9. gr. frv. svarar til 16. gr. l. frá 1930. 16. gr. núgildandi laga fjallar um það, hve lengi skipverja er skylt að vinna störf sín, eftir að hann hefur rétt til að fara úr skiprúmi, ef þess er krafizt, en það er í tvo daga, eftir að skip kemur til hafnar, nema 4 daga, ef um seglskip er að ræða. N. leggur til, að þetta sérákvæði um seglskip verði fellt niður, og byggir það á því, að það ákvæði sé úrelt nú orðið.

10. gr. frv. svarar til 18. gr. l. nr. 41/1930. 18. gr. núgildandi laga fjallar um það, hvenær skipverji byrjar að taka kaup og hve lengi hann heldur því, svo og um viss atvik, sem valdið geta kaupmissi. Í 2. mgr. 18. gr. nú er sagt, að skipverji haldi kaupi til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum orsökum. Nánari reglur eru ekki um þetta settar í l., nema í 32. gr., þar sem heimilað er að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann er haldinn sjúkdómi, sem er hættulegur, eða hefur orðið fyrir veikindum eða slysum. Hins vegar er ekki að því vikið, hve lengi skipverji haldi launum, þrátt fyrir meiðsli eða veikindi, ef honum er ekki sagt upp. Í frv. er lagt til, að settar verði um þetta fastar reglur. Er fastráðinn skipverji forfallast vegna veikinda eða meiðsla, skal hann eiga rétt til launa í tvo mánuði, sé hann stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en ella einn mánuð, skipstjóri þó 3 mánuði, sbr. aths. við 2. gr. frv. Þó er lagt til, að kaup skuli aldrei greitt í slíkum forföllum lengri tíma en hlutaðeigandi hefur verið í þjónustu útgerðarinnar, er slysið verður eða veikindi byrja.

Í 3. mgr. 10. gr. frv., sem verður 4. mgr. 18. gr. l., eru tekin upp sams konar ákvæði um atvik, sem valda launamissi, og áður er frá greint varðandi skipstjóra, sbr. aths. við 2. gr. frv. Þessi mgr. er ný og virðist til bóta, því að ekki er rétt, að útgerðarmaður þurfi að greiða laun í slysa- og veikindaforföllum, ef hinn slasaði hefur valdið meiðslum sínum af stórfelldu gáleysi eða af ásetningi eða leynt með sviksamlegum hætti veikindameinbugum sínum, er hann réðst á skip.

Ég vil láta þess getið, að ein höfuðaths. Landssambands ísl. útvegsmanna við frv. er einmitt við 10. gr. þess, 2. málsgr., og segir svo í umsögn Landssambandsins um það atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er farið inn á þá braut að lengja þann tíma, sem skipverjar skulu taka laun hjá útgerðinni vegna veikinda eða slysa. Sýnist oss með öllu óverjandi, að hið háa Alþingi samþykki slík ákvæði. Eins og nú háttar, heldur skipstjóri launum í 3 mánuði, stýrimaður og vélstjóri í 1 mánuð og aðrir skipverjar í 7 daga. Samkv. l. um almannatryggingar greiðir Tryggingastofnun ríkisins skipverjum dagpeninga frá og með 8. degi, ef um slys er að ræða, en frá og með 11. degi, ef um veikindi er að ræða. Ef skipverji á hinn bóginn nýtur fastra launa hjá vinnuveitanda sínum, sem nemur meira en 1/3 af dagpeningum þeim, sem Tryggingastofnunin greiðir, ber honum engir dagpeningar, meðan hann fær þau laun. Af þessu sést, að með samþykkt þessarar gr. frv. yrði

um það að ræða að velta útgjöldum, sem Tryggingastofnun ríkisins nú ber að greiða, yfir á útgerðina."

Sjútvn. taldi ástæðu til vegna þessarar aths. að bera þetta atriði undir Tryggingastofnun ríkisins, og með bréfi, dags. 12. febr. 1962, hefur Tryggingastofnunin látið n. í té svo hljóðandi umsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi, dags. 9. þ. m., hefur sjútvn. Nd. óskað umsagnar um 10. gr. frv. til l. um breyt. á sjómannal., en þar er gert ráð fyrir, að réttur skipverja til kaups vegna sjúkdóms og meiðsla verði lengdur frá því, sem nú er, og er sérstaklega skýrt frá umsögn L. Í. Ú., þar sem segir, að með samþykkt greinarinnar sé verið að velta útgjöldum, sem Tryggingastofnun ríkisins nú beri að greiða, yfir á útgerðina. Það er rétt, að með auknum rétti launþega í einstökum starfsgreinum til kaups í veikinda- og slysatilfellum getur dregið úr dagpeningagreiðslu slysatryggingar eða sjúkrasamlags, þótt ekki þurfi það ætíð svo að vera, t. d. ekki þegar um svo langvinn veikindi er að ræða, að hámarksdagpeningar eru greiddir hvort sem er. Um hitt atriðið, að verið sé að velta yfir á útgerðina útgjöldum, sem Tryggingastofnuninni beri að greiða, er það að segja, að slysatryggingu sjómanna greiða útvegsmenn hvort sem er einir með iðgjöldum sínum, og ef útgjöld vegna slysa lækka, kemur það útvegsmönnum til góða, þegar til lengdar lætur, í lægri iðgjaldagreiðslum. Um sjúkratryggingar gegnir nokkuð öðru máli. Segja má, að ef kostnaður vegna sjúkradagpeninga til sjómanna lækkar, komi það fram í lækkuðum iðgjöldum allra samlagsmanna og lækkuðum framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hins vegar hafa flestar aðrar stéttir einnig fengið aukin kaupréttindi í slysa- og veikindatilfellum á undanförnum áratugum, og verður ekkert um það fullyrt, hvaða stétt þar hefur sparað sjúkrasamlögum mest útgjöld. Það verður því ekki séð, að ívitnuð viðbára L. Í. Ú. gefi tilefni til breytingar á frv."

Eftir að sjútvn. hafði fengið þessa umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um aths. L. Í. Ú., taldi n. ekki ástæðu til að taka aths. til greina.

Vík ég þá að 11. gr. frv., sem á við 19. gr. l. frá 1930. Samkv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 41/1930 getur skipverji á siglingu erlendis krafizt greiðslu í þeirri mynt, sem gjaldgeng er á greiðslustað, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningum. Í frv. er lagt til, að í stað þessa ákvæðis komi: „Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma." Telur n., að núgildandi ákvæði 2. mgr. fái ekki staðizt, eins og gjaldeyrismálum nú er háttað hér á landi.

12. gr. frv. á við 23. gr. l. nr. 41/1930. Í 23. gr. gildandi laga eru ákvæði um það, að ef skipverjum fækkar, á meðan á ferð stendur, skuli það kaup, sem við það sparast, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, í hlutfalli við aukna vinnu þeirra, enda hafi þeir ekki fengið hana greidda. Í frv. n. er lagt til, að viðbót komi við greinina, og er efni hennar það, að ef stýrimönnum fækkar, meðan ferð stendur yfir, skuli það kaup, sem útgerðinni þá sparast, skiptast jafnt milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna. Með þessu er sú eina breyting gerð, að skipstjóri fær sama rétt til viðbótarlauna vegna aukinnar vinnu eins og aðrir skipverjar nú hafa. Sjútvn. er sammála um þessa viðbót við 12. gr. l. að því er varðar skipstjóra, en leggur til, að 12. gr. l. verði öll umorðuð, eins og segir í brtt. okkar nr. 2 á þskj. 300.

13. gr. frv. á við 28. gr. l. nr. 41 frá 1930. 28. gr. l. er um það, hvenær og hve lengi útgerðarmanni sé skylt að annast skipverja í veikindum. N. leggur til, að hér verði skotið inn sams konar ákvæði og um getur hér að framan varðandi þau atvik, sem firrt geta útvegsmenn skyldu til kaupgreiðslu í slysa- eða veikindaforföllum skipverja, þ. e. ef hann hefur sjálfur bakað sér þessa meinbugi af ásetningi eða með stórfelldu gáleysi eða leynt þeim sviksamlega, er hann ræðst á skipið. Hér mundu þessar sömu ástæður valda því, að útgerðarmanni væri ekki skylt að annast kostnaðinn vegna veikindanna.

14. gr. frv. á við 29. gr. l. Núgildandi 29. gr. er um skyldu skipstjóra til að sjá um útför og ráðstafa eignum skipverja, sem deyr fjarri heimkynnum sínum. Breytingin, sem frv. felur í sér, er fyrst og fremst sú, að skipstjóra er gert skylt að tilkynna vandamönnum látið og enn fremur að senda öskuna heim, ef hinn látni er brenndur. Orðalagið „tilkynna eftirlifandi maka, ef til er" er klaufalegt. N. leggur til, að það verði lagfært með því að fella niður orðið „eftirlifandi", sbr. brtt. okkar um þetta atriði á þskj. 300.

15. gr. frv. á við 1. mgr. 30. gr. l. frá 1930. Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar, sem ekki þarfnast skýringa. Þó er, eins og í næstu grein á undan, bætt við, að skylda útgerðarmannsins til að kosta greftrun hins látna nái einnig til líkbrennslu, ef sá háttur er hafður á.

16. gr. frv. á við 32. gr. l. 32. gr. núgildandi l. er um rétt skipstjóra til að segja skipverja upp skiprúmi, ef hann hefur um lengri tíma, — í frv. „um stundarsakir", sem gefur skipstjóra nokkru rýmri hendur, — verið óvinnufær sakir veikinda eða slysa eða er haldinn sjúkdómi, sem er hættulegur fyrir aðra menn á skipinu. Breytingin, sem frv. felur í sér, er aðallega sú, að í 32. gr. er nú talið upp, hvernig fari um laun skipverja, ef honum er þannig sagt upp, en í frv. er aðeins vísað til hinna almennu ákvæða í 18. gr. l., eins og gert er ráð fyrir að henni verði breytt og áður hefur verið skýrt í sambandi við 10. gr. frv.

17. gr. frv. er viðbót við 33. gr. l. 41/1930. 33. gr. l. fjallar um önnur þau atvik, sem gefa skipstjóra rétt til að víkja skipverja úr skiprúmi, en þau eru í aðalatriðum: 1) Óhæfni til starfa. 2) Óstundvísi. 3) Óhlýðni. 4) Refsivert athæfi. 5) Ef hann ber ágreining, er rís

um starf hans á skipinu, undir erlend stjórnvöld. Er þá hin almenna regla, að skipverji, sem sagt var upp samkv. heimild 33. gr., á ekki rétt til kaups. Viðbótin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að ef óstundvísi skipverja, sem kemur of seint til skips, er til komin vegna veikinda hans eða meiðsla, skal hann eiga rétt til kaups samkv. hinum almennu reglum 18. gr. l., sbr. 10. gr. frv.

18. gr. frv. á við 37. gr. laganna. 37. gr. l. nr. 41/1930 fjallar um það, að skipverji, sem ráðinn er til ákveðinnar ferðar, eigi rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, ef ferðinni er breytt til muna. Eins og greinin er nú, á skipverji þá rétt til kaups, ferðakostnaðar og fæðispeninga til ráðningarstaðar eða þess staðar, er ráðningu skyldi slitið. Í frv. er gert ráð fyrir, að kaupgreiðslan verði ekki bundin við heimferðina, heldur einn mánuð hjá stýrimönnum, loftskeytamönnum, vélstjórum og brytum og hálfan mánuð hjá öðrum skipverjum, nema eina viku hjá skipverjum á íslenzkum fiskiskipum. Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, án þess að heimilt sé samkv. 32. eða 33. gr. l., á hann rétt til kaups í nokkru lengri tíma en hér er gert ráð fyrir, eða 3 mánuði tilgreindir 4 starfshópar, almennir skipverjar einn mánuð, nema eina viku á fiskiskipum. Er ekki talið sanngjarnt annað en að skipverjar fái a. m. k. hluta af þessum fresti reiknaðan, ef þeir verða að fara úr skiprúmi af þeim ástæðum, sem um getur í 37. gr., og þeir fá engu um ráðið. Í grg. er upplýst, að þessi breyting sé í samræmi við gildandi ákvæði annarra norrænna sjómannalaga um bætur til handa skipverjum, þegar þannig stendur á.

19. gr. frv. (40. gr. l. 41/1930). 40. gr. l. 41/1930 fjallar um það, að skipverjar geti krafizt lausnar úr skiprúmi, ef skip missir rétt til að sigla undir íslenzkum fána, og hvernig fari þá um kaup þeirra. Fái þeir þá ferðakostnað og kaup fyrir tíma, sem nemur uppsagnarfresti. Þá er tekið fram í 2. mgr. gr., að þetta heimili ekki skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þótt skipstjóraskipti verði eða skipti verði á útgerðarmanni. Í frv. er lagt til, að þessi síðustu orð falli niður, og er það skýrt svo í grg., að rétt verði að teljast, að um þetta fari eftir almennum reglum um aðilaskipti að starfssamningum.

20. gr. frv. (2. mgr. 41. gr. l. 41/1930). Grein þessi fjallar um það, hvernig fer, ef skip ferst eða er dæmt óbætanlegt vegna sjótjóns. Samkvæmt 2. mgr. greiðir ríkissjóður ferðakostnað skipverja, sem þannig missa skiprúm, til heimalandsins, ef atvikin ber að erlendis. Einnig á skipverji rétt til launa vissan tíma: tvo mánuði, sé um stýrimann, vélstjóra eða loftskeytamann að ræða, en aðrir skipverjar einn mánuð. Taki ferðin lengri tíma en að framan getur, fær skipverji ekki laun fyrir þann tíma. Í frv. er í fyrsta lagi lagt til, að brytar bætist við í hóp þeirra, sem fá laun í tvo mánuði, og þar að auki komi inn ákvæði þess efnis, að kaup greiðist þó aldrei skemmri tíma en heimferðin tekur. Er því hér um að ræða rýmkun á rétti sjómanna.

21. gr. frv. fjallar um þá breytingu á greinatölu og tilvitnunum í gr., sem til kemur vegna greinar, sem bætt var inn í lög nr. 41 1930 með l. nr. 36 1941. Er þetta sjálfsagt og til þægindа, ef til heildarútgáfu laganna kemur, sbr. 43. gr. frv.

22. gr. frv. (54. gr. l. 41/1930). Í þessari gr. frv. eru ákvæði um ráðstafanir á munum, sem skipverji skilur eftir í skipi við ráðningarslit, án tillits til þess, af hvaða ástæðum hann fer úr skipi, en í núgildandi lögum ræðir aðeins um muni, sem skipverji, er strokið hefur úr skipi, skilur þar eftir. Sá munur er þó gerður hér, að hafi skipverji strokið, er heimilt að selja munina þegar í stað til lúkningar kröfum á hendur honum, sem útgerðarmaður eða ríkissjóður hefur eignazt vegna dvalar hans í skipi, en ella er sala ekki heimil fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför skipverja, nema geymsla munanna sé sérstökum vandkvæðum bundin.

Þá vík ég næst að 24. gr. frv., sem svarar til 65. gr. l. 41/1930. Hér er sú breyting á gerð, að ekki skuli lengur skipta máli, ef skipstjóri vill beita refsivaldi sínu samkv. IV. kafla laganna og kveður til prófvotta, hvort sá, sem próf skal halda yfir, er yfir- eða undirmaður á skipinu. Í báðum tilfellum skuli prófvottar vera annar úr hópi yfirmanna, en hinn úr hópi undirmanna á skipinu. Í gildandi lögum er ákveðið, að ef sá, sem yfirheyra á, er yfirmaður, skuli hafa báða prófvottana úr hópi yfirmanna, ef unnt er. Breyting þessi er rökstudd með því, að yfirsjónir yfirmanna kunni oft að varða tiltekna skipverja eða skipshöfnina í heild og því rétt, að fulltrúi undirmanna fái einnig að fylgjast með prófunum.

25.—44. gr. frv. varða allar almenn atriði og beinast að því að færa ákvæði l. nr. 41 1930 til samræmis við breytta stjórnskipun landsins og breyttar réttarfarsreglur og refsilög. Að öðru leyti þarfnast þessar greinar ekki skýringar. En ég vil þó taka fram, að sjútvn. flytur brtt. við 44. gr., sbr. þskj. 300, sem er á þessa leið:

„Framan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða rýmri rétt þeirra samkv. kjarasamningum.“

Með þessu ákvæði vill n. undirstrika, að að því er snertir réttindi skipverja samkv. l. sé eingöngu um að ræða lágmarksákvæði, og þar með á að vera girt fyrir sams konar misskilning í því efni sem fram kom í samþykkt verkalýðsfélagsins Þróttar á Siglufirði, sem ég gat um hér áðan.

Í 43. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ef frv. nái fram að ganga, skuli fella áorðnar breytingar á l. nr. 41 1930 inn í lögin, og gefa þau út svo breytt. Virðist þetta nauðsynlegt, þar sem hér er um að ræða lög, sem varða dagleg störf mikils fjölda manna og áríðandi er að til séu

sérprentuð í sem aðgengilegustu formi fyrir almenning.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að mæla með því fyrir hönd sjútvn., að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem n. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 300,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 300,2 (ný 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 300,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
15.—43. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 300,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 316).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get haft um þetta frv. nokkuð svipaðan formála og ég hafði um siglingalögin, þegar þau voru lögð fyrir þessa hv. d. nú fyrir skömmu, að strangt tekið bæri mér kannske ekki að mæla fyrir því hér, þar sem það er flutt af hv. sjútvn. Nd. En við það vil ég þó bæta því, að bæði hefur n. flutt frv. að minni ósk og eins hef ég áður verið flm. að því, þegar frv. hefur komið hér fram á fyrri þingum.

Sjómannalögin voru skilin frá siglingalögunum 1930 í samræmi við Norðurlandalöggjöf um þetta efni. Endurskoðun hefur svo farið fram á þeim í sambandi við endurskoðun siglingalaganna og hefur fylgzt með þeim lögum bæði nú og áður. En eins og ég gat um, þegar siglingalögin voru hér til umr., þá hafa þau verið flutt áður á þrem þingum og verið í undirbúningi nú um allmörg ár, þannig að æskilegt væri nú að geta komið þeim frá. Ég held, að meginbreytingarnar í þessum sjómannalögum séu ekki stærri en svo, að þær geti flestar heimfærzt undir lagfæringar, og þó þannig, að leitazt hefur verið við með þessum breytingum að reyna að samræma sjómannalögin alveg eins og siglingalögin við hliðstæða löggjöf Norðurlandaþjóðanna, sem aftur hefur verið samin og endurskoðuð með hliðsjón af bæði alþjóðasamþykktum um þessi efni og gildandi lögum í öðrum löndum.

Hv. sjútvn. Nd. hefur haft þetta mál alveg eins og siglingalögin til athugunar á þrem þingum, sent það til umsagnar flestra þeirra aðila, sem til greina geta komið að athuga lagabálk eins og þennan, og komizt að þeirri niðurstöðu, að það bæri að samþykkja frv. með örlitlum breytingum, sem n. gerði við það og samþ. voru í hv. Nd. og eru prentaðar á þskj. 316. Ég sé ekki ástæðu til að fara hér að rekja þessar breytingar, sem gert er ráð fyrir í frv. Þær eru margar að tölunni til, en flestar smávægilegar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 316, n. 530).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur tvisvar áður verið lagt fyrir Alþingi án þess að ná fram að ganga. Að þessu sinni er það flutt af sjútvn. Nd., sem gerði á því smávægilegar breytingar, eftir að n. hafði leitað umsagnar um málið frá ýmsum aðilum.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft mál þetta til athugunar og kynnt sér efni þess eftir föngum. Aðdragandi frv. er, eins og fram kemur í grg., orðinn alllangur. Árið 1948 fól þáv. samgmrh., Emil Jónsson, nefnd manna að endurskoða bæði sjómanna- og siglingalögin. Þegar n. hóf starf sitt og leitaði umsagna um siglingalöggjöf ýmissa erlendra þjóða, m. a. á Norðurlöndum, kom í ljós, að þá voru starfandi n. á öllum hinum Norðurlöndunum til þess að endurskoða tiltekin atriði í siglinga- og sjómannalöggjöf þessara þjóða. Með hliðsjón af því mun íslenzka n. hafa talið rétt að fresta afgreiðslu málsins um sinn, en fylgjast hins vegar með framvindu þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Eftir að víðtæk endurskoðun hafði átt sér stað á sjómannalögum hinna Norðurlandanna, hafa þau öll sett ný sjómannalög, Danir og Svíar 1952 og Norðmenn 1953. Samkv. upplýsingum íslenzku n. höfðu þessar þjóðir allar með sér samstarf og samráð um þær breytingar, sem gerðar voru á eldri sjómannalögum þeirra.

Hér á landi hefur lengst af verið sama löggjöfin, sem náð hefur yfir hvort tveggja, sjómanna- og siglingalög. Það er fyrst 1930, sem þetta er aðskilið með sérstökum lögum, og var þá fylgt fordæmi hinna Norðurlandanna, sem þá höfðu nokkru fyrr, eða 1922—23, komið þeirri skipan á hjá sér.

Í grg. fyrir frv. segir m. a., að ekki séu gerðar neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna, hér sé fremur um að ræða lagfæringar, ýmist til að nema burt úrelt ákvæði og setja önnur viðeigandi í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar. Það mun álit flestra, að rétt sé og æskilegt, að sem mest samræmi sé í siglinga- og sjómannalögum allra Norðurlandanna. Og með þessu frv. telur n., að stefnt sé að því, að slíkt samræmi rofni ekki. Þó er það svo, að í nokkrum atriðum hefur n. sýnzt réttara að víkja frá ákvæðum annarra sjómannalaga, þar sem það hefur sýnt sig, að það þótti betur við eiga með tilliti til íslenzkra atvinnuhátta og sérstöðu.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða ýtarlega einstök atriði frv. Málið ætti og að vera þm. allkunnugt, þar sem það hefur verið svo langan tíma í meðförum þingsins.

Sjútvn. Nd. sendi frv. til umsagnar ýmsum þeim aðilum, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Að fenginni umsögn þeirra og með hliðsjón af þeim ábendingum, sem þar komu fram, flutti n. síðan nokkrar brtt. við frv., og er þær að finna á þskj. 300. Voru þær samþykktar í Nd., en að öðru leyti er frv. óbreytt frá því, sem það var lagt fram.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 530 mælir sjútvn. með samþykkt frv. Ég tel óþarft að fara ýtarlega út í einstaka liði þess, en vil aðeins drepa á það helzta, sem ég tel mestu máli skipta.

Þá er það fyrst 4. gr. Í 2. gr. núgildandi l. er mælt, að skipstjóri skuli ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu manna, sem vinna við vélgæzluna. Er það látið haldast, en því nú bætt við, að skipstjóri skuli einnig ráðgast við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans og fyrsta stýrimann um ráðningu annarra skipverja. Er þessi breyting í samræmi við ákvæði annarra norrænna sjómannalaga.

Í 7. gr. er um allverulega breytingu að ræða hvað uppsagnarfrest snertir á skiprúmssamningum. Samkv. núgildandi lögum er uppsagnarfrestur hjá stýrimönnum, vélstjórum og loftskeytamönnum einn mánuður og hjá öðrum skipverjum 7 dagar, nema á íslenzkum fiskiskipum aðeins einn sólarhringur. Í þessu frv. er sú breyting, að uppsagnarfresturinn hjá stýrimanni, vélstjóra, bryta og loftskeytamanni skal vera 3 mánuðir, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum sjö dagar. Segja má, að uppsagnarfresturinn á skipaflotanum hafi verið of stuttur og þá sérstaklega á fiskiskipaflotanum, þar sem fyrirvarinn var aðeins einn sólarhringur, og tel ég, að sú breyting, sem hér er, þótt ekki sé meiri, sé til mikilla bóta.

10. gr. frv. felur í sér nokkrar breytingar á 18. gr. l. Er það aðallega varðandi sjúkleika eða meiðsli skipverja. Er í sumum tilfellum verulega aukin byrði útgerðarinnar með auknum greiðslum í þessu sambandi, og stafar af því, að bótatíminn verður nú lengdur.

Ýmsar smærri breytingar á sjómannalögunum felur þetta frv. í sér. Má glöggt sjá, hvert efni þeirra er, í skýringum og grg., sem frv. fylgja. Eru þær flestar, eins og ég áður hef sagt, í því fólgnar að koma á lagfæringum, ýmist til að nema í burtu úrelt ákvæði og setja önnur, sem við eiga, í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar og samræma í heild íslenzk sjómannalög við hliðstæð lög annarra nágrannaþjóða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en mæli með því, að það verði samþ. og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr., samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—44. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

61. Sala Utanverðuness í Rípurhreppi.

Á 33. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu [125. mál] (þmfrv., A. 227).

Á 35. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Með frv. þessu á þskj. 227, er leitað heimildar fyrir stjórn Utanverðunesslegats til þess að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu. Enn fremur er í frv. leitað heimildar til þess að selja hinn helming jarðarinnar, ef síðar kynnu að koma fram óskir um það, og þyrfti þá ekki, ef frv. verður samþ., að fá að nýju heimild Alþingis til sölu á þeim hluta jarðarinnar. Þessi helmingur jarðarinnar er nú leigður Búnaðarsambandi Skagafjarðar, sem hefur haft í hyggju að stofna þar búfjárræktarmiðstöð og reka þar á sínum vegum rannsóknar- og tilraunastarfsemi.

Jörðin Utanverðunes er ein af hinum svonefndu kristfjárjörðum, og var jörðin gerð kristfjárjörð með gjafabréfi séra Benedikts Vigfússonar prófasts á Hólum í Hjaltadal, sem dags. er 31. jan. 1838. Það er svo fyrir mælt í

gjafabréfi prófastsins, að afgjaldi jarðarinnar skuli varið til styrktar og framfærslu munaðarlausum börnum í Skagafjarðarsýslu, og skyldu börn í Hólahreppi sitja fyrir um styrkinn. Þessum ákvæðum gjafabréfsins mun oftast hafa verið framfylgt, ég veit ekki annað. En nú hefur stjórn legatsins óskað eftir því, að þetta frv. yrði flutt hér í þinginu, en í stjórn legatsins eru þeir sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og prófastur Skagafjarðarprófastsdæmis. Ástæðurnar fyrir þessari beiðni þeirra koma fram í bréfi þeirra til mín, sem ég hef látið birta með grg. frv., og er meginástæðan sú, að legatið hefur ekki yfir fjármagni að ráða til að leggja í uppbyggingu á jörðinni, en hjá því verður ekki komizt, ef jörðin á að haldast í byggð, að byggð verði þar bæði íbúðarhús og peningshús og aðrar framkvæmdir á henni gerðar. Þau mannvirki, sem nú eru á jörðinni, munu flest vera eign ábúanda, sem varð að kaupa þau af fráfaranda, þegar hann tók við jörðinni, m. a. vegna þess, að legatið var ekki svo efnum búið, að það gæti keypt þessi mannvirki af fráfaranda. Það er því ekkert óeðlilegt við það, þótt ábúandi óski eftir því að eignast jörðina, þegar landsdrottinn hans er ekki þess megnugur að standa undir þeim skyldum, sem á honum hvíla samkv. ábúðarlögum.

Frv. sem þetta er ekki neitt nýnæmi hér í þinginu. Það er skemmst að minnast, að á þingi 1959 lá fyrir sams konar beiðni um sölu tveggja kristfjárjarða í Austur-Húnavatnssýslu, og varð þingið þá við þeim tilmælum. Það má vissulega segja, að það sé sitthvað við það að athuga, að Alþingi sé að breyta ákvæðum fornra gjafabréfa, og hefur jafnvel verið dregið í efa í umr. hér í þinginu um þau mál, að þingið hefði í raun og veru rétt til þess, en endalyktin mun ætíð hafa orðið sú, að sölur á þeim kristfjárjörðum, sem óskað hefur verið eftir kaupum á, hafa verið heimilaðar, og hefur það verið gert af því, að það hefur verið skoðun flestra hv. þm., að helzta ráðið til þess að halda þessum jörðum í byggð og á þeim væru gerðar nauðsynlegar framkvæmdir væri að selja ábúanda þær. Og það verður tæpast vefengt, eins og á er bent í bréfi legatsstjórnarinnar, að gerbreyttir tímar og þjóðfélagshættir hafa gert það að verkum, að forsendur fyrir ákvæðum gjafabréfs Benedikts prófasts Vigfússonar og annarra slíkra bréfa eru ekki nú með sama hætti fyrir hendi og þær voru á þeirri tíð, þegar þessar gjafir voru gefnar.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því í þessu frv., að andvirði jarðarinnar verði áfram í eign legatsins og vöxtum af því verði varið í samræmi við ákvæði hins upprunalega gjafabréfs. Það er skoðun legatsstjórnarinnar, að sú ráðstöfun, sem frv. gerir ráð fyrir, sé öllum aðilum hagfelldust, og vænti ég, að hv. Alþingi geti fallizt á þá skoðun.

Ég óska svo eftir, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 227, n. 321 og 322).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 227, fjallar um það að heimila sölu á Utanverðunesi í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu, og er þar í fyrsta lagi gert ráð fyrir að heimila sölu á hálfri jörðinni til núverandi ábúanda á því svæði, en hinn helminginn sé heimilt að selja á annan hátt, og þá er jafnvel gert ráð fyrir, að það sé Búnaðarsamband Skagafjarðarsýslu, sem vel gæti komið þar til greina, sem nú hefur þann hluta jarðarinnar á leigu.

Þessi jörð er í eign svokallaðs Utanverðunesslegats, og frv. þetta er flutt skv. beiðni stjórnar þess legats, og eftir öllum veðurmerkjum að dæma er um það að ræða, að hér séu bara tvær leiðir fyrir hendi: annaðhvort að láta jörðina fara alveg í eyði, því að hún er orðin alveg niðurnídd að húsum, eða fá að selja ábúandanum helming hennar í trausti þess, að hann leggi í það að byggja upp íbúðarhúsið og önnur hús á jörðinni.

Þetta frv. hefur verið sent til umsagnar landnámsstjóra annars vegar og hins vegar til eftirlitsmanna opinberra sjóða, og liggja fyrir hjá landbn. meðmæli frá þessum aðilum báðum, bæði frá landnámsstjóra og eins frá eftirlitsmönnum opinberra sjóða. En í umsögn landnámsstjóra, Pálma Einarssonar, er á það bent, eins og rétt er, að það er í lögum, að allar opinberar jarðir, sem eru seldar einstaklingum, skuli gerðar að ættaróðali, og þess vegna flytur meiri hl. landbn. brtt. um það á þskj. 321, að þetta skuli sett inn í frv., sem að vísu var ekki beinlínis þörf á, því að það er lögbundið atriði. Að hinu leytinu flytur svo meiri hl. landbn. brtt. þess efnis, að ef svo skyldi fara, að ábúandinn, sem á jörðinni er og heimilað er að selja helming hennar, gengi frá, þá væri heimilt að selja hinn hlutann með sömu skilyrðum, eins og til er tekið í seinni hluta 1. málsgr. 1. gr. frv.

Þetta er álit meiri hl. landbn., sem leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum. En n. var ekki að fullu sammála, því að einn nefndarmaður, hv. 6. þm. Sunnl., leggur á móti frv. og hefur gert grein fyrir áliti sínu hér í nál. og mun sjálfsagt tala hér á eftir. Skal ég ekki að svo stöddu fjalla um hans skoðun, fyrr en hann hefur flutt sitt mál hér. En það eru 4 nm. af 5, sem mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim litlu breytingum, sem hér eru á þskj. 321.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir til 2.

umr., er gert ráð fyrir því, að heimiluð verði sala á jörðinni Utanverðunesi í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu. Þessi jörð er kristfjárjörð, og eins og hv. alþm. kannast við, þá gilda um slíkar jarðir æði strangir skilmálar, þannig að strangt til tekið er sala þeirra ekki heimil. Slíkt eignarhald er til komið með gjafabréfi, og gefandi hefur á sinni tíð gefið viðkomandi eign til þess að vera framfæri fyrir fátæk börn í viðkomandi héraði, og eru slíkum jörðum settar sérstakar yfirstjórnir. Nú leggur yfirstjórn þessarar jarðar til og hefur fengið flutt um það frv. hér á Alþingi, að leyfð verði sala á þessari jörð. Hún verði bútuð niður í tvennt og seld tveim aðilum, sinn helmingurinn hvorum aðila. Nefndin segir hérna: „Frv. gerir ráð fyrir því, að kaupandi annars hluta jarðarinnar verði núverandi ábúandi hennar.“ En ekki er tiltekið í frv. um kaupanda að hinum helmingnum. Hér er því augljóslega um það að ræða, að þetta er ekki venjulegasta gerð á sölu, heldur á að hluta í sundur eignina með sölunni. Þá liggur það enn fremur fyrir, að það hefur enginn falazt eftir kaupum á öðrum helmingi jarðarinnar, en ábúandi sá, sem hefur með að gera þann helminginn, sem hér er sérstaklega tiltekið, að honum megi selja, hann vill kaupa og telur kaupin vera skilyrði fyrir, að hann geti haldið áfram búsetu á jörðinni.

Ég skal fúslega játa, að það eignarhald, sem kallað hefur verið kristfjárjörð, fellur illa að þeim þjóðfélagsaðstæðum, sem í dag eru, og ég mun ekki verða til þess að halda því fram, að það sé óumbreytanlegt og að ekki geti komið til mála að umþoka því á einn eða annan hátt. Ég tel, að ekki sé goðgá að selja slíkar jarðir t. d. heilu hreppsfélagi, sem ætlar að hafa hönd í bagga með nytjun á jörðinni, né heldur koma í veg fyrir það, að jörðin geti ekki með eðlilegum hætti verið nýtt og setin. En það, sem skiptir sköpum um það, að ég legg til, að þetta frv. verði fellt, er álit hreppsnefndarinnar í Rípurhreppi á þeirri sölu, sem hér er fyrirhuguð. Ég hef leyft mér með mínu nál. að birta útdrátt úr fundargerð hreppsnefndar Rípurhrepps frá 29. jan. á þessu ári og einnig skýringar, sem meiri hl. hreppsnefndarinnar gefur á sinni afstöðu til málsins. Í fundargerðinni frá 29. jan., fundargerð hreppsnefndarinnar í Rípurhreppi, segir:

„Oddviti lagði fram samrit af frv. um heimild til sölu á kristfjárjörðinni Uanverðunesi, sem Gunnar Gíslason alþm. flytur á yfirstandandi Alþingi, ásamt með samriti af bréfi, er stjórn Utanverðunesslegats skrifaði flm. Allmiklar umr. urðu um málið, en síðan samþ. með öllum atkvæðum svofelld till.: Hreppsnefnd Rípurhrepps mælir fyrir sitt leyti með því, að frv. til l. um heimild til sölu á kristfjárjörðinni Utanverðunesi í Rípurhreppi verði samþ., en telur eðlilegt, að salan sé ekki bundin við núverandi leigutaka.“

Og síðan skrifar undir þetta öll hreppsnefndin. En eins og þessi fundargerð ber með sér, hafa í hreppsnefndinni orðið miklar umr. um þetta mál, og í sjálfri fundargerðarútskriftinni kemur auðvitað ekki nákvæmlega fram, um hvað þessar umr. hafa snúizt, en hreppsnefndin lætur fylgja þessari útskrift úr fundargerð sinni til skýringar nokkurt álit, — álit a. m. k. meiri hl. hreppsnefndarinnar, ef ekki allrar hreppsnefndarinnar, það kemur ekki alveg fram í yfirlýsingunni sjálfri, sem einnig er prentuð sem fskj. með því nál., sem ég hef gefið út um málið á þskj. 322. Þar segir m. a.:

„Hreppsnefnd er ekki andvíg því, að heimiluð sé sala á jörðinni. Hins vegar telur meiri hl. n. hverfandi litlar líkur til þess, að tryggð mundi framtíðarábúð á Utanverðunesi, ef núverandi ábúandi, er s. l. 2 ár hefur dvalið að mestu á Sauðárkróki og eigi haft teljandi búrekstur á jörðinni, aðeins nokkrar kindur, fengi eignarhald á henni. Má í því sambandi geta þess. að ábúandi á Utanverðunesi á jörðina Hróarsdal í sama hreppi ásamt með gólfhæð í stóru íbúðarhúsi þar, steinsteyptu, fárra ára gömlu, en nytjar þá jörð lítt. Það er að sjálfsögðu þessu litla sveitarfélagi mikið áhugamál, að Utanverðunes, sem er hlunnindajörð, ágætlega í sveit sett, hefur til að bera mikil og hagstæð skilyrði til ræktunar og beitiland víðlent og gott, komist í trygga og örugga ábúð, en lendi ekki í braski. Því væri mjög æskilegt, að sveitarstjórn gæti haft nokkra hönd í bagga um kaupanda, ef til sölu á jörðinni skyldi koma.“

Að fengnum þessum upplýsingum hreppsnefndarinnar í Rípurhreppi eða meiri hl. hennar, þá finnst mér sem það liggi ljóslega fyrir, að mat hreppsnefndarinnar er það, að ef sala á jörðinni fer fram eftir því frv., sem hér liggur fyrir, þá muni verða nytjuð hlunnindi jarðarinnar, en ábúð, sem því nafni getur heitið, verði ekki á jörðinni Enn fremur fer það ekkert á milli mála, að hjá hreppsnefndinni leynist uggur um það, að sú sala, sem hér er áformuð, sé hreinlega hugsuð sem liður í braski.

Þótt ég haldi ekki fast við það, að eignarhald kristfjárjarða sé óumbreytanlegt, þá sýnist mér, að sú sala, sem hér er fyrirhuguð, liggi svo fjarri hugmynd gefanda, að það væri hrein misþyrming á henni að leyfa sölu þá, sem fyrirhuguð er í þessu frv.

Ég teldi eðlilegt, að hreppsnefndinni yrðu gerðir kostir á því að kaupa jörðina og ráðstafa henni þar með. En sú sala, sem hér er fyrirhuguð, er öll af því tagi, að ég hef leyft mér að leggja til, að þetta frv. verði fellt. Og ég vænti þess, að við yfirvegun muni hv. alþm. skoða hug sinn tvisvar, áður en þeir greiða atkv. á þá lund, sem hv. meiri hl. landbn. hefur leyft sér að leggja til í sínu nál.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Hæstv. forseti. Ég skal játa það rétt vera, sem hv. frsm. minni hl. segir, að það væri miklu geðfelldara að geta selt þessa jörð í einu lagi og selt

hana ábúanda. En það er búið að skipta jörðinni í tvennt til ábúðar, og það er ekki beiðni um það frá eigendunum eða stjórn eiganda að selja hana á annan hátt en að ábúandinn fái þennan hluta, sem hann er ábúandi að og hann hefur skilyrðislaust forkaupsrétt á. Hinn hlutinn er í leigu hjá Búnaðarsambandinu, og liggur ekki fyrir nein vissa um, að það vilji kaupa þann hluta, en það er gert ráð fyrir því í frv., að það sé heimilað.

Náttúrlega væri það með þessa jörð eins og allar aðrar heppilegast, að þær væru í einu lagi, því að nú standa þannig sakir í okkar landbúnaði, að það er mikil þörf á því, að búin séu sem stærst til þess að geta staðið undir vélabúskap.

Viðvíkjandi því, að hér sé verið að fara út fyrir hugmyndir gefandans í upphafi, en liðinn er geysilangur tími, frá því að þessi gjöf átti sér stað, þá er því til að svara, að með því að selja slíka jörð eða slíkar jarðir er þó verið að bjarga verðmætinu fram yfir það, sem annars mundi vera, ef jarðirnar yrðu látnar fara í eyði.

En það, að ábúandinn, sem hér er um að ræða, hefur ekki verið á jörðinni allan ársins hring, stafar af því, að íbúðarhúsið, sem þar er, er ævagamalt og ekki talið verandi í því að vetrinum, það er orðið svo úr sér gengið. Þess vegna er það lífsskilyrði, og til þess miðar heimildin til sölu fyrst og fremst, að það sé byggt upp á jörðinni.

Það, sem hér er tiltekið og hv. 6. þm. Sunnl. vék að um skýringar frá meiri hl. hreppsnefndar Rípurhrepps, þá er það að sumu leyti nokkuð mikið blekkjandi mál. Þar er sagt, að þessi ábúandi eigi aðra jörð, sem hann geti vel notfært. Þannig er því varið, að hann er ættaður frá Hróarsdal, sem er lítil jörð og var á sinni tíð skipt í þrjá hluta. Bræður hans tveir búa þar, og Hróarsdalur er svo lítil jörð, að það er fullkomlega erfitt að hafa hana sem tvíbýlisjörð, en hitt má segja að sé alveg óhæft, að ætla sér að gera hana að þríbýlisjörð, svo að þess vegna er þörfin fyrir þennan ábúanda fullkomin til þess að kaupa þann hluta í Utanverðunesi, sem hér er farið fram á að heimila sölu á.

Varðandi hitt, sem hreppsnefndin var að tala um, að hætt sé við því, að jörðin lendi í braski, þá er ekki mikil hætta á því, að því er virðist, því að hingað til hefur ekki verið um það að ræða, að það hafi komið mikil tilboð í hana, og þar að auki hefur hreppsnefndin það alveg á valdi sínu á þessum stað eins og öllum öðrum, ef ábúandinn svíkst um að halda jörðinni í byggð eða koma upp á henni húsum, svo að þar sé verandi, þá hefur hreppsnefndin það á valdi sínu að taka hana af honum skv. ábúðarlögunum. Þar er því ekki um neina hættu að ræða. En sem sagt, mér þykir ekki ástæða til að gera þetta mál að neinu þrætumáli hér. Við erum sammála um það, 4 nefndarmenn, að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem við leggjum fyrir, og væntum þess, að hv. alþm. geti á það fallizt. Hitt er svo náttúrlega á valdi ráðherrans, sem framkvæmir söluna, hvað strengilega verður búið um kosti á jörðinni við þann kaupanda, sem samið væri við.

ATKVGR.
Brtt. 321 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17:8 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JPálm, GÞG, JP, JR, MÁM, ÓTh, RH, AGb, ÁÞ, BF, BBen, BFB, EI, EmJ, GuðlG, BGr.

GJóh, HÁ, HS, HV, IG, JSk, KGuðj, LJós, SkG, EÁ, BP, EðS, EOl, GeirG, GíslG, GíslJ greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (IngJ, PS, SÁ, SI, JóhH, BK, EystJ, GÍG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Hæstv. forseti. Hér var fyrr á fundinum frv. til l. um, að ríkissjóður legði fram allmikið fé til þess að kaupa upp eignir einstaklinga fyrir hreppsfélög. Þetta frv. fer nú í gagnstæða átt, að selja opinbera eign til einstaklinga, án þess að nokkuð sé tryggt um ábúð á jörðinni eða viðkomandi hreppsfélag eignist hana, heldur ekkert samkomulag milli hreppsfélaganna um málið. Ég tel því, að hv. landbn. hefði átt að fá um þetta fullkomið samkomulag, áður en málið næði fram að ganga, og greiði ég því ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:4 atkv.

Á 49. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 342).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er út af formsatriði. Á dagskránni í dag eru tvö frv. um sölu ríkisjarða, þ. e. undir 3. lið og 8. lið. Enn fremur er útbýtt nál. um tvö hliðstæð frv., þ. e. um sölu tveggja eyðijarða í Árskógshreppi og eyðijarðarinnar Lækjabæjar í Fremri-Torfustaðahreppi. Enn fremur er mér kunnugt um, að til þingsins hefur verið send beiðni frá dómsmrn., að upp verði tekin heimild til þess að selja tvær prestssetursjarðir í því skyni að afla fjár til prestssetursbygginga á öðrum stöðum en hin eldri prestssetur voru. Nú vildi ég hreyfa því, hvort það væri ekki einfaldara að sameina öll þessi frv. í eitt frv., og skjóta því til n. Það er í raun og veru eðlilegt, að slík heimild til jarðasölu sé afgreidd í einu lagi í staðinn fyrir að vera með ein 5—6 frv., sem þurfa að ganga á milli og tefja fyrir. En ef þessi hugmynd ætti að takast upp, þá þyrfti nefnd að íhuga málið að nýju og þá breyta frv. og taka allar jarðirnar upp í hið sama.

Forseti (BGr): Ég tel rétt, að n. taki þetta mál til nýrrar athugunar í sambandi við ósk ráðh., og ef ekki eru andmæli gegn því, er rétt að fresta umr. og bíða eftir því. (Gripið fram í.) Óska menn eftir að tala áður? Þá tekur til máls hv. 1. þm. Norðurl. v.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að stjórn Utanverðunesslegats verði heimilað að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi. Í næstu mgr. á eftir segir: „Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir.“ Ég fæ ekki séð, að þetta hvort tveggja geti staðizt hlið við hlið. Það er lagt til í upphafi greinarinnar, að heimilað sé að selja ábúanda, en þá engum öðrum. Hver ætti þá að bjóða hærra verð en dómkvaddir menn ákveða, ef enginn annar kaupandi kemur til greina en ábúandinn? Mér sýnist því vera sá formgalli á þessu frv., að það sé ekki hægt fyrir d. að afgreiða það eins og það liggur fyrir, og ég vil taka undir ummæli hæstv. ráðh., að það væri ástæða til, að n. tæki þetta frv. og þá önnur sama eðlis til athugunar. Ég vildi styðja þá till., að umr. væri frestað og málið tekið út af dagskrá.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ágæt uppástunga, að hv. landbn. taki þetta mál til betri athugunar. Það var ekki svo vel athugað hjá henni, nema minni hl., áður en þetta kom hingað í d. til okkar, þannig að ég held, að það væri full þörf á því, að það væru höfð öll þau afbrigði frá þingsköpum, sem annars hafa tíðkazt hér, að stöðvuð væri 3. umr. og máli vísað aftur til n., vegna þess að það væri full þörf á því, að n. ynni sitt verk dálítið betur.

Ég er samþykkur þeim hluta af till. hæstv. dómsmrh., að þessu máli sé vísað aftur til n. En ég er ekki samþykkur hinu, að það sé farið að skella saman þeim öðrum málum, sem hér liggja fyrir um sölu þjóðjarða eða annarra jarða, sem eru ekki í einstaklingseign. Ég álít, að það sé ekki rétt og það sé rétt að fara með hvert af þessum málum alveg út af fyrir sig, vegna þess að hér er um að ýmsu leyti mjög ólíkt að ræða.

Það er þá í fyrsta lagi í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að taka kristfjárjörð úr eign — ja, Jesú Krists, skulum við segja, og afhenda einstökum mönnum og rifta gjafabréfi frá 1838 samkv. því. Það var nú svo, að það hafa verið gerð mörg góð gjafabréf í sambandi við jarðir hér á Íslandi, og það hafa legið fyrir áður lagafyrirmæli hér á Alþingi um að rifta slíkum gjafabréfum. Ég man sérstaklega eftir því gjafabréfi, sem Helgi, er var bóndi í Þykkvabæ, hafði gert 1913, þar sem hann gaf jörð sína hreppnum og mælti svo fyrir, að hans afkomendur skyldu fá að búa á jörðinni. En það mátti ekki veðsetja hana. Það var mjög skynsamlegt ákvæði, sem betur hefði verið að hefði gilt um allar jarðir á Íslandi, að það mætti ekki veðsetja þær, því að ástandið, sem nú er að skapast með þeim kapítalísku framleiðsluháttum á Íslandi, er að fara að verða nokkurn veginn ómögulegt fyrir börn bændanna, sem á jörðunum búa, að taka við þeim, a. m. k. ef það eru fleiri en eitt barn, þannig að einstaklingsjarðeignarrétturinn á Íslandi er nú að verða fjötur um fót fyrir íslenzka bændur til þess að geta unnið á sínum jörðum og framleitt sínar landbúnaðarafurðir. Það var gerð að vísu ofur lítil tilraun til þess að bæta úr þessum vandkvæðum með ættaróðalslögunum, en heppnast auðsjáanlega ekki, og þess vegna er verið að gera þær breytingar á þeim, sem gerðar hafa verið, af því að sjálfur þessi einstaklingseignarréttur, eftir að brask er komið til í þjóðfélaginu, veðbönd, háir vextir og annað slíkt, samrýmist ekki þörfum landbúnaðarins á Íslandi. Það er annað mál. Hér er um að ræða, hvort eigi að halda í heiðri því, sem vitrir forfeður og góðgjarnir hafa áður ákveðið. Ég mótmælti því hér, þegar gjafabréfi Helga í Þykkvabæ frá 1913 var breytt með lögum frá Alþingi, til þess að hægt væri að veðsetja jörðina, sem getur náttúrlega alltaf þýtt, að afkomendur þess bónda missi jörðina seinna meir. Og nú er verið að gera ráðstafanir til þess að taka eina af kristfjárjörðunum.

Það var, eins og kannske margir þm. muna, gerð tilraun til þess að gera þetta svo að segja í heildsölu hér um árið. Það lá fyrir stórt lagafrv., þar sem ákveðið var að gefa heimild til þess að taka allar þær jarðir, sem verið höfðu kristfjárjarðir, og fleiri slíkar opinberar jarðir á einn eða annan máta, jarðir, sem ekki voru einstaklingseign, — taka þær úr eigu þeirra, sem hefðu átt þær, og þá fylgdi með listi yfir allar þessar jarðir. Það lagafrv. fór ekki í gegn. En meginið af öllum þessum jörðum var úr kaþólskum sið, og það hafði þegar haldizt í fimm aldir og lengur að virða vilja þessara gefenda. Þetta hafði allt saman verið gefið til þess, að vextirnir af þessum jörðum eða jarðrentan af þeim eða afgjaldið eða annað slíkt rynni í einhvern góðan tilgang, til þess að hjálpa ekkjum, munaðarlausum eða öðrum, sem fátækir voru, og í fimm aldir höfðu menn virt þessi gömlu fyrirmæli úr kaþólskum sið. Og nú meira að segja vill svo einkennilega til, að líka í lúterskum sið er einn prestur og prófastur, sem 1838 gefur sína jörð í þeim tilgangi að styrkja munaðarlaus börn í Skagafjarðarsýslu og mælir svo fyrir, að þannig skuli vera. Ég vil spyrja þá menn, sem hér varðveita sérstaklega eignarréttinn og vilja alveg sérstaklega mæla með því, að hann sé virtur, og eru ósparir á að vitna í stjórnarskrána, þegar mönnum þykir gengið á rétt einstakra auðmanna eða slíkra: Hvaða ástæða er til þess að ganga á rétt — í þessu tilfelli skulum við segja þeirrar góðu persónu Jesú Krists og annarra þeirra, sem eiga að njóta þessarar gjafar, sem svona er gefin? Hvaða ástæða er til þess? Hvaða ástæða er til þess að svipta þessa jörð eða afgjaldið af henni

því að vera eign munaðarlausra barna í framtíðinni? Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess. Og ég sé ekki, hvað þessi græðgi öll á að gera. Mér finnst nóg um hana í þjóðfélaginu, þó að þetta sé látið standa. Það er ekki svo margt, sem við höfum af gömlum og góðum venjum í þessum efnum á Íslandi, og það er verið að brjóta nógu mikið niður, líka af þeim áþreifanlegu, efnislegu verðmætum, sem við höfum geymt frá fornum tímum, og það eru fáar þjóðir duglegri við það að eyðileggja slíkt en við Íslendingar núna, þrátt fyrir allt tal um handritin. Mér finnst, að við megum halda svona hluti í heiðri.

Ég sé, að stjórn þessa legats er í sínum rökstuðningi fyrir þessu frv. að reyna að færa nokkur rök fyrir því, að það sé eðlilegt að gera þetta, og þó stangast þessi rök. Annars vegar er sagt, að tilganginum með gjafabréfinu sé fullnægt með því að láta vexti af peningunum koma í staðinn fyrir jarðarafgjaldið. Kæmu þá vextir af sparifjáreign í stað jarðarafgjalds áður. Mér finnst þurfa meira en litla bíræfni til af nokkrum manni eftir hálfrar aldar reynslu af verðbólgu á Íslandi að segja, að vextir af sparifé komi í stað jarðarafgjalds. Ég veit ekki betur en þeir menn, sem mest trúðu á, hvað peningaeign og sparifjáreign og vextir af henni væri stöðugur auður, og menn, sem beittu sér mest fyrir söfnunarsjóðum og öðru slíku, eins og Eiríkur Briem sællar minningar, ef þeir væru risnir upp úr gröf sinni nú, mundu þeir ekki endurtaka slíkt með þeirri reynslu, sem við blasir. Hvers virði hefur sparifé verið og vextirnir af því í samanburði við raunveruleg efnisleg verðmæti? Það er ekki til neins að koma með svona hluti. Það er blekking að leggja þetta að jöfnu, enda er eins og þeir ranki nú við sér, þessir menn í stjórn legatsins, þeir segja í næstu setningu á eftir: Hins vegar verður því tæplega neitað, að forsendur fyrir ákvæðum gjafabréfsins eru að miklu leyti fallnar úr gildi fyrir núgildandi tryggingalöggjöf. — Þetta er alls ekki rétt. Núgildandi tryggingalöggjöf hefur alls ekki afnumið það, það eru enn þá til fátækir menn á Íslandi, það eru enn þá til munaðarlaus börn á Íslandi. Það eru ekki slíkir styrkir, sem veittir eru, þótt margt gott hafi verið gert á undanförnum áratugum í tryggingalöggjöfinni, að það sé ekki nóg pláss enn þá til þess að hjálpa munaðarlausum börnum og öðrum þeim, sem bágt eiga á Íslandi, þannig að það er ekki búið, því miður, liggur mér við að segja, með okkar tryggingalöggjöf að útrýma því, að þörf sé fyrir slíkt. Og meðan a. m. k. fátækt er til og meðan til eru þeir, sem eiga um sárt að binda af ástæðum, sem reynt er einmitt að bæta úr í sambandi við þetta gjafabréf, þá á að láta þessa hluti haldast. Við eigum ekki að vera svona gráðugir í að rífa endilega niður allt, sem er gamalt og sérkennilegt á Íslandi.

Efnahagslega séð, menn vilja nú gjarnan ræða öll mál út frá því sjónarmiði, þá vil ég aðeins segja það, að þarna er um að ræða allstóra jörð, og ég þekki hana ekki nákvæmlega, í Hegranesi í Skagafirði. Það eru 125 ár síðan þetta gjafabréf var gert, og átti að standa, að því er gefandinn hugsaði sér, til eilífðarnóns eða a. m. k. á meðan þörf væri fyrir þá hluti, sem þarna er um að ræða, og nokkur væri til, sem vildi taka við þeim vöxtum. Þessi jörð er verðmæti, — verðmæti, sem hægt er að deila um kannske, hve mikils virði sé í dag, en getur orðið stórkostlegt verðmæti í framtíðinni. Við skulum bara líta 125 ár fram tímann, — það er fyrir 125 árum, sem þetta var gefið, — þegar Íslendingar verða orðnir milljónaþjóð, þegar Skagafjörðurinn er kannske álíka þéttbýll og Gullbringu- og Kjósarsýsla núna. Hvers virði, haldið þið, að Hegranesið væri þá eða stór jörð í því? Hvaða leyfi höfum við í dag til þess að ráðstafa þessu, sem búið er að standa óhaggað í 125 ár? Ef menn væru að gera hér einhverja þjóðfélagsbyltingu, þar sem væri verið að bylta öllum eignarrétti og öllu slíku, þá væri kannske ekki að slíku spurt. En á meðan við ætlum að standa á grundvelli þessarar stjórnarskrár, eigum við ekki að gera svona hluti. Við eigum að hafa eitthvert „prinsip“ í þessum málum. Ef menn vilja afnema allan eignarrétt á jörð, þá er það annað mál. En á meðan við förum eftir þeirri stjórnarskrá, sem nú er, eigum við ekki að gera þetta. Því má þetta ekki fá að standa svona? Því mega munaðarlaus börn í Skagafjarðarsýslu ekki hafa þann möguleika, ef Hegranesið ætti eftir að verða álíka dýrt og Seltjarnarnesið í framtíðinni, að afgjaldið af því gæti runnið til þeirra, svo lengi sem slíkt væri til, slíkt fyrirbrigði og slík börn þyrftu á því að halda? Ég er algerlega mótfallinn því og algerlega sammála minni hl. landbn., sem lagði til, að þetta frv. væri fellt, — ég er algerlega mótfallinn því, að verið sé að hreyfa við þessum hlutum, og ég álít, að við eigum að geta komið okkur saman um að gera það ekki.

Það var rætt um, að það mundi eitthvað ofur lítið bjarga þessu, — það var eins og til þess að bæta eitthvað samvizku þeirra, sem að þessu standa, — að það var samþykkt við 2. umr. að gera þetta að ættaróðali, helming af þessari jörð. Það er nú eitthvað nýtt, ef farið er að gera helming af jörðum að ættaróðali á Íslandi, og er nú ekki beint í samræmi við þær hugmyndir, sem yfirleitt hafa verið, á meðan einhver tilfinning var gagnvart jörðunum, svo að það er furðulegt að reyna að bæta úr hinum stóru göllum þessa frv. með því móti. Og það sýnir sig líka, að sjálf ættaróðalslöggjöfin, því miður, þá hefur hún ekki staðizt okkar kapítalísku framleiðsluhætti. Það átti að reyna að hindra það, að þessar jarðir færu úr ættunum. En öll bankalöggjöf og fjármálalöggjöf nútímans stríðir svo á móti þeirri hugmynd, þeirri út af fyrir sig góðu hugmynd, sem þar býr á bak við, að hún eyðileggur það. Ættaróðulin eru að verða

undirorpin veðböndum og öllu slíku. Ég sagði það, þegar við vorum að ræða þessi mál út af gjafabréfi Helga í Þykkvabæ, að það væri nær fyrir okkur að afnema veðböndin á jörðunum yfirleitt og á þann hátt, að ekki þurfi að veðsetja jarðir til þess að öðlast lán til rekstrar þar, en það þykir of fjarri þeim hugsunarhætti, sem nú er að ryðja sér til rúms, til þess að slíkt komi til mála.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að þessi nefnd, sem tekur þetta mál til athugunar aftur, að bæði hv. n. og hv. dm. athugi sinn gang betur og sameinist um að fella þetta frv., ef það skyldi koma aftur frá nefndinni.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég sé ekki, að það sé til þess nein ástæða að vísa þessu frv. til hv. landbn. á ný. Hún var búin að ræða það á mörgum fundum og athuga það mjög rækilega, og fór ekkert á milli mála, hver væri vilji nm. í þessu efni. 4 nm., fulltrúar þriggja flokka, voru alveg sammála um að afgreiða frv. á þann máta, sem það nú liggur fyrir, og á milli þeirra var enginn ágreiningur. Hv. minni hl. landbn., hv. 6. þm. Sunnl., kom í þessu efni alveg hreinlega fram, eins og jafnan er títt um þann hv. þm., og setti sig strax á móti málinu, og gat hvorki mér né öðrum komið það neitt á óvart, vegna þess að það er vitað, að allur hans flokkur hefur verið og er á móti því að selja einstaklingum lönd eða jarðir. Ef það er selt sveitarfélögum, þá geta þeir gjarnan verið með því, en það er vitað, að sá flokkur vill ekki láta selja einstaklingum land, og þess vegna var afstaða þessa hv. þm., sem var í minni hl., alveg eðlileg.

Ég ætla nú ekkert að fara að þræta um það, hvort hér sé verið að fara fram á það að rýra eign þess legats, sem á þessa jörð. Stjórn þeirrar stofnunar hefur óskað eftir því, að þetta frv. væri flutt, og óskað eftir því að geta komið þessu máli í eðlilegt horf á þann máta, sem hér er farið fram á. Og það er alger misskilningur, að það sé að rýra eign, eins og nú standa sakir, að bjarga jörðum frá því að fara í eyði með því að selja þær mönnum, sem eru líklegir til þess að byggja upp á þeim. En þessi jörð er þannig komin, að það vantar á hana alveg íbúðarhús, sem sé þannig, að menn geti unað við að vera í því að vetrinum til. Þess vegna vil ég eindregið óska eftir því fyrir hönd meiri hl. landbn., sem í eru fulltrúar þriggja þingflokkanna, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, því að með öllu er ástæðulaust að vera að fresta því eða draga afgreiðslu þess.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ætlun mín var nú ekki sú, að málinu yrði vísað aftur formlega til hv. n., og sá stuðningur, sem hefur komið fram við mína till., eða stuðningsmenn hennar, þeir sem hér hafa talað, leggja allt annað inn í till. en fyrir mér vakti, og úr því að hv. frsm. n. óskar eftir því, að málið nái fram að ganga og því verði ekki blandað inn í önnur mál, þá get ég fallið frá mínum tilmælum og geri það hér með.

Ég skal svo ekkert blanda mér í umr. um efnishlið málsins. En ljóst er, að um það er mikill ágreiningur, og þá sennilega rétt, úr því að svo er, þá sé það mál afgreitt eitt út af fyrir sig og ekki blandað saman við önnur atriði.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það er út af þessum umr., sem hér hafa orðið, að ég vildi koma minu sjónarmiði að og láta í ljós mína skoðun um þetta mál.

Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar, að bændurnir eigi að eiga ábúðarjarðir sínar sjálfir. og sú skoðun mín er algerlega óbreytt. Það var um margar aldir, að flestallir bændur í landinu voru leiguliðar. Þá átti kirkjan jarðirnar, og ég hygg, að íslenzkir bændur hafi aldrei lifað við meiri ánauð en þá, þegar þeir voru leiguliðar, og þegar bændurnir fóru að ná eignarhaldi á jörðunum, þá fyrst fór hagur þeirra að batna og blómgast, og hagur þjóðarinnar allrar rétti við á sama tíma, fyrst og fremst vegna þess, að jarðeignirnar komust í hendur ábúendanna sjálfra.

Ég vildi segja það í sambandi við sölu á þeirri jörð, sem hér er verið að ræða, Utanverðunesi í Skagafjarðarsýslu, að þegar sú jörð var gefin til þess að vera til framfæris munaðarlausum börnum, þá hafði það vitanlega mikinn tilgang og góðan. En hvað hafa nú munaðarlausu börnin upp úr því að eiga að lifa að einhverju leyti á þessari jörð, þegar hún er komin í eyði og enginn geldur eftir hana? Það er fjöldamargt, sem forfeður okkar gerðu, sem við verðum af eðlilegum ástæðum að rífa niður, koma í veg fyrir og breyta, alveg á sama hátt og ég er viss um það, að margt af því, sem við erum að gera nú í dag og teljum gott og þýðingarmikið, það verður rifið niður af komandi kynslóðum, vegna þess að þá er það orðið úrelt og til trafala í daglegu lífi.

Ég ætla t. d. að minnast á það, að einn ágætur maður í Árnessýslu gaf fyrir nokkuð mörgum áratugum nokkrar jarðir. Hann var auðmaður, og hann gaf nokkrar jarðir í góðum tilgangi. Afgjaldið af sumum þeirra átti að verða til menntunar fátækum börnum, afgjaldið aftur af öðrum þeirra átti að verða til framfæris hjúum bænda, sem voru orðin ófær til vinnu og þurftu á framfæri af opinberri hálfu að halda. Það kom í veg fyrir það, að útslitin gömul hjú færu á sveitina. Þetta vitanlega stendur enn í dag. Það mátti aldrei veðsetja jarðirnar og aldrei selja þær, ekkert gera annað við þær en leigja þær ábúendum og taka afgjaldið eftir þær og nota það til þeirra hluta, sem mælt er fyrir um. Í dag er svo komið um þessar jarðir, að þær eru allar í eyði og það er ekkert afgjald af þeim. Það hafa ýmsir gagn af þeim, sem í nágrenninu búa, þeir beita þessar jarðir, þær eru ógirtar, og landið liggur opið fyrir öllum. Enginn hefur afgjald af þeim, og engir hafa gagn af þessum eignum aðrir en þeir, sem sízt skyldi.

Þetta þykir mér hinn mesti misskilningur af svo gáfuðum manni sem hv. 3. þm. Reykv. er, að hann skuli ekki geta fallizt á það, að við verðum að breyta þessu, sem var gott og gilt fyrir mörgum öldum. Það þýðir ekki að ætla sér að hanga í því, sem var gott og gilt fyrir mörgum öldum.

Ég fyrir mitt leyti vildi lýsa þessari skoðun minni. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar, að bændurnir eigi að eiga ábýlisjarðir sínar sjálfir, og ég styð þá skoðun mína þeim rökum, sem ég nefndi áðan, að þá fyrst fór hagur bændanna á Íslandi að blómgast, þegar þeir gátu orðið sjálfseignarbændur, þegar þeir hættu að vera leiguliðar.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þetta er nú komið til 3. umr. hér í hv. d., og meiri hl. landbn. mælti með því, að frv. yrði samþ. Í grg. með frv. er prentað sem fskj. bréf til flm. frá stjórn Utanverðunesslegats. Í niðurlagi þess bréfs segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Legatsstjórnin telur eftir atvikum mjög æskilegt, að söluheimildin verði eigi eingöngu bundin við núv. leigutaka, heldur hafi hún óbundnar hendur um að leita kauptilboða og haga sölu í samræmi við það.“

Ég vil vekja athygli á þessu í niðurlagi bréfsins frá stjórn legatsins. Hins vegar hefur hv. n. ekki tekið neitt tillit til þessa í umsögn sinni eða tillögum um málið.

Þá vil ég enn benda á það, að með nál. hv. minni hl. landbn. er fskj., útdráttur úr fundargerð hreppsnefndar Ríþurhrepps frá 29. jan. í vetur, ásamt skýringum á afstöðu meiri hl. hreppsnefndar. Í þessari umsögn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Ríþurhrepps mælir fyrir sitt leyti með því, að frv. til l. um heimild til sölu á kristfjárjörðinni Utanverðunesi í Ríþurhreppi verði samþ., en telur eðlilegt, að salan sé ekki bundin við núv. leigutaka.“

Þarna kemur fram það sama hjá hreppsnefndinni og hjá stjórn legatsins. Það er óskað eftir því, að salan sé ekki bundin við núv. leigutaka jarðarinnar. Þá segir og í þeim skýringum, sem með fylgja frá meiri hl. hreppsnefndar í Ríþurhreppi, að það væri mjög æskilegt, að sveitarstjórn gæti haft nokkra hönd í bagga um kaupanda, ef til sölu á jörðinni skyldi koma. Fram hjá þessu er alveg gengið hjá hv. landbn. Hún tekur ekkert tillit til þessara atriða, sem ég hef nú vikið að. Við 2. umr. málsins vakti ég einnig athygli á því, að frv. væri þannig úr garði gert, að það væri ekki hægt fyrir d. að láta það frá sér fara í þeim búningi, sem það nú er, þar sem þar er lagt til, að veitt verði heimild til að selja ábúanda hálfa jörðina, en síðar segir, að jörðin skuli seld því verði, sem dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir. Það liggur í hlutarins eðli, að um slíkt er ekki að ræða, ef aðeins má selja ábúanda. Þá mundi hann aldrei fara að bjóða hærra en dómkvaddir menn meta. Þannig er þetta frv. svo gallað, að ég get ekki séð, að það sé hægt fyrir hv. d. að samþ. það, eins og það liggur fyrir. Ég vil vekja athygli á því, að ég tel, að landbn. hefði þurft að athuga betur þessar umsagnir og miða síðan till. við að taka nokkurt tillit til þeirra.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, þykir mér, að margt hafi þar ásannazt, sem ég sem minni hl. hef haldið fram, að þetta frv. ætti ekki að samþ. hér í d., og er ég sammála þeim mönnum, sem sýnt hafa fram á það, að frv. er í eðli sínu þannig, að það væri þessari hv. d. ekki til neins sóma að samþ. það. Ég hef lagt til, að frv. yrði fellt. D. hefur hins vegar sýnt nokkurn lit á því, að hún muni ekki fara svo að, og þykir mér þá mjög koma til greina, að hv. landbn. féllist á það að taka frv. til nýrrar athugunar á grundvelli ýmissa þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir og lágu reyndar fyrir, áður en frv. var afgreitt í n., en virðist ekki hafa verið nægur gaumur gefinn þar.

Hv. frsm. n., hv. 2. þm. Norðurl. v., Jón Pálmason, gat hér svolítið um afstöðu mína í nefndinni, þegar hann talaði um frv. síðast. Nú skal það tekið fram, að hér er um að ræða grandvaran mann og gegnan í öllu því, sem ég til veit, og ég hygg þess vegna, að það hafi ekki verið af ásetningi hans, að hann gerði mér hér upp afstöðu til málsins, sem ég get ekki algerlega skrifað undir. Hann afgreiddi mína afstöðu í n. svo einfaldlega, að ég og mínir flokksmenn værum alltaf á móti því að selja jarðir einkaaðilum og væri þess vegna ekki nema eðlilegt, að ég hefði verið á móti þessu máli. Nú er það ekki rangt hjá honum, að bæði ég og aðrir mínir flokksmenn óskum frekar eftir því, ef um er að ræða sölu á jörðum úr ríkiseign, að þær verði eign hreppsfélaga eða almenningssamtaka, heldur en þær geti lent í braski, sem oft vill verða, þegar um einkaeign er að ræða. Á hinn bóginn hef ég svo oft tekið þátt í að samþykkja sölu á jörðum til einkaaðila, að það er alveg rangt að halda því fram, að hér sé um að ræða þess háttar afstöðu, að ekkert annað komi til greina. Í þeim efnum hef ég í landbn. í afstöðu minni til mála talið það skipta verulegu máli, hvort um það væri að ræða, að viðkomandi jörð gæti haldizt í ábúð með eigendaskiptum eða ekki. Ef um það hefur verið að ræða, að hægt væri að halda bújörð í ábúð með því að selja hana einkaaðila, þá hef ég kosið það frekar, að hún væri byggð í einkaeign en hún stæði í eyði, þó að hún væri ríkiseign. En um jörðina Utanverðunes í Ríþurhreppi hef ég margtekið fram, að það skiptir sköpum um afstöðu mína í því máli, að ég er á móti þessu frv., að dómi þeirra manna, sem gleggst mega um það vita, þ. e. a. s. hreppsnefndar-

innar í Rípurhreppi eða a. m. k. meiri hl. hennar, þá er það hennar mat, að þessi jörð muni ekki haldast í ábúð eða það sé a. m. k. æði vafasamt, að hún haldist í ábúð, ef hún verður seld þeim aðila, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að verði kaupandi hennar. Þetta ræður algerlega úrslitum um það, að ég er á móti þessu frv. Það skal einnig tekið fram, að ég álít, að það sé ekki heppileg þróun að láta jarðir, þ. e. a. s. fósturjörð okkar, ganga úr eigu ríkisins eða samfélags fólksins yfir til einstaklinga, sem síðar geta notað jarðirnar oft og tíðum við breyttar aðstæður, við myndanir þorpa eða við tilkomu einhverra þeirra lífsgæða, sem í námunda við jörðina liggja, þannig, að þeir geti þá kannske tekið margfalt verð jarðarinnar eða gert jörðina að skattstofni fyrir það fólk, sem á afkomu sína tengda við hana.

Ég er sannfærður um, að hv. frsm. og raunar allir sanngjarnir menn sjá það, að oft er stefnt til vandræða með einkarétti manna á landi. Ef við lítum t. d. yfir til okkar nágrannaþjóðar, til Dana, þá vita það allir, sem nokkuð þekkja til mála þar í landi, að í því þéttbyggða landi eru að myndast tvær stéttir, annars vegar Danir, sem eiga Danmörku, og hins vegar Danir, sem eiga enga Danmörku og geta ekki fengið hana keypta, a. m. k. ekki, ef þeir eiga ekki morð fjár. Þannig liggur það í augum uppi, að almennt talið er það miklum mun heppilegra, að fósturjörð þeirrar þjóðar sé hennar sameign, heldur en þar geti einstaklingar notað sjálfa fósturjörðina sem skattstofn á þá þjóð, sem hana byggir. Þeirri skoðun minni skal ég sízt af öllu afneita, enda þótt hitt séu staðreyndir, að við okkar aðstæður hef bæði ég og flokksmenn mínir yfirleitt fylgt þeirri reglu, að ef eignarrétturinn á jörðinni ræður úrslitum um það, hvort hún helzt í byggð eða ekki, þá höfum við yfirleitt látið það ráða. En ég undirstrika það og vitna til þess, sem upp var lesið hér af hv. síðasta ræðumanni, að það er mat hreppsnefndarinnar í Rípurhreppi eða a. m. k. meiri hl. hennar, að það sé engin trygging fyrir búsetu á jörðinni Utanverðunesi, þó að þetta frv. verði samþ. og sala fari fram skv. því.

Ég vil því til viðbótar því, sem hér hefur komið til að upplýsa þetta mál, geta þess, að nú hefur komið í ljós, sem ekki liggja nú hér nein plögg fyrir um, að í landi jarðarinnar Utanverðuness mun vera viti, eign ríkisins, og í þessu frv., sem gerir ráð fyrir sölu á jörðinni, eru engar skorður reistar við því, að það verði ekki einnig selt landið undan vitanum, sem ríkið þarf sjálft á að halda, og tel ég, að þetta eitt út af fyrir sig væri nægilegt tilefni til þess, að nefndin settist á rökstóla að nýju og athugaði málið. En það er raunar æðimargt meira, sem n. hefur ástæðu til að athuga, og því eru það mín tilmæli til formanns landbn., að hann fallist á það að óska eftir því, að málið verði ekki endanlega afgreitt út úr d. hér á þessum fundi, heldur óski hann eftir fresti á afgreiðslu þess, og landbn. komi saman að nýju og skoði málið í ljósi þeirra upplýsinga, sem um það hafa komið fram í umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Eins og ég tók fram í fyrri hluta þessarar umr., sé ég enga ástæðu til að fresta þessu máli og vísa því aftur til hv. landbn., því að allar þær upplýsingar, sem nefndar hafa verið, lágu fyrir n., og hún hefur ekkert fengið nýtt í málinu, sem gæti verkað á það að breyta hennar afstöðu.

Ég vil út af ræðu míns meðnm., hv. 6. þm. Sunnl., biðja hann afsökunar, ef ég hef tekið of djúpt í árinni um hans skoðun. En ég mundi ekki eftir því, að hann hefði nokkurn tíma eða hans flokksmenn samþ. sölu á jörðum eða löndum til einstaklinga.

En varðandi það, að þetta sé sérstakt mál, þá er það að sumu leyti og sérstaklega að því leyti til, að hér er farið fram á heimild til þess að selja jörðina í tvennu lagi.

Um álit hreppsnefndarinnar er það að segja, eins og fyrir liggur, að hún samþ. á sínum fundi, öll nefndin, að mæla með sölunni, og fer fram á það, að það sé ekki bundið við ábúandann. Nú er það ekki eðlilega bundið við ábúandann nema á þeim hluta jarðarinnar, sem hann hefur ábúðarrétt á, og ef á að selja þann hluta jarðarinnar, þá er ekki hægt að ganga frá forkaupsrétti ábúandans, ef nokkur sala á að verða.

Um hitt atriðið, sem hér hefur verið minnzt á af tveim síðustu ræðumönnum, að það sé vafasamt um ábúð á jörðinni, ef þessum ábúanda sé seldur sá hluti, sem um er að ræða, þá er það að segja, að í frv. er það skv. till. n. og það er ætlazt til þess, að sá hluti jarðarinnar sé gerður að ættaróðali, sem er á vissan hátt trygging fyrir ábúð á jörðinni. Og hvaða hreppsnefnd sem er hefur það á valdi sínu að taka jörðina í sínar hendur, ef hún er sett í eyði. Auk þess er hér aðeins um heimildarlög að ræða, og hæstv. ráðh., sem um þau á að fjalla, hefur það á valdi sínu að setja einhverjar frekari skorður, sem ég sé nú ekki, að sé ástæða til, fyrir kaupandann. Hitt er ekkert óeðlilegt með hinn hluta jarðarinnar, sem er nú í höndum Búnaðarsambandsins, og eiginlega til þess vísað af stjórn legatsins, að þeirri stofnun sé seldur jarðarhlutinn, en ef það býður einhver hærra í það en matsverð, þá getur það alveg staðizt, en það stenzt ekki varðandi ábúandann, sem hefur forkaupsrétt að sínum helmingi af jörðinni. Að öðru leyti er það augljóst, að það er dálítið leiðinlegur klofningur í hreppsnefnd þessa hrepps út af þessu máli, og ég var nú í dag að fá bréf um það frá manni úr minni hl., og hann segir, að þeir hafi aldrei verið látnir vita um þetta síðara bréf, sem meiri hl. sendi og er byggt á mjög miklum blekkingum, þar sem þeir tala um, að ábúandinn eigi aðra jörð. Og það er eitt rétt í því, eins og ég tók fram hér um

daginn, að hann á þriðjung í lítilli jörð, sem tveir bræður hans búa á og er þannig jörð, að það er útilokað að gera hana að þríbýlisjörð. Þess vegna er þetta frá meiri hl. hv. hreppsnefndar algerlega blekkjandi atriði. Ég tel þess vegna, og það er óhætt að segja það, að meiri hl. landbn., sem eru fulltrúar þriggja þingflokkanna í nefndinni, mæli með því, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir, og að fara að vísa því aftur til n. tel ég óþarft.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá till., að þessu máli sé vísað aftur til hv. landbn. Og mér heyrðist hv. frsm. meiri hl. í landbn. færa rök fyrir því hér áðan. Hann segir, að hann hafi síðast í dag verið að fá bréf, sem upplýsi, að það séu einhverjar blekkingar í sambandi við þetta. Ég er hræddur um, að það þurfi að rannsaka þetta mál allt saman miklu betur. Ef það er svo, að hreppsnefnd er margklofin og meiri hluti heldur þessu fram og minni hl. hinu, þá held ég, að það minnsta, sem hægt sé þó að gera, áður en farið er að leggja svona mál fyrir Alþingi til þess að afgreiða það, sé, að við vitum nokkurn veginn, hvernig partarnir standa og hverjir þeirra segja satt.

Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess fyrir Alþingi að flýta þessu máli svona óskaplega. Það er búið að sýna fram á mótsagnirnar, sem eru í sjálfu frv., þannig að það er ekki vansalaust lögfræðilega séð að láta það fara frá hv. d., og svo hins vegar er verið að upplýsa, að það er enn þá verið að deila um, hvort svo og svo miklar forsendur séu réttar eða réttar ekki. Ef einn aðilinn hefur rétt á síðustu stundu til að koma og segja: Þetta eru blekkingar, -- þá ætti þó annar aðilinn og sérstaklega meiri hl. hreppsnefndarinnar, sem þarna er um að ræða, að hafa rétt til þess að koma aftur og svara, hvort þetta séu nokkrar blekkingar. Hvað er það, sem liggur svona mikið á í þessu máli? Er þetta endilega eitthvert prinsip-mál orðið, að það eigi að fara að selja kristfjárjarðirnar? Alþingi hefur þó vísað því frá áður, þegar það var lagt fyrir sem prinsip-mál, þegar átti að gera það að reglu og heimila ríkisstj. að selja allar slíkar jarðir. Ég held þess vegna, að hv. frsm. meiri hl. landbn. hefði bókstaflega átt að fallast á það að vísa þessu máli aftur til n., og ég vil eindregið taka undir till. um það, að slíkt verði gert.

Hins vegar lýkur hv. 2. þm. Norðurl. v. sinni ræðu með þeim orðum, að hér sé hann og þrír með honum, fulltrúar þriggja stærstu þingflokkanna, meiri hl. í þinginu, og þá sé ekki um neitt meira að ræða. Ég kann satt að segja ekki við svona hluti. Þó að þrír menn í einni n. komi sér saman um að mæla með einhverju og afgreiða eitthvað frv. þannig frá sér, að þeir hafi ekki einu sinni rannsakað það almennilega, þá þýðir það ekki þar með, að það sé verið að binda þingflokkana, sem þessir menn eru í, og það um mál eins og þetta, hvort eigi að selja eina jörð eða ekki. Fyrr mætti nú vera flokksræðið hér á Alþingi, ef það væri komið svo, að enginn maður, sem tilheyri þessum flokkum, megi hafa neina sjálfstæða skoðun eða neina sjálfstæða hugsun, ekki einu sinni um það, hvort almennilega sé gengið frá frv. eða ekki. Ég kann satt að segja ekki við yfirlýsingar um, að hér hafi talað fulltrúar þriggja þingflokka og þar með sé málið útkljáð. Mér þykir orðið nokkuð lítið úr allri einstaklingshyggju og öllu einstaklingsfrelsi, svo framarlega sem það er orðið svo. Maður getur skilið þetta, þegar um er að ræða t. d. fjárl., og gengur það þó orðið mjög langt með þau, eða þau mál, sem ríkisstj. gerir að fráfararatriði. En að það geti verið komið svo á Alþingi Íslendinga, að það, hvort einhver smájörð einhvers staðar norður í Skagafirði sé seld og það með lagafrv., sem sé heldur óklárlega útbúið, og þar að auki alls ekki víst, hvort sé mælt með því eða ekki af hálfu hreppsnefndar, að það eigi að vera bundið af hálfu þriggja þingflokkanna, af því að þrír menn úr þeim hafi verið með því, þá þykir mér satt að segja skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Ég hef satt að segja alls ekki trúað því, að þeir menn, sem fylgja Sjálfstfl. eða Alþfl. eða Framsfl., litu svo á, að þeir væru bundnir með þessu, enda sýndi það sig líka í atkvgr. hér. T. d. framsóknarmenn litu alls ekki þannig á hér í þd., að þeir væru bundnir í öllu, þó að þeirra maður í n. hefði að miklu leyti svipaða skoðun og hv. 2. þm. Norðurl. v.

Ég held þess vegna, að þetta mál þurfi að athugast miklu betur, í fyrsta lagi í n., en gjarnan líka í d. Í þeim umr., sem fram hafa farið, hefur verið lagt nokkuð mikið upp úr því, að þessi jörð væri kannske ekki sérstaklega mikils virði. Ég hef nú undirstrikað það, að jafnvel þær jarðir, sem oft er verið að ræða um hér og eru í eyði, geta orðið að mjög miklu verðmæti, þó að svo hátti til í augnablikinu, að ekki sé búið á þeim. Þar að auki er vitanlegt, að það eru mörg hlunnindi oft í sambandi við þessar jarðir, sem gera þær mjög dýrmætar líka. En alveg sérstaklega það, sem kemur til með að gera jafnvel þessa jörð, eins og allar aðrar, sem verið er að ræða um, dýrmætar í framtíðinni, það er, að Ísland er óðum að byggjast. Jafnvel þó að eitthvað af jörðum fari í eyði núna, þá kemur það á næstu kynslóðum langt til með að verða albyggt aftur, og fyrst og fremst verður það jörðin, sem verður óskaplega dýrmæt. Menn gætu bara hugsað sér, hvað jörðin — við skulum segja bara hérna við Tjörnina kostaði fyrir 70 árum. Ég veit af einni jörð, sem var seld fyrir gamla eldamaskínu þá, og menn geta bara ímyndað sér, hvers virði það er í dag. Og ef menn hafa eitthvert ofur lítið hugmyndaflug, geta þeir nokkurn veginn gert sér grein fyrir, hvers virði jarðir á öðrum eins stað, öðrum eins framtíðarstað og Skagafirðinum, muni verða eftir ein 60—70 ár.

Hins vegar kom hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ) inn á það í ræðu, sem hann hélt hér um þetta

mál, að hann væri á því, að það væri ekki fyrst og fremst heppilegt, að bændur yrðu að búa á ríkisjörðum, þeir ættu sjálfir að eiga sínar jarðir. Það var alveg rétt, að sú barátta, sem íslenzkir bændur háðu fyrir því að eignast sínar jarðir á síðari hluta 19. aldar og framan af 20. öld, var alveg rétt barátta. Það var nauðsyn fyrir þá að eignast þessar jarðir og láta afnema þá gömlu leiguliðaafstöðu, sem þá var, að tiltölulega fáir menn ættu svo að segja mestallar jarðirnar í landinu og leiguliðarnir byggju við mjög slæm kjör, enda var háð löng og mikil barátta fyrir því á þeim tímum, að bændur gætu sjálfir eignazt sínar jarðir, einmitt til þess að geta búið á þeim. En við skulum aðgæta þá þróun, sem hins vegar hefur orðið nú upp á síðkastið. Þetta var hárrétt þróun þá og er í ýmsum tilfellum enn þá. En hver er þróunin að verða, sem meira og meira gerir vart við sig núna og er að skapa vandamál þeim bændum, sem reyna að búa á sínum eigin jörðum? Þróunin er sú, að við tilkomu kapítalismans á Íslandi fer jarðarverðið sífellt meir og meir að verða kapítaliserað, verða nytjað sem auðmagn, og nú er svo komið, að þegar sú bændakynslóð, sem nú er að kveðja, á að fara að afhenda sínar jarðir sínum börnum, þá eru þeir í vandræðum, vegna þess að það er ofviða fjöldanum öllum af þeim, sem við eiga að taka, að eiga að kaupa jarðirnar, þó að það sé af sínum systkinum. Þegar farið er að meta jarðarverðið til svo og svo mikils fjármagns vegna þeirra möguleika, sem í jörðinni kunna að felast, m. a. í framtíðinni og vegna þess, hvað eignarrétturinn á henni getur orðið mikils virði, þá er þetta fjármagn, sem jörðin er metin til, venjulega miklu, miklu meira en það, sem búrekstrinn þolir. Ástandið á þorranum af jörðum á Íslandi er það nú, að bóndinn, sem á að reka þessar jarðir, ef hann á að taka við og kaupa jörðina í dag á því, sem kallað er fullt verð, þá sligast hann undir því. Og svo og svo margar jarðir hafa farið í eyði vegna þess, að það er enginn, sem treystir sér til þess að taka við þeim. Sannleikurinn er, að það er að verða alveg nóg fyrir þorrann af bændum eða réttara sagt af afkomendum núverandi bænda að eiga að kaupa húsin, verkfærin og bústofninn, þó að þeir fái jörðina raunverulega ókeypis, sem með núverandi eignarréttarfyrirkomulagi er varla hægt öðruvísi en t. d. að ríkið eigi jörðina, en láti hana helzt ókeypis í erfðaábúð til þess manns, sem ræktar hana og vinnur á henni. Það er orðið þannig í dag, að þessi einstaklingseignarréttur, þegar á hann eru komin öll venjuleg kapítalísk, fjárhagsleg þyngsli, veðskuldir, vextir og allt annað slíkt, þá er það að gera jarðirnar óbyggjandi fyrir þá, sem eiga að vinna á jörðunum. Og þessa þarf að taka tillit til. Það þarf að finna út, hvernig á að gera sérstaklega þeirri ungu bændakynslóð, sem er að taka við núna og fer að taka við á næstu áratugum, kleift að byggja jarðirnar. Og venjulega rís hún ekki undir því að eiga að kaupa þessar jarðir við því verði, sem þar oft og tíðum er reiknað með. Og það er annað, sem kemur þarna inn í líka og er að flæma bændurna, þ. e. a. s. þá, sem eru að vinna á jörðunum, frá þeim. Það er, að fyrir utan að vera grundvöllurinn að landbúnaðarrekstri, þá hafa þessar jarðir ýmis hlunnindi, sem ýmsir menn sækjast eftir af öðrum ástæðum. Það er ekki hvað sízt kunnugt um margar jarðir, að auðugir menn, bæði í Reykjavík og annars staðar, eru að kaupa þær upp, ef það eru sæmilegar laxveiðijarðir, ef það eru hlunnindi í sambandi við þær, og kaupa þær þá upp á miklu hærra verði en t. d. sonur bóndans eða einn af sonum hans gæti borgað fyrir þær til þess að vinna á þeim í þjónustu landbúnaðarins. Og það eru jafnvel dæmi til, að það séu keyptar upp slíkar jarðir og síðan séu bókstaflega jarðirnar látnar fara í eyði, til þess að auðugir menn geti síðan stundað sínar laxveiðar þar í friði og boðið þangað útlendingum. M. ö. o.: það er að verki margs konar brask í sambandi við það auðvaldsskipulag, sem rutt hefur sér til rúms á Íslandi, sem er að flæma bændurna frá jörðunum og gera þeim á einn eða annan máta ókleift að stunda fyrst og fremst landbúnaðarrekstur þar, og ef þessi þróun heldur mjög lengi áfram á Íslandi enn þá, þá förum við að reka okkur á, að það verður ekki framleitt meira að segja nóg af landbúnaðarafurðum handa þeim Íslendingum, sem í landinu búa. Sá einstaklingseignarréttur, sem er bóndanum nauðsynlegur til þess að geta ráðið yfir sinni jörð, verður, eftir að kapítalisminn er farinn að gagnsýra þjóðfélagið, jafnvel oft og tíðum að fjötri á landbúnaðarframleiðslu bóndans vegna brasksins, sem kapítalisminn hefur í för með sér. Þetta er þróun, sem við erum að upplifa, og þetta er þróun, sem margir bændur sáu fyrir, eins og ég hef komið inn á áður, og vildu á ýmsan hátt reyna að afstýra og tryggja þannig sínum afkomendum að geta búið á sínum jörðum. Ég held, að þegar að því kemur, — og það er komið að því sums staðar, — að við lendum í erfiðleikum út af þessu, þá geti eitt af þeim formum, — ég efast ekki um, að einstaklingseignarréttur getur lengi viðgengizt á jörð enn þá, en líka bændum til hagsbóta, — þá er eitt af þeim formum, sem maður ætti að íhuga, hvort ekki gæti átt þarna vel við, það væri ríkiseign á jörðum með erfðaábúð til handa bóndanum og hans afkomanda, sem á jörðinni vill byggja og búa.

M. a. út frá þessu sjónarmiði álít ég, að það væri heppilegt, að ríkið yfirleitt eignaðist allar þær jarðir, sem nú eru að fara í eyði á Íslandi, og bæri ekki að selja þær eyðijarðir, sem það á nú á Íslandi. Ég efast ekki um, að það á eftir, þótt það yrði ekki fyrr en á næstu öld, að verða svo, að þessar eyðijarðir verða allar saman ræktaðar og hér verða þróaðar grastegundir, sem jafnvel á heiðajörðunum koma til með að passa ágætlega við þær. En ég álít, að það væri glapræði

að vera búinn að glopra eignarréttinum á þessum eyðijörðum eða möguleikanum til þess að eignast þær út úr höndum samfélagsins. Við tölum um það, að heilir hreppar séu að fara í eyði, t. d. á Vestfjörðum. Ég álít, að ríkið eigi að kaupa upp þessar jarðir, og ég álít heppilegra, að ríkið kaupi þær upp, heldur en einstakir auðmenn í Reykjavík kaupi þær upp til þess að gera þær að skemmtistöðum fyrir sig. Og þess vegna er ég yfirleitt á móti því, að eyðijarðirnar séu seldar, hins vegar ekki á móti því, að þær séu hagnýttar, t. d. til beitar um ófyrirsjáanlegan tíma, meðan ekki er farið að byggja þær aftur, af þeim bændum, sem þurfa á meiri beitijörðum að halda.

Einn bóndi þarf ekki að eiga þann afrétt, sem hann beitir. Og í mörgum tilfellum var það lengi vel svo og er víða, að einmitt beitilöndin eru sameign bæði hreppanna og annarra aðila, og er það langeðlilegast, enda gömul lög okkar, frá þjóðveldinu, lögin um ítölu, sem mæla svo fyrir og ganga út frá því sem forsendu, að það sé þannig. Ég held þess vegna, að við eigum að vera einmitt vegna bændanna og landbúnaðarins mjög íhaldssamir í þeim efnum að láta úr höndum ríkisins eignarréttinn á þeim jörðum, sem ríkið á nú, — það gildir allt annað um afnotaréttinn til svo og svo langs tíma, en eignarréttinn ekki. Ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt af því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu um þetta mál, en ég held þess vegna, að við eigum ekki að afgreiða þetta mál nú, ef það er knúið fram, að það sé atkvgr. um það nú, þá eigi að fella það. En það er *mín till.* eða sú till., sem ég vil taka undir, að þessu máli sé nú vísað til hv. landbn. til frekari athugunar á málinu.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Mér dettur nú ekki í hug, eins og gefur að skilja, að fara hér að ræða almennt um jarðakaup og sölu og ábúð og annað slíkt, sem viðkemur landbúnaðinum, þó að síðasti ræðumaður gæfi tilefni til þess, því að það yrði langt mál. En ég hlýt að gera tvær aths. út af hans ræðu.

Hann gekk svo langt, að hann vildi gera mér upp þá skoðun, að ég áliti, að allir þm. væru skyldugir að fylgja sínum fulltrúum í nefnd, landbn. eða öðrum. Ég sagði ekkert um þetta, og mér hefur auðvitað aldrei dottið í hug, að slíkt kæmi til greina. Það hafa allir þm. frjálsar hendur. Ég tók það eitt fram, sem hver þm. getur séð, að það eru fulltrúar þriggja þingflokkanna í landbn., sem eru sammála um þetta mál. Allar bollaleggingar hv. síðasta ræðumanns um öfgaskoðanir frá mér í þessu efni eru alveg út í loftið.

Annað var það, sem hann tók fram hér um bil í byrjun sinnar ræðu, og það var, að það væri nauðsynlegt að fresta málinu, af því að ég hefði lýst því yfir, að það væri um að ræða blekkingu hjá hv. meiri hl. hreppsnefndar þarna norður í Rípurhreppi. Ég er þeirrar skoðunar, og það er ekkert um að villast, hvaða blekking það er, það er ekki nema eitt atriði, og ég er búinn tvisvar að lýsa hér yfir, hvað það er. Þeir halda því fram, að þessi maður, sem er ábúandi á hálfu Utanverðunesi, eigi aðra jörð og geti búið þar. Og ég get upplýst það fyrir hv. þdm., hvaða blekkingu er hér um að ræða, því að þessi maður á þriðjung í lítilli jörð, sem heitir Hróarsdalur, og á jörðinni búa tveir bræður hans, og það er fullerfitt fyrir þá að hafa hana fyrir tvíbýlisjörð, en engum kunnugum manni mundi detta í hug að gera hana að þríbýlisjörð. Þess vegna er þarna frá mínu sjónarmiði og annarra manna í landbn. um blekkingu að ræða, en um aðra hluti er ekki þar að tala.

Allt það, sem hér hefur komið fram, er þess vegna þannig vaxið, að það er engin ástæða til þess að vísa þessu máli til landbn. aftur. Hitt leiðir af sjálfu sér, að hver hv. þm. í d. hefur það á sínu valdi, hvort hann vill samþykkja þetta frv. eða samþykkja það ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, var flutt í hv. Nd. og hefur gengið í gegnum hana. Það var flutt þar samkv. ósk stjórnar Utanverðunesslegats, en efni þess er það, eins og frv. hefur verið samþ. í Nd., að stjórn Utanverðunesslegats heimilast að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, enda verði hún gerð að ættaróðali, og enn fremur er svo heimilað að selja hinn hluta jarðarinnar. Ég vildi aðeins leyfa mér að benda á, áður en málið fer til n. hér í þessari hv. d., að stjórn legatsins óskaði eftir því, að söluheimildin yrði ekki bundin við ábúanda, eða eins og segir í bréfi legatsstjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Legatsstjórnin telur eftir atvikum mjög æskilegt, að söluheimildin verði eigi eingöngu bundin við núv. leigutaka, heldur hafi hún óbundnar hendur um að leita kauptilboða og sölu í samræmi við það.“

Þegar frv. var flutt í hv. Nd., var það á þá lund, að söluheimildin á þeirri hálflendu, sem hér er um að ræða, var bundin við ábúanda, en í meðferð Nd. var því skilyrði bætt við, að jörðin yrði þá um leið gerð að ættaróðali. Heima fyrir í hreppnum er ágreiningur um þetta mál. Að vísu geta allir hreppsnefndarmenn fallizt á það, að það sé eðlilegt, eins og nú er komið, að leyfð sé sala á jörðinni, og legatsstjórnin hefur fallizt á það fyrir sitt leyti og telur, að tilgangi legatsins sé hægt að ná, eins þótt jörðin sé seld. En ágreining-

urinn innan hreppsnefndarinnar er um það, að meiri hluti hreppsnefndarinnar vantreystir því, að sá, sem telst nú hafa ábúð á jörðinni, muni búa á jörðinni í raun og veru og hafa þar ábúð til frambúðar, og hefur hreppsnefndin eða meiri hl. hennar bent á, að sá aðili hafi aðra jörð í þessum hreppi, þá, sem hann nú hafi byggt upp, en a. m. k. 2 s. l. ár hafi hann þrátt fyrir það átt að mestu heima á Sauðárkróki. Það er skiljanlegt, að hreppsnefndin telji æskilegt, að þessi jörð haldist í raunverulegri ábúð, og telji það æskilegt, ef hún er seld, að þá sé reynt að tryggja um leið, að sá, sem kaupir, búi á jörðinni, sem er talin að ýmsu leyti góð jörð og hlunnindajörð.

Af þessum sökum vildi ég beina því alveg sérstaklega til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, sem væntanlega verður hv. landbn., að hún kynni sér þetta málefni rækilega, kynni sér, hvort ekki er rétt, sem hreppsnefnd segir um þetta, og athugi þá af því tilefni, hvort ekki sé rétt að breyta frv. í það horf, sem stjórn legatsins upphaflega óskaði eftir, að það væri um söluheimild að ræða fyrir stjórn legatsins, sem ekki á neinn hátt væri bundin sérstaklega við ábúanda. En þó að ábúandi kunni að lögum að hafa kauprétt á jörðinni, þá gætu auðvitað lög, sem sett eru sérstaklega um söluna, gert þar undantekningu frá. Eða ef það ekki fæst, hvort það væri þá ekki hægt að setja í þetta frv. einhvern varnagla, sem miðar að því, þar sem t. d. svo væri fyrir mælt, að salan væri því aðeins heimil, að líkur væru til þess, að ábúð héldist á jörðinni. Mér er að vísu ljóst, að það er erfitt að setja svona ákvæði í lögin, en ég held þó, að slíkur varnagli gæti verið til leiðbeiningar fyrir stjórn legatsins og hún gæti þá líka haft eitthvað við að styðjast í þessu máli.

Þó að ég sé þeirrar skoðunar, að það beri að sjálfsögðu að fara varlega í því að raska við fornum gjafabréfum og eigi að fara varlega í því að selja svona jarðir, þá held ég, að það verði ekki komizt fram hjá því að taka tillit til breyttra aðstæðna og verði ekki komizt hjá því eftir atvikum að leyfa sölu á slíkum jörðum. Og ég hef í sjálfu sér ekki sérstakar aths. við það að gera, að stjórn legatsins sé veitt söluheimild, en ég vil aðeins leggja enn áherzlu á, að þetta mál sé rækilega athugað, þar sem svona stendur á og þetta er ágreiningsmál þar heima fyrir, og ég hygg ekki venjulegt að gera slíkar ráðstafanir í andstöðu við hreppsnefnd eða meiri hl. hreppsn.

Það er náttúrlega aðeins formsatriði, en ekki þannig, að það skipti máli, en þó hefði mér þótt vel á því fara, að það hefði verið leitað umsagnar hreppsnefndar Hólahrepps um þetta mál, áður en það hefði verið afgreitt, því að þetta legat, sem þarna er um að ræða, á þó fyrst og fremst að vera til styrktar — eða átti að vera — börnum í Hólahreppi og því a. m. k. formlega séð ekki óeðlilegt, að þeim þar væri leyft að tjá sig um það, hvort þeir hefðu nokkuð við að athuga þessa breyt. á þessum eignastofni þessa legats. En það er auðvitað ekki loku fyrir það skotið, að það geti síðar meir haft æðimikla þýðingu fyrir þá hlutaðeigandi aðila, sem eiga að njóta arðs af þessari eign, hvort hún er seld nú eða hvort hún verður seld 100 árum síðar. En ég bendi aðeins á þetta.

Og svo vil ég að lokum segja það, að ábúandi sá, sem hér er um að ræða, sem hefur óskað eftir að fá jörðina keypta, hann hefur nú ábúð á henni, þ. e. a. s. hann nytjar hana. Ég vil út af fyrir sig ekki neitt sérstaklega mæla gegn þeim manni, en bendi aðeins á þessar ástæður, sem hreppsnefnd hefur bent á, en ég get ekki séð, að honum séu nein vandkvæði gerð, þó að þessari sölu sé ekki svo sérstaklega hraðað. Ég get ekki séð, að það liggi neitt sérstaklega á í þessu máli, þannig að ég held, að það sé affarasælast, að þetta mál sé athugað vel og athugað, hvort ekki sé hægt að sætta alla aðila, sem þarna eiga hlut að máli, þannig að það geti orðið samkomulag um lausn þessa máls. Þetta vildi ég biðja landbn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, að athuga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 342, n. 487).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Nd., og urðu þar talsverðar umr. um málið og ágreiningur, og hefur það orðið tilefni til blaðaskrifa.

Landbn. hefur athugað frv. og er sammála um að heimila þá jarðasölu, sem frv. fer fram á eða fjallar um. Hins vegar voru tveir nm. ekki við því búnir að mæla með því óbreyttu. En þar sem þetta mál hefur valdið nokkrum umr., tel ég rétt að fara um þetta nokkrum orðum.

Jörðin Utanverðunes í Rípurhreppi er kristfjárjörð og eign svonefnds Utanverðunesslegats, og hefur legatsstjórnin óskað eftir lagaheimild til þess að selja jörðina. En kristfjárjarðir eru þær jarðir kallaðar, sem hafa orðið eign tiltekinna byggðarlaga, flestar með gjafabréfum og þeim skilmálum, að tekjur af þeim, þ. e. leigutekjur, gengju til framfæris snauðu fólki í vissum byggðarlögum eða byggðarlagahlutum. Yfirleitt munu gefendur slíkra fasteigna hafa ætlazt til, að sú góðgerðastarfsemi, sem af gjöfunum flaut, yrði ævarandi, og þótti framfærsla fátækra af kristfjárjarðatekjum aðgengilegri en venjulegt sveitarframfæri. Af þessum sökum hefur stundum verið um það deilt, hvort heimilt væri að selja slíkar fast-

eignir eða jafnvel að gera um það sérstök lög. Sú hefur þó orðið reyndin á, að fordæmi eru fyrir því, að Alþingi hefur með lögum heimilað sölu kristfjárjarða eftir beiðni þeirra manna, er yfir þeim réðu. Bent hefur verið á, að hinir breyttu tímar hafi gert hinn góða tilgang gefenda kristfjárjarðanna að sama sem engu, því að afgjöld þeirra, þ. e. tekjur af þeim, eru orðin svo lág, að þau hrökkva raunar ekkert sem dregur til þeirra hluta, sem þeim var upphaflega ætlað; þarfir fátækra einnig allt aðrar, síðan tryggingar komu til, og einnig er nú litið á fátækraframfæri hreppsfélaga allt öðrum augum en áður var. Þó er önnur ástæða enn þyngri, er setti ráðamenn þessara jarða í þau spor, að annað tveggja verða þeir að sjá jarðirnar níðast niður og fara að lokum í eyði eða fá heimild til að selja þær ella. Þeir hafa engin fjárráð til að byggja á þeim eða gera aðrar umbætur, og ábúendur geta ekki heldur gert það nema hætta því til að fá ekkert fyrir umbætur sínar, ef þeir verða að fara af jörðunum. Heimild til sölu á þessum jörðum hefur því verið veitt sem nauðsynleg ráðstöfun til að auka möguleika eða jafnvel skapa fyrir því, að á jörðunum verði búið og umbætur á þeim gerðar eins og nauðsyn krefur.

Að þessu öllu athuguðu hefur landbn. hallazt samhljóða að því að mæla með, að Utanverðunesslegati verði heimilað að selja jörð þessa. Hins vegar vildi minni hl. n. áskilja sér rétt að flytja brtt. við frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. eins og Nd. gekk frá því.

Um það atriði, sem deilt var um í Nd. og jafnvel urðu blaðaskrif út af, er þetta að segja:

Núv. ábúandi jarðarinnar hefur haft þar ábúð í sex ár og öðlazt þar með mikinn rétt til að sitja fyrir um kaup.. Þriggja ára ábúðartími gefur t. d. landsetum ríkisins kauprétt að ábúðarjörðum sínum samkv. l. frá 1948. Eðlilegt sýnist því samkv. því, að ábúendur annarra jarða í opinberri eigu hafi einnig svipaðan rétt. Hitt er þó enn meira atriði, að maður þessi hefur á þessum 6 árum keypt hús þau, er voru á jörðinni, þegar hann flutti þangað, byggt stóra heyhlöðu, undirbúið byggingar að íbúðarhúsi, gert miklar girðingar úr vírneti og gaddavír, ræst fram mikið votlendi og lagt í nokkurn kostnað við að koma upp æðarvarpi, lagt í kostnað við vatnsleiðslu, og fleiri umbætur mun hann hafa og gert á jörðinni. Þetta mun hafa kostað hann a. m. k. um 300 þús. kr., og eru engar líkur til, að hann fái þennan kostnað endurgreiddan að nokkru ráði, ef annar maður kaupir jörðina, og getur það naumast talizt í samræmi við réttlætið. Þessi jörð er illa hýst og liggur fyrir að byggja þar íbúðarhús, en ábúandinn mun að sjálfsögðu ekki geta lagt í þann kostnað, þar sem hann hefur enga tryggingu fyrir því að fá hann endurgreiddan. Ég tel, að þessar umbætur, sem ábúandinn hefur gert á jörðinni, og sá réttur, sem mér virðist hann eiga miðað við aðra ábúendur að sitja fyrir um kaup, þar sem hann hefur haft ábúð í sex ár, ráði úrslitum um það, að rétt sé að mæla með því, að frv. verði samþ. í því formi, að ábúandinn fái að kaupa jörðina.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en legg til, eins og ég hef þegar tekið fram, f. h. meiri hl. landbn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Legatsstjórn óskaði eftir söluheimild á þessari jörð, sem hér er um að ræða, en tók jafnframt fram í þeim tilmælum sínum, að hún teldi eftir atvikum mjög æskilegt, að söluheimildin yrði ekki eingöngu bundin við núverandi leigutaka jarðarinnar. Í Nd. var þó mál þetta ekki flutt á þeim grundvelli, heldur var efni frv. það, að legatsstjórninni heimilaðist að selja ábúanda, eins og þar stendur, hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, og þannig gekk hv. Nd. frá þessu frv., og í þeirri mynd kom það til Ed., þó að að öðru leyti væru gerðar nokkrar breytingar á frv. í hv. Nd. Fyrir hv. Nd. lá þó umsögn hreppsnefndar Rípurhrepps, undirrituð af öllum 5 hreppsnefndarmönnum þar, þar sem tekið var fram, að talið væri eðlilegt, að salan væri ekki bundin við núverandi leigutaka.

Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í þessari hv. d., þá benti ég á þessar staðreyndir í málinu og skaut því til hv. landbn., hvort hún vildi ekki taka það til athugunar að breyta frv. í það horf, sem legatsstjórnin hafði upphaflega óskað eftir að það væri flutt í og öll hreppsnefnd Rípurhrepps hafði mælt með. Ég hef í sjálfu sér enga tilhneigingu til þess að blanda mér í þær deilur, sem spunnizt hafa út af þessu máli. Og ekki hef ég heldur neina tilhneigingu til þess að gera lítið úr því, sem sá maður, sem nú hefur nytjað jörðina, kann að hafa gert á jörðinni. Skal ég ekkert vefengja, að þær upplýsingar, sem hv. frsm. fór hér með, séu réttar, þó að þær upplýsingar liggi mér vitanlega ekki fyrir í skjölum þessa máls. Ég skal út af fyrir sig ekki heldur fara að innleiða neinar deilur við hann um það, hver kunni að vera réttur þessa aðila. Ég bendi aðeins á það, að bæði legatsstjórnin og hreppsnefnd Rípurhrepps hafa nefnt hann leigutaka, en ekki ábúanda, enda mun það mála sannast, að a. m. k. s. l. 2 ár hafi hann aðeins haft nytjar jarðarinnar, en naumast getað talizt ábúandi hennar í skilningi ábúðarlaganna.

Nú hefur hv. landbn. ekki séð sér fært að taka til greina þær ábendingar, sem ég beindi til hennar, og er því auðséð, að málið verður héðan afgreitt í því formi, sem það liggur nú fyrir í, þó að það sé þá þannig úr garði gert, að það sé engan veginn að öllu leyti í samræmi við óskir legatsstjórnarinnar sjálfrar, sem frumkvæði átti þó að því, að þetta mál var flutt hér inn á Alþingi, og ekki heldur í samræmi við umsögn hreppsnefndar í Rípurhreppi. En þar sem hér er aðeins um að ræða heimild fyrir legatsstjórnina til að selja jörðina, heimild, sem hún ræður, hvort hún notar eða ekki notar, og getur því látið vera að selja þeim

manni jörðina, sem talinn er hafa haft hana í ábúð að undanförnu, ef hún treystir því ekki, að hann muni búa á jörðinni, þá mun ég ekki flytja neinar brtt. við þetta frv. og ekki leggja stein í götu þess að öðru leyti, þó að ég hefði hins vegar talið það skemmtilegri afgreiðslu hjá hv. landbn. að sníða frv. þann stakk, sem legatsstjórnin óskaði eftir. En eins og ég hef þegar sagt, gerist ekki annað með þessu frv. en legatsstjórnin fær þessa heimild, og ef hún vill ekki selja þessum manni, þá verður þessi jörð áfram í eigu þessa legats, og það er kannske ýmissa hluta vegna bezt, að svo sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Ed., 8. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 604).

---

62. Lántaka vegna vatnsveitufranikvæmda í Vestmannaeyjum.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna vatnsveitufranikvæmda í Vestmannaeyjum [92. mál] (þmfrv., A. 112).

Á 22. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 112 frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku að upphæð allt að 12 millj. kr., sem endurlánaðar yrðu Vestmannaeyjakaupstað til vatnsveitufranikvæmda. Frv. fylgir allýtarleg grg.

Það mun öllum ljóst, að bygging vatnsveitu í Vestmannaeyjum er nokkrum annmörkum háð og erfiðari í framkvæmd en bygging slíks mannvirkis í flestum kaupstöðum landsins, þar sem um enga vatnsuppsprettu er að ræða í Eyjum, sem til greina gæti komið að virkja til vatnsveitufranikvæmda. Eins og kemur fram í grg. frv., hefur á undanförnum árum farið fram allýtarleg athugun á möguleika á byggingu vatnsveitu til afnota fyrir almenning þar. Þessar athuganir hafa leitt í ljós, að sem undirstöðuatriði í þessu sambandi er um þrjár leiðir að ræða við öflun vatns fyrir þessa fyrirhuguðu vatnsveitu, og eru þær þessar: Í fyrsta lagi jarðborun, í öðru lagi með vinnslu vatns úr sjó og í þriðja lagi með vatnsleiðslu frá meginlandinu. Tilraunir með jarðboranir voru gerðar í Vestmannaeyjum árið 1955, en báru því miður ekki þann árangur, sem menn gerðu sér vonir um. Tilraunir þessar voru þó aðeins við það miðaðar að kanna, hvort undir Heimaey, sem er eyjan, sem kaupstaðurinn stendur á, væri svonefnt grunnvatn. Var því aðeins borað niður í sjávarmálsdýpið eða um 120 m, þar sem dýpst var borað, en eins og fyrr segir, því miður, án tilætlaðs árangurs. Verk þetta var framkvæmt af jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar undir eftirliti og í samráði við jarðfræðinga. Liggur því alveg ljóst fyrir, að vatns verður ekki aflað í Vestmannaeyjum eftir þessari leið, og koma því ekki til greina frekari jarðboranir í því skyni. En hins vegar hefur mjög verið rætt um þann möguleika að reyna þá leið að afla vatns með svokölluðum djúpborunum, sem þýðir, að bora verður niður í allt að 1000 m dýpi eða meir, og freista þess þannig að hitta á vatnsæð frá fastalandinu. Álits sérfræðinga hefur verið leitað í þessu sambandi og við þá rætt allýtarlega, en umsögn um þetta atriði liggur ekki enn fyrir frá þeim.

Í sambandi við vinnslu vatns úr sjó hafa Vestmanneyingar gert sér far um að fylgjast sem bezt með þeirri þróun, sem á sér stað í þeim málum. Fengu þeir árið 1956 erlendan sérfræðing til Eyja til viðræðna og athugunar á staðháttum og til þess að Vestmanneyingar hefðu betri aðstöðu til að gera sér grein fyrir, hvort þar væri um leið að ræða, sem byggja mætti á til frambúðar, ef ráðizt yrði í vatnsveitufranikvæmdir. Það var vitað þá og er vitað enn, að mjög víða um heim er eytt mjög miklu fjármagni til tilrauna í þessu sambandi. Tilraunastöðvar hafa verið settar upp og eru í gangi. Bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og víðar eru þegar byggðar stöðvar til framleiðslu á neyzluvatni úr sjó. En bæði stofn- og rekstrarkostnaður slíkra stöðva er enn það mikill, að vart er talið gerlegt að byggja vatnsveitu hér á landi á þeirri forsendu. Samkv. skýrslu þess opinbera aðila í Bandaríkjunum, sem hefur með þessi mál að gera, þ. e. a. s. með vinnslu á neyzluvatni úr sjó, er framleiðslukostnaður þar talinn vera um einn dalur á hver þúsund gallon, og svarar það til um 10—12 ísl. kr. á hvert tonn. Er í þessum útreikningum tekið tillit til stofnkostnaðar. En þess ber að gæta, að bæði orka til framleiðslunnar og stofnkostnaður mun vera verulega lægri í Bandaríkjunum en yrði hér á landi. Hins vegar er þróun þessara mála mjög ör, og ég tel ástæðu til að ætla samkv. nýjustu fréttum, sem um þetta hafa fengizt, að lausn þessa máls eftir þessari leið geti verið mun nær en við jafnvel höfum gert okkur vonir um og getum gert okkur grein fyrir.

Þriðja leiðin, sem um er rætt í grg. þessa

frv., er vatnsleiðsla frá meginlandinu út til Vestmannaeyja. Einnig þessi leið hefur verið athuguð allgaumgæfilega. Hefur af verkfræðingum verið gerð kostnaðaráætlun um slíka leiðslu. Leiðslan yrði rúmlega 20 km löng, og virðast engir tæknilegir örðugleikar á lögn hennar. Og að því er bezt verður séð, yrði hún ekki svo dýr, að ekki væri hægt að reka vatnsveitu eftir þessari leið. Hins vegar eru nokkrir erfiðleikar á að gera sér fulla grein fyrir, hvort óhætt er að treysta, að sjóleiðslan frá meginlandinu út til Eyja mundi haldast óskemmd. Vatnsleiðsla hefur aldrei áður verið lögð hér á landi við slíkar aðstæður. En vitað er, að erlendis hafa slíkar vatnsleiðslur verið lagðar á sjávarbotni um mun lengri leið en hér um ræðir og ekki komið þar að sök. Eftir lauslegri áætlun um slíka leiðslu, ef gengið væri út frá leiðslu, sem flytti um 2000 tonn, er talið, að hún mundi kosta 12—15 millj. kr. Ég skal taka það fram, að þá tölu ber að taka með nokkurri varúð, því að þetta er gert mjög lauslega og yrði að sjálfsögðu grandskoðað nánar, þegar þetta atriði verður athugað betur.

Ég hef hér í stórum dráttum rætt þær þrjár leiðir, sem af sérfróðum mönnum er talið að til greina komi til úrlausnar á þessu vandamáli Vestmanneyinga. Er full ástæða til að ætla, að jafnvel þegar á næsta ári og jafnvel fyrri hluta næsta árs fáist úr því skorið, hver þessara leiða mundi verða heppilegust talin, enda er nauðsynlegt, að svo verði, þar sem hér er um að ræða lausn á mjög aðkallandi vandamáli þessa byggðarlags. Það liggja til þess fleiri en ein ástæða, eins og fram er tekið í grg. frv. Er það í fyrsta lagi vegna þess, að ekki er nema eðlilegt, að íbúar byggðarlags eins og Vestmannaeyjar eru geri þá kröfu að hafa óhindraðan aðgang að nægilegu neyzluvatni og vatni til heimilisþarfa, og í öðru lagi vegna þess, að sú hætta vofir yfir Vestmanneyingum öðrum landsmönnum frekar, að neyzluvatn þeirra, eins og þess nú er aflað, verði ónothæft vegna geislavirkni af völdum kjarnorkusprenginga, og þessi hætta er alveg sérstaklega fyrir hendi, ef til kjarnorkustyrjaldar skyldi draga. Fyrir fram er vitað, að hér er um mjög fjárfreka framkvæmd að ræða, vart undir 20—30 millj., og getur því ekki talizt neitt óeðlilegt, þar sem um slíka sérstöðu er að ræða eins og er í Vestmannaeyjum gagnvart þessu máli, að leitað sé sérstakrar fyrirgreiðslu ríkisvaldsins, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 51., 52., 53., 54. og 55. fundi í Nd., 11., 12., 14., 15. og 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 19. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 112, n. 354).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft mál þetta til meðferðar og rætt það á einum fundi. Hún hefur sent það til umsagnar nokkrum opinberum aðilum, sem yfirleitt hafa verið meðmæltir samþykkt frv. N. hefur orðið sammála um afgreiðslu málsins og leggur til, að það verði samþykkt með þeim breyt., sem prentaðar eru á þskj. 354. Þær fela það fyrst og fremst í sér, að ábyrgðarheimildin sé hækkuð úr 60%, eins og gert er ráð fyrir í frv., upp í 85% til samræmis við sams konar heimildir í ríkisábyrgðarlögum, nr. 93 frá 1947. Í öðru lagi leggur nefndin til, að við greinina bætist, að endurlán ríkissjóðs verði bundin sömu skilyrðum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning framkvæmdanna og tíðkast við vatnsveitufranikvæmdir, sem fá ríkisábyrgð skv. fyrrgreindum lögum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. þetta verði samþ. svo breytt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjhn. fyrir einróma meðmæli hennar með því frv., sem hér liggur fyrir. Við þær breyt., sem n. hefur gert við frv., hef ég ekkert að athuga. Hin fyrri er samræming við gildandi lög um þetta efni, og hina síðari tel ég eðlilegt ákvæði, þegar að því kemur, ef frv. verður samþ., að umrætt lán verði veitt.

Ég leyfi mér að vænta fljótrar afgreiðslu á þessu máli í þessari hv. deild.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum fjhn.-mönnum skrifað undir nál. á þskj. 354 og mæli með því, að frv. þetta verði samþ. með þeim breyt., sem n. gerir till. um á þessu þskj. Fólkið, sem þar býr á landinu, sunnan landsins, hefur lengi átt í erfiðleikum sökum skorts á vatni, og er mikil þörf úr að bæta og réttmætt, að það opinbera, þ. e. a. s. ríkið, komi þar til aðstoðar. Nú hefði mátt virðast eðlilegt og meira í samræmi við þá venju, sem tíðkazt hefur, að forráðamenn Vestmannaeyjakaupstaðar hefðu farið fram á það að fá ríkisábyrgð fyrir láni, sem þeir tækju sjálfir til þessarar framkvæmdar. Hins vegar hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri erfiðara að leysa málið með þeim hætti, og fara því fram á það, að ríkisstj. verði heimilt að taka lán og endurlána Vestmannaeyjum til vatnsveitufranikvæmdanna, og eins og ég segi, þá hef ég ekkert við þetta að athuga og mæli með því.

En ég vil rifja það upp í þessu sambandi, að fyrir tveim árum voru sett lög hér á Alþingi um ríkisábyrgðir, og með þeim var gert nokkru örðugra en áður, bæði fyrir bæjar- og sveitarfélög og aðra aðila að nota sér þann

möguleika að fá ríkisábyrgðir fyrir lánum til nauðsynjaframkvæmda heldur en áður hafði verið, og ég get búizt við, að það sé einmitt að rekja til þeirrar lagasetningar þetta, að hér er tekinn upp nýr háttur, farið fram á það, að ríkið taki lán og endurláni til framkvæmdanna. Þar kemur einnig til, að í þessi lög, sem ég nefndi um ríkisábyrgðir, var sett það ákvæði, að þeir, sem fá ríkisábyrgðir, skyldu borga gjald fyrir það, frá 1% upp í 1½% af upphæð ábyrgðar. Þetta var nýmæli. Við framsóknarmenn beittum okkur á móti þessu gjaldi á Alþingi fyrir 2 árum, töldum ósanngjarnt að fara fram á slíkt gjald af þeim, sem þyrftu á ríkisábyrgðum að halda, en hins vegar var þetta gjald lögfest, samþ. af stjórnarliðinu.

Nú er auðvitað með þessari aðferð, sem forráðamenn Vestmannaeyja hér vilja hafa, hægt fyrir þá að losna við þetta gjald, og ég tel það réttmætt, að þeir sleppi við það. (**Gripið fram í:** Er það víst?) Víst, já, já, það held ég að hljóti að vera, því að þetta er ekki ábyrgð. Ég hygg, að þeir losni við þetta, og ég tel, að þeir megi gjarnan sleppa við þetta og það mættu fleiri gera.

En ég vil, um leið og ég mæli með þessu frv., aðeins láta þess getið, að ég tel, að með afgreiðslu þessa máls skapist nokkurt fordæmi. Ég get vel búizt við því, að það verði fleiri en þeir, sem stjórna málum Vestmannaeyjakaupstaðar, sem vilja gjarnan losna við þetta ábyrgðargjald, og þess vegna feti þeir í fótspor þeirra þar suður frá og óski eftir því, þegar þeir þurfa að útvega fé til nauðsynjaframkvæmda, að ríkið taki lán og endurláni þeim. Og þá sýnist mér það eðlilegt, þegar þar að kemur, að Alþingi taki vel í slíkar málaleitanir, á sama hátt og það væntanlega gerir við þessa málaleitun þeirra í Vestmannaeyjum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að tilgangur minn með þessu frv. hafi verið sá að losna við gjald af lánum, sem tekin eru samkv. l. um ríkisábyrgðir. Ég satt að segja hafði ekki, hvorki þegar ég flutti frv. né síðar, haft þetta í huga, ekki hugsað um það. Það var svo fjarstætt mér, að það er langt frá því, að það sé ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt í því formi, sem það er. Einasta ástæðan fyrir, að farin er þessi leið, er sú, að þessi umræddi kaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður, á í stórfelldum framkvæmdum, hafnarframkvæmdum, vegaframkvæmdum úr varanlegu efni, stórri sjúkrahúsbyggingu, sundhallarbyggingu o. fl., og þarf á geysilegu lánsfé að halda, hefur þurft og þarf í framtíðinni. Og þar sem hér er um alveg óvenjulega fjárfrekar framkvæmdir að ræða, taldi ég, að hann mundi ekki hafa átt tök á því til viðbótar þeim lánum, sem hann verður að útvega út á ríkisábyrgðir og annað, einnig að útvega fé til þeirra vatnsveitufram kvæmda, sem hér um ræðir, og er það einasta ástæðan fyrir því, að þetta frv. er borið fram í því formi, sem það er gert.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel engan vafa á því, að þó að þeir í Vestmannaeyjum standi í ýmsum stórræðum, þá hefðu þeir eins getað fengið lánið sjálfir gegn sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. Þeir hefðu áreiðanlega getað fengið lánið með því móti, ekkert síður en ríkisstj. getur væntanlega tekið það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem farið hafa fram hér í sambandi við kostnað við lántöku, að hér sé farið inn á nýja braut til þess að komast fram hjá því að greiða ákveðið gjald fyrir ábyrgðir, þá vil ég taka það fram, að það er ekkert um það í þessum lögum, að ríkisstj. hafi ekki heimild til þess að setja hvaða lánskjör sem henni kann að þykja nauðsynlegt, þegar lánið er endurveitt. Mér þætti ekkert ólíklegt, að ríkisstj. m. a. greiddi ekki meira en 98% af upphæðinni, eins og gert er, þegar tekin hafa verið stór lán, og ég hygg, að þeirri reglu hafi verið fylgt nú, þegar lánið var tekið í Englandi, að greiða það ekki að fullu út. Og ég vænti þess, að að óbreyttum ábyrgðarlögunum gæti hæstv. fjmrh. þess, að ekki sé verið að gefa hér neitt sérstakt fordæmi fyrir eitt sveitarfélag frekar en annað, því að áreiðanlega mundi það draga töluverðan dilk á eftir sér, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. minntist á. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að það séu alveg óbundnar hendur hjá ráðh. og að hv. fjhn. ætlist ekki til þess, að þetta lán sé veitt þannig, að ríkissjóður sé að gefa með því, heldur taki þar kostnað af láninu, eins og vera ber og eðlilegt er um slíkar lánveitingar.

ATKVGR.
Brtt. 354 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 57., 58., 59. og 60. fundi í Nd., 21., 22., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 420).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 420, n. 505).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er það að heimila ríkisstj. að taka allt 12 millj. kr. lán, sem verði endurlánað bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveitufframkvæmda. Fjhn. hefur haft þetta frv. til athugunar, og eins og álit hennar á þskj. 505 ber með sér, mælir hún einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

---

63. Ábyrgð á láni fyrir Slippstöðina á Akureyri.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri [182. mál] (þmfrv., A. 344).

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að Alþingi heimili ríkisstj. að ábyrgjast allt að 5 millj. kr. innlent eða erlend lán fyrir Slippstöðina h/f á Akureyri til endurbóta á skipasmíðastöð sinni og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstj. tekur gildar.
Á Akureyri hafa verið margir dugandi skipasmiðir og eru enn í dag. Tvö stór fyrirtæki, Skipasmíðastöð Kaupfélags Eyfirðinga og Slippstöðin h/f, annast þar nú skipasmíðar og viðgerðir. Auk þessara aðila fást allmargir við smíðar smærri fiskiskipa. Slippstöðin h/f tók til starfa árið 1952 og leigði þá dráttarbraut bæjarins og kom sér þar upp góðri aðstöðu. Fyrirtækið fékk nýlega samning við bæinn um 15 ára leigu á dráttarbrautinni og hefur nú í hyggju að færa verulega út kvíarnar. Er í ráði að endurbæta húsakostinn og afla betri og nýrri tækja. Forráðamenn fyrirtækisins telja, að þörf sé fyrir skipasmíðastöð norðanlands, sem geti annazt smíði stálskipa, og á Akureyri sé einmitt hentugur staður fyrir slíka starfsemi, þar sem þar eru búsettir margir hæfir járniðnaðarmenn.
Flestir munu vera sammála um, að efla þurfi skipaiðnaðinn í landinu, auk viðgerðanna þurfi nýsmíðin að aukast og sjálfsagt sé að smíða hér stálskip, svo sem aðrar fiskveiðiþjóðir gera í stórum stíl. En allar framkvæmdir á þessu sviði eru fjárfrekar og því einstaklingum og félögum í flestum tilfellum ofviða án þess að fá einhverja fyrirgreiðslu ríkisvaldsins. Alþingi og ríkisstj. hafa sýnt þessum málum skilning, og má síðast minnast þess, að í þinglokin í fyrra var hér á Alþingi samþ. ríkisábyrgðarheimild fyrir þrjár skipasmíðastöðvar við Faxaflóa. Ég vænti þess því, að mál þetta fái góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.
Ég fer svo fram á það, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. iðnn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það þarf víst ekki að deila um nauðsyn þessa máls, sem hér er borið fram. Akureyri byggir afkomu sína og þegna sinna að mjög verulegu leyti á iðnaði, enda hefur margs konar iðnaður náð þar miklum þroska, svo að hann stendur í öllu tilliti jafnfætis því bezta, sem gerist hér á landi, og er á mörgum sviðum fyllilega samkeppnisfær við erlendan iðnað. Fjölbreytni iðnaðarframleiðslunnar á Akureyri er þegar ótrúlega mikil, og get ég nefnt sem dæmi, að þar er mikill ullariðnaður, margs konar fatagerð, þar eru unnin vinnuföt, prjónavörur, ýmiss konar yfirhafnir og skjólflíkur, þar er skógerð og annar skinnaiðnaður, sælgætisgerð og gosdrykkjaframleiðsla og margt, margt fleira, sem telja mætti upp. En þrátt fyrir hinn fjölbreytilega iðnað munu þó langflestir telja, að full nauðsyn sé á því að auka enn fjölbreytni iðnaðarins í bænum, jafnframt því sem leitazt er við að efla þær iðngreinar, sem fyrir eru. Hafa miklar umr. átt sér stað heima fyrir um þessi mál í blöðum bæjarins og á mannfundum og í ýmsum félögum, og hafa menn þá m. a. reynt að gera sér grein fyrir, hvaða nýjar iðngreinar kæmu helzt til álita.
Eitt af því, sem mönnum hefur helzt hugkvæmzt í þessu tilliti, eru auknar skipasmíðar og þá jafnframt það að hefja stálskipasmíði, sem ekki hefur verið reynd í bænum til þessa, en mun að allra dómi eiga mikla framtíð fyrir sér, hér á landi sem víða í öðrum löndum. Skipasmiði er þegar orðin mjög gamall iðnaður á Akureyri, eins og hv. frsm. tók fram, og hann stendur þar á gömlum merg, og má alveg óhikað fullyrða, að óvíða séu smíðuð betri skip eða bátar en í skipasmiðjum á Akureyri. En því er ekki að leyna, að stórfelldar skipasmíðar í bænum hafa þó átt fremur örðugt uppdráttar um langa hríð, svo sem alkunna er um skipasmíði annars staðar á landinu. Hefur því engan

veginn orðið sú aukning skipasmíða á Akureyri, sem vonir hefðu mátt standa til, miðað við hæfni og kunnáttu þeirra, sem að þeim vinna. Út í það skal ég þó ekki fara öllu frekar, enda býst ég ekki við, að ég geti bent á nein algild úrræði, sem mættu verða til þess að leysa vanda innlendra skipasmíða, eins og hann er um þessar mundir, enda fullkomin ástæða til þess, að það mál sé rannsakað sérstaklega í heild og algerlega hleypidómalaust. Ég vil þó aðeins geta þess, að yfirleitt mun skipasmíðastöðvarnar ekki skorta verkefni, miðað við þann mannafla, sem þær hafa yfir að ráða, en að langmestu leyti munu skipasmiðir bundnir við viðgerðir og viðhald skipa, og eins og nú horfir málum, mun sáralítill tími gefast til nýsmíði. M. a. af þessum ástæðum hafa skipasmíðar verið sóttar út úr landinu. En það út af fyrir sig er þó ekki skýring á mannfæðinni í skipasmíðastéttinni hér á landi né þeirri staðreynd, að margir skipasmiðir hverfa frá þeirri grein smíða og vilja heldur stunda aðrar greinar trésmíði, svo sem húsasmíði. Virðist svo sem skipasmíði sé ekki eftirsóknarverð atvinna fyrir iðnaðarmenn, hver svo sem ástæðan er, né heldur virðist arðvænlegt að byggja hér upp verulegan skipasmíðaiðnað innanlands við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi, enda tel ég fyllilega tímabært, að það mál sé vel athugað í heild og reynt að finna leiðir til úrbóta.

Um stálskipasmíði er það að segja, að hún mun áreiðanlega fara vaxandi á næstu árum, enda eftirspurn eftir stálbátum þegar mjög mikil og almenn trú á gæði þeirra og endingu. Það er því full ástæða til þess, að hið opinbera veiti allan sanngjarnan stuðning við þá aðila, sem hug hafa á að koma upp slíkum iðnaði, enda hafi þeir hæfni til þess að reka hann á viðunandi hátt. Er óhætt að fullyrða, að það fyrirtæki, sem um ræðir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ágætlega fært um að annast stálskipasmíði, ef því auðnast að koma sér upp nauðsynlegri aðstöðu og fá nægan mannafla til þess að hefja smíðaframkvæmdir. Og því ber að þakka og viðurkenna framtak Slippstöðvarinnar á Akureyri í þessu máli og þann hátt, sem það mun væntanlega eiga í auknum og fjölbreytilegri iðnaði í bænum, því að með því er verið að koma til móts við þann almenna áhuga, sem ríkir í Akureyrarbæ á iðnaðarmálum yfirleitt og sérstaklega auknum skipasmíðum.

Þess má geta, að helztu eigendur Slippstöðvarinnar h/f á Akureyri eru Akureyrarbær og Kaupfélag Eyfirðinga og nokkrir einstaklingar, og hygg ég, að forráðamenn þessa félagsskapar hafi þegar leitað fyrir sér eða haft í hyggju að leita fyrir sér hjá hæstv. ríkisstj. um stuðning við fyrirhugaðar framkvæmdir, og vildi ég leyfa mér að spyrja um það, ef hér er nokkur ráðh. viðstaddur. Svo mun nú ekki vera. Ég hefði viljað spyrja að því, hvort ekki hefði verið þegar leitað til hæstv. ríkisstj., og þá hefði mér þótt eðlilegt, að hún sjálf hefði flutt þetta frv. um heimild sér til handa til þess að ábyrgjast fyrirhugað lán. Ef sá háttur hefði verið á hafður um flutning málsins, mundi ég telja, miðað við reynslu, að það hefði tryggt betur framgang þess, án þess að ég ætli að væna hæstv. ríkisstj. um, að hún hafi ekki áhuga á málinu. Hins vegar hefði áhugi hennar og velvild gagnvart málinu komið betur í ljós, ef hún sjálf hefði flutt málið, eða a. m. k. horfir það þannig við mínum sjónum. En auðvitað er þetta aukaatriði og aðalatriðið, að málið nái fram að ganga og að hæstv. ríkisstj. sýni þessu máli einlægan stuðning.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Á 53. og 54. fundi í Nd., 14. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 344, n. 381).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 381, hefur iðnn. athugað frv. og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 344, n. 551).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að umbeðin ríkisábyrgðarheimild verði veitt.

Efni málsins er skýrt í grg., svo að ég sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 622).

---

64. Kirkjugarðar.

Á 44. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjugarða [147. mál] (þmfrv., A. 268).

Á 46. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af menntmn. að beiðni hæstv. kirkjumrh., og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja við frv. brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Þetta frv. er hv. þm. í þessari hv. þd. áður kunnugt í verulegum atriðum. Upphaflega var frv. samið af nefnd, sem kirkjumrh. skipaði árið 1955 til að endurskoða kirkjuleg lög og tilskipanir. Það var fyrst flutt af menntmn. þessarar hv. þd. að beiðni kirkjumrh. á þinginu, er sat árin 1957—58. Síðan hefur það þrisvar sinnum verið lagt fyrir Alþingi og jafnframt verið um það fjallað á kirkjuþingum. Og á þessum tíma hefur frv. tekið nokkrum breytingum frá sinni upphaflegu mynd.

Á s. l. hausti skipaði hæstv. kirkjumrh. n. til að endurskoða frv. N. gerði á því allverulegar breytingar, og það var síðan í þeirri breyttu mynd lagt fyrir kirkjuþing nú s. l. haust. Kirkjuþingið gerði enn nokkrar breytingar á frv. og samþ. frv. þannig breytt einróma. Jafnframt samþykkti kirkjuþing áskorun til Alþingis um að hraða afgreiðslu málsins og lögfesta frv.

Frv. hefur að geyma ýmis nýmæli. Það miðar að bættu skipulagi kirkjugarða og umhirðu, sem víða er ábótavant, eins og við öll þekkjum, og það svo, að tæpast getur talizt vansalaust. Hjálpast þar að óheppilegt skipulag kirkjugarða og fjárskortur fámennra safnaða, að kirkjugarðar hafa víða komizt í það ófremdarástand, sem raun ber vitni. En með frv. er gerð tilraun til að bæta úr í þeim efnum.

Núgildandi lög um kirkjugarða eru frá 1932. Síðan hafa orðið hjá okkar nágrannaþjóðum miklar framfarir í skipulagningu kirkjugarðanna. Frv. miðar að því, að gera allt skipulag kirkjugarðanna einfaldara og þar með umhirðu þeirra og viðhald ódýrara, svo að það sé viðráðanlegra fyrir söfnuðina að halda kirkjugörðunum í sómasamlegu ástandi. Og jafnframt er ætlunin að koma því til leiðar, að kirkjugarðarnir verði smekklegar skipulagðir en nú tíðkast.

Ég skal aðeins drepa hér á nokkur nýmæli, sem í frv. felast, þau veigamestu.

Þá er fyrst þar að nefna, að í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skipulagsnefnd kirkjugarða hafi yfirumsjón með kirkjugörðum landsins, eftir því sem nánar er tiltekið eða ákveðið í frv. Skipun skipulagsnefndarinnar hefur nokkuð verið breytt frá því, sem var í frv., þegar það lá síðast fyrir þessari hv. þd. Þær breytingar hafa verið gerðar fyrir einróma tilmæli kirkjuþings. Það hefur verið fjölgað þar um 2 menn. Skal annar kosinn af kirkjuþingi og hinn af safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis til 6 ára í senn.

Þá var í frv., eins og það síðast lá fyrir, gert ráð fyrir, að skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða hefði þessa yfirumsjón. En það er einnig samkv. óskum kirkjuþings, að nú er lagt til, að skipulagsnefndin hafi eingöngu með kirkjugarða að gera, en ekki einnig kirkjubyggingar.

Þá er, að ég ætla, næst í 11. gr., sem um nýmæli er að ræða. Það er gert ráð fyrir, að tvígrafa megi í kirkjugörðum, og er í grg. með frv. gerð nánari grein fyrir því ákvæði. Einnig er þar fyrirmæli um það, að slétta skuli yfir grafir. Eins og við vitum, tíðkast það nú, að grafir eru nokkuð upphækkaðar. Slíkt torveldar hirðingu garðanna, gerir hana langtum tímafrekari og kostnaðarsamari. En hér er lagt til, að sléttað verði yfir allar grafir til þess að auðvelda viðhald og hirðu, og á slíkt ekki að koma að sök, þar sem grafir verða tölusettar, eins og vikið er að á öðrum stað í frv.

Þá er í 12. gr. tekið upp ákvæði um fjölskyldugrafreiti. Það hafa ekki verið hingað til nein skýr ákvæði til um slíka grafreiti í lögum, og er talið, að það hafi valdið óþægindum og jafnvel deilum, og þótti því rétt að ákveða, hverjir ættu rétt til legs í slíkum grafreitum. Þá er í frv. lagt til, að gjald fyrir slíka grafreiti sé ákveðið af skipulagsnefnd kirkjugarða að fengnu samþykki kirkjumrn. til tiltekins tíma. Í frv., eins og það síðast lá fyrir, var ákveðið gjald í krónutölu. Það þykir ekki heppilegt. Með breyttu verðlagi er eðlilegt, að slíkt gjald breytist einnig, og er þá eðlilegast að hafa þennan hátt á, heldur en það þurfi að gera með lagabreytingu í hvert sinn.

Þá er í 13. gr. tekið upp ákvæði um friðunartíma grafa, og er hann þar bundinn við 75 ár, en þó með heimild til friðunar áfram með nánar tilteknum skilyrðum. Fyrir framlengingu friðunartíma er ætlazt til að komi gjald, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveði til 10 ára

í senn með samþykki kirkjumrn. Í grg. við frv. er gerð nánari grein fyrir þessu ákvæði og einnig vikið þar að tímalengdinni. Þar er það tekið fram, að t. d. í okkar nágrannalandi, Danmörku, sé friðunartími aðeins 20—30 ár, en með tilliti til veðráttu hér á landi, hinnar köldu veðráttu, þótti rétt að hafa þennan friðunartíma verulega lengri hér eða 75 ár.

Þá eru í 15. gr. nýmæli. Það er þá fyrst það, að girðingar um einstök leiði skuli ekki vera leyfðar í kirkjugörðum og að aðstandendur skuli sækja um leyfi, ef þeir vilja setja minnismerki á leiðin, skuli fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, og er með því ákvæði ætlað að koma í veg fyrir, að ósmekkleg eða óheppileg minnismerki séu sett á leiðin. Þá er lagt til í þessari gr., að það sé bannað að gera grafhýsi í kirkjugarði. Samkv. núgildandi lögum er slíkt leyfilegt, en n. sú, sem endurskoðaði frv., taldi eðlilegt, að bann yrði lagt við slíku. Ég vil aðeins minna á það, að þegar frv. var til umr. í þessari hv. þd. síðast, — eða hvort það var næstsíðast, ég man það ekki svo glöggt, — þá kom einmitt fram till. um það, að bönnuð yrðu grafhýsi í kirkjugörðum. Þá er í þessari gr. einnig ákvæði um tölumerkingu á leiðum í kirkjugörðum.

Í 17. gr. frv. eru ákvæði um það, að þegar líkbrennsla fer fram, þá skuli skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerum, og eru þar ákvæði um meðferð eða varðveizlu slíkra duftkera. Eins og nú háttar til, er mönnum frjálst að varðveita duftker á hvern þann hátt, er þeir óska, en slíkt þykir tæpast viðeigandi og er því í gr. lagt til, að þau skuli ávallt varðveitt í vígðum grafreit.

Í 19. gr. frv. eru ákvæði um kirkjugarðsstjórnir. Sóknarnefndir hafa yfirleitt á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarða, en eins og í 3. gr. segir, þá er heimilt að kjósa sérstaka nefnd, sem fari með stjórn kirkjugarða, og eru nánari ákvæði um það í 19. gr. frv. Það er ekki um neinar verulegar breytingar að ræða frá núgildandi lögum. Þó er þar nokkur breyting á í þá átt, að utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 2000 gjaldskylda meðlimi skuli kjósa einn mann úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn, en samkv. núgildandi lögum er það bundið við 1000 gjaldskylda meðlimi.

Þá eru í 26. og 27. gr. frv. ákvæði um fjárreiður kirkjugarðanna, og má segja, að það séu e. t. v. veigamestu ákvæði frv. Samkv. núgildandi lögum er heimilt að innheimta kirkjugarðsgjald, sem má nema allt að 2% af álögðum útsvörum í sókninni. Heimilt er að hafa það hærra en þetta, jafna niður hærri prósenttölu en 2, ef til kemur samþykki safnaðarnefndar. Hins vegar er ekkert lágmark ákveðið í núgildandi lögum. En í frv. þessu er lagt til, að kirkjugarðsgjaldið sé bundið við 1½—2% af álögðum útsvörum og aðstöðugjöldum í sókninni, og er það gert í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga. Hrökkvi það, sem þannig innheimtist með 1½%, ekki fyrir framlögum kirkjugarðsins það ár, þá er samkv. frv. lagt til, að það verði heimilt að hækka allt upp í 4% með samþykkt safnaðarfundar og að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Verði hins vegar hægt að sýna fram á, að 1½% geri meira en að hrökkva fyrir þörfum kirkjugarðsins, þá er heimild í frv. til handa kirkjumrn. til þess að leyfa hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af útsvörum og aðstöðugjöldum en 1½%. Þessi grein hefur því tekið töluverðum stakkaskiptum frá því, er frv. var lagt fyrir síðast, en þá var ákveðinn hundraðshluti 1½% með heimild til hækkunar, eins og reyndar nú er líka, en í frv. var þá engin heimild til þess að fara lægra en í 1½%. Það var sýnt, að það gat leitt til þess, að kirkjugarðsstjórnir yrðu að jafna niður og innheimta kirkjugarðsgjöld, sem næmu verulega hærri fjárhæð en hlutaðeigandi kirkjugarður í rauninni þyrfti á að halda, og þótti slíkt ekki vera sanngjarnt.

Þá er í 27. gr. frv. fjallað um kirkjugarðasjóð. Tekjur hans er lagt til að verði 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum og auk þess framlag úr ríkissjóði, 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár. Kirkjugarðsstjórnum er frjálst að ávaxta fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir, í þessum sjóði, en þá gegn venjulegum innlánsvöxtum. Enn fremur er beinlínis skylt samkv. 20. gr. frv. að ávaxta í þessum sjóði legstaðasjóði, sem þar er um fjallað, í 20. gr.

Við endurskoðunina hefur þessi gr. tekið verulegum breyt. Í frv., eins og það síðast lá fyrir, var kirkjugarðsstjórnum gert að skyldu að ávaxta fé það, sem kirkjugörðunum áskotnaðist og var umfram árlegar þarfir, þeim var beinlínis gert að skyldu að ávaxta það í kirkjugarðasjóði og þá gegn vöxtum, sem voru töluvert lægri en venjulegir innlánsvextir. Það var sýnt, að með þessu ákvæði hefðu kirkjugarðarnir orðið fyrir verulegu vaxtatapi, og auk þess hefði mátt ætla, að fé það, sem þeir voru skyldaðir til þess að binda í sjóðnum, væri ekki alltaf tiltækilegt, þegar þeir þyrftu á því að halda til stórra og fjárfrekra framkvæmda, eins og t. d. ef gera átti nýjan kirkjugarð. Ég ætla, að þetta ákvæði ásamt bindingunni á kirkjugarðsgjaldinu hafi verið það, sem hindraði það eða átti mestan þátt í því, að frv. hefur ekki hlotið afgreiðslu á þingi.

Þá er þess að geta, að í 28. gr. frv. er lagt til, að bann verði lagt við því, að upp verði teknir heimagrafreitir. Í frv. eins og það upphaflega lá fyrir Alþingi var ekki gert ráð fyrir slíku banni, en hins vegar settar allmiklu strangari reglur um upptöku heimagrafreita en gildandi eru. En nú er lagt til, að upptaka heimagrafreita verði ekki lengur heimil. Í grg. með frv. eru raktar ástæður fyrir því, að þetta er lagt til, og skal ég ekki fjölyrða um það frekar og hef þar enda ekki neinu sérstöku við að bæta.

Þá eru í 32. gr. tekin inn ákvæði um uppgröft og flutning líka í kirkjugarði, hvort heldur innan kirkjugarðs eða milli grafreita.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fjölyrða frekar um frv. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég áður sagði, að kirkjuþing hefur mjög eindregið óskað eftir því, að frv. yrði lögfest á þessu þingi. Menntmn. mun að sjálfsögðu hafa frv. til athugunar milli umr., en þar sem frv. er flutt af n., geri ég ekki till. um, að því sé vísað til n., en legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 48. og 49. fundi í Ed., 25. og 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed., 28. febr., var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar milli umr. N. flytur ekki brtt. við frv. á þessu stigi. Ég vil aðeins láta það koma fram, að n. mun sérstaklega taka til athugunar fyrir 3. umr. ákvæði um tvígröft, sem um ræðir í 11. og 12. gr. frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. þessa máls hefur getið þess, að n. hugsi sér að taka til athugunar eitt atriði í þessu frv., þ. e. um heimild til að tvígrafa í kirkjugörðum. Mér þykir vænt um, að hv. n. gerir þetta, því að þetta var eitt af þeim atriðum, sem ég er mjög andvígur og tel, að ætti að leiðrétta í þessu frv. En ég vona, að hv. n. taki til athugunar nokkur atriði í frv., sem ég mun minnast á, því að mér væri það kærara, að hv. n. gæti flutt brtt. sjálf um þau atriði heldur en ég þurfi að gera það sérstaklega, því að æskilegast er, að sem bezt samkomulag sé um þetta mál. Þetta er nokkurt tilfinningamál og þess eðlis, að óheppilegt er að hafa um það neinar deilur.

Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði við 1. umr. málsins, að það er mikil nauðsyn á því að setja nýja löggjöf um kirkjugarða í landinu. Ég held, að flestum sé kunnugt um það, að útlit og ástand kirkjugarðanna víða í landinu, ekki alls staðar, en mjög víða, er með öllu óviðunandi og það er þjóðinni til vansæmdar. Það er því full nauðsyn á, að með löggjöf sé reynt að bæta úr í þessum efnum. En fyrst er að gera sér grein fyrir, af hverju þetta er svona um kirkjugarðana. Til þess að geta dæmt um, á hvern hátt verði bætt úr þessu ástandi, verður náttúrlega fyrst að koma auga á sjálfa meinsemdina. Það má sjálfsagt segja, að þarna sé eitthvað um að kenna hirðuleysi eða áhugaleysi manna. En ég held, að það sé ekki aðalástæðan. Ég held, að hún sé aftur á móti fyrst og fremst fjárskortur safnaðanna til þess að sinna kirkjugörðunum sem skyldi. Og ef þetta frv. felur í sér viðunandi bót á fjárhag kirkjugarða í landinu, þá finnst mér, að frv. sé mikilsvert, þrátt fyrir ýmsa agnúa á því, sem ég hef komið auga á.

Þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, að bæta úr fjárhag kirkjugarða, eru í 27. gr. frv., en þar segir svo, að stofna skuli sjóð, sem nefnist kirkjugarðasjóður. Tekjur hans eiga að vera 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum, auk framlags úr ríkissjóði, 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár. Þetta verða þá tekjur kirkjugarðasjóðs, en hlutverk sjóðsins á hins vegar að vera að veita lán til girðinga um kirkjugarða og að veita styrki til að reisa minnismerki, þar sem áður hafa staðið kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús, sem eru nú niður lögð. Því miður fylgja ekki frv. neinar upplýsingar um það, hvað áætla megi tekjur kirkjugarðasjóðs, og þess vegna erfitt að gera sér grein fyrir, hvernig verður séð fyrir þessu aðalverkefni sjóðsins, sem ég tel meginefni frv. Það stendur í frv., hvað kirkjugarðsgjald megi vera, 1½% af álögðum útsvörum, en hvað þetta nemur miklu miðað við t. d. s. l. ár eða eitthvert annað ár, er ekki hægt að sjá, en hefði þurft að koma fram. Ef maður hugsar sér, að skipulagsnefnd kirkjugarða, sem á nú að koma til og á að verða stjórn kirkjugarðasjóðs, láti t. d. minnismerki ganga fyrir, sitja í fyrirrúmi um lánveitingar eða um styrkveitingar, þá getur orðið lítið afgangs til þess að lána til girðinga um kirkjugarða. Ég er ekki að segja það af því, að ég hafi neitt hugboð um, að svo verði gert, að minnisvarðar verði látnir ganga fyrir, en þetta tvennt er hlutverk sjóðsins: að styrkja byggingu minnisvarða annars vegar, hins vegar að lána kirkjugarðsstjórnum eða sóknarnefndum fé til að girða kirkjugarða. En það er ein höfuðástæðan til þess, hve kirkjugarðar líta illa út, að það eru ónógar eða með öllu óviðunandi girðingar í kringum þá, þótt margt fleira komi reyndar til. Ég óttast, að þessar tekjur kirkjugarðasjóðs verði langtum of litlar til þess að geta gegnt þessu hlutverki. Og þá væri illa farið, ef þetta verður aðeins lagaákvæði og lítið meira.

Þá eru örfá atriði, sem ég vildi benda hv. n. á og biðja hana að athuga, áður en til 3. umr. málsins kemur. Það getur verið, að það sé fyrir ókunnugleika hjá mér, að ég hnýt nokkuð um sum þessara atriða, en það yrði þá upplýst við 3. umr., ef hér er um misskilning hjá mér að ræða í þessum efnum.

Ég vil nefna fyrst 2. gr. frv., þar sem rætt er um, að hver maður eigi rétt á legstað í þeirri sókn, þar sem hann andast o. s. frv. En í greininni segir einnig: „Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utan sóknar.“ Mér skilst, að það eigi ekki að taka neitt sérstakt legkaup fyrir aðra, heldur sé heimilt að taka það fyrir þá, sem tilheyra öðru trúfélagi eða eiga heima utan sóknar. Mér finnst, að þarna komi fram, ef þetta er rétt skilið hjá mér, hálfgerður ójöfnuður og það í garð dauðra manna, að vera að selja þeim afnot af jörðinni, ef þeir eru í ein-

hverju öðru trúfélagi. Mega þeir nú ekki fá legstaðinn ókeypis alveg eins og aðrir? Skiptir það nokkru máli, í hverju trúfélagi maðurinn hefur verið, meðan hann lifði? Ósköp kann ég illa við þetta ákvæði. Ég veit ekki, hvað er meint með hinu, að þeir, sem eiga heimili utan sóknar, þurfi að borga fyrir sig. Ef maður, sem fluttur er úr sveitinni sinni, hefur óskað þess, að hann yrði grafinn heima í sinni sveit, þá getur hann fengið það, ef hann borgar fyrir sig, en konan hans, sem er kannske dáin á undan, hefur ekki þurft þess. Ég vil benda hv. n. á, hvort þetta er ekki eitthvað athugavert og heldur ógeðfellt, ef ég skil þetta þá rétt.

Í 4. gr. er rætt um skipulagsnefnd kirkjugarða, sem á að stofna til og á að hafa yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Það er ekkert talað um, hvort hún á að vinna kauplaust eða ekki, og vildi ég aðeins leita upplýsinga hjá hv. n. um það, hvort hún á að vera launuð eða ólaunuð, og ef hún á að vera launuð, hver á að greiða launin. Ef það væri nú t. d. kirkjugarðasjóður, þá skerðir það enn það meginhlutverk hans, sem frá er greint í þessu frv. En skipulagsnefnd kirkjugarða, sem er aðalyfirstjórn þessara mála, á að vera skipuð þannig, að í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður, einn maður kosinn af kirkjuþingi og annar af safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis. Það, sem ég hnýt um þarna, er það, að safnaðarráð Reykjavíkur á að tilnefna einn mann í þessa stjórn, en enginn söfnuður annar á landinu á að hafa neinn slíkan rétt. Ég hef alls ekki á móti því, að maður sé frá þessu safnaðarráði, út af fyrir sig. En mér finnst, að þarna sé misræmi á milli, að safnaðarráð eins kaupstaðar eða borgar hafi þann rétt, sem enginn annar söfnuður í landinu á að hafa. Hitt virðist mér aftur á móti erfitt að koma fyrir, hvernig aðrir söfnuðir gætu komið manni að í þessa yfirstjórn kirkjugarða. Það er sjálfsagt ekki auðvelt að koma því fyrir. En óneitanlega felst eitthvert misrétti í þessu, að safnaðarráði höfuðborgarinnar sé veittur þessi réttur, en engum öðrum söfnuðum.

Í 12. gr. er ákvæði um, að heimilt sé að tvígrafa í sömu gröf. Að þessu hefur hv. frsm. vikið, og skal ég þá sleppa því. En ég tel það fjarri öllu lagi að leyfa slíkt og mun væntanlega flytja um það brtt., ef hún kemur ekki frá n. eða einhverjum öðrum.

Þá er rætt um það í þessari grein, að rétt til grafarstæða hafi eftirlifandi maki, börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni, en ekki lengur. Nú hafa hjón fengið grafreit í kirkjugarði, en kannske annað hjónanna flutt burt, hitt dáið. Svo þegar hitt deyr eða barn þessara hjóna deyr, þá eiga þau því aðeins réttinn, að þau séu ekki flutt í burtu úr sókninni. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá tel ég, að þetta sé mjög misráðið. Rétturinn á ekki að vera bundinn við búsetu mannsins eða afkomenda eða þeirra, sem eiga að erfa réttinn til legstaðarins. Sá réttur á að haldast jafnt fyrir það að mínum dómi, hvort fólkið er flutt burt úr sókninni eða ekki.

Í 15. gr. eru ákvæði um það, að eigi megi setja girðingar um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. „Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði.“ Ég held, að þetta sé réttmætt ákvæði, og ég hef ekkert við það að athuga. En ég vildi benda hv. n. á, hvort nokkuð á að vera að telja upp, úr hvaða efni það er, hvort það er úr steini, málmi eða timbri, því að mér sýnist, að þegar girðingar eru um reiti, séu þær alveg jafnóhentugar, þótt þær séu úr einhverju öðru en þessum efnum. Það eru til mörg efni fleiri, sem væri hægt að girða með, heldur en þessi þrjú, og það er óþarft að vera að telja þetta upp.

Í 18. gr. segir: „Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.“ Þetta er að því leyti vel hugsað, að þarna er verið að styðja kirkjugarðsstjórnina í að afla tekna með því að veita slíka heimild í lögum. En vægast sagt kann ég ekki við að fara að einoka útfararathafnir, og þó að það sé gert í þeim tilgangi að afla kirkjugarðinum tekna, þá er það heldur óviðkunnanleg tekjuöflun að ætla sér að græða á líkvagni. Ég vona, að hv. nefnd athugi þetta ákvæði.

Í 26. gr. segir, að tekjur kirkjugarða skuli vera m. a. 1½ % af útsvörum og aðstöðugjöldum á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins. En það segir einnig, að heimilt sé kirkjugarðsstjórn, að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að hækka þetta allt upp í 4%. En svo kemur síðar í greininni, að komi í ljós, að tekjur kirkjugarðasjóðs fari verulega fram úr áætluðum gjöldum, þá geti kirkjumrn. heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald. Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna þarf að fara alla leið upp í kirkjumrn. til þess að fá leyfi til að lækka gjaldið, ef engin þörf er að hafa það svo hátt. Getur ekki sveitarstjórn veitt þetta leyfi, eins og hún veitir hitt leyfið, að hækka megi gjaldið?

Í 28. gr. segir: „Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.“ Ég held, að þetta ákvæði frv. muni verða nokkuð umdeilt, og þetta er mjög mikið tilfinningamál. Í grg. frv. er þetta ákvæði rökstutt með því, að þeir séu svo vanhirtir, þessir reitir. Það fólk, sem upphaflega stofnaði til þessara heimagrafreita, sé kannske flutt burt, jörðin jafnvel komin í eyði, enginn hirði um reitinn og hann sé til vansæmdar. Sjálfsagt eru þess dæmi, að svona vanhirða eigi sér stað. En eru þetta rök fyrir því, að það eigi að banna með öllu heimagrafreiti? Það mætti alveg eins segja, að þessi rök gildi um kirkjugarðana sjálfa. Þeir hafa verið vanhirtir. En nú er ekki hægt að leggja þá niður. Þess vegna er sett löggjöf um að koma í veg fyrir, að þessi vanhirða eigi sér stað áfram. En er ekki alveg eins hægt að tryggja það með ákvæðum í þessum lögum, að heimagrafreitunum verði sinnt betur en verið hefur,

tryggja það nokkurn veginn, engu síður en um kirkjugarðana, að þarna sé sómasamlega um hirt og að heimild til þess að leggja þessa reiti niður sé fyrir hendi, ef ekki verður um þá hirt af þeim, sem um þá eiga að sjá? Mér sýnist engin vandkvæði á því að setja slík ákvæði í þessi lög og hafa þau allströng, að heimila niðurlagningu reitanna, ef ekki eru uppfyllt þau skilyrði um hirðingu þeirra, sem sett eru í l. En að það þurfi að banna þá með öllu, það sé ég ekki.

Þá segir í þessari sömu grein: „Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn.“ Enn kemur þetta sama fyrir, að fólki, sem er flutt burtu, en hefur kannske óskað þess að hvíla í ákveðnum kirkjugarði eða heimareit, því á ekki að vera það heimilt. Ég held, að þetta sé óþarflega strangt, að fyrirskipa eða réttara sagt að banna greftrun annarra en heimamanna.

Í 32. gr. er rætt um heimild kirkjumrn. til að flytja lík til milli kirkjugarða og innan kirkjugarðs. Út af þessu vildi ég aðeins óska eftir upplýsingum frá hv. n. um það, hvað er meint með þessu. Undir hvaða kringumstæðum kemur það fyrir, að það þurfi að standa í slíkum flutningum? Mér er þetta ekki ljóst, og ég vil heldur ekkert fullyrða um, að ekki sé ástæða til þess að veita þessa heimild. En mér er algerlega óljóst, hvaða ástæða er til slíkra flutninga. Og ég tel, að það beri að forðast það í lengstu lög að hrófla við gömlum gröfum. Það er að vísu sagt í gr., að réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki eða foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkin. En svo segir líka: „Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.“ Þarna getur kirkjugarðsstjórn af einhverjum ástæðum óskað eftir því, að farið sé að flytja til líkin, kannske innan kirkjugarðsins, kannske í annan kirkjugarð. Þó að ekki séu neinir nánir ættingjar manns á lífi eða ekki náist til þeirra, þá finnst mér ákaflega hæpið að leyfa slíkt, og það verður að vera einhver brýn nauðsyn til slíkra flutninga, ef það á að eiga sér stað.

Ég vil nú ekki nefna fleira, en ég vænti þess, að hv. frsm. þessa máls taki til velviljaðrar athugunar þessar ábendingar og beiti sér þá fyrir því að flytja um það brtt. við 3. umr. málsins, ef n. getur fallizt á einhverjar þeirra. En hitt vil ég að lokum endurtaka, að nauðsyn á því að setja lög um kirkjugarðana er mikil, og jafnvel þó að ýmsir agnúar kunni að vera á frv., mundi ég vilja fylgja því samt í þeirri von, að síðar tækist að nema þá af. En bezt er að ganga svo til verks, að frv. sé sem ýtarlegast og sanngjarnast og réttlátast, svo að ekki þurfi að hrófla við slíkri löggjöf eftir skamman tíma.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur hreyft hér ýmsum aths. við frv. Ég skal aðeins víkja örfáum orðum að nokkrum þessara aths. og einnig að fsp., sem hann beindi til n., svara þeim að svo miklu leyti sem ég hef þekkingu á frv. til að gera spurningunum skil.

Ég skal þá fyrst koma að aths. hans í sambandi við 4. gr. frv., sem fjallaði um skipulagsnefnd kirkjugarða. Fyrst spurði hv. þm., ef ég man rétt, hvort það væri ætlunin, að þessi nefnd væri launuð. Svo mun ekki vera. Þá þótti honum það ekki fyllilega eðlilegt, að safnaðarráð Reykjavíkurprófastsdæmis kysi mann í skipulagsnefnd kirkjugarða. Eins og fram kemur í grg. með frv., er það komið inn í þessa grein fyrir eindregin tilmæli kirkjuþings nú á s. l. hausti, að í n. bætist við tveir menn kosnir til 6 ára, annar af kirkjuþingi, hinn af safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis. Ég hef ekki fulla vitneskju um það, hvaða rök voru færð fyrir því á kirkjuþingi, einungis veit ég, að það var einróma ábending frá kirkjuþingi í þessa átt. Á kirkjuþingi eiga sæti fulltrúar bæði klerkastéttar og leikmanna víðs vegar af landinu. Ég veit ekki, hvort það getur hugsazt, að því valdi sú staðreynd, að langsamlega mest af því fé, sem kemur í kirkjugarðasjóð sem 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum samkv. frv., muni koma héðan úr Reykjavík, og skipulagsnefndin er um leið sjóðsstjórn. Ég skal ekki um það fullyrða, hvort sú er ástæðan, en að sjálfsögðu mun unnt að hafa á takteinum nánari upplýsingar um þetta atriði málsins fyrir 3. umr. málsins.

Þá vil ég koma að því, sem hv. þm. nefndi í sambandi við fjáröflun til kirkjugarðanna, sem um ræðir í 26. og 27. gr. frv. Þó að þetta frv. feli í sér ýmsar breytingar frá gildandi lögum, þá má þó segja, að veigamestar séu þær, sem lúta að því að gera söfnuðunum auðveldara að halda sínum kirkjugörðum sómasamlega við og þá bæði með breyttu skipulagi, sem auðveldar viðhald, og með aukinni tekjuöflun. Í 26. gr. ræðir um kirkjugarðsgjald, sem samv. gildandi lögum er einnig heimilt að leggja á. Nú er það svo, að eftir gildandi lögum er ekki ákveðið neitt lágmark kirkjugarðsgjalds. Hins vegar má það vera allt að 2% af álögðum útsvörum í sókninni. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir, að kirkjugarðsgjald verði 1½%, það sé aðalreglan, og það er heimild til þess að fara með þetta allt upp í 4% af álögðum útsvörum og aðstöðugjöldum, eins og komið er inn í frv., — fara með það allt upp í 4% með samþykki tiltekinna aðila. Þarna stóreykst möguleiki kirkjugarðanna til tekjuöflunar heima í sóknunum.

Í þessari grein er, eins og hv. þm. vék að, einnig heimild til þess að fara lægra en í 1½%, ef er hægt að sýna fram á það, að 1½% gjaldheimta mundi gera miklu meira en að mæta þörfum kirkjugarðsins, og það má segja, að það sé ekki eðlilegt að knýja kirkjugarðsstjórnir til þess að leggja á langtum hærri kirkjugarðsgjöld en þörf er fyrir á staðnum. En það, að um leyfi til þess að fara niður fyrir 1½% þarf að sækja til annarra aðila eða til rn., en ekki einungis til safnaðarfundar og

sveitarstjórnar á staðnum, það er með vilja gert, til þess að kirkjugarðsstjórnirnar hafi sem mest aðhald um að fara alla vega ekki neðar í gjaldheimtunni en svo, að það samsvari því, sem má telja eðlilega fjárþörf fyrir kirkjugarðinn. Þetta fléttast líka nokkuð saman við ákvæðin í 27. gr., þar sem 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum eiga að renna í kirkjugarðasjóð. Þá má segja, að það sé líka eðlilegt að vera á verði um hagsmuni hans að því leyti, að ekki sé farið lægra í gjaldheimtu en sanngjarnt og eðlilegt sé.

Hv. þm. spurði, hvað ætla mætti, að tekjur kirkjugarðasjóðs yrðu samkv. frv. Það er auðvitað mjög erfitt að segja ákveðið um það, vegna þess að 1½% gjaldheimta er alls ekki rígskorðuð, heldur má búast við, að sumar kirkjugarðsstjórnir fari hærra, það er gert ráð fyrir, að það geti orðið allt upp í 4%, og aðrar fái leyfi til þess að lækka sig niður fyrir 1½%. En samkv. upplýsingum hafa samanlögð útsvör á öllu landinu árið 1961, — nýrri tölu hef ég ekki getað fengið, — numið um 474 millj., eða sem sé tæpum 500 millj., og ef maður reiknaði með því, að yfirleitt yrði notað 1½%, eins og lögin gera ráð fyrir sem aðalreglu við gjaldheimtuna, þá yrðu þetta eitthvað á 8. hundrað þús., eitthvað yfir 700 þús. kr. á ári. Auk þess kæmi svo 100 þús. kr. framlag frá ríkissjóði árlega.

Þá vék hv. þm. að heimagrafreitunum. Ég skal ekki fara að ræða það atriði með mörgum orðum, en vil einungis taka það fram, að ég býst ekki við, að n. flytji brtt. í þá átt, að fellt verði niður bannið við upptöku heimagrafreita, sem frv. fjallar um. Um rök fyrir því ákvæði vísa ég til grg., sem frv. fylgir.

Eins og ég áður hef sagt við þessa umr., mun menntmn. hafa frv. til athugunar milli umr., og auk þess atriðis, sem ég þá gat um, að n. mundi sérstaklega hafa til yfirvegunar, þá mun hún að sjálfsögðu einnig ræða þær ábendingar, sem fram hafa komið undir þessari umr., og þær brtt., sem fram kynnu að koma milli umræðna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Ed., 4. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—36. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 268, 387).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og getið hefur verið um við fyrri umr. um þetta mál, hefur menntmn. haft sérstaklega til athugunar ákvæði frv. í 11. og 12. gr., um heimild til að tvígrafa í sömu gröf, og einnig hefur n. haft til athugunar milli umr. ábendingar og athugasemdir, sem fram hafa komið við fyrri umr. um málið. Að lokinni þeirri athugun flytur menntmn. brtt. við frv. á þskj. 387. Ég mun stuttlega gera grein fyrir brtt.

1. brtt. er við 2. gr. frv., um, að hún orðist svo sem þar segir. En breytingin er í því fólgin, að fellt er niður ákvæði um heimild til handa sóknarnefnd til að taka legkaup fyrir þá, sem teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utan sóknar, enda hafi þeir eigi áður tryggt sér leg. Í núgildandi lögum um kirkjugarða er heimild til þess að taka legkaup, en það hefur ekki unnizt tími til þess fyrir nefndina að ganga úr skugga um, hve mikið sú heimild hafi verið notuð eða hve miklu hún kunni að hafa skipt fjárhag einstakra kirkjugarða, og er það þó ætlun okkar, að það hafi ekki numið neinum verulegum fjárhæðum. Hér í Reykjavík er legkaup tekið að vísu, að mér er tjáð, fyrir alla án tillits til búsetu eða til hvaða trúfélags þeir teljast, og nemur hér mjög óverulegri upphæð. Þá er einnig á það að líta, að í frv. er stórrýmkuð heimild til gjaldheimtu í kirkjugarðsgjöldum, og þótti n. þá eðlilegt að fella niður þetta ákvæði í 2. gr. Má einnig minnast á, að það virðist vera heldur óeðlilegt, að legkaup megi taka fyrir þá, sem teljast til annars trúfélags, þótt í sókninni séu búsettir, en eigi ekki að innheimtast vegna þeirra, sem hafa tilheyrt þjóðkirkjunni.

Þá er 2. brtt. n. við 11. gr. Ákvæði 11. gr. um það, hvernig til skuli haga, ef tvígrafa eigi, eru svo óljós, að n. sýndist full ástæða til þess að kveða skýrt á um það, hvernig haga skuli til, ef tvígrafa á í sömu gröf. Brtt. á þskj. 387 tekur af öll tvímæli um það, að tvígrafið verði ekki í sömu gröf, nema því aðeins að þess sé óskað, fyrst og fremst af vandamönnum þess, er grafa á í síðara sinnið í gröfina, og með samþykki vandamanna þess, sem þar var áður grafinn. Þessi brtt. snertir ekki önnur atriði í 11. gr. en þessi.

Þá er 3. brtt., við 12. gr., 2. málsgr., að þar skuli falla niður orðin „á meðan búsett eru í sókninni“. Sýndist n., að nokkuð væri hart að gengið, ef fjölskylda hefur tryggt sér leg í ákveðinni sókn, að þá falli sá réttur niður, þegar börn og kjörbörn flytja burt úr sókninni.

Þá er loks 4. brtt., sem er við 28. gr. og er varðandi heimagrafreiti. N. leggur til, að 3. málsgr. þeirrar greinar falli niður, og það mundi þá, ef samþ. verður, þýða það, að heimagrafreitir, sem þegar hafa verið upp teknir, yrðu notaðir áfram með þeim takmörkunum, sem hafa verið settar í því leyfisbréfi, sem á sínum tíma hefur verið gefið út til þess að taka upp grafreitinn og um notkun á honum.

Fleiri atriði held ég, að ekki hafi verið, sem ástæða er til að minnast á að svo stöddu.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., 21. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 268, 387, 416).

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls benti ég á nokkra agnúa á þessu frv. og beindi því til hv. menntmn., að hún athugaði þessar aths. mínar á milli umr. og flytti brtt., eftir því sem hún sæi sér fært, til leiðréttingar á frv. hvað þetta snertir. Hv. menntmn. varð við þessum óskum mínum, og hefur hún flutt 4 brtt. við frv. á þskj. 387. Allar þær till. eru í samræmi við það, sem ég hafði bent á, og er ég þakklátur hv. n. fyrir að hafa flutt þær og er að sjálfsögðu samþykkur þessum brtt. nefndarinnar.

Ég benti á fleiri atriði en þau, sem tekin eru til meðferðar í þessum brtt. n., en hv. n. hefur ekki getað fallizt á að flytja till. um fleira af því, sem ég gerði að umræðuefni þá. Ég hef því leyft mér að flytja 3 brtt. við frv. á þskj. 416.

1. till. er við 4. gr. frv. Í þessari grein er greint frá því, hvernig skipun skipulagsnefndar kirkjugarða skal vera. Þar segir, að skipulagsnefndin, sem er raunverulega yfirstjórn kirkjugarðanna í landinu, skuli skipuð 5 mönnum. Í henni eigi sæti biskup Íslands, þjóðminjavörður og húsameistari ríkisins og svo tveir fulltrúar, annar kosinn af kirkjuþingi og hinn kosinn af safnaðarráði Reykjavíkurborgar. Ég gat þess við 2. umr., að ég kynni því illa, að söfnuðir eins bæjarfélags hefðu sérréttindi til að skipa menn í þessa yfirstjórn kirkjugarða í landinu, en engir söfnuðir í landinu aðrir skyldu hafa slíkan rétt. Hv. frsm. menntmn. kvaðst ekki geta gefið fullnægjandi skýringar á því, hvernig á því stæði, að þessi skipun væri tekin upp í frv., en gat þess til, að það mundi e. t. v. vera vegna þess, að mikill hluti af væntanlegum tekjum kirkjugarðasjóðs muni koma frá Reykjavík. Ég held, að þetta geti þó ekki talizt frambærileg ástæða, vegna þess að Reykvíkingar eiga ekki að borga meira í þennan sjóð en aðrir, þ. e. a. s. það er sama reglan, sem á að gilda auðvitað um allt land, hvernig greiða beri í kirkjugarðasjóð. Það er 1½% af álögðum útsvörum hvers manns, og auðvitað sama reglan um alla menn, hvar sem þeir eru í landinu. Tveir menn, annar í Reykjavík og hinn vestur á Rauðasandi t. d., sem bera 10 þús. kr. útsvar, borga hvor fyrir sig 150 kr. í þennan sjóð, auðvitað nákvæmlega jafnmikið báðir. En sá er munurinn á, að söfnuður annars þessara manna á að hafa réttindi til að skipa fulltrúa í þessa sjóðsstjórn, en hinn ekki. Mér finnst, að þetta sé ákafleg smekkleysa, að vera að taka söfnuði eins bæjarfélags þannig út úr og setja þá skör hærra en aðra söfnuði í landinu. En auk þess er þetta algerlega óþarft, vegna þess að til er sú stofnun í landinu, sem allir söfnuðir landsins eiga hlut að. Það er kirkjuþing. Kirkjuþing er skipað 17 fulltrúum, og 14 þeirra eru kosnir í 7 kjördæmum um land allt, 2 í hverju kjördæmi, annar prestur, hinn leikmaður. Auk þess eiga sæti á kirkjuþingi biskup landsins, kirkjumrh. og einn fulltrúi frá guðfræðideild háskólans. Mér sýnist, að öllum söfnuðum landsins verði gert jafnhátt undir höfði með því, að þessi stofnun, kirkjuþingið, sem allir söfnuðir landsins standa að, kjósi tvo fulltrúa, í staðinn fyrir það, sem er í frv., að kjósa aðeins einn og safnaðarráð Reykjavíkur einn. Ég flyt þess vegna brtt. um þetta á þskj. 416, að skipulagsnefnd kirkjugarða verði þannig skipuð. Það væri að vísu hægt að hugsa sér aðra aðferð, sem ég að sumu leyti hefði kunnað betur við, og það er, að kirkjuþing hefði kosið 3 fulltrúa, en auk þess væru þar biskup og þjóðminjavörður. En ég hef ekki fengið mig til þess að vera að flytja slíka till., að útiloka einn embættismann, ágætis embættismann, úr n., fyrst það er á annað borð komið inn í frv. En þó held ég, að það sé fyrir athugaleysi, að þetta var ekki leiðrétt, því að svo stóð á, þegar þetta frv. var áður flutt, þá átti þessi stjórn kirkjugarðanna í landinu jafnframt að vera stjórn kirknanna í landinu, og þess vegna var sjálfsagt að hafa þar húsameistara ríkisins. Síðan var frv. breytt og kirkjurnar teknar út úr frv., aðeins kirkjugarðarnir eftir, þar sem engar byggingar eiga að vera eða mega vera, ekki einu sinni girðingar um grafreiti, en áfram stendur í frv., að húsameistari skuli eiga þarna sæti. Ég geri því í minni till. þá minnstu breyt. á þessu, sem mér datt í hug að kynni að ná fram að ganga, en ég hefði talið hitt að ýmsu leyti æskilegra.

2. brtt. mín er við 28. gr. frv., en hún er um heimagrafreiti. Í frv. segir, að eigi megi veita leyfi til upptöku heimagrafreita. Rökin fyrir þessari till. koma fram í grg. frv., og eru þau, að þessir heimagrafreitir séu vanhirtir, ekki um þá hugsað, ekki haldið við og séu til vansæmdar. Þetta er rétt. Það er svona um marga af heimagrafreitum. En það er alveg það sama og átt hefur sér stað um sjálfa kirkjugarðana. Það er viðhaldsskortur, það er vanhirða um þessa reiti. En mér sýnist, að það sé hægt að ráða bót á þessu án þess að banna með öllu að leyfa heimagrafreiti. Engum dettur í hug að banna kirkjugarða, af því að þeir séu vanhirtir, enda væri það ekki hentugt. En mér sýnist, að vandinn sé í aðalatriðum leystur með því að gera strangar kröfur um þessa hluti, og því hef ég lagt til í 2. brtt. minni, að biskupi skuli heimilað að banna greftrun í heimagrafreit, sé viðhaldi hans og hirðingu ábótavant að dómi sóknarnefndar eða umsjónarmanns kirkjugarða. Sé ekki bætt úr þessu, þá geti biskup lagt grafreitinn niður. Ég tel, að það sé sá kostur við þessa skipun fram yfir það, sem er í frv., að ef þessi till. væri samþykkt, þá yrði ekki leyfilegt að hafa neina grafreiti, hvorki gamla né nýlega, í landinu vanhirta og til vansæmdar, þá gæti biskup lagt alla slíka grafreiti niður, líka hina eldri,

og vanhirða er nokkur sönnun fyrir því, að þeir, sem til grafreitsins stofnuðu, séu farnir að láta sér standa á sama um hann og megi því leggja hann niður. En samkv. frv. verður enginn slíkur grafreitur lagður niður, þótt vanhirtur sé, með þeirri einu undantekningu þó, sem segir í 29. gr., að jarðareigandi geti lagt niður grafreit, ef hann fullnægi vissum skilyrðum. Hér legg ég hins vegar til, að heimilt sé að leyfa grafreit eins og áður, en óheimilt með öllu að hafa hann vanhirtan og biskupi heimilt að leggja hann niður, sé ekki úr því bætt.

3. till. og síðasta, sem ég flyt, er við 32. gr. frv., en þar segir, að kirkjugarðsstjórn sé heimilt að sækja um leyfi til að flytja til lík í kirkjugarði, annaðhvort innan kirkjugarðs eða úr einum kirkjugarði í annan. Það eru að vísu fleiri ákvæði í þessari grein um flutning líka. Þau heimila flutning, ef nánir ættingjar óska þess eða samþykkja, og að heimilt sé samkv. dómsúrskurði að grafa upp lík. Tel ég ekkert við þetta að athuga, heldur er það aðeins þetta eina atriði, sem ég hnýt um, að kirkjugarðsstjórn geti sótt um slíkt leyfi, þótt ekkert samþykki liggi fyrir frá ættingjum, vegna þess að nánustu ættingjar eru dánir. Ég lít hins vegar svo á, að það sé jafnnauðsynlegt að tryggja það, að ekki sé hróflað við gröfum manna, hvort sem nánir ættingjar eru lifandi eða ekki, slíkt eigi ekki að koma fyrir nema undir alveg sérstökum kringumstæðum, sem þá sé tekið fram í lögunum sjálfum, hverjar skuli vera. Í brtt. minni er lagt til, að kirkjugarðsstjórn sé að visu rétt að sækja um heimild til flutnings á líkum, í fyrsta lagi, ef um lík útlendinga er að ræða, í öðru lagi, ef nánir ættingjar samþykkja slíkan flutning, og í þriðja lagi, ef kirkjugarður er í eyðingarhættu, ef hætt er við, að kirkjugarður geti eyðzt af náttúruöflum, eins og jafnvel hefur komið fyrir. Hvað snertir útlendinga er eðlilegt, að ef óskir koma um það frá öðrum löndum, erlendir menn óska eftir að flytja lík til heimalands, þá sé orðið við því, enda hefur það verið gert hér á landi. Ef nánir ættingjar samþykkja það eða óska þess, þá vil ég ekki hafa á móti því heldur. Og í þriðja lagi mun það hafa komið fyrir, meira að segja hér á landi, að kirkjugarður hefur verið staðsettur svo nálægt sjó, að sjórinn hefur brotið garðinn, og þá vitum við, hvernig muni fara um grafreitina. Þess vegna tel ég eðlilegt, að sé slík hætta yfirvofandi, þá sé kirkjugarðsstjórn heimilt að sækja um leyfi til þess að flytja lík, annaðhvort í annan hluta garðsins, þar sem þau eru örugg, eða þá í annan garð, en yfirleitt séu ekki frjálsari hendur fyrir kirkjugarðsstjórn að sækja um neins konar flutning á líkum.

Ef mér verður bent á eitthvert atriði eða dæmi um, að það sé nauðsynlegt að hafa þessa heimild, þá skal ég taka það til greina, en ég hef ekki orðið þess var, að þetta ákvæði frv. hafi verið rökstutt með neinu nema því hvað snertir útlendingana. Það hefur mér verið bent á og því hef ég tekið það til greina. Ég vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að taka vel þessum brtt. mínum, en ég legg áherzlu á það, að frv. sé vel úr garði gert, þegar það fer frá þessari hv. d., og ég tel líka, eins og ég hef áður sagt, að það sé full nauðsyn á þeirri lagasetningu, sem er meginatriðið í þessu frv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur flutt brtt. við það frv., sem hér er til umr., og hann hefur nú mælt fyrir sínum brtt. Ég vil þá aðeins víkja að þeim nokkrum orðum.

1. brtt. hv. þm. er við 4. gr., um, að í stað þess að auk ákveðinna embættismanna skuli eiga sæti í skipulagsnefnd kirkjugarða einn maður kosinn af kirkjuþingi og annar af safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis, þá skuli koma tveir menn kosnir af kirkjuþingi. Um ástæðu fyrir því, að þetta er tekið inn í frv., lét ég þess getið, að ég ætlaði, að ástæðan mundi vera sú, að af þessu svæði, sem Reykjavíkurprófastsdæmi nær yfir, muni koma svo verulegur hluti af tekjum kirkjugarðasjóðs, að það hafi ekki þótt óeðlilegt, að safnaðarráð prófastsdæmisins kysi einn mann í skipulagsnefndina, sem jafnframt er stjórn kirkjugarðasjóðs. Ég vil taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. þm., að það sé eingöngu um Reykjavík að ræða í þessu sambandi, því að Reykjavíkurprófastsdæmi nær einnig yfir Kópavog og Seltjarnarnes. Þessi breyting varð á frv. í meðförum kirkjuþings. Hún er inn í frv. komin fyrir einróma tilmæli kirkjuþings, þar sem eiga sæti að yfirgnæfandi meiri hl. fulltrúar kjörnir utan Reykjavíkurprófastsdæmis, eins og hv. þm. mun vera kunnugt. Og það er enginn einn söfnuður, sem ætlazt er til að velji fulltrúa í þessu tilfelli, heldur safnaðarráðið, en í því eiga sæti safnaðarfulltrúar allra sóknanna í prófastsdæminu, sóknarprestarnir og sóknarnefndarformenn. Það er því ekki um það að ræða, að það sé neinn einn söfnuður, sem eigi að ráða þessu vali, ekki heldur Reykjavíkurborg ein, heldur er þetta samkoma að ég ætla um það bil 25 fulltrúa frá einum 7 söfnuðum, sem flestir munu vera auðvitað langfjölmennustu söfnuðir landsins. Ég mun ekki geta greitt þessari brtt. hv. þm. atkv. Ég mun greiða atkv. á móti henni, bæði vegna þess, að mér þykja ákvæði frv., eins og það liggur fyrir, vera sanngjörn að þessu leyti, og þó vegur það kannske þyngra á metunum, að þetta er komið inn fyrir einróma tilmæli kirkjuþings.

2. brtt. hv. þm. er við 28. gr., um heimagrafreiti. Við greinina hefur menntmn. þegar flutt brtt., eins og kom fram fyrr við þessa umr. um frv., og var þá gerð fyrir henni grein. Ég er algerlega andvíg brtt. hv. þm. og mun einnig greiða atkv. gegn henni. Ég álít, að þó að slíkt ákvæði yrði í l. eins og lagt er til með þessari brtt., þá muni það valda miklum erfiðleikum. Ég er alveg sannfærð um það, og það vandamál, sem heimagrafreitirnir eru orðnir, mundi að mínu viti sáralítið eða ekki minnka við það og heldur aukast, vegna þess að haldið yrði opinni leið til þess að taka upp nýja

heimagrafreiti. Ég er því brtt. gersamlega andvíg.

Þá er loks 3. brtt. hv. þm. Ég ætla, að það hafi verið við 1. umr. málsins hér í d., að hv. þm. taldi, að greinin væri að sínu viti e. t. v. óþörf, það ætti ekki að vera að gefa undir fótinn með það, að verið væri að flytja til líkamsleifar látinna. Við 2. umr., að ég ætla, var drepið á þessi atriði, sem einmitt koma fram í brtt. hv. þm. Það, sem hefur komið oft fyrir, er það, að flutt hafa verið lík útlendinga, sem hafa látizt hér eða verið greftraðir, tekin upp og flutt út, sjálfsagt þá að ósk þeirra ættingja. Einnig var á bent, að kirkjugarður eða hluti af kirkjugarði gæti verið í eyðingarhættu, og brtt. hv. þm. víkja einmitt að þessum hugsanlegu tilvikum.

Ég verð að láta það í ljós, að ég óttast ekki svo mikið, að það komi nokkurn tíma til, að kirkjugarðsstjórn fari að senda umsókn um leyfi til þess að færa til lík í kirkjugarði eða milli grafreita. Þetta ætla ég, að hafi alls ekki eða þá vart þekkzt að væri gert, nema þegar um útlendinga hefur verið að ræða. Og auk þess eru í gr. sett það ströng skilyrði, eða réttara sagt: það er háð leyfi kirkjumrn. og að fengnu samþykki biskups, og ég held, að þeir aðilar hljóti ávallt að gæta þess, að leyfi til slíks verði ekki veitt, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Ég get verið samþykk hv. þm. um það, að þau tilvik, sem nefnd eru í hans brtt., hljóti að eiga fyllsta rétt á sér. En hv. þm. bað um, að sér yrði bent á einhver önnur tilvik, sem hugsanlegt væri að gerðu það að verkum, að kirkjugarðsstjórn ætti að hafa rétt til að senda umsókn. Ég skal játa það, að í fljótu bragði detta mér nú ekki fleiri tilvik í hug en þau, sem ég hef nefnt áður í umr. um málið og einnig hafa verið tekin upp í þessa brtt. En þó er hugsanlegt, að eitthvað fleira komi þar til. Ég held, að þess vegna eigi ekki að einskorða þetta við þessa upptalningu, sem yrði þá að sjálfsögðu tæmandi, vegna þess að ég ber fullt traust til rn. og biskups á hverjum tíma, að aldrei komi til, að þetta verði misnotað. Því er það, að þó að ég sé í sjálfu sér alveg samþykk þm. um það, að í þeim tilvikum, sem um ræðir í brtt., eigi kirkjugarðsstjórn að vera rétt að senda umsókn, þá geti hugsazt, að það geti einnig komið til önnur tilvik, þar sem kirkjugarðsstjórninni ætti einnig að vera rétt að senda umsóknina, og ég vil því ekki takmarka þetta við þessi ákveðnu tilvik, sem í brtt. eru, og geri það sem sé í fullu trausti þess, að það komi aldrei til, að þetta verði misnotað.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. formaður menntmn. og frsm. þessa máls hefur lýst skoðun sinni á þessum brtt. mínum og er andvígur þeim öllum.

Um 1. till., þ. e. um skipulagsnefnd kirkjugarða, taldi hv. þm., að ég hefði ekki farið rétt með, þar sem ég hefði nefnt Reykjavíkursöfnuð. Ég held, að ég hafi nefnt safnaðarráð Reykjavíkur, eins og stendur líka í frv. Það er rétt, að það er meira en Reykjavík, það er Kópavogur og Seltjarnarnes, en þetta er Reykjavíkurprófastsdæmi, og þetta er eina prófastsdæmið í landinu, sem fær að skipa fulltrúa í þessa stjórn kirkjugarða. Engin önnur prófastsdæmi fá þennan rétt. Þetta er þó staðreynd. Og það er þetta misrétti og það smekkleysi, sem mér finnst felast í þessu, sem ég kann afar illa við. Því fá ekki önnur prófastsdæmi þá alveg eins þennan sama rétt? Hv. þm. gerði enga aths. aftur á móti við hitt, sem ég nefndi, að það væri ekki hægt að rökstyðja þetta með framlagi til kirkjugarðasjóðs, þar sem er sama regla um allt land.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið eftir einróma samþykkt kirkjuþings, að þetta hefði verið sett þannig í frv. Ef það er svo, þá held ég, að kirkjuþing þurfi ekki að kvarta, ef það sjálft fær að kjósa manninn í staðinn. Getur það þá ekki kosið hvern sem það vill og úr hvaða söfnuði sem er? Ég skil ekki, að það fari mikið í bága við óskir kirkjuþings, að það sjálft kjósi manninn, fyrst það vill verða við óskum þessa prófastsdæmis.

Um 2. brtt., hvað snertir heimagrafreitina, er ekkert að segja. Hv. þm. er andvígur heimagrafreitum, vill ekki hafa þá. En mér finnst ágalli á hjá þeim, sem vilja ekki hafa þessa heimagrafreiti, að þeir skuli þá ekki leggja hreinlega til, að þessir gömlu og vanhirtu og vansæmandi grafreitir verði þurrkaðir út. Það er ekki gert. Það eru hins vegar möguleikar til þess eftir minni till. Og sú breyt., sem hv. n. flytur um þetta, felst í minni till. Þó að mín till. væri samþ., þá væri ekki hróflað við þeirri breyt., sem hv. n. flytur. Sá eini munur, sem er á þessum tveimur till., er annars vegar, að óheimilt sé að leyfa heimagrafreit áfram, hins vegar, að heimild samkv. minni till. er beitt til að afnema þá, ef þeim er ekki haldið í viðunandi ástandi, en það felst ekki í frv.

Um 3. till. sagði hv. frsm., að hann vissi að vísu ekki til þess, að nefnd hefðu verið nein önnur dæmi en ég nefndi í minni brtt., sem sönnuðu það, að kirkjugarðsstjórn þyrfti að fá heimild til að flytja til lík. Ég býst við, að það verði dálítið erfitt að finna önnur dæmi. Hv. þm. sagðist treysta þessum yfirvöldum til þess að misnota þetta ekki. Það get ég líka gert, ég get treyst þeim til þess. En það er ekki víst, að mönnum í framtíðinni þyki það nokkur misnotkun á heimildinni, þó að það séu flutt til lík. Hvað getum við sagt um það, hvort kirkjugarðsstjórn, sem situr eftir nokkra áratugi, kann ekki að líta svo á, að slíkt sé sjálfsagður hlutur og þurfi ekki að snerta neinn, þar sem allir nánir ættingjar eru löngu fallnir frá? Þrátt fyrir það er ég á móti slíku. Það hefur ekki komið fram í umr. nokkur önnur átylla til þessarar heimildar en þær, sem ég nefni í minni till., og þess vegna vil ég einskorða heimildina við það og sé enga nauðsyn að hafa þetta víðtækara, meðan menn geta ekki fundið neina átyllu til þess að veita þessa heimild umfram það, sem ég legg til.

ATKVGR.
Brtt. 387,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 416,1 felld með 11:5 atkv.
— 387,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 387,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 416,2 felld með 10:4 atkv.
— 387,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 416,3 felld með 8:5 atkv.
Frv., svo breytt., samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 440).
Á 59. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. Ég vil þegar nú við 1. umr. gera nokkrar aths. við það.

Það er fyrst 4. gr. frv. Þar eru fyrirmæli um stjórn kirkjugarðanna. Samkv. frvgr. á að setja á fót nefnd, sem nefnist skipulagsnefnd kirkjugarða og á að hafa yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Í henni eiga sæti samkv. frvgr. biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður og til viðbótar þeim þremur einn maður kosinn af kirkjuþingi og annar af safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis. Ég verð að segja, að það er mjög óeðlilegt, að safnaðarráð eins prófastsdæmis kjósi mann sérstaklega í landsstjórn kirkjugarðanna. Mér sýnist, að það væri nóg að hafa þetta þriggja manna stjórn og væru þá í henni þeir þrír, sem fyrst eru taldir í greininni, þ. e. a. s. biskupinn, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Ef mönnum hins vegar þykir þetta of fámenn stjórn, þá mættu þeir vitanlega vera fimm, en þá tel ég, að kirkjuþingið ætti að kjósa hina tvo.

Næst er það 18. gr. frv. Þar segir, að kirkjugarðsstjórn geti falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi o. s. frv., og enn fremur segir í þessari grein, að lögmætur safnaðarfundur geti veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi. Hvers vegna að stofna þarna til einokunar? Ég sé enga þörf á slíku, og ég tel þetta óeðlilegt ákvæði.

En það, sem ég tel þó aðfinnsluverðast við þetta frv., er ákvæði 28. gr. þess. Það tel ég langaðfinnsluverðast. Í þeirri grein segir, að eigi megi veita leyfi til upptöku heimagrafreita. Með þessu tel ég of nærri höggvið frelsi manna og það algerlega að óþörfu. „Hún elskaði ekki landið, en aðeins þennan blett," svo sagði Guðmundur skáld á Sandi í kvæði sínu um Ekkjuna við ána. Það eru fleiri en hún, sem elska ákveðna bletti, þar sem þeir vilja leggjast til hinztu hvíldar. Og hverjum er slíkt til tjóns? Það er engum til tjóns. Þá er hægt að setja í lög fyrirmæli um viðhald heimagrafreita á sama hátt og almenningskirkjugarða. Verði misbrestur á því, má leggja grafreitina niður. Um þetta efni kom fram brtt. í Ed. frá hv. 4. þm. Vestf., en hún náði ekki samþykki þar.

„Dýrt er landið, drottinn minn,
dugi ekki minna
en vera allan aldur sinn
fyrir einni gröf að vinna."

Svo kvað skáldið Örn Arnarson. Já, dýrt er landið. Samkv. þessu frv. eiga menn ekki að fá grafarstæðið, 3 fermetra að stærð, í verkalaun eftir ævidaginn án milligjafar. Menn eiga að borga kirkjugarðsgjald allhátt, meðan þeir bíða eftir því að fá þennan litla reit handa sér. Við því er ekki mikið að segja, því að kostnaður er af viðhaldi legstaða eins og við flest annað hér í veröldinni. En það er sannarlega hart, að menn fái ekki að ráða því, hvar þeim verður mældur út þessi litli reitur, sem þeir hafa verið að vinna fyrir allt sitt líf.

Löggjöf landsins á ekki að leggja óþarfa fjötra á menn, eins og stefnt er að með þessu frv. Þann einokunar- og frelsisskerðingaranda, sem birtist í frv., á að kveða niður, en samþykkja það síðan. Ég vil beina því til þeirrar þn., sem fær málið til athugunar, að athuga þau ákvæði frv., sem ég hef nefnt, og alveg sérstaklega vil ég skora á hv. n. að gera till. um breytingu á 28. gr. þess. Þar á að setja ákvæði um, að menn megi kjósa sér legstaði að lokinni ævi.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 60. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 440, n. 588).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af hv. menntmn. Ed. að beiðni hæstv. kirkjumrh. Núgildandi kirkjugarðslög eru frá 1932 og hafa lengi þurft endurskoðunar við. Árið 1955 skipaði hæstv. kirkjumrh. n. til að endurskoða kirkjuleg lög og tilskipanir, og er frv. þetta upphaflega samið af þeirri nefnd. Síðan hefur það verið lagt þrisvar eða fjórum sinnum fyrir hv. Alþingi. Á s. l. hausti skipaði hæstv. kirkjumrh. n. til að endurskoða frv., og gerði sú n. allverulegar breytingar á því, og var það síðan lagt fyrir kirkjuþing á s. l. hausti í sinni breyttu mynd. Með nokkrum breytingum samþ. kirkjuþingið frv. einróma.

Ég skal ekki fara hér út í einstakar greinar frv., en undir meðferð í hv. Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. vegna ábendinga, sem þar komu fram við umr. Eru þessar breyt-

ingar hv. menntmn. Ed. á þskj. 440, og skal ég ekki tefja tímann með því að telja þær hér upp, enda hv. dm. kunnar.

Eins og nál. á þskj. 588 ber með sér, yfirfór n. frv. og mælir með því, að það verði samþ., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur til að flytja við það brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í 5. gr. frv. á þskj. 268 stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofanfburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.“ En í næstu málsgr. stendur: „Í kaupstöðum og kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugörðum.“

Ég vildi í sambandi við þetta benda á það, að það er þó nokkurs staðar á landinu, þar sem vegir frá kirkju til kirkjugarðs eru þjóðvegir eða sýsluvegir, og ég geri ekki ráð fyrir, að þetta ákvæði 5. gr. afnemi skyldu þeirra aðila til þess að halda við þeim vegum, þó að þetta verði samþ. Ég tel, að það sé kannske nægilegt, ef hæstv. ráðh. vildi lýsa því yfir, að til þess sé ekki ætlazt, eða ég skyti því til n., hvort nauðsynlegt sé að breyta þessu ákvæði. Ég þekki þó nokkra staði, þar sem kirkjugarður liggur svo fjarri kirkju, en á milli þessara tveggja staða eru annaðhvort þjóðvegir eða sýsluvegir, og er náttúrlega ekki eðlilegt að taka þá kvöð af ríkinu eða sýslufélögunum að halda þeim vegum við. Ég veit ekki, hvað átt er við hér, að sveitarfélagið skuli sjá fyrir nægilegu vatni, hvort það sé meiningin, að sveitarfélagið á að leggja vatnsleiðslur frá þeim stað, þar sem næst er hægt að ná í vatn á sinn kostnað, og hygg ég, að sú kvöð geti orðið allþung. Ég vil m. a. benda á, að ef þetta ætti að gerast í Suðurfjarðahreppi, þá mundi það kosta allmikið fé að leggja frá síðasta húsi í hreppnum til kirkjugarðsins nýjar vatnsleiðslur. Ég vildi gjarnan biðja hv. n. að athuga það atriði.

Þá segir hér í 15. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.“ Nú er vitað, að þetta hefur verið gert í stórum stíl. Er það hugsun n. og er það hugsun Alþingis að banna mönnum að girða þannig af leiði og er þá ekki rökrétt afleiðing af því að rífa niður allar þær girðingar, sem fyrir eru í kirkjugörðum? Mér finnst, að hér sé gengið ákaflega nærri tilfinningum ættingja, ef þeir mega ekki á einn eða annan hátt, eins og venja hefur verið til, afmarka leiðin með einstökum girðingum, hvort heldur er úr steini eða járni. Ég hef að vísu séð í einum kirkjugarði hér á landi, að þeir hafa verið á undan hv. menntmn. í þessu atriði, því að þeir hafa sópað svo að segja öllum girðingum í burtu og jafnvel minnismerkjum og hent því í eina hrúgu út fyrir kirkjugarðinn. En ekki sýnist það vera skemmtilegt fordæmi, og öllum þeim umfarendum, sem fara um þann merka kirkjustað, hefur þótt það heldur kaldranalegt að sjá minnismerkjum fyrri alda manna safnað saman þar í eina hrúgu. En mér skilst, að það sé nokkuð sama leið, sem verið er að fara í þessu sambandi.

Ég vænti þess, að hv. menntmn. taki þetta til athugunar og athugi, hvort ekki sé hægt að breyta þessu, áður en málið fer út úr þessari hv. deild.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af athugasemd hv. 1. þm. Vestf. um vegalagningu, þá vil ég lýsa því sem afdráttarlausri skoðun minni, að það er því aðeins um skyldu að ræða af sveitarfélagi, að ekki sé annaðhvort þjóðvegur eða sýsluvegur, sem þegar er ákveðinn. Það er ekki ætlunin, að það leggist sérstök skylda á sveitarfélagið að halda við þeim hluta þjóðvegar, sýsluvegar eða annars slíks vegar, sem þegar hefur verið ákveðinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JP, JR, RH, SÁ, SkG, JóhH, AGb, BBen, BP, EðS, EI, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GíslJ, GuðlG, GJóh, GÞG, HS, HV, BGr.

LJós, HÁ greiddu ekki atkv.

16 þm. (KGuðj, MÁM, ÓTh, PS, SI, ÞÞ, ÁÞ, BF, BK, BFB, EmJ, GÍG, JPálm, IngJ, IG, JSk) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í trausti þess, að hv. menntmn. taki frv. allt til athugunar fyrir 3. umr. og sérstaklega þau ákvæði, sem hinir ýmsu hv. þm. hafa bent á að mættu betur fara, þá segi ég já við þessa umr.

2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19:3 atkv.
6.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 19:2 atkv.
16.—36. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 440, 628, 634).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég gerði aths. við þetta frv. þegar við 1. umr. þess hér í hv. d., og í samræmi við þær aths. hef ég leyft mér að bera fram tvær brtt. á þskj. 634.

Fyrri brtt. er við 4. gr. frv. Ég legg til, að 1. mgr. þeirrar gr. verði umorðuð, en þar er ákvæði um yfirumsjón með kirkjugörðum. Sú breyt., sem ég vil gera á þeirri mgr., er þess efnis, að 2 af 5 mönnum í stjórn kirkju-

garðanna verði kosnir af kirkjuþingi til 6 ára í senn. Hinir 3 samkv. frvgr., sem ég vil hafa óbreytta að því leyti, eru biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. En eins og gr. er núna, er gert ráð fyrir því, að einn maður verði kosinn af kirkjuþingi og annar af safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis. Mér finnst það óeðlilegt, að safnaðarráð eins prófastsdæmis á landinu kjósi mann í yfirstjórn allra kirkjugarða landsins. Ég tel eðlilegra, að þessir tveir til viðbótar embættismönnunum séu kosnir af kirkjuþingi.

Hin brtt. er um umorðun á 28. gr. frv., en í þeirri grein segir, að eigi megi veita leyfi til upptöku heimagrafreita. Ég legg til, að gr. verði orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er ráðh. að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti. Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreit á jörð sinni fyrir sig og vandamenn sína, og sendir hann þá beiðni um það til biskups. Beiðninni skal fylgja uppdráttur af reitnum með fyrirhugaðri girðingu ásamt vottorði hreppstjóra eða tveggja skilríkra manna um það, að staður sé vel valinn. Biskup leggur síðan beiðnina með fskj. fyrir rn. ásamt till. sínum. Heimilt er biskupi að banna greftrun í heimagrafreit, sé viðhaldi hans og hirðingu ábótavant að dómi sóknarnefndar eða umsjónarmanns kirkjugarða. Sé ekki bætt úr að liðnum hæfilegum fresti, er biskupi heimilt að láta leggja grafreitinn niður. Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðsins, enda er þeim heimilt leg í honum."

Þessi síðasta mgr. er tekin orðrétt upp úr frvgr., eins og hún nú er. Eg skal benda á það, að þessi ákvæði, sem ég legg til, að verði hér sett í lög, eru efnislega tekin úr gildandi lögum. Þau eru í lögum þeim, sem nú gilda um kirkjugarða frá 1932. Þar er þessi heimild handa ráðh. til að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti. Ég tel ekki rétt að láta þá heimild falla niður, en mér finnst of mikil þröngsýni birtast í frvgr., eins og hún nú er, og ég tel það vera spor aftur á bak, ef heimildin, sem verið hefur í lögum til þess að hafa heimagrafreiti, er niður felld. Landrými er nóg hér á landi. Grafarstæði hvert er aðeins þrír fermetrar, og mér finnst, að menn eigi að fá að ráða því, hvar þeir fá þennan litla reit, sem þeir hafa verið að vinna fyrir allt sitt líf. Frelsið er orðið lítið, ef menn mega ekki ráða slíku, og ég tel, að það sé engum til tjóns, að menn fái að kjósa sér legstað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mig undrar eiginlega mjög, að þetta mál á þskj. 268 skuli hafa gengið svo hratt í gegnum þingið sem raun ber vitni um og hafi ekki tekið meiri breytingum en raun ber vitni um. Ég hef minnzt á það hér áður, að ég tel, að ýmislegt í þessu frv. sé þannig, að það sé gengið allt of nærri persónulegum tilfinningum einstakra manna, og hefði helzt kosið, að þetta frv. næði ekki fram að ganga og yrði ekki gert að lögum. Og mig undrar enn meira, að það skuli einmitt vera kirkjuþingið og kirkjugarðsstjórnin, sem stendur að slíkum lögum. Maður skyldi halda, að hún væri flutt nokkrar aldir aftur í tímann, lifði ekki á þeim tímum, þar sem menn fá að ráða nokkurn veginn sjálfir um leifar sínar, þegar baráttunni er lokið.

Ég minntist hér í gær á ákvæði 5. gr. Ég læt mér nægja yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, hvernig það yrði framkvæmt, ber þar af leiðandi ekki fram brtt. í sambandi við það atriði. En ég vil í sambandi við síðustu mgr., 4. mgr., þessarar gr. benda á, að ég tel alveg óþarft að vera að leggja sérstök gjöld á sveitarsjóðina, eins og þar er ætlazt til, og ekki heldur sérstök gjöld á ríkissjóðinn samkv. 4. gr., því að tekið er hvorki meira né minna en 2% af öllum útsvörum til þess að hafa til að greiða kostnað við kirkjugarðshald, og gengur það svo langt, að það er einnig tekið af aðilum, svo sem hlutafélögum, sem aldrei fá nú neinn legstað. Það er kannske hugsanlegt, að mætti setja hér inn á næsta ári ákvæði um það í þetta frv., að þeim skyldi ætlað leg í kirkjugarði, þegar þau m. a. hafa orðið að gefast upp fyrir of þungar álögur, bæði til sveitarsjóða og kirkjugarðanna. En ég hef borið hér fram brtt. á þskj. 628, og ég tel, að það sé enginn sómi fyrir Alþingi að láta málið fara í gegn, ef það er ekki fellt niður. Þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði."

Það eru þessar setningar, sem ég legg til að verði felldar niður. Hver er meining hjá kirkjuráði eða kirkjuþingi með því að setja þau lög, að ekki megi hirða um leiði einstakra manna? Eða er hugsað, að verði haldið áfram, þegar þetta er samþykkt, að koma með lög um, að það skuli rífa í burtu allar girðingar og allt, sem hefur verið gert til að prýða leiði í kirkjugörðum? Annars væri ekkert samræmi hér á milli þess, sem sett er í gr. nú, og þess, sem ætti að vera framvegis. Ég á ákaflega erfitt með að trúa því, að allir þeir menn, sem eiga sína nánustu í kirkjugarði, beygi sig undir það, að það sé ekki leyfilegt að hirða um leiðin, svo að þau fari ekki í óhirðu. Ef þetta er lögfest hér, þá er engin trygging fyrir því, að þau verði ekki tröðkuð niður. Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. samþykki a-lið till. minnar á þskj. 628.

Ég hef einnig lagt til í b-lið, að síðari málsgr., þ. e. ágreiningi um þessi atriði megi skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða, verði einnig látin falla niður.

Ég hef ekki gert sérstaka brtt. við 17. gr. En ætli það finnist nokkurs staðar í nokkru menntuðu landi, að bannað sé að geyma ösku í öskukerum annars staðar en í kirkjugarði, eins og gert er með þessum lögum? Mér er fullkomlega kunnugt um, að í flestum menningarlöndum eru það ættingjar, sem ráða því, eða sjálfur aðili, sem ræður því m. a., hvort öskunni sé dreift um land eða sjó, upp á fjöll eða með ströndum fram, — ekkert

við það að athuga. Hér á að banna slíkt. Mér er einnig kunnugt um það, að fjölskyldum er heimilt að geyma þessi ker þar, sem þeim sýnist. Ég skal m. a. benda á, að Stefán heitinn Stefánsson ferðamannatúlkur lét gefa fyrirskipun um, að það skyldi grafa sitt öskuker inn í stein á ákveðnum stað í landinu. Það er algerlega ósæmandi að ganga svo á rétt og tilfinningar manna og gersamlega ósæmandi fyrir kirkjuþingið, biskup og kirkjumrh. að láta þetta mál fara svo gegnum þingið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er misskilningur, að nokkur óeðlilegur hraði sé á afgreiðslu þessa máls. Ég hygg, að þetta sé a. m. k. þriðja skipti, sem frv. er lagt fyrir Alþingi og í meginatriðum óbreytt. Nokkrar breytingar hafa verið á því gerðar nú frá því, sem áður var, er þingið fjallaði um málið í fyrra. Það komst þá að vísu einungis til hv. Ed., en þar var málið nokkuð athugað í nefnd, og nú kom það snemma þings fyrir hv. Ed. og hefur verið þar alllengi til meðferðar og hlaut þar rækilega athugun í nefnd. Það er að vísu ekki mjög langt síðan það kom hingað, en það er ekki neitt sérstakt um þetta frv. Það hefur verið til athugunar hjá þm., eins og ég segi, þing eftir þing og menn átt fullan kost á því að kynna sér efni málsins.

Ásökun í þá átt, að það sé verið að hraða málinu eða knýja það fram með óeðlilegum hætti, fær ekki staðizt. Hitt skal ég játa, að þetta er tilfinningamál hjá mönnum og eðlilegt, að sitt sýnist hverjum. Ég skal einnig játa, að ég hef ekki svo ákveðnar skoðanir á því, *hvernig með lík eigi að fara, að ég ætli* að blanda mér í þær umr. Málið var flutt af n. vegna þess, að mér fannst eðlilegra, að till. kirkjuþings kæmi þá leið, heldur en ríkisstj. gerði málið beint að sínu máli. Mér stendur nokkuð á sama, hvað við mig verður gert, þegar ég er dauður, og vil þess vegna sem minnst blanda mér í, hvað við aðra verður gert.

En að með frv. sé verið að skerða persónufrelsi manna hér úr hófi, finnst mér nokkuð mikið sagt. Ég skil ákaflega vel till. hv. 1. þm. Norðurl. v., sem vill halda heimagrafreitum. Þetta hefur áður verið viðtekið, báðir þekkjum við mál, þar sem gömlum manni var það mikið áhugamál að fá heimagrafreit, þar sem hann hafði lengi búið. Þannig vitum við, að um ýmsa er. Kirkjustjórn aftur og kirkjuþingi er þetta mjög á móti skapi og telur reynsluna vera þá, að menn koma að vísu upp þessum heimagrafreitum, en þeim sé lítt við haldið og verði til leiðinda, þegar fram líða stundir. Þess vegna er lögð rík áherzla á það, sérstaklega af herra biskupnum, og ég hygg raunar af kirkjuþingi, a. m. k. meiri hl. þess, að sett verði algert bann við heimagrafreitum, og víst er það mun þægilegra fyrir kirkjumrn. að fá þá heimild afnumda, sem nú er í lögum. Þegar kirkjustjórnin, þ. e. a. s. biskup, er því andvígur og leggur á móti því, að þessi leyfi verði veitt, þá er viðbúið, að það verði meira eftir áróðursdugnaði þeirra, sem þetta vilja fá hverju sinni, heldur en málefnum, hvort leyfi endanlega fáist eða ekki.

Það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það væri bannað að hirða um leiði, finnst mér mjög ofmælt. Það er sízt bannað að hirða um leiði, þó að ekki sé leyft að gera einkagirðingar innan kirkjugarða. Ekki fær staðizt, að það verði til þess, að traðkað verði á leiðum. Ætlunin er einmitt að búa þannig um kirkjugarða, að þeir verði vel girtir og skipulagðir með þeim hætti, að öll hvöt hverfi til þess að traðka á leiðum, þeir verði skipulagðir með plöntum og gangstígum og búið svo um leiði, að auðséð sé, hvar þau eru, og þá hverfur ástæðan til þess að hafa þessar girðingar um hvert einstakt leiði. Og þó að ég viðurkenni, að hér eins og ella varðandi þetta mál sé mikið um að ræða smekk og tilfinningu hvers einstaks, finnst mér sjálfum, að girðingar innan kirkjugarða séu hvimleiðar, það fari bezt á því að hafa þetta sem látlausast og búa jafnt um alla — eða sem jafnast um alla þá, sem látnir eru. En vitanlega geta aðstandendur jafnt eftir sem áður hirt um leiði sinna ástvina, þó að þeim sé ekki heimilað að setja um þau rammbyggilegar girðingar.

Sjálfur verð ég að segja, að mér fyndist það mjög óskemmtileg varðveizla á leifum látins ástvinar að hafa krukku með honum standandi í heimahúsum eða annars staðar en á þeim stað, sem sérstaklega er til þess ætlaður, og ég verð að játa, að mér finnst hinum jarðnesku leifum hvergi betri staður fundinn en *einmitt í kirkjugarði.*

Við hinu verður vafalaust ekki amazt, ef einhver kýs það heldur, að ösku verði dreift úti á víðavangi, vatni eða á sjó. Þetta hefur verið gert. Hv. þm. minntist á einn látinn heiðursmann og sagði, að hann hefði látið setja krukku með sinni ösku inn í stein. Ég hygg, að þetta sé misskilningur, að hann hafi einmitt lagt svo fyrir, að ösku sinni yrði dreift út yfir vatn og síðan hafi nafn hans verið höggvið á stein í nágrenni við þann stað, þar sem þeir stóðu, sem öskunni dreifðu. Ef menn vilja setja inn slíka heimild til dreifingar ösku, þá er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu, en eins og ég segi, við því yrði áreiðanlega aldrei amazt, að sá háttur yrði hafður á. En ef á að halda hinum jarðnesku leifum til haga, hvort heldur það er aska eða sjálfur líkaminn, þá segir mín tilfinning, að það sé bezt komið í kirkjugarði og sé því ekki ástæða til þess að fella niður það ákvæði frv., sem mælir fyrir um þá meðferð.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta mál. Ég skal aðeins benda á, að það er engin sanngirni í því að banna heimagrafreiti, þar sem fólk getur haft tækifæri til þess að hugsa um þá og hlúa að þeim, svo og að banna, að fólk geti afmarkað legstað ættingja sinna í kirkjugarði og hlúð

að þeim þar, eins og gert hefur verið. En það er þó ein meinabót í þessu frv., og það er ég viss um, að það verður notað mjög mikið, og það er í sambandi við 31. gr. Þar eru þó viðurlög við broti ekki sett nema 500 kr. Það getur verið að þetta sé nýr skattstofn hjá hæstv. ríkisstj. fyrir ríkissjóð, en ég er alveg viss um, að miklu meiri fjöldi en við höfum hugmynd um í dag mun nota sér það að greiða heldur til ríkissjóðs 500 kr. og brjóta þessa löggjöf hvað það snertir, að þeir ráði, hvar sínar leifar verði. Og í trausti þess, að svo verði, þó að þetta frv. verði samþ., þá kunna þó margir að sætta sig við það, þegar þeir hafa þessar útgöngudyr.

ATKVGR.
Brtt. 634,1 felld með 14:11 atkv.
— 628,1.a felld með 15:12 atkv.
— 628,1.b tekin aftur.
— 634,2 felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, GJóh, HÁ, HS, LJós, PS, SÁ, SkG, ÞÞ, BK, BP, EOl, EystJ, GíslG, GíslJ.

nei: GuðlG, JR, KGuðj, MÁM, RH, SI, AGb, ÁÞ, BGr, BF, BBen, EðS, EI, EmJ, GeirG, JóhH.

9 þm. (GÍG, GÞG, HV, IngJ, IG, JSk, JP, ÓTh, BFB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 23:2 og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 647).

65. Sala tveggja eyðijarða í Árskógshreppi.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi [140. mál] (þmfrv., A. 250).

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt skv. beiðni hreppsnefndar í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Jarðir þær, sem ræðir um í frv., eru fyrir löngu komnar í eyði og mjög litlar líkur og raunar engar til þess, að þær byggist að nýju. Það er þó ekki eingöngu vegna þess, að hér hafi verið um svo lélegar bújarðir að ræða á sinni tíð, því að jarðir þessar voru allvel setnar fyrr á árum að þeirrar tíðar hætti. En nú er langt um liðið og miklar breytingar hafa átt sér stað í búskaparháttum, svo sem alkunna er, og voru þessar jarðir komnar í eyði, áður en gæta tók áhrifa nýrrar búskapartækni. En jarðir þessar, Hrafnagil og Grund, eru í svonefndum Þorvaldsdal, sem skerst í suður frá Árskógsströnd að baki meginfjallsins á vesturströnd Eyjafjarðar. Er Þorvaldsdalurinn í raun og veru langt og mjótt skarð, sem opnast að sunnan fyrir ofan Dagverðartungu í Hörgárdal, en meginhluti Þorvaldsdals hefur frá öndverðu verið afréttarland og vissulega sótt æ meir í það horf, eftir að jarðirnar í norðanverðum dalnum fóru í eyði.

Eins og segir í grg., er nú aðeins búið á einum bæ í Þorvaldsdal, þ. e. a. s. Kleif, yzta bænum í dalnum. Í dalsmynninu eða þar rétt utan við eru svo Brattavellir, en sú jörð getur varla talizt til Þorvaldsdals, enda yfirleitt talin til Árskógsstrandar, sem eðlilegt er. Þorvaldsdalur er því að langmestu leyti kominn í eyði og þróunin orðið sú, að hann hefur nær allur verið notaður sem afrétt undanfarna áratugi. Er þar gott beitiland víðast og Árskógsströndungum því mikilvægur afréttarauki. Miðað við þessa þróun og alla staðhætti er eðlilegt, að Árskógshreppur eignist eyðijarðir þessa dals. Hreppurinn hefur þegar keypt Kúgil, sem er syðst af Þorvaldsdalsjörðum, og lagt undir afrétt sína, en sú jörð var í einkaeign, og nú er það ósk hreppsins að fá keyptar af ríkinu þessar eyðijarðir, Grund og Hrafnagil.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál, enda skýrir það sig að mestu sjálft. Ekki þarf að óttast, að með sölu þessara jarða sé verið að fara inn á nýjar brautir, því að nær árlega hefur Alþingi samþykkt að selja eyðijarðir, þegar líkt hefur staðið á sem hér um ræðir. Það er að vísu ekki sársaukalaust að verða vitni slíkrar þróunar í byggðamálum sem hér hefur orðið, en jafngagnlaust er að berja höfðinu við steininn og horfa fram hjá óvefengjanlegum staðreyndum. Eins og nú horfir, mun Þorvaldsdalur bezt verða nýttur sem afrétt, og því eðlilegt að sá hreppur, sem mesta hagsmuni hefur af þeirri nýtingu, eignist umræddar eyðijarðir og fái þannig óskoraðan yfirráðarétt þeirra gagnsmuna, sem þessar jarðir búa enn yfir.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera það að tillögu minni, að málinu verði nú að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 51., 52. og 54. fundi í Nd., 11., 12. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 18. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 250, n. 353).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft mál þetta til meðferðar og

athugunar og sendi það til umsagnar, bæði jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessar umsagnir þeirra stofnana, sem við vísuðum málinu til. Það er þá fyrst umsögn jarðeignadeildarinnar, dags. 2. marz 1963:

„Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi. Jarðir þessar hafa verið í eyði síðan á árinu 1925 og hverfandi líkur til, að þær byggist aftur. Lönd jarðanna hafa verið nýtt sem afréttarlönd fyrir bændur Árskógshrepps. Þeim afnotum geta bændur hreppsins haldið, þó að jarðirnar verði ekki seldar. Hins vegar eru mörg fordæmi fyrir því, að eyðijarðir hafi verið seldar sveitarfélögum samkv. heimildarlögum frá Alþingi. Þar sem engar sérstakar ástæður liggja til þess, að ríkissjóður verði áfram eigandi jarðanna, getur jarðeignadeildin fallizt á, að sala þeirra verði heimiluð til hreppsnefndar Árskógshrepps.

F. h. ráðherra, Sveinbjörn Dagfinnsson."

Og svo er hér einnig umsögn landnámsstjóra:

„Reykjavík, 26. febrúar 1963.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 1963, hefur hv. landbn. Nd. Alþingis sent hingað til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi. Frv. er mál nr. 140, þskj. 250. Jarðir þær, sem um ræðir í frv., eru Hrafnagil og Grund í Þorvaldsdal.

Jörðin Hrafnagil hafði á sínum tíma tún 1.9 ha. Jarðabækur telja jörðina engjalausa, og ræktunarskilyrði austan megin í Þorvaldsdal eru því nær engin. Engin hús hafa verið á jörð þessari frá því 1922, en þá stóðu uppi torfkofar þar.

Grund var á sínum tíma 20 hundraða jörð. Sú jörð hafði 5 ha. tún og hefur nothæf ræktunarskilyrði. Þessi jörð féll í eyði rétt fyrir 1930. Allur húsakostur jarðarinnar er fallinn 1942.

Vegasamband til jarða þessara er ekki fyrir hendi. Frá þjóðvegi að Hrafnagili eru 6 km, en 4,3 km að Grund. Ég tel ekki ástæðu til, að eyðijarðir í Þorvaldsdal verði endurbyggðar, og land dalsins er skynsamlegast að nota sem afréttarland og sumarhaga, því að snjóþungt er í dalnum. Samkv. þessu mæli ég með, að Árskógshreppi séu seldar báðar þessar jarðir.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson."

Nál. landbn. er á þskj. 353, og mælir n. eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 56., 57., 58., 59. og 60. fundi í Nd., 19., 21., 22., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 28. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 65. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 637).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., og landbn. þeirrar d. sendi frv. til umsagnar jarðeignadeild ríkisins og til landnámsstjóra. Hvorir tveggja þessir aðilar mæltu með sölu þessara jarða, þ. e. jarðanna Hrafnagils og Grundar í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Jarðir þessar munu hafa farið í eyði fyrir því sem næst 4 áratugum, og samgöngur og akfært vegasamband að þessum jörðum er ekkert og húsakynni munu ekki vera þar nein heldur né tún, — þau litlu, sem til voru, munu fyrir löngu vera orðin sem úthagi. Og það mun vera allsnjóþungt á þessu svæði að vetrarlagi og litlar líkur fyrir því, að menn sæki eftir því síðar meir að byggja upp á þessum jörðum. Af þeim ástæðum telur bæði jarðeignadeildin og landnámsstjóri hyggilegt að heimila ríkisstj. að selja þessar eyðijarðir, og landbn. þessarar d. mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 656).

66. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 37. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip [143. mál] (þmfrv., A. 255).

Á 38. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Í 11. gr. frv. til siglingalaga, sem liggur fyrir hv. d., er nýmæli þess efnis, að útgerðarmaður skuli vera ábyrgur gagnvart þriðja manni með 10% viðbót við vátryggingarverð skipsins, og er þetta, eins og segir í grg. með því frv., eitt af helztu nýmælum þess frv. En þannig stendur á, að í l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip frá 1947 eru ákvæði þess efnis, að ekki er leyfilegt að vátryggja skip undir 100 rúmlestum nema fyrir 90% af andvirði eða virðingarverði skipsins, — 10% eru talin vera í eigin áhættu skipseigenda. Það kom þess vegna til athugunar, þegar sjútvn. hafði siglingalagafrv. til meðferðar, hvernig þetta nýmæli í því frv. verkaði á lögin um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Niðurstaðan af þeirri athugun er það frv., sem hér liggur fyrir, en þar er samkv. ósk Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum lagt til, að ein mgr. bætist við vegna 208. gr. siglingal., eins og hún verður samkv. siglingalagafrv., eins og greinir í l. gr. þessa frv. Frv. stefnir sem sé að því að taka af tvímæli um það, að þessi 10% viðbótaráhætta er sérstakt vátryggingaratriði, sem útgerðarmenn verða að fá sér sérstaka tryggingu fyrir, þegar vátryggingarverð skipsins er annað en umrædd 110% trygging samkv. siglingalögunum. Um þetta segir í grg. með því frv., sem sjútvn. hefur samið, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið, í bréfi dr. juris Þórðar Eyjólfssonar, dags. 11. marz 1962, til samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytisins:

„Þetta ákvæði er einnig í fullu samræmi við samsvarandi ákvæði í siglingalögum Norðurlandaríkja, sbr. 257. gr., 1. tölulið, í dönsku, norsku og sænsku l. Ákvæðið á rót sína að rekja til alþjóðasamþykktar um ábyrgð útgerðarmanna, sem sett var í Brüssel 25. ágúst 1924. Samkv. gildandi l. ábyrgjast útgerðarmenn sjókröfur með skipi og farmgjaldi, sbr. m. a. 236. gr. siglingalaganna, nr. 56 1914, en samkv. alþjóðasamþykktinni og þeim lögum einstakra ríkja, sem fylgja samþykktinni, kemur 10% viðbót við verð skips í stað farmgjaldsins. Sökum þess, hve siglingar eru alþjóðlegar og siglingalögum hvers lands oft beitt um erlend skip, tel ég varhugavert að víkja í íslenzkum lögum frá umræddu ákvæði. Þó að í l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, nr. 61 1947, 11. gr., sé ákveðið, að 1/10 hluti virðingarverðs fiskiskipa undir 100 rúml. skuli vera í sjálfstryggingu, þá tel ég ekki koma til greina að miða almennt ákvæði í siglingalögum um ábyrgð útgerðarmanna við þá undantekningu. En auk þess lít ég svo á, að ákvæði 11. gr. l. nr. 66 1947 um sjálfstryggingu eigi aðeins við um skipsverðið, en að aðra áhættu útgerðarmanna, þ. á m. nefnd 10%, sé heimilt að vátryggja sérstaklega. En ef svo yrði talið, að vandkvæði væru á þessu, þá álít ég réttara, eins og líka er bent á í bréfi Íslenzkrar endurtryggingar, að athugað verði, ef frv. verður að lögum, hvort og þá hvaða breytingar þurfi að gera á hinum lögákveðnu vátryggingarskilmálum fiskiskipa undir 100 rúmlestum."

Þar endar tilvitnun í ummæli dr. Þórðar. Niðurstaðan af athugun þessa atriðis, sem gerð var í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, er það frv., sem hér liggur fyrir, og er talið nægilegt að bæta við l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, eða 19. gr. þeirra, þeirri setningu, sem felst í 1. gr. þessa frv.

Ég legg svo til, herra forseti, fyrir hönd sjútvn., að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Nd., 18. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 673).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, er í því fólgið, að við 19. gr. l. bætist svo hljóðandi samkv. 1. gr. frv.:

„Sama gildir um ábyrgðarupphæð samkv. 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr vátryggingarupphæð."

Þessi smávægilega breyting, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt að gerð verði með hliðsjón af 11. gr., 4. lið a, í frv. um siglingalög, sem Alþingi hefur nú nýlega afgreitt. Verði frv. þetta samþ., mun 19. gr. nefndra laga frá 1947 hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri, þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut, enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi. Sama gildir um ábyrgðarupphæð samkv. 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr vátryggingarupphæð."

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frv. Sjútvn. mælir með samþykkt þess, en að öðru leyti vil ég vísa til grg., sem frv. fylgir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

67. Tilkynningar aðsetursskipta.

Á 48. fundi í Sþ., 16. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta [244. mál] (þmfrv., A. 648).

Á 72. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 648, er flutt af allshn. Nd. eftir beiðni hagstofustjóra og í samráði við fjmrh. N. stendur öll að flutningi frv., en einn nefndarmanna, Gunnar Jóhannsson, áskilur sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Þetta frv. er seint lagt fram, en því er til að svara af hálfu allshn., að beiðni um flutning þess barst n. fyrst síðasta starfsdag þingsins fyrir páskafríið. N. vildi samt freista þess að fá frv. afgreitt á þessu þingi, þar sem gert er ráð fyrir, að það þurfi að nota ákvæði þess nú þegar í sumar, og skal ég síðar gera nokkru nánari grein fyrir því. Og á hinn bóginn vildi n. gera þetta vegna þess, að frv. snertir efnislega aðeins tæknileg atriði varðandi framkvæmd tilkynningarskyldu vegna aðsetursskipta og flutnings milli Norðurlandanna og ekki líklegt, að það valdi neinum ágreiningi.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., var á síðasta þingi Norðurlandaráðs samþ. að mæla með því, að ríkisstjórnir landanna tækju upp samstarf á sviði almannaskráningar í samræmi við tillögur norrænnar sérfræðinganefndar, er skilaði áliti 1961. Var nefnd þessi sett á laggirnar á árinu 1955 skv. ályktun Norðurlandaráðs um samnorræn flutningavottorð. Fulltrúi Íslands í n. var hagstofustjóri.

Það þarf að gera smávægilegar breytingar á núgildandi lögum um tilkynningar aðsetursskipta, til þess að Ísland geti orðið aðili að þessu samstarfi Norðurlandanna, og felast í þessu frv. þær breytingar, sem gera þarf til þess að það verði kleift. Í tillögu n. er gert ráð fyrir, að Norðurlönd verði ein heild í skráningarlegu tilliti, þannig að maður, sem flytur lögheimili sitt úr einu Norðurlanda í annað, sé aldrei felldur af skrá í brottflutningslandinu, fyrr en hann hefur verið tekinn á skrá í innflutningslandinu, og enn fremur, að hann sé ávallt felldur af skrá í brottflutningslandinu, ef hann er tekinn á skrá í innflutningslandinu, enda ræður síðarnefnda landið skráningu, þegar ágreiningur er. Til þess að koma þessu kerfi á verða notuð svonefnd flutningsvottorð (flytteattester), og hver sem flytur lögheimili sitt milli tveggja Norðurlanda fær flutningsvottorð frá skráningaryfirvaldi í brottflutningslandinu. Er hann kemur til innflutningslandsins, framvísar hann vottorðinu hjá

viðkomandi skráningaryfirvaldi, er sendir afrit þess til skráningaryfirvaldsins í brottflutningslandinu, og fellir það þá hlutaðeigandi af skrá hjá sér. Er hér um að ræða sama fyrirkomulag og notað er í öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi í sambandi við flutninga milli umdæma innanlands. Hér á landi eru ekki notuð flutningavottorð af þessu tagi, vegna þess einfaldlega að þeirra er ekki þörf, þar sem um eina heildarskrá eða þjóðskrá er að ræða.

Er gert ráð fyrir því, að hið nýja skráningarkerfi komi til framkvæmda í sumar, og mun vera stefnt að því, að það komi til framkvæmda 1. júlí n. k. Finnland hefur gert fyrirvara um sína aðild fyrst um sinn, en hin 3 Norðurlöndin, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafa þegar gert ráðstafanir til þess, að löndin verði aðilar að þessu samstarfi frá byrjun, sem væntanlega verður þá 1. júlí. Hafa legið fyrir þingum þeirra frv., sem nauðsynleg voru til að koma þessu í kring.

Ef fyrirhugað samstarf Norðurlandanna á sviði almannaskráningar kemur til framkvæmda, mun það leiða af sér stórbætta framkvæmd á tilkynningarákvæðum, að því er tekur til aðsetursskipta milli viðkomandi landa. Þetta er mikill ávinningur fyrir þjóðskrána og fyrir skattyfirvöld og aðra, sem hér eiga hlut að máli. Þess skal getið, að tilkynningar um aðsetursskipti milli landa hafa hér verið miklu lélegri í framkvæmd en um flutninga innanlands, og af flutningum milli landa eru náttúrlega mestir flutningar milli Norðurlandanna, og er þess vegna mikil bót að því, ef þetta fyrirkomulag og samstarf kæmist á.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði, sem nauðsynleg eru til þess, að Ísland geti orðið aðili að þessu samstarfi. En í 3. gr. eru ákvæði, sem heimila að undanþiggja námsmenn frá þessari tilkynningarskyldu og sjómenn að einhverju leyti líka.

Málið er flutt af allshn., og ætti ekki að vera ástæða til að vísa því til nefndar, nema eitthvað sérstakt komi fram við þessa umr. Ég legg því til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 708).

---

68. Happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Blindrafélagsins [185. mál] (þmfrv., A. 348).

Á 50. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur á undanförnum árum flutt frv. um skattfrelsi vinninga í happdrættum, sem nokkur líknarfélög stofna til. Okkur hefur að þessu sinni borizt erindi frá Öryrkjabandalagi Íslands, þar sem farið er fram á, að n. flytji

á þessu þingi sams konar frv. og að undanförnu, eða öllu heldur er aðaltill. í erindinu sú, að nefndin flytji á þessu þingi frv. til l., sem heimili fjmrh. að veita öryrkjafélögunum slíkt skattfrelsi í framtíðinni, og til vara er farið fram á, eins og ég sagði, að málið verði flutt í sama formi og verið hefur. N. þótti rétt að hafa þann hátt á, sem gert hefur verið að undanförnu, því að það mun vera samdóma álit manna, að mikil þörf sé á því að setja ýtarlegri reglur en nú gilda um starfsemi þeirra mörgu happdrætta, sem starfa í landinu. N. hefur þess vegna haft þetta frv. í sama formi og áður, og félög, sem njóta svipaðra hlunninda — eða happdrætti þeirra — eru öll talin upp með nöfnum. Ég vil geta þess, að eftir að frv. var útbýtt, bárust n. tilmæli frá Geðverndarfélagi Íslands, sem mun vera nýstofnað eða nýlega endurvakið, um að því yrði bætt þarna við í 1. gr., og ég leyfi mér fyrir hönd heilbr.- og félmn. að flytja skrifl. brtt. við 1. gr. frv. á þá leið, að við greinina bætist: „Geðverndarfélag Íslands."

Ég vænti þess, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu í hv. d., eins og sams konar frumvörp að undanförnu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, 360).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 52. fundi í Nd., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 360,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 360,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

Á 53. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 390).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., 18. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

---

69. Heimild til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskírteini.

Á 66. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskírteini á íslenzkum skipum [232. mál] (þmfrv., A. 499).

Á 67. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um heimild handa siglingamálaráðh. til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskírteini á íslenzkum skipum er flutt af sjútvn. Ed. eftir beiðni samgmrn. Í grg. fyrir frv. segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Rafn Kolsson (áður Reydar Kolsöe) er fæddur í Noregi 28. sept. 1902. Hann öðlaðist íslenzkan ríkisborgararétt með l. nr. 43 1955. Hann lauk skipstjóraprófi við sjómannaskólann í Fredrikstad í Noregi 1937 og hefur öðlazt

norskt skírteini til skipstjórnar á skipum af ótakmarkaðri stærð og siglt árum saman, bæði sem stýrimaður og skipstjóri, á ýmsum skipum allt að 18 þús. rúmlestum að stærð, og hefur hann fært sönnur á, að hann fullnægi skilyrðum laga um siglingatíma til að öðlast skipstjóraréttindi þau, er hér um ræðir.“

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík hefur kynnt sér skjöl þau, er fylgja frv. þessu, og önnur skjöl málið varðandi, og telur hann, að skipstjórapróf frá sjómannaskólanum í Fredrikstad jafnist fyllilega á við farmannapróf frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og sé eðlilegt að veita Rafni réttindi, enda leggi hann fram vottorð samkv. e-lið 14. gr. l. nr. 66 1946, og hefur því skilyrði þegar verið fullnægt.

Þá er það bréf, fskj. I, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég undirritaður, Rafn Kolsson skipstjóri, Goðheimum 4 í Reykjavík, leyfi mér hér með að sækja til hins háa ráðuneytis um réttindi til skipsstjórnar hér á landi, bæði í utan- og innanlandssiglingum, sbr. 14. gr. l. nr. 66 1946. Ég lauk skipstjóraprófi við sjómannaskólann í Fredrikstad í Noregi árið 1937 og sigldi síðan sem stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum allt að 18 þús. lestum, og þ. á m. á olíuflutningaskipum Bandaríkjamanna. Í ófriðnum glataðist hið fyrra skipstjóraskírteini mitt, er skipi minu var sökkt, og fékk ég því nýtt skírteini árið 1949. Í stríðslokin var ég skipstjóri fyrir ameríska sjóherinn, sem hafði bækistöð í Hvalfirði, og sigldi ég sem skipstjóri með 15 þús. tonna olíuskip, sem var í förum milli Rússlands og Íslands, auk þess sem ég annaðist olíuflutninga til herskipa á hafi úti, en umboðsmaður þess skips á þeim tíma var Eimskipafélag Íslands h/f. Ég öðlaðist íslenzkan ríkisborgararétt með l. nr. 43 frá 1955, en þá láðist mér að sækja jafnframt um skipsstjórnarréttindi á Íslandi. Umsókn þessari fylgir vottorð dómsmrn. um ríkisborgararétt minn, svo og prófskírteini mitt og skipstjóraskírteini.“

Þá er í öðru lagi bréf frá skólastjóra stýrimannaskólans hér, þar sem hann telur, eins og ég áður hef sagt, að eðlilegt sé að veita Rafni Kolssyni umbeðin réttindi. Sjútvn., sem hefur haft mál þetta til athugunar, mælir með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 693).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 499 felur það í sér, að Rafni Kolssyni, sem er norskrar ættar, en hefur hlotið íslenzkan ríkisborgararétt, verði veitt íslenzk skipstjórnarréttindi út á próf frá sjómannaskólanum í Fredrikstad, sem hann tók 1937, og út á siglingatíma á erlendum skipum.

Sjútvn. hefur athugað frv. og með tilliti til þess, að um nokkur fordæmi er að ræða, þegar svipað hefur staðið á, leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 718).

---

70. Makaskipti á landspildum.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi [241. mál] (þmfrv., A. 563).

Á 69. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér er til 1. umr., er um það að heimila ríkisstj. að hafa makaskipti á landspildu úr landi jarðarinnar Laugardalshóla og spildu úr landi ríkisjarðarinnar Miðdalskots í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Þetta frv. er flutt í samráði við jarðeignadeild ríkisins, eða það hefur verið haft samráð við jarðeignadeildina, og hefur verið nokkuð rætt um þetta nokkurn tíma. En þannig er mál með vexti, að Valtýr Guðmundsson, sem um langt árabil bjó í Miðdalskoti, keypti á búskapartíð sinni landspildu að stærð 2½ hektara úr landi Laugardalshóla, sem lá að landi Miðdalskots, og hefur hann fyrir löngu fullræktað land þetta til túns, og er það innan girðingar Miðdalskotslands. Þetta land vill Valtýr láta af hendi við jarðeignadeild ríkisins, en hann hefur nú hætt ábúð á Miðdalskoti, og óskar að fá það greitt með óræktaðri landspildu úr Miðdalskotslandi, þar sem það liggur að Miðdalslandi. Þarna er ekki um jarðarsölu að ræða, heldur að Valtýr Guðmundsson, sem bjó í mörg ár í Miðdalskoti og keypti þarna 2½ hektara og ræktaði og gerði að túni, óskar að láta það af hendi og fá annað óræktað land úr landi jarðarinnar í staðinn.

Það orkaði nokkurra tvímæla, hvort um þetta þyrfti lagalega heimild, þar sem þarna var ekki um neina sölu að ræða, heldur makaskipti á litlum jarðaspildum, mátti segja, innan sömu jarðarinnar. En það fór nú samt svo, að jarðeignadeild ríkisins áleit, að það væri öruggara að fá lagaheimild fyrir þessum makaskiptum.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að ég þurfi að hafa öllu fleiri orð um þetta. Þetta virðist vera hagkvæmt. Hinn nýi ábúandi fær þarna 2½ hektara af ræktuðu túni, sem kemur til þess að fylgja ríkisjörðinni Miðdalskoti, en aftur verður látin nokkur landspilda í staðinn fyrir þetta af óræktuðu landi jarðarinnar. Þetta virðist vera hagkvæmt fyrir báða. Valtýr, sem lengi bjó myndarbúi í Miðdalskoti, hefur hugsað sér að byggja sér sumarbústað á þessum stað, sem hann óskar að fá í staðinn fyrir hið ræktaða land sitt, og er það heldur heppilegri staður til bygginga, enda betra fyrir jörðina sjálfa að láta óræktað land undir sumarbústað heldur en ræktað tún.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að þessu litla frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 563, n. 645).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér er til 2. umr., hefur landbn. d. haft með að gera. Þegar fundur var haldinn í n., var ákveðið að leita álits jarðeignadeildar ríkisins um málið til að fá að vita, hvað hún hefði að segja um þessi makaskipti, sem frv. fjallar um. Og þannig var bókað í n., að n. mundi mæla með samþykkt frv., ef jákvætt svar fengist frá jarðeignadeildinni. Nú hefur þessi umsögn borizt, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana hér upp:

„Ráðuneytinu hefur borizt til umsagnar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að hafa makaskipti á landspildu úr landi jarðarinnar Laugardalshóla og spildu úr landi ríkisjarðarinnar Miðdalskots í Laugardalshreppi, Árnessýslu. Land það, sem Valtýr Guðmundsson á úr landi Laugardalshóla, er löngu fullræktað tún, en samliggjandi túni í Miðdalskoti og innan túngirðingar Miðdalskots, sem jafnframt er markagirðing milli Miðdalskots og Laugardalshóla. Fyrir Miðdalskot, sem er frekar landlítil jörð, er tvímælalaust fengur að því að eignast landspildu þessa. Valtýr Guðmundsson hefur óskað eftir að fá þessa eign sína greidda með óræktaðri landspildu í Miðdalskotslandi, frekar en peningum. Jarðeignadeildin telur, að á slíkt megi fallast, þar sem slík makaskipti rýra ekki búrekstrargildi jarðarinnar, og mælir því með því, að ríkisstj. verði veitt sú heimild, sem í frv. felst.

f. h. ráðherra,
Sveinbjörn Dagfinnsson."

Þetta er sem sagt umsögn jarðeignadeildar um þetta frv., sem hér liggur fyrir og landbn. hefur mælt með að yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 563, n. 695).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 563 var flutt í Ed. af hv. 5. þm. Sunnl., Sigurði Ó. Ólafssyni, og það fékk í þeirri hv. d. einróma jákvæða afgreiðslu. Það liggur fyrir umsögn jarðeignadeildar ríkisins, þar sem mælt er með því, að frv. nái fram að ganga.

Landbn. þessarar hv. d. hefur tekið málið til athugunar og mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. Nál. landbn. er prentað á þskj. 695. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 719).

---

71. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. heilbr.- og félmn. Ed.).

Á 49. fundi í Sþ., 17. apríl, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga** [245. mál] (þmfrv., A. 663).

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af heilbr.- og félmn. í samráði við hæstv. fjmrh., og standa allir nm. að baki þessa frv.

Með l. um tekjustofna sveitarfélaga frá 28. apríl 1962 voru gerðar breytingar á eldri álagningarreglum á þann veg, að á atvinnurekstur var einungis heimilað að leggja í einu sveitarfélagi, hvort heldur sá atvinnurekstur var rekinn af félagi eða einstaklingi. Reglurnar voru þær, að ef einstaklingur hafði atvinnurekstur um hönd, þá skyldi leggja á tekjuútsvar þar, sem einstaklingurinn átti lögheimili, en ef um félagsrekstur var að ræða, þá skyldi leggja á tekjuútsvar í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi fyrirtækisins fór fram.

Það hefur sýnt sig í reynd, að breytingarnar í þessu efni hafa í ýmsum tilfellum reynzt ósanngjarnar, þar sem ýmis sveitarfélög, sem áður samkv. gömlu útsvarslögunum áttu þess kost að leggja tekjuútsvör á atvinnurekstur hvert á sínum stað, missa nú algerlega álagningarréttinn að þessu leyti. Reynslan hefur því sýnt, að þessar breytingar, sem urðu með l. um tekjustofna sveitarfélaga, að því er þessi atriði snertir, hafa ekki orðið alls kostar til bóta, og þess vegna hefur það sýnt sig, að nauðsynlegt er að gera þarna nokkra leiðréttingu á.

Menn hafa haft nokkuð skiptar skoðanir á því, á hvern hátt væri bezt að lagfæra þetta, en þetta frv., sem hér liggur fyrir og er til 1. umr., er í rauninni í grundvallaratriðum samið af ráðuneytisstjóra félmrn., er fjallar sem ráðuneytisstjóri um tekjustofna sveitarfélaga, og að höfðu samráði við ríkisskattstjórann, þannig að þetta frv. er í aðalatriðum samið af þeim manni, sem var formaður þeirrar n., sem undirbjó löggjöfina um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég þarf ekki að fara ýtarlega út í þau tilfelli, sem hafa orðið orsök þess, að leiðréttinga hefur verið leitað. Það hefur verið t. d. nefnd útsvarsálagning á starfsemi Sambands ísl. samvinnufélaga á Akureyri, og það hefur verið nefnd tekjuútsvarsálagning á síldarsaltendur fyrir norðan land og austan sem dæmi um það, þar sem þessi nýju lög um tekjustofna sveitarfélaga höfðu mjög óréttlátar afleiðingar og nauðsynlegt var að gera leiðréttingar á.

Aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, kemur fram í 2. tölul. d-liðar 1. gr. og svo undir e-liðnum, en í þessum 2. tölul. d-liðar segir, að ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi, skal skipta útsvari, sem lagt er á tekjur, milli hlutaðeigandi sveitarfélaga svo sem hér segir: Útsvari skal skipt á milli sveitarfélaganna miðað við verðmæti framleiddrar vöru eða veittrar þjónustu, viðskiptaveltu, starfsmannafjölda, nýtingu fastafjármuna og annað, sem skipt getur máli. Ráðh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skiptingu útsvara samkvæmt þessum tölulið.

Þessar reglur um skiptinguna eru hér ekki svo skýrar, að það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, ef þetta verður að lögum, að ráðh. setji reglugerð, sem kveði nánar á um þetta. Með atvinnustöð í þessum lið frv. er t. d. átt við fiskverkunarstöð, síldarsöltun og annað slíkt, en það þarf ekki að vera heimilisföst atvinnustofnun, eins og gerð var krafa til eftir gömlu útsvarslögunum.

Þá segir enn fremur í e-lið 1. gr., að sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en 1/4 hluta af útsvari, sem skipt er samkv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut sveitarfélagsins, er skiptikröfu gerir, komi a. m. k. 25 þús. kr. Þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Þarna er það sérstök grundvallarregla, að það sveitarfélag, sem útsvarið leggur á, skal aldrei hljóta minna en 1/4 hluta af útsvarinu,

sem skipt er, þannig að sveitarfélag, sem skiptikröfuna gerir, getur sem algert hámark fengið 3/4 hluta útsvarsins. Þá á ekki heldur að skipta útsvari, nema í hlut þess sveitarfélags, sem gerir kröfuna, komi a. m. k. 25 þús. kr. Þetta er gert til þess, að útsvarsskipti eigi sér einvörðungu stað þar, sem um verulegar fjárhæðir er að ræða, en það sé ekki verið að tína til smáupphæðir, sem er bæði mikil fyrirhöfn að skipta á milli sveitarfélaga og þar yrði þá í flestum tilfellum um svo lágar fjárhæðir að ræða, að það drægi sveitarfélögin ekki neitt. En undantekning er þó gerð á þessu, sem fyrst og fremst mundi snerta hin allra fámennustu og smæstu sveitarfélög, að þá má upphæðin vera lægri en 25 þús. kr., ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, sem kröfuna gerir.

Þá er enn fremur sagt í framhaldi af þessu, að tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiða landsútsvar, skuli ekki skipt, en þeir einu aðilar, sem greiða tekjuútsvar og jafnframt landsútsvar, eru olíufélögin. Að sjálfsögðu mundi, þó að þetta væri ekki sett, í mörgum tilfellum ekki vera hægt að skipta tekjuútsvari olíufélags vegna ákvæðanna um 25 þús. kr. lágmarkið.

Ég vil svo að lokum leggja áherzlu á það, að með þeim aðilum, sem hafa áhuga á að leiðrétta lögin um tekjustofna sveitarfélaga í þessu efni, sem ég hér hef rætt um, og koma þar m. a. til móts við samþykkt fulltrúafundar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sem haldinn var á Húsavík dagana 17.—19. sept., sem sendi Alþingi áskorun út af þessu máli, þá hefur með þeim mönnum, sem hér hafa hagsmuna að gæta, tekizt fullt samkomulag um það, hvernig eðlilegast sé að leysa þetta mál með þessu frv., sem hér er lagt fyrir, og þar sem nú er orðið mjög áliðið þingtímans, þá vildi ég óska þess, að þetta frv. fengi skjóta fyrirgreiðslu og skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 721).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 49. fundi í Sþ., 17. apríl, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Umræðan fer þannig fram í kvöld, að hver þingflokkur fær 50 mín. ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, hin fyrri 25—30 mín., en í hinni síðari 20—25 mín., þannig að alls verði 50 mín. Röð flokkanna verður þessi: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur. Ræðumenn verða, fyrir Framsfl.: Í fyrri umferð Eysteinn Jónsson, í síðari umferð Sigurvin Einarsson og Ásgeir Bjarnason, fyrir Sjálfstfl.: í fyrri umferð Ólafur Thors, í síðari umferð Gunnar Thoroddsen og Magnús Jónsson, fyrir Alþb.: í fyrri umferð Karl Guðjónsson, í síðari umferð Alfreð Gíslason og Eðvarð Sigurðsson, fyrir Alþfl.: í fyrri umferð Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson, í síðari umferð Guðmundur Í Guðmundsson.

Hefst nú umr., og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er ótrúlegt en satt, að núv. stjórnarflokkar mörðu meiri hl. í síðustu kosningum með því að lofa stöðvun dýrtíðar án nýrra skatta og bættum lífskjörum. Þegar þeir lofuðu þessu hátíðlega, höfðu þeir þó ákveðið að leita jafnvægis í þjóðarbúskapnum, eins og þeir kalla, með því að magna dýrtíðina og gera lánsfé dýrara, halda niðri launum og afurðaverði, draga saman lánveitingar og minnka þannig framkvæmdir. Þeir lækkuðu gengið, hækkuðu tolla og söluskatta, innleiddu okurvexti, frystu sparifé og drógu úr lánveitingum. Þetta átti að tryggja jafnvægi, stöðugt peningagengi og stöðugt verðlag.

Framsóknarmenn sögðu slíkt aldrei mundu takast með þessum aðferðum. Dýrtíðaráhrif þessara ráðstafana væru slík, að þar af mundi leiða óstöðvandi dýrtíðarflóð. Nýjar dýrtíðaröldur hlytu að rísa í kjölfar þeirra fyrstu, unz ekki réðist við neitt.

Forsrh. var aftur á móti ótrauður í fyrstu og yfirlýsti á gamlárskvöld 1960: „Ef við ekki verðum fyrir nýjum áföllum, er fram undan tímabil stöðugs verðlags.“ Enn fremur sagði forsrh., að það hefði orðið að horfast í augu við allan vandann í einu, hálfkák væri verra en ekkert. Loks bætti ráðh. við, að aflabrestur og verðfall afurða 1960 ylli því, að ekki hefði verið hægt þá strax að létta byrðum af almenningi. Þetta var á gamlárskvöld 1960.

Hvað hefur svo gerzt? Hvernig hafa skilyrðin verið fyrir ríkisstj. til að standa við þessar yfirlýsingar? Við vitum öll, hvernig ástatt er núna. En geta þeir afsakað sig með nýjum áföllum? Öll þjóðin veit, að þau tvö ár, sem síðan eru liðin, eru mestu uppgripa- og aflaár í sögu íslenzku þjóðarinnar. Það hljóta því að hafa verið þung spor fyrir þennan sama ráðh. á gamlárskvöld nú í vetur, þegar hann gaf svofellda yfirlýsingu: „Hins vegar játa ég hispurslaust, að enn hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar.“ Enn fremur sagði ráðh.: „En takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum.“

1960 bað ráðh. bara um eitt, að þjóðin yrði ekki fyrir áföllum. Ekki aðeins það hefur veitzt, heldur stórfelldari aflauppgrip en nokkru sinni fyrr. Samt sem áður neyðist ríkisstj. til þess að játa, að mistekizt hefur með öllu að ráða niðurlögum verðbólgunnar og þar með fyrir gýg unnið og voði fyrir höndum, eins og forsrh. orðaði það sjálfur. Aldrei hefur íslenzkur ráðh. neyðzt til þess að kveða upp jafnafdráttarlausan áfellisdóm yfir sinni eigin stefnu og stjórnarverkum og hæstv. forsrh. síðasta gamlárskvöld.

Þegar ríkisstj. magnaði dýrtíðina 1960, komumst við þannig að orði, að þvílíkt heljarstökk væri ekki hægt að taka og koma standandi niður. Á gamlárskvöld játaði forsrh., að stjórnin hefur komið niður á bakið.

Vísitala framfærslukostnaðar, sem sýnir vandlega saman tekin í samráði við launþegasamtökin útgjöld meðalfjölskyldu, hefur hækkað um 30 stig eða 60 stig að eldra laginu. En vísitala yfir vörur og þjónustu hefur hækkað um 49 stig eða 98 stig að eldra laginu. Þetta er allra tíma Íslandsmet í dýrtíðarvexti á einu stjórnartímabili. Fyrra metið átti raunar einnig núv. forsrh. og hans menn. Auknar fjölskyldu-

bætur eru sem dropi í þetta dýrtíðarhaf. Allt verðlag og kaupgjald er á hraðri leið upp á við, launakerfið allt úr skorðum vegna óðadýrtíðar, sem fer sívaxandi, íbúðaverð þýtur upp og húsaleiga með ofsahraða. Nýi stofnkostnaðurinn og okurvextirnir eru þó ekki nema að litlu leyti enn komnir inn í verðlagið. Húsnæðiskostnaður er t. d. ekki reiknaður nema rúmar 10 þús. kr. á ári í framfærsluvísitölunni, þótt ekki kosti undir 40—50 þús. á ári að búa í litilli nýrri íbúð að óbreyttu vaxtaokrinu. Í verðlagi landbúnaðarafurða er ekki reiknað nema með lágum vöxtum af því, sem svarar andvirði eins íbúðarhúss með viðreisnarverði. Okurvextirnir eru sem sé ókomnir inn í verð landbúnaðarafurða og nýi stofnkostnaðurinn að mestu leyti líka. Vísitölufjölskyldan þarf a. m. k. 130—150 þús. kr. í tekjur til að geta búið í nýrri, litilli íbúð. Algerlega er vonlaust orðið að lifa mannsæmandi lífi af því, sem menn geta unnið sér inn á venjulegum vinnudegi.

Þrátt fyrir stórkostlega vaxandi þjóðartekjur vegna óvenjulegra aflabragða og hagstæðs verðlags hefur ríkisstj. tekið með fjandskap hverri tilraun almennings til að rétta hlut sinn, þótt út yfir tæki, þegar ríkisstj. felldi gengið á nýjan leik sumarið 1961 í hefndarskyni gegn kauphækkun, sem atvinnuvegir sannanlega gátu borið. En sú ráðstöfun verkaði sem olía á dýrtíðarbálið, og síðan hefur stjórnin ekki ráðið við neitt og enga tilraun gert til þess, treysti sér ekki til að lækka gengið aftur í sumar sem leið vegna þess, hversu komið var þá nálægt kosningum. Á hinn bóginn virðist ríkisstj. lítið hafa lært af þessum óförum, því að enn linnir ekki yfirlýsingum um, að okurvextir og aðrar ámóta jafnvægisráðstafanir verði að standa, og því einu kennt um ófarirnar, að almenna kaupgjaldið sé of hátt. Menn vita því, á hverju þeir eiga von eftir kosningar, ef stjórnarflokkarnir fá að ráða. Viðreisnin á að halda áfram og það þótt hún hafi beðið algert skipbrot og það sé játað að forsrh. sjálfum.

En það er í þessum efnum einn höfuðþáttur, sem er ekki mikið talað um á torgum, en þeim mun meira innan fjögurra veggja í herbúðum stjórnarinnar. Þeir telja þar, að viðreisnin hafi beðið skipbrot og allt mistekizt með jafnvægið og verðbólguna vegna þess, að samdrátturinn, sem átti að verða, komst ekki nema að litlu leyti í framkvæmd. Aflauppgripin sáu fyrir því og síðan fjárfestingarpanik, sem upp kom á síðasta ári og stendur enn, því að menn sáu þá, að ríkisstj. réð ekki við neitt. Viðreisnin var komin út um þúfur og menn höfðu tapað allri trú á aðferðir og getu stjórnarinnar. Viðbótarfiskafli upp á 700—800 millj. miðað við árið 1958 jók atvinnuna stórkostlega, og sparifjárfrystingin og aðrar samdráttarráðstafanir stjórnarinnar megnuðu ekki að vega á móti þessum uppgripum. Það jókst því eftirspurn eftir fólki í vinnu í stað þess, að viðreisnarplanið byggðist blátt áfram á því, að eftirspurn eftir vinnu minnkaði. Þetta telur ríkisstj. orsök þess, að hún réð ekki við að halda kaupgetunni niðri, eins og hún ætlaði sér, og telur hún, að samvinnufélögin hafi svikið með því að ljá máls á sanngjörnum kauphækkunum árin 1961 og 1962, kauphækkunum, sem að vísu engan veginn nægðu til að mæta kjaraskerðingunni, en voru miðaðar við það, sem hægt var að borga án þess að valda röskun.

Aflamokið í fyrra og hittiðfyrra og sanngirni samvinnufélaganna gerir að verkum, að menn hafa ekki enn þá séð viðreisnina eins og hún átti að verða, og þykir þó flestum nóg. En menn ættu að reyna að gera sér í hugarlund, hvað skeð hefði, ef árferði hefði verið í meðallagi og því vantað inn í útflutning eða framleiðslu 700—800 millj. eða svo, samdráttarráðstafanir því heppnazt, kaupgjald staðið óbreytt og menn orðið að láta sér nægja dagvinnu eina í bezta falli til að standa undir viðreisnarverðlaginu. En einmitt þetta er það, sem menn eiga eftir að horfast í augu við á næsta kjörtímabili, ef stjórnarflokkarnir merja meiri hl. aftur í vor, — einmitt þetta ásamt viðeigandi gengisfellingum og öðrum þvílíkum ráðstöfunum til jafnvægis, sem þeir kalla.

Þegar stjórnin sá, að hún réð ekki við neitt hvort sem var á síðasta ári, ákvað hún að láta vaða á súðum fram yfir kosningar, bætti erlendu kosningaláni við, þótt erlendar lántökur væru fordæmdar áður, og segir stjórnin nú eins og kerlingin: Ég ætlaði ofan hvort sem var. Einmitt sem mestar framkvæmdir hafi alltaf verið hennar höfuðkeppikefli.

En eftir kosningar kemur annað hljóð í strokkinn, og þá verða gerðar öflugar ráðstafanir til að rétta viðreisnina við með gamla laginu og þá ekki gleymt að setja undir lekann, sem þeir telja að hafi öllu spillt, en það er of mikil eftirspurn eftir vinnu.

Jú, en er ekki aðalmálið núna framkvæmdaáætlunin, hin stórhuga framkvæmdaáætlun, „framkvæmdaáætlunin mikla," sem gárungarnir segja að hafi staðið í Morgunblaðinu? Var ekki aðalmálið fyrir síðustu kosningar stöðvun dýrtíðar án nýrra skatta og leiðin til bætta lífskjara? Og hvað skeði svo, þegar búið var að kjósa? Halda menn kannske, að það sé hrein tilviljun, að framkvæmdaáætlunin sjálf, sem búið er að boða í mörg ár, nær svo ekki, þegar til kemur, nema yfir þetta eina ár, kosningaárið sjálft, með enska kosningaláninu? Fyrir næstu ár kemur þess í stað almenn þjóðhagsáætlun, sem stjórnin kallar svo, og um hana segir stjórnin sjálf: „Þessar áætlanir eru almenns eðlis. Þær fjalla ekki um þróunina í einstökum atriðum og fela ekki í sér ákvarðanir um framkvæmdir." Sams konar fyrirvarar eru mýmargir. Þessir snjöllu fyrirvarar við hina marglofuðu stórhuga áætlun eru engin tilviljun. Nú á sem sé að hafa vaðið fyrir neðan sig. Það á með þessu að gera áætlunina gersamlega skothelda, þótt öllu verði snúið við, sem í henni stendur. Það þarf ekki að standa við neitt. Á hinn bóginn er gott að lofa fólki að heyra kafla úr henni, eitt og annað. Fyrir-

vararnir standa fyrir sínu á eftir, enda má hér ekkert um fyrirvarana mistakast af þeirra hendi, sem nú ætla að heyja kosningar undir framkvæmdafánunum, en meina, að viðreisnin hafi farið út um þúfur, af því að eftirspurn eftir vinnu var of mikil, samdráttur í heild hafi mistekizt, og hafa það efst í huga að bæta úr því.

Góðærið nú undanfarið hefur gengið í lið með fólkinu í stríðinu við kjaraskerðingarstefnu stjórnarinnar. Útfærsla landhelginnar, sem gerð var í trássi við Sjálfstfl., uppbyggingin geysiviðtæk fyrir viðreisn og aflauppgripin hafa opnað ýmsum undankomuleiðir í bili, sem þó er dýru verði keypt, því að leggja verður nótt með degi og útivinna húsmæðra og barna að koma til, svo að vinnuþrælkun er stórfellt þjóðfélagsvandamál, en 8 stunda vinnudagur hefur fjarlægzt óðfluga. En þessari undankomuleið er ætlun ríkisstj. að loka, ef hún má ráða eftir kosningar, því að einmitt hún er talin orsök ófaranna.

Hitt virðist ekki hvarfla að þeim, að orsök ófaranna er sú, að þeir leita aldrei annarra ráða til jafnvægis, sem þeir kalla, en þeirra að magna dýrtíðina eins og gengislækkunin 1961 er ömurlegasta dæmið um. En einmitt það, sem þá gerðist, sýnir glöggt muninn á stjórnarstefnunni og þeirri vinnutilhögun, sem framsóknarmenn vilja viðhafa. Þá var tækifærið til að fikra sig inn á nýjar og heppilegri leiðir, en það var eyðilagt með gengislækkuninni og benzín borið á eldinn.

Ríkisbúskapurinn sjálfur er einnig nokkur spegilmynd af því, hvernig viðreisnin hefur farið. Álögur til ríkissjóðs hafa hækkað um 1400 millj. á kjörtímabilinu. Hefur engin ríkisstj. komizt með tærnar þar, sem þessi hefur hælana í þessu tilliti, því að auk þessa morar allt í aukasköttum og álögum í sérsjóði, sem haldið er utan við þetta. Ekki endast þessar álögur þó betur en svo, að ráðgerðar eru stórfelldar lántökur í öllum áttum til að greiða útgjöld, sem áður voru greidd af ríkistekjunum. Má nefna lán í rafveituhalla, lán til að standa undir ríkisábyrgðum, skólabyggingalán, lögreglustöðvarlán, ríkislán til að greiða ríkisframlag í atvinnuleysistryggingasjóð, svo að dæmi séu nefnd, og ýmsir þessir liðir slitnir út úr ríkisbúskapnum og reikningshaldinu. Stefnir því út í botnleysu. Jafnframt hafa framlög til margra þýðingarmestu mála verið skorin niður. T. d. eru vegamálin í hreinu öngþveiti.

Bráðabirgðasöluskattur var innleiddur ásamt öðru 1960 og því margheitið og síðast í haust, að hann yrði niður felldur. Ný tollskrá verður nú lögfest, og kemur þá í ljós, að nýju skattarnir verða allir innlimaðir í nýja verðtollinn og þar með 2/3 af bráðabirgðasöluskattinum, sem fjmrh. lofaði síðast í haust að yrði felldur niður. Slaka á í bili sem svarar 1/3 af þessum eina skatti, sem þá var lofað að fella niður að fullu og öllu.

Þegar tollskrárfrv. kom fram, var bæjar- og sveitarfélögum ætlað að bera helminginn af þessari lækkun eftir 1. jan. 1964. Hefur nú verið lofað að bæta úr þessu, enda gerðu framsóknarmenn strax kröfu til, að bæjar- og sveitarfélög héldu sínu. Skömmtunarlagið, þegar um lækkun álaga er að ræða, má svo marka af því, að fjmrh. varð að játa hér á Alþingi, að áhrif lækkananna í tollskránni væru ekki teljandi á afkomu meðalfjölskyldunnar, og upplýst er, að það tekur því ekki að reyna að reikna þau. Það þýðir, að um er að ræða brot úr vísitölustigi. Lækkunarskammturinn nær því sem sagt ekki að vera mælanlegur á dýrtíðarvogina. Hann hreyfir ekki vísinn. Það sama verður ekki sagt um álögur ríkisstj. á kjörtímabilinu og aðrar ráðstafanir og afleiðingar þeirra, því að þær hafa hækkað vísitölu vara og þjónustu um 49 stig. Þær hafa megnað að hreyfa vísinn á dýrtíðarvoginni og vel það. Hér er því um sýndarmennsku mest að ræða að undanteknum fáum vörutegundum, eins og t. d. dráttarvélum og landbúnaðartækjum, þar sem látið er undan pressunni frá framsóknarmönnum.

Mætti nefna fleiri dæmi um slík áhrif stjórnarandstöðunnar á einstök mál, en til þess vinnst þó ekki tími. Verst er, að jafnvel hin minnsta lækkun á álögum getur ekki staðið stundinni lengur sem horfir, því að stjórnarstefnan leiðir til sífhækkandi ríkisútgjalda með óstöðvandi hraða og nýrra álaga. Auk þess sem heildarálögur hafa hækkað svo gífurlega, hefur tollabyrðin verið færð yfir á brýnustu nauðsynjar í vaxandi mæli, og á það sinn þátt í dýrtíðarflóðinu. Loforð sín um lækkun beinna skatta hefur ríkisstj. efnt þannig, að vísitala beinna skatta í vísitölugrundvellinum hefur hækkað, en ekki lækkað.

Enginn mælir móti því í alvöru, að efnahagskerfinu hafi verið umturnað, og upplausnareinkennin eru augljós. Ríkisstj. gerir sér þetta ljóst. Meira að segja sjálfum alþingiskosningunum er flýtt, svo að teflt er á tæpasta vað og getur orðið að stóróhappi vegna veðráttu, ekki af umhyggju fyrir sjómönnum, heldur af því að stjórnin situr á glóðum elds og getur búizt við, að upp úr blossi hvaða dag sem er, og telur því illu bezt af lokið.

Enn segir stjórnin: Á hitt er að líta, að staða landsins út á við hefur styrkzt og sparifé aukizt meira en „nurlað hefur verið saman áður samtals frá landnámstíð," eins og það hefur verið orðað í stjórnarherbúðunum af venjulegri hógværð. Engum skynsömum manni mundi finnast það tíðindi eða hrósvert, þótt afkoman út á við hefði styrkzt óvenjulega við tvö metaflaár í röð og t. d. tífalda sumarsíldveiði á við það, sem tíðkaðist og menn urðu að komast af með áður, og vetraruppgrip af síld að auki, og lítið hafa þeir sér til skjóls, sem vilja láta þakka sér góðærið.

En hver er svo sannleikurinn um afkomu út á við? Mönnum er sagt, að 1958 hafi allt verið á heljarþröm. Það er auðvitað ósatt. En það ætti ekki að vera hægt að bjóða upp á hagstæðari samanburð en við þá niðurlægingu, sem þeir segja að þá hafi verið, og þá er dæm-

ið svona og allt umreiknað eftir núv. gengi: Gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað um 922 millj., en stofnað hefur verið til stuttra vörukaupalána erlendis upp á 413 millj. og aðrar erlendar skuldir hafa vaxið um 531 millj. Erlendar skuldir að frádregnum innstæðum eru því meiri, en ekki minni, nú en í árslok 1958 og stutts tíma skuldir margfalt meiri nú en þá. Þetta er eftir beztu opinberum heimildum og getur ekki skakkað neinu, sem máli skiptir.

Á þessu tímabili hafa þó komið um 240 millj. af gjafafé erlendis frá til viðbótar við öll uppgripin, og nú þessi síðustu ár hefur þjóðin ekkert stórvirki eignazt á borð við áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna og Sogsvirkjunina síðustu. Þetta er furðuleg útkoma og skýtur illa skökku við skrum stjórnarflokkanna. En mönnum verður að spyrja: Hvar væri komið málum þjóðarinnar við venjulegt árferði og búskaparlag þessarar ríkisstj.?

Það er satt, að sparifé hefur aukizt að krónutölu, enda mætti nú fyrr vera, þegar saman fer góðæri og hækkun allra talna í öllum viðskiptum með ofsahraða. En sé sparifé nú í árslokin 1962 borið saman við innstæðurnar í árslok 1958 og bæði árin miðuð við verðgildi krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, þá kemur í ljós, að aukningin er 4.75% á öllu tímabilinu eða rúmlega 1½% á ári. Skárri verður útkoman, ef reiknað er framkvæmdaverðmæti sparifjárins innanlands. En þetta er nóg til að sýna, hver fjarstæða það er að bera saman sparifjártölu nú og í árslok 1958 skýringarlaust, eins og ríkisstj. gerir í skrumauglýsingum sínum í blöðum og útvarpi, og þetta sýnir, að sparifjáraukningin er furðulega lítil, en ekki furðumikil, enda hefur ríkisstj. fáa jafngrátt leikið og sparifjáreigendur þrátt fyrir háu vextina.

Það er svo einn þáttur í þessu máli öllu, að sparifjáraukningin fær ekki að vera í umferð og afurðalán eru líka dregin saman, en stórfelldur rekstrarfjárskortur háir atvinnuvegum og almenningi bægt frá lánsfjáraðstoð, þótt allir sjóðir séu sagðir fullir af peningum.

Jafnhliða því, sem hluti af sparifénu er þannig frystur í bankakerfinu, eru svo tekin stórlán erlendis með okurvöxtum og Seðlabankinn svo látinn reikna framleiðendunum okurvexti af afurðalánum til að greiða vexti af frysta sparifénu innanlands. Eiga þetta allt að vera nýtízkuleg og örugg úrræði, en útkoman er ein og hin sama: óðadýrtíð, fossandi verðbólga og alveg furðulega léleg útkoma á búi þjóðarinnar, og því miður er það versta eftir að óbreyttu.

Eitt loforð sitt hefur ríkisstj. þessi staðið við. Hún sagðist ætla að innleiða hér nýja þjóðfélagshætti. Það hefur hún gert svikalaust. Hún hefur komið upp járntjaldi milli þeirra, sem búnir voru að koma sér fyrir, áður en hún hóf að umturna efnahagskerfinu, og hinna. Hver vill leyfa sér að bera saman möguleika nú til að koma upp íbúð, byggja og rækta í sveit, eignast báta eða skip eða vélar til iðnaðar við það, sem áður var? Unga fólkið verður að bera okurvextina og nýja stofnkostnaðinn án þess að koma honum inn í kaupgjaldið *og verðlagið og leggja nótt með degi* í staðinn, þangað til þeirri leið verður líka lokað eftir kosningarnar, ef þeir fá að ráða eða ef slaknar á uppgripaaflanum.

Nýja fjárfestingarstefnan er við það miðuð, að þeir einir, sem fullar hendur hafa fjár, skuli fást við uppbygginguna, hinir ekki. Það er stefna stórkapítalisma, innlends eða erlends, eftir því sem verkast vill. Það hefur verið skipulega og eftir áætlun dregið úr stuðningi við uppbyggingu almennings og félagssamtaka fólksins. Hinir eiga að koma í staðinn.

Við hagstæðari stöðu fyrir fjármagnið er erlent fjármagn tekið að reyna að troða sér inn í landið, ekki sízt í fiskiðnaðinn og þar með inn í sjávarútveginn og sjálfa landhelgina, og það er síður en svo, að núv. ríkisstj. sé treystandi til að standa gegn slíku eða með innlendum framleiðendum til að koma í veg fyrir þvílíkt. Alveg þvert á móti eru núv. stjórnarvöld líklegust til að líta á það með velþóknun, að útlendingar komist til verulegra umráða í íslenzkum atvinnurekstri, því að það léttir þeim að ganga frá stöðu Íslands gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu með einhvers konar aðild, þegar þar að kemur. Það léttir slíkt, ef þeir geta sagt: Þeir eru komnir hér hvort sem er. — Enda er sannleikurinn sá, að efnahagsmálastefnan er fyrst og fremst miðuð við að koma hér á ómenguðum stórkapítalisma í stað þess að styðja með öllu móti einstaklings- og félagsframtak almennings, en það hefur þó bezt gefizt íslenzku þjóðinni og mótað hér sérkennilegt og farsælt þjóðlíf, sem einkennist ekki sízt af óvenjumörgum efnalega sjálfstæðum einstaklingum og sterkum sjálfsbjargarsamtökum almennings. Undan þessu er nú grafið óðfluga á vegum þessa stjórnarmeirihluta.

Það er ekki seinna vænna en í vor að reisa öflugar skorður við og byrja að brjótast út úr sjálfheldunni, taka upp aftur drengilegan stuðning við *heilbrigt einstaklingsframtak* hinna mörgu, ekki sízt unga fólksins, sem stjórnarstefnan drepur í dróma. Að þessu lýtur barátta Framsfl. fyrir nýrri vaxtapólitík, endurskoðun fjárfestingarlánakerfisins til samræmis við ný viðhorf, útlánum sparifjáraukningarinnar til stuðnings uppbyggingu almennings og heilbrigðum rekstri, auknum stuðningi við framkvæmdir í sveitum og sjávarplássum, réttlátari tekjuskiptingu, aukinni framleiðslu og framleiðni, aukinni vélvæðingu og vinnuhagræðingu og nýjum launagreiðsluaðferðum, sem innleiddar verði í samvinnu við samtök launafólksins í landinu, svo að aðeins nokkur dæmi séu nefnd um hin nýju viðhorf, sem koma þurfa til.

Þá kem ég að því, sem efst hefur verið í hugum margra síðustu missirin: Hvernig á að móta stöðu Íslands í þeirri nýskipan Evrópu,

sem nú er sumpart orðin eða að verða? Eitt er víst. Sú þróun er svo ör og róttæk, að Íslendingar verða í því sambandi að taka ákvarðanir á næsta kjörtímabili, sem meira varða framtíð þjóðarinnar í landinu en nokkuð annað, síðan sjálft frelsismál þjóðarinnar var leyst.

Stofnað hefur verið Efnahagsbandalag Evrópu og ekki dult með farið af áhuga- og forráðamönnum, að þar er efnt til varanlegrar þjóðasamsteypu. Sex Evrópuríki hafa sameinazt í þessu bandalagi, gengið undir samstjórn í veigamestu þáttum efnahags- og atvinnumála og opnað öllum þegnum allra landanna og fjármagni þeirra aðgang að öllum lands- og sjávargæðum. Flest önnur ríki Vestur-Evrópu hafa sótt um að ganga inn í bandalagið, fá aðild að því, og öll þau lönd lýst sig reiðubúin að ganga undir samstjórnina og opna lönd sín og landhelgi og deila lands- og sjávargæðum sínum. Hér fer því ekkert á milli mála um stefnuna og hvað koma skal, og breytir engu í því efni, þótt snurða hafi í bili komið á þráðinn í samningum um aðild Breta. Þessi þróun verður ekki stöðvuð fremur en aldan, sem nálgast ströndina, enda nær allir ábyrgir stjórnmálamenn Vestur-Evrópu önnum kafnir við að lýsa yfir því, að það verði fundin leið til að sameina Vestur-Evrópu á vegum Efnahagsbandalagsins.

Á næstu missirum verða Íslendingar því að taka ákvarðanir um, hvort þeir ætla að stefna inn í Efnahagsbandalagið, eins og flestar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, eða standa utan við bandalagið og leysa mál sín í samvinnu við þjóðir Vestur-Evrópu, eins og gert hefur verið fram að þessu.

Aðra hvora stefnuna verður að taka. Það er ekki hægt að fara báðar þessar leiðir. Það verður að velja. Framsfl. telur, að Íslendingar eigi ekki að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu, heldur taka þá stefnu að leysa málefni sín með sérstökum samningum við bandalagið um tolla- og viðskiptamál án annarra tengsla. Við teljum óhugsandi fyrir 180 þús. manna þjóð í landi mikilla ónotaðra náttúruauðæfa að ganga undir samstjórn efnahags- og atvinnumála með og opna lönd sín fyrir háþróuðum iðnaðarþjóðum, sem telja hundruð millj., hafa yfir ótakmörkuðu fjármagni að ráða, en fáum ónotuðum náttúruauðlindum. Við leggjum áherzlu á, að verði Ísland opnað fyrir þessum þjóðum og þeim risafyrirtækjum og auðhringum, sem þar starfa, mun þess ekki langt að bíða, að Íslendingar missi með öllu tökin á málefnum sínum, glati sjálfstæði sínu og hverfi í þjóðahafið.

Framsfl. hefur sætt hörðu ámæli frá ríkisstj. og stjórnarflokkunum fyrir að taka þessa afstöðu, og þarf engan á því að undra, sem fylgzt hefur með því, sem frá þeim hefur komið í málinu. Báðir stjórnarflokkarnir hafa samþ. þá stefnu að sækjast eftir aðild að bandalaginu, sem stundum er bara kölluð aðild, en stundum aukaaðild. Bæði landsfundur Sjálfstfl. og miðstjórn Alþfl. hafa gert slíkar ályktanir. Blöð stjórnarflokkanna hafa missirum saman haldið uppi hörðum áróðri fyrir því, að Íslendingar gerðust aðilar að bandalaginu. Hefur þar ósjaldan verið útmálað, hve þungbært mundi verða að vera utan tollmúra bandalagsins, og með ofurkappi lögð áherzla á, að þjóðin mundi einangrast, ef hún yrði ekki aðili að Efnahagsbandalaginu, framsóknarmenn taldir einangrunarsinnar og jafnvel erindrekar kommúnista fyrir að beita sér fyrir því, að tolla- og viðskiptasamningsleiðin verði valin. Upphaflega var því meira að segja haldið fram, að tolla- og viðskiptasamningsleiðin væri ekki til.

Nú segir ríkisstj. hins vegar, að tvær leiðir séu hugsanlegar, tolla- og viðskiptasamningsleiðin og aukaaðild. Jafnframt er það upplýst í skýrslu ríkisstj., að hún telur sjálf, að aukaaðildarleiðinni verði að fylgja samningar um atvinnurekstrarréttindi útlendinga á Íslandi og önnur aðalákvæði Rómarsáttmálans.

Þótt ríkisstj. hafi þannig orðið að viðurkenna tolla- og viðskiptasamningsleiðina sem úrræði, þá dylst engum, hvað hún og stjórnarflokkarnir vilja, en það er aðild að bandalaginu í einu eða öðru formi. Ríkisstj. hefur ráðizt á Framsfl. fyrir að aðhyllast aðra þá leið, sem hún í öðru orðinu telur koma til greina.

Ríkisstj. hefur nú missirum saman, bæði innan lands og utan, bollalagt um að breyta stefnu Íslendinga í sjávarútvegsmálum með tilliti til væntanlegrar aukaaðildar eða aðildarsamnings við bandalagið. Hún hefur þrásinnis látið í ljós, að til greina kæmi að breyta stefnunni, sem fylgt hefur verið um langt skeið varðandi fisklandanir útlendinga og stofnsetningu atvinnufyrirtækja útlendinga, m. a. í fiskiðnaði, talið stefnu Íslendinga úrelta, taka bæri upp nýjar reglur, sem þá yrðu að miðast við að leyfa útlendingum að leggja hér upp fisk og reka fiskiðjuver. En augljóst er, að kæmust útlendingar inn í fiskiðnaðinn, væru þeir þar með komnir inn í landhelgina, því að óðar væru fiskiðjuverin látin eignast báta og skip og þar mundi ekki fjármuni skorta.

Þegar þessir menn tala um, að það sé úrelt stefna í sjávarútvegsmálum, sem Íslendingar hafa fylgt undanfarið, að hafa ekki aðeins fiskveiðar í landhelginni fyrir sig eina, heldur einnig til afnota fyrir sig eina, aðstöðuna til að verka fiskinn í landi, þá virðast þeir ekki gera sér grein fyrir því, að það er einmitt þetta, sem fyrst og fremst hefur gert Íslendingum kleift að lifa hér sjálfstæðu menningarlífi. Velmegun Íslendinga byggist jöfnum höndum á uppgripafiskimiðum heima fyrir og aðstöðunni til að verka aflann í landi. Það verður ekki lengi að koma upp í nokkurn tollmismun, ef þessi aðstaða verður látin útlendingum í té.

Það velkist ekki fyrir neinum, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir vilja aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Aukaaðildarleið sú, sem ríkisstj. heldur fram í skýrslu sinni um Efnahagsbandalagið, er leið þeirra, sem vilja koma Íslandi inn í bandalagið og gera það, ef þeir fá bolmagn og fulltingi til. Málið liggur skýrt

fyrir eftir þær umr., sem orðið hafa undanfarið góðu heilli.

Geti stjórnarflokkarnir einir ráðið ferðinni á næsta kjörtímabili, munu þeir loka tolla- og viðskiptasamningsleiðinni og taka stefnuna inn í Efnahagsbandalag Evrópu beint eða í áföngum eftir því, sem hagfellt þykir. Sú stefna verður þá tekin og örlagaskrefið stigið. En verði Framsfl. efldur svo í vor, að hann geti lagt úrslitalóðið á vogarskálina, verður ofan á að leysa málefni Íslands í samskiptum við bandalagið eftir tolla- og viðskiptasamningsleiðinni. Inn í þennan farveg er hægt að þrýsta málinu með því að efla Framsfl.

Við trúum því, að Íslendingar muni geta tryggt sér góð og hagkvæm viðskipti við þjóðir Vestur-Evrópu framvegis sem hingað til eftir leiðum samvinnu og það engu að síður þótt þessar þjóðir sameinist í bandalagi og síðan nýju ríki, sem við vegna sérstöðu okkar getum alls ekki tekið þátt í. Við höfum megna andúð á þeirri múgsefjun, sem reynt er að skapa til að koma inn þeirri skoðun, að smáþjóðir hljóti að dragast aftur úr stærri þjóðunum og verði því að innlimast til að njóta góðs af stærðinni Slíkt brýtur algerlega í bága við aldalanga reynslu Íslendinga sjálfra og fjölda annarra þjóða, og það er ekki gert í góðum tilgangi að fá menn til að missa sjónar á, að samvinna þjóða og sameining þjóða er sitt hvað.

Framsfl. hefur verið og er enn eindregið fylgjandi vestrænni samvinnu, enda þótt hann fylgi eindregið fram þeirri skoðun, að Íslendingar geti ekki gengið í Efnahagsbandalag Evrópu. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa undanfarið svo ósleitilega sýnt, að hugur þeirra stendur til aðildar að Efnahagsbandalagi Evrópu, að um það er ekkert að villast. Ríkisstj. óttast og vafalaust með réttu, að sá málstaður eigi ekki almennu fylgi að fagna með þjóðinni, og biður menn því að leiða hugann frá því, sem er að gerast í Evrópu, því að Bretar séu ekki komnir inn í bandalagið enn og því komi þetta mál allt í einu okkur ekki við. En þetta er til of mikils mælzt. Ríkisstj. veit jafnmikið og við í Framsfl., að á næsta kjörtímabili verða Íslendingar að velja eða hafna, taka stefnuna inn í Efnahagsbandalag Evrópu, eins og svo margar Evrópuþjóðir, eða standa utan við og leysa mál sín með samvinnu í stað sameiningar eða innlimunar. Ríkisstj. er því að reyna að blekkja þjóðina og gera tilraun til þess að fá þetta mál í sínar hendur í 4 ár án íhlutunar þjóðarinnar og án þess, að þjóðin segi vilja sinn, en það má aldrei verða.

Að lokum þetta: Hvað verður um íslenzkt efnahagslíf og afkomu almennings í landinu, ef ríkisstj. og flokkar hennar fá í vor meiri hl. á Alþingi til að halda áfram þeirri stefnu, sem ríkisstj. varð að játa í gamlársræðu forsrh. að hafi leitt í hreinar ógöngur við mestu upp grip í sögu þjóðarinnar? Hvar verður komið fullveldismálum landsins eftir 4 ár, ef ríkisstj. fær í vor aðstöðu til að móta eins og henni einni sýnist afstöðuna til Efnahagsbandalags Evrópu, þar með stefnuna í sjávarútvegsmálum og landhelgismálinu?

Þessar spurningar verða menn að leggja fyrir sig nú þegar og svara þeim í vor. Eftir 4 ár verður það orðið of seint, og þá verður ekki aftur snúið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur nú lýst stjórnmálaviðhorfinu, eins og hann langar til að það sé. Ég skal lýsa því eins og það er:

Sá stutti tími, sem ég hef hér til umráða, endist að sjálfsögðu ekki til að draga upp skýra mynd af stefnu og starfi núv. ríkisstj., frá því að hún tók við völdum í nóvember 1959 og fram á þennan dag, og þaðan af síður til að lýsa aðkomunni. Að þessu sinni læt ég nægja að minna á, að vinstri stjórnin skildi við þjóðarbúið í upplausn. Í augum nágrannaþjóðanna var Ísland sem máttvana, heillum horfinn og trausti sviptur vesalingur, sem þrátt fyrir mesta góðæri aldarinnar stóð svo tæpt á barmi greiðsluþrots og glötunar, að sjálfur formaður vinstri stjórnarinnar lýsti því yfir í ræðu sinni 4. des. 1958, og það gerði hann í samráði við Eystein Jónsson, sem hér var að enda mál sitt, að vegna sundurlyndis og ráðleysis ríkisstj. gæfist hann upp í miðri gullnámu ársins 1958. Jafnframt tilkynnti hann, að yfir vofði óðaverðbólga, sem að mati vitrustu sérfræðinga vinstri stjórnarinnar mundi með öllu óviðráðanleg, ef ekki yrði tafarlaust spyrnt við fæti.

Það var þetta þrotabú, sem núv. stjórnarflokkar tóku við í árslok 1958. Stjórn Emils Jónssonar tókst að stöðva þjóðina á feigðargöngunni, en sjálfur aðalvandinn beið núv. stjórnar. Varnir sínar gegn greiðsluþrotinu og glötun, sem leitt hefði af óðaverðbólgunni, leggur hún nú ótrauð undir dóm kjósenda og æskir þess, að þeir láti ekki blekkjast af öfgum og ósannindum stjórnarandstöðunnar, heldur kynni sér a. m. k. allra stærstu málin og reyni að gera sér grein fyrir: Hvað það sé, sem straumhvörfum hefur valdið og örlög skapað. Hvað það sé, sem því veldur, að eitt mesta velferðarmál þjóðarinnar, landhelgismálið, var leyst með svo glæsilegum sigri Íslendinga, að illgjarnri stjórnarandstöðu varð orðfall, týndi glæpnum og gafst upp. Hvernig á því standi, að íslenzkir bankar, sem í febrúarlok 1960 skulduðu erlendis 216 millj. kr., skuli á réttum þrem árum hafa bætt gjaldeyrisaðstöðuna um 1408 millj. kr. Hvað því valdi, að sparifjáraukning á þessum fáu árum skuli vera meiri en allt það sparifé, sem Íslendingar höfðu dregið saman frá upphafi byggðar og fram á þann dag. Hvaða Aladdínslampi það sé, sem nú allt í einu virðist hafa opnað á víða gátt þær dyr erlendra fjárhirzlna, sem áður voru Íslendingum harðlæstar. Hvernig auðnazt hafi að rétta nú sjúkum, gömlum, öryrkjum og öðrum, sem aðstoð verðskulda og þurfa, fjórar krónur í stað hverrar einnar, áður en viðreisnin hófst. Hvernig á því standi, að hrakspár vitrustu stjórnarandstæðinga um allsherjar at-

vinnuleysi, hrun og öngþveiti eru nú eitt mesta gamanmál þjóðar, sem aldrei hefur búið við aðra eins velsæld og nú, og það einmitt vegna þess, hversu mikil og almenn atvinnan er. Hvað því valdi, að nærri megi segja, að sama sé, hvert litið er, alls staðar sé vorhugur í mönnum og alls staðar sjái ávextina af bjartsýni, framtaki og dug fólksins. Af hverju það muni stafa, að á þessum síðustu árum hafi verið sett svo mikil, margvísleg og merk löggjöf sem raun ber vitni um, jafnframt því sem útvegað hefur verið fé til fleiri nauðsynlegra framkvæmda en nokkru sinni fyrr og um leið ráðin bót á fjármálaóreiðu hins opinbera og þegnarnir verndaðir gegn ríkisræningjanum með viturlegri skattalöggjöf o. s. frv. Um allt þetta er spurt og margt fleira.

Að sjálfsögðu verða svörin nokkuð eftir því, hver spurður er. Mitt svar er þetta:

Þótt fleira komi til, þá veldur það miklu, að allt þetta kjörtímabil hafa Alþfl. og Sjálfstfl. borið gæfu til að leggja ágreiningsmálin á hilluna og einbeina getunni að því að reisa úr rúst og byggja upp að nýju svo veglega, að það verði húsrými og athafnasvæði fyrir stórhuga, dugmikla æsku ört vaxandi þjóðar.

Ég þykist mega staðhæfa, að ríkisstj. hefur verið miklu samhentari en dæmi eru til um samtök stjórna hér á landi og að hún og flokkar hennar hafi af einhug og undirhyggjulaust alltaf stefnt að einu marki: Því að rétta við og reisa við, og alltaf af fullum drengskap látið þjóðarheill sitja í fyrirrúmi fyrir stundarhagsmunum flokka sinna.

Vildi ég mega vona, að ferill vinstri stjórnarinnar megi verða þeim til lærdóms, sem alltaf virðast hafa verið óheilir í samstarfi, svo að ekki sé sterkar að kveðið, og með þeim hætti stórspillt árangri þess samstarfs, sem þeir hafa tekið þátt í. Væri það út af fyrir sig mikill ávinningur.

Mér þykir ekki ólíklegt, að yfirleitt játi menn, að samstarf viðreisnarflokkanna hafi verið óvenju heilsteypt. Ágreiningurinn verður um hitt, hvort uppskeran hafi verið jafnmikil og góð sem af er látið í stjórnarherbúðunum. Stjórnarliðið bíður rólegt dóms þjóðarinnar við kosningarnar í vor.

Stjórnarandstaðan gerir sér ljóst, að ekki virðist sigurstranglegt að leggja til orrustu við stjórnarliðið, ef deilt verður um það, hvort viðreisnin sjálf hafi tekizt betur eða verr. Fyrir því er það nú orðið viðkvæðið hjá andstæðingunum, að enda þótt rétt kunni að vera, að stjórnin hafi eitthvað vel gert, þá sé það léttvægt og lítils virði borið saman við þá ógæfu, sem stjórnin hafði leitt yfir þjóðina með gengisfalli, fyrst í febrúar 1960 og síðan í ágúst 1961, eins og menn heyrðu hv. síðasta ræðumann tala um, sem því valdi, að verðhækkunaraldan flæði nú óhindruð yfir landið. Sé nú svo komið, að menn geti ekki lengur reist bú, byggt sér bát, eignazt þak yfir höfuðið o. s. frv.

Óþarft er að deila um, hvort dómur manna um skaðræði verðbólgunnar er eitthvað ýktur eða ekki. En um hitt skal spurt, hver valdi þessum verðhækkunum. Er það viðreisnarstjórnin, eða er það vinstri stjórnin og e. t. v. fleiri, sem gengisfallinu valda? Á svarinu veltur, við hvern beri að sakast um verðbólguna.

E. t. v. yrði svarið skýrast, ef rifjuð væri upp saga vinstri stjórnarinnar, raupsöm og vanhugsuð fyrirheit og fálmkenndar athafnir hennar og óbrotinn slysa- og vanefndaferill, allt þar til hún geispaði golunni af pólitískum vanmætti og ófeiti.

En þessi saga er svo margsögð, að ég hlífi mönnum við að hafa hana yfir að nauðsynjalausu, af því líka að út af fyrir sig er hún ekkert gamanmál, þótt ýmsir kaflar hennar séu svo spaugilegir, að menn fá ekki varizt brosi, svo sem t. d. tjáningar þeirra Hannibals Valdimarssonar og Hermanns Jónassonar um svo heitar gagnkvæmar ástir, að ekkert fengi skilið þá nema gröfin. Það fór nú sem fór, að fyrirheitin, sem þeir gáfu hvor öðrum, reyndust eins og önnur vinstri fyrirheit: Tuttugu ára sambúðin entist ekki nema í rúm tvö ár og var báðum vorkunn.

Læt ég útrætt um þetta, en vind mér að því að upplýsa sjálft málið.

Þegar forsrh. vinstri stjórnarinnar baðst lausnar 4. des. 1958, tilkynnti hann, að ný verðbólgualda væri að rísa, en engin samstaða væri í stjórn hans um varnir gegn henni. Hann sagði sjálfur, að yrði viðnám ekki tafarlaust veitt, mundi aldan flæða yfir landið. Þetta þekkja flestir jafnvel og það, sem eftir fór, að Alþfl. myndaði flokksstjórn, sem Sjálfstfl. varði vantrausti með vissum skilyrðum, m. a. þeim, að fyrstu flóðgarðar yrðu reistir til varnar gegn óðaverðbólgunni. Það var gert, en aðalvandinn beið lausnar núv. stjórnar.

Sú rannsókn, sem viðreisnarstjórnin lét fram fara strax eftir valdatökuna, leiddi í ljós, svo að ekki varð um villzt, að arfleifð vinstri stjórnarinnar var miklu uggvænlegri en menn höfðu gert sér grein fyrir, svo að ekkert blasti við annað en glundroði innanlands og greiðslubrot út á við, ef ekki yrði fast og röggsamlega í taumana tekið.

Öllum varð ljóst, að við svo búið mátti ekki standa. En hvað átti nú til bragðs að taka? Aðeins tvær leiðir hafa verið taldar koma til greina. Stjórnarandstaðan, einkum framsóknarmenn, hefur haldið því fram, að auðveldast hefði verið að búa áfram við falskt gengi og útflutningsuppbætur. Þeir vita þó, að þetta var útilokað. Einhvers staðar varð að fá peninga í uppbæturnar, og hafði það verið gert með tollum á innflutningsvöruna, sem runnu til útflutningssjóðs. En nú var löngu komið í ljós, að því fór svo fjarri, að þessar tolltekjur útflutningssjóðs nægðu til þess að standa undir útflutningsuppbótunum, að tekjur sjóðsins námu aðeins fjórum krónum af hverjum fimm, sem honum bar að greiða. Þannig myndaðist halli, sem nam nærri 1/5 af andvirði alls útflutningsins. Reynt hafði verið í tvö ár í röð að bæta úr þessu með því að auka innflutning á lúxusvörum, sem voru tollhæstar, til þess með því að hækka tekjur útflutningssjóðsins

og jafna hallann. Þetta var auðvitað neyðarúrræði, sem auk þess mistókst einfaldlega vegna þess, að fólkið vildi ekki kaupa nægjanlega mikið af rándýrum óþarfanum. Þar við bættist, að þessi óheilbrigða stefna varð að byggjast á erlendum lánum, en frumskilyrði fyrir því, að erlend lán fengjust, var einmitt, að algerlega yrði breytt um stefnu. Kerfi, sem byggist á lánum, sem voru ekki fáanleg, nema gerbreytt yrði um kerfi, bar dauðameinið undir hjartarótum og var þess vegna sjálfdautt. Það sjá allir. Um þetta þarf þess vegna ekki frekar að ræða.

Eftir stóð þá sá eini möguleiki að gerbreyta um stefnu, viðurkenna rétt gengi krónunnar, en afnema uppbæturnar. Sá vandi, sem nú tók við, var að ákveða rétt gengi þeirrar vinrististjórnarkrónu, sem viðreisnarstjórnin tók við, — að taka út vinstri krónuna, ef svo mætti segja. Til þess vandaverks voru valdir hinir hæfustu innlendu og erlendu sérfræðingar, sem völ var á. Er skemmst frá að segja, að eftir að þeir höfðu framkvæmt ýtarlegar rannsóknir, urðu þeir allir sammála og gerðu því sameiginlega tillögu til stjórnarinnar.

Það er eftirtektarvert, að sérfræðingarnir mátu krónuna talsvert minna virði en stjórnin eftir atvikum taldi rétt að fallast á. Vildu þeir hafa 40 eða helzt þó 42 kr. í bandarískum dollar. Stjórnin ákvað 38 kr. Gerði hún sér þó auðvitað ljóst, að varfærnara var að meta krónuna lægra, eða eins og sérfræðingarnir ráðlögðu. Með því var hættan á nýju krónufalli, ef eitthvað gekk úr skorðum, minni. Höfuðsjónarmið okkar voru hins vegar þau, að vart væri þess að vænta, að skráð gengi krónunnar yrði bráðlega hækkað aftur, þótt eitthvað batnaði í ári. Væri því réttmætt að tefla nokkuð á tvær hættur til þess að halda krónunni uppi. Auk þess vildi stjórnin halda vísitölunni í skefjum af fremsta megni, en vitað var, að hún hækkaði um eitt stig fyrir hverja krónu, sem dollarinn hækkaði um. Og loks bættist það við, að stjórnin lagði höfuðáherzlu á, að auðsannað væri, að ekki hefði verið hallað á vinstri stjórnina við úttekt á búi hennar, svo að ekki gæti leikið á tveim tungum, hver ábyrgð bæri á þeim verðhækkunum, sem í kjölfarið hlutu að sigla.

Hér er því um ekkert að villast. Viðreisnarstjórnin lét skrá krónu vinstri stjórnarinnar miklu hærra en sérfræðingarnir töldu hyggilegt eða jafnvel verjanlegt. Enginn getur því með rökum vefengt, að það er vinstri stjórnin, en ekki viðreisnarstjórnin, sem veldur þeim verðhækkunum, sem nú eru á orðnar og eru afleiðing af sæmilega réttri skráningu vinstristjórnarkrónunnar í febrúar 1960.

Varðandi síðari skráninguna, í ágúst 1961, er það að segja, að enn valda þeir sömu og fyrr. Þar voru enn að verki framsóknarmenn og kommúnistar.

Fram að þeim tíma hafði verið föst venja, að Vinnumálasamband SÍS og Vinnuveitendasamband Íslands kæmu fram sem ein heild í samningum við Alþýðusamband Íslands eða einstök verkalýðsfélög. En vorið 1961 skar SÍS sig allt í einu út úr, gerði sérsamning við kommúnista um kauphækkanir og neyddi með því aðra atvinnurekendur til að fylgja í kjölfarið. Námu kauphækkanirnar frá 13—19%. Með þessu var nýtt gengisfall ákveðið, svo sem m. a. sést á þessu:

Höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, var illa farinn eftir langvarandi verðbólgu og hafði á undanförnu ári orðið fyrir meira verðfalli afurða sinna en dæmi voru til um langt árabil. Síldarvertíðin sumarið 1960 hafði brugðizt, og vetrarvertíðin 1961 var afleit, og togararnir áttu við meira aflaleysi að etja en nokkru sinni fyrr. Engum hugsandi manni gat þess vegna dottið í hug, að þessi bágstaddi atvinnurekstur gæti allt í einu tekið á sig 13—19% kauphækkanir, jafnt við sjálfa framleiðsluna sem alla verkun aflans.

Stjórnarandstæðingar hafa að vísu tæpt á því, að gengisfelling hefði verið óþörf, ef vextir hefðu verið lækkaðir um 2%. Hvílík endemis fjarstæða hér er á ferð, sést bezt á því, að slík vaxtalækkun hefði aðeins létt af atvinnurekendum 70—80 millj. kr., en kauphækkanirnar lögðu nýjar byrðar á þá, sem námu 550—600 millj. kr.

En hvað þá um aðra atvinnuvegi? Gátu þeir tekið á sig kauphækkanirnar?

Eftir gengisfallið reyndi ríkisstj. til hins ýtrasta að vernda hagsmuni launþega með því að sporna af alefli gegn því, að atvinnurekendur fengju að hækka verðlagið vegna kauphækkananna. Var hagur og afkoma hvers einstaks fyrirtækis rannsakað, áður en leyft væri, að hækkun kaupgjaldsins fengist að einhverju eða öllu leyti tekin upp í verðlagið. Niðurstaða þessara rannsókna sýndi, að langflest fyrirtækin gátu sannað, að ef þau ættu að forðast hallarekstur, væri óhjákvæmilegt að heimila verðhækkanir, er sem næst námu kauphækkunum.

Rétt er að upplýsa, að flest fyrirtæki SÍS stóðu engum að baki í kröfunum um verðhækkanir, sem sannar, að þau voru ekki fær um að standa undir samningunum við kommúnistana án þess að færa afleiðingarnar yfir á bök almennings. Vildi ég, að menn bæru þetta saman við ummæli hv. síðasta ræðumanns.

Það liggur þannig alveg ljóst fyrir, að það eru framsóknarmenn og kommúnistar, sem alla sök eiga, jafnt á hinni fyrri gengislækkun sem hinni síðari, og þar með þeim verðhækkunum, sem þeir ásaka okkur fyrir.

Með þessu er stjórnarandstaðan rekin úr síðasta víginu. Þeim er því hentast að þagga niður í grátkerlingum sínum. Auðvitað er það rétt, að af verðlækkun krónunnar leiðir margvísleg vandkvæði og misrétti. En hitt er jafnsatt og víst, að það er ekki við þann, sem viðurkennir verðfallið, að sakast, heldur við hinn, sem því veldur.

Þeir, sem skyggnast bak við forhengi stjórn-

málanna, skilja án efa flestir, að stjórnarandstaðan veit, að hún beitir rangindum, — og á það ekki sízt við þann ræðumann, sem hér var að ljúka máli sínu, — og treystir þess vegna ekki málstað sínum. Það sést m. a. á því, að þegar til orrustunnar dregur, grípur Framsókn til þess óyndisúrræðis að skapa ágreining við hina lýðræðisflokkana um Efnahagsbandalagið og færa með því kosningabaráttuna yfir á vettvang viðkvæmra utanríkismála. Nú hefur Framsókn að vísu fyrr gerzt sek um slíkt glapræði, en alltaf sér til lítils sóma og oftast líka til tjóns.

Brennt barn forðast eldinn, og fullvíst er, að Framsókn gerir sér grein fyrir, að hún teflir á tæpt vað með þessu athæfi. Að flokkurinn samt sem áður skuli freista þess, vekur sérstakan grun og kallar á skýringar. Skal ég ekki að þessu sinni fjölyrða um þetta mál, heldur aðeins minna á þrennt:

1) Til skamms tíma voru allir lýðræðisflokkarnir sammála um afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins.

2) Þegar kosningaskjálftinn færðist um Framsókn, skarst flokkurinn úr leik og hóf ógeðþekkan, tilbúinn ágreining milli sín og stjórnarflokkanna um málið.

3) Að þegar svo þróun málanna varð sú, að allir valdamenn Efnahagsbandalagsins virðast sammála um, að málið sé úr sögunni um fyrirsjáanlega framtíð, þá kvað Framsókn sjálf upp Salómonsdóm yfir sjálfri sér með því að taka fréttinni ekki fegins hendi og láta úlfúðina niður falla. Nei, alls ekki, heldur gerist Framsókn úfin og geðill og magnar því meir áróðurinn sem ákvörðun okkar í málinu í hvaða formi sem er færist fjær.

Þegar þetta er athugað og því bætt við, að fyrir hendi eru skýrar, skjallegar sannanir fyrir því, að fram til hins síðasta stefndi Framsókn beint að aukaaðild, og jafnframt hinu, að stjórnarflokkarnir hafa aldrei bundið sig við aukaaðildina fremur en t. d. tollaleiðina, þá er ekki til nein skýring á þessu athæfi Framsóknar önnur en sú, að Framsókn treysti sér ekki að berjast við stjórnarliðið á vettvangi innanlandsmálanna.

Það má því fullyrða, að þessi óheillavænlegi leikur Framsóknar er ekkert nema sultarvæl valdahungraðra, en málefnasnauðra manna, sem að lokum verður til þess eins að svipta þá trausti.

Eftir fáar vikur ganga Íslendingar til kosninga. Án efa verður kosningabaráttan hörð. Sýnt er, eins og heyra mátti af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að Framsfl. er illa haldinn, valda- og áhrifalaus. Ber öll málfærsla framsóknarmanna þessu órækt vitni, ekki sízt það, sem lesa má milli línanna, svo sem þegar þeir á alla lund, beint og óbeint, róa undir og spana launþega til kröfuhörku í því skyni að brjóta viðreisnina á bak aftur. Jafnframt virðist Framsókn jafnvel venju fremur leitast við að espa til úlfúðar og beinna illinda. Nær sú iðja sannarlega nokkrum árangri, þegar meinlausir menn úr trúarflokki Tímans láta sér um munn fara, að heldur vilji þeir hungra en þola þá raun, að viðreisnin lánist, þ. e. a. s. að fósturjörðin bjargist. Sýnir þetta nokkuð, hvernig barizt er.

En til hvers er svo barizt? Hvað er það, sem Framsókn sækist eftir, og hverjar eru sigurhorfurnar? Við skulum aðeins staldra við og gera okkur grein fyrir, hvað komið getur upp á teningnum.

1) Ef stjórnarflokkarnir halda meiri hlutanum, sem flestir munu telja sennilegast, munu þeir halda viðreisninni áfram. Það samstarf hefur gengið vel og mundi hvorki styrkjast né batna, þótt Framsókn bættist í hópinn, heldur alveg það gagnstæða. Framsókn yrði því ekki hleypt inn fyrir.

2) Ef Framsókn og kommúnistar næðu þeim meiri hl., sem með þarf til að geta stjórnað, er að sönnu alveg ástæðulaust að ætla, að Framsókn gengi ekki að þeim skilmálum, sem kommúnistar setja, svo náið sem samstarfið er orðið, bæði ljóst og leynt. Mundu utanríkismálin alls ekki standa á milli, enda hefur Tíminn síðustu árin í vaxandi mæli verið að undirbúa einmitt slíka hraðferð á vængjum kommúnista frá vestrænni samvinnu til Moskvaþjónustu. Óhætt mun vera að treysta því, að dómgreind þjóðarinnar girði fyrir, að slíkt ólán hendi Íslendinga.

3) Þá er eftir þriðji möguleikinn og sá, sem Framsókn heldur að lánast megi, en hann er, að Framsókn eflist svo, að stjórnarflokkarnir neyðist til að leyfa henni þátttöku í stjórninni. Menn heyrðu tóninn um þetta í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Í þessu skyni leita framsóknarmenn fylgis hjá öllum rauðliðum og hika þá ekki við að bregðast kommúnistum og öðrum þeim, sem þeir jöfnum höndum hyggja á samstarf við, allt eftir því, hvað kosningateningarnir færa þessum áhættuspilurum.

Það er ekki líklegt, að þetta hendi þjóðina, en ef svo færi, hvað tekur þá við? Eitt er víst: Viðreisnarstjórnin mun aldrei hvika frá stefnu sinni. Framsókn yrði þess vegna að renna niður fullyrðingunum og gleypa í sig árásirnar. Þetta er svo sem ekkert útilokað, það vita þeir, sem vel þekkja til, og fremur fyrir það, að fullvíst er, að Framsókn hefur allt kjörtímabilið talað um hug sér og mundi í öllum aðalefnum hafa farið eins að og við, ef hún hefði verið í stjórn. Nei, þetta er sannarlega ekki útilokað, heldur fremur sennilegt, og mundi þá Framsókn skilja það eitt til, að þess yrði ekki krafizt, að hún gleypti stærri bita í einu en kokvíddin þyldi, en það er nú sjálfsagt ekki svo lítið.

En allt er þetta ósköp ógeðþekkt og mundi án efa tefja framkvæmdir og eitthvað spilla árangrinum. Hinu verður svo ekki neitað, að mörgum mundi til gamans að láta þá Eystein og Þórarin stíga nýjan dans eftir viðreisnarlaginu, og þá ekki síður hitt, að sýna þjóðinni, að þegar Skuggasveins-gæran er af köppunum dregin, er ekkert nema Ketill inni fyrir. Það er nú allt og sumt.

Enginn réttdæmur maður neitar því, að við-

reisnarstjórnin hefur margt vel gert og orðið furðuvel ágengt, þrátt fyrir harðan andróður stjórnarandstöðunnar. Er þetta að sönnu gleðilegt. En í því felst auðvitað engan veginn, að hættan sé liðin hjá, hvað þá heldur, að allt sé nú sem bezt verður á kosið.

Að sjálfsögðu verða alltaf nýir og nýir örðugleikar á vegi sérhverrar ríkisstj., jafnt á Íslandi sem annars staðar, enda er það hlutskipti valdhafanna að ráða fram úr aðsteðjandi vanda, sem hitt að feta sig jafnt og þétt áfram á framfarabrautinni. En varðandi þá sérstöku örðugleika, sem viðreisnarstjórnin hefur átt og á enn við að etja, þ. e. a. s. kaupgjaldsmálin og verðbólguna, þá verður aldrei fram úr þeim ráðið í eitt skipti fyrir öll og aldrei heldur svo, að til nokkurrar frambúðar sé, fyrr en tveim höfuðskilyrðum hefur verið fullnægt:

1) Að launþegar öðlist fullan skilning á því, að það eru ekki eingöngu atvinnurekendur, heldur einnig og engu síður þeir sjálfir og þjóðin öll, sem á því skaðast, ef greitt er hærra kaupgjald en þjóðarframleiðslan og atvinnureksturinn þolir.

2) Að komið verði á fót stofnun, sem launþegar ráða yfir, sem sé fær um að kanna og meta allar upplýsingar, sem opinberar stofnanir leggja fram, og safni einnig sínum eigin gögnum, eftir því sem ástæða reynist til, en leiðbeini síðan launþegum og láti þeim í té öll nauðsynleg gögn í málinu. Verður kaupgjaldsbaráttan þá tæplega hörð af hálfu launþega, nema kjarabætur séu tímabærar, þ. e. a. s. þegar þær leiða ekki til gengisfalls, heldur til raunverulegra kjarabóta, en þá ætti líka oftast að vera óhætt að hækka kaupið.

Takist þetta, takist að eyða tortryggninni og skapa traust launþega á því, að ýtrustu hagsmuna þeirra sé gætt, þá er bægt frá dyrum þjóðarinnar þeim bölvaldi, sem ógnað hefur heilbrigðu efnahagslífi hennar tvo síðustu áratugi, þá hefur viðreisnin sigrað, og þá verða engir farartálmar á brautinni til bættra lífskjara aðrir en þeir, sem illt árferði og óvenjuleg óhöpp valda og okkar dugmiklu þjóð er vorkunnarlaust að fást við nú sem fyrr, — nú betur en nokkru sinni fyrr.

Ríkisstj. hefur nú útbýtt meðal þingmanna skýrslu um, hvað viðreisnarflokkarnir hyggjast fyrir um helztu framkvæmdir næstu ára, verði þeim falin völdin áfram. Framfaramenn fagna þeim stórhug, sem þar lýsir sér, og engu síður því, hversu traustlega er um hnútana búið. Að þessu sinni vinnst ekki tími til að rekja og skýra þetta mikla mál. En meðal þess, sem þessi skýrsla sannar, er þetta:

1) Þjóðartekjur og atvinnutekjur almennings fylgjast náið að.

2) Af því leiðir, að mestu varðar að tryggja sem örastan vöxt þjóðarteknanna.

3) Síðan í ófriðarlok hafa þjóðartekjurnar vaxið hraðar hjá nágrannaþjóðunum en okkur.

4) Rannsókn leiðir í ljós, að þetta stafar af því, hversu lengi við bjuggum við höft, bönn, útflutningsuppbætur og skakkt gengi krónunnar, en nágrannarnir tóku hins vegar fljótlega eftir ófriðarlok upp viðreisnarstefnuna.

Verði viðreisnarflokkunum falin völdin áfram, munum við fylgja velmegunarstefnunni fast fram og hagnýta okkur reynslu annarra þjóða, til þess að leiðin til bættra lífskjara allra þjóðfélagsþegnanna verði sem greiðgengust og tryggust.

Um þetta fjallar hin stórhuga, varfærna framkvæmdaáætlun okkar.

Andstæðingarnir hafa tekið skýrslunni illa eins og allri viðreisninni. Í þetta sinn er þeim nokkur vorkunn, því að aldrei fyrr hafa jafnsterk rök verið borin hérlendis fram fyrir ágæti viðreisnarstefnunnar. En andstæðingunum þýðir ekkert að reyna að standa gegn straumi tímans. Við erum á hraðri leið til bættra lífskjara og megum ekki vera að sinna nöldri þeirra. Menn, sem heldur vilja hungra en horfa á viðreisnina leiða til velmegunar, eru ekki til forustu fallnir.

Ég bið menn að kynna sér skýrsluna, gögn hennar og rök sem bezt. Ég bið alla þá, sem telja, að störf og stefna vinstri stjórnarinnar hafi verið til þjóðþrifa, og alla þá, sem nú telja sínum eigin hag betur borgið en áður, að efla okkur til meiri valda, til þess við getum látið meira gott af okkur leiða. Látum viðreisnina leiða til velmegunar.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það var haustið 1959, sem núv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., hlutu meiri hl. fylgis þjóðarinnar í kosningum til Alþingis, og á þeim meiri hl. hafa þeir byggt völd sín hin síðustu 4 árin. Nú við lok kjörtímabilsins er því vert að gefa því gætur annars vegar, á hvaða forsendum meiri hl. stjórnarflokkanna er fenginn, og hins vegar, til hverra hluta hann hefur verið notaður.

Forsaga síðustu kosninga var sú, að Framsfl. sleit vinstri stjórninni, sem hann hafði staðið að ásamt Alþb. og Alþfl. frá miðju ári 1956 þar til í desembermánuði 1958. Því stjórnarsamstarfi sleit Framsókn vegna þess, að ekki var fallizt á eftirgjöf á samningsbundnu kaupi verkamanna, eins og Framsókn krafðist. Þegar kauplækkunarkröfunni hafði verið hafnað, sagði Framsókn vinstri stjórninni slitið, þótt í ríkissjóði og útflutningssjóði væru nokkur hundruð millj. kr. af óráðstöfuðum umframtekjum. Á Þorláksmessudag 1958 settist svo á valdastóla ríkisstj. Alþfl. studd af Sjálfstfl. Sú stjórn notaði allan tekjuafganginn, sem vinstri stjórnin eftirlét henni, og raunar nokkurt lánsfé að auki til þess að stemma stigu við dýrtíðarvexti í augnablikinu og sagðist hafa frelsað þjóðina frá ásælni dýrtíðardraugsins og gat talið sumum skammsýnum mönnum trú um, að hér hefði verið unnið varanlegt afrek. En auk hins ímyndaða sigurs yfir dýrtíðinni vann Alþfl.-stjórnin annað afrek, sem óneitanlega var miklu raunverulegra. Það var sú ráðstöfun hennar að lækka allt kaup

hjá daglaunamönnum, fastlaunamönnum og bændum. Það gerði hún með lögum frá Alþingi á öndverðu ári 1959. Með þeirri ráðstöfun var í rauninni stigið inn á þá braut, sem er núv. stjórnarstefna, og þetta fyrsta skref var á sinni tíð þeim mun meira afrek sem það var óframkvæmanlegt með liðstyrk þeirra flokka einna, sem að stjórninni stóðu. Stjórnarandstöðuflokkarnir, Alþb. og Framsókn, höfðu vald á að stoðva þessa ráðstöfun í Ed. Alþingis, ef þeir beittu sér báðir gegn henni. En Framsfl. var þá enn svo haldinn af þeirri skammsýni sinni og fyrirmunun, að kaupgjaldið væri of hátt, að hann tryggði þeirri stjórnarsamsteypu, sem enn ríkir, framgang kaupránsins með hlutleysi sínu. Þótt það kostaði allar launastéttir landsins og bændur einnig stórlega skertar tekjur, lét Framsókn sér það ekki fyrir brjósti brenna. Stjórnin kom þessu fyrsta óþurftarverki sínu í gegn eingöngu gegn andstöðu Alþb. og ekki annarra stjórnmálaflokka.

Stefnuskrárnar, sem stjórnarflokkarnir birtu kjósendum fyrir síðustu kosningar, voru um flest efnislega samhljóða. Fyrsta boðorð þeirra var samkv. Morgunblaðinu 2. okt. 1959 „stöðvun verðbólgunnar", og fylgdu þar með ýmsir undirliðir, svo sem um samkomulag milli launþega og framleiðenda, sparnað í opinberum rekstri o. s. frv., allt fagur boðskapur á sinni tíð.

Stöðvun dýrtíðarinnar hefur hjá stjórninni orðið sú í reynd, að tvívegis á kjörtímabilinu hefur hún fellt gengi íslenzkrar krónu, þannig að miðað við skráð gengi þarf nú 260 ísl. kr. til að greiða með þann erlenda gjaldeyri, sem áður kostaði 100 kr. Samhliða þessum gengisfellingum hafa raunar orðið breytingar á ýmsum aðflutningsgjöldum. Hafa þar sum verið felld niður, svo sem hin mismunandi háu yfirfærslugjöld, en önnur ný hafa verið upp tekin, eins og söluskattarnir nýju, sem að nokkru voru á lagðir í upphafi sem bráðabirgðaskattar, sem gilda áttu aðeins eitt ár, en hafa síðan verið framlengdir til eins árs í senn, þar til nú í hinu nýja tollskrárlagafrv., að gert er ráð fyrir að lögfesta þá til varanlegrar frambúðar.

Dýrtíðin hefur því ekki stöðvazt fyrir aðgerðir núv. stjórnarvalda, heldur vaxið örar en dæmi eru til um nokkru sinni áður á sambærilegu tímabili.

Samkomulagið á milli launþega og framleiðenda, sem heitið var, hefur svo verið framkvæmt á þá lund, að þegar atvinnurekendur hafa stöðvað atvinnutækin án þess að boða verkbann að lögum, þá hleypur ríkisstj. til þrátt fyrir margendurteknar yfirlýsingar um, að allar vinnudeilur verði aðilar að jafna með sér án afskipta ríkisvaldsins, og setur lög, sem leiða til þess, að um 200—250 þús. kr. rýrna tekjur hverrar skipshafnar á síldveiðiflotanum á einu sumarúthaldi.

Sparnaðinn í opinbera rekstrinum hefur stjórnin sýnt með því að stofna til fjölda nýrra embætta og auka fjárveitingar til allra þeirra, sem fyrir voru, og sýna fjárlögin þess greinileg merki, að þau hafa þrátt fyrir hlutfallslega lækkandi framlög til framkvæmda hækkað úr 1 milljarðs kr. áætluðum ríkisútgjöldum 1929 í 2.2 milljarða kr. á þessu yfirstandandi ári.

Með reynslu hinna síðustu ára að baki verður því ljóst, að öll fyrirheit hins fyrsta liðar kosningastefnuskrár Sjálfstfl. frá haustinu 1959 væru óaðfinnanleg revíuatriði í dag. Í þeirri revíu hefur skúrkinum svo sannarlega tekizt að láta trúgjarna aðdáendur sína gína við skrautflugu, sem reynzt hefur önnur en hún sýndist.

Engum blöðum er um það að fletta, að fremur öllu öðru var það blekkingin um stöðvun dýrtíðarinnar, sem færði stjórnarflokkunum meirihlutaaðstöðu í síðustu kosningum. Þeir áttu því ekki alls kostar auðvelt með að segja alveg upp úr þurru: Nú erum við hættir við alla dýrtíðarstöðvun og munum þess í stað gera ráðstafanir til þess að auka dýrtíðina. — Utan um þá ákvörðun varð auðvitað að vefa einhvern hjúp, og það gerði stjórnin líka. Þann vefnað nefndi hún viðreisn og taldi vera nýtt efnahagskerfi, laust við styrki og uppbætur, en nákvæmlega sniðið eftir vísindalega útreiknuðum þörfum þjóðfélagsins, þar sem hin eina sanna tekjuskipting þjóðfélagsstéttanna væri tryggð. Og í rökréttu framhaldi af þessum hugmyndum hefur stjórnin jafnan talið það vera fráleitast af öllu fráleitu, þegar einhverjar atvinnustéttir hafa gert tilraunir til að semja um einhverjar breytingar á kaupi sínu, því að slíkt gæti raskað hinu útvalda jafnvægi.

Hverjar eru nú hinar helztu kenningar, sem fram eru færðar því til réttlætingar, að horfið var frá stöðvun dýrtíðarinnar, sem stjórnarflokkarnir boðuðu í kosningabaráttunni, yfir á braut viðreisnarinnar, sem er alger andstæða þeirrar leiðar, sem boðuð var? Það vantar ekki, að ýmsir ráðunautar, doktorar og aðrir hátitlamenn hafa stigið í ræðustóla og fullyrt ýmislegt, t. d. að skuldir okkar við útlönd hafi verið orðnar svo miklar, að þar á yrði að binda endi, og því hefði viðreisnin verið nauðsynleg. Þeir hafa raunar líka skýrt frá því viðreisnarkerfinu til réttlætingar, að gömlu atvinnuvegirnir okkar, landbúnaður og sjávarútvegur, séu þess ekki umkomnir lengur að leggja Íslendingum til þann árlega tekjuauka, sem nauðsynlegur sé. Tveir helztu sérfræðingar stjórnarinnar, þeir Jóhannes Nordal bankastjóri og Jónas Haralz ráðuneytisstjóri, hafa báðir lýst þessu yfir, hinn fyrrnefndi við blöð í Danmörku og Bretlandi, en hinn síðarnefndi orðaði þetta svo í opinberri ræðu hér heima fyrir: „Vegna þeirra aðstæðna, sem ég hef hér nefnt, má ekki gera ráð fyrir, að framleiðsla sjávarútvegsins, fiskveiða og fiskvinnslu, aukist samanlagt um meira en 4.5% árlega að meðaltali á næstu árum." Og í samræmi við þetta lét þessi sami talsmaður ríkisstj. þessi orð falla í annarri ræðu um framtíð aðalatvinnuvega landsins: „Eigi Ísland á komandi

árum að ná þeim efnahagslegu framförum, sem telja verður eðlilegar og nauðsynlegar, verður landið að færa sér í nyt sérmenntað, erlent vinnuafl og erlent fjármagn, bæði opinbert fjármagn og einkafjármagn.“ Hér hafa verið tilfærð orð aðalráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum, en þau hafa oft reynzt skýrari og réttari túlkanir á stefnumiðum stjórnarinnar en ráðh. hafa sjálfir þorað að láta hafa eftir sér. Þó hafa ráðh. úr báðum stjórnarflokkunum staðfest, að þær hugmyndir, sem ráðunauturinn setur hér fram um innflutning erlends fjármagns og vinnuafls, séu einnig þeirra hugmyndir.

Hvernig hafa þá hinar fræðilegu undirstöður viðreisnarkerfisins staðizt? Um skuldbindingarnar og skuldasöfnunina við útlönd má auðvitað segja, að ekki þurfi neina spekinga til að sjá, að það verður að vera hóf á þeirri skuldasöfnun eins og annarri skuldasöfnun. En hitt er jafnaugljóst, að erlent lánsfé, sem notað er til að byggja upp arðbær raforkuver, sementsverksmiðju og hentug fiskiskip, eins og gert var í tíð vinstri stjórnarinnar, verða ekki þjóðinni fjötur um fót. En hitt virðist í meira lagi vafasamt og koma öldungis þvert á fyrri röksemdafærslu stjórnarinnar, að í hinu nýja plaggi hennar, sem nefnt hefur verið: Þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966, stendur skýrum stöfum sem tiltekið áætlunaratriði: Aflað sé erlendra lána á næstu árum að upphæð um 600 millj. kr. að meðaltali á ári. — En þar er ekki tilgreind ein einasta meiri háttar arðbær framkvæmd, sem þessar árlegu stórlántökur eru ætlaðar til að hrinda í framkvæmd.

Fullyrðingarnar um magnleysi hinna gamalreyndu atvinnuvega reynast ekki heldur í samræmi við fengna reynslu, því að tvö hin síðustu ár hefur sjávarútvegurinn ekki aðeins skilað 4.5% verðmætaaukningu á ári, heldur 14% verðmætaaukningu hvort árið um sig, og vita þó allir, sem til þess atvinnuvegar þekkja, að sökum vantrúar stjórnarvaldanna á fiskveiðar og einstaks sinnuleysis þeirra um útvegun markaða, svo og vegna þess, að heildarviðskiptastefna stjórnarinnar er þessari atvinnugrein einkar fjandsamleg, þá hefur okkur ekki nýtzt til verðmæta sá afli, sem skip okkar fengu, nema að mjög takmörkuðu leyti. Mundi það sízt ofmælt, að verðmætaaukningin í sjávarútvegi hefði með hægu móti getað orðið 20% hvort hinna tveggja síðustu ára, ef ekki hefði ríkt í landinu stjórn, sem búin var að vísa þeirri hugmynd á bug, að hægt væri að auka verðmæti sjávarafla meira en í hæsta lagi um 4½ % á ári.

Í landbúnaði hefur verðmætaaukningin á hvern mann, sem við hann vinnur, einnig orðið meiri en ætlað var, og það þótt ríkisstj. haldi enn þeim hluta uppbótakerfisins, sem verðbætir erlendar og innfluttar búvörur til samkeppni við innlenda búvöru, sem engra verðbóta nýtur, eins og t. d. er gert um kornvörur og ekki fæst nein leiðrétting á, því að þetta virðist vera stefnuatriði þeirrar sömu stjórnar, sem taldi sig ætla að afnema styrki og uppbætur, en gerir þó áætlanir um að verja 430 millj. kr. til þeirrar starfsemi á yfirstandandi ári.

Þótt freistandi sé að rekja enn í einstökum atriðum, hvernig það, sem kölluð voru rök fyrir viðreisninni, hefur á flestum sviðum reynzt haldlaust skraf eða hreinar fjarstæður, þá verða þau dæmi, sem hér hafa nefnd verið, að nægja, enda sanna þau það fullkomlega, að viðreisnarkerfið þjónar ekki þeim tilgangi, sem sagt var að það ætti að gera. En hver er þá tilgangurinn með því, og hvernig hefur það reynzt?

Þessa daga eru sumir talsmenn stjórnarinnar útbelgdir af því, að viðreisnin hafi reynzt ágætlega. Er ekki allt í blóma? segja þeir og vilja þakka viðreisninni það góðæri, sem við búum við um þessar mundir. Það er hverju orði sannara, að árgæzka og aflaföng eru svo mikil og ágæt um þessar mundir, að ekkert hagkerfi er til, sem megnar að yfirbuga þau uppgrip verðmæta, sem Íslendingar nú búa við, ekki einu sinni viðreisnin. Hinn mikli afli er að langmestu leyti fenginn með tækjum, sem keypt voru, áður en núverandi kerfi var upp tekið. Viðreisnin stöðvaði öll fiskiskipakaup um langt skeið og verkaði því sem óeðlilegur hemill á viðhald og endurnýjun fiskiskipaflotans. Í minni heimabyggð, sem er mest bátaútvegsstöð þessa lands, er t. d. yngsta skipið frá árinu 1960, svo grátt lék viðreisnin þann stað, að þar hefur flotinn rýrnað án teljandi endurnýjunar í 3 ár, og það er fyrst seint á yfirstandandi ári, sem von er til, að ný skip bætist í einhver skörð fyrir þau, sem fallið hafa úr notkun. En framan af stjórnartímabili þessarar stjórnar streymdu hins vegar að ný fiskiskip, sem áður hafði verið lagður grundvöllur að. Viðreisnarstjórnin hefur því notið þess, sem áður hafði verið gert, en sjálf hafði hún verið dragbítur á eðlilega framþróun í þeirri atvinnugreininni, sem borið hefur uppi framfarir okkar á liðnum áratugum og gerir enn þrátt fyrir það, að ríkisstj. og allir hennar hagspekingar hafa vanmetið og afneitað möguleikum hennar.

Það er óneitanlega dálítið fróðlegt að bera þá fullyrðingu stjórnarmanna nú, að viðreisnin skapi hér gullöld án tillits til árferðis og aflasældar, saman við það ramakvein, sem sömu aðilar höfðu uppi, rétt áður en síldveiðarnar fóru að ganga eins greiðlega og nú. Þá var allt dauflegra, þegar ágæti viðreisnarinnar átti eitt saman að vera helzta von þessarar þjóðar. En viðreisnarkerfið var þá afsakað með hinu gífurlega verðfalli á lýsi og mjöli. Eða hvort man ekki einhver eftir þessu orðalagi enn, svo margtuggið sem það var fyrir tveimur árum, þegar tiltölulega ómerkileg verðsveifla á tveimur hliðarframleiðsluvörum okkar var notuð til að afsaka vanmegun hagkerfisins gagnvart venjulegustu aðstæðum þessarar þjóðar.

Því er hins vegar engan veginn að neita, að viðreisnin hefur í veigamiklum atriðum náð

því marki, sem kaupsýslu- og peningavald þessa lands hefur frá upphafi ætlað henni. Núv. ríkisstj. hefur skipulega unnið að því og til þess er kerfi hennar að byggja hér upp þjóðfélag hinna ríku, þjóðfélag, sem stjórnast af lögmáli einkagróðans. Til þjónustu við einkagróðann hafa gengisfellingarnar verið framkvæmdar. Í hans þjónustu hefur ríkisvaldinu verið beitt til að halda vinnulaunum óeðlilega niðri. Og í hans þágu var skattalögum breytt á síðasta ári í það horf, að tekjuskattur gróðafélaga var stórlega lækkaður og ný regla sett um fyrningarafskriftir, þannig að gróðaaðilarnir fá stórrýmkaða aðstöðu til auðsöfnunar á kostnað almennings. Fyrir tíð núv. stjórnar voru beinir skattar 20.7% af ríkistekjunum. Þeir voru á lagðir eftir efnahag aðila, þannig að auðugir og tekjuháir aðilar báru þar meginþungann. Nú er talið, að beinu skattarnir nemi 7% ríkisteknanna, en söluskattarnir til ríkissjóðs, sem allir verða að greiða að jöfnu, ríkir sem fátækir, þar sem þeir eru hluti almenns vöruverðs, voru því sem næst jafnháir beinu sköttunum að fjárhæð 1959, en eru nú næstum því fimmfalt hærri en þeir, og má glöggt af þessu sjá, hvort skattabreytingar stjórnarinnar muni gerðar til hagræðis auðmönnum eða almenningi.

En þótt viðreisnin hæfi vel innlendum fyrirmönnum í verzlun og peningastofnunum, eiga þó aðrir og okkur fjarlægari aðilar mestan þáttinn í smíði viðreisnarinnar og framkvæmd. Eitt af því, sem flaggað var með sem göfugu stefnumiði núv. stjórnar í síðustu kosningum, var, að við skyldum öðlast hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi, eins og þeir orðuðu það. Það var nógu fallegur boðskapur þeim til handa, sem vissu ekki, hvað það átti að þýða. En nokkuð kann hann að hafa skipt um svip í ljósi þeirrar reynslu, að það er einmitt hinn frjálsi viðskiptaheimur, sem verið er að laða okkur að með viðreisnarkerfinu, og það var líka verið að laða okkur að þeim heimi, þegar stjórnin þrengdi landhelgi okkar úr 12 mílum í 6 mílur, en af því var einmitt hæstv. forsrh. að gorta sem sérstökum sigri stjórnarinnar hér rétt áðan. En nú um skeið hefur það fyrirbæri, sem fyrir síðustu kosningar hét „hinn frjálsi viðskiptaheimur", verið nefnt sínu rétta nafni, og þá heitir það Efnahagsbandalag Evrópu.

Efnahagsbandalagið er samsteypa sex Evrópuríkja, sem í raun réttri slá sér saman í eitt ríki, að því er til verzlunar- og atvinnumála tekur. Um skeið leit út fyrir, að fleiri ríki mundu bætast í samsteypu þessa. Einkum var það sumarið 1961, sem mikil þensla þessarar ríkjasamsteypu þótti líkleg. A. m. k. fékk íslenzka ríkisstj. þá alvarlegt flog og krafðist svars frá helztu samtökum atvinnulífsins á Íslandi um það, hvort þau væru því samþykk, að Ísland sækti um aðild að þeim samtökum, og slík umsókn var áform stjórnarinnar. Með inngöngu Íslands í bandalag þetta væri öllum aðilum bandalagsþjóðanna gefinn kostur á að nýta íslenzkar auðlindir til jafns við Íslendinga sjálfa. Þeir mættu virkja okkar fossa, okkar hveri. Þeir mættu veiða í okkar landhelgi, ekki bara á ytri sex mílunum, heldur í henni allri til jafns við okkur. Þeir mættu byggja sér fiskiðjuver og hefðu allan hinn sama rétt og landsmenn sjálfir. Þeir mættu flytja inn verkafólk ótakmarkað. Þeir gætu gert Íslendinga að litlum minni hluta í sínu eigin landi, sem þá væri raunar ekki lengur orðið þeirra land fremur en Frakkland, Ítalía eða Þýzkaland. Þá væri Ísland orðið sameign allra þessara þjóðlanda eða allra þessara þjóða. En ríkisstj. fékk ekki neitun frá neinum aðspurðum aðila við því að senda inngöngubeiðni frá Íslandi í þetta bandalag nema frá Alþýðusambandi Íslands. Enginn þingflokkur mótmælti þessum áformum í blöðum sínum nema Alþb. Ráðherrar landsins og ráðunautar þeirra fóru utan til að vinna að inngöngu Íslands í samtök þessi. En þeim var sagt að bíða, þar til Bretar og aðrir umsækjendur, sem hefðu orðið fyrri til, hefðu fengið sín mál samþykkt, og því lá málið í salti um skeið. Sá tími var þó notaður til að reka hér áróður fyrir aðild Íslands að ríkjasamsteypunni. Varðberg, félagsskapur til stuðnings vestrænum hernaðarsamtökum, sendi boðbera sína í allar áttir til að vinna að efnahagsbandalagsmálinu, hersetu Bandaríkjanna og aðildinni að NATO. En allt voru þetta taldar greinar og það göfugar greinar á hinum sama stofni. Loks kom að því, að Bretum var neitað um inngöngu í Efnahagsbandalagið og ljóst varð, að Íslendingum stóð innganga þar ekki heldur til boða um sinn. Þá sneri stjórnin við blaðinu. Nú stóð hún vonsvikin og rassskellt með allt á hælunum við þær dyr, sem skollið höfðu aftur við nefið á henni. Síðan reynir hún að hysja upp um sig og telja mönnum trú um, að eiginlega hafi hún aldrei neitt meint alvarlega með fyrirætluninni um aðildarumsókn, en jafnframt skimar hún eftir því, hvort ekki opnist dyrnar að nýju.

Stækkandi hluti þjóðarinnar skilur nú, að hér er ekkert meinlaust spaug á ferðum. Hér var ríkisstj. að leiða þjóðina til glötunar, og það var ekki íslenzku ríkisstj. að þakka, þótt það mistækist í þessari fyrstu atrennu. Þjóðin hefur nú líka fengið að sjá, að Framsfl. er ekki treystandi í þessu máli fremur en raunar mörgum öðrum. Sá flokkur virðist nú helzt fylgja þeirri reglu í hinum mikilvægustu málum að vera með orsökinni og á móti afleiðingunni. Hann var með kauplækkununum 1959, en á móti kjararýrnununum, sem af þeim stöfuðu. Hann sendi flokksmenn sína í fylkingum Varðbergsmanna til þess að boða hersetu, Atlantshafsbandalag og Efnahagsbandalag. En hann segist vera á móti hersetu á friðartímum, og alveg eins og ríkisstj. segist hann nú vera á móti aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu, þótt fulltrúi SÍS samþykkti að senda þangað inntökubeiðni, þegar málið var á hættulegasta stigi, og blöð og fyrirmenn Framsfl. tóku beint

og óbeint undir tilburði sjórnarinnar í máli þessu. Það er því auðsætt, að í Framsókn togast á öfl gagnstæðra áforma, og það, hvort hin betri eða hin íhaldssamari öfl verða þar ráðandi eftir næstu kosningar, fer algerlega eftir því, hversu sterk og öflug fylking verður vinstra megin við hana að þeim kosningum loknum.

Því er ekki að neita, að vinstri öflin í landinu hafa drepið kröftum sínum um of á dreif á undanförnum árum. Afleiðing þess er núv. ríkisstj., sem varðar veg sinn kaupkúgun vinnustéttanna, vaxandi dýrtíð, afsali íslenzkra auðlinda í hendur útlendingum og ógnun við tilveru þjóðarinnar sem slíkrar. En einmitt nú, þegar taumlaus auðhyggja, sem Sjálfstfl. er málsvari fyrir, hefur með öllu blindað Alþfl. og glapið Framsókn svo sýn, að henni er ekki treystandi til varðstöðu um íslenzkt sjálfstæði, þá hefur góðu heilli svo skipazt, að breiðari samstaða vinstri manna hefur náðst við undirbúning komandi kosninga en nokkru sinni áður um langt árabil. Að undanförnu hafa staðið yfir samningar milli Alþb. og Þjóðvarnarmanna um, að þessir aðilar standi sameiginlega að framboðum við kosningarnar 9. júní n. k. Þjóðvarnarflokkurinn gerði Alþb. tilboð um laustengd kosningasamtök, þannig að Þjóðvarnarflokkurinn yrði ekki beinn aðili að Alþb., en stæði hins vegar að sameiginlegum framboðum með því á grundvelli stefnuyfirlýsingar, sem starfað yrði eftir á kjörtímabilinu. Samningar um þetta hafa nú tekizt og verið undirritaðir í dag. Okkur Alþb.-mönnum er þetta mikið fagnaðarefni, og svo mun og vera öllum þeim, sem af einlægni vilja spyrna gegn þeim hættum, sem við þjóð okkar blasa, ef haldið yrði áfram á þeim brautum, sem núv. ríkisstj. hefur markað sér.

Okkur Alþb.-mönnum er það vel ljóst, að mörgum framsæknum fylgismanni okkar hefur þegar fundizt of lengi dragast, að við tækjum að birta framboðslista á vegum okkar hreyfingar. Nú væntum við þess, að þeir skilji, að sú bið var vel tilvinnandi, af því að hún leiddi til þeirrar sameiningar vinstri aflanna, sem nú eru orðin. Framboðslistar Alþb. munu nú taka að birtast hver á fætur öðrum. Á þeim öllum munu þjóðvarnarmenn skipa ýmis sæti, enda standa þeir að þeim og vinna að framgangi þeirra við okkar hlið í öllum kjördæmum landsins.

Alþýðubandalagsmenn, þjóðvarnarmenn og aðrir vinstri menn um land allt! Biðinni eftir aukinni samstöðu þeirra afla, sem áður voru dreifð og ósamtaka, er lokið. Við hefjum kosningaundirbúninginn af meiri þrótti og á breiðari grundvelli en áður. Samtök okkar munu reynast sigursæl, enda þarf þjóðin þess fremur við nú en oft áður. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Þetta mun vera í fyrsta sinn um langt árabil, sem sama ríkisstj. situr heilt kjörtímabil, án þess að stjórnarsamstarfið rofni. Og raunverulega hefur þetta samstarf Sjálfstfl. og Alþfl. staðið lengur, eða frá því í des. 1958, þegar minnihlutastjórn Alþfl. tók við af vinstri stjórninni og samkomulag náðist milli þessara flokka, Alþfl. og Sjálfstfl., um að koma fram breytingu á kjördæmaskipuninni og stöðva óðaverðbólgu vinstri stjórnarinnar. Hvort tveggja þetta tókst giftusamlega, og upp úr því samstarfi var svo núv. stjórn mynduð. Sá vandi, sem hennar beið að leysa, var gífurlegur. Það voru fyrst og fremst efnahagsmálin. Það var landhelgisdeilan við Breta. Það voru atvinnumálin og dýrtíðarmálin, sem mest kölluðu að, auk fjölda annarra, sem vissulega þurfti einnig að sinna, þótt ekki væru jafnaðkallandi. Flest þessi meiri háttar vandamál hefur ríkisstj. tekizt að leysa á farsælan hátt með samkomulagi, þó að önnur hafi verið látin bíða. Það er í rauninni athyglisvert, að þessum tveim svo ólíku flokkum skuli hafa tekizt þetta. En ég held, að skýringin á því sé einfaldlega sú, að þeir hafa báðir sett þjóðarhag ofar flokkshagsmunum og gengið fullkomlega heiðarlega að verki, en það er meira en hægt er að segja um stjórnarsamstarf ýmissa annarra flokka. Um þetta ber líka vott, að samstarfið hefur enzt þetta lengi. Það mundi það ekki hafa gert, ef ekki hefði verið af heilindum unnið.

Vitaskuld er ýmislegt, sem betur hefði mátt fara og ríkisstj. hefði óskað að færi öðruvísi. Ég nefni þar fyrst og fremst dýrtíðarmálin, sem ekki hefur tekizt að leysa eins og ríkisstj. helzt vildi, þ. e. að halda niðri verðlaginu í landinu. Rétt er þó að geta þess, að þær hliðarráðstafanir, sem ríkisstj. gerði í sambandi við gengisbreytinguna 1960 og síðar, hafa dregið mjög verulega úr framfærslukostnaðarhækkuninni. Framfærsluvísitalan í dag er um 130 stig, þegar tekið er tillit til lækkunar skatta og fjölskyldubótanna. Eftirtakanlegt er þó í þessu sambandi, að af þessum 30 stigum, sem framfærsluvísitalan hefur hækkað allt tímabilið, fellur næstum því helmingurinn eða um 14 stig á s. l. ár. Það gefur greinilega vísbendingu um það, hvar orsakanna sé að leita.

Lausn annarra þeirra vandamála, sem ég nefndi, efnahagsmálanna, landhelgisdeilunnar við Breta og atvinnumálanna, hefur að mínu viti tekizt vel. Sparifjármyndunin hefur aldrei verið meiri en s. l. ár. Gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað mjög, og nemur gjaldeyrisforðinn nú um 1200 millj. kr. Staða ríkissjóðs er góð, og útlánum bankakerfisins hefur verið haldið innan hóflegra marka.

Atvinnuástandið í landinu hefur verið gott, atvinnuleysi að heita má óþekkt, og enginn nefnir lengur móðuharðindi af manna völdum nema með góðlátlegu brosi. Bezta sönnunin fyrir þessu er atvinnuleysistryggingasjóðurinn. Tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs urðu 1961 77.4 millj. kr., en bótagreiðslur til atvinnulausra urðu aðeins tæpar 900 þús. kr. Árið 1962 urðu tekjur sjóðsins ca. 84 millj. kr., en bótagreiðslur vegna atvinnuleysis svipaðar og árið 1961, undir 1 millj. kr., eða um 1% af tekjum sjóðsins.

Sjávarafli hefur s. l. 2 ár orðið meiri en nokkru sinni áður. Má það að verulegu leyti þakka hinum fjölmörgu nýju og fullkomnu skipum, sem keypt hafa verið til landsins á s. l. árum í tugatali. Á árinu 1962 fjölgaði skipum í fiskiskipaflotanum um 36 skip, og um s. l. áramót voru í smíðum utanlands og innan um 50 skip, sem samtals munu kosta talsvert á fjórða hundrað millj. kr. Hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, sem talaði hér á undan mér, vildi halda því fram, að mestöll aukning skipastólsins hefði átt sér stað á vinstristjórnartímanum. Þetta er alrangt. Ég fullyrði, að aukning skipastólsins hefur aldrei verið meiri en nú, enda innflutningur skipa frjáls, en var áður háður leyfi. Til þess að taka á móti þessum mikla afla hefur svo fjöldi fiskvinnslustöðva verið byggður, sérstaklega síldarverksmiðjur, og aðrar eldri stækkaðar og endurbættar. Til þess að gera þetta mögulegt hefur fiskveiðasjóður verið efldur mjög og annað lánsfé útvegað af hálfu ríkisstj., og er þar skemmst að minnast framkvæmdalánsins brezka, en af því er gert ráð fyrir að endurlána til fiskvinnslustöðva og til fiskiðnaðarins í ár 50 millj. kr. Einnig má minna á stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem veitti sjávarútveginum 354 millj. kr. til þess að breyta stuttum lánum í löng lán.

Það er óhætt að fullyrða, að um langan aldur hefur ekki verið jafnmikill vöxtur og gróska í íslenzkum sjávarútvegi og hin s. l. ár. Stjórnarandstaðan svarar því að vísu til, að ekki sé hin mikla fiskgengd við strendur landsins ríkisstj. að þakka, og er það að vísu rétt, en ef ekki hefði skipastóllinn og fiskvinnslutækin verið aukin eins mikið og raun ber vitni, hefði aflafengurinn væntanlega orðið eitthvað minni. Og minna má á í því sambandi, að aflabrögðin 1958 voru óvenjulega mikil og viðskipti okkar við útlönd hagstæð, en einhvern veginn tókst þó þá að koma efnahagskerfi okkar í þá megnustu óreiðu og upplausn, sem það hefur nokkurn tíma komizt í upp á síðkastið.

Annað atriði atvinnuástandinu og atvinnuvegunum nátengt vildi ég líka minnast á. Það er hið félagslega öryggi og fyrst og fremst almannatryggingarnar. Atvinnuöryggi og atvinnuafkoman annars vegar og hið félagslega öryggi hins vegar eru þeir hyrningarsteinar, sem líf allrar alþýðu byggist fyrst og fremst á. Alþfl. hefur líka ávallt látið þessi mál til sín taka, átt að þeim frumkvæði og beitt sér fyrir breytingum til bóta, þegar hann hefur haft aðstöðu til.

Á síðasta kjörtímabili hefur orðið gerbreyting á þessum málum, og hefur um það verið góð samvinna í núv. ríkisstj. Ég skal leyfa mér að nefna nokkur atriði: Í fyrsta lagi vildi ég nefna hina miklu hækkun á bótagreiðslum, sem gerð var 1960 og færði þessar greiðslur í það horf, sem bezt gerist annars staðar. Ég nefni afnám skerðingarákvæðisins svokallaða, en það var mikið hagsmunamál þeirra fullorðnu manna og kvenna, sem enn höfðu nokkra starfsgetu og gátu unnið og vildu gera það. En sá galli var á, að þá minnkuðu lífeyrisgreiðslurnar og féllu alveg niður, þegar tekjurnar höfðu náð vissu marki. Með þessari breytingu fá nú allir, sem náð hafa 67 ára aldri, tilskilinn ellilífeyri, hvort sem þeir vinna nokkuð eða ekki. Munar þá ellilífeyrisþega, sem eitthvað geta unnið, mjög verulega um þetta. Ég nefni enn það, að nú hefur landið allt verið gert að einu verðlagssvæði og allar bótagreiðslur jafnar, hvar sem menn búa á landinu, en áður voru bæturnar verulega hærri til fólks á þeim stöðum, sem fjölmennastir eru. Upphaflega mun þetta hafa verið sett í lög vegna þess, að framfærslukostnaður mun hafa verið talinn minni í dreifbýlinu og kauptúnum og sjávarþorpum. Nú er þessi mismunur á framfærslukostnaði horfinn, hafi hann þá nokkurn tíma verið fyrir hendi. Þess vegna var fullkomið réttlætismál að fá þessu breytt, og það hefur nú verið gert.

Loks vil ég geta þess, að nú liggur fyrir Alþingi frv. um heildarendurskoðun almannatrygginganna, sem væntanlega verður að lögum, áður en þinginu lýkur, og felur það í sér veigamiklar endurbætur. Ég skal aðeins nefna nokkrar þær helztu. Félagar sérstakra lífeyrissjóða eiga hér eftir að njóta fullra trygginga almannatrygginganna. Fjölskyldubætur eiga að greiðast með öllum börnum. Ekkjulífeyrir stórhækkar. Fæðingarstyrkur hækkar um 56%. Dánarbætur eftir þá, sem farast af slysförum, hækka að miklum mun, í stað einnar greiðslu í eitt skipti fyrir öll, rúmar 100 þús. kr., greiðast hér eftir 192 þús. kr., sem skiptast í jafnar mánaðargreiðslur í 8 ár. Sjúkra- og slysadagpeningar verða stórum hækkaðir. Ýmsar fleiri breytingar til bóta eru í frv., en ég skal hér láta staðar numið.

Til marks um það, hversu þær breytingar, sem gerðar hafa verið á almannatryggingunum, eru gífurlegar, skal ég að lokum geta þess, að framlag ríkissjóðs til trygginganna var árið 1959 101 millj. kr. Árið 1963 er þessi upphæð komin upp í 434 millj. kr. eða meir en fjórfölduð á þrem árum. Þegar framlög sveitarfélaga, atvinnurekenda og einstaklinga koma til viðbótar, verður heildarfjármagn tryggingakerfisins í ár 823 millj. kr., og með þeim breytingum, sem nú er verið að gera og ég hef nefnt, hækkar svo þessi upphæð enn um rúmar 54 millj. kr. Næsta ár mun því umráðafé trygginganna í heild nálgast 900 millj. kr.

Þessi tekjujöfnun, þessi tilflutningur á tekjum frá þeim, sem betur mega, til hinna, sem erfitt eiga uppdráttar, er að mínu viti eitt mesta afrek þessarar ríkisstj. Það skal tekið fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að stjórnarandstaðan hefur ekki beitt sér gegn þessum breytingum nú á almannatryggingalögunum. En einhvern veginn atvikaðist það svo, að þegar núv. stjórnarandstöðuflokkar áttu sæti í ríkisstj., fengust engar umbætur á þessum málum gerðar og áhugi fyrir þeim þá virtist minni en enginn.

Ýmis önnur félagsleg umbótamál hafa verið

borin fram á Alþingi og samþ. á þessu tímabili, og ég skal nefna nokkur. Fjárútvegun til íbúðarhúsabygginga hefur verið stóraukin. Byggingarsjóður aldraðs fólks hefur verið stofnaður, en með honum er gert ráð fyrir að útvega fullorðnu fólki hentugar íbúðir, án þess að það þurfi að fara á elliheimili, og möguleikar skapaðir til þess, að það geti fengið heimilishjálp eftir þörfum. Jafnlaunamál kvenna hefur verið leyst, þannig að tryggt er, að konur fái sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar. Þetta mál hefur lengi verið áhugamál kvennasamtakanna í landinu og hefur nú verið farsællega leyst. Forsvarsmenn Alþb. höfðu um það stór orð í vinstri stjórninni, að þeir mundu leysa það, en úr framkvæmdum varð aldrei, af því að þeir höguðu sinni kröfugerð þannig, að engar líkur voru til, að það næði samþykki. Málið var þeim, eins og í svo mörgum tilfellum öðrum, meira virði sem áróðursmál heldur en áhugamál að leysa, og þess vegna fór sem fór. Alþfl. flutti það á þeim grundvelli, að launamismunurinn á milli karla og kvenna yrði jafnaður á 6 árum, og þannig náði það þegar samþykki.

Mörg fleiri mál mætti nefna, sem til hagsbóta horfa fyrir alþýðu manna í landinu, en hér verður ekki tími til að ræða þau frekar, en þau verða að sjálfsögðu rædd af öðrum fulltrúum flokksins við þessar umr.

Ég get þó ekki stillt mig um að nefna eitt mál til viðbótar, en það er þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin, sem lögð var fram nýlega. Hún er hið merkasta plagg, enda liggur mikið starf í mörg ár á bak við hana. Hún gefur mjög glöggt yfirlit yfir efnahagsþróun undanfarinna ára, stöðuna, eins og hún er í dag, og áætlun um framkvæmdir næstu fjögurra ára. Um þetta mál var samið, þegar núv. stjórnarflokkar mynduðu ríkisstj. 1959, og er enginn vafi á því, að þessi áætlun getur orðið til margs konar nytja og hinn ágætasti grundvöllur undir skynsamlegar framkvæmdir.

Eitt atriði í málafylgju stjórnarandstöðunnar er athyglisvert sérstaklega, og skal ég fara um það nokkrum orðum. Fyrst eftir að núverandi ríkisstj. tók við og gerði sínar ráðstafanir í efnahagsmálum, beindist gagnrýni stjórnarandstöðunnar að þessum ráðstöfunum og það mjög hatrammlega. Af þeim átti allt illt að leiða: stöðvun á framkvæmdum vegna lánsfjárskorts, hárra vaxta, bindingar sparifjár og dýrtíðar. Atvinnuleysi mundi sigla í kjölfarið og alls konar óáran mundi þrengja kjör almennings í landinu. En eftir að í ljós kom, að þessir spádómar stóðust ekki, atvinna var meiri en nokkru sinni áður, framkvæmdir eins miklar og fólk fékkst frekast til að vinna, og afkoma allra landsmanna yfirleitt góð, þá var sýnilegt, að þessi aðferð dugði ekki, því að það er erfitt að stangast við staðreyndir. Var þá skipt um og annar háttur upp tekinn. Nú um skeið hefur verið tekinn upp sá háttur í blöðum stjórnarandstöðuflokkanna og hér á Alþingi og hefur enda verið gert hér líka í kvöld að hætta mikið til að ræða þessi mál. Nú er ekki deilt lengur að ráði á ríkisstj. fyrir það, sem hún hafi gert, heldur hitt, sem hún ætlar að gera. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, dró að vísu fram hér í kvöld hinar gömlu lummur um, að viðreisnin hefði brugðizt, en þessar lummur er farið að slá svo í, að þær eru ekki lengur boðlegar neinum.

Því hefur nú verið haldið fram um skeið, að ríkisstj. ætli að framlengja samninginn við Breta um fiskveiðilandhelgina, þegar hann fellur úr gildi í byrjun næsta árs. Og þetta er gert þrátt fyrir það, að því hefur verið marglýst yfir, að slík framlenging komi ekki til greina, og greinilega fram tekið í samningnum sjálfum, að Ísland stefni að útfærslu fiskveiðitakmarkanna út fyrir landgrunnið allt.

Hitt atriðið, sem á sama hátt hefur verið tekið til meðferðar, er um möguleg tengsl Íslendinga við Efnahagsbandalag Evrópu. Því er haldið fram, að ríkisstj. sé líkleg til að semja þar um inngöngu upp á býti, sem séu alls óaðgengileg. Ríkisstj. hefur þó ekki gert í því máli annað en að kynna sérstöðu okkar og leita upplýsinga um, hvaða möguleikar væru til einhvers sambands við bandalagið, þegar tekið væri tillit til þessarar sérstöðu.

Þetta eru hvort tveggja viðkvæm utanríkismál og að mínu viti alveg forkastanlegt að draga þau inn í dægurþrasið á þann hátt, sem gert hefur verið, þegar í öðru málinu liggur fyrir fastmótuð ákvörðun hjá ríkisstj., en í hinu, að ekkert hefur verið gert annað en að kanna málið. Þetta mál er, eins og margrakið hefur verið, óendanlega þýðingarmikið fyrir Íslendinga, að eitthvert samkomulag náist við efnahagsbandalagsríkin um sölu á okkar afurðum og koma í veg fyrir útilokun frá þessum markaði vegna hárra aðflutningsgjalda þar. En það er kannske það, útilokun markaðanna, sem stefnt er að til þess að beina viðskiptum okkar í aðrar áttir. En hvað, sem um það er, þá segir það sína sögu, að gagnrýninni virðist nú meira beint gegn því, sem ríkisstj. hefur ekki gert, en að hinu, sem gert hefur verið.

Ég tel, að ríkisstj. geti eftir atvikum verið ánægð með þann árangur, sem náðst hefur á kjörtímabilinu, a. m. k. ánægðari en ýmsar aðrar fyrrverandi ríkisstj., og geti óhrædd beðið dóms kjósendanna í kosningunum í vor.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Um langan aldur hefur það verið eitt höfuðatriðið í baráttu íslenzkrar verkalýðshreyfingar að krefjast atvinnu handa öllum vinnufærum höndum. Við upphaf þessa stjórnarsamstarfs, sem nú hefur varað nálega eitt kjörtímabil, var því óspart spáð af hv. stjórnarandstæðingum, að sérstaklega þessi krafa verkalýðssamtakanna yrði fótum troðin og nú mundi í hönd fara sú tíð, sem atvinnurekendum væri æskilegust, þ. e. atvinnuleysi og allt illt, sem í kjölfar þess óhjákvæmilega fylgir, hvers konar kúgun hins vinnandi fólks

í skjóli neyðar, sem fyrst og fremst stafaði af verkefnaskorti þeirra, sem framfæri sitt hafa af daglaunavinnu. Óþarft er að vitna í einstaka spádóma þessum fullyrðingum hv. stjórnarandstæðinga til sönnunar. Til þess eru þeir öllum landsmönnum of ferskir í minni, sér í lagi spádómar hins spaka framsóknarmanns, er spáði fyrir móðuharðindum af manna völdum við upphaf þessa kjörtímabils. Þessir spádómar um voða atvinnuleysisins hafa á stjórnarárum hæstv. núv. ríkisstj. breytzt í það að vera umr. um ofþrælkun vegna of lítils vinnuframboðs á vinnumarkaðinum um land allt.

Nú vil ég á engan hátt gera lítið úr of miklu vinnuálagi fólks, sem að sjálfsögðu hefur einnig sínar alvarlegu afleiðingar, því að öllum eru sín orkutakmörk sett. Hitt er ljóst, að hrakspárnar um atvinnuleysi og verkefnaskort vinnandi fólks annars vegar og vinnuþrælkun vegna of mikils vinnuframboðs hins vegar fara ekki saman við þá óskhyggju hv. stjórnarandstæðinga, sem þeir boðuðu þjóðinni í upphafi þess kjörtímabils, sem nú er að ljúka með alþingiskosningum 9. júní n. k. Stöðugar og sífelldar auglýsingar atvinnurekenda í blöðum og útvarpi eftir meira vinnuafli vitna ljósast um, að þessar bölsýnisspár stjórnarandstæðinga hafa ekki orðið að veruleika, — og frá sjónarmiði verkalýðssamtakanna sem betur fer. Þarf þó enginn landsmaður að efast um, að þeir aðilar í hópi stjórnarandstæðinga, sem einhvers mega sín í þessum efnum, hafa ekki látið sitt eftir liggja að gera atvinnuleysisspár sínar að veruleika, treystandi því, að þá yrðu til fullnustu nýttir þeir möguleikar, sem skapast með slíku árferði, og þannig gæti þeim stjórnarandstæðingum á ný opnazt hlið til hinna langþráðu ráðherrastóla með falli núv. ríkisstj.

Með þá reynslu, sem íslenzk verkalýðssamtök hafa af nálega 50 ára starfi sínu hér á landi í skipulögðum samtökum, er ljóst, að meginorka þeirra hefur farið í að berjast fyrir þeim frumstæða rétti, að atvinnuöryggið yrði tryggt. Væri hægt að tryggja atvinnuöryggið, skapaðist verkalýðssamtökunum aðstaða til að vinna að flestum öðrum hagsmunamálum sínum á mun æskilegri grundvelli en ella. Enginn getur með sanni sagt, að atvinnuöryggis hafi, það sem af er kjörtímabilinu, ekki verið gætt.

Samhliða kröfunni um fulla atvinnu handa öllum hafa verkalýðssamtökin ávallt haft uppi þá réttlátu kröfu, að sem flestum væru skapaðir möguleikar til að búa í mannsæmandi íbúðum. Alþfl. hefur frá upphafi starfs síns dyggilega barizt fyrir framgangi þessarar kröfu verkalýðssamtakanna. Nægir í því sambandi að minna á baráttu flokksins fyrir setningu laganna um verkamannabústaði og forustu flokksins í núv. stjórnarsamstarfi fyrir endurskoðun opinberra afskipta af húsnæðismálum og stórauknu fjármagni til þeirra hluta, en þar hlýtur fjármagnið ávallt að vera ein af höfuðundirstöðum aukinna framkvæmda samfara hagnýtingu aukinnar tækni í öllum byggingarframkvæmdum.

Núv. stjórnarandstæðingar hafa í framangreindum efnum hlotið sitt reynslutímabil, og er það landsmönnum enn fullljóst í stórum dráttum, það er stjórnartímabil hinnar svokölluðu vinstri stjórnar. Þá var stjórnað að þeirra eigin sögn í samráði við verkalýðssamtökin. Þau samráð hafa áður verið til umræðu á þessum vettvangi og óþarfi að endurtaka það nú. Hitt er ljóst, að hv. núv. stjórnarandstæðingar kvörtuðu þá ekki um framlag hins opinbera til húsnæðismála, en fóru þá með yfirstjórn þeirra, og má af því ætla, að frekar yrði ekki að gert í þeim málum. Í stjórnartíð þeirra frá árinu 1956 til og með árinu 1958 var ráðstafað af hálfu húsnæðismálastjórnar 138.1 millj. kr., til verkamannabústaða var ráðstafað 17 millj. 527 þús. kr. og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 11.4 millj., eða samtals á kjörtímabili vinstri stjórnarinnar 167 millj. 99 þús. kr. Til samanburðar hefur núv. ríkisstj. ráðstafað til húsnæðismála frá valdatöku sinni við árslok 1959 til þessa dags 368 millj. 667 þús. kr. Fjárframlög þessi skiptast þannig, að á vegum hins almenna veðlánakerfis húsnæðismálastjórnar eru 308 millj. 727 þús. kr., til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis 14 millj. 860 þús. og ráðstafað til verkamannabústaða 42 millj. kr. Hér er þó ekki með reiknað árið 1959, sem minnihlutastjórn Alþfl. var við völd, en það ár ráðstafaði húsnæðismálastjórn 35 millj. kr., og til verkamannabústaða var ráðstafað 12.1 millj. og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis rúmum 3 millj. kr., eða samtals rúmum 50 millj. kr. Frá því að Alþfl. tók við húsbóndavaldi í félmrn. og þar með húsnæðismálunum við áramótin 1958 og 1959, hefur af hálfu ríkisins því verið ráðstafað til húsnæðismála rúmlega 419 millj. kr.

Þær tölur, sem hér hafa verið nefndar, tala skýru máli um það, hvor aðilinn, ríkisstj. eða stjórnarandstæðingar, hefur gengið betur til móts við kröfur verkalýðssamtakanna um mannsæmandi íbúðir fyrir sem flesta, þegar þeir hafa haft ráðin í sinni hendi.

Þrátt fyrir þann árangur, sem náðst hefur í núv. stjórnarsamstarfi í þessum málum, er mikið starf óunnið. Lausn þeirra verkefna, sem fram undan eru, verður ákveðin af kjósendum í þeim kosningum, sem háðar verða að lokinni þeirri kosningabaráttu, sem nú er hafin. Þessari kosningabaráttu mun endanlega ljúka með úrskurði um það, hverjir halda muni um stjórnvöl íslenzkra þjóðmála næsta kjörtímabil. Alþfl. mun ekki fremur nú en áður viðhafa neinar fullyrðingar um, hver úrslit þessarar baráttu verða. Þar verða tölurnar að tala sínu máli. Hins vegar fer það ekki á milli mála í öllum undirbúningi þeirrar kosningabaráttu, sem nú er hafin, að stjórnarandstöðubandalagið, framsóknarmenn og kommúnistar, mun fyrst og fremst beina geirum sínum að Alþfl., treystandi því, að þannig muni bezt verða

höggvið skarð í núv. stjórnarsamstarf. Alþfl. leggur ótrauður til sjálfrar kosningabaráttunnar og skorar á alla meðlimi og velunnara sína að taka hvarvetna nú þegar til starfa að kosningaundirbúningnum og kosningabaráttunni. Minnumst þess, Alþýðuflokksfólk og aðrir stuðningsmenn flokksins, að sóknin er bezta vörnin.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. „Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstfl. Stöðvun verðbólgunnar án nýrra skatta." Þannig hljóðuðu kosningaloforð núv. stjórnarflokka í síðustu alþingiskosningum. Þetta voru fögur loforð, ef gefin hefðu verið af heilum hug. Meiri hl. kjósenda tók þessi kosningaloforð alvarlega, menn trúðu þeim og treystu og færðu þessum flokkum meiri hl. á Alþingi og þar með völdin í hendur vegna loforðanna. En nú er komið að reikningsskilum. Nú komast stjórnarflokkarnir ekki undan því að gera þjóðinni grein fyrir, hvernig þeir efndu kosningaloforðin, hvernig þeir bættu lífskjörin, hvernig þeir stöðvuðu verðbólguna, hvernig þeir efndu það að leggja ekki á nýja skatta.

Viðreisnarstefnan hófst með gengislækkuninni stóru, vaxtahækkunum, lánsfjárbanni til almennings, sölusköttum á lífsnauðsynjar og fyrirskipunum til atvinnurekenda að hækka ekki kaupið, enda lækkuðu þessir sömu flokkar kaupið með lögum árið áður. Eftir þá kauplækkun biðu launastéttirnar nokkuð á þriðja ár eftir bættu lífskjörunum. En þegar þau komu ekki, hækkuðu þær kaupið með samningum við samvinnufélögin, en þó í mjög smáum stíl. Þá reiddust goðin og hleyptu yfir þjóðina nýrri gengislækkun í hefndarskyni. Kauphækkunin skyldi ekki verða fjölskyldum manna til hagsbóta. Óðaverðbólgan skyldi gleypa hana, og það gerði hún. Í þessu sambandi má geta þess, að það voru hrein ósannindi hjá hæstv. forsrh. í ræðu hans hér áðan, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi óskað eftir hækkun á vöruverði vegna kaupgjaldssamninganna 1961.

Í hvítu bókinni Viðreisn, sem hæstv. ríkisstj. gaf út á kostnað almennings, var þjóðinni heitið því, að kjaraskerðingin skyldi ekki verða nema 3% og engin kjaraskerðing hjá fjölskyldum með 3 börn eða fleiri, ef tekjur hennar næðu 60 þús. kr. yfir árið. Nú sýna skýrslur hagstofunnar, að nauðsynjar 4 manna fjölskyldu kosta um 72 þús. kr. yfir árið, eða 23 þús. kr. meira en fyrir 4 árum, og þó er ekki húsnæðiskostnaður, opinber gjöld og margt fleira talið með.

Unga fólkið, hvort sem er í sveit eða við sjó, sem er að stofna heimili og vill eignast þak yfir höfuðið, hefur þó sérstaka sögu að segja í viðskiptum sínum við stjórnarflokkana. Lítil íbúð kostar nú 556 þús. kr. samkv. byggingarvísitölu eða 149 þús. kr. meira en í febrúar 1959. Hámarkslán frá húsnæðismálastjórn á að vera 150 þús. kr., en lánið fer allt í viðreisnarhækkunina. Sá, sem byggir sér íbúð núna, stendur jafnt að vígi og hann hefði byggt fyrir 4 árum og ekkert lán fengið þá frá húsnæðismálastjórn. En ekki er sagan öll sögð með þessu um byggingarmál ungu hjónanna og svo allra þeirra, er þurfa að byggja. Vaxtahækkunin kemur í ofanálag. Ef þessi ungu hjón geta lagt fram úr eigin vasa 100 þús. kr. í bygginguna, en þurfa að taka hitt að láni, þurfa þau nú að borga um 39 þús. kr. í vexti á fyrsta ári af byggingarlánunum eða um 18 þús. kr. meira en þurft hefði fyrir 4 árum, miðað við jafnhátt eigið framlag. Þannig verkar verðhækkun og vaxtahækkun, þegar báðar leggjast á eitt. Nú eru beinir skattar orðnir um 10500 kr. hjá vísitölufjölskyldu eða um 1000 kr. hærri en fyrir 4 árum, og ekki mun of hátt áætlað, að viðhald, fyrning og opinber gjöld af íbúðinni séu nú orðin um 9500 kr. Séu nú þessi gjöld lögð saman, en fjölskyldubæturnar dregnar síðan frá, verða ársútgjöld vísitölufjölskyldunnar, sem eru 4.2 menn, um 123 þús. kr. Hvað ætli þau séu þá hjá 8 manna fjölskyldu? Þó er enginn eyrir ætlaður í afborganir af byggingarskuldunum, en ekki verður komizt hjá því að greiða þær.

Til þess að mæta þessum útgjöldum eru algengustu árslaun verkamanna, verksmiðjumanna og iðnaðarmanna um 63—76 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga ársins. Ef þetta kaup ætti að duga fyrir fjölskyldu útgjöldum þessara manna, þá þyrftu að vera 480—580 virkir dagar í árinu.

Blöð stjórnarflokkanna hafa skýrt svo frá, að meðaltekjur verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna hafi orðið 80—90 þús. kr. undanfarin ár og jafnvel yfir 90 þús. kr. s. l. ár. Sé þetta rétt, sýnir það tvennt: annars vegar hin óvenjumiklu aflabrögð tvö undanfarin ár, sem hafa skilað sjómönnum það góðum aflahlutum, að þeir hækka mjög meðaltekjur manna. Hins vegar sýnir þetta, að eftirvinna og næturvinna manna vegna aflabragðanna er orðin svo mikil, að árstekjurnar hækka verulega. En ekki lifa launamenn, sem aldrei fara á sjó, á þessum óvenjulegu og ótryggu aflahlutum. En þessi málflutningur stjórnarflokkanna sýnir, að þeir ætlast ekki til þess, að 8 stunda dagleg vinna alla virka daga ársins dugi fjölskyldumönnum til lífsframfæris.

Þannig hefur hún reynzt, leiðin til bættra lífskjara. Þetta eru efndirnar á einu stærsta kosningaloforði stjórnarflokkanna. Og svo kemur hæstv. forsrh. hér áðan og segir: Við erum á hraðri leið til bættra lífskjara.

Svo augljósar eru þessar staðreyndir, að jafnvel steinarnir eru farnir að tala. Í Alþýðublaðinu 31. marz s. l. segir ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins í bréfi til flokksbróður síns orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Taktu eftir, Helgi, að hinn 1. maí n. k. verður farið með spjöld um bæinn og krafizt 8 stunda vinnudags, og taktu enn fremur eftir því, að allir aðilar munu loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að 8 stunda vinnudagur er óhugsandi á Íslandi í dag, því að óbreyttur borgari, sem ynni 8 stunda vinnudag, yrði hungurmorða."

Þetta voru orð ritstjóra Alþýðublaðsins. En hæstv. ríkisstj. lætur bankastjóra Seðlabankans lesa í útvarp úr áróðursskýrslu um efnahagsmál, þar sem beitt er lítt dulbúnum hótunum um nýja gengislækkun, ef menn ætla að svara óðadýrtíð stjórnarflokkanna með kauphækkun.

Efndirnar á því kosningaloforði stjórnarflokkanna að leggja ekki á nýja skatta urðu þessar: Beinum sköttum, sem lagðir voru á eftir efnahag manna, var breytt í söluskatta, sem leggjast á vörurnar, sem almenningur kaupir, og eru þungbærastir þeim, sem marga hafa að fæða og klæða. Milljónafyrirtæki eru gerð skattfrjáls til ríkissjóðs, en heildarálögur á þjóðina samkv. fjárl. hafa hækkað frá 1958 úr tæpum 830 millj. í tæpar 2200 millj. kr., og eru þá niðurgreiðslur útflutningssjóðs 1958 reiknaðar með það ár. Heildarálögurnar eru nú orðnar sem svarar 61 þús. kr. að meðaltali á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Svo takmarkalausar eru skattaálögur núv. stjórnarflokka.

Stöðvun verðbólgunnar var loforð loforðanna, en um efndirnir á því höfum við sæmilega frambærilegt vitni, þar sem er sjálfur hæstv. forsrh. Hann sagði um áramótin, að stöðvun verðbólgunnar hefði mistekizt, unnið hefði verið fyrir gýg og beinn voði sé nú fyrir höndum. Þessu gleymdi samt hæstv. forsrh. í ræðu sinni í kvöld, og er það kannske von, því að nú er farið að draga að kosningum.

Hvað er þá fram undan, ef stjórnarflokkarnir halda meiri hl. sínum á Alþingi eftir næstu kosningar? Enginn þarf að fara í grafgötur um það, að þeir mundu halda enn lengra á þeirri braut, sem þeir hafa fetað þetta kjörtímabil. Þá fengju menn eina gengislækkunina enn, nýja vaxtahækkun, meiri lánsfjárskort, hækkun söluskatta og gegndarlausa dýrtíð. Þá þyrftu bændur ekki að efast um, að landbúnaðarvélarnar mundu hækka aftur í verði, áburðurinn, fóðurbætirinn o. m. fl. Ungu hjónin, sem ætla nú að fara að byggja yfir sig, mættu eiga það víst, að byggingarkostnaðurinn ykist stórkostlega. Þá mættu launamenn eiga von á nýjum gerðardómum og brbl. um bann við kauphækkunum. Og ekki er ólíklegt, að menn þyrftu að vinna enn meiri eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu til þess að geta greitt nauðsynjar fjölskyldunnar.

Fjöldi kjósenda í öllum kjördæmum landsins mun hafa lært það mikið af viðreisnarstefnunni, að þeir hugsi sig um fyrir næstu kosningar, hugsi t. d. eitthvað á þessa leið: Við kusum ykkur síðast, af því að við trúðum loforðunum ykkar um bætt lífskjör. Við vitum nú, hvernig þið efnduð þessi loforð, og látum ekki blekkja okkur tvö kjörtímabil í röð. Við vitum, að þið ætlið að fella gengið einu sinni enn og magna með því dýrtíðina. Við viljum ekki og getum ekki lengt vinnutíma okkar umfram það, sem orðið er. Við vitum, að ykkur er ekki treystandi í efnahagsmálum, þótt þið hafið flotið þessi árin á þeim óvenjulegu aflabrögðum, sem fyrst og fremst er að þakka útfærslu landhelginnar, sem vinstri stjórnin framkvæmdi. Ef þið hefðuð búið við meðalárferði í aflabrögðum, væru hér alvarlegir erfiðleikar nú vegna viðreisnarstefnunnar, og þessi hætta vofir yfir, ef þið ætlið að stjórna áfram. Og síðast, en ekki síst, er okkur það ljóst, að þið biðið eftir fyrsta tækifæri til að innlima Ísland í Efnahagsbandalag Evrópu og afsala þannig í hendur útlendinga valdinu yfir atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar og þar með sjálfstæði hennar. — Góða nótt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þann stutta tíma, sem ég hef til umráða, ætla ég að tileinka landbúnaðinum og meðferð landbúnaðarmála hjá núv. hæstv. ríkisstj.

Fyrir síðustu kosningar lofuðu núv. stjórnarflokkar lækkandi dýrtíð, batnandi lífskjörum og að engar nýjar álögur skyldu lagðar á þjóðina. En hvernig hafa efndirnar verið? Þessu gleymdi hæstv. forsrh., Ólafur Thors, að skýra þjóðinni frá áðan í ræðu sinni, enda hyggilegt af honum, þar sem fögru loforðin gleymdust, um leið og ráðh. settust í valdastólana.

Eitt af fyrstu verkum hæstv. ríkisstj. var að fella gengi íslenzkrar krónu um 132.5%, afnema bann á okurvöxtum, skylda banka, sparisjóði og innlánsdeildir kaupfélaga til að frysta inni í Seðlabanka Íslands drjúgan hluta af sparifjáraukningu landsmanna. Þannig mun vera búið að frysta um 640 millj. kr., sem engum koma að gagni, og vaxtatapið nemur 57 millj. kr. Væri ekki nær að ávaxta svolítinn hluta af þessu fé í stofnlánadeild landbúnaðarins? En ársgreiðslur eru nú af 150 þús. kr. íbúðarhúsaláni í sveit 9900 kr. og hafa hækkað um 3000 kr. í tíð núv. ríkisstj., og ársgreiðsla af 300 þús. kr. útihúsaláni hefur hækkað úr 22200 kr. í 31800 kr. Við þetta bætist á hvern bónda að meðaltali á yfirstandandi ári 2000 kr. lánsfjárskattur til stofnlánadeildar landbúnaðarins. Allar þessar hækkanir nema 14 600 kr. á bónda á ári.

Tekjuöflun stofnlánadeildarinnar er þannig upp byggð, að bændur greiða til hennar 2 kr. á móti hverri 1 kr. frá ríki og neytendum. Samkv. áætlun ríkisstj. greiða bændur þannig á næstu 14 árum 618 millj. kr. til deildarinnar. Helmingur af þessari upphæð er til kominn vegna vaxtahækkunar og sérskatts á bændur, en hinn helmingurinn samsvarar þeim vöxtum af lánum, er áður voru. Ofan á þetta bætist það, að rekstrarvörur landbúnaðarins hafa stórhækkað: fóðurmjöl um 40% síðan 1958, kjarnaáburður um 34%, fosfóráburður 70% og kalí 91%. Ferguson standard dráttarvél hefur hækkað um 35 þús. kr. síðan 1958, eða um tæp 66%, ef reiknað er með tollum samkv. nýju tollskránni, og kostar því nú 88500 kr. En þessi vél var mun dýrari undanfarin 3 ár.

Á sama tíma hefur nýmjólk hækkað í verði til bænda sem næst 35% og sauðfjárafurðir um 40%.

Það gefur því auga leið, að framkvæmdir hafa farið minnkandi í landbúnaðinum hin síðari ár. Framræsla lands var 1958 4 millj. m³,

en aðeins 2,5 millj. m³ s. l. ár. Árið 1958 voru byggðar heygeymslur 175 þús. m³, en árið 1961 voru þær 63 þús. m³ minni. Nýræktin er 800 hekturum minni árin 1960 og 1961 en hún var miðað við tvö næstu ár á undan, og jafnframt hefur jarðabótamönnum fækkað. Árið 1957 voru byggð útihús í sveitum fyrir 54 millj. kr., en 1961 fyrir aðeins 41 millj. kr., hvort tveggja miðað við verðlag árið 1954, samdráttur rúmlega 30%. Þannig mætti lengi telja og færa sönnur á þá þróun landbúnaðarins, sem verið hefur í tíð núv. ríkisstj. Viðreisnardýrtíðin var búin að hækka öll tæki til landbúnaðar um nálægt 100% frá því, sem var fyrir viðreisn. Þakklætisverð viðleitni er nú sýnd á lækkun með nýju tollskránni. Þar koma til áhrif frá Framsfl. og samtökum bændanna.

Afleiðing stjórnarstefnunnar er sú, að ungt fólk hvorki getur né vill eiga afkomu sína undir sól og regni og stunda landbúnað, meðan jafnilla er búið að því og hjá núv. ríkisstj. Ungir bændur horfa vonsviknum augum á afkomu sína í framtíðinni. Þetta skilur hæstv. ríkisstj. ekki og gerir því ekki neitt til að bæta úr í þessum efnum, nema síður væri, vitandi vits, að á meðal bænda eru fjöldamargir, sem aldurs vegna treysta sér ekki til að halda áfram búskap og verða að hverfa frá sínu, án þess að von sé til, að nokkur geti tekið við þeirra ævistarfi eða losað þá á sómasamlegan hátt við jarðnæði og mannvirki þau, sem þeir hafa lagt sig í sölurnar fyrir. En á sama tíma býður hver í kapp við annan í lóðir í höfuðborg landsins.

Það er uggvænlegt, hver hugsun og þróun er að verða í þessum málum nú undir forustu íhalds og krata. Það er kaldhæðni örlaganna, þegar hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, ber sér það í munn, að viðreisnin og batnandi hagur bænda fari saman. Sannleikurinn er sá, að viðreisnin og versnandi hagur bænda fer saman.

Fyrir rúmu ári lauk stjórn Stéttarsambands bænda við áætlun um framkvæmdir í landbúnaði fyrir árin 1961—1970. Áætlun þessi gerir ráð fyrir 13.8% minni framkvæmdum en þær voru á næsta 10 ára tímabili á undan, enda gerð á þeim tíma, sem ekki er mikils að vænta af valdhöfum. Í þessari nýju áætlun segir, með leyfi hæstv. forseta: „að aðstaða landbúnaðarins í þjóðfélaginu sé nú þannig, að þar muni ekki á næstu árum verða ráðizt í meiri framkvæmdir en brýnasta nauðsyn krefst og þó sennilega tæplega það. Aðgerðir stjórnarvalda geta ráðið baggamuninn um, hvort bændum tekst að framkvæma það, sem þeir telja nauðsynlegt, til þess að landbúnaðurinn geti fullnægt þeim kröfum, sem eðlilegt er að gera til hans, og haldi sínum hlut í óhjákvæmilegri samkeppni við aðrar atvinnugreinar um vinnuafl og fjármagn.“ Þetta er viðhorf fróðra manna, sem hafa staðið í eldinum fyrir bændastétt landsins.

Öðruvísi var þetta árið 1950. Þá var einnig gerð framkvæmdaáætlun fyrir íslenzkan landbúnað, fyrir árin 1951—1960. Hvernig stóð sú áætlun? Um það ræðir stjórn Stéttarsambands bænda í Árbók landbúnaðarins 1961, og telur hún, að það viðhorf hafi ríkt á því tímabili eða sú stefna, að þjóðfélaginu í heild sé hagkvæmast, að viðhaldið sé byggð og þeim framleiðslumannvirkjum, sem til eru í sveitum landsins. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta viðhorf og þær þjóðfélagsaðstæður, sem að framan eru greindar, voru höfuðorsök þess, að á árunum 1951—1960 má segja, að bylting hafi átt sér stað í vélvæðingu og ræktun í íslenzkum landbúnaði.“

Á þessu tíu ára tímabili stækkuðu túnin úr 44 þús. hekturum í 77 þús. hektara, eða um 75%. Og framleiðsluaukningin varð 300 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1960.

Ein höfuðorsök þess, að þessi þróun varð í íslenzkum landbúnaði, var skilningur þáv. stjórnarvalda á gildi hans fyrir þjóðina. Á þessum árum var landbúnaðinum séð fyrir lánum með lágum vöxtum og sjóðir Búnaðarbankans efldir með innlendu og erlendu fjármagni án þess að skattleggja bændur sérstaklega í því skyni. Afurðalán til bænda voru tryggð 67% af verðmæti framleiðslunnar og fóru því hækkandi með aukinni framleiðslu og hækkandi verðlagi.

Störf og stefna Framsfl. hefur jafnan miðazt við það, að atorka vinnandi fólks nyti sín. Með stuðningi félagslegrar uppbyggingar og hjálp samvinnufélaga og búnaðarfélaga hefur uppbygging og ræktun í sveitum landsins vaxið jafnt og þétt og framleiðsluaukning orðið í landbúnaði þrátt fyrir allt. En þessi framleiðsluaukning byggist á fjármagni því, sem veitt var í landbúnaðinn undir forustu Framsfl. Bændur væru nú mun verr settir, ef þeir hefðu ekki notfært sér þá framfarastefnu, sem þá ríkti í landbúnaðarmálum. Undir forustu Framsfl. var með margs konar löggjöf miðað að því að tryggja aðstöðu bændanna. Ýmsum þáttum þeirrar löggjafar hefur verið gerbreytt í tíð núv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst lánstíma og vaxtakjörum. Í sumum málum hefur hæstv. ríkisstj. ekki aðhafzt neitt. Þannig er það með frv. til jarðræktarlaga, sem afgreitt var frá búnaðarþingi 1962 og fól í sér réttmæta hækkun á ræktunarframkvæmdum miðað við vaxandi dýrtíð. Engan árangur hefur það borið, þótt hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, hafi látið í veðri vaka, að hann vildi framgang málsins. Hefði þetta frv. verið samþ. á þessu þingi, mundu bændur hafa hlotið á annan milljónatug hærra ræktunarframlag en þeir fá nú. Andi hæstv. ríkisstj. speglast m. a. í því að halda vísitölu á ræktunarframlagi óbreyttri þrátt fyrir síaukinn ræktunarkostnað.

En Framsfl. er þess albúinn að hefja nýja sókn í málum, þegar hann fær aðstöðu til. Má þar til nefna m. a. frv. til laga um bústofnslánadeild, frv. til l. um eflingu stofnlánadeildar landbúnaðarins og niðurfellingu lánsfjárskatts-

ins, lækkun vaxta, endurskoðun jarðræktarlaga, breyting á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, koma á fót tryggingum, sem bæta stórfellt tjón á uppskeru og búfé o. fl., greiða fyrir eigendaskiptum á jörðum, sjá um, að bændum verði tryggt, að þeir fái verð afurða sinna greitt við afhendingu, en þurfi ekki að bíða, svo að mánuðum skiptir, eftir kaupi sínu, stuðla að því, að garðyrkju- og gróðurhúsaframleiðsla verði efld, auka og efla aðstöðu til almennrar og faglegrar menntunar bændastéttarinnar, efla tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins ásamt nauðsynlegri leiðbeiningastarfsemi.

Allt fram á þessa öld voru Íslendingar að miklu leyti bændaþjóð. En nú hefur þróun mála orðið sú, að sumar aðrar atvinnustéttir eru orðnar fjölmennari. Eiga þær líka sín vandamál og á margan hátt um sárt að binda eftir viðreisnardýrtíð síðustu ára. Ég hef að þessu sinni rætt um landbúnaðinn fyrst og fremst, jafnframt því sem aðrir ræðumenn ræða önnur efni. Við framsóknarmenn teljum, að það sé, hvernig sem á það er litið í einstökum atriðum, sameiginlegt hagsmunamál alþjóðar, að landbúnaðurinn standi traustum fótum, og þessu megi aldrei gleyma. — Góða nótt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, gerðu báðir að umtalsefni, hve mjög útgjöld og álögur hefðu hækkað í tíð núv. ríkisstj. Hv. 1. þm. Austf. var þó öllu stórtækari og sagði, að álögur hefðu hækkað um 1400 millj. á kjörtímabilinu. Væntanlega á hv. þm. við breytinguna frá 1958, sem honum og flokksbræðrum hans er tamt að tala um, og hafa þeir oft sagt, að þessi væri hækkunin frá 1958 til fjárlaga fyrir 1963. Ég vil taka það fram, að samanburður milli þessara ára er harla vafasamur og varasamur. Það stafar af því, að árið 1958 var ríkissjóðurinn klofinn í tvennt og annar parturinn kallaður útflutningssjóður. Útgjöld hans námu á árinu nær 700 millj. kr., en ríkissjóðsins sjálfs um 940 millj. Séu þessar upphæðir lagðar saman, urðu ríkisgjöldin um 1640 millj. og hafa, miðað við þessar tölur, því ekki hækkað um 1400, heldur um tæplega 540 millj. En málið er ekki svona einfalt. Það er ekki rétt eða sanngjarnt að bera saman ríkissjóðsgjöld 1958 og 1963 né heldur að bera sjóðina báða frá árinu 1958 samanlagða saman við ríkisgjöldin nú. Það er ekki heldur rétt að nota í þessum samanburði tölur fjárl. fyrir árið 1958, heldur ríkisreikningsins, vegna þess, hve útgjöldin fóru þá stórlega fram úr áætlun. Það gerir samanburðinn m. a. erfiðan, að árið 1958 var mikill hluti af tekjum og gjöldum útflutningssjóðs yfirfærslugjald og yfirfærslubætur, en þetta var grímuklædd gengislækkun. Í sanngjörnum samanburði er því væntanlega rétt að sleppa yfirfærslugjöldum og bótum, en eins og kunnugt er, kom rétt skráning krónunnar í stað þeirra.

Þegar nú samanburðurinn milli áranna 1958 og 1963 er gerður á eðlilegan og sanngjarnan hátt, lítur dæmið þannig út, að ríkisgjöldin hafi hækkað um 1105 millj., en ekki um 1400 millj. Skakkar þar nærri 300 millj. í samanburðinum hjá hv. þm. En 1105 millj. eru vissulega há tala og stór fúlga, og því er rétt að kanna: Í hvað hefur þetta fé farið? Hefur það horfið í einhverja eyðsluhít? Eða til hvers hefur það verið notað?

Framlög til félagsmála, og þar eru almannatryggingar stærsti liðurinn, hafa hækkað um 397 millj. kr. á þessum tíma. Framlög til að lækka vöruverð innanlands og til uppbóta á afurðir landbúnaðarins hafa hækkað um 282 millj. Framlög til skóla og fræðslumála hafa hækkað um 138 millj. Framlög til atvinnumála til sjávar og sveita og bættra samgangna á landi og sjó og í lofti hafa hækkað um 133 millj. M. ö. o.: af hækkun ríkisgjaldanna á 5 árum, rúmlega 1100 millj. kr., hafa um 950 millj. gengið til félagsmála, kennslumála, niðurgreiðslna, atvinnu- og samgöngumála, en öll önnur ríkisútgjöld, þ. á m. hin eiginlega stjórnsýsla, hafa vaxið um 155 millj., eða sem næst 30 millj. á ári að meðaltali. Miðað við fjölgun landsmanna og sívaxandi framkvæmdir og þjónustu ríkisins getur sú aukning útgjalda ekki talizt úr hófi fram. Og eins ber að hafa það í huga, að fólksfjölgun, aukning þjóðarframleiðslu, innflutnings, veltu og velmegunar skilar ríkissjóði og sveitarsjóðum auknum tekjum ár frá ári að óbreyttum toll- og skattstigum, án þess að slíkt sé á mæltu máli kallað tolla- eða skattahækkanir.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði, að framlög til verklegra framkvæmda væru nú mjög af skornum skammti og vegamálin í hreinu öngþveiti, eins og hann komst að orði. Og Karl Guðjónsson sagði, að framlög til verklegra framkvæmda hefðu í tíð stjórnarinnar verið lækkuð hlutfallslega. Við skulum nú athuga sérstaklega hinar verklegu framkvæmdir. Undir það hugtak eru venjulega felldir vegir, brýr, hafnir, flugvellir, skólar, sjúkrahús. Ég tek hér eingöngu framlög til nýframkvæmda, en ekki til viðhalds. Tölurnar eru þá þannig, að árið 1958 var varið til þessa alls 90 millj. kr., en í fjárl. 1963 197 millj. Hækkun til þessara verklegu framkvæmda, sem ég nefndi, er því um 107 millj. kr., m. ö. o., þessi framlög hafa í krónutölu meira en tvöfaldazt. En tilkostnaðurinn hefur hækkað, og ef umreiknað er eftir vísitölu byggingarkostnaðar, verður samt raunveruleg hækkun 42%. Það er því ekki aðeins meira en tvöföldun að krónutölu, heldur hækkun yfir 40% að notagildi. Manni virðast því harla einkennileg þau ummæli þessara hv. tveggja þm., að framlög til verklegra framkvæmda séu nú mjög af skornum skammti og hafi lækkað hlutfallslega frá því, sem áður var.

Þær tölur, sem ég nefndi um það, í hvað þessi aukning á ríkisgjöldum hefur farið á undanförnum árum, þessar tölur, sem ég nefndi að gefnu sérstöku tilefni frá þessum tveim hv.

þm., bregða upp nokkurri mynd af því, sem gerzt hefur í þjóðmálunum þetta tímabil: stóraukin fjárframlög til verklegra framkvæmda, vaxandi stuðningur við atvinnuvegi og menningarmál og margföldun á almannatryggingum.

En hvernig hefur þá afkoma ríkissjóðs orðið á þessum tíma? Það er alltaf mikils um vert, að fjárlög séu afgreidd hallalaus og ríkisbúskapurinn sé rekinn í samræmi við það. Og greiðsluafgangur hjá ríkissjóði var mikilvægur hlekkur í viðreisninni, hlekkur sem mátti ekki bresta. Á árunum 1950—1958, að báðum meðtöldum, 9 að tölu, varð halli hjá ríkissjóði 5 árin, en tekjuafgangur 4 árin. Öll þessi 9 ár var Eysteinn Jónsson fjmrh., og eina heila árið, sem vinstri stjórnin lifði, var tekjuhalli, en síðan hefur orðið tekjuafgangur öll árin, 1959, 1960, 1961 og 1962.

Þegar rætt er um lántökur ríkisins, verður að greina sundur, hvort tekin eru eðlileg, hagkvæm lán til langs tíma eða safnað lausaskuldum. Lausar óumsamdar skuldir þykja hvarvetna til vansa og hinn mesti þrifnaður að hreinsa þar til og borga þær upp. Lausaskuldir, meiri og minni, hafa um langan aldur verið hjá ríkissjóði, eins og sjá má í ríkisreikningum. Það er eðlilegt, að ríkissjóður hafi viðskiptaskuld hjá Seðlabankanum mikinn hluta árs, þar sem útgjöldin falla fyrr á en tekjur koma inn. En til þess er ætlazt, að slík viðskiptaskuld, eins og aðrar lausaskuldir, sé greidd upp fyrir reikningslok, og svo hefur verið gert í tvö undanfarin ár. Í árslok 1961 og 1962 skuldaði ríkissjóður engar lausaskuldir.

En hvað þá um föst lán til langs tíma? Ég vil nefna tvennt, sem sýnir breytt viðhorf erlendis gagnvart íslenzkum fjármálum. Alþjóðabankinn, sem verið hafði okkur lokaður í 8 ár, hefur opnað okkur dyr sínar að nýju og þegar lánað til langs tíma 86 millj. kr. til hitaveituframkvæmda. Og framkvæmdalánið í Englandi, að upphæð 240 millj. til 26 ára, sem fékkst á hinum frjálsa peningamarkaði í Lundúnum, verður á þessu og næsta ári aflgjafi mikilvægra framkvæmda víðs vegar um land. Slík lán til langs tíma þarf Ísland að taka á næstu árum til margháttaðra framkvæmda, en til þess að þau fáist, þarf að varðveita lánstraustið, efnahags- og fjármálagrundvöllinn.

En hvernig er svo aflað tekna til að standa undir ríkisbúskapnum, og hvaða breytingar hafa þar á orðið á stjórnartíma núv. ríkisstj.? Meginhlutinn af tekjum ríkissjóðs fékkst áður með tollum og tekjuskatti. Báða þessa tekjustofna þurfti að endurskoða frá grunni og alla löggjöf um álagningu þeirra, innheimtu og framkvæmd. Til þess lágu margar ástæður. Tollarnir voru smám saman orðnir svo margir, margbreytilegir og flóknir og reiknaðir á svo margvíslegan hátt, að það var orðið á fárra manna færi að kunna þar full skil á. Ósamræmið var óviðunandi. Sem dæmi má nefna, að sams konar hlutur bar ýmist 21% toll eða 34% eða 77% eftir því, hvort átti að setja hann sem varahlut í bát, dráttarvél eða bíl. Og tollarnir á ýmsum vörum voru komnir svo úr hófi, að stórfelldur ólöglegur innflutningur átti sér stað, og var það á allra vitorði.

Í nóvembermánuði 1961 var ráðizt í lækkun tolla á ýmsum vörutegundum, sem höfðu borið mjög háa tolla. Reynslan af þeirri tollalækkun varð sú, að hún færði almenningi lægra verð á ýmsum vörum, hún dró úr smyglinu og jók tekjur ríkissjóðs.

Eftir þriggja ára starf hefur nú verið lögð fyrir Alþingi ný tollskrá, sem sníður aðalágallana af núv. tollakerfi, gerir það einfaldara, samræmdara, mun enn draga úr smyglinu til viðbótar þeim tollalækkunum, sem lögleiddar voru fyrir hálfu öðru ári, og í heild, miðað við innflutningsmagnið 1962, mun tollskráin nýja létta tollabyrðina um 100 millj. kr.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði hér áðan: Bæjar- og sveitarfélögunum er ætlað bera helming af þessari 100 millj. kr. lækkun. — Þessi staðhæfing er alröng. Bæði í grg. tollskrárfrv. og í framsöguræðu minni í hv. Ed. kom það svo skýrt fram, að ekki verður um villzt, að í stað hluta sveitarfélaganna af innflutningssöluskatti, en sá skattur verður nú felldur niður, skyldi jöfnunarsjóður sveitarfélaganna fá fullar bætur. Um árið 1963 er beint ákvæði í tollskránni, en varðandi framtíðina verður jöfnunarsjóði ætlað 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs. En í rauninni verður að segja, að þá er skörin farin að færast upp í bekkinn, þegar sá maður, Eysteinn Jónsson, sem í áratug synjaði óskum sveitarfélaganna um nýjan tekjustofn og hótaði eitt sinn afsögn úr ráðherradómi, sem því miður varð ekki af, ef sveitarfélögin fengju hluta af söluskatti, — ég segi, þá er skörin farin að færast upp í bekkinn, þegar sá hinn sami maður brigzlar þeim, sem beitt hafa sér fyrir lögfestingu hins nýja tekjustofns, um, að þeir ætli nú að ræna sveitarfélögin helmingi þessara tekna.

Hv. þm. viðurkenndi þó, að um tollalækkanir væri að ræða með nýju tollskránni, en það stafaði bara af því, að nú væri látið undan pressunni frá framsóknarmönnum, og þar nefndi hann sem dæmi lækkunina á tollum af dráttarvélum. Við skulum skoða það mál nánar. Nú í dag eru heildartollar af dráttarvélum 34%, 1958, þegar vinstri stjórnin skildi við, voru tollarnir 23½%, en samkv. nýju tollskránni verða þeir 10% eða tæpur helmingur af því, sem þeir voru í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar.

Hv. 1. þm. Austf. undrast, að þessi tollalækkun muni ekki lækka framfærsluvísitöluna að ráði. Þessi undrun hans er eðlileg, því að þessi hv. þm. hafði nefnilega, meðan hann var í stjórnarsessi og var að hækka tolla og skatta, sem kom alloft fyrir, eitt aðalsjónarmið, það, hvernig væri hægt að komast fram hjá vísitölunni, að leika á vísitöluna, leggja tolla á þær vörur, sem væru ekki taldar í henni. En auðvitað var hann að rýra lífskjör fólksins með þessu engu að síður. Nýja tollskráin er ekki miðuð við það að leika á vísitöluna. En hún

felur auðvitað engu að síður í sér kjarabót fyrir fólkið í landinu.

Tekjuskattslögin voru einnig meingölluð. Skatturinn var það hár, bæði á einstaklingum og atvinnufyrirtækjum, að hann dró úr framtaki, vinnusemi og framkvæmdum. Skatturinn var það ósanngjarn, að hann leiddi til allt of almenns undandráttar undan skatti. En þar sem tekjur launamanna eru yfirleitt taldar fram að fullu, þá lenti skattþunginn á þeim í ríkara mæli en réttlátt var. Allsherjarendurskoðun skattalaganna hefur farið fram og tekjuskattur lækkaður bæði á almenningi og atvinnurekstri. Við þær umbætur hefur skattasiðferðið batnað mjög í landinu.

Til þess að vega á móti tekjutapi ríkissjóðs af skattalækkun, til þess að afla fjár til sveitarfélaganna, svo að þau gætu lækkað útsvörin, og til þess að afla fjár til almannatrygginga og annarra nauðsynja, var á fyrsta ári stjórnarinnar lögleiddur 3% smásöluskattur, en sú tegund fjáröflunar hefur í flestum nágrannalöndum verið upp tekin og þykir réttlátari, handhægari og ódýrari í framkvæmd en háir beinir skattar og ólíkt vinsælli en þeir, ef nefna má orðið vinsældir í sambandi við skatta. En smásöluskatturinn er miklu lægri hér en annars staðar. T. d. er hann 6% í Svíþjóð og 11% í Noregi, en 3% hér.

Síðan þessi söluskattur var lögleiddur vorið 1960, hafa engir tollar eða skattar verið hækkaðir né nýir á lagðir. Þrenn fjárlög, fyrir árin 1961, 1962 og 1963, hafa því verið afgreidd án nýrra tolla eða skatta.

En jafnhliða endurskoðun á fjármálum ríkisins fór fram gagnger endurskoðun á fjárhagsmálum sveitarfélaganna og fyrstu heildarlög voru sett um tekjustofna sveitarfélaganna. Útsvarsstigar voru samræmdir, einn ákveðinn útsvarsstigi lögfestur fyrir öll sveitarfélög í stað eldri reglu um að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Sveitarfélögum voru fengnir nýir tekjustofnar, landsútsvör og hluti af söluskatti. Söluskatturinn hefur fært sveitarfélögunum nýjar tekjur sem hér segir: Árið 1960 56 millj., 1961 71 millj., 1962 83 millj. og 1963 104 millj., eða samtals á þessum 4 árum 314 millj. kr. Þessi ráðstöfun hefur því gert hvort tveggja í senn að gefa sveitarfélögunum aukið svigrúm til athafna og gert þeim kleift að lækka útsvörin.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir vorkosningarnar 1959 var hleypt af stokkunum hinum öfgafyllsta kosningaáróðri, sem heyrzt hefur á Íslandi. Því var haldið fram, að með fyrirhugaðri kjördæmabreytingu væri beinlínis að því stefnt að leggja heil héruð landsins í auðn. Og í málgagni hinna æstustu framsóknarmanna, Kjördæmablaðinu, var jafnvel staðhæft, að kjördæmabreytingin gæti tortímt íslenzkri tungu og gróðurmætti íslenzkrar moldar. Fyrir þessum furðulega áróðri stóðu þeir menn, sem nokkrum mánuðum áður höfðu gefizt upp við að stjórna landinu eftir að hafa hleypt af stað óðaverðbólgu, framkvæmt ítrekaðar dulbúnar gengislækkanir, grafið undan trausti íslenzks gjaldmiðils bæði innanlands og utan og valdið efnahagslegu upplausnarástandi á góðæristímum, en síðast, en ekki sízt, haldið þannig á hinu mesta hagsmunamáli þjóðarinnar, landhelgismálinu, að hernaðarástand var ríkjandi á miðunum kringum landið.

Þótt ýmsir létu moldviðrið blekkja sig, lét þorri þjóðarinnar ekki villa sér sýn, og kjördæmamálið var farsællega til lykta leitt, og eftir hinn ömurlega stjórnarferil og uppgjöf vinstri stjórnarinnar fór svo, að það varð hlutverk Sjálfstfl., flokksins, sem vinstri stjórnin hafði að meginstefnumáli að klekkja á, að hafa forustu um að bjarga þjóðinni út úr ógöngunum í samvinnu við Alþfl., sem Framsókn hafði með Hræðslubandalaginu ætlað sér að innlima.

Síðan eru liðin nær 4 ár, tímabil styrkrar og samhentrar stjórnar. Auðvitað er þessi stjórnarstefna ekki alfullkomin fremur en önnur mannanna verk, en hún hefur verið heilsteyptari en stefna flestra eða allra annarra samsteypustjórna í landi voru. Þegar í upphafi var af festu tekið á vandamálunum, og stjórnarflokkarnir hafa ekki látið kjósendahræðslu fæla sig frá að gera nauðsynlegar ráðstafanir, þó að óvinsælar hlytu að verða í bili. Og það er fyrst og fremst af þessum sökum að tekizt hefur að ná þeim ótrúlega árangri til viðreisnar efnahagskerfi þjóðarinnar, sem nú blasir við hverjum sjáandi manni. Þessi merkilega þróun, sem nú þegar gerir þjóðinni kleift að leggja út í stórfelldari framkvæmdir og umbætur á flestum sviðum þjóðfélagsins en áður hafa þekkzt, skal ekki rakin hér í einstökum atriðum, enda gerist þess ekki þörf, því að þessar staðreyndir blasa við augum allra, sem vilja sjá.

Mig langar hins vegar til, að við íhugum í nokkrar mínútur sameiginlega, hver hefur orðið raunin um eyðingu landsbyggðarinnar, sem framsóknarmenn boðuðu fyrir síðustu kosningar. Í kauptúnum og kaupstöðum hvarvetna um landið má heita, að hver vinnufær hönd sé að starfi allan ársins hring, þar sem víða var áður tímabundið atvinnuleysi mánuðum saman, og mjög víða vantar fólk, ekki hvað sízt til framleiðslustarfa, og nú er það framleiðslan, fyrst og fremst sjávarútvegurinn, sem sogar til sín vinnuaflið. Fleiri og stærri skip eru nú í smíðum fyrir útvegsmenn víðs vegar um landið en áður hefur verið, og þó að vissulega verði að fara með gát að aukningu skipaflotans, meðan vinnuafl skortir svo mjög, þá sýnir þessi þróun traust manna á framleiðslunni og framtíðinni. Mikil átök hafa verið gerð til eflingar síldariðnaðinum og enn meiri framkvæmdir víða um land fyrirhugaðar á því sviði í sumar, en þessar framkvæmdir sem raunar margar aðrar takmarkast fyrst og fremst af vinnuaflinu.

Vegna hinnar miklu aukningar fiskiflotans

og hinna nýju, stóru skipa eru hafnargerðirnar víða mesta vandamálið. Miklar framkvæmdir hafa víða verið á því sviði, og í ár er gert ráð fyrir að verja miklu meira fé til hafnargerða en nokkru sinni áður, eða um 120 millj. kr., en á s. l. ári var unnið fyrir um 70 millj. kr. Í framkvæmdaáætlun ríkisstj. er ráðgert að vinna með þeim hraða, sem auðið er, að nauðsynlegum hafnargerðum. Er þetta eitt mesta hagsmunamál útgerðarinnar víðs vegar um landið. Árið 1958 fluttum við nokkrir þm. Sjálfstfl. þáltill. um gerð framkvæmdaáætlunar um hafnargerðir og endurskoðun ákvæða um greiðslu kostnaðar við þær. Var svokallaðri atvinnutækjanefnd falið að gera 10 ára áætlun um framkvæmdir þessar og endurskoða lögin. Er ekki sízt nauðsynlegt að gera sér grein fyrir getu hinna einstöku byggðarlaga til að standa undir kostnaði og haga skiptingu kostnaðar í samræmi við það, svo að ekki þurfi að koma til stórfelldra vanskila á ríkisábyrgðarlánum, sem er viðkomandi sveitarfélögum sízt til gleði.

Vegna meiri aflabragða á næstu miðum hefur útgerð smábáta víða um land aukizt mjög mikið.

Öll þessi hagstæða þróun í útgerðinni, segja stjórnarandstæðingar nú, að sé fyrst og fremst landhelginni að þakka. Sú staðhæfing stingur illa í stúf við fullyrðinguna um það, að landhelgissamningurinn við Breta mundi eyðileggja árangurinn af stækkun landhelginnar.

Það er vissulega ánægjuleg staðreynd, að í flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins býr almenningur nú við betri lífskjör en áður og aðstaða til allrar lífsbjargar og atvinnurekstrar fer batnandi. Á mörgum stöðum hefur atvinnubótafé komið að góðu haldi til uppbyggingar atvinnulífinu með löggjöfinni um atvinnubótasjóð, sem fyrst tókst að fá samkomulag um í tíð núv. ríkisstj. Er stefnt að því að koma föstu skipulagi á þá starfsemi.

En hvað þá með sveitirnar? Hafa þær þá ekki lagzt í auðn, úr því að framsóknarverndina vantaði? Ég held, að fátt sé landbúnaðinum nauðsynlegra en að losna undan áhrifum og hugsunarhætti Framsfl. Samvinnuhreyfingunni hafa framsóknarmenn stórspillt með því að gera hana að flokkslegu áróðurstæki, og virðulegar stofnanir eins og búnaðarþing eru þeir að gera að marklausri samkundu síðustu árin, þar sem flokkspólitísk sjónarmið eru sett ofar hagsmunum bænda og landbúnaðarins. Merkilegast er í rauninni það, að framsóknarmenn með Tímann í broddi fylkingar skuli ekki vera búnir að tæma sveitir landsins með þessum sífellda áróðri ár og síð, ekki aðeins í tíð núv. ríkisstj., heldur um áratugi, að bændur byggju við lökust kjör allra í þjóðfélaginu. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að Framsfl. hafi ekki ýmislegt gert til hagsbóta fyrir bændur, en sem sveitamanni hefur mér oft sárnað það, að í orðræðum sínum og skrifum hafa framsóknarmenn oft talað í þeim dúr, að landbúnaðurinn væri atvinnuvegur, sem gæti ekki bjargað sér sem jafnoki annarra atvinnuvega. Mín skoðun er sú, að með skynsamlegum starfsháttum geti landbúnaðurinn staðið fullkomlega jafnfætis öðrum atvinnuvegum og bændur þurfi ekki að vera háðir neinu náðarbrauði, hvorki frá Framsókn né öðrum.

Undir farsælli og einbeittri forustu núv. hæstv. landbrh. hefur mikilvægum hagsmunamálum landbúnaðarins þokað það mjög í jákvæða átt síðustu árin, að hagur bænda er áreiðanlega að ýmsu leyti traustari nú en var á tímum vinstri stjórnarinnar. Verðlag landbúnaðarvara er nú þannig, að eigi aðeins hafa verið bættar verðhækkanir í tíð núv. ríkisstj., heldur einnig hluti verðhækkana frá fyrri tíð, sem bændur voru sviknir um í tíð vinstri stjórnarinnar, þótt enn vanti á, að bændur hafi viðunandi tekjur. Hækkun tilkostnaðar kemur nú fram fjórum sinnum á ári í stað einu sinni áður. Og síðast, en ekki sízt, má nefna þau réttindi, sem eru einstæð, að ríkissjóður verðbætir nú allar útfluttar landbúnaðarafurðir til jafns við söluverð innanlands. Styrkir vegna byggingar íbúðarhúsa hafa verið hækkaðir, og hin sérstaka aðstoð ríkisins við ræktun nær nú til 15 hektara túnstærðar í stað 10 hektara.

Eitt merkilegasta átakið til eflingar uppbyggingu landbúnaðarins er endurskipulagning stofnlánasjóða hans, sem vinstri stjórnin skildi við gjaldþrota, samhjálp ríkisins, framleiðenda og neytenda, er byggi upp stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn, sem á að geta orðið fær um að veita smám saman í auknum mæli stofnlán til þeirrar eflingar í landbúnaðinum, sem nauðsynleg er í framtíðinni. Með þessari nýju löggjöf eru stóraukin framlög ríkissjóðs, og til viðbótar kemur 1% framlag frá bændum og 0,75% frá neytendum. Margir framsýnir bændaleiðtogar hafa fagnað þessari löggjöf sem ómetanlegu hagsmunamáli landbúnaðarins, þótt í þeirra hópi sé því miður ekki hv. 1. þm. Vesturl., sem flutti hér áðan dæmalausar tölulegar blekkingar um stofnlánadeildina. Það er ömurlegt dæmi um ógiftusamlega forustu Framsóknar í bændasamtökunum, þegar síðasta búnaðarþing mótmælir framlagi til stofnlánadeildar landbúnaðarins og gefur jafnvel í skyn, að það sé stjórnarskrárbrot, en biður um svipað leyti Alþingi að lögfesta gjöld á bændur til hótelbyggingar í Reykjavík, sem vitanlega er þá ekki síður stjórnarskrárbrot. Og það er næsta kaldhæðnislegt, að framsóknarforustan í bændasamtökunum skuli hamast gegn bæði gjaldi bænda og neytenda í stofnlánadeildina, en engin neytendasamtök hafa haft uppi nein mótmæli, og þann möguleika að stofna lífeyrissjóð bænda í sambandi við stofnlánadeildina minnist framsóknarforustan ekki á, en það merkilega mál er nú í sérstakri athugun. Fyrst og fremst vegna löggjafarinnar um stofnlánadeildina hefur verið hægt að auka verulega lánveitingar til ýmissa framkvæmda bænda, og nú fyrst hefur verið talið auðið að hefja lánveitingar til kaupa á dráttarvélum. Í athugun eru lán til súgþurrkunar, en það er einnig til athugunar fyrir forgöngu landbrh.,

hvort ekki sé auðið að veita styrk til súgþurrkunar.

Síðustu 3 árin hafa stofnlán til landbúnaðarins yfirleitt hækkað um 50—100%, en hækkuðu ekkert, þegar vinstri stjórnin lagði á 55% yfirfærslugjaldið. Með l. um stofnlánadeildina var gert ráð fyrir að leysa fjárþörf veðdeildar Búnaðarbankans með því, að stofnlánadeildin keypti vaxtabréf veðdeildarinnar. Því miður hefur veðdeildin alla tíð verið of mikið vanrækt, hverjir sem í stjórn hafa verið, en nú hafa verið gerðar ráðstafanir til að afla veðdeildinni nokkurs fjár, svo að auðið er að hækka verulega lán úr veðdeildinni til jarðakaupa.

Rafvæðingin hefur gengið samkv. áætlun, og hefur ríkisstj. ákveðið að stefna að því að ljúka framkvæmd 10 ára áætlunarinnar á tilsettum tíma, eða árið 1964, þrátt fyrir stórkostlega aukinn tilkostnað.

Loks má nefna breytingu á 65 millj. kr. lausaskuldum bænda í 20 ára lán, sem er bændum mikil stoð, en því miður ýmsir misstu af, þar eð þeir hlustuðu á áróður framsóknarmanna.

En hvað þá um vextina? Víst eru þeir tilfinnanlegir. En þeir eru þáttur í efnahagsaðgerðum, sem ekki er hægt að komast hjá, og auðvitað er hér ekki um hrein útgjöld bóndans að ræða, því að í verðlagsgrundvellinum í ár er reiknað með 24792 kr. vaxtagreiðslu, en aðeins 8188 kr. 1958.

Síðast, en ekki síst, má svo nefna hinar miklu tollalækkanir á landbúnaðarvélum, er tollur á dráttarvélum lækkar t. d. úr 34% í 10%. En auðvitað vilja bændavinirnir í Framsókn gera enn betur. Dráttarvélar eiga að vera tollfrjálsar, hámark ræktunaraðstoðar á að vera 20 hektarar, en ekki 15 hektarar, og í stað gjalds bænda og neytenda til stofnlánadeildar á ríkissjóður að leggja fram árlega 30 millj. kr., auk annarra framkvæmda ýmiss konar, sem hv. 1. þm. Vesturl. taldi hér upp áðan. Gallinn er bara sá, að þeim hefur ekki komið til hugar að beita sér fyrir neinu slíku, meðan þeir voru í stjórn. Það er ódýrt að vera öllum góður, þegar menn þurfa enga ábyrgð að bera. Framsfl. er mikill umbótaflokkur, þegar hann er ekki í stjórn.

Vegna réttrar skráningar á gengi krónunnar hefur iðnaðurinn nú fengið ný tækifæri, enda hefur margvíslegur iðnaður blómgazt og möguleikar fyrir ýmiss konar útflutningsiðnað áreiðanlega miklir, og fyrir forgöngu núv. hæstv. iðnmrh. hefur grundvöllur verið lagður að stórauknum stofnlánum iðnaðarins.

Framlög til verklegra framkvæmda víðs vegar um landið hafa síðustu árin vaxið mun meira en verðhækkunum nemur, og í framkvæmdaáætluninni er sérstök áherzla lögð á bættar samgöngur.

Lögfest hefur verið stóraukin þátttaka ríkissjóðs í löggæzlukostnaði, sem hefur mikla þýðingu fyrir landsbyggðina, framlög stóraukin til margvíslegra menningarmála, almannatryggingar auknar meira en dæmi eru til áður og afnumin verðlagssvæðaskiptingin, sem hafði áður í för með sér lægri lífeyri fyrir fólk utan Reykjavíkur. Þá er og vert að minnast hluta sveitarfélaganna af söluskatti, sem fyrst var lögfestur fyrir forgöngu hæstv. núv. fjmrh. og nemur í ár rúmlega 100 millj. kr. Er hlutur hinna minni sveitarfélaga þar hlutfallslega stærstur.

Hér er aðeins stiklað á nokkrum atriðum, en nægilega mörgum til að sanna það, að stjórnarstefnan og þróun atvinnulífsins hefur eigi síður verið til hagsbóta sveitum og sjávarplássum víðs vegar um landið en höfuðborginni og þéttbýlinu. Ótalið er þó eitt, sem hefur verkað mjög örvandi á allt athafnalíf, ekki síður utan höfuðborgarinnar, en það er afnám haftakerfisins og allrar þeirrar spillingar, sem því fylgdi. Meðan haftakerfið var í algleymingi urðu menn utan af landi að sitja tímunum saman í Reykjavík til þess að fá nauðsynleg leyfi, en nú er það úr sögunni.

Það er vissulega mál þjóðarinnar allrar, að byggðin dragist ekki of mikið saman, og það er skylt að miða allar aðgerðir í atvinnu- og fjármálum við það, að eðlilegt jafnvægi sé í byggð landsins. Það er því nánast barnalegt að halda því fram, að það geti verið vísvitandi áhugamál nokkurs flokks, að heil byggðarlög leggist í auðn, og það er óvirðing við þjóðina að bjóða henni slíkan málflutning.

Reynslan hefur ótvírætt sannað, að auk þess sem kjördæmabreytingin var lýðræðisleg nauðsyn, hefur hún á margan annan hátt verið til góðs og einkum til hagsbóta fyrir hin minni héruð, sem nú fá miklu fleiri talsmenn. Í dag talar heldur enginn um, að hún muni leggja heilar byggðir í auðn. Þar er aðeins um að ræða eitt hinna mörgu öfgayrða, sem stjórnarandstæðingar vilja gjarnan að séu gleymd, svo sem móðuharðindalýsingar hv. 1. þm. Norðurl. e., spádómar Þjóðviljans um stórfellt atvinnuleysi vegna stjórnarstefnunnar, allt talið um samdrátt í atvinnulífinu og síðast, en ekki síst, hin einstæða yfirlýsing formanns Framsfl., að hann muni segja upp landhelgissamningunum við Breta, ef hann fær aðstöðu til, þótt þeir verði endanlega farnir úr landhelginni, og efna þannig til nýs ófriðar. Er þetta að vísu í næsta góðu samræmi við þá utanríkismálastefnu, sem annar þm. Framsfl. markaði á þann veg, að heppilegast væri að semja ekki við aðrar þjóðir, því að þá gætu menn ekki samið af sér. Hamingjan hjálpi þjóð, sem nú á dögum hefði slíka utanríkismálastefnu.

En stjórnarandstæðingar treysta á, að þjóðin sé gleymin. Nýju moldviðri er blásið upp í málefnafátæktinni, staðreyndum er mótmælt, reynt er að hræða með gengisbreytingu og hlutlaus, og raunsæ skýrsla Seðlabankans um efnahagsástandið er afflutt. En kjarni áróðursins er þó sá, að stjórnarflokkarnir ætli að ofurselja þjóðina erlendu peningavaldi, framlengja landhelgissamninginn við Breta og með þessum aðgerðum raunverulega tortíma sjálfstæði þjóð-

arinnar. Virðingin fyrir dómgreind almennings hefur sannarlega ekki aukizt í þeim herbúðum.

Val kjósenda hefur sjaldan verið einfaldara en nú. Annars vegar er fastmótuð stefna stjórnarflokkanna og árangur hennar, sem ekkert moldviðri fær dulið. Hins vegar eru mennirnir, sem gáfust upp 1958, hafa ekki gert annað síðan en reyna að torvelda uppbyggingarstarfið og biðja nú um traust með áróðri, sem sæmir ekki ábyrgum mönnum. Annars vegar er áframhaldandi uppbygging á traustum efnahagsgrundvelli, hins vegar upplausn og óvissa, sem hin dæmalausa ræða formanns Framsfl. hér í kvöld var glöggt dæmi um, því að þar örlaði ekki á öðrum úrræðum í vandamálum þjóðarinnar en að lækka vexti og ausa út gjaldeyrisvarasjóðum, sem er öruggasta leiðin til fullkominnar upplausnar.

Leiðin til bættra lífskjara hefur verið mörkuð. Efnahagsleg undirstaða áframhaldandi uppbyggingar og framfara hefur verið lögð, og það er vissulega ástæða til þess að líta björtum augum á framtíðina, ef þjóðin kann fótum sínum forráð og lætur staðreyndir og raunsæi ráða afstöðu sinni við næstu kosningar. — Góða nótt.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. ríkisstj. hefur tileinkað sér viðreisnarheitið, og að einu leyti verðskuldar hún það. Öll hennar viðleitni hefur beinzt að einu marki, og það er viðreisn peningavaldsins í landinu. Þetta ber að viðurkenna, þótt sjálf reyni hún að leyna því fyrir alþjóð. Þetta var mörgum ljóst þegar í upphafi, en skyldi ekki öllum vera það ljóst nú í dag? Aðstaða bankavalds og gróðamanna hefur stórbatnað síðustu árin fyrir beinar stjórnaraðgerðir, sem því miður allar hafa orðið á kostnað vinnandi stétta. Skattbyrðum er þegar að miklu leyti létt af fyrirtækjum atvinnu og verzlunar, en á herðar hins almenna neytanda leggjast álögurnar með vaxandi þunga. Lífskjörum fólksins er haldið niðri með valdboði, og hvenær bregzt það, að hæstv. ríkisstj. geri málstað atvinnurekenda að sínum, þegar deilt er um launakjör? Vinnudagur láglaunafólks lengist með ári hverju og nálgast nú æ meir það, sem hann var fyrir 100 árum. Er nú svo komið, að verkamaður, sem á fyrir konu og 2 börnum að sjá, verður að þræla allar dagvinnustundir ársins, eftirvinnustundir allar og að auki um 400 næturvinnustundir til þess að hafa fyrir brýnustu nauðsynjum. Með síauknu brauðstriti torveldast kjósendum heilbrigð gagnrýni og sjálfstætt mat á stjórnmálum, enda telur ríkisstj. peningavaldsins sér það til tekna. Lítil rækt hefur verið lögð við menntunarmál þjóðarinnar á seinni árum, og ríkisstj. hefur margsinnis sýnt það í verki, hvers hún metur menntun og kunnáttu. Hæfustu kennarar eru flæmdir úr skólunum, verkfræðingar hraktir úr opinberri þjónustu og læknar við æðstu heilbrigðisstofnanir neyddir til að segja upp stöðum sínum. Allt er hégómi í augum ráðandi manna nú annað en gildir sjóðir peningastofnana og gróðafyrirtækja.

Með öllu þessu er saga hæstv. stjórnar ekki nema hálfsögð og tæplega það, því að annar meginþátturinn í viðreisn mammons á Íslandi snýr út á við, að erlendu fjármálavaldi. Þótt ég harmi aðför ríkisvaldsins að launþegum og öðrum einyrkjum, ber ég þó enn meiri kvíðboga fyrir stefnunni í utanríkismálum. Í fersku minni er undanhald stjórnarinnar í landhelgismálinu. Við höfðum sigrað í því máli, en með baktjaldamakki höfðu Bretar þó fram allt, sem þeir vildu. Þeim var ekki aðeins með samningi leyft að fiska innan landhelgislínu, heldur vorum við Íslendingar um leið látnir afsala okkur um aldur og ævi réttinum til frekari útfærslu landhelginnar. Hér var stigið ógæfuspor, sem ekki afsakast með öðru en að um nauðung hafi verið að ræða. Sama ósjálfstæðið og gagnvart Bretum kemur einnig fram í þeirri áráttu stjórnarvaldanna að binda landið á klafa útlendra auðhringa. Hæstv. ríkisstj. hefur þegar lagt mikla vinnu í að hafa upp á erlendum fyrirtækjum, sem fáanleg væru til stóriðjurekstrar hér á landi. Telur hún nú góðar horfur á því, svo framarlega sem unnt reynist að fullnægja settum skilyrðum, en meðal þeirra er það, að almennt kaupgjald í landinu haldist örugglega lágt. Eftirsóknin eftir útlendri stóriðju væri skiljanleg, ef Íslendinga vantaði verkefni, en því fær enginn áróður þjóðina til að trúa í dag. Hér liggur að baki eitthvað annað, eitthvað, sem hylja verður í fallegum umbúðum. Það skyldi þó aldrei vera, að þessi atvinnurekstur útlendinga sé ætlaður sem forsmekkur þess, er koma skal, innlimun landsins í auðhringablökk Vestur-Evrópu?

Sumarið 1961 hófu málgögn hæstv. ríkisstj. og félagasamtök á hennar snærum magnaðan áróður fyrir inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið. Var sú innganga þá talin brýnt nauðsynjamál þjóðarinnar og hver sem dirfðist að andmæla því fyrir fram stimplaður landráðamaður og kommúnisti. En áróðurinn datt snögglega niður, þó ekki vegna þess, að stjórnin sæi sig um hönd, heldur hins, að stund náðar hinna voldugu í Brüssel var enn ekki upprunnin. Áróðurinn reyndist ótímabær, og því var hann látinn falla niður að sinni.

Nú er kjörtímabili senn lokið og kosningar í nánd, enda hafa viðbrögð hæstv. ríkisstj. og flokka hennar tekið miklum stakkaskiptum síðustu mánuði. Á 4 ár hafa stjórnarsinnar staðið í ströngu við að efla sjóði hinna ríku og halda aftur af þeim, sem minna mega sín, og í jafnlangan tíma hafa þeir í andans auðmýkt leitað samfélags voldugra utan landssteinanna. Nú er þessu öllu lokið í bili, því að kosningar standa fyrir dyrum. Við launþegana gerir hæstv. ríkisstj. vopnahlé. Hún talar fátt um þá nauðsyn, að atvinnurekendur safni sjóðum, og við Efnahagsbandalagið vill hún með engu móti kannast. Það eru hv. kjósendur, sem nú skipta höfuðmáli í stjórnarherbúðunum. Allt snýst um að gera þeim til hæfis næstu vikur

og umfram allt að fá þá til að gleyma. Þess vegna eru vopnin slíðruð. Á Alþingi rignir niður stjfrv. eins og skæðadrífu um mál, sem ætla má að kjósendum falli í geð. Þar er lagt til, að tollar lækki, bætur almannatrygginga hækki og að alþýðubókasöfn verði aukin. Í frv. er einnig ráðgert að veita kennaraskólanum rétt til að brautskrá stúdenta, styðja tónlistarskóla fjárhagslega, færa þjóðkirkjunni Skálholt að gjöf og gera kirkjugarðana í landinu á ýmsan hátt aðgengilegri en þeir nú eru. Þetta er yfirbótin, sem gerð er, þegar skuldaskilin nálgast. En það er galli á gjöf Njarðar. Þannig sýnir það sig, að tollalækkun hæstv. ríkisstj. hefur ekki minnstu áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar og er því engin kjarabót neytendum í landinu til handa. Lækkunin á nauðsynjum er svo að segja engin, en því ríflegri á allri óhófsvöru svo og allri rekstrarvöru milliliðanna í verzlun og viðskiptum.

Úlfshárin koma víðar fram en í stjfrv. Alþingiskosningar hafa verið færðar fram um hálfan mánuð í því skyni að stytta tíma hinna slíðruðu vopna. Óleystur er sá vandi að ákveða launakjör opinberra starfsmanna, og í því efni vill ríkisstj. ekki segja sitt síðasta orð fyrr en eftir kosningar. Það eru fleiri blikur á lofti. Fram undan er versnandi greiðslujöfnuður ríkissjóðs, versnandi greiðslujöfnuður við útlönd, fjárþröng ríkissjóðs og ný verðbólguskriða. Allt mun þetta kalla á nýjar fórnir af hálfu vinnustéttanna, og þykir varasamt að heimta þær fyrir kosningar. Ársskýrsla Seðlabankans sýnir einnig, hvað undir sauðargærunni liggur. Þar er auðvitað fagnað síbatnandi aðstöðu peningastofnana. En gleðin er kvíðablandin. Þjóðarframleiðslan jókst á síðasta ári um 5% eða miklu meira en árið áður. Við það bætist hagstætt verðlag á útflutningsafurðum og batnandi verzlunarkjör. En í þessum gæðum felst einmitt áhyggjuefnið mikla. Launþegarnir heimta ríflega hlutdeild í auknum þjóðararði. Í skýrslunni er það sérstaklega harmað, að laun hafa hækkað að undanförnu og að engin sýnileg samdráttaráhrif eru enn komin í ljós, þrátt fyrir viðeigandi stefnu í peningamálum. Þar segir enn fremur: „Þessar launahækkanir eru nú orðnar svo miklar, að óhjákvæmilegt er að varpa fram þeirri spurningu, hvort þjóðarbúið getur borið þær án verulegra áfalla.“ Kannast launþegar ekki við þennan söng? Í skýrslunni er einnig rætt um það meginverkefni á næstunni að koma á festu í kaupgjaldsmálum og um gagnráðstafanir af hálfu yfirstjórnar peningamálanna. Þar er sýnilega m. a. átt við gengislækkun síðar á þessu ári. Hæstv. ríkisstj. er sem sagt við sama heygarðshornið.

Nú er fátt rætt um Efnahagsbandalagið af stjórnvaldanna hálfu, og þó sannar ýmislegt, að afstaðan til þess er óbreytt. Ekki er langt síðan hæstv. ráðh., Gylfi Þ. Gíslason, tjáði þessum stál- og kolasamsteypuarftaka hollustu sína. „Stofnun bandalagsins er heimssögulegur viðburður, sem ber að fagna,“ sagði hann. Og fagnaðarefnið er þetta: Stofnað er til ríkjasambands, stjórnmálalegs og viðskiptalegs eðlis, með samningi, sem er óuppsegjanlegur og eins ólýðræðislegur og verið getur. Það hefur aldrei verið hugsað sem einingarbandalag Evrópu, þetta bandalag, þvert á móti. Ætlunin er frá upphafi að útiloka mörg Evrópulönd og gera öðrum sem erfiðast fyrir um aðild. Þetta er klofningsbandalag, sem ætlar að hlaða um sig háa tollmúra, einoka markaði og heyja hatrömm viðskiptastríð við umheiminn. Þessari stofnun fagnar hæstv. viðskmrh., og utan hennar háu múra getur hæstv. forsrh. með engu móti hugsað sér að Ísland verði.

Leyfi Breta til að veiða innan íslenzkrar landhelgi rennur út á næsta ári. Erlendis efast enginn um, að þetta leyfi verði framlengt í einhverri mynd, og í trausti þess var brezk-danski samningurinn um landhelgi Færeyinga nýlega gerður. Þá var lagzt á kröfur Færeyinga um landhelgisstækkun og nauðungarsamningurinn íslenzki hafður að skálkaskjóli. Þetta mál ræða stjórnarflokkarnir ekki nú, það láta þeir bíða fram yfir kosningar.

Herra forseti. Ég læt máli mínu brátt lokið. Að mínum dómi er rík ástæða til aðvörunar. Lognið er dottið á, en það er svikalogn. Vopnahlé stjórnarsinna og friðmæli fela ekki í sér neinn griðasáttmála við launastéttir landsins né við bændur. Stefnan er augljóslega sú sama og hún var, efling peningavaldsins á kostnað vinnandi fólks og vaxandi erlend áhrif og ihlutun á kostnað hins íslenzka fullveldis og þjóðernis. Misvitur stjórnvöld æskja þess ekki, að kjósendur séu langminnugir eða hafi yfirleitt áhuga á stjórnmálum. Almennt pólitískt sinnuleysi er vatn á þeirra myllu, en þjóðarheildinni verður það aldrei til hagsbóta. Stjórnarfarið mótast af almenningi, og það eru kjósendur, sem skapa stjórnmálamennina í raun og veru. John Kennedy orðaði þetta þannig í bók, sem hann reit alllöngu fyrr en hann varð forseti: „Við, fólkið í landinu, erum húsbóndinn, og við munum fá þá stjórnmálaforustu, hvort heldur góða eða illa, sem við viljum og verðskuldum.“

Íhaldsstjórn Macmillans er nú sögð á fallanda fæti og flokkur hans í minni hl. að næstu þingkosningum afloknum. Örlög þeirrar stjórnar eru vituð löngu fyrir fram, vegna þess að brezkur almenningur er kunnur að því að standa sæmilega á verði og láta ekki stjórnmálamenn blekkja sig til langframa. Vissulega hafa íslenzkir kjósendur öll skilyrði til að standa ekki að baki brezkum almenningi um stjórnmálaþroska. Launþegar og bændur mega muna loforðaefndir þeirrar stjórnar, sem hér situr nú, og þeir ættu að minnast húsbóndavaldsins á kjördegi. Standi þeir á réttinum, mun næsta ríkisstj. hugsa sig tvisvar um, áður en hún leggur út í stríð við allar vinnandi stéttir landsins eða treður undir fótum allt, sem íslenzkt er, af einskærri undirgefni við eitthvert erlent fjármálavald. — Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég ætla að bregða upp nokkuð annarri mynd af þróun verðlags- og kaupgjaldsmál-

anna í tíð viðreisnarstjórnarinnar en málsvarar hennar hafa gert hér í kvöld.

Núv. stjórnarflokkar hafa setið að völdum síðan í árslok 1958, að Sjálfstfl. myndaði minnihlutastjórn Alþfl., eins og sú stjórnarmyndun var þá svo ágætlega skilgreind. Á þessu tímabili hefur meira verið þrengt að kjörum launafólks og réttindum samtaka þess með valdboðum og hvers konar stjórnmálalegum aðgerðum en áður eru dæmi um í landinu.

Í ársbyrjun 1959 var allt samningsbundið kaupgjald lækkað um rösk 13% með lagaboði. Með þessari ráðstöfun voru löglegir samningar verkalýðsfélaganna um kaup launafólks að engu gerðir. Eftir kosningarnar 1959, þegar Sjálfstfl. þorði að taka stjórnarforustuna opinberlega í sínar hendur, var haldið áfram á sömu braut. Snemma árs 1960 hófst viðreisnin með stórkostlegri gengisfellingu. Í kjölfar gengislækkunarinnar fylgdu gífurlegar verðhækkanir og hvað mestar á helztu nauðsynjavörum almennings. En þetta var aðeins önnur hlið málsins, sem að launþegum sneri. Annað og meira fylgdi með. Í tvo áratugi höfðu þau ákvæði verið í samningum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur, að kaup skyldi hækka samkv. vísitölu, ef verðlag hækkaði. Þessi sjálfsagða verðtrygging á kaupinu var afnumin með gengislækkunarlögunum. Allt kaupgjald átti að vera óbreytt, eins og það var fyrir gengislækkunina, hvað sem liði öllum verðhækkunum. Þær átti launafólkið að taka á sínar herðar algerlega bótalaust. Í annað sinn á valdatímabili sínu höfðu núv. stjórnarflokkar beitt löggjafarvaldinu til að koma fram kauplækkun og ónýta löglega gerða samninga verkalýðsfélaganna.

Til þess að sætta almenning við þessar harkalegu aðgerðir beittu stjórnarflokkarnir aðallega tvennu í áróðri sínum: Reynt var að telja fólki trú um, að hér væri aðeins um stundarfyrirbæri að ræða, aðrir og betri tímar væru á næsta leiti og í annan stað var hamrað á því, að kauphækkanir væru tilgangslausar, og því beinlínis hótað, að kauphækkunum skyldi svarað með nýjum gagnráðstöfunum.

Ekki verður annað sagt en að verkalýðsfélögin og launþegar almennt hafi sýnt stjórnarflokkunum mikla biðlund. Í full tvö ár höfðu þeir frið til að láta dóm reynslunnar skera úr um verk sitt. En þá var líka svo komið, að það var einróma álit verkalýðsfélaganna, að ný kaupgjaldsbarátta væri óumflýjanleg. Jafnt stjórnarsinnar sem stjórnarandstæðingar voru á einu máli um, að kaupið yrði að hækka, enda höfðu neyzluvörur almennings hækkað um 17% frá því í marz 1959 og þangað til í febrúar 1961 samkv. vísitölu hagstofunnar. Á tveggja ára valdatímabili viðreisnarflokkanna hafði kaupið þannig lækkað um 20—30%. Ekki var því að undra, þótt allir væru sammála um, að það yrði að hækka á ný.

Þetta mikla óréttlæti gagnvart launþegum leiddi svo til kaupgjaldsbaráttunnar og verkfallanna vorið 1961. En rúmu hálfu ári áður en til þeirra atburða dró, höfðu fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar farið á fund ríkisstj. og leitað eftir samkomulagi um kjarabætur eftir öðrum leiðum en kauphækkunum. Þessu var algerlega neitað. Ekkert var hægt að gera í lækkunarátt. Á þessum tíma spöruðu stjórnarblöðin þó ekki slagorðin um kjarabætur án verkfalla, en þegar gengið var eftir athöfnum af hálfu stjórnarvaldanna í þá átt, reyndust öll sund lokuð.

Kröfur verkalýðsfélaganna um vorið 1961 voru mjög hógværar. Þau fóru aðeins fram á hækkun, er nam nokkrum hluta þeirrar kaupskerðingar, sem orðin var. Vitað var, að fjöldi atvinnurekenda vildi semja við félögin. Til verkfallanna kom fyrst og fremst vegna þess, að það var stefna ríkisstj. að semja ekki. Hún hugsaði sér að lama verkalýðsfélögin, svo að þau væru síður í það búin að svara um hæl gagnráðstöfunum hennar. Meðan kaupdeilurnar stóðu yfir 1961, gaf ríkisstj. öðru sinni út brbl., sem bönnuðu löglega boðuð verkföll, hið fyrra sinni var í júlí 1960, þegar verkfall flugmanna var bannað, og nú var lagt bann við verkfalli verkamanna við millilandaflugið. Með þessum ráðstöfunum, sem eru einsdæmi í okkar sögu, voru atvinnurekendur bakkaðir upp í andstöðu sinni við verkafólkið.

Svo fór þó að lokum, að verkalýðsfélögin báru sigur úr býtum og sömdu um 10% kauphækkun. En ríkisstj. lét ekki á sér standa að sanna verkamönnum, að þeir græddu ekki á kauphækkunum. Aðeins einum mánuði eftir að samningarnir voru gerðir var nýrri 13% gengislækkun skellt yfir með brbl., og einu rökin, sem fram voru færð fyrir henni, var þessi 10% kauphækkun. Þessi gengislækkun var því furðulegri sem vitað var, að árið 1961 mundi verða eitt mesta veltiár, sem komið hefði yfir íslenzka útflutningsatvinnuvegi. Gengisfellingin var bein hefndarráðstöfun til að gera að engu þá kauphækkun, sem samdist um, og þar með höfðu stjórnarflokkarnir í þriðja sinn á röskum tveimur árum lækkað kaup almennings með valdboði.

Að sjálfsögðu ætlaði verkalýðshreyfingin ekki að una þessu ástandi til lengdar. Mörg félög sögðu strax upp samningum sínum. Enn hófust viðræður við ríkisstj. um leiðir til að auka kaupmátt launanna án kauphækkana. En þær fóru á sama veg sem fyrr. Ríkisstj. sá engin ráð til að fara þá leið. Verðlækkunarleiðin, sem verkalýðsfélögin helzt kusu að fara, reyndist ávallt lokuð. En nú brá svo við, að ríkisstj. lýsti því yfir, að hún teldi réttmætt, að hinir lægst launuðu fengju nokkra kauphækkun, og kom nú í ljós, að verkföllin 1961 höfðu ekki orðið áhrifa- eða árangurslaus.

Í maí í fyrra var enn samið um 9% kauphækkun til verkamanna, en auðvitað bætti hún ekki nema litinn hluta þeirrar skerðingar á kaupinu, sem orðin var. Góð orð voru höfð um það af hæstv. ráðh., að reynt skyldi að sjá

svo um, að þessi kauphækkun yrði varanleg. En reynslan varð sú, að er á leið sumarið, var kauphækkunin svo til öll horfin í nýjar verðhækkanir. Verkalýðsfélögin áttu þá þann eina kost að segja enn á ný upp samningum sínum með það fyrir augum að fá hlut sinn réttan. Jafnhliða viðræðum við atvinnurekendur var enn farið á fund ríkisstj. og þess krafizt aðallega, að kaupið yrði verðtryggt, að séð væri um, að kauphækkun, sem kynni að semjast um, yrði varanleg. Fulltrúar verkalýðsfélaganna töldu núverandi ástand óþolandi fyrir launþega og raunar fyrir atvinnurekendur einnig. Samningar væru oftast lausir og alger óvissa í þeim málum. Ekki reyndist þó mögulegt að fá neina verðtryggingu á kaupið, og þessum viðræðum lauk í bili með því, að atvinnurekendur hækkuðu kaup ófaglærðra verkamanna um 5% í lok janúarmánaðar s. l., án þess að nýir samningar væru gerðir. Þeir eru áfram lausir. Þessi hækkun var ofur lítil viðurkenning á þeim þungu rökum, sem eru fyrir því, að kaupið verði að hækka.

Ég hef hér brugðið upp skyndimynd af þróun kaupgjaldsmálanna í valdatíð núv. stjórnarflokka og afskiptum ríkisvaldsins af þeim málum, og er þó ýmislegt ótalið. Ég hef t. d. ekki nefnt hinn hataða gerðardóm í kjaramálum sjómanna í fyrrasumar, ekki heldur brbl. í deilu ríkisstj. við lækna og verkfræðinga. Vert er að minnast þess, þegar þessi ferill er rakinn, að það var eitt af fyrirheitum hæstv. ríkisstj., þegar hún kom til valda, að hún ætlaði engin afskipti að hafa af deilum verkamanna og atvinnurekenda, þær ættu deiluaðilar einir að leysa. Efndirnar á þessu fyrirheiti eru hins vegar þær, að vegur hennar síðan er varðaður valdboðum gegn verkalýðshreyfingunni og öllu launafólki.

Þá er ekki síður athyglisvert, að á þessu tímabili, sem svo mjög hefur verið keppzt við að halda niðri kaupi verkafólks, hefur þetta sama verkafólk fært stærri björg í þjóðarbúið með vinnu sinni en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar. Þjóðarframleiðslan hefur stóraukizt, bæði að magni og verðmæti. En það eru aðrir en verkafólkið, sem þar hafa fleytt rjómann af.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, tók sér fyrir hendur í des. s. l. að sanna þjóðinni, að kjör launþega væru þá 10% betri en þau voru 1958. Hversu fráleit þessi fullyrðing er, sést glöggt af eftirfarandi dæmi: Í des. 1958 var almennt kaup verkamanna kr. 23.86 á klst., en í des. s. l. var það kr. 24.80 á klst. og hafði því hækkað um aðeins tæp 4%. Hins vegar segja Hagtíðindin okkur, að helztu nauðsynjavörur almennings, a-liður vísitölunnar, hafi hækkað um 43% frá því í marz 1959 og þar til í desember 1962. Kaupið hafði hækkað um 4%, en nauðsynjavörurnar um 43%. Ég skal að vísu viðurkenna, að þetta dæmi sýnir ekki alveg rétta mynd, en það sýnir þó í aðaldráttum, hver hefur verið þróun kaupgjaldsmálanna annars vegar og verðlagsmálanna hins vegar á þessu tímabili. Það er sennilega þessi þróun, sem hæstv. forsrh. hafði í huga í kvöld, þegar hann sagði, að við værum á hraðri leið til bættra lífskjara.

Hæstv. viðskmrh. byggði fullyrðingar sínar á því, að atvinnutekjur manna hefðu hækkað verulega, og það er rétt. Atvinnutekjur manna hafa hækkað þrátt fyrir viðreisnina. En atvinnutekjur og lífskjör eru ekki endilega eitt og hið sama. Maður, sem verður að þræla meiri hluta sólarhringsins, býr ekki við góð lífskjör, en slíkur þrældómur er nú hlutskipti allt of margra í okkar þjóðfélagi. Vegna þess, hve launin eru lág, verða menn að leggja nótt við dag til þess að afla nauðsynlegra tekna fyrir heimilin, en slík þróun er háskaleg, bæði einstaklingunum og þjóðfélaginu í heild.

Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum hefur leitt til þess, að gengi hverrar krónu, sem verkamaðurinn vinnur sér inn, er svo lágt, að óhugsandi er, að hann geti lifað sómasamlegu lífi af 8 stunda vinnudegi. Ég vil þó ekki í þessu efni taka eins sterkt til orða og áróðursstjóri hæstv. viðskmrh. gerði nýlega í blaði sínu, Alþýðublaðinu, en þar sagði hann orðrétt:

„Átta stunda vinnudagur er óhugsandi á Íslandi í dag, því að óbreyttur borgari, sem ynni átta stunda vinnudag, yrði hungurmorða."

Þetta er dómur ritstjóra Alþýðublaðsins um ástand launamálanna í dag, og sjálfsagt er það kaup þessa láglaunafólks, sem stjórn Seðlabankans segir um í nýlegri skýrslu sinni að hækkað hafi að undanförnu meira en æskilegt hefði verið.

Stefna stjórnarflokkanna á liðnu kjörtímabili hefur fært launþegum lækkað kaup og lengdan vinnudag. Réttindi og frelsi verkalýðsfélaganna hefur hvað eftir annað verið skert, og stjórnarflokkarnir krefjast nú endurskoðunar á vinnulöggjöfinni til þess að þrengja kosti verkalýðshreyfingarinnar enn meira.

Gegn þessari stefnu verður alþýða landsins að fylkja liði í komandi kosningum. Með öflugri sókn í kosningunum, sem helzt í hendur við hagsmunabaráttuna, er hægt að tryggja batnandi lífskjör, stytta vinnudaginn með óskertum tekjum og hægt að vernda frelsi og réttindi verkalýðshreyfingarinnar. Þetta gerum við með því að fylkja okkur um Alþb.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar Alþingi verður slitið eftir fáa daga, lýkur síðasta þingi yfirstandandi kjörtímabils. Núv. ríkisstj. var mynduð í upphafi kjörtímabilsins með samningum Alþfl. og Sjálfstfl. Á undanförnum áratugum höfum við haft margar samsteypustjórnir ýmissa flokka, en það er sameiginlegt með þeim öllum þar til nú, að allar hafa þær kosið að víkja frá sér vandanum, áður en hinu reglulega kjörtímabili hefur verið lokið. Núv. ríkisstj. er sú fyrsta um langt skeið, sem leitast við að leysa vandamálin allt kjörtímabilið, án þess að flokkar þeir, sem að henni standa, geri sér ágreining frammi fyrir kjósendum á miðju kjörtímabili í fylgisaukningarskyni.

Aðkoma núv. ríkisstj. var á margan hátt mjög erfið. Vinstri stjórnin hafði farið frá í des. 1958 og forsrh. hennar, Hermann Jónasson, lýsti því yfir, að skapazt hefði óðaverðbólga í landinu og þjóðin væri stödd á barmi hengiflugs efnahagsmálanna. Fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, treysti sér ekki til að leggja neinar till. fyrir Alþingi til lausnar á þessum vanda. Framsfl. óskaði þess eins í des. 1958 að verða leystur frá stjórnarvandanum og öðrum yrði falið að ráða fram úr honum.

Alþfl. tók að sér stjórn landsins í des. 1958 í bili í því skyni að stöðva verðbólguna og koma fram leiðréttingu á kjördæmaskipan landsins. Alþfl. gaf þjóðinni nokkur fyrirheit um stjórnarstefnuna, og skulu þau ekki rakin hér, en aðeins á það minnt, að við öll þessi fyrirheit Alþfl.-stjórnarinnar var staðið. Aldrei var til þess ætlazt né því lofað, að Alþfl.-stjórnin leysti varanlega vanda efnahagsmálanna, til þess var starfstími sá, sem henni var ætlaður, of naumur og þingstyrkleiki hennar of veikur. Hinu hét Alþfl.-stjórnin, að bægja yfirvofandi óðaverðbólgu frá dyrum þjóðarinnar, og það var gert. Það hlaut hins vegar að verða verkefni þeirrar ríkisstj., sem mynduð var upp úr kosningunum 1959, að leita varanlegrar lausnar á efnahagsmálunum.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð í nóv. 1959, gerði hún þjóðinni grein fyrir stefnu sinni. Í stefnuyfirlýsingunni er lögð áherzla á, að ríkisstj. muni í fyrsta lagi leggja fyrir Alþingi till. sínar til lausnar á efnahagsmálunum, sem miði að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu og allir hafi stöðuga atvinnu, í öðru lagi hækka verulega bætur almannatrygginganna, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri, í þriðja lagi afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings, í fjórða lagi koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll, í fimmta lagi endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur, í sjötta lagi taka upp samningu þjóðhagsáætlana, er verði leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum, og síðast, en ekki sízt, beita sér fyrir lausn landhelgismálsins á grundvelli samþykktar Alþingis frá 5. maí 1959. Að öllum þessum málum hefur ríkisstj. unnið í 4 ár, og nú í lok kjörtímabilsins er tími kominn til að gera upp reikningana og athuga, hvort staðið hafi verið við gefin fyrirheit.

Ríkisstj. hefur lagt fram og fengið samþ. á Alþingi till. sínar til úrlausnar á efnahagsmálum. Þar var fram úr miklum vanda að ráða, en ég er viss um, að sú leið, sem þar var valin, var hin farsælasta, sem þjóðin átti völ á út úr því öngþveiti, sem í var komið 1958. Öngþveiti styrkja- og uppbótakerfisins í útflutningnum var afnumið með raunhæfri gengisskráningu á gildi krónunnar. Þetta var erfið og ekki vinsæl lausn í bili, en hún var óhjákvæmileg. Reynslan hefur og skorið úr því, að aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum hafi ekki aðeins megnað að koma í veg fyrir, að þjóðin færi fram af því hengiflugi, sem Hermann Jónasson sagði henni að hún væri að fara fram af vegna óðaverðbólgu, heldur hefur atvinnulíf blómgazt og þjóðarframleiðslan aukizt meira en dæmi eru til áður. Gjaldeyrisstaðan út á við hefur breytzt úr því, að áður skulduðu Íslendingar öllum erlendis, sem vildu lána þeim fé, í það, að nú eiga þeir gjaldeyrisinnstæður erlendis, sem nema um 1200 millj. kr. Gjaldeyrislán þau, sem tekin voru til framkvæmdar viðreisnarstefnu ríkisstj., eru öll að fullu greidd. Ein afleiðing viðreisnarstefnu stjórnarinnar er sú, að í stað stöðugs halla á þjóðarbúskapnum og innflutningshafta hefur viðskiptajöfnuðurinn við útlönd í vörum og þjónustu verið hagstæður um rúmar 500 millj. kr. samtals tvö seinustu ár og hægt hefur verið að gera verzlunina við útlönd frjálsa að verulegu leyti. Spariinnlán hafa einnig aukizt stórlega og á seinasta ári t. d. um 760 millj. kr. En þrátt fyrir þetta neitar því enginn, að úrlausnar bíða ýmis vandamál í efnahagsmálunum. Aukning á kaupmætti launanna er vissulega langþýðingarmest þeirra mála. Það hlýtur að verða eitt höfuðviðfangsefni líðandi stundar að bæta kjör almennings með því að auka kaupmátt krónunnar. Slíkt verður ekki gert með því að hækka laun og verðlag á víxl, eins og gert hefur verið í fjölda ára á Íslandi. Aukning framleiðslunnar og þjóðarteknanna ásamt hagkvæmari vinnutilhögun megnar ein að færa almenningi varanleg og raunveruleg bætt lífskjör. Alþfl. hefur bent á og kvatt til nýrra vinnuhátta, einkum í fiskiðjuverum, sem þegar hafa gefið góða raun, og í heild eru allar aðgerðir ríkisstj. við það miðaðar að efla framleiðslutækni og auka framleiðslu og þjóðartekjur og þannig skapa raunhæfar kjarabætur.

Annað fyrirheit ríkisstj. var að hækka verulega bætur almannatrygginganna. Almannatryggingum var komið á á Íslandi fyrir frumkvæði Alþfl. og kostuðu langa og harða baráttu. Jafnan síðan almannatryggingarnar voru lögfestar, hefur Alþfl. beitt sér fyrir eflingu og aukningu þeirra. Margar endurbætur og lagfæringar hafa verið gerðar, en engar þó slíkar sem á yfirstandandi kjörtímabili. Upphæð sú, sem almannatryggingarnar greiða í bætur á þessu ári, er um 770 millj. kr. Og á næsta ári, eftir aukningu bótanna á þessu þingi, eru þær áætlaðar um 840 millj. kr.

Aukning lánsfjár til íbúðabygginga var þriðja fyrirheit ríkisstj. Lögin um verkamannabústaði voru sett á sínum tíma skv. till. Alþfl. Hafa þau hjálpað mörgum til að eignast íbúð, sem hefðu ekki átt þess kost ella. Þessi löggjöf leysir þó ekki nema mjög takmarkaðan hluta húsnæðisvandamálsins. Þess vegna hefur verið unnið að því að afla húsnæðismálastjórn aukins fjár til útlána, jafnframt því sem byggingarsjóður verkamanna hefur verið endurvakinn. Á seinasta ári vinstri stjórnarinnar var húsnæðismálastjórn séð fyrir 35 millj. kr. til út-

lána. Það var árið 1958. En á árinu 1960 var húsnæðismálastjórn séð fyrir 71 millj. kr. í þessu skyni, 1961 76 millj. kr., 1962 85 millj. kr., og á þessu ári hefur húsnæðismálastjórn til umráða 110 millj. kr., eða um það bil þrefalda þá upphæð, sem hún hafði á seinasta ári vinstri stjórnarinnar.

Þá hefur skattakerfið verið endurskoðað og skattur á almennar launatekjur hefur verið afnuminn. Vegna verðlags- og launabreytinga er þó svo komið, að ört sækir í það horf, að endurskoða þurfi skattakerfið á ný.

Þá hefur ríkisstj. látið semja og lagt fram á Alþingi þjóðhags- og framkvæmdaáætlun. Alþfl. hefur lengi beitt sér fyrir því, að slík áætlun væri samin. Árum saman hafa ríkisstj. lofað að gera þjóðhags- og framkvæmdaáætlun og allar svikið það þar til nú. Framkvæmdaáætlunin er hluti af áætlunarbúskap. Hún gerir ráð fyrir ákveðnum vexti þjóðartekna á tilteknu tímabili, og skv. því er áætlað, hve miklu þjóðin muni geta varið til fjárfestingar. Kjarni framkvæmdaáætlunarinnar er síðan að skipta framkvæmdafé þjóðarinnar, tiltaka, hve mikið skuli fara til húsbygginga, til sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, samgangna, skólabygginga, rafvæðingar o. s. frv. Gerð slíkra áætlana hefur rutt sér mjög til rúms í heiminum á síðari árum. Þannig hafa t. d. Frakkar, Norðmenn og Hollendingar stuðzt við slíkar áætlanir í mörg ár, og Bretar eru að undirbúa sínar áætlanir. Má telja vafalaust, að ef hér hefði verið tekin upp framkvæmdaáætlun í stríðslok, væri þjóðin hundruðum millj. kr. ríkari en hún er í dag.

Framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir að verja til framkvæmda umfram fjárlög á árinu 1963 um 472 millj. kr. Fé til þessara framkvæmda er þegar tryggt. Er gert ráð fyrir að verja því til fjárfestingar í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði, rafvæðingu, skólabyggingum, vegagerðum, hafnarframkvæmdum, húsbyggingum o. fl. Er m. a. ráðgert að hrinda í framkvæmd þremur mjög þýðingarmiklum höfnum: á Rifi, í Njarðvík og Þorlákshöfn, og þremur þýðingarmiklum vegum: Reykjanesbraut, Ennisvegi og Strákavegi, auk þess sem fé er veitt til annarra hafna og vega víðsvegar um land.

Hér er um að ræða eitt stærsta átak, sem gert hefur verið hér á landi til eflingar og aukningar atvinnuveganna og framkvæmda í landinu. Er það óneitanlega kátbroslegt, að Eysteinn Jónsson skuli tala um samdráttaráform ríkisstj. með framkvæmdaáætlunina liggjandi á borðinu fyrir framan sig.

Þjóðhagsáætlunin markar vissulega þýðingarmikil tímamót í framkvæmda- og efnahagslífi þjóðarinnar. Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum gerir ekki aðeins samningu slíkrar áætlunar mögulega, heldur einnig framkvæmanlega.

Landhelgismálið var eitt þeirra mála, sem ríkisstj. hét að vinna að lausn á. Þetta mál hefur um langt skeið verið eitt þýðingarmesta og vandasamasta mál þjóðarinnar. Vegna legu landsins eiga Íslendingar meira undir verndun fiskimiða sinna en flestu, ef ekki öllu öðru. Þjóðinni hefur lengi verið það ljóst, að næg vernd fiskstofnanna fengist því aðeins, að unnt væri að framkvæma nauðsynlega útfærslu fiskveiðilandhelginnar. En hér hefur verið við ramman reip að draga. Aðrar þjóðir hafa einnig sótt á íslenzk fiskimið og ekki viljað þola útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þrátt fyrir aðkallandi nauðsyn voru allir stjórnmálaflokkar á Íslandi á einu máli um að ráðast ekki í útfærslu fiskveiðilögsögunnar, fyrr en fenginn væri sá grundvöllur til slíks, sem örugglega mætti standa á á alþjóðlegum vettvangi. Hvað eftir annað leituðu Íslendingar frjáls samkomulags við frændþjóðirnar, en árangurslaust. Það var ekki fyrr en eftir sigur Norðmanna fyrir alþjóðadómstólnum í Haag í deilumáli þeirra við Breta árið 1952, að Íslendingar töldu sig hafa nægan alþjóðlegan grundvöll til að hefjast handa um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 4 mílur og nýtt grunnlínukerfi. Þrátt fyrir þennan grundvöll, mótmæltu þrjár þjóðir útfærslunni, og ein þeirra, Bretar, beitti þvingunaraðgerðum með löndunarbanni.

Löndunarbannið var mjög alvarleg ráðstöfun gagnvart Íslendingum, þegar því var skellt á, og ríkisstj. gerði sitt ýtrasta til að fá því aflétt. Á meðan á undirbúningi landhelgismálsins stóð, sigldi einn ráðherra ríkisstj. þáverandi á fund ríkisstjórnar Bretlands og ræddi málið. Hinn 24. apríl 1953 bauð ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar Bretum, að landhelgisdeilan skyldi lögð fyrir alþjóðadómstólinn í Haag, en því var hafnað. Árangurslaust var leitað til alþjóðastofnana um aðstoð í deilunni. Svo hörð var andstaða Breta gegn útfærslunni í 4 mílur, að enda þótt hún væri byggð á niðurstöðum alþjóðadómstólsins í Haag, þá tókst tveimur ríkisstjórnum ekki á fjórum árum að knýja Breta til þess að létta löndunarbanninu af, og efa ég þó ekki, að beitt hafi verið öllum þeim aðferðum, sem menn vissu heppilegastar. Löndunarbannið fékkst ekki afnumið fyrr en árið 1956.

En jafnhliða því sem fiskveiðilögsagan var færð út í 4 mílur árið 1952, var unnið að því að skapa skilning og alþjóðlegan réttargrundvöll fyrir frekari útfærslu á fiskveiðilögsögunni. Haustið 1958 var ráðizt í slíka útfærslu. Fiskveiðilögsagan var þá ákveðin 12 mílur, en ekki þótti tiltækilegt að gera að því sinni neinar breytingar á grunnlínum. Útfærslan í 12 mílur árið 1958 var gerð að lokinni ráðstefnu í Genf varðandi réttarreglur á hafinu. Þessari ráðstefnu lauk í aprílmánuði 1958, án þess að nokkrar bindandi samþykktir væru gerðar um réttarreglur á hafinu. Það eitt var samþykkt í þessu efni á ráðstefnunni, að fljótlega skyldi kalla saman aðra ráðstefnu til þess að reyna að komast að niðurstöðu um víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu.

Þegar ráðizt var í útfærsluna 1958, var vitað, að Bretar mundu mótmæla henni. Það var einnig óttazt, að Bretar mundu ekki fallast

á neina lausn á þessu máli, sem á nokkurn hátt mætti túlka á þann veg, að þeir féllust á 12 mílna landhelgi, á meðan Bretar biðu eftir ráðstefnunni, sem bráðlega átti að halda. En eftir útfærsluna 1958 voru samt gerðar ýtarlegar tilraunir til að fá Breta til að halda ekki uppi andstöðu gegn útfærslunni. Tilraunir þessar voru að nokkru leyti gerðar innan NATO. Framkvæmdastjóri þess átti mikinn þátt í þeim tilraunum. Niðurstaða þeirra var sú, að með öllu væri vonlaust að fá Breta til að þola 12 mílurnar, á meðan beðið væri eftir hinni væntanlegu ráðstefnu. Að sjálfsögðu héldu Íslendingar fast við sínar ákvarðanir, og því varð enginn árangur af viðræðunum.

Síðari ráðstefnunni í Genf lauk í marz 1960. Henni lauk á sama hátt og þeirri fyrri að því leyti, að engin bindandi samþykkt var gerð um viðáttu fiskveiðilögsögunnar. En henni lauk með ólíkum hætti að því leyti, að engin ný ráðstefna var áformuð, eins og gert hafði verið 1958. Þetta breytti vissulega viðhorfunum. Bretar gátu nú ekki lengur borið það fyrir sig, að þeir gætu ekki unað 12 mílunum, vegna þess að það mundi spilla málstað þeirra á nýrri ráðstefnu. Engin slík ráðstefna var áformuð. Ágreiningur var um það á milli stjórnarflokkanna, hvernig bregðast skyldi við hinum nýju viðhorfum. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson lýsti viðhorfi síns flokks þannig í þingræðu, að hann vildi semja um það eitt við Breta, að þeir héldu hér áfram fiskveiðum næstu árin undir herskipavernd. Hv. þm. Hermann Jónasson lagði til fyrir hönd síns flokks, að sjóher Bandaríkjanna yrði beðinn að verja íslenzka fiskveiðilögsögu.

Ríkisstj. gat á hvoruga þessa leið fallizt. Hún vildi freista þess að knýja Breta til að viðurkenna 12 mílurnar. Ríkisstj. vissi, að Bretar gátu ekki lengur borið fyrir sig, að ný ráðstefna væri væntanleg. Samkomulag tókst við Breta. Þeir viðurkenndu 12 mílurnar og auk þess mjög þýðingarmiklar grunnlínuútfærslur. Hefur ríkisstj. unnið stærri og glæsilegri sigur í landhelgismálinu við Breta en menn gera sér almennt grein fyrir í dag.

Stjórnarandstaðan hefur hvað eftir annað lýst því yfir, að hún muni fella úr gildi landhelgissamkomulagið, ef hún fær aðstöðu til. Væntanlega þýðir þetta það, að stjórnarandstaðan hyggist þá taka upp landhelgislínuna frá 1958 og færa inn grunnlínurnar, sem Lúðvík Jósefsson treysti sér ekki til að breyta. En á hverju byggir stjórnarandstaðan þá fyrirætlan sína að fella landhelgissamkomulagið úr gildi? Jú, hún segir, að vegna þess, að Bretar hafi beitt Íslendinga nauðung, þá sé samkomulagið ógilt nauðungarplagg. Hvernig er svo þessi málflutningur undirbúinn? Þegar landhelgissamkomulagið var til umræðu á Alþingi 1961, lýsti hv. þm. Hermann Jónasson því yfir, að með öllu hefði verið óþarft fyrir Íslendinga að semja við Breta, vegna þess, að Bretar hefðu verið uppgefnir í deilunni og búnir að tapa henni, áður en til samninga var gengið. Síðan endurtóku allir þm. Framsfl. og Alþb. þessa fullyrðingu. Um þetta má lesa tugi blaðsíðna í Alþingistíðindunum. M. ö. o.: stjórnarandstaðan heldur því fram, að Bretar hafi beitt okkur nauðung, enda þótt þeir hafi verið búnir, að dómi þessarar sömu stjórnarandstöðu, að gefast upp og raunverulega tapa landhelgisdeilunni, áður en samkomulagsviðræður við þá hófust. Stjórnarandstaðan á eftir að gera grein fyrir því, hvernig þær fullyrðingar hennar fái samrýmzt, að óþarfi hafi verið að semja, vegna þess að Bretar hafi verið búnir að tapa deilunni og gefast upp, en samtímis beitt okkur nauðung til samninganna. Hvernig má það vera, að hægt sé að beita mann nauðung og gefast jafnframt upp fyrir honum?

Málflutningur stjórnarandstöðunnar um þetta atriði er eins og allur málflutningur hennar í landhelgismálinu. Þar rekur sig hvað á annað. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að enga nauðung þurfti til að knýja Íslendinga til þeirra samninga, sem gerðir voru til lausnar í landhelgismálinu 1961. Með þeim samningum unnu Íslendingar þann sigur, sem lengi mun minnzt á Íslandi. Það væri vissulega mikil ógæfa fyrir þjóðina, ef stjórnarandstaðan ætti eftir að fá aðstöðu til að hefja milliríkjadeilur til ógildingar landhelgissamkomulagsins, eins og stjórnarandstaðan lýsir yfir að gert verði, ef núv. stjórnarflokkar halda ekki meiri hl. sínum í kosningunum í sumar.

Með landhelgissamkomulaginu var á það fallizt, að Bretar mættu um takmarkaðan, stuttan tíma veiða á vissum stöðum innan 12 mílnanna. Þessi tími er útrunninn í marzmánuði næsta ár. Stjórnarandstaðan heldur því fram, að Bretar muni fara fram á framlengingu þessa tíma og að núverandi stjórnarflokkar muni á það fallast. Hvort tveggja er fjarstæða. Bretar munu ekki fara fram á neitt slíkt. Fyrir liggja ýtarlegar yfirlýsingar þeirra um algera viðurkenningu á 12 mílunum og jafnframt, að þeir muni enga tilraun gera til þess að fá umþóttunartímann framlengdan, þegar hann rennur út í marz næsta ár. Það er beinlínis móðgandi við Breta að halda því fram, að þeir muni fara fram á framlengingu eftir þær yfirlýsingar, sem þeir hafa gefið. Að því er varðar stjórnarflokkana, þá mundu þeir hvorki taka við né hlusta á tilmæli um framlengingu á umþóttunartímanum. Umræður um slíka hluti koma ekki til mála, enda dettur hvorki Bretum né Íslendingum slíkt í hug.

Það er alkunna, að með útfærslunni í 12 mílur hafa Íslendingar ekki náð endanlegu takmarki sínu í landhelgismálum. Yfirráð yfir landgrunninu öllu eru takmark Íslendinga, og í samkomulaginu við Breta var því yfir lýst, að við mundum halda áfram að vinna að þessu marki. Til þessa höfum við ekkert skref stigið í landhelgismálinu án þess að undirbúa það áður rækilega á alþjóðavettvangi. Þróun í fiskveiðimálum ræður miklu um, hvernig framhald landhelgismálsins verður. Okkar er að vera á verði og hyggja að þörfum okkar og möguleikum og athuga, hvað hægt er að gera til þess að þoka málinu áfram. Í því sam-

bandi þykir mér rétt að vekja athygli á vissu atriði.

Á Genfarráðstefnunni 1958 var samþykktur samningur með tilskildum meiri hl. atkvæða um yfirráðarétt strandríkis yfir landgrunnsbotninum. Samkv. þessum samningi er strandríki heimilt að helga sér hafsbotninn á landgrunninu og það, sem í honum er, án þess þar með að öðlast rétt yfir hafinu yfir landgrunnsbotninum og því, sem í hafinu er. Með landgrunninu í þessum samningi er miðað við 200 m dýpi. Samningurinn öðlast gildi, þegar 22 ríki hafa staðfest hann. Mjög fá ríki hafa staðfest þennan samning, mér er aðeins kunnugt um 6. Engu að síður hef ég ástæðu til að ætla, að ýmsir þjóðréttarfræðingar telji efni samningsins gildar þjóðréttarreglur. Hygg ég, að það fengi staðizt að alþjóðarétti, að Íslendingar helguðu sér landgrunnsbotninn. Spurningin er, hvort okkur væri hagkvæmt að stíga slíkt spor eða ekki. Hér er um mál að ræða, sem Íslendingar þurfa að athuga gaumgæfilega.

Í dag þekkjum við engin þau verðmæti á eða undir hafsbotninum, sem við þurfum að helga okkur. Hins vegar þurfum við að gera upp við okkur, hvort við færumst nær því marki, að allt landgrunnið komist undir íslenzka fiskveiðilögsögu, með því að helga okkur fyrst landgrunnsbotninn að 200 m, eða hvort við með slíku skrefi leggjum stein í götu þess máls. Þetta er vandamál, sem ekki verður ráðið fram úr án nánari athugunar. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Umr. í kvöld fer þannig fram, að hver þingflokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í 3 umferðir, 25 mínútur, 15 mínútur og 10 mínútur. Röð flokkanna verður þessi: Alþfl., Sjálfstfl., Alþb., Framsfl. Ræðumenn verða þessir: fyrir Alþfl.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Friðjón Skarphéðinsson, fyrir Sjálfstfl.: Bjarni Benediktsson, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, fyrir Alþb.: Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Einar Olgeirsson, fyrir Framsfl.: Hermann Jónasson, Gísli Guðmundsson, báðir í fyrstu umferð, Ólafur Jóhannesson og Þórarinn Þórarinsson. Hefst nú umr., og tekur fyrstur til máls hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það hefur fallið í minn hlut að hefja síðari hluta þessara svonefndu eldhúsumr. Um þetta leyti kvölds mun útvarpsviðtækið opið á flestum íslenzkum heimilum. Kvöldverði er lokið og fólkið hvílir sig eftir önn dagsins. Húsmóðirin hefur vonandi lokið verkum sínum og hefur e. t. v. tyllt sér hjá bónda sínum og börnum. Þetta er sá tími dagsins, sem er rólegastur hjá fjölskyldunni og bezt hentar henni til þess að ræða um áhugamál sín eða gera það, sem hún hefur sameiginlegan áhuga á innan vébanda heimilisins. Oft er útvarpið einmitt um þetta leyti holl og góð dægrastytting og ekki aðeins til skemmtunar, heldur einnig til fróðleiks. Mér kæmi það því ekki á óvart, þótt það vekti ekki óblandna ánægju meðal útvarpshlustenda að eiga nú annað kvöldið í röð að hlusta á stjórnmálaþras frá Alþingi.

Sannleikurinn er sá, að allur almenningur er án efa fyrir löngu orðinn þreyttur á stjórnmálapexinu, sem í allt of ríkum mæli setur svip sinn á opinberar umr. hér á Íslandi. Þetta er í raun og veru ekki óeðlilegt. Stjórnmáladeilur og þá fyrst og fremst deilur stjórnmálablaðanna eru áreiðanlega á lægra stigi en tíðkast með nágrannaþjóðum. Það er borið á borð fyrir almenning, að stjórnarvöld séu svo illviljuð, að þau geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að rýra lífskjör einstakra stétta og jafnvel þjóðarinnar allrar, að þau séu svo ábyrgðarlaus, að þau rói að því öllum árum að svíkja landið undir yfirráð erlendra aðila. Á hinn bóginn sést það því miður einnig í blöðum, að ef þeir, sem nú fara með völd, missi þau, sé hreinn voði vís, þá muni allt fara í kalda kol. Auðvitað er hvort tveggja rangt. Slíkar fullyrðingar, slíkt ofstæki leiðir til þess eins, að allur almenningur hættir að taka mark á því, sem hann sér eða heyrir um stjórnmál, og fer að leiðast það.

Þótt það sé vissulega hverju orði sannara, að það sé ekki skemmtilegt fólk né heldur beztu þjóðfélagsborgararnir, sem um ekkert geta hugsað né talað nema stjórnmál, er það á hinn bóginn mjög skaðlegt í lýðræðisþjóðfélagi, ef góðir þegnar hætta mikið til að hugsa um stjórnmál og fá jafnvel andúð á þeim. Lýðræðisþjóðfélag grundvallast m. a. á því, að þegnar þess séu reiðubúnir til þess að ganga á nokkurra ára fresti að kjörborði og ákveða, hverjir fara skuli með völd á næstu árum. Góður þegn á ekki og má ekki gera þetta hugsunarlaust. Ef hann á að geta gegnt þessari lýðræðisskyldu sinni af skynsemi og ábyrgðartilfinningu, getur hann ekki komizt hjá því að hugleiða nokkur viðfangsefni stjórnmálanna á hverjum tíma. Á hinn bóginn á það þá að vera skylda stjórnmálamanna og stjórnmálablaða að leggja málin þannig fyrir hann, að skynsemi hans eða smekk sé ekki ofboðið eða misboðið með rakalausum fullyrðingum, stóryrðum og jafnvel ósæmilegu tali.

Þeim orðum, sem ég segi hér í kvöld, skal ég reyna að halda innan þeirra marka, að skynsömum áheyranda finnist ekki misbjóða dómgreind hans. Ég ætla ekki að segja, að hér hafi undanfarið verið svo góð ríkisstj., að allir hlutir séu orðnir alveg eins og þeir eigi að vera. Ég ætla ekki heldur að segja, að þeir, sem eru á öndverðum meiði við ríkisstj., hljóti að vera annaðhvort vitgrannir eða illviljaðir, en ég ætla að reyna að leiða rök að því, að sú stefna, sem núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa fylgt undanfarin ár,

hafi verið skynsamleg og þjóðinni í heild til góðs og að það mundi án efa verða okkur öllum til mikils tjóns, ef nú á þessu ári yrði breytt um stefnu.

En hver er mælikvarðinn á það, hvort stefnan hefur verið rétt? Hver er dómbær um það, hvort stefnubreyting yrði til tjóns? Fyrst ég tala á þeim tíma kvölds, þegar einna líklegast er, að húsmæðurnar hafi tyllt sér nálægt viðtækinu, þá langar mig til þess að athuga sérstaklega, hvernig málin horfa við frá sjónarhóli þeirra.

Í nútímaþjóðfélagi mun meira en helmingur tekna heimilisins fara um hendur húsmóðurinnar. Hún er því áreiðanlega dómbær um það, hvort lífskjör eru að batna eða versna. Skyldi það fara fram hjá henni, hvernig atvinnuástand er? Ætli hún viti ekki, hvern þátt almannatryggingarnar eiga í afkomu fjölskyldunnar? Skyldi hún ekki fylgjast með því, hvernig búið er að börnunum í skólunum? Hver skyldi finna það betur en hún, hvernig tekizt hefur að leysa húsnæðisvandamálið? Það er of sjaldan um það spurt, hvernig húsmóðirin líti á vandamál dagsins. Ég held því, að til þess sé full ástæða að verja til þess nokkrum mínútum að ræða, hvernig málin horfa við frá sjónarmiði húsmóðurinnar, hvort stefnan, sem fylgt hefur verið, getur talizt rétt frá sjónarmiði hennar. Við skulum athuga nokkur dæmi um þetta.

Það er eitt af verkum húsmóðurinnar að kaupa vörur til þarfa heimilisins, matvæli, fatnað, búsáhöld og annað, sem þörf er á. Skyldi hún vera búin að gleyma því, hvernig vöruúrvalið var í búðunum fyrir nokkrum árum, meðan innflutningshöftin voru í algleymingi og alltaf var gjaldeyrisskortur? Alltaf öðru hverju var hörgull á ýmsum brýnum nauðsynjum og ýmiss konar vörur, sem til voru í hverri búð í nágrannalöndum, fengust hér bókstaflega aldrei, nýir ávextir og niðursoðnir voru hér sjaldgæf munaðarvara, góðir erlendir skór fengust ekki, og nauðsynleg heimilistæki voru seld út um bakdyrnar. Þetta eru aðeins einstök dæmi um ástandið í viðskiptamálunum, eins og það horfir við almenningi. Nú er allt á milli himins og jarðar til í búðunum. Vöruúrval er hér jafnfjölbreytilegt og það gerist í nágrannalöndum. Nýlega var stödd hér í Reykjavík eiginkona starfsmanns í íslenzku utanríkisþjónustunni. Hún hafði ekki komið til Íslands í nokkur ár, en hún gat ekki orða bundizt í tilefni af vörufjölbreytninni í verzlununum. Hún sagði, að það væri þægilegra að kaupa í matinn í matvöruverzlun í Reykjavík en í stórborginni, þar sem hún býr. Þar væru fyrst og fremst vörur frá því landi, þar sem hún á heima. En hér væru ekki aðeins ágætar íslenzkar vörur, heldur einnig vörur frá Norðurlöndum, Bretlandi, Þýzkalandi og Ameríku. Ekki skil ég í, að nokkur vilji hverfa aftur til tíma fábreytninnar í búðunum. Þótt húsmæðurnar finni auðvitað bezt, hver framför hefur orðið hér, njótum við öll góðs af því.

En nú er auðvitað ekki allt fengið með því, að nóg sé til af vörum í búðunum. Þær mega að sjálfsögðu ekki vera svo dýrar, að almenningur hafi ekki efni á að kaupa þær, og þá vaknar spurningin um verðlagið. Tvenns konar mælikvarða má leggja á það, hvort verðlag sé hér óeðlilega hátt. Annars vegar má bera verðlagið hér saman við það, sem tíðkast í nágrannalöndum, hins vegar má athuga, hvort óeðlileg eða óþörf hækkun hafi orðið á verðlagi hér undanfarin ár í samanburði við hækkun á tekjum almennings. Það er ýmsum erfiðleikum bundið að bera saman verðlag almennt hér og í nágrannalöndum, bæði vegna þess, að neyzluvenjur eru nokkuð ólíkar, og vegna hins, að kaupgjald er ekki hið sama og tekjuskipting nokkuð öðruvísi. Kaupgjald helztu launastétta fyrir venjulega dagvinnu mun vera lægra hér en í hinum Norðurlöndunum en hér. En á móti kemur það, að verðlag á helztu nauðsynjum er mun lægra hér en þar. Í Reykjavík kostar t. d. kg af súpukjöti kr. 33.60, en í Kaupmannahöfn kostar kg af sambærilegu kjöti kr. 37.45. Í Reykjavík kostar kg af þorski kr. 4.60, en í Osló kostar það a. m. k. kr. 17.40. Í Reykjavík kostar mjólkurlítrinn 5 kr., en í Stokkhólmi kostar hann kr. 6.45. Hins vegar er verð á fatnaði, heimilistækjum og húsgögnum orðið mjög svipað hér og á hinum Norðurlöndunum. Ég held, að engum Íslendingi, sem til þekkir á Norðurlöndum, blandist hugur um, að lífskjör eru nú mjög svipuð hér og þar. Sá munur, sem er á, er einkum fólginn í því, að hinar tekjuhærri stéttir þjóðfélagsins hafa þar talsvert hærri tekjur en þær hafa hér, en hinar tekjulægri bera aftur á móti tiltölulega meira úr býtum hér en þar. Hér er m. ö. o. meiri launajöfnuður en þar. Nokkrar stéttir og þó fyrst og fremst sjómenn og iðnaðarmenn hafa áreiðanlega mun hærri tekjur hér en þar. En það á m. a. rót sína að rekja til þess, að vinnutími iðnaðarmanna er hér lengri en á hinum Norðurlöndunum.

En hvað er til í því, sem svo oft heyrist sagt, að verðlag hafi hækkað óeðlilega mikið hér undanfarin ár? Auðvitað hlaut verðlag, fyrst og fremst á útlendri vöru, að hækka verulega í kjölfar gengislækkunarinnar 1960. Gengislækkunin var óhjákvæmileg, ef unnt átti að vera að losna við allar útflutningsbæturnar og öll innflutningsgjöldin, sem voru orðin að alvarlegu meini í þjóðarbúskapnum. Hún var einnig skilyrði þess, að hægt væri að gera innflutninginn frjálsan. Langvarandi innflutningshöft voru búin að vera þjóðarbúskapnum til mikils tjóns og neytendum til skaða. Gengislækkunin var líka óhjákvæmileg, ef takast átti að binda enda á hallarekstur þjóðarbúsins gagnvart öðrum löndum, en stöðugur hallarekstur hafði valdið alvarlegri skuldasöfnun erlendis og lánstraust þjóðarinnar var þrotið. Til þess að ráða bót á þessu varð þjóðin að taka á sig talsverða verðhækkun á erlendum vörum. En það hefur áreiðanlega borgað sig, því að nú er ekki lengur um halla á viðskipt-

um þjóðarinnar við önnur lönd að ræða. Þjóðin á nú gildan varasjóð í erlendum gjaldeyri og býr við öruggara lánstraust erlendis en nokkru sinni fyrr. Við þurfum ekki lengur að fyrirverða okkur fyrir krónuna okkar í erlendum viðskiptum. Hún mun nú gjaldgeng á hvaða markaði sem er. Í fyrsta sinn um 30 ára skeið er innflutningur frjáls að öllu öðru leyti en því, að kaup nokkurra vörutegunda eru bundin við Austur-Evrópulönd vegna nauðsynjar okkar á því að selja þangað mikilvægar vörur.

En urðu þá ekki verðhækkanirnar í kjölfar gengisbreytingarinnar of miklar? Í þessu sambandi verðum við að minnast þess, að þær verðhækkanir, sem orðið hafa undanfarin ár, eiga ekki aðeins rót sína að rekja til gengisbreytinga, heldur einnig til hins, að bæði hafa kauptaxtar hækkað og tekjur aukizt af öðrum orsökum. Á 4 ára tímabilinu 1958—62 hefur verðlag vöru og þjónustu, annarrar en húsnæðis, samkv. visitölureikningi hagstofunnar hækkað um 36%, og er þá miðað við meðalverðlag beggja áranna. Athugun, sem gerð hefur verið á tekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna samkv. skattaframtölum, hefur leitt í ljós, að meðaltekjur þessara stétta að meðtöldum fjölskyldubótum meðalfjölskyldu hafa á þessu sama tímabili aukizt um 48%. Ekkert bendir til þess, að vinnutími hafi í fyrra yfirleitt verið lengri en hann var 1958, svo að hér er um að ræða auknar tekjur fyrir hliðstæða vinnu. Þetta sýnir, að afkoma þessara þriggja stærstu launþegastétta þjóðarinnar hefur batnað verulega á undanförnum 4 árum, eða því sem næst um 10%. Þetta sannar að sjálfsögðu ekki, að afkoma sérhvers einstaklings í þessum stéttum hljóti að hafa batnað sem þessu nemur, og raunar ekki heldur, að afkoma sérhvers hóps, t. d. hafnarverkamanna í Reykjavík, hljóti að hafa batnað sem þessu nemur. Lífskjör sumra hafa eflaust batnað minna en meðaltalinu nemur, en annarra meira. Sérstaklega mun afkoma sjómanna í ýmsum sjávarþorpum úti á landi hafa batnað meira en meðaltalinu nemur. Einhverjir aðrir hafa þá borið nokkru skarðari hlut frá borði. En meginstaðreyndin er ómótmælanleg: Í heild hafa lífskjör þessara þriggja aðallaunastétta batnað verulega undanfarin ár. Verðlagshækkunin, sem sigldi í kjölfar nauðsynlegrar gengisbreytingar, hefur m. ö. o. ekki orðið óþarflega né óeðlilega mikil. Stóraukið vöruúrval í búðum er ekki blekking. Launþegar hafa öðlazt aukna kaupgetu til þess að kaupa fleiri og betri vörur. Þetta var tilgangurinn, og tilganginum hefur verið náð.

Nú er þess vegna um að gera að halda áfram á þessari braut, að halda áfram að auka vöruframboðið og fjölbreytnina og vinna að því, að raunveruleg kaupgeta haldi áfram að vaxa, en ekki að snúa við í átt að gjaldeyrisskorti, höftum og minnkandi vörufjölbreytni í búðum.

En þótt benda megi á órækar staðreyndir því til sönnunar, að lífskjör hafa verið að batna undanfarin ár, kannast allir við það og áreiðanlega ekki sízt húsmæðurnar, að erfiðlega gengur að láta tekjurnar hrökkva fyrir gjöldunum. En þessi alkunna staðreynd er auðvitað alls ekki sönnun fyrir því, að lífskjör geti ekki verið góð. Hún ber fyrst og fremst vott um, að okkur langar til þess að kaupa meira en við getum fyrir tekjur okkar. Þegar úr litlu er að velja, er það fátt, sem freistar okkar, en þegar vöruúrval vex, þegar fjölbreytni eykst, þá styrkist löngunin til þess að kaupa fleira en áður. Það er eitt af einkennum vaxandi velmegunar, að vöruframboð verði fjölbreyttara. Þótt tekjur manna aukist, getur þeim samt fundizt erfiðara en áður að láta þær hrökkva fyrir útgjöldum, ef möguleikarnir til þess að nota tekjurnar hafa líka vaxið. En einmitt þetta hefur verið að gerast hér á Íslandi undanfarin ár.

Oft er reynt að rugla almenning með því að tala í sömu andránni um verðlagshækkanir og aukningu framfærslukostnaðar. Þegar ég sagði áðan, að kaupmáttur tekna helztu launastétta hefði vaxið um 10% síðan 1958, tók ég annars vegar tillit til hækkunar vöruverðlagsins um 36% og hins vegar til aukningar tekna, hækkunar fjölskyldubóta og lækkunar skatta. Þótt vöruverðlagið hafi hækkað um 36%, hefur framfærslukostnaður auðvitað ekki hækkað svo mikið, því að á undanförnum árum hafa bætur almannatrygginga aukizt mjög og tekjuskattur og útsvar hafa lækkað. Árið 1958 fengu hjón með 3 börn 1143 kr. í fjölskyldubætur. Nú fá þau 9231 kr. Og nú greiða hjón með 3 börn engan tekjuskatt, þótt þau hafi 100 þús. kr. í árstekjur. Til þessa verður að sjálfsögðu einnig að taka tillit, þegar afkoman er metin, og vegna þessa hefur framfærslukostnaður hækkað minna en verðlagshækkuninni nemur. Það hefur áreiðanlega ekki farið fram hjá íslenzkum húsmæðrum, hve bætur almannatrygginga hafa aukizt mikið undanfarin ár. Það er ekki aðeins, að í því hafi falizt mikil kjarabót til handa miklum fjölda manna, heldur er hitt ekki síður mikilvægt, að þetta hefur haft í för með sér aukið réttlæti. Einmitt þeir hafa fengið auknar bætur, sem réttmætast var að fengju auknar tekjur. Bætur almannatrygginganna hafa í heild aukizt úr 240 millj. 1958 í 840 millj. eða m. ö. o. meir en þrefaldazt. Þessar nýju 600 millj., sem greiddar eru almenningi, lenda einmitt í höndum þeirra, sem helzt þarfnast þeirra. Þær auka réttlætið í þjóðfélaginu, stuðla að betra þjóðfélagi á Íslandi. Það er enn þá meira virði en nemur upphæðunum, sem koma í hlut hvers og eins.

Nú gerir auðvitað allt skynsamt fólk sér grein fyrir, að þótt það skipti meginmáli fyrir afkomuna, að atvinna sé næg og tekjur háar og vöruúrval sem mest og bezt, til þess að unnt sé að nýta tekjurnar vel og skynsamlega, og jafnvel þótt almannatryggingar séu svo fullkomnar, að öryggisleysi og félagslegu ranglæti sé bægt frá dyrum, þá kemur hér enn fleira til greina og þá fyrst og fremst það, hvernig húsnæðismálum er háttað. Ef ástandi

þeirra mála hjá fjölskyldunni er ábótavant, vantar sannarlega mikið á. Þess vegna hefur verið að því unnið undanfarin ár að gera þeim, sem nýs eða bætts húsnæðis þarfnast, kleift að eignast íbúð eða fá hana leigða. Aldrei hefur meira lánsfé verið til ráðstöfunar fyrir húsbyggjendur en á þessu ári, og aldrei hefur ríkisvaldið varið meira fé til stuðnings útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis en einmitt nú. Er hér um þrefalt meira fé að ræða en varið var í þessu skyni árið 1958. Enn er auðvitað mikils átaks þörf í húsnæðismálum Íslendinga, svo sem við er að búast, þegar hliðsjón er höfð af hinum öra vexti bæja og þá sérstaklega Reykjavíkur síðan á styrjaldarárunum. En stefnan hefur verið rétt. Halda þarf áfram á sömu braut.

Í fleiri horn er samt að líta, þótt fjölskyldunum takist að sjá sér vel farborða að öllu leyti og afkoman sé góð og batnandi. Í nútímaþjóðfélagi gegnir ríkisvald skyldu sinni ekki vel, nema það búi æskunni góð menntunarskilyrði. Hvernig hefur þeim málum verið varið hér undanfarin ár?

Fyrsta meginskilyrði þess, að skólamál séu í góðu horfi, er, að vel og sómasamlega sé séð fyrir skólahúsnæði. Þess vegna hefur undanfarin ár verið lögð á það mikil áherzla að auka skólabyggingar. Nú á þessu ári mun ríkið verja þrem til fjórum sinnum meira fé til byggingar barna- og gagnfræðaskóla en fyrir 5 árum. Verið er nú að ljúka nýrri stórbyggingu fyrir Kennaraskóla Íslands, og verður hún eitt vandaðasta skólahús, sem reist hefur verið á Íslandi. Í sumar mun verða reist vönduð bygging fyrir menntaskólann í Reykjavík á hinum fornhelga skólastað við Lækjargötu, en þar hefur skólanum verið tryggt mikið viðbótarlandrými.

Önnur meginforsenda þess, að fræðslumál séu í góðu horfi, er, að menntunarskilyrði kennara séu sem bezt. Einmitt í dag samþykkti Alþingi nýja löggjöf um Kennaraskóla Íslands, þar sem gert er ráð fyrir mjög mikilvægum endurbótum á kennaramenntuninni, kennarastéttinni til eflingar og íslenzkri skólaæsku áreiðanlega til mikils góðs. Undanfarin ár hefur og verið lögð áherzla á eflingu háskólans. Á 8 árum hafa fjárveitingar til hans verið þrefaldaðar. Vísindarannsóknir hafa og verið efldar með margvíslegum öðrum hætti, m. a. með stofnun vísindasjóðs, sem hefur 3½ millj. kr. á ári til umráða til þess að styrkja vísindarannsóknir. Skipulag íslenzkra rannsóknarmála hefur og verið í gagngerðri athugun. Áður en Alþingi lýkur störfum, mun það væntanlega afgreiða lög um stofnun tækniskóla. Lögð hefur verið sérstök áherzla á að aðstoða íslenzka námsmenn. Á undanförnum 5 árum hafa opinber lán og styrkir til þeirra hvorki meira né minna en rúmlega sjöfaldazt.

Þá hafa stjórnarvöld einnig gert sér far um að efla bókmenntir og hvers konar listir til að stuðla að sem fjölbreyttustu andlegu lífi með þjóðinni. Listasafn Íslands hefur verið eflt og sinfóníuhljómsveit komið á öruggan grundvöll. Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að efla leiklist og tónlistarlíf. Listamannalaun hafa aldrei verið hærri en í ár. Síðast, en ekki sízt, má geta þess, að komið hefur verið á fót Handritastofnun Íslands, sem fá mun til varðveizlu íslenzku handritin, sem Danir munu afhenda Íslendingum eftir næstu kosningar í Danmörku. Mun handritastofnunin skipa virðulegan sess í íslenzku menningarlífi.

Þarf okkur að greina á um það, góðir hlustendur, að allt þetta, sem ég hef gert að umtalsefni, séu framfaraspor? Ég varpaði áðan fram þeirri spurningu, hvort það væri ekki ómaksins vert að leggja einu sinni mælikvarða húsmóðurinnar á það, hvort stefnt hafi verið í rétta átt eða ranga undanfarin ár. Mundi ekki svar hennar vera, að það sé nú auðveldara en áður að sjá heimilinu fyrir góðum og fjölbreyttum vörum, að tekjurnar hafi yfirleitt, sem betur fer, vaxið meira en verðlagið hefur því miður orðið að hækka, svo að lífskjörin hafi í raun og veru verið að batna, að menntunarskilyrði æskulýðsins hafi vaxið, að menningarlífið sé að verða fjölbreyttara. Ef við getum öll verið sammála um, að þessu sé þannig farið, þá hljótum við líka að vera sammála um, að þótt sú ríkisstj., sem setið hefur að völdum í landinu, hafi auðvitað ekki verið alfullkomin og þótt þeir flokkar, sem hana hafa stutt, hafi auðvitað ekki verið alvitrir, þá hafi samt tekizt að þoka þjóðinni góðan spöl áleiðis í rétta átt. Og þá hljótum við líka að vera sammála um, að nú eigi ekki að breyta um stefnu, heldur halda áfram sókninni í þessa sömu átt eftir þeim leiðum, sem farnar hafa verið. Eigum við ekki að halda áfram að stefna að bættum lífskjörum í kjölfar aukinnar þjóðarframleiðslu, auknu réttlæti í kjölfar bættra almannatrygginga, meira vöruúrvali í kjölfar vaxandi viðskiptafrelsis, bættri menntun í kjölfar nýrra og betri skóla.

Góðir áheyrendur. Á næstu vikum munu stjórnmálaumr. hér eflaust mótast af því, að tæpir tveir mánuðir eru nú til alþingiskosninga. Það hefur oft viljað brenna við hér á landi, að kjósendur hafa ekki vitað, hvers konar ríkisstj. þeir hafa verið að velja sér, er þeir hafa greitt tilteknum flokki atkv. Mig langar til þess að ljúka þessum orðum mínum með því að vekja athygli á því og undirstrika það, að í þetta sinn þarf þessu ekki að vera þannig farið. Núv. stjórnarflokkar eru staðráðnir í því að halda stjórnarsamstarfinu áfram, ef þjóðin veitir þeim traust í kosningunum og þeir halda meiri hl. sínum. Þjóðin þekkir störf ríkisstj. og stefnu hennar. Það er nú á valdi kjósenda, hvort hún fær tækifæri til þess að starfa áfram. Hún ætlar sér ekki að ganga fram fyrir kjósendur með gylliboð og halda að þeim óraunhæfum loforðum. Hins vegar hefur ríkisstj. þegar lagt fyrir Alþingi og þjóðina ýtarlegri starfsáætlun fyrir næsta kjörtímabil en nokkur ríkisstj. hefur áður samið. Á ég hér við þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina, sem nýlega hef-

ur verið birt, en þar er mörkuð sú meginstefna í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem ríkisstj. telur æskilegasta á næstu árum. Þar er ekki um skrum að ræða, ekki skýjaborgir, ekki tvíræð kosningaloforð, heldur raunhæfa starfsáætlun, sem stuðla mun að aukinni þjóðarframleiðslu og bættum lífskjörum, ef eftir henni verður unnið.

Ef ríkisstj. hlýtur traust í kosningunum í júní, verður starfað samkv. þessari áætlun á grundvelli þeirrar meginstefnu, sem fylgt hefur verið. Ef ríkisstj. hlýtur ekki traust, þá hlýtur mikil óvissa að verða um það, hvaða stjórnarstefna verður ráðandi. Líklega yrði löng stjórnarkreppa og upp úr henni glundroði. Ekki eru horfur á, að unnt verði að mynda neina samhenta ríkisstj., ef núv. ríkisstj. missti meiri hl. En ég tek eflaust ekki of djúpt í árinni, er ég segi, að þjóðin hafi áreiðanlega fengið nóg af sundurþykkum ríkisstj., samsteypustjórnum flokka, sem setið hafa á svikráðum hver við annan og notað hvert tækifæri til þess að níða skóinn hver af öðrum, þótt það hafi bitnað á stjórnarstörfunum og þar með á þjóðinni.

Ég geri ráð fyrir, að það hafi ekki farið fram hjá mönnum, að samstarf núv. stjórnarflokka hefur verið óvenjulega heilsteypt. Þeir hafa lagt megináherzlu á, að samstarfið bæri góðan árangur, yrði þjóðinni til gagns. En sannleikurinn er sá, að jákvæður árangur af störfum samsteypustjórna er ekki síður kominn undir því, að starfað sé saman af einlægni, en hinu, að stefnan sé rétt. Hvort tveggja þetta hefur átt sér stað undanfarin ár. Stjórnarflokkarnir hafa unnið saman af einlægni, og stefnan hefur verið rétt. En ég er þeirrar skoðunar, að hvorugt þetta mundi eiga við um sérhverja aðra samsteypustjórn, sem hugsanlegt er að mynduð yrði á Íslandi. Hætt er við, að stefna sérhverrar annarrar samsteypustjórnar yrði röng, og samstarfið yrði áreiðanlega ekki einlægt.

Ég hef trú á dómgreind Íslendinga. Þess vegna vona ég, að nægilega margir verði til þess að styðja Alþfl. til áframhaldandi ábyrgðarstarfa í næstu kosningum. Hann mun leggja sig allan fram um að reynast þess trausts verður.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Enginn vefengir, að íslenzku þjóðinni hafi gengið flest í haginn hin síðustu missiri. Auðvitað er þetta ekki eingöngu ríkisstjórninni að þakka, enda halda hv. stjórnarandstæðingar því fram, að það hafi orðið þrátt fyrir vondan vilja stjórnarinnar. Málflutningur þeirra verður ekki skilinn á annan veg en þann, að hið vonda, sem við viljum, gerum við ekki. Um okkur snúa stjórnarandstæðingar því alveg við lýsingunni, sem postulinn Páll gaf á sjálfum sér: „Hið góða, sem ég vil, gjöri ég ekki, en hið vonda, sem ég ekki vil, það gjöri ég.“

Batnandi hagur almennings og þjóðarheildar, miklar framkvæmdir og yfirfljótanleg atvinna samfara stórum styrkari stöðu út á við, allt eru þetta svo augljósar staðreyndir, að ekki tjáir um að þræta. Á þessum staðreyndum munu kjósendur byggja dóm sinn yfir stjórnarfarinu. Stagl stjórnarandstæðinga um samdrátt, atvinnuleysi og örbirgð, sem við höfum viljað, en mistekizt að leiða yfir landslýðinn, lýsir þeirra eigin hugarfari. Slíkan málflutning meta kjósendur eftir því, sem hverjum þykir sennilegast. Þann dóm óttast stjórnarandstæðingar, og þess vegna hafa þeir síðustu mánuði mjög beint skeytum sínum að stjórninni fyrir mál, sem þeir hyggja að íslenzkir kjósendur eigi erfiðara með að dæma um af eigin raun með sama hætti og um ástandið innanlands.

Baráttuaðferðin er þó hin sama, því að eitt af hinu vonda, sem stjórnarandstæðingar segja að við höfum viljað, en ekki gert, sé að sækja um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu og þar með ofurselja frelsi og lífshagsmuni þjóðarinnar. Í veg fyrir þetta illvirki eiga tvö eða þrjú stórmenni að hafa komið: Fyrstur Adenauer kanslari Þjóðverja með því að tilkynna hæstv. fjmrh., Gunnari Thoroddsen, og hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, í Bonn hinn 28. sept. 1961, að okkur þýddi ekki að sækja um fulla aðild að bandalaginu. Síðan á annað mikilmenni til, eða öllu heldur tvö, eftir því hvor talar, Eysteinn Jónsson og eftir atvikum Þórarinn Þórarinsson, að hafa stöðvað okkur eða a. m. k. tafið á braut misgerðanna. Í öllum orðaflaumi framsóknarmanna þegja þeir hins vegar að mestu um fjórða stórmennið, de Gaulle, Frakklandsforseta, sem þó hefur óneitanlega töluvert komið við sögu um fjölgun bandalagsþjóða, enda þótt á annan veg sé en framsóknarmenn telja henta kosningahagsmunum sínum.

Þegar de Gaulle synjaði í janúar s. l. Bretum um aðild að bandalaginu, urðu flestir ókvæða við, og hafa fáir atburðir eftir stríðslok 1945 komið meira róti á hugi manna meðal lýðræðisþjóðanna.

Að sjálfsögðu reyndu talsmenn aðildar Breta að gera sem minnst úr því, sem skeð hafði. Þeir lögðu og leggja enn kapp á að koma í veg fyrir, að verra hljótist af, þ. e. að samvinna vestrænna ríkja rofni með öllu, eins og hinir svartsýnustu segja að við hafi legið. Talsmenn fimmveldanna, bandamanna Frakka, keppast við að fullyrða, að allt muni þetta lagast, áður en varir, og sjálfur tekur de Gaulle öðru hverju undir það. Hann segir, að vandinn sé sá einn, að Bretar fallist skilyrðislaust á Rómarsamninginn. Utanríkisráðherra hans, Couve de Murville, flutti enn hinn sama boðskap á fundi í Brüssel hinn 2. apríl s. l., og varð þá skarpur skoðanamunur milli hans og talsmanna Þjóðverja, þeirra Schröders utanríkisráðherra og Erhards efnahagsráðherra, að sögn Manchester Guardian Weekly frá 4. apríl.

Erhard efnahagsráðherra Þjóðverja er einn af þeim, sem mest hafa lagt sig fram um að reyna að róa hugi manna eftir áfallið í janúar. En eins og fram kemur í frægu viðtali,

sem hann átti við Süddeutsche Zeitung og birtist hinn 5. febr., gerir hann sér fulla grein fyrir, að öll hans orð og yfirlýsingar eru einungis eins konar hjálp í viðlögum, miklu meira þarf til fullrar lækningar. Í því samtali spyr blaðamaðurinn: „Hvað er hægt að gera, til þess að England geti orðið hluti sameinaðrar Evrópu? Var endapunkturinn settur í Brüssel?“ Erhard svarar: „Nei, að mínu áliti er svo ekki. Mér virðist þetta vera eins og þegar slys á sér stað. Fyrst er kallað á hjúkrunarliða, og hann er þegar reiðubúinn til að veita skyndihjálp, alveg eins og fyrir kemur á knattspyrnuvelli. Hjúkrunarliðar eru hins vegar ekki sóttir til þess að lækna sjúkdóminn, í þessu tilfelli mjög slæman sjúkdóm.“ Síðar í samtalinu segir Erhard: „Ég lít á mig sem skottulækni, ef ég héldi því nú fram eftir áfallið mikla í Brüssel, að ég réði yfir einhverju undrameðali. Skoðun mín er þessi: Það þarf meira til en klastra upp á hlutina með plástrum. Rækileg læknismeðhöndlun er það eina, sem dugir.“

Erhard segir berum orðum, hvert hann telji læknisráðið vera. Það er að leita til Bandaríkjamanna: „Þeir verða að hjálpa okkur að sprengja þá skel, sem Evrópa virðist aftur vera að lokast inn í. Slíkt getur aðeins tekizt fyrir tilverknað brennandi hugsjónar, sem fyllir fólkið eldmóði.“ Þetta eru orðrétt ummæli Erhards, og hann bætir síðan við: „Meginviðfangsefni okkar verður áfram að sýna það ótvírætt, að ekkert fái rofið pólitíska samheldni okkar og vestrænna þjóða, — ekkert og enginn, vildi ég segja, því að hvar stæðum við, ef við hefðum ekki getað treyst bandamönnum okkar, einkum Bandaríkjum Norður-Ameríku?“

Gegnum allt samtalið gengur það eins og rauður þráður, að það eru ekki fyrst og fremst Bretar, sem Erhard er að hugsa um, þó að hann vilji samstarf við þá, heldur eru það Bandaríkjamenn og viðtækt samstarf undir þeirra forustu, sem hann leggur megináherzlu á. Annað telur hann skottulækningu, sem að litlu gagni muni koma.

En það er ekki einungis Erhard, hinn fremsti meðhaldsmaður aðildar Breta innan Efnahagsbandalagsins, sem telur, að alveg ný viðhorf hafi skapazt við synjun de Gaulles. Einn af ákveðnustu andstæðingum aðildar Noregs í Efnahagsbandalaginu er Verkalýðsflokksmaðurinn Trond Hegna, formaður fjárhagsnefndar norska Stórþingsins. Hann skrifar í 3. hefti „Nordisk kontakt“ grein um hin nýju viðhorf, sem skapazt hafi fyrir Norðurlöndin vegna atburðanna í janúar. Þar rekur hann fyrst, hvernig mismunandi afstaða til Efnahagsbandalagsins hafi horft til nýs aðskilnaðar og klofnings milli norrænu landanna fimm. Síðan segir hann: „Og svo erum við komnir að fundinum í Osló 1963. Hver sem ástæðan kann að vera, hvort sem það eru góð öfl eða ill, hvort sem það er tilviljun eða breytileiki heimsins, sem hefur leitt til niðurstöðunnar, þá er einn hlutur viss: hið liðna er horfið, og allt er orðið nýtt.“ Í framhaldi þessa, segir hann síðar um norrænu löndin fimm: „Ekkert er bundið sérstökum fjárhagsskuldbindingum við önnur lönd og mun ekki verða það í fyrirsjáanlegri framtíð.“

Og það eru fleiri en beinir þátttakendur í deilunni um aðild Evrópuþjóða að Efnahagsbandalaginu, sem telja, að slík fjölgun sé úr sögunni um fyrirsjáanlega framtíð.

Bandarískí blaðamaðurinn Sultzberger, sérfræðingur stórblaðsins New York Times í utanríkismálum, skrifaði grein í blað sitt um væntanlega heimsókn hins nýja formanns brezka verkamannaflokksins, Harolds Wilsons, til Bandaríkjanna, rétt áður en hann kom til Washington. Í greininni segir, að búast megi við því, að Harold Wilson verði, áður en langt um líður, forsætisráðherra Stóra-Bretlands. Efni greinarinnar er það að sýna fram á, að Bandaríkjastjórn þurfi ekki að kvíða samstarfi við Wilson, þeim muni koma saman um flest annað en aðild Breta að Efnahagsbandalaginu, sem Wilson er andvígur, en það skipti ekki miklu máli, því að eins og standi, sé það mál ekki aðkallandi.

Þegar til Bandaríkjanna kom, lýsti Harold Wilson sjálfur yfir því, að sögn New York Times frá 2. apríl, að ef flokkur hans fengi völdin, mundi hann „á réttum tíma og með réttum skilyrðum“ vera reiðubúinn til að taka upp samninga um aðild Breta að Efnahagsbandalaginu. En hann bætti því við, að ekki virtust neinar bráðar horfur á nýjum samningum.

Málin standa því þannig nú, að de Gaulle segir, að Bretar geti hvenær sem er fengið aðild að bandalaginu, ef þeir falli frá þeim skilyrðum, sem núverandi ríkisstjórn í Bretlandi hefur sett. Hún telur sig hins vegar hafa teygt sig svo langt sem frekast er unnt og hefur ekki sízt fyrir þá undanlátssemi goldið afhroð meðal kjósenda. Það afhroð er svo mikið, að formaður andstöðuflokksins er þegar farinn að ferðast um til að sýna sig sem væntanlegan forsrh. Stóra-Bretlands og sjá aðra, sem hann þá ætlar að hafa samvinnu við. Hann segir, eins og de Gaulle, að víst komi aðild Breta að Efnahagsbandalaginu til mála, ef — og þá kemur það, sem skilur á milli og úrslitum ræður — Frakkar fallist á ný viðbótarskilyrði af hálfu Breta umfram þau, sem íhaldsstjórnin hefur sett og de Gaulle hefur þverneitað.

Um afstöðu stuðningsmanna bandalagsins í Bretlandi má lesa í forustugrein Manchester Guardian Weekly, hinn 11. apríl, en það blað hefur mjög eindregið stutt inngöngu Breta í þetta bandalag. Þar segir: „Ekki eru margir, sem geta hugsað sér að taka upp samninga, jafnvel eftir að de Gaulle er farinn frá. Brezkur iðnaður óskar ekki nýs, langs óvissutímabils, og brezkir stjórnmálamenn hafa ekki lyst á að endurtaka Brüssel-reynsluna. Jafnvel þó að synjan de Gaulles hefði ekki komið til, hefðu skilyrðin, sem líkleg voru, verið skaðsamleg. Betra kynni að hafa verið fyrir okkur að fallast hreint og beint á Rómarsáttmálann og

semja innan frá í bandalaginu, en eftir 4—5 ár héðan í frá mun bandalagið hafa tekið þeim þroska, að slíkt mundi óframkvæmanlegt.“

Þessar eru staðreyndir málsins. Fram hjá þeim verður með engu móti komizt, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Íslendingar ráða engu um þróunina í þessu, og við gerum okkur broslega, ekki einungis í augum annarra, heldur okkar eigin, ef við ímyndum okkur, að við vegna væntanlegra kosninga hér getum lagað atburðarásina í okkar hendi. Nauðugir, viljugir verðum við að bíða og sjá, hvað setur. Hið liðna er horfið, en enginn veit, hvað við tekur. Þess vegna sýnist flest þarfara en að eyða orku og tíma í að þræta um það, sem liðið er, hvað þá nú eftir á að vera að búa til ágreining um það, sem aldrei var ágreiningur um að efni til milli lýðræðisflokkanna, því að þegar menn tala um annaðhvort aukaaðild að Efnahagsbandalaginu eða viðskipta- og tollasamning við það, ef til hefði komið, þá er það einungis ágreiningur um form, en ekki efni. Hv. framsóknarmenn játa sjálfir, að þeir hafi lengi vel talið aukaaðild æskilegt form, en horfið frá því, þegar þeir seint og um síðir fengu vitneskju um, að hugsanlegt væri að gera tolla- og viðskiptasamning við bandalagið. Það tjáir ekki nú eftir elleftu stundu að láta svo sem aukaaðild hljóti að hafa einhverjar ákveðnar okkur óhagkvæmar skuldbindingar í sér fólgnar. Framsóknarmenn vita jafnvel og aðrir, að aukaaðild getur náð yfir 1—99% skuldbindinga Rómarsamningsins. Það fer allt eftir því, hvernig um semst. Framsóknarmenn vita einnig ofur vel, að aukaaðildarsamningur þarf alls ekki að leiða til fullrar aðildar síðar, svo sem glögglega hefur komið fram í viðræðum Svía, Svisslendinga og Austurríkismanna við fulltrúa Efnahagsbandalagsins. Þá er það og hrein fjarstæða, að viðskipta- og tollasamningur tryggi, að viðsemjendur fitji ekki upp á ýmiss konar réttindaveizlum sér til handa gegn því að veita viðskipta- og tollaívilnanir. Hvernig sem að er farið, reynir hvor aðili í þessum samningum sem öðrum að gæta sinna hagsmuna, lætur ekkert af höndum, nema hann telji sig fá jafnvirði í staðinn. Slíkur er lífsins gangur, frá honum sleppum við ekki fremur en aðrir.

Aðild annarra Vestur-Evrópuríkja að Efnahagsbandalaginu mundi óhjákvæmilega hafa skapað okkur mikinn vanda. Frá þröngu eiginhagsmunasjónarmiði Íslendinga getum við því grátið þurrum tárum yfir því, að úr þessari stækkun bandalagsins virðist lítt ætla að verða í bráð. Ég segi þetta ekki vegna þess, að við sjálfstæðismenn hefðum skotið þessum vanda fram af okkur, ef hann hefði að höndum borið, slíkt er ekki okkar háttur. Þó að við teljum þýðingarlaust að deila um það, sem ekki hefur orðið, þá gerum við okkur fullljóst, að aukið samstarf þjóða í milli, einnig í efnahagsmálum, er fyrr eða síðar mögulegt í einhverri mynd. Á meðan með öllu er óvíst, til hverra það nær og hversu viðtækt það kann að verða, er þýðingarlaust að tala um einstök efnisatriði, hvað þá form. En meginstefnan er ljós, það er sama stefnan, sem við höfum frá upphafi fylgt gagnvart Efnahagsbandalaginu. Ég skal því rekja hana nokkuð og það því fremur sem andstæðingar okkar hafa þar mjög hallað réttu máli. Því erum við raunar svo vanir, að ég mundi láta það mér í léttu rúmi liggja, en um leið og ég hrek ásakanir þeirra, geri ég samtímis grein fyrir framtíðarstefnu okkar, hvenær sem á reynir.

Eftir að Bretar höfðu sótt um aðild að Efnahagsbandalaginu, var það almenn skoðun seinni hluta sumars 1961, að öll eða nær öll Evrópuríki vestan járntjalds mundu með einum eða öðrum hætti reyna að tengjast þessu bandalagi og öruggasta leiðin til þess að ná hagkvæmum samningum við það væri að sækja um aðild. Með öðrum hætti yrði ekki kannað til hlítar, hvaða kostir væru í boði, enda væri hægurinn hjá að leita lausari tengsla eða hætta samningsgerð, ef aðgengileg kjör fengjust ekki.

Þessi skoðun kom fram hjá samtökum allra meginatvinnuvega Íslendinga, sem ríkisstj. leitaði álits hjá sumarið 1961, nema Alþýðusambandi Íslands. Það eitt lagðist gegn því, að við sæktum um aðild. Hin öll, þ. á m. Samband ísl. samvinnufélaga og bændasamtökin, voru hlynnt því, að við legðum fljótlega fram inntökubeiðni í Efnahagsbandalagið. Undir þessa skoðun tók Morgunblaðið hinn 19. ágúst 1961 og sagði hana rétta, „einkum þegar það er haft í huga, að við getum á hvaða stigi sem er hætt samningaumr.,“ eins og segir í blaðinu. Um þetta meginatriði þegja framsóknarmenn, þegar þeir vitna í þessa Morgunblaðsgrein. Þessi skoðun, sem flestir aðrir en kommúnistar höfðu þá, var skýrt orðuð í samþykkt, sem gerð var á þingi ungra sjálfstæðismanna, sem haldið var á Akureyri, fyrri hluta september 1961. Samþykkt hinna ungu manna hljóðar svo:

„Þingið telur rétt, að Ísland sæki um upptöku í Efnahagsbandalag Evrópu, svo að unnt sé að fá sem gleggstar upplýsingar og viðræður um réttindi og skyldur vegna slíkrar upptöku. Síðan skuli metið, hvort æskilegt sé að óska aðildar að þessu bandalagi.“

Rétt eftir að þessi samþykkt var gerð, eða um miðjan september 1961, tók ég við störfum forsrh. og gegndi þeim í forföllum Ólafs Thors til ársloka. Á þessu tímabili gafst mér nokkrum sinnum færi á að ræða opinberlega um afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins og setti þar fram skoðun ríkisstjórnarinnar á málinu, sem Sjálfstfl. hefur óhikað fylgt. Það fyrsta, sem ég sagði um þessi efni, var við norskan blaðamann, sem talaði við mig hinn 20. sept. 1961. Samtal þetta birtist m. a. í Sunnmörsposten í Álasundi hinn 26. sept., þ. e. tveimur dögum áður en samráðh. mínir áttu viðtölin í Bonn, sem stjórnarandstæðingar hafa hér á Alþingi fullyrt að gerbreytt hafi afstöðu ríkisstj. til þessa máls, og geta ummæli mín

með engu móti verið til orðin vegna áhrifa af þeim samtölum, sem síðar fóru fram. Sunnmörsposten hefur þetta eftir mér m. a.:

„Ísland hefur enn ekki gert sér ljóst, hverja afstöðu við eigum að taka til Efnahagsbandalagsins. En mikill áhugi er fyrir málinu, bæði meðal stjórnmálamanna og almennings. Greinilegt er, að margir erfiðleikar eru á því fyrir okkur að ganga í bandalagið, eftir því sem málin liggja nú fyrir. En það eru einnig miklir erfiðleikar á því að vera utan við.

Þetta er ein af viðurhlutamestu ákvörðunum, sem Ísland hefur þurft að taka lengi. En við erum ekki komnir svo langt, að við getum sagt, hver úrslitin verða að lokum. Enn hafa hvorki flokkarnir — nema kommúnistar — né ríkisstj. myndað sér neina skoðun um, hvernig við eigum að meta málið.

Fyrir Noreg er erfitt að taka ákvörðun um aðild að Efnahagsbandalaginu, það skiljum við. En það er enn þá erfiðara fyrir Ísland. Noregur hefur náð miklu lengra í uppbyggingu atvinnu- og efnahagslífs. Það er erfiðara fyrir okkur, sem ekki erum komnir jafnlangt.

Ég vil ekki segja neitt jákvætt, hvorki með né á móti aðild að Efnahagsbandalaginu."

Hefur hlutleysið, hreint pólitískt, nokkra þýðingu? spyr blaðamaðurinn.

„Það hefur hvergi nærri sömu þýðingu eins og í Sviþjóð. Það eru önnur atriði, sem munu vega þungt, t. d. rétturinn til atvinnurekstrar. Á Íslandi geta lifað miklu fleiri menn en nú. Frjáls vinnumarkaður í svo litlu landi sem Íslandi er ekki jafneinfaldur eins og í landi, sem þegar áður hefur náð langt í iðnvæðingu."

Hinn mikli fiskútflutningur frá Íslandi mun sennilega hafa mikla þýðingu, þegar þið takið afstöðu? spyr blaðamaðurinn.

„Já, ef Ísland yrði útilokað frá hinum stóru mörkuðum í Efnahagsbandalagslöndunum, mundi það verða alvarlegt áfall fyrir landið. Við höfum haft sterkast viðskiptasamband við löndin í Vestur-Evrópu, svo verður og sennilega í framtíðinni. Við seljum einnig til Sovét og annarra landa í austri.

Enginn getur sagt skilyrðislaust já við Efnahagsbandalaginu í dag."

Þetta er útdráttur þess, sem Sunnmörsposten hafði eftir mér.

Nokkrum dögum eftir að ég átti þetta blaðaviðtal, vék ég að sama efni í ræðu, sem ég hélt hinn 24. sept. á samkomu í hátíðasal Oslóarháskóla, og sagði m. a.:

„Enn í dag hefur fordæmi ykkar" — þ. e. Norðmanna — „ómetanlega þýðingu fyrir okkur. Aðild Noregs að Atlantshafsbandalaginu hafði úrslitaáhrif á Íslandi. Eins kann að verða um þau miklu efnahagssamtök, sem nú er verið að efna til. Er ljóst, að gallarnir við frjálsan vinnumarkað og rétt til stofnunar og rekstrar atvinnutækja eru því meiri, sem þjóðin er minni og land hennar minna nýtt, en hættan á einangrun e. t. v. einnig meiri. Í þessum efnum er bæði Noregi og Íslandi mikill vandi á höndum. Íslendingar hafa þess vegna ríkan áhuga fyrir nánu samráði við Norðmenn um lausn þessa vanda."

Raunar hafði ég fyrr í þessu erindi vikið að ýmsum þeim atriðum, sem úrslitaþýðingu hafa um afstöðu okkar til Efnahagsbandalagsins. T. d. spurði ég:

„Getur svo fámenn þjóð hagnýtt svo stórt og erfitt land, þannig að það verði henni ekki ofviða? Og þá ekki síður: Getur svo fámenn þjóð haldið sinni eigin menningu, byggt upp nútímaþjóðfélag og haft sitt eigið ríki með öllum þeim kvöðum og skyldum, er slíku fylgja? Um þetta er það eitt að segja, að okkur kemur ekki annað til hugar en að gera það. Við segjum eins og Lúther forðum: Hér stend ég, ég get ekki annað."

Síðar held ég áfram og segi:

„Meiri hluti íslenzku þjóðarinnar veit, að hún lifir ekki ein í heiminum og verður að taka þátt í þeim alþjóðasamtökum, sem nútíminn krefst.

Öll vitum við, að þróunin sækir í þá átt, að stærri og stærri samtök ríkja myndast. Án slíkra samtaka verða möguleikar tækninnar ekki nýttir, enda krefst afnám fjarlægðanna nánara samstarfs en nokkru sinni fyrr. Samtímis því, að þessi nauðsyn verður æ augljósari, fer fram splundrun gamalla ríkisheilda, því að hver þjóð fyrir sig vill ráða sínum örlögum. Saga Íslands og raunar einnig Noregs er dæmi þessarar þróunar. Þarna sýnist hvort stríða á móti öðru.

Þegar betur er skoðað, eru andstæðurnar ekki eins miklar og í fljótu bragði virðist. Samstarf frjálsra manna hvílir á því, að það séu í raun og veru frjálsir menn, sem ákvarðanirnar taka. Skilyrði þess samstarfs, sem nú stefnir að, er, að hver þjóð hafi frelsi til ákvörðunar um, hvort hún tekur þátt í því eða ekki. Það tjáir ekki að beita kúgun, heldur verður frjáls ákvörðun hvers um sig til að koma, — ákvörðun, sem byggist á því, að eigin hagur ásamt réttmætu tilliti til annarra réði því, sem gert er.

Sumir tala um nauðsyn þess að mynda nýjar, stórar ríkisheildir. En allt slíkt, sem hefur þvingun í sér fólgna, er orðið úrelt, heyrir til liðinni tíð. Sannmæli er það, sem ég heyrði bandarískan fræðimann, sem sennilega er betur en nokkur annar að sér um þýðingu þjóðernis fyrir framvindu síðustu alda, segja á alþjóðafundi í fyrra: „Hugsið ekki um nýjar ríkisheildir. Lítið til Norðurlandanna og lærið, hvernig þjóðir geta unnið saman."

Þetta sagði ég m. a. í umgetinni ræðu í samkomusal Oslóarháskóla. Ég vek enn athygli á því, að allt var þetta sagt, áður en umr. í Bonn áttu sér stað hinn 28. sept. 1961. Eru því staðlausir stafir fullyrðingar hv. stjórnarandstæðinga hér á Alþingi um, að íslenzka ríkisstj. hafi fyrst eftir þær viðræður horfið frá því að þvinga Ísland inn í þá ríkisheild, sem þeir segja Efnahagsbandalagið vera.

Allt, sem ég sagði síðar í málinu, er í fullu

samræmi við þessar fyrstu yfirlýsingar mínar, og get ég því farið fljótar yfir það og einungis minnt á niðurstöðurnar.

Á landsfundi Sjálfstfl. 1961 komst ég hinn 19. okt. m. a. svo að orði:

„Af þeim sökum getur skilyrðislaus aðild Íslands að þessu bandalagi ekki komið til mála. Og hætt er við, að skilyrðin verði svo mörg og skapi slíkt fordæmi, að aðrir aðilar eigi erfitt með að una þeim."

Ályktun sú, sem landsfundurinn gerði um þetta mál, er mjög í samræmi við það, sem sagt var í ræðu minni, og er ályktunin á þessa leið:

„Þjóðir Vestur-Evrópu, sem Íslendingar hafa frá fornu fari haft mest og bezt viðskipti við, efla nú mjög samvinnu sína í efnahagsmálum, og er Íslandi brýn nauðsyn á að slitna ekki úr tengslum við þá þróun. Þess vegna ber að leitast við að tryggja aðild okkar að Efnahagsbandalagi Evrópu án þess að undirgangast samningsákvæði, sem hér geta með engu móti átt við."

Sama skoðun kom enn fram í ræðu, sem ég hélt á samkomu stúdenta í háskólanum hinn 1. des. sama ár. Þá sagði ég m. a.:

„Með þessu er ekki sagt, að við eigum ekki að taka þátt í efnahagssamstarfi nágranna okkar og vina. En við getum því aðeins gert það, að tekið sé réttmætt tillit til okkar óumdeilanlegu sérstöðu og sérþarfa."

Loks tók ég svo til orða í áramótagrein í Morgunblaðinu 31. des. 1961:

„Efnahagsbandalag Evrópu er í örri uppbyggingu. Fleiri og fleiri þjóðir sækjast eftir aðild í því, annaðhvort sem fullgildir félagar eða aukaaðilar. Ef úr aðild allra þeirra verður, sem nú hugleiða hana, er ótvírætt, að Íslendingum skapast mikill vandi. Innan bandalagsins myndast þá markaður, sem Íslandi er höfuðnauðsyn að útilokast ekki frá.

Jafnframt er alveg ljóst, að full skilyrðislaus aðild Íslands kemur ekki til greina. Munur á mannmergð og allri aðstöðu er slíkur, að Íslendingar geta ekki undirgengizt að láta öðrum í té þau réttindi, sem fullri, skilyrðislausri aðild eru samfara. Því meira ríður á, að rétt sé með farið. Á þessu stigi hljótum við að fylgjast náið með því, sem gerist innan bandalagsins sjálfs og í samningum þess við þá, sem nú æskja aðildar. Jafnframt verðum við að kynna öðrum afstöðu okkar, annars vegar þörf á eðlilegu samstarfi og því að útilokast ekki frá nauðsynlegum mörkuðum og hins vegar að þessu fylgi engir þeir kostir, sem skaðlausir eru fyrir stærri og öflugri þjóðir, en mundu verða afarkostir fyrir okkar fámennu þjóð, sem enn er að mestu háð harla óvissum fiskimiðum umhverfis landið."

Þessar tilvitnanir sýna, að ríkisstj. hefur frá upphafi fylgt í þessu vandasama máli stefnu fyrirhyggju og varúðar. Málið liggur nú ekki fyrir í þeirri mynd, sem ráð hafði verið fyrir gert. Um lausn vandans verður ekki dæmt, fyrr en sést, hvort hann skapast og þá hvers eðlis hann verður. Ef viðtæk efnahagsbandalög myndast, má svo fara, að ákvarðanir þeirra ráði úrslitum um okkar hag, svo smáir sem við erum, jafnt hvort sem við verðum aðili eða ekki. Kynni þá að verða eina ráðið, til þess að hagsmunir okkar verði ekki þverbrotnir, að við tengjumst þessum samtökum með einhverjum hætti. En þá má aldrei láta af þeirri varúð, sem við sjálfstæðismenn höfum viljað gæta gegn Efnahagsbandalagi Evrópu og ég hef hér að framan rifjað upp.

Slík er einnig stefna ríkisstj. Hér er um slíka lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar að tefla, að þá má aldrei gera að leiksoppi, sízt af öllu villa um fyrir mönnum með því að búa til deilur út af því, sem a. m. k. allir lýðræðissinnar eru sammála um í meginatriðum, hvað þá að skrökva því upp, að til standi að afsala rétti yfir landi eða landhelgi. Og er þá óneitanlega ólíklega til logið, þegar látið er í það skína, að ríkisstj. hafi í hyggju að gera sinn mikla sigur í landhelgisdeilunni að engu með því að veita erlendum þjóðum veiðiréttindi innan fiskveiðilögsögunnar, eftir að fullar sættir hafa náðst við Breta með endanlegri viðurkenningu þeirra á 2 mílum og okkar nýju, ómetanlegu grunnlínum. Þeir, sem slíkar sögur semja, sanna einungis, að þeir óttast umr. um hin raunverulegu úrlausnarefni, og viðurkenna þar með, að ríkisstj. hefur tekizt svo vel í gerðum sínum, að þeir vilja umfram allt hindra, að kjósendur kveði upp sinn dóm á þeim grundvelli. Þess vegna er þrautaráðið að gera okkur upp vondan vilja, sem er í algerri andstöðu við allar okkar athafnir og það, er áunnizt hefur íslenzkri þjóð til heilla, eftir að viðreisnin hófst. — Lifið heil.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Núverandi stjórnarflokkar voru vissulega örlátir á gullin loforð og glæsileg fyrirheit, þegar þeir gengu til kosninga haustið 1959. Nú er komið að lokum kjörtímabils, og er því eðlilegt og sjálfsagt að líta á, hvernig efndir hinna glæstu loforða hafa orðið. Er þar skemmst af að segja það, sem við öllum blasir, að loforðin eru annars vegar á klakki, en svikin hinum megin.

Það hefur svo sannarlega ekki reynzt kjósendunum leið til bættra lífskjara að kjósa Sjálfstfl. í seinustu kosningum, eins og hann lofaði. Spurningin er bara sú: Láta menn gabba sig í annað sinn upp á ný svikaloforð?

Þessu næst vil ég víkja að svardögunum um stöðvun verðbólgu og dýrtíðar. Heldur því nokkur maður fram, að þeir svardagar hafi verið efndir? Nei, allir verða að játa það, að þeir eiðar hafa kirfilega verið sviknir. Um það þarf engin önnur vitni en vísitölu sjálfrar hæstv. ríkisstj. Þessi dýrtíðarmælir hennar sjálfrar var stilltur á 100 í marz 1959, og mun enginn gerast til að halda því fram, að hann ofmæli dýrtíðarvöxtinn síðan. Og hvernig stendur þá þessi mælir nú? Vafalaust á 100, skyldu menn halda. Nei, ekki aldeilis, hann stendur óvart á 130. Hann sýnir sem sagt meiri dýrtíðarvöxt en nokkurn tíma áður hefur átt sér stað á Íslandi

á jafnskömmum tíma. Þetta eru efndirnar á eiðum Alþfl. og stjórnarflokkanna beggja að því er varðar stöðvun verðbólgu og dýrtíðar. Um þessa frammistöðu Sjálfstfl. og Alþfl. í lífskjara-, verðbólgu- og dýrtíðarmálum ásamt fleira gengur dómur í vor, og þar verður þú, kjósandi góður, í dómarans sæti.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, var í gærkvöld að bera blak af stjórn sinni. En hvorki fannst mér málsvörn hans vera karlmannleg né heldur fyllilega drengileg. Hann varpaði m. a. fram þessum spurningum: Hver veldur verðhækkunum? Hverjir valda gengisfalli? Við hvern er að sakast um verðbólguna? Og efnislega var svar hans: Ekki ég, ekki mín stjórn, ekki flokkarnir, sem styðja stjórnina. — En hverjum var þá að kenna þetta allt saman, og hver var sökudólgurinn? Jú, vinstri stjórnin og stjórnarandstöðuflokkarnir nú. Hvað segir þjóðin annars um þennan drengskap? Hvað segir hún um slíkan manndóm? Það, sem illa hefur farið, er ekki mér að kenna, ekki ríkisstj., sem með völdin fer, heldur fyrrverandi ríkisstj. og valdalausum stjórnarandstöðuflokkum.

Það er alkunna um illa uppalda götustráka, sem hlaupa frá pörum sínum, jafnvel þótt staðnir séu að verki, að þeir æpa á flóttanum: Ekki mér að kenna. Ég gerði það ekki. Það var hann. — En hamingjan hjálpi okkur: forsætisráðherra, það á þó að vera nokkuð annað, og um það hef ég ekki fleiri orð.

Hæstv. félmrh., Emil Jónsson, var drjúgur yfir farsællegu samstarfi við íhaldið og gat þess um leið, að nú hefði þetta nána samband staðið síðan haustið 1958, nærri 5 ár. Hversu farsælt það hefur verið þjóðinni er vissulega umdeilanlegt, að ekki sé meira sagt. Auk þess er ekki alveg óhugsandi, að miðað við Alþfl. sjálfan bæði í Hafnarfirði og annars staðar, sé annað orð en „farsællegt“ öllu betur viðeigandi um þetta íhaldssamstarf, og þyrfti þá ekki annað en hugsa sér bæjarstjórnarkosningaúrslitin í Hafnarfirði síðast. En látum það liggja.

Ráðh. viðurkenndi afdráttarlaust, að mistekizt hefði að halda niðri verðbólgunni í landinu, og það er góðra gjalda vert.

Mestum tíma varði hæstv. ráðh. til þess að mikla fyrir hlustendum endurbætur þær, sem orðið hefðu á tryggingunum í þessari stjórnartíð. Það skal játað, að bætur tryggingganna hafa hækkað allmikið að krónutölu, enda hefði óbreytt krónutala bóta þýtt stórfellda skerðingu trygginga.

Mesta lagfæringin á tryggingunum seinustu árin er afnám skerðingarákvæðanna illræmdu og að landið hefur verið gert eitt verðlagssvæði. En hvaða flokkur hafði mest barizt fyrir þessum réttlætiskröfum? Það var Alþb. Hvað ætli Alþfl. hafi oft verið búinn að fella till. mínar um, að landið yrði gert eitt verðlagssvæði, og um afnám skerðingarákvæðanna? Um það má fræðast af þskj. En það má Alþfl. þó eiga, að hann hætti baráttunni gegn þessum réttlætiskröfum, þegar engum var stætt á að hamla lengur gegn framgangi þeirra. Alþb. hefur því knúið þessar bætur á almannatryggingunum fram með þrautseigri baráttu árum saman. Það er sannleikur málsins.

Ég lít alltaf á ellitryggingarnar sem einn veigamesta þátt allra trygginga. En hvaða umbætur hafa orðið á tryggingum gamla fólksins? Ellilífeyririnn er nú 1200—1300 kr. á mánuði, og ég leyfi mér að efa, að sú upphæð hafi nú meiri kaupmátt en ellilífeyririnn hafði, þegar tryggingarnar tóku til starfa. Ellilífeyririnn hefur því orðið út undan, dregizt aftur úr, og það er ekki til að státa af, heldur blátt áfram til skammar.

Hæstv. ráðherra Emil Jónsson gleymdi ekki að guma af frv. til breytinga á almannatryggingalögunum, sem nú liggur fyrir Alþ. Það er rétt, að í því felst nokkur lagfæring á tryggingunum, og nokkrar lagfæringar munu fást á frv. í meðferð þingsins. En um tvennt þagði þó ráðherrann vandlega: Í fyrsta lagi, að þetta frv. á ekki, þótt því sé nú flaustrað gegnum þingið vegna kosninganna, að taka gildi fyrr en á árinu 1964. Í öðru lagi þagði hann vandlega um það, að þegar hann flutti í útvarpinu ræðu sína um, að búið væri að endurbæta tryggingarnar svo stórkostlega, þá var hann rétt að koma frá að fella veigamiklar till. mínar, 12 talsins, bornar fram fyrir hönd Alþb. til stórbóta á almannatryggingalögunum. Þetta var dálítið leiðinleg tilviljun, en satt er það engu að síður.

Emil Jónsson ráðherra hélt því fram, að umbætur almannatrygginganna væru mesta afrek Alþfl. En ég held, að lækkun kaups með lögum, gengislækkanir, bönn við löglegum verkföllum stéttarfélaga og harkalegir gerðardómar til að skerða kjör sjómanna séu miklu einstæðara afrek af Alþfl. og eigi raunar ekki sinn líka í veröldinni. En af hógværð sinni minntist ráðh. á ekkert af þessu í viðskiptasögu sinni sem formanns Alþfl. við verkalýðshreyfinguna.

Ég verð að játa, að mér varð hálfflökurt undir ræðu hv. þm. Eggerts Þorsteinssonar í gærkvöld. Svo virtist sem hann teldi sig og Alþfl. hafa leyst öll vandkvæði húsbyggjenda og sérstaklega unga fólksins, og þó hafði maðurinn það eitt fram að færa í þessum málum, að meira fé er nú veitt að krónutölu til húsnæðismála en t. d. árið 1958, — og mikið var. En það segir harla lítið eitt út af fyrir sig. Hitt talar skýrara máli, að samkv. útreikningum hagstofunnar kostar meðalíbúð nú 149 þús. kr. meira en sams konar íbúð kostaði 1958. En nú er algert hámark íbúðarlána hjá húsnæðismálastofnun ríkisins 150 þús. kr. í stað 100 þús. kr. áður. Lánið allt fyllir því aðeins upp dýrtíðaraukninguna síðan og ekkert umfram það. Ungi maðurinn, sem nú ætlar að byggja, stendur því líkt að vígi og ef ekkert lán hefði verið veitt til bygginga 1958. Þetta er nú öll dýrðin.

Fram á s. l. haust mátti heita, að l. um verkamannabústaði væru óvirk, og enn hafa verið veitt miklu færri lán til verkamanna-

bústaða í þessari stjórnartíð heldur en gert var á árunum 1957—59. Þá sker það svo úr, að skýrslur Framkvæmdabankans sýna, að tala fullgerðra íbúða hefur aldrei verið jafnhá og á dögum vinstri stjórnarinnar, og því verður hvorki hnekkt með leiðu sjálfshóli né skrumi út í loftið um afrek Alþfl. í húsnæðismálum. Húsbyggjendur hafa aldrei átt í jafnmiklum erfiðleikum og nú. Það er staðreyndin.

Það er vandalaust fyrir kjósandann að gera upp við sig, hvort hann vill framlengja völd stjórnarflokkanna eða hvort hann vill það ekki. En Framsfl. reynir oft að villa á sér heimildir. Hann er, eins og allir vita, milliflokkur og kastar sér ýmist til hægri eða vinstri. Nú rekur hann mikinn vinstri áróður. En hvað hyggst þessi flokkur gera eftir kosningar? Ætlar hann að nota atkvæði vinstri manna til að komast í stjórn með íhaldinu? Hyggst hann ef til vill safna undir sig vinstra fylgi til stuðnings hægri stefnu? Við þessum og þvílíkum spurningum verða vinstrisinnaðir kjósendur að fá svör og því fyrr því betra. Mikla athygli hafa þau vakið, ummæli Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstfl., um þetta, sem hann viðhafði í þingræðu hinn 13. febr. s. l., en þá sagði hann á þessa leið:

„Það getur vel verið, að þið framsóknarmenn getið með þessu náð því, sem þið augsýnilega ætlizt til, að afla vinstri atkvæða til þess að semja svo við Sjálfstfl. um að koma með honum í stjórn eftir kosningar. Það getur vel verið, að þið getið með þessu fengið því áorkað, úr því að þið teljið það nú orðið þá mestu gæfu, sem þið tölduð hina mestu ógæfu 1955. Ég vonast til þess, að það verði maklegur hrís á ykkur, ef þið komið í stjórn með okkur aftur."

Þetta voru orð Bjarna Benediktssonar. En Ólafur Thors forsrh. vék að þessu sama í ræðu sinni í gærkvöld. Hann hafði að vísu engan refsivönd á lofti, en kvaðst mundu hafa gaman af því að sjá þá Þórarin og Eystein stíga viðreisnardans, ef svo vildi verkast.

Vegna þess, hvað hér er um þýðingarmikið pólitískt málefni að ræða, spyr ég beint og óska þess, að ræðumenn Framsóknar, sem hér tala á eftir mér, svari þessari spurningu afdráttarlaust, játandi eða neitandi: Er það útilokað með öllu, að Framsfl. fari í stjórn með Sjálfstfl. eftir kosningar? Komi við þessu játandi svar, teldi ég það hreinsa loftið verulega, en þögn eða loðið svar þýðir, að þeir geti þrátt fyrir allt hugsað sér að fara undir vöndinn hans Bjarna eða í dansskóla viðreisnarinnar til ballettmeistarans Ólafs Thors. Ég vænti um þetta skýrra svara.

Framsókn má ekki fá þá afsökun eftir kosningar, að enginn möguleiki hafi verið til vinstra samstarfs um stjórn landsins. „Þess vegna hef ég nú hallað mér að íhaldinu," gæti hún þá sagt. Glæsilegur sigur Alþb. er einn þess megnugur, að vinstri sjónarmiðin ráði einnig í Framsókn eftir kosningar.

Það var víst hæstv. félmrh., Emil Jónsson, sem sagði, að það væri forkastanlegt af stjórnarandstöðuflokkunum að vera að draga afstöðuna til Efnahagsbandalags Evrópu inn í dægurþrasið. Þvílíkt afbrot, að ræða slíkt mál við íslenzka kjósendur! Ég mun samt hiklaust leyfa mér að gera það.

Hæstv. félmrh. sagði, að það væri hart, að ráðizt væri á ríkisstj. ekki aðeins fyrir það, sem hún hefði gert, heldur einnig fyrir það, sem hún hefði ekki gert. Nú væri ráðizt á stjórnina fyrir það, að hún hefði í hyggju að innlima Ísland með einhverjum hætti í Efnahagsbandalag Evrópu. Ekki hefði hún gert það enn. Ráðh. staðhæfði, að af hálfu stjórnarinnar hefði ekkert verið gert í þessu máli annað en kanna málið. Þetta eru hin mestu ósannindi, sem hæstv. ráðh. hefði getað sagt um þessi mál. Ríkisstj. hefur gert miklu meira. Hún og flokkar hennar með öllum blaðakosti þeirra hafa frá því um miðjan ágúst í fyrra og fram að þessu rekið látlausan og linnulausan áróður fyrir því, að Ísland gengi með einhverjum hætti í Efnahagsbandalag Evrópu.

Um miðjan ágúst í fyrra stefndi ríkisstj. saman fulltrúafundi 14 helztu félagssambanda atvinnuveganna og krafðist tafarlausrar umsagnar þeirra, hvort ekki væri rétt, að Ísland sækti þá strax um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Þau skilaboð fylgdu með frá ríkisstj., að málið þyldi enga bið. Ríkisstj. knúði fram jákvætt svar frá öllum þessum fulltrúum nema frá fulltrúum Alþýðusambandsins, og Morgunblaðið skýrði frá því með stærsta fyrirsagnaletri sínu á fyrstu síðu, að nú væru fengin meðmæli frá öllum helztu atvinnuvegum þjóðarinnar með því, að ríkisstj. sækti um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Morgunblaðið sagði m. a. orðrétt:

„Með því að sækja um inngöngu geta Íslendingar haft áhrif á það, hvernig málum verður háttað. Ef við leggjum ekki fram inntökubeiðni nú, verðum við frá upphafi einangraðir. Þannig er það beinlínis þjóðhættulegt að draga það að gæta hagsmuna okkar."

Og það fylgdi með, að enginn ærlegur Íslendingur gæti verið á móti svo sjálfsögðum hlut. Alþýðusambandið væri með andstöðu sinni að þjóna hagsmunum Rússa eins og ævinlega.

Í októbermánuði gerði landsfundur Sjálfstfl. samþykkt um, að Ísland ætti tafarlaust að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu. Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur verið að burðast við það hér á Alþingi að skýra þetta svo, að ætlunin með umsókn um inngöngu hafi aðeins verið að kanna, með hvaða skilyrðum Ísland gæti orðið aðili að Efnahagsbandalaginu. Í því sambandi vil ég spyrja: Ætlar ráðh. að játa það, að hann og ríkisstj. öll hafi verið þeir glópar, að þeir hafi ekki vitað það í okt. 1962, að æðstu stofnanir Efnahagsbandalags Evrópu höfðu þá ákveðið, að hvert ríki, sem sækti um inngöngu í Efnahagsbandalagið, yrði með umsókninni sjálfri að játast skilyrðislaust undir alla skilmála Rómarsáttmálans, ella yrði umsóknin ekki tekin fyrir? Hver einasta umsókn um inngöngu í Efnahagsbandalagið, hvort sem er um

fulla aðild eða aukaaðild, verður að fela í sér skuldbindingu viðkomandi ríkis um að leyfa frjálsan innflutning fjármagns og vinnuafls og atvinnurekstur útlendinga í landi sínu. Allar þær umsóknir, sem nú liggja fyrir um aðild eða aukaaðild að Efnahagsbandalaginu, fela í sér viðurkenningu á þessum grundvallaratriðum. Ég skora því á hv. talsmenn stjórnarflokkanna, sem hér eiga eftir að tala, að hrekja þetta með aðstoð sérfræðinga sinna, ef þeir geta það.

Ríkisstj. þýðir ekki að halda því fram nú, að af hennar hálfu hafi ekkert verið gert nema að kanna málið. Hún hefur mánuðum saman látið svokallaða sérfræðinga sína reka áróður fyrir stefnu sinni í málinu. Ég skal nefna nokkra þeirra:

Már Elísson, sérfræðingur Sjálfstfl. í efnahagsmálum og sjávarútvegsmálum, sagði, að áhrif þess að standa fyrir utan Efnahagsbandalagið yrðu hörmuleg. Niðurstaða hans var orðrétt svo: „að nauðsynlegt sé að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu innan skamms. Ég mundi telja heppilegast samningsaðstöðunnar vegna að byrja sem fyrst," þ. e. að sækja um fulla aðild.

Annar sérfræðingur og þm. Sjálfstfl., Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, sagði orðrétt: „Við þurfum að sækja um aðild að bandalaginu heldur fyrr en seinna. Það, sem ég óttast," sagði hann, „ef við bíðum lengur, er að við komum að fullbyggðu húsi, sem við getum ekki fengið neina breytingu á, eins og okkur mundi henta."

Engir hafa þó gengið lengra í áróðrinum en aðalsérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum, þeir Jónas Haralz og dr. Jóhannes Nordal bankastjóri. Hinn síðarnefndi hefur lagt megináherzlu á það í sínum málflutningi, að ekkert komi til greina fyrir Íslendinga nema full aðild eða aukaaðild.

Hér á Alþingi hefur hæstv. forsrh. útmálað það fyrir þingheimi, hvílíkt hörmungarástand biði Íslendinga, ef þeir yrðu útilokaðir frá Efnahagsbandalagi Evrópu. Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur og sagt frómt frá því eftir heimildum frá æðstu mönnum Efnahagsbandalagsins, að aukaaðild kosti samninga um viðkvæm mál, þ. á m. um atvinnurekstur útlendinga hér á landi, þ. á m. rétt þeirra til fiskiðnaðar þeirra hér, sem auðvitað mundi opna þeim íslenzka landhelgi. Og bæði hann og hæstv. dómsmrh. hafa lagt megináherzlu á það í ræðum sínum hér á Alþingi, að við verðum með einhverjum hætti að tryggja okkur, að við getum tekið þátt í störfum og stofnunum Efnahagsbandalagsins og haft þar með áhrif á stefnu þess. „Rödd Íslendinga verður að heyrast í Brüssel," sagði Bjarni Benediktsson. Nú hefur verið upplýst hér á Alþingi alveg ómótmælt af öllum og einnig af þessum ráðherrum, að aldrei hafi verið gert ráð fyrir því, að aukaaðildarríki gæti tekið nokkurn þátt í störfum eða stofnunum Efnahagsbandalagsins eða geti haft áhrif á stefnu þess.

Þessi ummæli ráðh. hér á Alþingi sýna ómótmælanlega, að það er jafnvel eitthvað meira en venjuleg aukaaðild Íslands, sem fyrir þeim vakir. Aukaaðild er það allra minnsta, sem þeir geta sætt sig við. Það er alveg uppvíst og óumdeilanlegt, að aukaaðild þýðir, að Íslendingar verða að endurskoða stefnu sína varðandi fisklandanir útlendinga hér á landi, eins og Gylfi Þ. Gíslason hefur komizt að orði, hleypa útlendingum eða útlendum auðhringum inn í íslenzkan fiskiðnað og þar með inn í íslenzka landhelgi. Ræður hæstv. ráðh. eru geymdar í þingtíðindunum og sýna það og sanna, að þeir vilja a. m. k. aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalaginu. Þeir vilja koma Íslandi í þetta nýja ríki auðhringanna í Evrópu, ef þeir geta það, og nú segja þeir: Málið er úr sögunni, af því að Bretar gengu ekki í Efnahagsbandalagið í vetur. — Æðstu menn Efnahagsbandalagsins í Vestur-Þýzkalandi og fleiri ríkjum hafa margsagt opinberlega, að þess verði ekki langt að bíða, að Bretar verði teknir í Efnahagsbandalagið. Það strandaði ekki á neinum efnahagslegum skilyrðum, Bretar voru búnir að ganga að þeim öllum. Það strandaði á samningum um kjarnorkuvopn Atlantshafsbandalagsins, og það mál verður að leysa, ef það bandalag á ekki að verða úr sögunni. Það mál eru Bandaríkin nú að leysa, því að þeim er vel ljóst, að verði það ekki leyst, verða þau að flytja allan sinn her, 450 þús. manns, burt úr Evrópu. Það mál verður leyst og þá geta Bretar gengið í Efnahagsbandalagið og munu gera það. Íslendingum er því óhætt að trúa því, að Adenauer kanslari og aðrir æðstu menn Efnahagsbandalagsins, sem fullyrða, að Bretar verði komnir í Efnahagsbandalagið innan tíðar, vita meira um það mál heldur en Gylfi Þ. Gíslason og Bjarni Benediktsson báðir til saman, sem vilja nú segja íslenzku þjóðinni það, að allt þetta mál sé úr sögunni.

Við þekkjum stefnu ríkisstj. í málinu og getum sannað þjóðinni hana með óteljandi tilvitnunum í ræður ráðh. og ræður sérfræðinga ríkisstj. Öll meðferð ríkisstj. á þessu máli einkennist bæði af blindni og sviksemi. Íslenzka þjóðin verður því að vera á verði, halda vöku sinni og vera sjálfri sér trú. Þá mun núv. stjórnarherrum ekki gefast neitt tækifæri til þess að leiða þjóðina inn í Efnahagsbandalagið og tortíma þar með sjálfstæði hennar og sjálfsforræði.

Herra forseti, að lokum þetta: Tilkynning sú um sameiginleg framboð og samstöðu Alþb. og þjóðvarnarmanna í kosningunum 9. júní n. k., sem Karl Guðjónsson birti í ræðu sinni í gærkvöld fyrir hönd Alþb., hefur vakið mikla athygli um allt land. Hún hefur glatt allt vinstri sinnað fólk í landinu. Hún hefur vakið ergi og ugg í röðum stjórnarflokkanna. Það er ekki sízt afstaðan til Efnahagsbandalags Evrópu, sem veldur því, að miklu fleiri en nokkru sinni áður eru nú staðráðnir í því, þrátt fyrir margvíslegan skoðanamun um önnur mál, að berjast saman undir merki Alþb. í kosningunum í vor. Þar er baráttan gegn innlimun Íslands í Evrópustórveldið, baráttan fyrir sjálfstæði Íslands í framtíðinni, sem öllu öðru fremur sameinar áður sundruð öfl og dreifða

krafta. Undir slíkum kringumstæðum mega engin atkv. vinstrisinnaðra manna falla dauð niður. Sameinum því kraftana, sósialistar, jafnaðarmenn, þjóðvarnarmenn og vinstrisinnaðir framsóknarmenn. Alþb. eitt getur afdráttarlaust lýst yfir ákveðinni stefnu í Efnahagsbandalagsmálinu. Leggjum nú öxl við öxl í baráttunni fyrir því, að völdum stjórnarflokkanna verði endanlega hnekkt hinn 9. júní.

Við höfum orðið síðbúnari en hinir flokkarnir með framboðslista okkar. Satt er það. En það var vegna nauðsynlegra viðræðna um grundvöll vinstra samstarfs á breiðara grundvelli en áður. En nú er okkur ekkert að vanbúnaði. Nú sprettum við upp eins og stálfjöður og krefjum alla andstæðinga innlimunar og afturhalds í landinu heila hildar til undir merki Alþb. Drögum ekki af okkur! Sækjum fram og sigrum þann 9. júní! — Góða nótt.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Stjórnarflokkarnir minntust talsvert á vinstri stjórnina, aldrei þessu vant, í ræðum sínum í gær, og mér skildist á umr., að Alþfl. hefði aldrei tekið þátt í henni. Mér finnst það sök sér, þótt forsrh. reyni að velta syndabyrðum sínum yfir á vinstri stjórnina, það er honum líkt. En er þetta stagl ekki orðið nokkuð broslegt?

Óvefengjanlegar staðreyndir sanna, að 1958 var afkoma ríkissjóðs góð. Þá safnaðist verulegur erlendur gjaldeyrir, lífskjör fólks voru betri að áliti erlendra sérfræðinga en nokkurs staðar í Evrópu. Þá var það, að Einar Olgeirsson, eins og hann sjálfur skýrði frá í þingræðu, tók höndum saman við íhaldsforkólfana, fékk þá til að beita sér fyrir því að bjóða enn meiri kauphækkanir. Þessar miklu kauphækkanir hlutu að valda nýrri dýrtíðaröldu, nema ráðstafanir væru gerðar. Þetta sagði ég þjóðinni, og þegar samstarfsflokkarnir neituðu að gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn dýrtíð, baðst ég lausnar, eins og mér var siðferðilega skylt.

Fyrsta ganga stjórnarflokkanna var að taka aftur með lögum frá Alþingi kauphækkunina, sem þeir höfðu áður beitt sér fyrir, og eyða þannig dýrtíðaröldunni, sem þeir höfðu sjálfir reist. Látum svo þjóðina um það, hvors framkoma er drengilegri. En ef núv. stjórnarflokkar væru í raun og veru að glíma við afleiðingar dýrtíðar frá 1958, væru þeir sannarlega að fást við draug, sem þeir sjálfir vöktu upp.

En við skulum nú velta því fyrir okkur örlitla stund, hvað kosningar eru í raun og veru.

Kosningar eru samningur milli kjósenda og frambjóðenda. Frambjóðandi lýsir þeirri stefnu, sem hann ætlar að fylgja, og gefur stundum fyrirheit um framkvæmd í einu og öðru, ef hann fái valdaaðstöðu. Kjósandinn greiðir frambjóðandanum atkv. í þeirri von og vissu, að hann geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að framkvæma það, sem hann hefur lofað, og lofi ekki öðru en því, sem hann hefur ætlað sér að framkvæma. Í trausti þess er frambjóðandi kosinn. Stjórn, sem getur ekki efnt orð sín, verður að taka afleiðingunum af því og segja af sér.

Það er því ekki úr vegi, heldur þvert á móti skylt nú, þegar kjörtímabilið er á enda og á að velja þm. að nýju, að gera sér grein fyrir, hver þau loforð voru, sem núv. stjórnarflokkar eða þm. þeirra voru kosnir til að framkvæma og hvernig þeir hafa haldið þau loforð. Eftir efndunum skulu þeir dæmdir, og nú er komið að því, að sá dómur verði upp kveðinn.

Flestum mun í fersku minni loforð stjórnarflokkanna um stöðvun verðbólgu og dýrtíðar, sem aldrei verður of oft minnt á. Kjósendur hafa fengið út á þetta loforð óðadýrtíð, Evrópumet í dýrtíð, alveg þveröfugt við það, sem lofað var. Þjóðin rekur sig á staðreyndir þess daglega, að dýrtíðin hefur aldrei verið meiri, og forsrh. sá þann kost vænstan að játa þetta í síðustu áramótaræðu. Segir hann orðrétt: „Hins vegar játa ég hispurslaust, að enn hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar.“ Og enn segir ráðh.: „En takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir dyrum.“ Það er satt, það er beinn voði fyrir dyrum, og því veldur svokölluð viðreisn, því að þótt verðbólgan hafi farið hratt, fer hún enn hraðar eftir kosningarnar. Þar er lögmál viðreisnarinnar að verki. Þessi hæstv. forsrh. er svo með derring og hótanir við þjóðina um það að halda stefnunni áfram lengra út í voðann, hvað sem niðurstöðu kosninga líði.

Stjórnarflokkarnir fengu sig kosna upp á það loforð að bæta lífskjör almennings. Fáir munu geta neitað því, að ríkisstj. hefur stefnt að því markvisst að skerða kaupgetuna, svo að samkv. útreikningum hagstofunnar getur meðal-verkamannafjölskylda ekki lengur dregið fram lífið nema með stórfelldri eftirvinnu árið um kring.

Í kaupgjaldsmálum lofaði ríkisstj. því, að þau yrðu látin afskiptalaus. Kaupgjald átti að leita jafnvægis með frjálsum samningum milli verkamanna og atvinnurekenda. Efndirnar eru þessar: Núv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað tekið í sínar hendur ákvörðun kaupgjalds í landinu með brbl., gerðardómum, gengisfellingum og fleiri þvingunarráðstöfunum.

Af þessari ríkisstj. var fyrrv. ríkisstj. borið það á brýn, að þær hefðu tekið svo mikil lán erlendis, að landið væri að sökkva í skuldum. En hvað hefur gerzt síðustu 4 árin, síðan 1958. Ríkisskuldirnar hafa hækkað. Skuldir þjóðarinnar út á við hafa hækkað. Ný erlend lán hafa verið tekin, án þess að um nýjar stórframkvæmdir hafi verið að ræða.

Frambjóðendur stjórnarflokkanna kepptust við að lýsa því yfir fyrir síðustu kosningar, að þeir ætluðu að láta stækka landhelgina og standa fast á rétti Íslands. En hverjar eru efndirnar? Landhelgin var minnkuð. Bretum var leyft að fiska innan 12 mílna landhelginnar, a. m. k. um skeið. Með nauða- og smánarsamningi var landgrunnið, sem við höfðum með lögum frá 1948 lagt undir okkar lög-

sögu, viðurkennt sem opið haf utan 12 mílna, — viðurkennt, að á þessu svæði megum við engu ráða nema fá til þess samþykki Breta eða alþjóðadómstóls.

Landið helgar þjóðinni landgrunnið. Ef ekki væri landgrunnið, væri lítt lífvænlegt á Íslandi. Með hraðvaxandi fólksfjölgun er vaxandi nauðsyn á því, að við nýtum landgrunnið allt. Er auðsætt, að ríkisstj. hefur afsalað rétti niðja okkar til þess að lifa í landinu, þegar fólkinu fjölgar.

Hver þorir að treysta því, að stjórnarflokkarnir framlengi ekki undanþágurnar núna á næstunni?

Nokkur dæmi hafa verið rakin um loforð og kosningaefndir, og ég skal ekki nefna fleiri. Áhrif kjósendanna og vald verður ekki mikils virði, þegar svona er unnið.

Og nú koma frambjóðendur stjórnarflokkanna til ykkar, kjósendur góðir, á ný og tala sem minnst um gömlu loforðin, en bjóða ykkur þeim mun meira af nýjum loforðum. Þessi nýju loforð eigið þið að taka fyrir góða og gilda vöru. Nú vantar ekki blíðmælin í launa- og kaupgjaldsmálum eftir allan ofstopann í þeim málum allt kjörtímabilið. Svo glotta menn og hvísla bak við tjöldin: Vitanlega tökum við þetta allt saman af þeim aftur eftir kosningar með gengisbreytingu.

Ég ætla ekki að telja allar þær tegundir af kosningagóðgæti, sem nú er borið á borð fyrir kjósendur. En ef kjósendur gína við þessu góðgæti eftir reynsluna af því, sem borið var á borð fyrir þá eftir síðustu kosningar, þá er hætta á ferðum. Ef þm. geta breytt þveröfugt við það, sem þeir lofuðu kjósendum sínum fyrir kosningar, án þess að þeir bíði fylgistap, þá fer vald kjósendanna þverrandi og gildi kosninga þá orðið sáralítið. Kjósendur væru þá svo lítilþægir, — og það álíta stjórnarflokkarnir, að þeir séu, — að mjög takmarkað tillit þyrfti til þeirra að taka, gæta þess aðeins að mata þá með nýjum loforðum fyrir hverjar kosningar.

Ef kjósendur hins vegar refsa með fylgistapi þeim, sem vísvitandi brigða loforð gefin fyrir kosningar, verður það til þess, að virðing og vald kjósendanna vex og þm. gæta þess að standa við orð sín, því að þeir eiga þá pólitískt líf sitt undir því að gera það.

Kjósendur eru dómarar. Þess vegna mega kjósendur hvorki vera bundnir af flokksböndum né vana. Þeir eiga að hafa sjálfstæðiskennd og djörfung til þess að skipta um flokk, ef þeim líkar ekki við flokk sinn eða frambjóðendur. Slíkt tíðkast í stórum stíl meðal erlendra og þroskaðra lýðræðisþjóða. Slíkt er hverjum manni sæmd, en ekki vansæmd. Ef slík regla yrði almennari en hingað til, mundi það hreinsa andrúmsloftið í íslenzkum stjórnmálum meira en nokkur önnur aðgerð.

Framkoma stjórnarflokkanna íslenzku, sú sem ég hef rakið lítils háttar, er blátt áfram niðurlægjandi fyrir lýðræðið og kjósendur í þessu landi. Staðreyndir sanna, að stjórnarflokkarnir líta á kjósendur — ekki sem sjálfstæða dómara, heldur sem flokksbundna hjörð, sem auðvelt sé að ginna með loforðum, stjórna síðan gagnstætt þeim allt kjörtímabilið. En nokkra seinustu mánuðina er breytt um aðferðir: kosningalán tekin, framkvæmdaáætlun sett á svið, svokölluð tollalækkun samþykkt til bráðabirgða, úthlutað lánum til húsbygginga o. fl., sem of langt yrði upp að telja.

Ég skal engu spá um úrslit næstu kosninga. En eitt er víst: í næstu kosningum verður úr því skorið, hvort hægt er að stjórna íslenzku þjóðinni með þessum hætti.

Einn furðulegasti loddaraleikurinn er þó ótalinn og það í langstærsta máli þjóðarinnar í dag, — viðhorfið til Efnahagsbandalagsins.

Þegar þjóðinni varð ljóst, m. a. af skrifum stjórnarblaðanna og yfirlýsingum ráðh., að ríkisstj. ætlaði sér að gera Ísland að aðila að Efnahagsbandalaginu, reis andúðaralda með þjóðinni. Stjórnin varð hrædd. Hún lýsti yfir því, að hún hefði aldrei ætlað sér aðild. Þá skeði það, að hinn aldraði kanslari Þýzkalands skýrði frá því tvívegis, að Ísland væri meðal þeirra ríkja, sem vildu gerast aðili. Ríkisstj. mótmælti hér heima og taldi þennan misskilning gamla mannsins stafa af ellihrörnun. En þá tók ekki betra við. Í skýrslu Evrópuráðsins er því ljóstrað upp, að Ísland sé meðal þeirra ríkja, sem vilji gerast aðili. Viðskmrh. rís upp hér á Alþingi og segir, að þetta sé á misskilningi byggt hjá embættismönnum Evrópuráðsins. Hvoru skyldi nú vera öruggara að trúa, kanslaranum og opinberum skýrslum embættismanna Evrópuráðsins eða yfirlýsingum íslenzku ríkisstj. í pólitískri lífshættu?

Ríkisstj. gaf Alþingi svokallaða skýrslu um málið. Segir þar, að nú komi aðeins tvær leiðir til greina: aukaaðild eða viðskipta- og tollasamningur, sem viðskmrh. hafði áður lýst alveg ófæra leið. Þegar Framsfl. sýndi fram á hætturnar, sem þjóðinni stöfuðu af aukaaðild, taldi ríkisstj. það neikvætt ábyrgðarleysi og sannaði þar með, að hún hafði valið aukaaðildarleiðina, þótt viðskmrh. hefði opinberlega upplýst, að aukaaðildin kostaði þær fórnir, að við yrðum að gera það, sem jafngildir því að hleypa útlendingum inn í landhelgina bakdyramegin, ásamt mörgu öðru.

Þegar ríkisstj. fann andúðina gegn slíkri aukaaðild, reyndu stjórnarflokkarnir að slíta úr samhengi ýmis ummæli framsóknarmanna, sem áttu að sanna, að þeir hefðu líka verið með aukaaðild.

Fullkomna og endanlega uppgjöf á þessari blekkingartilraun má telja vitnisburð Gylfa Þ. Gíslasonar á Alþ. 2. þ. m. Hann sagði orðrétt:

„Það er alveg rétt, sem hv. formaður Framsfl. heldur fram hér, og skal ég með ánægju staðfesta það, að hann hefur frá upphafi talið, að tolla- og viðskiptasamningsleiðin væri eina leiðin, sem hentaði Íslendingum í þessu máli. Það kom fram í fyrsta samtalinu, sem við áttum um málið. Á því hefur aldrei verið nokkur vafi í mínum huga, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur haft þessa skoðun, þó að ég hafi hins vegar talið á sínum tíma,

að í upphafi hafi hún ekki verið nægilega vel rökstudd, en það er annað mál.“

Þetta held ég að taki af öll tvímæli.

En loks þegar ríkisstj. var uppgefin á þessum eltingaleik, var útilokun Breta í bráð gripin eins og hálmstrá og sagt, að málið væri úr sögunni, þótt allir viti, að við verðum fyrr en síðar að taka afstöðu til bandalagsins eftir kosningar og þá hvort við gerum tolla- og viðskiptasamning eða gerumst aukaaðilar.

Maður hefði nú haldið, að nóg væri komið. En það er meira blóð í kúnni. Viðskmrh. talaði á hátíðlegri stund á 100 ára afmæli þjóðminjasafnsins — og var mikið niðri fyrir. En í stað þess að tala um safnið, byrjaði hann að tala annarlegum tungum um ríkjasamsteypur, dýrð þeirra, úrelt sjálfstæði, sem þyrfti að afsala sér til þess að öðlast nýmóðins sjálfstæði, því að kæna smáríkis væri lítilmótlegur farkostur, samanborið við hin stóru hafskip bandalaganna.

Mér er óhætt að fullyrða, að hlustendur urðu margir höggdofa. En þessi ræða hefur einn kost. Eftir þessa dæmalausu ræðu veit sérhver hugsandi kjósandi og gengur að því með opnum augum, að greiði hann atkv. með stjórnarflokkunum, er hann að greiða atkv. með því, að Ísland verði innlimað, a. m. k. sem aukaaðili, í Efnahagsbandalagið. Slíkt gæti orðið ein dekksta blaðsíða Íslandssögunnar. En það er enn á valdi kjósenda að afstýra því við næstu kosningar. — Góða nótt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í umræðunum í gær bar margt á góma. Eggert Þorsteinsson, hv. þm., upplýsti t. d., að húsnæðislán á vegum ríkisins hefðu ekki náð 20% af íbúðarhúsafjárfestingunni 1959—62. — Magnús Jónsson, hv. samþingismaður minn, sagðist um eitt og annað segja það, sem honum sýndist sem „sveitamanni“. Ég held, að hann sé sá langbjartsýnasti „sveitamaður“, sem ég hef heyrt tala um búskapinn á þessu ári. Svona bjartsýnismenn og svona ánægða með aðbúðina að bændastéttinni þyrftum við að fá til að taka jarðirnar, sem farið hafa í eyði á þessu kjörtímabili. Búnaðarþing taldi hann ómerka samkomu. Hann gleymdi að geta þess hér í ræðunni, að stjórnin er búin að láta frv. um hækkun ríkisframlaga og lán til hafnagerðar liggja í salti hjá sér síðan á árinu 1961 og að stjórn atvinnubótasjóðs, sem hann er formaður í, varð að eyða fyrir fram helmingnum af tekjum sjóðsins 1964 til þess að geta framkvæmt úthlutun í ár. — Karl Guðjónsson, hv. þm., upplýsti, að Alþb. mundi taka nokkra þjóðvarnarmenn inn á hina síðbúnu framboðslista sína og væri skriflega frá því gengið. Þessi blóðgjöf skiptir sennilega ekki miklu máli. Þjóðvarnarmenn hafa yfirleitt ekki verið þess sinnis að kjósa kommúnista á þing og fært fyrir því rök í blaði sínu. — En Hannibal Valdimarssyni, hv. þm., sem talaði hér áðan og vitnaði í Ólaf Thors og Bjarna Benediktsson máli sínu til stuðnings, stæði sennilega næst að snúa sér til þeirra, sem stóðu að nýsköpunarstjórninni sælu, með spurningar sínar um hugsanlega samvinnu við Sjálfstfl.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. birti viðreisnaráform sín á öndverðu ári 1960, fór mörgum búandmanni líkt og Einari Þveræing forðum, að honum þótti, sem verða mundi þröngt fyrir dyrum. Boðuð var þá í senn af stjórnarvöldum gífurleg verðhækkun erlendra vara, þ. á m. efnivara til framkvæmda og atvinnutækja, t. d. fiskiskipa, vaxtahækkun um þriðjung eða meira, samdráttur lánsfjár, frysting á sparifé byggðarlaganna, stórhækkun á álögum til ríkisins og samræmdar aðgerðir gegn pólitískri fjárfestingu, en svo nefndust á máli stjórnarinnar framkvæmdir ýmsar, sem miðuðu að því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hver atvinnustétt skyldi sjá fyrir því sjálf, hvort úr yrði bætt, ef dýrtíðin gengi á hlut hennar. Hraut þá mörgum, sem tíðindin spurðu úr höfuðstaðnum, ómjúkt orð af vörum, en beinskeyttastur var Stefán bóndi og glímukappi í Haganesi við Mývatn norður, þegar hann mælti á mannfundi: „Það er hart, ef það á fyrir okkur að liggja að lifa móðuharðindi af manna völdum.“

Þetta voru fleyg orð og eru enn. Þau bárust inn í þingsal, og það er eins og þau hafi alla tíð síðan verið skráð logaletri fyrir hugskotssjónum þeirra viðreisnarmanna. Hér var að vísu um táknmál að ræða. Bóndinn við Mývatn gerði víst ekki ráð fyrir, að viðreisnarfarganið yrði neinn eldspúandi Lakagígur eða að því mundi fylgja öskufall eiturmengað eða gaddur í búpeningi. Móðuharðindi af manna völdum, sem hann sá hilla undir, voru af öðru tagi, sem sé óáran í landi af illu stjórnarfari. En svo mjög hafa þessi fleygu orð úr Norðurlandi tekið á taugar viðreisnarmanna, að þeim hefur orðið svo sem ósjálfrátt að taka þau bókstaflega, rétt eins og með þeim hefði leynzt beygur um, að raunverulega kynni svo að fara, að landið sviðnaði eins og eftir Skaftárelda. Og hinar feginsamlegu upphrópanir, sem öðru hverju stíga upp frá brjóstum þeirra: Hér eru sko engin móðuharðindi, — minna stundum á hrætt barn, sem finnst það ekki þurfa að vera hrætt lengur. Það leikur meira að segja grunur á, að umkomulitlir menn í Sjálfstfl. hafi stundum gripið til orða Stefáns í Haganesi, þegar þeir voru að troðast undir, og spurt í neyð sinni: Ætlið þið að láta á sannast, að hér verði móðuharðindi af manna völdum? Og dæmi eru til, að þetta hafi dugað engu miður en hinar kröftugustu ræður á Alþingi.

En hefur þá gerzt eitthvað það af manna völdum, sem kalla má óáran af illu stjórnarfari? Já, víst hefur það gerzt. Ég ætla ekki að rekja tölur, það hafa aðrir gert og munu gera. En viðreisnardýrtíðin hefur komið víða þungt niður. Eitt sinn var það sagt, að ekki mætti vega tvisvar í sama knérunn. Hér var vegið þrisvar næstum því samtímis og einu sinni enn í viðbót. Fyrst kom gengisbreytingin, svo tollahækkunin, sem af henni leiddi og söluskatturinn, síðan lánsfjárdýrtíðin og loks gengislækkun númer 2. Þið, sem heyrið mál mitt, vitið sjálf, hvað þetta hefur þýtt í daglegu lífi

og starfi og í viðleitni ykkar til uppbyggingar, t. d. á árunum 1960—61, þegar umskiptin voru gleggst. Þeir, sem áttu sparifé í ársbyrjun 1960, vita hver kaupgeta þess er nú. Sunnlenzku bændurnir, sem fengu þá ráðleggingu fyrir 4 árum að draga að kaupa dráttarvél, þangað til búið væri að afnema framsóknarskattana, vita, hvað dráttarvélin kostaði þá, hvað hún kostar í sumar, og hvað hún kostaði í fyrra og í hittiðfyrra.

Það er stundum hægt að sætta sig við að taka á sig byrðar, ef það er óhjákvæmilegt eða árangur sýnilegur. En þetta var ekki óhjákvæmilegt. Hættumerkin, sem áttu að réttlæta viðreisnina, voru sett á svið af sínum meistara og sett víða þar, sem þau áttu ekki að vera. Og árangurinn, sem heitið var, virðist enginn vera, þegar upp er staðið. Það hefur ekki tekizt að skapa stöðugt verðlag. Það hefur verið ófriður á vinnumarkaði. Launakerfi opinberra starfsmanna er hrunið. Ný verðbólgualda er að rísa, eins og glöggt kom fram í skýrslu Seðlabankans nýlega. Fjárlög ríkisins, hitamælir efnahagslífsins, sem voru í 800—900 millj. 1958, eru komin upp í 2200 millj., en framlög til vega, hafna og raforkuframkvæmda, atvinnuaukningarfé og ýmislegt annað, sem til uppbyggingar horfir á landsbyggðinni, hefur ekki hækkað að sama skapi, heldur dregizt aftur úr. Mér dettur ekki í hug að neita því, að ýmislegt þarflegt hafi verið unnað í löggjöf og landsstjórn á þessum árum. En viðreisnin sjálf hefur beðið skipbrot fyrir allra augum. Hún var að margra dómi glæfraspil í öndverðu. Nú er spilið tapað. Það er svo sem ekkert fagnaðarefni. Afleiðingarnar verða ekki umflúnar. En nú er margur sár, sem von er, að hafa verið skyldaður til þess að taka á sig byrði, sem betur væri óborin.

En sem betur fer hefur næstum samtímis verið önnur viðreisn að verki, viðreisn forsjónarinnar. Fyrr á tímum gerðist það stundum í ísaári, að hval rak á land. Hvalreki breytti hallæri í allsnægtir. Nú hefur forsjónin sent okkur metafla á sjónum. Hér kom á land s. l. ár 10 sinnum meiri síld en fyrir 10 árum. Útfærsla landhelginnar sagði til sín. Sjávarafli 1962 var næstum 500 millj. meira virði en 1961, sem þó var metár áður, segir fiskveiðitímaritið Ægir. Þess vegna er mikil atvinna við sjávarsíðuna. Þess vegna hafa safnazt talsverðar fúlgur sparifjár og gjaldeyris í hinum litlu viðreisnarkrónum talið. En það fer áreiðanlega hrollur um margan manninn, ef hann reynir að gera sér í hugarlund, hvernig nú væri ástatt hér og þar, ef viðreisn forsjónarinnar hefði ekki orðið samferða viðreisnardýrtíð ríkisstj., — ef hvalinn hefði ekki rekið.

Þeir eru til, sem hafa ekki notið góðs af síldinni, hvorki beint né óbeint. Ég nefni opinbera starfsmenn t. d. og alveg sérstaklega bændastéttina. En bændurnir, sem nú standa í stríði út af afurðasölulöggjöfinni og til þess að reyna að skapa búum sínum rekstrargrundvöll, vita, hvar skórinn kreppir að. Þeim finnst núv. hæstv. landbrh. hafa gert þeim óþarflega erfitt fyrir ofan á ýmislegt annað. Þeir hafa það sumir fyrir satt, að hann vilji vel, en þeir þekkja líka orð postulans: „Hið góða, sem ég vil, geri ég ekki“ o. s. frv.

Einn áhrifamaður Sjálfstfl. í Reykjavík vildi láta fækka bændum um helming. En hættan, sem stafar af fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins, vofir ekki aðeins yfir sveitunum. Hún vofir einnig yfir sjávarbyggðunum, yfir bæ og þorpi, yfir öllum landshlutum, yfir höfuðborginni sjálfri líka, því að ofvöxturinn þar er henni ekki til góðs, heldur þvert á móti. Ef svo heldur fram sem horft hefur um hríð, vofir hætta yfir hinni íslenzku þjóð og sjálfstæði hennar. Landið hefur skapað þjóðina. Það er ef til vill hægt að búa öllum Íslendingum lífsskilyrði í borgríki við sunnanverðan Faxaflóa, en sviplaust alþjóðaandlit borgríkisins hverfur í deigluna. Eftirlátnir munir þeirra, sem einu sinni voru þjóð, verða deild í þjóðminjasafni stórríkis, svo að notað sé tungutak hæstv. menntmrh.

Á árinu, sem er að líða, skynja væntanlega um 4800 íslenzk börn dagsins ljós. Fólksfjölgunin er ör. Árið 1977 ættu Íslendingar að vera 250 þús., um næstu aldamót fram undir 400 þús. Aldrei hafa verið aðrir eins möguleikar og nú til þess að byggja þetta land allt fyrir ört stækkandi þjóð á öld hraðvaxandi tækni.

Dægurmálin eru mörg og sum hitamál að vonum, en mál málanna fyrir þessa þjóð nú og á komandi árum er að byggja þetta land og hvernig það verði gert. Og það eru því miður ekki öfl þjóðlegrar vakningar, landnáms og uppbyggingar landsbyggðar, sem stýra stjórnarskútunni, sem nú stendur á skerinu. Stýrimenn, sem þar eru um borð, líta á farkost sinn sem kænu smáríkis, sem bjarga verði upp á þiljur hafskips, er sjóana stærir. Þeir vænta sér, að því er virðist, fremur samúðar í vaxandi borg en í vaxandi landsbyggð. Þeir hafa nú af miklu tillitsleysi notað þingrofsvaldið til þess að ákveða kjördag svo snemma, að í sumum landshlutum getur verið áfella von, hvenær sem er, og bændur bundnir við að bjarga landsfé, svo sem dæmi sanna. Þetta gera þeir til þess að reyna að forða stjórninni frá vissum óþægindum fyrir kosningar, en segjast gera það vegna síldarsjómanna, sem augljóst er að geta samt verið komnir út á mið þennan dag, ef reynt verður að taka síldina snemma fyrir Norðurlandi. Með sama tómlæti hafa þeir nú vísað frá þinginu lagafrv. okkar framsóknarmanna um að verja ár hvert fastákveðnum hundraðshluta af ríkistekjunum til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, — vísað því frá með þeim rökstuðningi, að það sé óþarft. Með sama tómlæti neita þeir að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um að ljúka rafvæðingu landsins á næstu fimm árum, eða fyrir 1969. Af sama tómlæti beita þeir sér gegn því, að þingið taki afstöðu til ýmissa annarra mála, sem eru lífshagsmunamál fyrir landsbyggðina, eða fella þau og halda fast við þær breytingar til óþurftar á ýmiss konar umbótalöggjöf, sem gerðar voru í upphafi við-

reisnarinnar, þó að viðreisnin sé strönduð hvort eð er.

Við skulum vona, að forsjónin, sem gaf okkur síldina, sem dró úr afleiðingum viðreisnardýrtíðarinnar, láti ekki hinn óhagstæða kjördag valda óhöppum. Og við, sem viljum setja það öllu ofar í opinberum málum á þessari stundu, að Íslendingar haldi áfram að byggja þetta land allt, sem feður og mæður helguðu þjóðinni með byggð sinni, lífi sínu og starfi öld fram af öld, og að tryggt verði þjóðlegt sjálfstæði þess, við skulum ekki hafa hugann við það eitt að deila á óhappaverk liðins tíma og þá, sem að þeim stóðu. Slíkt er að vísu þarft verk og gagnlegt, en mestu máli skiptir þó hin jákvæða barátta, hið skapandi starf, hinn skapandi vilji. Þetta er umr. á Alþingi, en líka útvarp til alþjóðar, raunverulega fyrsti fundur kosningabaráttunnar, sem hafin er.

Þú ungi Íslendingur, karl eða kona, sem gengur að kjörborðinu í fyrsta sinn, þú og þínir eiga að erfa landið og hin fiskauðugu mið, sem þjóðin hefur átt í 1100 ár og á enn, erfa það og eiga, „þegar grónar grafir skýla gráum hærum nútímans". Glataðu því ekki. Þetta er á tækniöld eitt bezta land í heimi. En þeim, sem eiga þetta land og bera ábyrgð á því, er ekki nóg að vera á móti einu og öðru. Að vilja eitthvað sjálfur og sýna það í verki, það er það, sem máli skiptir.

Og nú vil ég að lokum beina máli mínu til ykkar allra, sem á mig hlýðið í öllum landsins byggðum, hvort sem þið eruð í þéttbýli eða strjálbýli, við sjó eða í sveit, og einnig ykkur, sem í borginni búið og viljið framtíð þessara byggða, — hverjum sem þið hafið áður veitt lið, — til ykkar allra, sem viljið af alhug þjóðlegt og sjálfstætt Ísland fyrir alla Íslendinga og ætlið ykkur og niðjum ykkar að byggja það, ykkur, sem eigið þann stórhug og trú, sem þarf til að virkja sjálfan Dettifoss, til að efla leiðandi höfuðstaði í landsfjórðungum, til að byggja framtíðarhafnir við hæfi hinna fiskisælu miða og framtíðarvegi um landið, til að koma því í kring, að Íslendingar sjálfir smíði sín skip og efli hér heimsmarkaðsiðnað, og til að rafvæða þá byggð, sem bíður síns tíma: Þetta, sem fyrir ykkur vakir, eru ekki hugarórar. Þetta er sú framtíð, sem Ísland á eða enga ella. Látið hina tómlátu og hina lítiltrúuðu á framtíð Íslands sigla sinn sjó á sinni kænu eða herða upp hugann. Í Framsfl. og í samstarfi við hann er ykkar vettvangur. Til þess var Framsfl. stofnaður nálega samtímis fullveldinu að vera fyrir alþýðu þessa lands það, sem nafn hans bendir til — óháður auðvaldi og útlendum ismum eða kreddukenningum, sem hafa bergnumið margan góðan dreng. Hann á að vera ykkar flokkur. Veitið honum brautargengi. Eflið með ykkar liðsemd og ykkar góða vilja kraft Framsfl. til styrkrar og þjóðhollrar forustu á örlagatímum. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir nokkrum dögum sat hópur ungra jafnaðarmanna og ræddi stjórnmálaþróun síðustu ára. Í þeim umræðum var varpað fram þessari spurningu: Hver eru spor Alþfl. í núv. stjórnarstefnu? Hvað hefur Alþfl. gert síðustu ár fyrir hugsjón sína? Þetta er góð spurning og þess virði, að henni sé svarað í áheyrn kjósenda. Svarið hlýtur að leiða í ljós, hvort Alþfl. hefur komið fram einhverjum hugsjónamálum sínum, sem skýra þátttöku hans í ríkisstj. með Sjálfstfl. Ekki er ástæða til að rekja sundur allt stjórnarsamstarfið, vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa unnið saman af heiðarleik og ekki reynt í sífellu að troða skóinn hvor af öðrum, eins og áður hefur svo mjög tíðkazt í stjórnum hér á landi. Hins vegar vil ég draga fram nokkur umbótamál, sem við Alþýðuflokksmenn höfum lagt og leggjum megináherzlu á. Þar verður að greina á milli þess, sem er dægurmál og leysir vanda augnabliksins, og hins, sem er varanlegt framtíðarmál.

Í verkalýðsmálum er háð stöðug dægurbarátta, til þess að kaup fylgi verðlagi og framleiðslan stöðvist ekki. Á þessu sviði gengur á ýmsu. Hins vegar hefur Alþfl. fengið framgengt ýmsum gömlum baráttumálum á þessu sviði, eins og launajafnrétti karla og kvenna, sem búið er að lögfesta og tekur nú gildi á fáum árum. Það hefði kostað mörg verkföll fyrir konurnar að vinna þetta mál, ef það hefði ekki verið knúið fram friðsamlega á vettvangi ríkisstj. Þarna er spor eftir Alþfl.

Í atvinnumálum hafa þau tíðindi gerzt, að stjórnin hefur lagt fram fyrstu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun Íslendinga og þar með tekið upp vinnubrögð, sem Alþfl. hefur barizt fyrir í 40 ár. Það er athyglisvert, hvernig stjórnarandstæðingar bregðast við þessari merku áætlun. Eysteinn Jónsson segir, að hún sé ekkert nema kosningaplagg, en Lúðvík Jósefsson segir, að áætlunin geri ráð fyrir allt of litlum framkvæmdum og hægum vexti. Ekki geta báðir haft rétt fyrir sér. Ef stjórnin hefði litið á þetta sem kosningaplagg, hefði hún auðvitað haft það svo glæsilegt, að jafnvel Lúðvík hefði talið nóg. Sannleikurinn er sá, að þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin er samin af fyllstu ábyrgð og gætni, enda er hún byrjun á nýjum og skynsamlegum vinnubrögðum í efnahagslífi þjóðarinnar. Þarna er spor eftir Alþfl.

Húsnæðismál eru eitt mesta hagsmunamál almennings. Lífskjör fjölskyldunnar fara um langt árabil mjög eftir því, hvort hún þarf að greiða mikið eða lítið í húsaleigu eða af eigin íbúð. Þess vegna hefur hver ríkisstj. fram af annarri lagt mikla áherzlu á að auka útlán húsnæðismálastjórnar til þeirra, sem koma upp eigin íbúð. Hefur engin ríkisstj. komizt lengra í þeim efnum en núv. stjórn. En það hefur gerzt meira í húsnæðismálum, eftir að Alþfl. fékk megináhrif á þau. Verkamannabústaðakerfið hefur verið vakið upp frá dauðum og blásið í það nýju lífi til aðstoðar við þá, sem lægstar tekjur hafa. Sá, sem byggir verkamannabústað, fær allt að 300 þús. kr. lán með beztu kjörum, en hann má ekki hafa

tekjur yfir tiltekið mark. Þessi aðstoð, sem er betri en nokkrir aðrir húsbyggjendur fá, er þannig takmörkuð við þau 10% af launþegum, sem hafa lægstar tekjur. Byggingarsjóður verkamanna veitti nýlega 42 millj. kr. í lán til verkamannabústaða fyrir 1962 og 1963 og ríkisstj. gerir sér vonir um, að veitt verði a. m. k. 30 millj. til þessara þarfa 1964. Þetta gerðist ekki, þegar Hannibal Valdimarsson var húsnæðismálaráðh. Það gerðist undir forustu Emils og Eggerts Þorsteinssonar. Þarna er spor eftir Alþfl.

Almannatryggingar hafa aukizt meir í tíð núv. ríkisstj. en nokkru sinni fyrr, og er það eitt stórbrotinn árangur fyrir hugsjónir jafnaðarmanna. Er nú svo komið, að tryggingakerfið mun á næsta ári flytja yfir 800 millj. kr. til í þjóðfélagi okkar frá hinum efnameiri til hinna efnaminni. Þessa daga er Alþingi að afgreiða enn eitt tryggingafrv., sem gerir ráð fyrir veigamiklum endurbótum m. a. á lífeyrissjóði. Í gærdag var frv. afgreitt við 3. umr. í Nd. Flestir þm. Framsfl. réttu ekki upp hönd ina til að samþ. það endanlega við 3. umr. Þetta var í fullu samræmi við tregðu eða beina andstöðu framsóknarmanna við almannatryggingar, sem staðið hefur um langt skeið. Það hafa ekki orðið meiri háttar umbætur á tryggingunum, þegar Framsókn hefur verið í ríkisstj. síðustu 25 árin. Og þegar síðasta stórbreyting var gerð á tryggingunum árið 1946, fluttu Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson frávísunartill. í báðum deildum til þess að reyna að hindra framgang málsins.

Hannibal Valdimarson taldi í ræðu sinni í kvöld, að endurbætur almannatrygginganna væru kommúnistum og kommúnistum einum að þakka. Í því sambandi vil ég spyrja Hannibal: Af hverju var ekki hægt að fá vinstri stjórnina til að gera umbætur á tryggingunum? Hvar var þá áhugi kommúnista á almannatryggingunum? Þegar við afgreiddum síðasta tryggingafrv. hér í Nd. í gær við 3. umr., greiddi Hannibal ekki atkvæði með því. Hann hafði við þessar umr. barizt fyrir því, að málið yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Í tryggingamálum notar Hannibal Valdimarsson stór orð, en hann gerði ekkert, þegar hann var ráðh. Emil Jónsson notar ekki stóryrði á borð við Hannibal, en undir hans stjórn hafa verið gerðar mestu umbætur í sögu almannatrygginganna.

Fyrir nokkrum dögum kom út á Vesturlandi framsóknarblað, þar sem rætt var um almannatryggingarnar og beinlínis gefið í skyn, að fjölskyldubætur með 1. og 2. barni væru óþarfar. Varð greinin ekki öðruvísi skilin en svo, að höfundur hennar vildi jafnvel minnka tryggingarnar sem þessu nemur, en það er sama og að taka 6150 kr. af hverri einustu barnafjölskyldu í landinu. Unga fólkið mætti gjarnan taka eftir þessum framsóknarhug, því að fjölskyldubætur með 1. og 2. barni eru fyrst og fremst viðurkenning á vandamálum ungra hjóna, sem eru að stofna bú, því að fjárhagurinn er oft hvað þrengstur á fyrstu árunum.

Það er svo enn til viðbótar, að framsóknarmenn kalla greiðslur almannatrygginganna styrk frá ríkinu og reyna þannig að setja hinn gamla styrkþegastimpil á alla þá, sem tryggingana njóta. Í þessum efnum eru framsóknarmenn eins og svartasta íhald, sem skilur alls ekki eðli almannatrygginganna. Þær eru ekki styrkir, ölmusur eða náðargjafir. Þær eru skipulögð tekjuskipting milli þegnanna, sem hver og einn á fullkominn rétt á. Þetta er jafnsjálfsagður hlutur og rétturinn til að fá fræðslu fyrir börn sín.

Framsóknarmenn væru vafalaust ánægðari með tryggingarnar, ef þeir fengju að úthluta þeim eins og gaffalbitum. En svo er ekki. Tryggingarnar eru ófrávíkjanlegur hluti af réttindum hvers Íslendings. Hann leggur þjóðfélaginu það, sem hann getur, greiðir, meðan hann hefur góðar tekjur, en á þennan rétt, ef hann verður örkumla, sjúkur, aldraður eða hefur fyrir stórri fjölskyldu að sjá.

Til að skilja, hvers vegna Alþfl. hefur barizt fyrir svo miklum almannatryggingum, verða menn einnig að skilja, hvað tryggingarnar eru. Þær eru ekki ölmusa. Þær eru ekki styrkur í hinni gömlu merkingu þess orðs. Tryggingar eru viðleitni þjóðfélagsins til þess að sjá um, að enginn þurfi að líða skort, hvorki gamlir, sjúkir, barnmargar fjölskyldur né aðrir. Tryggingarnar eru kerfi til þess að hjálpa þeim, sem standur höllum fæti í þjóðfélaginu, til þess að njóta menningarlífs án þess að kveljast undir áhyggjum og kvíða fyrir morgundeginum. Tryggingarnar eiga að losa Íslendinga við óttann við skort, óttann við slys og sjúkdóma, óttann við barnafjölda, óttann við elli.

Til viðbótar öllu þessu eru almannatryggingar tæki til að jafna auði þjóðarinnar milli þegnanna, til að gera þá ríku örlítið fátækari, til að gera þá fátæku örlítið ríkari. Það er þessi tekjujöfnun, sem kemur hvað bezt fram í fjölskyldubótunum, og við verðum að dæma þær í heild til þess að skilja þjóðfélagslega þýðingu þeirra.

Stjórnarandstaðan talar aðeins um almannatryggingarnar sem mótvægi viðreisnarinnar gegn dýrtíð. Þetta er þó aðeins ein hlið málsins. Rétt er að athuga. hvernig þeim hefur vegnað, sem áður nutu trygginganna, hvort hugsað hefur verið nægilega vel fyrir þeim. Við skulum taka sem dæmi elli- og örorkulífeyri. Nú munu um 12000 manns fá ellilífeyri og á tólfta hundrað örorkulífeyri. Fyrir viðreisn, þegar Framsókn og kommúnistar voru við stjórn, fengu hjón á 1. verðlagssvæði 15900 kr. á ári og á öðru verðlagssvæði aðeins 11900 kr. Óréttlæti verðlagssvæðanna hefur nú loks verið leiðrétt, og fá nú allir jafnt, hvar sem þeir búa á landinu, 32800 kr. Vísitalan hefur hækkað um 30%, en elli- og örorkulífeyririnn hefur hækkað á milli 100 og 200%, eftir því hvar á landinu er. Og þó vita engir betur en við jafnaðarmenn, að þessi lífeyrir er sannarlega ekki of mikill, heldur þarf að hækka hann, strax og unnt er.

Það er til annar mælikvarði til þess að sýna

hug ríkisstj. til almannatrygginganna. Hann er þau fjárlög, sem hver ríkisstj. lætur samþykkja. Síðast þegar framsóknarmenn og kommúnistar voru í stjórn á Íslandi, fóru 13 aurar af hverri krónu, sem við greiddum í ríkissjóð, til almannatrygginganna. Skv. fjárlögum ársins 1963, sem núv. ríkisstj. fékk samþykkt skömmu fyrir jól, fara 23 aurar af hverri krónu, sem rennur í ríkissjóð, beint aftur út úr honum til trygginganna. Hækkunin er úr 13 aurum af krónunni í 23. Þannig skilar ríkið aftur tæplega fjórðungi þess fjár, sem inn kemur í ríkissjóðinn. Svo mikil er tekjuskipting trygginganna orðin. Í þessum málum má sjá spor Alþfl.

Í tíð vinstri stjórnarinnar gerðust þau undur, — annað er ekki hægt að kalla það, — að framsóknarmenn og kommúnistar fengust ekki til að fylgja hinum félagslegu umbótum jafnaðarmanna, og er það ein höfuðorsök þess, að sú stjórn varð okkur til jafnmikilla vonbrigða og raun ber vitni. Hins vegar blasir sú pólitíska staðreynd við augum, hvað sem menn kunna að segja um hægri og vinstri og allt það, að Sjálfstfl. hefur viljað liðsinna þessum málum og gert það á svo myndarlegan hátt sem framkvæmd núv. ríkisstj. hefur leitt í ljós. Í þessu felst skýringin á stjórnarsamstarfinu, sem hefur staðið lengur og verið heiðarlegra en Íslendingar hafa átt að venjast.

Alþfl. hefur gegnt miklu hlutverki í íslenzkum stjórnmálum, eins og hann hefur gert í núv. stjórn. Flokkurinn hefur boðað og barizt fyrir félagsmálapólitík, sem stefnir til réttlátara og betra þjóðfélags, og þokað þeirri stefnu fram, hvenær sem tækifæri hefur gefizt til. Alþfl. hefur horfið frá allsherjarþjóðnýtingu, en telur, að við nútímaaðstæður í lýðræðisríki geti áætlunarbúskapur betur náð því takmarki flokksins í efnahagsmálum, að atvinnutækjum sé stjórnað með hag fjöldans fyrir augum, en ekki hag einstaklinga eða hópa manna. Á þessu sviði er þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin, sem fram hefur verið lögð, mikilvægt skref, enda þótt hún sé aðeins byrjun.

Við skulum greina á milli dægurmálabaráttu við erfiðleika líðandi stundar og hinna varanlegu breytinga á þjóðfélagi okkar. Í dægurmálunum gengur á ýmsu og verður oftast að ráða einhvers konar málamiðlun. Jafnvel Hannibal gaf út brbl. um stöðvun kaupgjalds, þegar hann var ráðh. og bar ábyrgð. Alþfl. leggur hins vegar megináherzlu á framfarir, sem eru varanlegar breytingar, eins og réttlátari kjördæmaskipun, stórauknar tryggingar og áætlanagerð. Í þeim efnum hefur flokkurinn markað djúp spor og komið fram miklu í samstarfi við aðra flokka.

Í þeim kosningum, sem eru fram undan, verður sérstaklega veitzt að Alþfl., enda fer það fyrst og fremst eftir kjósenda- og þingmannatölu Alþfl., hvort Framsókn og kommúnistum takast áform þeirra að ná völdum. Má því segja með sanni, að kosningarnar snúist fyrst og fremst um Alþfl. og hlutverk hans í íslenzkum stjórnmálum. Góðir Íslendingar, eigum við ekki að gera gott þjóðfélag betra með því að kjósa Alþfl.? — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Útvarpsumr. þær, sem fram fara að þessu sinni, bera stjórnarandstöðunni ekki gott vitni, sem heldur er ekki við að búast, eftir því sem hún hefur hagað sér að undanförnu. Erfitt er að gera upp á milli stjórnarandstöðuflokkanna. Báðir leggja þeir áherzlu á að blekkja áheyrendur og segja það sé svart, sem er hvítt. Þeir móðuharðindamenn sjá ekkert nema svart, sbr. ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssonar, hér áðan. Vonandi sjá þeir þó til sólar.

Stjórnarandstaðan reynir að kenna ríkisstj. um þær verðhækkanir, sem orðið hafa á ýmsum vörum og þjónustu. Stjórnarandstaðan ætlast til, að þjóðin hafi gleymt því, að vinstri stjórnin var við völd 1956—58 og skóp þá dýrtíð, sem andstæðingar stjórnarinnar tala nú mikið um. Bezta vitnið í þessu máli er fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, sem lýsti því yfir, að verðbólgualda væri risin, alda, sem hlyti að falla, en vinstri stjórnin réði ekki við. Þessi verðbólgualda ógnaði atvinnuvegunum og öllum almenningi. Ljóst var, að þjóðin hefði orðið gjaldþrota, og fátækt og atvinnuleysi leitt yfir almenning, ef ekki hefði verið spyrnt við fótum og viðreisnarráðstafanir gerðar, sem dugðu. Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, má það heita undur mikið, að stjórnarandstaðan skuli hafa uppi ásakanir á hendur ríkisstj. og stjórnarflokkunum fyrir það að hafa unnið björgunarstörfin og bætt úr því böli, sem vinstri stjórnin hafði leitt yfir þjóðina.

Það er augljóst, að ef stjórnarandstöðuflokkarnir kæmust aftur til valda, mundu þeir rýra krónuna, þar sem þeir margsinnis hafa lýst því yfir á óbeinan hátt, að þeir muni kippa stoðunum undan efnahagslífinu. Til dæmis um það er krafan um, að opinberir starfsmenn fái 120% launahækkun. Það væri ekki til góðs fyrir opinbera starfsmenn. Það leiddi til þess, að krónan yrði felld meira en nokkru sinni fyrr. Stjórnarandstaðan telur einnig, að varasjóður sá, sem geymdur er í Seðlabankanum, um 600 millj. kr., eigi ekki að geymast, heldur beri að láta þetta fé út í viðskiptalífið og nota það fyrir neyzluvörur og til aukinnar fjárfestingar. Þeir vilja eyða öllu tryggingarfénu. Þeir vilja nema burt þá baktryggingu, sem gerir fært að mynda gjaldeyrisvarasjóð og tryggir gengi krónunnar. Það er augljóst, hvaða áhrif þetta mundi hafa á fjármálakerfið. Það mundi ýta undir verðbólgu og grafa undan krónunni með aukinni þenslu og allt of mikilli eftirspurn eftir vörum og vinnuafli, sem ekki er fyrir hendi. Væri þannig haldið á málum, mundi gjaldeyrisvarasjóðurinn eyðast á fáum mánuðum. Þá kæmu aftur óskatímar framsóknarmanna, tímar skömmtunar, vöruskorts, nefnda og hafta.

Þegar stjórnarandstaðan ræðir um það, að ríkisstjórnin búi illa í haginn fyrir unga fólkið og atvinnuvegina með ráðstöfunum, sem óhjá-

kvæmilegt var að gera, þá er eðlilegt, að hugleitt sé, hvað stjórnarandstöðuflokkarnir gerðu, á meðan þeir voru við völd. Nauðsynlegt er einnig að gera sér grein fyrir því, hvað skeður, ef þjóðin yrði svo ógæfusöm að auka fylgi þessara flokka þannig, að þeir fengju völdin á ný.

Eins og áður var á minnzt, er sú dýrtíð, sem nú er oft um rætt, sökum mistaka vinstri stjórnarinnar. Vélar, byggingarefni og aðrar nauðsynjavörur hækkuðu í íslenzkum krónum við það, að gjaldmiðillinn var skráður með eðlilegum hætti, eins og gerist með öðrum þjóðum. Framsóknarmenn hafa mikið talað um hækkað verð á landbúnaðarvélum og fundið ríkisstj. til foráttu, hversu hækkunin hefur verið mikil. Augljóst er, að hækkun innfluttra vara er ekki sök ríkisstj., nema ef hún hefur hækkað tolla á vörunum frá því, sem áður var. Skv. nýju tollskránni verður tollur á landbúnaðarvélum 10%. Er það miklu lægra en áður hefur verið. Allt frá 1948 hefur tollur á landbúnaðarvélum verið 20.7%, en 1957—58 var tollurinn hækkaður upp í 23.7% auk 55% yfirfærslugjaldsins. Framsóknarmenn sáu ekki ástæðu til þess að lækka tolla á landbúnaðarvélum eða öðrum nauðsynjum, þegar þeir voru í ríkisstj. Það var ekki fyrr en núv. ríkisstj. komst til valda, að þeir fóru að ræða um það. Enginn vafi er á því, að með breytingum á tollum, eins og tollskráin nýja ber með sér, er hagur bænda og reyndar landsmanna allra mjög mikið bættur.

Framsóknarmenn hafa gert samanburð á innkaupsverði dráttarvéla 1958 og 1963. Sá samanburður er ekki réttur, vegna þess að nú er ekki um sambærilegar vélar að ræða. Þær vélar, sem nú eru á boðstólum, eru miklu vandaðri en eldri gerðir. Vélaaflið er meira og ýmis þægindi og tækni fullkomnari en áður var. Sé miðað við aðstæður bóndans nú og 1958, má fullyrða, að ekki er erfiðara að eignast landbúnaðarvélar nú en þá var. Landbúnaðarvörur hafa hækkað í verði í hlutfalli við hækkun á verði véla og annarra rekstrarvara. Auk þess er bændum nú veitt lán út á dráttarvélar, en það gerðist ekki, á meðan framsóknarmenn höfðu með þessi mál að gera.

Framsóknarmenn hafa leikið þann ljóta leik að skrökva að bændum og landsmönnum öllum. Einn þm. Framsfl. hefur fullyrt það í útvarpsumr., að sauðfjárafurðir hafi hækkað aðeins um 4% frá því 1958 til ársins 1962. Sami þm. hefur einnig fullyrt, að sölutrygging sú, sem bændur nú hafa á allri framleiðslunni, sé ekkert betri en þær útflutningsuppbætur, sem bændur fengu, þegar útflutningssjóður starfaði, en það var oft ekki nema lítill hluti af því, sem vantaði á fullt verð. Bændur töpuðu á þeim tímum tugum millj. árlega, vegna þess að það vantaði mikið á verðið. Nú fá bændur örugglega umsamið 6 manna nefndar verð, en það gerðist ekki fyrr en núv. ríkisstj. breytti framleiðsluráðslögunum í árslok 1959. Þá var tekin sölutrygging á útfluttum landbúnaðarvörum og þannig tryggt, að bændur þyrftu ekki lengur að bera hallann, eins og var, á meðan framsóknarmenn stjórnuðu þessum málum, en þá vantaði iðulega mikið á það, að samningsbundið grundvallarverð næðist. Eitt árið vantaði hjá mjólkurbúi allt að 30 aurum á lítra, en það samsvarar 9 þús. kr. tapi hjá bónda, sem framleiðir 30 þús. lítra yfir árið, en það mun nálgast meðalframleiðslu. Sumir framsóknarmenn eru svo langt leiddir, að þeir geta ekki viðurkennt jafnaugljósar staðreyndir og hér er um að ræða bændum til hagsbóta. Annað mál er svo það, að afurðaverðið þyrfti að vera hærra, en um það verður ríkisstj. ekki borin sökum með réttu, þar sem hún kemur ekki að verðlagningunni. Það mátti þó skilja það á hv. 3. þm. Norðurl. e. áðan, að landbrh. stæði eitthvað í vegi fyrir því, að þessi endurskoðun gæti tekizt. En bændur hafa skipað nefnd til þess að endurskoða afurðasölulöggjöfina. Og ríkisstj. hefur ekki staðið í vegi fyrir því, að sú endurskoðun geti hafizt. Núv. ríkisstj. hefur gert það, sem ekki hefur gerzt áður, að tryggja bændum það verð, sem á hverjum tíma er samið um í 6 manna nefndinni.

Framsóknarmenn hafa mikið rætt um afurðalán landbúnaðarins og haldið því fram, að sjávarútvegurinn fái mun betri fyrirgreiðslu í bönkunum heldur en landbúnaðurinn. Þessi metingur, sem framsóknarmenn stöðugt eru með á milli þessara höfuðatvinnuvega, er hvimleiður og ástæðulaus. Landbúnaðurinn fær ekki lakari fyrirgreiðslu nú í bönkum landsins en áður hefur verið. Bændur fá ekki seinna útborgað afurðaverðið nú en áður. Þeir fá ekki heldur greiddan lægri hundraðshluta en var, á meðan framsóknarmenn voru við völd. Víða mun útborgun koma fyrr nú en áður hefur verið, og víðs vegar um land er einnig greiddur hærri hundraðshluti út en áður var. Þetta vita bændur, og er því áróður framsóknarmanna um afurðalánin út í hött og algerlega skotið fram hjá marki.

Í gærkvöld fullyrti framsóknarþm., að bændur borguðu til stofnlánadeildar landbúnaðarins 2 kr. á móti hverri einni, sem stofnlánadeildin fengi annars staðar frá. Þm. skrökvar blygðunarlaust að bændum og áheyrendum öllum, og má segja, að málflutningur eins og þessi sé tæplega svaraverður. Ekki er að efa, að Tíminn prentar upp þennan ósóma, ekki einu sinni, heldur oft. Ætlazt er til, að ýmsir landsmenn lesi aðeins Tímann og trúi því, sem þar stendur.

Framsóknarmenn fullyrða, að þeir hafi skilið vel við lánasjóði landbúnaðarins. Sannleikurinn er sá, að lánasjóðir landbúnaðarins voru gjaldþrota, þegar núv. ríkisstj. tók að sér að endurreisa þá. Viðskilnaður framsóknarmanna við sjóði landbúnaðarins var með þessum hætti. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt.

Það er mælikvarði á hina neikvæðu stjórnmálahætti framsóknarmanna, að þeir hafa barizt gegn því, að stofnlánadeild landbúnaðarins væri byggð upp. Það hefur tekizt giftusamlega að reisa við fjárhag búnaðarsjóðanna

með innlendu fé og öruggum tekjustofnum. Stofnlánadeildin mun innan fárra ára verða mikilsmegnandi fyrir landbúnaðinn, og með hverju ári mun eigið fé deildarinnar aukast stórlega. Eftir fá ár mun deildin hafa eigið fé til ráðstöfunar árlega um 100 millj. kr. Eftir 10—12 ár mun deildin geta lánað af eigin fé árlega um 150 millj. kr.

Landbúnaðinn hefur löngum vantað fjármagn. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir framtíðina að byggja upp örugga lánastofnun fyrir þennan mikilvæga atvinnuveg. Framsóknarmenn finna að því, að bændur skuli greiða 1% af búvöruverðinu til stofnlánadeildar. Framsóknarmönnum finnst eigi að síður sjálfsagt að greiða sams konar gjald til bændahallarinnar. Neytendur greiða án möglunar tilskilið gjald til stofnlánadeildarinnar með þeim skilningi, að það sé einnig hagur neytenda, að landbúnaðurinn eflist. En framsóknarmenn berja höfðinu við steininn. Þótt ekki sé nema ár liðið síðan stofnlánadeildin tók til starfa í því formi, sem hún nú er, hefur eigi að síður komið í ljós góður árangur af starfsemi hennar. Útlán hafa verið aukin mikið frá því, sem áður var. Var því lýst hér í útvarpsumr. í gærkvöld og verður því ekki endurtekið.

Framsóknarmenn ræða mikið um erfiðleika ungs fólks að stofna heimili í sveit. Skal ekki gert lítið úr þeim erfiðleikum. Það er dýrt að byrja búskap með fullkominni vélvæðingu, góðum húsakosti fyrir fólk og búpening, mikilli ræktun og byggingum yfir heyforða og vélar. En það dugir ekki að tala eins og þessir erfiðleikar séu nýtilkomnir. Það dugir ekki fyrir framsóknarmenn að halda því fram, að þessir erfiðleikar hafi ekki verið fyrir hendi 1957—58, þegar þeir voru síðast við völd. Það er gagnslaust að halda því fram, að fólksflótti úr sveitunum hafi aukizt á síðustu þremur árum. Það er réttara fyrir framsóknarmenn að viðurkenna það, að síðustu áratugina hefur fólk flutt úr sveitunum og ekki síður þau árin, sem þeir voru við völd.

Um margra ára skeið hefur veðdeild Búnaðarbankans verið til samkv. lögum, en lítt starfhæf vegna fjárskorts. Nú er að því unnið að efla veðdeildina, til þess að hún geti veitt lán til jarðakaupa og þannig gert ungu fólki auðveldara að festa sér bújörð. Hækkun útlána í veðdeild Búnaðarbankans mun koma til framkvæmda innan tíðar.

Um áratugi hefur verið heimilt samkv. lögum að lána allt að 75% af byggingarkostnaði íbúðarhúsa, útihúsa og til ýmissa framkvæmda annarra í sveitum landsins. En vegna fjárskorts hefur ekki verið unnt að nota þessa heimild nema að takmörkuðu leyti. Þegar framsóknarmenn hækkuðu byggingarefni og rekstrarvörur landbúnaðarins um 55% 1957 og 1958, gerðu þeir engar ráðstafanir til þess að hækka útlán vegna bygginga og ræktunar. Bændur söfnuðu því lausaskuldum á þessum árum og borguðu víxilvexti af lánunum, vegna þess að framsóknarmenn vanræktu búnaðarsjóðina og skildu við þá tóma og gjaldþrota. Með uppbyggingu stofnlánadeildarinnar og eflingu veðdeildarinnar er að því unnið að auðvelda fólki að stofna bú í sveit. Það er öruggt, þótt framsóknarmenn vinni að því öllum árum að telja kjark úr fólki, að hugur og dugur mun hafa yfirhöndina og sveitir landsins byggjast upp með eðlilegum hætti.

Framsóknarmenn tala mikið um samdrátt í sveitunum. Þeir segja, að ræktun og byggingar hafi dregizt saman seinni árin. En þetta er ekki rétt, eins og flestir vita, sem lesa opinberar skýrslur um þessi mál. Jarðræktarlögin eru í endurskoðun. Búnaðarþing skipaði mþn. til þess að endurskoða þessa merku löggjöf. N. skilaði áliti á s. l. ári. Þar sem hér er um mjög mikilvæga og merka löggjöf að ræða, en mþn. ekki stjórnskipuð eða kosin af Alþingi, þótti eðlilegt, að nál. búnaðarþingsnefndarinnar væri athugað af stjórnskipaðri n. Sú n. er að ljúka störfum og hefur gert ýmsar breyt. á frv. því, sem fyrir lá. Breytingarnar munu tvímælalaust vera til bóta, og er þar um ýmis nýmæli að ræða til samræmis við breytta búnaðarhætti. Ætla má, að ný jarðræktarlög verði sett á næsta þingi, þar sem frv. hinnar stjórnskipuðu n. mun vera fullbúið á þessu vori. Það var fullyrt í umr. í gærkvöld, að landbrh. héldi jarðræktarstyrknum niðri með því að miða jarðræktarstyrkinn við skakka vísitölu. Þessi ásökun er ekki svaraverð. Þó þykir rétt að geta þess, að jarðræktarstyrkur er greiddur nú eftir sömu reglum og gilt hafa síðan 1948 og vísitalan er útreiknuð eftir þeim reglum, sem í gildi eru um útreikning hennar.

Jarðræktarstyrkur hækkar verulega til þeirra, sem hafa smærri tún, með þeim lögum, sem nú ganga í gildi um breyt. á l. um stofnlánadeild, þar sem miðað er við hærri styrk til þeirra, sem hafa tún undir 15 hekturum í stað 10 hektara áður. Í sömu lögum er gert ráð fyrir að hækka byggingarstyrk til íbúðarhúsa í sveitum.

Á það var minnzt í umr. í gærkvöld, að vegamálin væru í miklu öngþveiti. Ekki var leitazt við að færa rök fyrir þessari fullyrðingu. Þess ber að geta, að vegafé hefur á undanförnum árum verið of lítið til viðhalds og nýbygginga. Í tíð núv. ríkisstj. hefur vegafé verið aukið hlutfallslega miklu meira en nokkru sinni fyrr. Þannig hefur viðhaldsfé verið hækkað um 90% síðan 1958, fé til nýbygginga um 70%, til brúargerðar um 62% og til flugvalla um 99%. Talið er, að viðhalds- og vegagerðarkostnaður hafi aukizt á þessu tímabili um 45%. Samkv. þessu er mun betur séð fyrir vegamálunum nú en var, á meðan framsóknarmenn fóru með þau mál. Eigi að síður geta menn verið sammála um, að þörf sé á auknu fé til vegaframkvæmda. Ríkisstj. vinnur að því, að svo megi verða. Mþn. vinnur að endurskoðun vegalaganna, og má gera ráð fyrir, að þeirri endurskoðun ljúki í sumar, þannig að leggja megi fram frv. til nýrra vegalaga á næsta hausti.

Þegar framsóknarmenn og kommúnistar ræða um samdrátt í framkvæmdum, eiga þeir

erfitt með að finna orðum sínum stað. Sannleikurinn er, að aldrei hafa framkvæmdir verið meiri í landinu en nú, aldrei hefur atvinna verið betri en nú, og eru horfur á, að svo geti orðið áfram. Rafvæðingu landsins miðar vel áfram. 10 ára áætluninni verður lokið á næsta ári, eins og ákveðið var á árinu 1955, þegar 10 ára áætlunin var gerð að 11 ára áætlun. Unnið er að framhaldsáætlun, sem miðast við, að allir landsmenn hafi fengið raforku ekki seinna en árið 1970. Gert er ráð fyrir, að framhaldsáætlun verði fullbúin á næsta hausti. Verður þá unnt að gera sér grein fyrir því, hversu margir geta komizt inn í samveitukerfið. Vitað er, að margir bæir eru þannig í sveit settir, að þeir geta ekki fengið raforku nema frá dísilstöðvum. Í athugun er, með hverjum hætti unnt er að veita þeim aukna aðstoð vegna aðstöðumunar.

Ríkisstj. hefur lagt fram þjóðhagsáætlun, sem gerð hefur verið ýtarleg grein fyrir. Með þjóðhagsáætluninni er gert ráð fyrir aukinni uppbyggingu og framkvæmdum eins miklum og fjárhagskerfið og mannafli í landinu leyfir. Atvinnuvegir landsmanna ganga vel. Framleiðslan eykst í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði. Uppbygging og bætt lífskjör fyrir almenning munu örugglega halda áfram, ef haldið verður þeirri stefnu, sem farið hefur verið eftir, síðan viðreisnin hófst. Stjórnarandstaðan vill víkja af þessari leið og taka upp stefnu vinstri stjórnarinnar að nýju. Nauðsynlegt er, að Íslendingar geri sér grein fyrir öllum staðreyndum og láti eigin dómgreind ráða, þegar valið verður á milli stefnu ríkisstj. og þeirra, sem vilja rífa niður og eyðileggja þann árangur, sem náðst hefur í efnahagslegri uppbyggingu þjóðarinnar. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er skoplegt að heyra Alþýðuflokksmenn réttlæta þátttöku sína í núv. afturhaldsríkisstj. Í þeim efnum grípa þeir gjarnan til þess að skamma vinstri stjórnina fyrir hennar störf. Það er engu líkara en Alþýðuflokksmenn trúi því nú orðið, að þeir hafi ekki verið í vinstri stjórninni. Í umr. hér í kvöld lék Benedikt Gröndal þennan skopleik. Hann skammaðist hér út af því, að lítið hafi verið gert í tíð vinstri stjórnarinnar í tryggingamálum. Hv. þm. gleymdi því að sjálfsögðu, að það var Alþfl. í vinstri stjórninni, sem fór með tryggingamálin. Hann gleymdi því, að það var Guðmundur Í. Guðmundsson, flokksbróðir hans, sem var ráðh. tryggingamála. Mér er óhætt að fullyrða það, að í vinstri stjórninni lagði hann aldrei fram neina till. til úrbóta í tryggingamálum, sem hann fékk ekki samþ. Hafi lítið verið gert í tíð vinstri stjórnarinnar í tryggingamálum, þá ber Alþfl. að sakast þar um við sjálfan sig.

Viðreisnarstjórnin hóf göngu sína með þeim áróðri, að erlend skuldasöfnun væri að stefna efnahag þjóðarinnar í voða. Erlend lán, sem tekin höfðu verið vegna hluta af stofnkostnaði sementsverksmiðjunnar, vegna hluta af stofnkostnaði nýrrar Sogsvirkjunar og nýrra virkjana á Austfjörðum og Vestfjörðum og vegna hluta af stofnkostnaði stóraukins fiskiskipaflota, slík lán áttu öll að teljast sem beinn hallarekstur á þjóðarbúinu. Einn af stuðningsmönnum ríkisstj., kunnur hagfræðingur, dr. Benjamín Eiríksson, fann sig knúinn til þess að mótmæla þessum áróðri viðreisnarstjórnarinnar strax í upphafi. Dr. Benjamín sagði, að enginn vafi gæti leikið á því, að þjóðin stæði við upphaf viðreisnarinnar betur að vígi efnahagslega séð, þó að hún þyrfti að standa undir hærri erlendum skuldum en áður, vegna stórbættrar aðstöðu með atvinnu- og framleiðslutæki.

Áróður þeirra viðreisnarmanna var rangur og óheiðarlegur strax í upphafi. En nú í lok kjörtímabilsins er þó áróður þeirra hálfu verri. Nú er hamrað á því sýknt og heilagt, að afleiðingar viðreisnarstefnunnar séu stórvaxandi sparifé landsmanna, gerbreytt gjaldeyrisstaða bankanna og almennt og mikið góðæri um allt land. Á þessum fjarstæðum er klifað dag eftir dag í öllum blöðum ríkisstj., og til viðbótar eru svo ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum og seðlabankastjórar látnir endurtaka þessar blekkingar.

Gjaldeyrisstaðan hefur hvergi nærri batnað um þær fjárhæðir, sem áróðursmenn viðreisnarinnar halda fram. Hitt er aftur á móti augljóst mál, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa orðið óvenjumiklar s. l. tvö ár og gjaldeyrisstaðan hefur af þeim ástæðan orðið betri en áður var. En hvernig stendur á því, að gjaldeyristekjur hafa vaxið? Skyldi það vera að þakka viðreisnarstefnu ríkisstj. í efnahagsmálum? Nei, ónei. Hvert mannsbarn í landinu veit, hver ástæðan er til stóraukinna gjaldeyristekna síðustu tvö ár. Árið 1961 jókst heildarafli sjávarútvegsins um 23,6%, og árið 1962 jókst hann enn um 20%. Árið 1961 jókst verðmæti útflutningsframleiðslunnar um 10,3% eða um 388,4 millj. kr. og árið 1962 jókst verðmæti útflutningsins um 17% eða um 538 millj. kr. Þannig jukust gjaldeyristekjurnar vegna framleiðsluaukningar árin 1961 og 1962 um 926 millj. kr., hvorki meira né minna. Það er þessi framleiðsluaukning, sem ráðið hefur um bætta gjaldeyrisstöðu og meiri gjaldeyri til ráðstöfunar en áður var.

Og hvernig stendur á þessari framleiðsluaukningu? Hafa áhrif viðreisnarinnar kannske verið hér að verki? Nei, engum manni með heilbrigða skynsemi dettur slíkt í hug. Síldaraflinn hefur orðið til þrátt fyrir viðreisnarstefnuna, en ekki vegna hennar. Ástæðurnar fyrir hinum mikla og góða síldarafla eru eflaust margar, og sumar þeirra verður að telja til góðærishappa, en engum, sem þekkir til síldveiða okkar nú, blandast hugur um það, að ein meginástæðan til þess, að nú er hægt að stunda síldveiðar með góðum árangri allt árið, einnig allan veturinn, er sá skipastóll, sem landsmenn nú eiga og nota við veiðarnar. Það eru fyrst og fremst nýju 150—250 rúmlesta skipin, vel útbúin og vönduð, sem hin

mikla veiði byggist á. Bátaflotinn, eins og hann var fyrir nokkrum árum, aðallega 60 rúmlesta bátar, væri ófær til þessara veiða með öllu, a. m. k. yfir veturinn.

Það var í tíð vinstri stjórnarinnar, sem hafizt var handa um smíði 150 rúmlesta stálbátanna í Noregi og kaupin á 100—250 rúmlesta austurþýzku skipunum. Það voru einmitt þessi fiskiskipakaup, sem ráðunautar viðreisnarstjórnarinnar í efnahagsmálum voru mest á móti. Það voru erlendar skuldir vegna þessara skipakaupa, sem taldar voru ógna efnahagslífi þjóðarinnar. Svo skammsýnir voru þeir viðreisnarmenn á möguleika íslenzks sjávarútvegs þá eins og nú, að þeir töldu hin nýju fiskiskip mundu skapa Íslendingum ný og aukin vandamál. Glöggt dæmi um það var, þegar sjö af þm. Sjálfstfl. með fiskimálastjórann, Davíð Ólafsson, í broddi fylkingar fluttu till. hér á Alþingi um sérstakar ráðstafanir vegna hinna nýju skipa. Í grg. till. sögðu þeir flm. orðrétt á þessa leið:

„Á undanförnum árum hafa ný skip í bátaflotanum farið stækkandi. Allmikið hefur verið byggt af skipum 150—250 rúmlestir að stærð. Þessi skip," sögðu þessir spekingar Sjálfstfl., „þessi skip eru of dýr, bæði í stofnkostnaði og rekstri, til þess að þau geti byggt afkomu sína eingöngu á veiðum hér við land." Þeir lögðu því til, að ríkisstj. sendi þessi skip til veiða við Afríkustrendur.

150 rúmlesta stálskipin voru kölluð „Vinstristjórnarskip". Austur-þýzku skipin voru nefnd „skipin hans Lúðvíks". En nú moka þessi skip upp síldaraflanum og bjarga gjaldeyrisstöðu landsins, og síðan koma auðvitað þessir spekingar viðreisnarstjórnarinnar og segja: Þarna sjáið þið, hvernig viðreisnin hefur bjargað fjármálum þjóðarinnar.

Þó að viðreisnarstefna ríkisstj. eigi engan þátt í síldargóðærinu og þar af leiðandi ekki heldur í vaxandi gjaldeyristekjum né í aukinni þjóðarframleiðslu og þá ekki heldur í sparifjáraukningunni, sem er afleiðing góðærisins, þá hefur viðreisnarstefnan í ýmsum öðrum greinum borið fullan árangur. Viðreisnarstefnan hefur áorkað því, að dýrtíðarvísitalan fyrir vörur og þjónustu hefur hækkað um 49% á þremur árum eða margfalt meira en nokkur dæmi eru til um áður á sambærilegum tíma. Viðreisnin hefur áorkað því, að kaupmáttur tímakaups hefur lækkað í öllu góðærinu, og það er auðvitað eitt af sporunum, sem Alþfl. gæti rakið eftir sig í stjórnarsamstarfinu. Viðreisnin hefur leitt til þess, að íbúðarhúsabyggingar hafa dregizt saman, og það er annað spor, sem Alþfl. getur rakið eftir sig. Hún hefur leitt til þess, að skattar og tollar hafa hækkað á þjóðinni um 1400 millj. kr. frá árinu 1953 til 1963. Hún hefur leitt til þess, að skattar á gróðafélögum hafa lækkað, en söluskattar á algengustu neyzluvörum hækkað.

Viðreisnin hefur dekrað við verzlunina í landinu. Hún hefur leyft hækkaða álagningu á vörum og í ýmsum greinum afnumið verðlagseftirlit. Hún hefur gefið heildsölum frjálsræði með gjaldeyri og beint fjármagni þjóðarinnar í sívaxandi mæli til verzlunarinnar. Árið 1961 fór meira en 1/3 hluti útlánaaukningar viðskiptabankanna til verzlunarinnar, eða 106.8 millj. kr. Á því sama ári minnkuðu lán viðskiptabankanna til sjávarútvegsins um 87,2 millj. kr. Árið 1962 jukust útlánin enn til verzlunarinnar um 158,3 millj. kr., en um aðeins 29.8 millj. kr. til sjávarútvegsins. Þannig hefur verzlunin á tveimur árum, 1961 og 1962, tekið til sín meira en 1/3 af allri útlánaaukningu bankanna og þannig fengið til sín miklum mun meira fé en sjávarútvegur og landbúnaður samanlagt.

Þá er það ekki síður íhugunarvert, að á viðreisnarárunum 1961 og 1962 hefur fiskiskipaflotinn beinlínis rýrnað, endurnýjun hefur ekki jafngilt viðhaldi og afföllum í flotanum. Árið 1961 var nettóaukning fiskiskipaflotans 11 skip, 1412 rúmlestir að stærð. Um þá aukningu sagði Davíð Ólafsson fiskimálastjóri: „Þessi endurnýjun flotans á einu ári er of lítil, til þess að hún geti talizt nægjanleg." Árið 1962 reyndist nettóaukning fiskiskipaflotans þó enn þá minni, eða aðeins 293 rúmlestir. Sannleikurinn er sá, að árleg aukning fiskiskipaflotans þarf að vera um 2500—3000 rúmlestir til þess að jafngilda fullu viðhaldi á öllum flotanum. Það var fyrst í lok s. l. árs, eftir tvær miklar síldarvertíðir og mikinn hagnað margra útgerða, að ráðizt var að nýju í byggingar fiskibáta erlendis, svo að nokkru nam. Þeir fiskibátar, sem nú eru í smíðum erlendis fyrir Íslendinga, eru ekki afleiðing viðreisnarinnar, heldur hins mikla síldarafla.

Hin góða efnahagsafkoma síðustu ára byggist öll á þeim grundvelli, sem lagður var, áður en viðreisnin hófst. Hún byggist á stækkun landhelginnar, gerbreytingu fiskiflotans og þeim síldar- og fiskiðnaði, sem komið hafði verið upp í landinu.

Nú hefur viðreisnarstjórnin lagt fram áætlun sína um þróun efnahagsmálanna á næstu fjórum árum. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir minni vexti þjóðarframleiðslunnar en var á árunum 1955—59. Þar er gert ráð fyrir minni vexti þjóðarteknanna en þá var, minni fjárfestingu í aðalatvinnuvegum landsins, og þar er gert ráð fyrir, að enn á næstu fjórum árum hækki kaup minna en sem svarar vaxandi þjóðarframleiðslu, eins og verið hefur í tíð núv. ríkisstj. Í áætluninni segir, að ekki sé gert ráð fyrir neinum meiri háttar breytingum á aðalatvinnuvegum landsins, sjávarútvegi og landbúnaði, en þó á að taka 600 millj. kr. erlent lán á hverju ári næstu fjögur árin. Áætlunin bar glöggt vitni um vantrú þeirra viðreisnarmanna á möguleikum sjávarútvegs og landbúnaðar. Það eina umtalsverða í áætluninni eru kosningalán þau, sem ríkisstj. hugsar sér að úthluta nú á þessu ári til nokkurra framkvæmda. Þannig hefur viðreisnarstefnan verið mörkuð vonleysi og verður það eflaust áfram.

Almennar alþingiskosningar standa nú fyrir dyrum. Á úrslitum þeirra kosninga mun velta,

hvaða stjórnarstefna verður hér ríkjandi á næsta kjörtímabili. Í þeim kosningum á þjóðin að dæma flokkana eftir þeirri reynslu, sem fyrir liggur um afstöðu þeirra á því kjörtímabili, sem nú er að líða, til þeirra mála, sem þjóðarheildina varða mestu. Nú eins og alltaf eru það nokkur málefni, sem gnæfa upp úr hinu almenna málefnaþrasi flokkanna, málefni, sem eiga að ráða úrslitum um afstöðu kjósenda til stjórnmálaflokkanna.

Efnahagsbandalagsmálið gnæfir hæst allra þessara mála nú. Afstaðan í því máli getur varðað tilveru þjóðarinnar sem sjálfstæðrar þjóðar í framtíðinni. Stefna stjórnarflokkanna í því máli er augljós. Þeir stefna að aðild Íslands að bandalaginu. Formaður Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson, hefur lýst yfir því, að hann telji, að tryggja megi örastar framfarir með beinni þátttöku Íslands í Efnahagsbandalagi Evrópu. Þannig var skoðun hans, þó að hann vilji nú draga nokkuð í land af ótta við kjósendur. Gylfi Þ. Gíslason ráðherra hefur sagt, að hann telji útilokað, að Ísland standi utan bandalagsins. Og sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum og einstakir ráðh. hafa hvað eftir annað gert ráð fyrir þátttöku útlendinga í íslenzkum fiskiðnaði og erlendu einkafjármagni í atvinnurekstri landsins. Alþb. var eini flokkurinn á Alþingi, sem strax tók ótvíræða og hiklausa afstöðu gegn allri aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Framsfl. tvísteig í málinu þar til nú fyrir nokkrum mánuðum. Sumarið 1961 voru það ekki aðeins fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, sem ólmir vildu sækja um aðild að bandalaginu, heldur einnig þeir framsóknarmenn, sem þá voru spurðir. Haustið 1961, þegar hættan var mest á því, að ríkisstj. legði fram beiðni um aðild að bandalaginu, birtist ritstjórnargrein í Tímanum, að aukaaðild væri sú leið, sem hentaði Íslandi bezt. Reynslan um afstöðu flokkanna í þessu stærsta máli þjóðarinnar liggur alveg skýrt fyrir. Aðeins Alþb. eitt hefur staðið óhvikult allan tímann, aðeins því er hægt að treysta fullkomlega í þessu stórmáli.

Annað stórmál, sem hver hugsandi kjósandi hlýtur að láta sig miklu skipta, er afstaða flokkanna til hersetunnar. Afstaða stjórnarflokkanna er skýr. Þeir vilja áframhaldandi hersetu í landinu. Afstaða Alþb. er líka skýr og ótvíræð. Það vill aflétta hersetunni hið fyrsta og losa þjóðina úr erlendu hernaðarbandalagi. Afstaða Framsfl. er hins vegar óskýr og óákveðin.

Landhelgismálið verður eitt af stórmálum næstu kosninga. Í marzmánuði á næsta ári á að renna út undanþágusamningurinn, sem gerður var við Breta um veiðar innan 12 mílna markanna. Þegar 12 mílna landhelgin var ákveðin 1958, hafði Alþb. forgöngu um þá stækkun. Allir vita, að stækkunin þá byggðist beinlínis á hörku Alþb. í málinu. Sjálfstfl. neitaði að standa að stækkun landhelginnar 1958. Hann og Alþfl. brugðust málstað Íslendinga með undansláttarsamningnum við Breta. Samkvæmt þeim samningi geta Íslendingar ekki hér eftir breytt grunnlínum eða stækkað landhelgina án leyfis Breta nema þá samkvæmt dómi Alþjóðadómstólsins í Haag, sem auðvitað getur ekki dæmt okkur stækkun, á meðan alþjóðalagaákvæði skortir.

Stjórnarflokkarnir segjast hafa unnið sigur í landhelgismálinu. Sigur þeirra var fólginn í því að hleypa erlendum togurum inn í landhelgina, upp á mið bátanna, einkum fyrir Austur- og Norðurlandi. Ráðherrarnir segja, að síðan þeir hleyptu togurunum inn fyrir, hafi allt verið í himnalagi. Þeir í stjórnarráðinu hafa auðvitað ekki haft mikið af ágangi erlendra togara að segja. Þeir vita ekki um, að fiskibátar okkar hafa hvað eftir annað orðið að flýja miðin, orðið fyrir veiðarfæra- og aflatjóni. Síðan Bretum var hleypt inn í landhelgina, hafa tugir togara verið teknir að veiðum fyrir innan 6 mílna mörkin, en þó hafa auðvitað miklu fleiri togarar sloppið. Ásókn brezkra togara má m. a. dæma af komu þeirra í íslenzkar hafnir. Nýlega var frá því skýrt í blöðum, hve margir brezkir togarar hefðu leitað til Ísafjarðar undanfarin ár. Skýrslan var þannig: Á árunum 1952—58 komu þangað 24 brezkir togarar að meðaltali á ári. Árið 1959 kom þangað enginn brezkur togari. Árið 1960 komu þangað 10 brezkir togarar. Árið 1961 komu þangað 59 brezkir togarar. Og árið 1962, s. l. ár, komu þangað 155 brezkir togarar.

Ágangur erlendra togara í landhelginni hefur gert mikið ógagn undanfarin ár. Það eru starblindir menn á gildi fiskveiðilandhelginnar, sem kalla það sigur að hleypa erlendum togurum inn á mið bátanna. Enginn vafi leikur á, að fái núverandi stjórnarflokkar meiri hluta áfram á Alþingi eftir kosningar, er stórhætta á, að þeir framlengi í einu eða öðru formi undanþágur Breta til veiða í landhelginni. Það ættu allir sjómenn a. m. k. að hafa hugfast, þegar þeir ganga að kjörborðinu í sumar.

Í kosningunum í sumar hljóta verkamenn, sjómenn, bændur og aðrir launþegar að dæma flokkana eftir afstöðu þeirra til kaupgjalds- og kjaramála. Stefna stjórnarflokkanna hefur verið ómenguð kjaraskerðingarstefna, stefna fjandskapar við verkalýðssamtökin. Framsfl. rauf vinstri stjórnina á kröfu um kauplækkun, og hann studdi núverandi stjórnarflokka til þess að slíta vísitöluna úr sambandi við kaupið. Alþb. hefur hins vegar alltaf staðið gegn kjaraskerðingarstefnunni og verið málsvari launþeganna á Alþingi.

Stjórnarflokkarnir hafa stórhækkað vexti á lánum atvinnuveganna og íbúðalánum almennings. Framsfl. hafði áður samþ. með Sjálfstfl. hækkun vaxta á stofnlánum landbúnaðar og sjávarútvegs og lánum til íbúðarhúsabygginga. Alþb. hefur allan tímann staðið gegn vaxtahækkun og gegn því, að lánskjör landbúnaðar og sjávarútvegs yrðu gerð óhagstæðari. Framsfl. berst nú sömu baráttu og við Alþýðubandalagsmenn, en hann hafði áður samþ. vaxtahækkunarleiðina og styttingu lánstímans.

Þau málefni, sem hér hafa verið nefnd, sýna það öll, að þótt Framsfl. berjist nú rétt fyrir kosningar harðri og ákveðinni baráttu gegn kjaraskerðingarstefnu stjórnarflokkanna og gegn aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu og hafi heilbrigða afstöðu í ýmsum stórmálum, þá er fortíð Framsfl. óhrein í flestum þessum málum, og það er erfitt að treysta á heilindi Framsfl. í þessum efnum. Og enn hikar Framsfl. í einu grundvallarmáli komandi kosninga. Um það er spurt: Hvað ætlar Framsfl. að gera að kosningum loknum? Ætlar hann að taka saman við íhaldið eða ganga í stjórn með viðreisnarflokkunum, eigi hann þess kost? Eða vill Framsfl. lýsa því ótvírætt yfir fyrir kosningar, að til slíks geti ekki komið, að hann vilji vinstri ríkisstj. með Alþb., stjórn, sem skuldbindi sig til þess að gerbreyta um stefnu í samræmi við þá afstöðu, sem Framsfl. og Alþb. hafa haft á Alþingi að undanförnu? Framsókn segist aðeins vilja fella núv. viðreisnarstjórn og fá aðstöðu til þess, að ekki verði gengið fram hjá Framsfl., eins og það er orðað. Hvað merkir þetta orðalag? Gefur það ekki til kynna, að framsóknarforingjarnir ætli sér að semja sig inn í afturhaldsríkisstjórn eftir kosningar, eigi þeir kost á því?

Stefna Alþb. er skýr. Það skorar á alla vinstri menn að sameinast um vinstri stefnu, um uppbyggingu atvinnulífsins um allt land, um bætt launakjör, um verndun sjálfstæðis þjóðarinnar og baráttu gegn öllum erlendum yfirráðum í landinu.

Nú hefur Alþb. breikkað grundvöll sinn í komandi kosningum. Nú hafa þjóðvarnarmenn skipað sér í sameiginlega liðsveit með okkur Alþýðubandalagsmönnum. Ástæðurnar til þess eru m. a. þau alvarlegu viðhorf, sem blasa við þjóðinni, ef núv. ríkisstjórnarflokkar fá haldið meirihlutavaldi sínu eftir kosningar. Vinstri menn finna þörfina á því að þjappa sér saman og láta ekki minni háttar ágreiningsmál tvístra sér. Hægri öflin standa saman. Stjórnarflokkarnir lýsa því yfir, að þeir ætli sér að halda áfram stjórnarsamstarfi sínu og stjórnarstefnu sinni, fái þeir til þess meiri hluta kjósenda. Samstaða þeirra kallar á samstarf vinstri manna. Kosningabaráttan er hafin. Þeirri baráttu verður að ljúka með falli núverandi ríkisstj. og stórsókn vinstri manna og miklum sigri Alþb. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Út af ummælum Benedikts Gröndals alþm. hér áðan um almannatryggingarnar og svigurmælum hans í garð framsóknarmanna skal það aðeins tekið fram:

1) að það var Framsfl., sem lagði ásamt Alþfl. grundvöllinn að tryggingalöggjöfinni í öndverðu;

2) um umbætur þær á tryggingalöggjöfinni, sem nú hafa átt sér stað, hefur alls enginn ágreiningur verið;

3) það var Alþfl.-maður, sem fór með málefni almannatrygginganna í vinstri stjórninni.

Hæstv. forsrh. varð að viðurkenna vaxandi verðbólgu og dýrtíð í umr. hér í gær. En hann spurði um leið: Hverjum er um að kenna? Hvað hefur valdið verðhækkununum, og við hvern er að sakast um vöxt dýrtíðarinnar á þessu kjörtímabili? — Ég held, að þessum spurningum ráðh. sé ákaflega auðsvarað. Vaxandi verðbólga á þessu tímabili á fyrst og fremst rætur að rekja til efnahagsaðgerða núv. ríkisstj., viðreisnarinnar svokölluðu 1960 og gengisfellingarinnar 1961. Vegna þeirra aðgerða hefur verðlagið skrúfazt upp, kaupgjaldið hækkað, krónan lækkað, rekstrarútgjöld aukizt, framkvæmdakostnaður stórhækkað. Þessum augljósu staðreyndum treystist jafnvel forsrh. ekki til að neita, en reyndi hins vegar að telja mönnum trú um, að ráðstafanir þessar hefðu verið óumflýjanlegar, viðreisnin vegna viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar og gengisfellingin 1961 vegna þeirra kaupgjaldssamninga, sem samvinnufélögin höfðu forustu um. Þessi niðurstaða forsrh. er vitaskuld furðuleg fjarstæða, sem ber vitni um slæma samvizku stjórnarinnar í þessum efnum.

Með efnahagslögunum 1960 var stofnað til stórfelldari gengislækkunar en áður hefur átt sér stað. Sú gengislækkun ein út af fyrir sig hlaut að hafa í för með sér ægilega dýrtíðarskriðu og tilfinnanlega lífskjaraskerðingu fyrir allan almenning. En það var ekki látið sitja við gengisfellinguna eina. Jafnhliða henni voru vextir stórhækkaðir, lánstími styttur og afurðalán lækkuð, og í kjölfar gengisfellingarinnar sigldu strax nýjar álögur á almenning í formi söluskatta og annarra opinberra gjalda. Allar þessar ráðstafanir hlutu að verka í sömu átt og gengisfellingin, þ. e. a. s. hafa stórkostleg verðbólguáhrif og leggja þungar byrðar á almenning, jafnframt því sem þær hlutu að verða atvinnuvegunum fjötur um fót. Þegar til gengislækkana hefur komið áður fyrr, hafa jafnframt oftast nær verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að draga úr íþyngjandi áhrifum þeirra. Hitt mun aldrei hafa átt sér áður stað, að samhliða gengisfellingu hafi verið gripið til sérstakra aðgerða til þess að stuðla að enn meiri kjaraskerðingu og verðbólgu. Hér var því vissulega um nýja stefnu að ræða.

Framsóknarmenn vöruðu eindregið við afleiðingum þessara samvirku kjaraskerðingaraðgerða. Við sýndum fram á, að þær mundu magna dýrtíð, skerða lífskjör, kalla á kauphækkanir, leiða til ranglætis og valda óbærilegum aðstöðumun í þjóðfélaginu. Allt hefur þetta ásannazt, eins og hver maður getur dæmt um af eigin reynd.

Með efnahagslögunum frá 1960 var skráð gengi krónunnar lækkað um 132.5%. Með þeirri gengisfellingu var gengið miklu lengra en að skrá krónuna í samræmi við gjaldeyrisuppbótagengið. Með hinni nýju gengisskráningu var verð á erlendum gjaldeyri yfirleitt hækkað um 50, en í ýmsum tilfellum um 80% frá því, sem það að meðtöldu yfirfærslugjaldinu áður var. Það er því fráleit firra, að með gengisbreytingunni 1960 hafi aðeins verið skráð

sú gengislækkun, sem vinstri stjórnin hafði raunverulega verið búin að framkvæma með uppbótakerfi og yfirfærslugjöldum. Það sér hver maður með heilbrigða skynsemi. Það er margsannað, að viðskilnaður vinstri stjórnarinnar gaf að öðru leyti síður en svo tilefni til slíkra óyndisúrræða sem gengislækkunin 1960 óneitanlega var. Tekjuafgangur var hjá ríkissjóði, afkoma útflutningssjóðs var eftir atvikum góð, eins og á daginn kom við uppgjör hans. Vegna stöðu landsins út á við árið 1958 var síður en svo ástæða til að grípa til þvílíkra örþrifaráða, svo sem hv. þm. Hermann Jónasson sýndi ljóslega fram á hér áðan. Það er þess vegna blátt áfram broslegt að ætla að kenna vinstri stjórninni um viðreisnaraðgerðirnar í febrúar 1960 og þann ófarnað, sem af þeim hefur síðan leitt. Sannleikurinn er sá, að jafngífurleg gengisfelling og átti sér stað 1960 náði ekki nokkurri átt, þegar alls var gætt. Því síður áttu þær óheillafylgjur, sem upp voru vaktar um leið, svo sem vaxtahækkun, lánalækkun og nýjar álögur, nokkurn rétt á sér. Það var auðsætt, að þessar efnahagsaðgerðir hlutu von bráðar að færa allt úr skorðum og leiða í þær ógöngur, að ekki verði við neitt ráðið. Á árinu 1961 var líka svo komið, að allt logaði í viðtækum verkföllum og kjaradeilum, en áður höfðu launþegasamtökin leitað samninga við ríkisstj. um kjarabætur án kauphækkana, m. a. með lækkun vöruverðs og vaxta, en enginn árangur hafði náðst.

Í maímánuði hófst verkfall fjölda verkalýðsfélaga. Var talið, að það næði til a. m. k. um 7000 manns víðs vegar um land. Þá var ástandið alvarlegt. Þá vofði yfir allsherjarframleiðslustöðvun einmitt um þær mundir, er síldveiðar norðanlands áttu að hefjast. Þá höfðu samvinnufélögin forustu um nýja kjarasamninga, þar sem að ýmsu leyti var farið inn á nýjar brautir og grundvöllur lagður að vinnufriði, ef skynsamlega hefði verið á málum haldið. En þá gerði ríkisstj. sitt allra stærsta glappaskot. Hún felldi gengið á nýjan leik.

Gengislækkunin 1961 var algerlega óþörf að mínum dómi. Hún var fullkomið gerræðisverk, sem ríkisstj. nú hlýtur að iðrast sárlega eftir. Samt sem áður var hæstv. forsrh. enn að rembast við að reyna að réttlæta þetta ógæfuverk. Hann sagði, að kaupgjaldshækkunin hefði þýtt 550—600 millj. útgjaldabyrði fyrir atvinnuvegina, en slíkt hefði verið þeim með öllu ofviða. Nú taldi ríkisstj. atvinnuvegina að óbreyttum aðstæðum og miðað við þær slæmu afkomuhorfur, sem hún gekk út frá í gengisfellingargrg. sinni 1961, geta borið 3% kauphækkun, en það jafngildir samkv. grg. rúmlega 100 millj. kr. Nú liggur það hins vegar ljóst fyrir, að verðmæti sjávarafurða 1961 varð a. m. k. 500 millj. kr. meira en ríkisstj. reiknaði með í gengislækkunargrg. sinni. Framleiðsluaukning í sjávarútveginum var því einmitt fyrir hendi til þess að standa undir umsömdum kauphækkunum og þá auðvitað því fremur, ef vextir hefðu verið lækkaðir. Um þetta ætti því alls ekkert að þurfa að deila nú. Auðvitað var gengislækkunin talin gerð vegna útflutningsframleiðslunnar, en af henni eru sjávarafurðir um eða yfir 90%. Engum dettur í hug, að gengislækkunin hafi verið gerð vegna landbúnaðar, enda hefur hann óefað af henni ógagn, þegar á heildina er litið. Það er einnig margsannað, að gengislækkunar þurfti ekki við vegna iðnaðarins, enda urðu iðnaðarfyrirtæki undantekningarlítið að taka á sig kauphækkanir án þess að fá hækkað verð á framleiðsluvöru sinni. Því til sönnunar má vitna til málgagns ríkisstj., Morgunblaðsins, en þar var 13. sept. 1961 birt grein undir fyrirsögninni: „Iðnfyrirtæki hafa sjálf orðið að bera kauphækkanir". Þar segir m. a. orðrétt: „Leyfi til verðhækkana vegna kauphækkana hafa aðeins verið gefin í tveim tilfellum." Og síðan orðrétt feitletrað: „Kauphækkanir hafa fyrirtækin orðið að taka á sig sjálf." Svo kemur hæstv. forsrh. hér í gærkvöld og leyfir sér að staðhæfa, að langflest fyrirtæki hafi fengið kauphækkunina reiknaða inn í verðlagið, þar sem ella hefði orðið hjá þeim hallarekstur.

Enn þá óskiljanlegri eru þó dylgjur hæstv. forsrh. um, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi farið fram á verðhækkun á iðnaðarvörum vegna kauphækkana. Þær staðhæfingar hafa enga stoð í veruleikanum. Samkv. upplýsingum fyrirsvarsmanna Sambandsins hefur það aldrei farið fram á verðlagshækkanir vegna kauphækkana. Til þess að færa mönnum enn betur heim sanninn um sannleiksgildi þessara orða ráðh. vil ég lesa upp nokkur orð úr prentaðri ársskýrslu Sambandsins fyrir árið 1961. Þar segir forstjóri SÍS á bls. 37 svo, með leyfi forseta:

„Eftir gengisbreytinguna í ágúst s. l. var af verðlagsnefnd tekin til athugunar breyting á álagningu á vörum og þjónustu. Yfirmaður verðlagsmála kallaði fulltrúa Sambandsins á fund til viðræðna um þessi mál. Tveir fundir um þessi mál báru meiri svip réttarhalda en venjulegs viðræðufundar. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar á þessum fundum til þess að kalla fram óskir frá fulltrúum Sambandsins um hækkun á álagningu á vörum og þjónustu. Þessar tilraunir mistókust. Fulltrúar Sambandsins ítrekuðu fyrri yfirlýsingar, að Sambandið hefði aldrei farið fram á hækkun álagningar og mundi ekki gera það frekar en áður."

Þetta sagði forstjóri Sambandsins í ársskýrslu sinni.

Þvílíkur málflutningur af hálfu forsrh. er að sjálfsögðu stórvítaverður, og er alveg furðulegt, að hann skuli leyfa sér að fara þannig algerlega með staðlausa stafi. Og menn geta rétt ímyndað sér, hvernig málflutningurinn hjá öðrum stjórnarliðum muni vera, þegar sjálfur forsrh. leyfir sér að fara með þvílíkan uppspuna.

Það fær ekki heldur staðizt, að gengislækkunin 1961 hafi verið nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir greiðsluhalla við útlönd. Vegna mikilla aflabragða batnaði gjaldeyrisstaða bankanna samkv. skýrslu Seðlabankans á árinu 1961 um 400 millj. kr., reiknað á núv.

gengi, en auk þess átti sér stað birgðaaukning á útflutningsvörum, sem talin var nema 186 millj. kr. En í gengisfellingargrg. sinni reiknaði ríkisstj. með því, að 150 millj. kr. af kaupgetuaukanum vegna kaupgjaldshækkananna kæmu fram í greiðslujöfnuðinum á síðari helmingi ársins 1961. Nú liggur það hins vegar fyrir, að hrein gjaldeyriseign bankanna var 527 millj. kr. í árslok 1961. Hvernig ætlar svo ríkisstj. að telja mönnum trú um, að komið hefði til gjaldeyrisskorts og greiðsluhalla, ef ekki hefði verið gripið til gengislækkunar sumarið 1961? Það er vitaskuld alveg vonlaust verk. Hinu má hreyfa, að stjórnin hafi ekki um mitt sumar 1961 getað séð fyrir hið mikla aflamagn og batnandi afkomu ársins 1961. Sannleikurinn er þó sá, að um mitt sumar 1961 var full ástæða til bjartsýni í þessum efnum. Verðlag á flestum útflutningsafurðum var heldur hækkandi og aflavonin var í rauninni miklu meiri en nokkru sinni fyrr, bæði vegna undangenginnar landhelgisútfærslu og aukinnar veiðitækni. Við þær aðstæður bar stjórninni vitaskuld að bíða átekta og sjá, hverju fram yndi, enda var það fullkomið gerræði og þverbrot á þingræðisvenjum að ganga fram hjá Alþingi í þessu mikilsverða máli. Hverjum dettur nú í hug, að gripið hefði verið til gengisstýfingar 1961, ef ákvörðun um hana hefði verið látin bíða t. d. fram í nóvember 1961? Þá hefði jafnvel núv. ríkisstj. ekki treyst sér að grípa til gengisfellingar.

Ég hygg, að það sé algert einsdæmi, að gengi gjaldmiðils sé fellt í metaflaári við batnandi gjaldeyrisaðstöðu og þegar verðmæti útflutningsafurða eykst samkv. skýrslu þjóðbankans um rúmlega 14% frá því á árinu áður. Ég hygg, að slík fjármálapólitík þekkist hvergi í víðri veröld nema hér. Það er eigi að undra, þó að sú spurning vakni hjá óbreyttum borgurum, hvenær eða hvernig efnahagsástand þurfi eiginlega að vera, til þess að ekki sé þörf á gengislækkun að mati núv. ríkisstj.

Fáir eða engir hafa verið jafnhart leiknir af tveim gengisfellingum og sparifjáreigendur. Verðgildi sparifjárinnstæðna gagnvart erlendum gjaldeyri hefur verið rýrt um næstum því helming, þó að reiknað sé með öllum yfirfærslugjöldum, sem innheimt voru fyrir 1. febr. 1960. M. ö. o.: 100 kr. innstæðan hefur í raun og veru verið færð niður í rúml. 50 kr. Svipuðu máli gegnir um kaupmátt sparifjárins innanlands. Hér er ranglætið framið gagnvart sparsömu og heiðarlegu fólki, sem lagt hefur fé í banka í góðri trú og í nytsömu augnamiði, t. d. unga manninum, sem hefur ætlað að safna til íbúðarkaupa, og gamla manninum, sem hefur ætlað að draga saman til ellidaganna. Þeir hafa verið blekktir og sviknir. Í heild hafa sparifjáreigendur verið sviptir milljónahundruðum með einu einasta pennastriki. Það er því meira en lítil óskammfeilni, þegar stjórnarsinnar þykjast bera umhyggju fyrir sparifjáreigendum og benda því til stuðnings á hækkun innlánsvaxta, en það er öllum auðsætt, að sú hækkun er ekki nema hverfandi brot af verðrýrnun sparifjárins vegna gengislækkana.

Í boðskap sínum til Alþingis við myndun núv. ríkisstj. lagði hæstv. forsrh. höfuðáherzlu á þrjú stefnuskráratriði ríkisstj., þ. e. að koma efnahagslífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll, að bæta lífskjörin og að stöðva verðbólguna. Það liggur nú alveg ljóst fyrir, að þessum markmiðum hefur ekki verið náð á yfirstandandi kjörtímabili.

Verðbólgan hefur ekki verið stöðvuð, það veit hvert mannsbarn, en er auk þess afdráttarlaust viðurkennt af hæstv. forsrh. Hann sagði orðrétt í síðasta áramótaboðskap: „Hins vegar játa ég hispurslaust, að enn þá hefur ekki tekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar.“

Vegna hins óvenjulega sjávarafla tvö undanfarin ár hefðu lífskjör hér á landi átt að geta batnað verulega, ef viturlega hefði verið stjórnað. Hin gífurlega framleiðsluaukning vegna hinna miklu aflabragða hefur auðvitað haft stórkostlega þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn. Atvinna hefur af þeim sökum verið mjög mikil. Sjálfsagt hafa tekjur hjá einstökum atvinnustéttum aukizt og hagur þeirra eitthvað batnað. Hjá langflestum landsmanna hefur tekjuaukning áreiðanlega ekki vegið upp á móti vaxandi dýrtíð. Ef ekki hefði verið hér metafli tvö undanfarin ár og þar af leiðandi alveg óvenjuleg atvinna, er augljóst mál, að lífsafkoma alls þorra manna hefði verið næsta bágborin í því dýrtíðarflóði, sem yfir hefur skollið. Og eitt er víst, að almennar verðlagshækkanir og stóraukinn framkvæmdakostnaður, þ. á m. byggingarkostnaður, hafa aukið aðstöðumun á milli þeirra, sem voru búnir að koma fótum fyrir sig, höfðu eignazt íbúð eða atvinnutæki, komið sér upp búi og gert framkvæmdir á jörðum sínum, og hinna, sem allt áttu ógert og þurfa nú á viðreisnarárum að reyna að eignast þak yfir höfuðið, stofna bú, kaupa bát o. s. frv. Þessi viðreisnaráhrif bitna auðvitað fyrst og fremst og þyngst á unga fólkinu í landinu. Staðreyndin er því óefað sú, að lífskjör almennings hafa versnað, en ekki batnað á viðreisnarárunum, þegar alls er gætt, og má því til enn frekari sönnunar vitna til hinnar glöggu ræðu Sigurvins Einarssonar alþm. hér í gærkvöld.

Því fer víðs fjarri, að efnahagslíf landsins sé komið á traustan og heilbrigðan grundvöll. Þvert á móti má sjá þar mörg sjúkdómseinkenni. Ríkisstj. hefur sjálf orðið að glíma við ýmsar afleiðingar viðreisnarinnar. Hún hefur orðið að setja löggjöf um skuldaskil útvegsins, lög um lausaskuldir bænda og gera sérstakar ráðstafanir vegna togaraútgerðarinnar. Auðvitað er þar ekki eingöngu um afleiðingar viðreisnarinnar að ræða. Verðbólgan er ekki stöðvuð. Það er mergurinn málsins og á meðan svo er, verður ekki talið, að efnahagslífið sé komið á traustan grundvöll. Kaupgjaldsmál öll eru komin úr böndum, vinnufriðurinn er ótryggur, fram undan er geysileg launahækkun hjá opinberum starfsmönnum. Aðrir launþegar munu

sigla í kjölfarið, því að þeir hafa langflestir lausa samninga. Á næsta ári mun tekjuþörf ríkissjóðs vaxa um milljónahundruð. Það er nokkurn veginn augljóst, að erlendar skuldir munu hækka mjög mikið á yfirstandandi ári.

Í áramótaræðu sinni, sem áður er til vitnað, sagði forsrh. einnig, að allt væri unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum, ef ekki tækist að sigrast á verðbólgunni. Það vita allir landsmenn nú, að verðbólgan hefur aldrei verið í meiri algleymingi en einmitt nú. Yfir það skuggalega útlit, sem fram undan er að óbreyttri stjórnarstefnu, verður ekki breitt með plaggi eins og framkvæmdaáætlun, sem birt er nokkrum vikum fyrir kosningar og ekkert raunverulegt hald er í og er aðeins ætlað það hlutverk að slá ryki í augu kjósenda. Það er deginum ljósara og styðst nú við örugga reynslu, að viðreisnin getur aldrei leitt til velmegunar, eins og hæstv. forsrh. vildi vera láta, heldur hlýtur hún samkv. eðli sínu öllu að leiða til sífellt meiri vandræða, því lengur sem hún er höfð að leiðarljósi.

Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir tvö metaflaár í röð er allt úr skorðum gengið hjá núv. ríkisstj. Fram undan eru því mikil vandamál í efnahagsmálunum. Það má ganga út frá því sem gefnu eftir reynslunni að dæma, að núv. ríkisstj. kunni eftir kosningar engin önnur ráð við þeim vanda en annaðhvort gengisfellingu eða nýjar álögur í einni eða annarri mynd. — Góða nótt.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hinn 10. apríl s. l. lagði ríkisstj. fram hér á Alþingi þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—66. Gerð áætlunar af þessu tagi var einn liður í stefnuskrá ríkisstj., og er þetta fyrsta áætlunin, sem undirbúin hefur verið hér á landi.

Það eru nú liðin nær 30 ár, síðan till. komu fyrst fram um það hérlendis að undirbúa þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir og nota þær við stjórn efnahagsmála. Það var árið 1934, að Alþfl. lagði fram till. um slíka áætlunargerð. Jafnaðarmenn á Norðurlöndum og í öðrum Evrópulöndum höfðu þá tekið áætlunargerð á stefnuskrá sína, enda þótt slíkt kæmi raunverulega hvergi til framkvæmda, áður en stríðið hófst. Áætlunargerðin var fyrst og fremst hugsuð sem tæki til þess að stjórna efnahagsmálum þannig, að framleiðslutækin væru nýtt til fulls og hinu mikla atvinnuleysi kreppuáranna útrýmt.

Till. þær, sem Alþfl. lagði fram hér á landi, urðu til þess, að sett var á fót skipulagsnefnd atvinnumála í stjórnartíð Framsfl. og Alþfl. á árunum 1934—37. Þessi nefnd vann merkilegt starf að margvíslegum rannsóknum á íslenzku atvinnulífi. Á hennar vegum starfaði hér um skeið sænskur hagfræðingur, Eric Lundberg prófessor, sem síðar varð mjög þekktur í heimalandi sínu. Á vegum n. voru m. a. kannaðir möguleikar á stofnun nýrra iðngreina hér á landi, þ. á m. áburðar- og sementsvinnslu. N. gat hins vegar ekki undirbúið raunverulegar áætlanir. Á því voru engin tök, m. a. vegna þess, að margvíslegar grundvallarupplýsingar um efnahagslífið vantaði.

Á stríðsárunum og þá umfram allt í lok styrjaldarinnar fengu hugmyndir um áætlunargerð nýjan styrk í Vestur-Evrópu, og gætti þeirrar þróunar einnig hér á landi. Enn sem fyrr voru það jafnaðarmenn, sem öðrum fremur beittu sér fyrir þessu, en nú orðið var viðhorf annarra stjórnmálaflokka það breytt af reynslu kreppunnar og styrjaldaráranna, að þessar hugmyndir sættu ekki andstöðu, svo sem áður hafði verið. Sum lönd Vestur-Evrópu, svo sem Frakkland, Holland og Noregur, tóku að framkvæma áætlunargerð þegar í lok stríðsins og hafa stuðzt við slíkar áætlanir síðan. Almennt er álitið, að þessar áætlanir hafi verið til mikils gagns fyrir stjórn efnahagsmála og hafi átt sinn þátt í, að þessi lönd hafa náð örum vexti þjóðarframleiðslu á tiltölulega skömmum tíma, samfara eðlilegu jafnvægi í efnahagsmálum.

Hér á landi hefur hvað eftir annað frá stríðsárunum verið rætt um að hefja áætlunargerð og raunar ákveðið að gera það, þegar nýjar ríkisstj. tóku við völdum. Þannig var ætlunin, að nýsköpunarstjórnin hagnýtti sér áætlanir við undirbúning þeirra miklu framkvæmda, sem hún beitti sér fyrir að stríðslokum. Einnig var áætlunargerð í stefnuskrá vinstri stjórnarinnar 1956.

Það hefur hins vegar jafnan komið á daginn, að miklir erfiðleikar voru á því, að áætlunargerð yrði að veruleika hér á landi, og engin þeirra ríkisstj., sem áður hafa setið, hefur, þegar til átti að taka, getað komið þessu fram. Alþfl. hefur talið, að það hafi verið mjög miður farið, og alltaf lagt á það áherzlu, að áætlunargerð hér gæti komið að miklu haldi. Alþfl.-menn fagna því nú, að gengið skuli hafa verið frá hinni fyrstu þjóðhags- og framkvæmdaáætlun. Hún er að vísu frumsmíð og um margt ófullkomin, en samt þýðingarmikið tæki við stjórn efnahagsmála og vísir að fullkomnari áætlunum, er gerðar yrðu síðar meir.

Það, að nú hefur verið unnt að gera þessa áætlun, byggist í fyrsta lagi á því, að nú er í fyrsta sinn til nægilegur talnalegur grundvöllur í mynd þjóðhagsreikninga, og í öðru lagi hafa þær ríkisstj., sem setið hafa á árunum eftir styrjöldina, orðið að eyða tíma sínum og kröftum að langmestu leyti til að sinna aðkallandi efnahagsvandamálum. Þær hafa, ef svo mætti segja, aldrei getað litið upp úr önn dagsins. Þessi efnahagsvandamál tókst aldrei að leysa nema á þann hátt, að það skapaði nýja og nýja erfiðleika, þannig að aldrei sást fram úr vandanum.

Með þeim efnahagsaðgerðum, sem núv. ríkisstj. framkvæmdi í upphafi kjörtímabilsins og síðan hefur verið fylgt eftir með styrkri stjórn efnahagsmála, varð til grundvöllur fyrir því að hugsa um framtíðina og skipuleggja stefnu stjórnarvaldanna um margra ára skeið fram í

tímann. Er þess að vænta, að þetta hafi mikil áhrif á framþróun efnahagslífsins, þegar fram í sækir.

Í þriðja lagi hefur samvinna þeirra flokka, sem standa að núv. ríkisstj., verið traustari og farsælli en samvinna stjórnmálaflokka í nokkurri annarri stjórn, sem hér hefur setið. Áður hefur framvindan jafnan orðið á þann veg, að þegar líða tók á kjörtímabilið, var samkomulagið orðið það erfitt, að grundvöllur var ekki fyrir þýðingarmiklum aðgerðum. Í núv. ríkisstj. hefur samvinnan verið með öðrum hætti. Þess vegna hefur reynzt mögulegt á síðari hluta kjörtímabilsins að framkvæma jafnþýðingarmikið stefnuskráratriði sem gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunarinnar er.

Það er athyglisvert að bera saman þau markmið, sem stefnt er að í þeirri áætlun, sem nú hefur verið lögð fram, og þau vandamál, sem brýnust voru talin, þegar áætlunargerð kom fyrst á dagskrá hér á landi fyrir nær 30 árum. Sá samanburður segir okkur mikið um þær breytingar, sem orðið hafa í þjóðfélaginu á þessu tímabili. Þegar till. um áætlunargerð komu fyrst fram, var aðalvandamálið atvinnuleysið. Framleiðslutækin voru ekki nýtt nema að nokkru leyti. Togararnir lágu í höfn mikinn hluta ársins. Frystihús voru ekki til. Iðnaður var skammt á veg kominn. Hér vantaði framleiðslutæki og verkefni fyrir vinnandi hendur. Hugmyndin var sú, að með áætlunargerð væri á skipulegan hátt unnt að snúa sér að lausn þessara brýnu og erfiðu vandamála. Nú horfir málið öðruvísi við. Allir menn hafa meira en nóg að starfa. Framleiðslutæki eru mikil, en ekki alltaf eins vel nýtt og unnt væri. Það, sem nú er stefnt að með áætlunargerð, er fyrst og fremst, að þróun þjóðarbúskaparins verði sem hagstæðust og hægt sé að ná örum vexti þjóðarframleiðslunnar og bæta þannig lífskjör, jafnframt því sem búið sé í haginn fyrir framtíðina. Áætlunin gerir grein fyrir því, hvernig þjóðarbúskapurinn hefur þróazt á undanförnum áratugum, og kannar ástæðurnar fyrir því, að þróunin hefur á síðari árum ekki orðið eins hagstæð og hægt hefði verið að gera sér vonir um og eins og hún hefur orðið í mörgum löndum. Hún bendir á þær leiðir, sem hægt sé að fara til þess að breyta þessu smátt og smátt og ná betri hagnýtingu framleiðsluaflanna og meiri aukningu þjóðarframleiðslu.

Þessi mikla breyting viðhorfa á 30 árum er árangur þróunar, sem byggzt hefur á aukinni tækniþekkingu og aukinni notkun þeirrar þekkingar, en þessi breyting hefur ekki getað skeð nema fyrir atbeina þjóðfélagslegra afla. Mönnum finnst oft harla lítið um þras stjórnmálaflokkanna, og er það að vonum. En þegar litið hefur verið yfir langt tímabil eins og það, sem hér var nefnt, er hægt að sjá í skýru ljósi áhrif stjórnmálastarfseminnar á þjóðfélagsþróunina, þegar til lengdar lætur. Það er árangur langrar stjórnmálabaráttu, að atvinnuleysið er horfið úr sögunni, félagslegt öryggi komið á og velmegun er meiri og almennari en nokkru sinni áður.

Þær þjóðfélagshugmyndir, sem upphaflega komu fram meðal jafnaðarmanna og innan verkalýðshreyfingarinnar, hafa smátt og smátt unnið á og fest rætur. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa fallizt á þær í veigamiklum atriðum, og þjóðfélagið allt hefur breytzt á róttækan hátt fyrir þeirra tilverknað. Starfsemi jafnaðarmanna bæði hér á landi og í nágrannalöndunum hefur orðið farsæl einmitt af þessari ástæðu. Þeim hefur tekizt að móta stefnu, sem hefur verið í senn framsýn og raunhæf. Alþfl. getur nú fagnað þessum árangri í mörgum greinum, þ. á m. er sú þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem nú hefur séð dagsins ljós í fyrsta sinn og vonir standa til að geti orðið þýðingarmikið tæki í sókn Íslendinga til betra lífs á komandi árum.

Ég hef valið þann kost að ræða um þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina á þessum fáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, í stað þess að svara ræðum hv. stjórnarandstæðinga og leiðrétta rangfærslur þeirra. Þeir hafa í þessum umr. fordæmt því nær allt, sem gert hefur verið að hálfu ríkisstj. eða látið ógert, og virðast naumast sjá þar örla fyrir ljósum punkti. Þótt sjálfsagt og eðlilegt sé, að stjórnarandstaðan gagnrýni ríkisstj., er hitt þó jafnvíst, að það er óraunhæft með öllu og furðuleg fjarstæða, ef því er haldið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, að því nær allir hlutir, er verulegu máli skipta í löggjöf og framkvæmd, er ríkisstj. hafi staðið að, hafi verið og séu landi og þjóð til óþurftar og tjóns. Hvort tveggja er, að í þessu felst fullkomið virðingarleysi fyrir dómgreind hlustenda og öllum er ljóst, bæði stjórnarandstæðingum og öðrum, að slíkur málflutningur er hin mestu öfugmæli, þegar almenn velmegun og hvers konar framfarir hafa aldrei verið meiri á landi hér, hvorki fyrr né síðar, og efnahagur þjóðarinnar aldrei betri. Hefur þar hvort tveggja hjálpað til, gott árferði og skynsamleg og samhent ríkisstj.

Þjóðin er nú á vegamótum stödd, því að alþingiskosningar munu fara fram innan tveggja mánaða. Hún mun þá kveða upp sinn dóm um það, hvort hún vill fela Framsókn og kommúnistum forsjá sína á næstu árum, þannig að þeir flokkar geti kollvarpað því efnahagskerfi, sem núv. ríkisstj. hefur byggt upp, sem þeir segjast hafa fullan hug á að gera, án þess þó að ljóst sé, hvað við tekur, — eða hvort hún vill heldur halda áfram stefnunni til velferðarríkis á Íslandi, sem stefnt hefur verið að nú um sinn og þjóðhags- og framkvæmdaáætlunin bendir fram til.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa leitazt við í þessum umr. að gera harða hríð að ríkisstj., og enn munu þeir herða hana á næstu vikum. En þeim hefur verið veitt viðnám, svo sem maklegt er, og svo mun enn verða. Nú á þjóðin kost á því í kosningunum að sannfæra þá um, sé þeim það ekki ljóst nú þegar, að

„það er annað að kveðja á Kotum
en komast í Bakkasel."

— Góða nótt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Í eldhúsumr. er það eðli málsins samkv. ríkisstjórnarinnar og stuðningsliðs hennar að svara fyrir sínar gerðir. Það hefur verið gert. En í lok þessara umr. er nú svo komið, að það er stjórnarandstöðunnar að svara til saka. Stjórnarandstaðan er að nafninu til tvíþætt. Það eru framsóknarmenn og hinir. Þessir hinir kalla sig Alþýðubandalagsmenn, en þetta lið er í svo mikilli upplausn, svo miklum sárum, að það er naumast drengilegt að skjóta harkalega að því.

Ég kenndi í brjósti um Karl Guðjónsson, þegar hann í gærkvöld var að lýsa breiðfylkingu Alþb.-manna, sem nú væri að leggja út í kosningarnar. Hann lýsti því, hvað stuðningsmenn hefðu þurft að bíða lengi og af miklum kvíða eftir framboðunum. En „aftur kemur vor í dal", sagði Karl, því að daginn áður hafði náðst breiðari samstaða vinstri manna í komandi kosningum en nokkru sinni með skjalfestum samningi Alþb. og Þjóðvarnar, „mikið var, að beljan bar". Svo var liðið ávarpað í ræðulokin: „Alþýðubandalagsmenn, þjóðvarnarmenn og aðrir vinstri menn." En hverjir eru þessir aðrir vinstri menn? Ekki voru kommúnistar nefndir á nafn. Var kannske bara átt við einhverja framsóknarmenn? Nei, á þessa breiðfylkingu þarf ekki að eyða miklu púðri.

Ef menn reyna að gera sér grein fyrir inntakinu í ræðum framsóknarmanna í gær og í kvöld, viðlaginu, sem sungið er aftur og aftur, oft með alveg sömu orðunum, en stundum nokkrum tilbrigðum, þá er það tvíþætt: Annars vegar, hversu hroðalega erfitt sé nú að draga fram lífið, af því að vél, bátur eða íbúð kosti nú svo miklu meira en á sæludögum vinstri stjórnarinnar. Hins vegar er bara allt svart, sem stjórnarliðið hefur gert, en þó enn þá svartara en svart það, sem stjórnarliðið hefur ekki gert, en ætlar að gera. Útreikningana í fyrri flokknum annast minni spámennirnir, Sigurvin, Ásgeir og aðrir slíkir, en að sjálfsögðu er höfuðkempan í sortanum sjálfur formaður flokksins, Eysteinn Jónsson gengur þar fram fyrir skjöldu.

Fyrst ætla ég að víkja að minni spámönnunum. Það má taka dæmi Sigurvins, sem fleiri hafa vitnað í. Hann segir, að nú kosti íbúð 150 þús. kr. meira en fyrir 5 árum, í tíð vinstri sælu. Þetta er dauðadómurinn yfir viðreisninni. Hinir segja, að það sé dráttarvél, sem kostar meira, mjaltavél eða múgavél.

Það er rétt, að verðlag hefur hækkað um of, dýrtíð er meiri en skyldi. En hvað veldur? Hvernig leit hér út, þegar vinstri stjórnin gafst upp? Verðbólgualdan var skollin yfir, eins og Hermann Jónasson staðfesti í fráfararæðu sinni. Við það hafði hann svo því einu að bæta, eins og hann sagði, að í ríkisstj., þ. e. vinstri stjórninni, væri ekki samstaða um nein úrræði. Reiknað var út af sérfræðingum vinstri stjórnarinnar sjálfrar og af öðrum hagfræðingum og óvefengt, að með sama áframhaldi og verið hafði mundi vísitalan á næstu 10 mánuðum fara upp í 270 stig, þ. e. hækka um 70 stig. Það var sú óðaverðbólga, sem forsrh. vinstri stjórnarinnar spáði. En þá var líka öruggt, ef svo hefði haldið fram, að dýrtíðin væri búin að koma atvinnuvegunum í þrot og enginn erlendur gjaldeyrir fyrir hendi til nauðsynlegra þarfa eða til þess að standa við erlendar skuldbindingar þjóðarinnar. Þá hefði ekki þurft að reikna út dæmið hans Sigurvins, hvað íbúð hefði vaxið í verði, því að þá hefði engin íbúð einfaldlega verið byggð, heldur ekki hægt að flytja inn dráttarvélar eða aðrar vinnuvélar. Ef framsóknarmenn halda, að fólkið sé búið að gleyma þeim hörmungum, sem vinstri stjórnin leiddi yfir okkur og við blöstu, þá munu þeir finna, að þeim skjátlast. — Núv. stjórnarflokkum hefur giftusamlega tekizt að lyfta þjóðinni upp úr foraðinu og leggja grundvöll að traustari og betri framtíð.

Þá kem ég að hinum þættinum í viðlagi framsóknarmanna, að allt sé svart og svartara en svart. Eysteinn Jónsson segir, að stjórnarliðinu hafi með öllu mistekizt að ráða við verðbólguna. En hlaut ekki svo að fara, þegar sami maður segir í næstu setningu, að ríkisstj. hafi aldrei leitað annarra ráða en að magna dýrtíðina. Eysteinn segir, að það sé algerlega vonlaust að lifa mannsæmandi lífi í landinu af venjulegri vinnu, að stjórnin hafi ekki ráðið við neitt síðan eftir gengisfellinguna 1961, að upplausnareinkennin séu öllum ljós, óðadýrtíð, fossandi verðbólga. Ljótt er það! Nú bið ég hvern og einn að líta í eigin barm, hvort allt sé svona svart og rotið í þjóðfélaginu. Svo leggur Eysteinn Jónsson stjórnarliðinu skýringar í munn á því, af hverju viðreisnin hafi brugðizt. Við teljum að vísu, að hún hafi lánazt. En Eysteinn Jónsson segir, að við teljum, að viðreisnin hafi mistekizt vegna aflauppgripanna, að ríkisstj. telji, að vegna þess að alls staðar sé næg atvinna handa öllum, hafi viðreisnin brugðizt, viðreisnin farið út um þúfur, af því að eftirspurn eftir vinnuafli var of mikil. Þetta er formaður Framsfl., sem svona talar. Ég veit, að margir spyrja, hvort þessum gamla stjórnmálaforingja sé eitthvað alvarlega brugðið.

En það er meira blóð í kúnni. Og þá er komið að því, sem stjórnarliðið hefur ekki gert, en andstæðingarnir segja, að það ætli að gera. Eysteinn Jónsson segir, að það löðri allt í ráðagerðum í stjórnarherbúðunum að veita útlendingum aðstöðu til að verka fisk hér í landi, að hleypa þeim útlendu inn í íslenzka fiskiðnaðinn og þar næst inn í íslenzku landhelgina. Þarna hafa menn það. Það á að vera aðaláhugamál mitt og annarra þm., sem stutt hafa ríkisstj., og þó auðvitað fyrst og fremst ráðh. að hleypa útlendingum inn í íslenzka landhelgi! Ég vil aðeins hafa um svona málflutning eftirfarandi, og á hann einnig við um fyrrv. formann Framsfl., sem talaði í sama dúr hér í kvöld: Hann er til vanvirðu þeim, sem viðhafa hann. Svona glannaskapur er frekleg móðgun við hlustendur, því að hann ráðgerir

fyllsta dómgreindarskort þess, sem til er talað. Svona háttalag í þingsölunum er niðrandi fyrir Alþingi.

Gísli Guðmundsson talaði hér áðan um okkur stjórnarsinna, sem þá lítið trúuðu á framtíð Íslands. Óvildina í garð bændastéttarinnar eigum við að hafa sýnt m. a. með því að ákveða kjördaginn þann 9. júní n. k. En þegar framsóknarmenn rufu þingið, sem frægt er orðið, 1931, þá ákváðu þeir kjördag, að vísu ekki 9. júní, en þann 12. júní. Lambær hafa sjálfsagt verið á Norðurlandi þá eins og nú. En vegir og samgönguskilyrði voru þá með nokkuð öðrum hætti en nú. Það er von, að öðrum stjórnarandstæðingum bregðist bogalistin, þegar jafngjörhugulum þm. fatast svo mjög.

Í Vafþrúðnismálum var það ein gáta Óðins, sem ekki varð ráðin, er hann spurði:

Hvat mælti Óðinn,
áðr á bál stigi,
sjálfr í eyra syni?

Þetta vissi hann einn eftir bálför Baldurs, og gat því ekki Vafþrúðnir ráðið gátuna. En það er hins vegar auðráðið, hverju Eysteinn hvíslaði í gærkvöld í eyra Sigurvini. Það var innskot Sigurvins í handrit sitt, að forsrh. hefði sagt ósatt. Um þetta talaði Ólafur Jóhannesson hér áðan með miklum fjálgleik, — og hafði verið hvíslað í eyra honum eitthvað líka, — og taldi málflutning forsrh. alveg óverjandi. Hér skakkar sáralitlu, sem gert er mikið veður út af. Þeir neita því með öllu, að það sé rétt, að Sambandið hafi leitað eftir verðhækkunum eftir kauphækkanirnar 1961. En það, sem um er að ræða, er það, að Sambandið mun hafa látið hinum einstöku kaupfélögum eftir að óska mjög eindregið eftir verðhækkunum. Í því sambandi mega menn ekki gleyma því, að skeggið er skylt hökunni. Að kaupfélögin leituðu fast eftir hækkun álagningar vegna kauphækkananna 1961 og jafnvel afnámi verðlagseftirlitsins á þessum tíma, liggur fyrir ótvírætt vitneskja um og skjalfest hjá verðlagsnefnd. Þetta eru öll ósannindin um þessa heiðursmenn, sem mega ekki vamm sitt vita, þótt stundum slettist á þá olíublettir eða annar óþverri.

Ráðh. og aðrir talsmenn ríkisstj. hafa gert mjög ýtarlega grein fyrir stjórnarframkvæmdum og löggjöf á síðasta kjörtímabili. Þarf ég engu þar við að bæta, enda almannarómur, að núv. ríkisstj. hafi verið með afbrigðum starfsöm og afkastamikil. Að marggefnu tilefni í þessum umr. vil ég þó árétta eftirfarandi: Það er sagt, að atvinnuvegirnir berjist í bökkum vegna lánsfjárskorts, og alveg sérstaklega, að bátafloti landsmanna hafi ekki verið endurnýjaður. Landbrh. og Magnús Jónsson hafa svarað fyrir landbúnaðinn. Iðnlánasjóði hefur verið aflað lánsfjár og framlög aukin úr ríkissjóði, ný löggjöf sett til stóreflingar sjóðnum á þessu þingi. Stofnlánadeild sjávarútvegsins var opnuð að nýju með löggjöf 1961. Breytt var lausaskuldum og hengingarvíxlum útvegsins í löng og hagstæð lán, að upphæð nærri 400 millj. kr. Þetta er hin allra þarfasta löggjöf útvegsins um margra ára bil, enda að fullu metin af þeim, sem hennar hafa notið og munu njóta á næstu árum. Fiskveiðasjóði hefur verið gert kleift að standa undir meiri aukningu bátaflotans en nokkru sinni áður með lánveitingum. Svo staðhæfa menn blákalt hér í umr. bæði í gærkvöld og í kvöld það gagnstæða. Lúðvík Jósefsson sagði hér áðan, að skipastóllinn hefði rýrnað undanfarið og allt, sem gerzt hefði, væri að þakka innflutningi skipa frá tíð vinstri stjórnarinnar. Á þessu ári, sem nú stendur yfir, 1963, er ráðgert samkv. samningum, að til landsins komi nýsmíðuð 45 fiskiskip erlendis frá. Aldrei hefur útgerðin eignazt jafnmarga nýja báta á einu ári, en innflutningur báta er nú frjáls. En það, sem meira er, þetta eru yfirleitt allt miklu stærri fiskiskip en áður, 11 eikarskip og 34 stálskip, en stálskip eru að jafnaði 200 tonn og miklu betur búin að tækjum en áður. Þetta er aukningin á þessum skipastóli á einu ári um hér um bil 8000 rúmlestir. Á síðasta ári vinstri stjórnarinnar komu til landsins 7 bátar, 586 rúmlestir. Ekki hefur verið brugðið snöggt við til stórræða. En hæsta rúmlestatalan fyrir utan 1963 er á árinu 1960, með 3972 rúml. Lögð voru drög að byggingu sumra þessara skipa í tíð vinstri stjórnarinnar, en hvergi nærri allra, og þetta er þó ekki nema tæpur helmingur þess, sem nú er að gerast. Og ef innlenda smíðin er talin með, verður samanburðurinn miklu óhagstæðari fyrir vinstri stjórnarmálsvarana. Verðmæti bátaflotans, sem nú er verið að smíða erlendis fyrir Íslendinga og kemur til hafnar á þessu ári, nemur rúmum 400 millj. kr.

Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, flutti hér í kvöld ýtarlega ræðu um Efnahagsbandalag Evrópu og afstöðu sjálfstæðismanna og ríkisstj. til þess. Með þessari ræðu var hlustendum gerð til hlítar efnisleg grein fyrir þessu vandamáli, sem stjórnarandstæðingar fleipra um í þessum umr. af fyllsta ábyrgðarleysi. Lúðvík Jósefsson sagði hér áðan, að Bjarni Benediktsson vildi beina þátttöku í bandalaginu. Allar upplýsingar ráðh. um yfirlýsingar hans í þessu máli sem forsrh. 1961 og fyrr og síðar vitna gegn þessu. Þessi staðhæfing Lúðvíks Jósefssonar verður því talin vísvitandi ósannindi, ekki heldur gerð tilraun til þess að finna henni stað.

Hannibal Valdimarsson var flaumósa og fullyrti, eins og honum er svo gjarnt, að umsókn um aðild að Efnahagsbandalaginu þýddi, að umsækjandi verði skilyrðislaust að játast undir allar skuldbindingar Rómarsamningsins. Ég er alveg viss um, að jafnvel Þórarni og Eysteini og Hermanni líka hefur liðið illa að hlusta á þessa fávizku. Hannibal þekkir ekki enn ákvæði 238. gr. Rómarsamningsins, sem kveður á um aukaaðild, að ríki eða bandalög ríkja geti tengzt Efnahagsbandalaginu með undanþágum frá Rómarsamningnum, sérstæðum, gagnkvæmum réttindum og skyldum. Þetta hafa Grikkir gert. Austurríki, Svíþjóð og Sviss sóttu um slíka sérstöðu með aukaaðild þann 15. des. 1961. Fleiri þjóðir hafa sent svipaðar

umsóknir, eins og Portúgal. Þetta verður að nægja til umhugsunar fyrir Hannibal eftir hinar fávíslegu fullyrðingar.

Hannibal sagði, að nú mundu þeir Alþb.-menn spretta upp eins og stálfjöður eftir framboðsmókið. Mál var til komið! Vafalaust sprettur Hannibal upp eins og fjöður mörgum sinnum í kosningabaráttunni nú eins og áður. — Honum er það ekki of gott.

Í einu er ég sammála stjórnarandstöðunni. Þjóðfélagsbyggingin hefur breytzt gífurlega síðari árin. Í stytztu máli er munurinn þessi: Við bjuggum við innflutningshöft og leyfafargan, gjaldeyrisskort og svartamarkað, styrki og uppbætur til atvinnuveganna, sem afla þurfti fjár til með sköttum á sömu atvinnuvegi og einnig almenning. Látið var í einn vasann það, sem tekið var úr hinum. Sú mynd, sem blasir við okkur í dag, eftir að viðreisnarstefnan hefur verið að verki í tæpt kjörtímabil, er í örstuttu máli þessi: *Innflutningur hefur verið gefinn frjáls nærri með öllu, innflutningsnefndin lögð niður, en bankarnir annast framkvæmd innflutnings- og gjaldeyrismála.* Byggðir hafa verið upp gildir gjaldeyrissjóðir í stað gjaldeyrisskorts. Svartamarkaður á gjaldeyri þekkist ekki, og sérhver hefur greiðan aðgang að erlendum gjaldeyri hjá bönkunum, ef brýna nauðsyn ber til. Atvinnulíf landsmanna er í meiri blóma en lengi hefur þekkzt, stofnlánasjóðir atvinnuveganna í mikilvægri eflingu, sparifjársöfnun landsmanna meiri en nokkru sinni áður og með henni lagður grundvöllur að vaxandi velmegun og öryggi í framtíðinni í auknum íbúðalánum, lánum til raforkuframkvæmda og hitaveituframkvæmda og annarrar uppbyggingar. Endurvakið er fjármálatraust þjóðarinnar út á við, og tekizt hefur í fyrsta sinn frá stríðslokum að ná greiðslujöfnuði við útlönd. Eitt af því, sem menn í dag komast þó ekki hjá að hafa áhyggjur af, er það, hvort við höfum nógu margar hendur til þess að vinna þau mörgu verk og framkvæmdir, sem alls staðar eru á prjónunum. Okkar fámennu þjóð skortir vinnuafl. Kjósendur eiga valið og valdið á kjördegi. Við sjálfstæðismenn leggjum aðgerðirnar öruggir undir dóm þjóðarinnar. — Góða nótt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar Alþingi nú hefur verið rofið og kosningar ákveðnar 9. júní, þá er nauðsynlegt, að allir verkamenn og aðrir launþegar, allir bændur og búalið, en þessar stéttir eru 90% Íslendinga, geri sér ljóst, að í alþingiskosningunum verða öll veigamestu hagsmunamál þeirra útkljáð, kaupdeilurnar og ávöxtur þeirra raunverulega líka.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, reyndi hér í kvöld að blekkja með því, að sökum mikils síldarafla höfðu sjómenn í fyrra hærri meðaltekjur en fyrr. En það er ekki pólitík ríkisstj. að þakka. Ríkisstj. hefur þvert á móti ekki skirrzt við að stofna með kaupkúgunarofstæki sínu beztu síldarvertíð, sem yfir Ísland hefur komið, í voða. Fyrir hennar aðgerðir hafa hins vegar lífskjör hins almenna verkamanns rýrnað svo, að dýrtíðin óx um 43%, á meðan kaupið hækkaði aðeins um 4%, allt miðað við desember 1958. Til þess að ná þeim meðaltekjum, sem Gylfi Þ. Gíslason reiknar með, þarf hinn almenni verkamaður að vinna allt að 12 tíma á dag hvern virkan dag ársins. Svona hafa lífskjörin versnað. Þarna eru spor eftir Alþfl., mundi líklega Benedikt Gröndal, hv. 5. þm. Vesturl., segja. Þetta eru staðreyndirnar, sem íslenzkir launþegar standa nú frammi fyrir.

Íslenzk alþýða. Þú hófst þig með baráttu þinni undir forustu flokks þíns, Sósfl., fyrir tveim áratugum upp úr fátækt og eymd kreppuáranna upp í bjargálnir nútímans. En í dag býrð þú fyrir aðgerðir auðvaldsstjórnarinnar við lægri kaupmátt tímakaups en fyrir 20 árum þrátt fyrir gífurlegar efnahagsframfarir, við meiri vinnuþrælkun en nokkur önnur Norðurálfuþjóð þrátt fyrir stórfellda vélvæðingu atvinnulífsins, við þyngri vexti og meiri dýrtíð en nokkru sinni fyrr. Þarna eru spor eftir Alþfl., mundi líklega Benedikt Gröndal segja, — stigin í takt við íhaldið, mundi ég bæta við.

Hvernig stendur á, að svona er komið? Orsökin er sú, að auðmannastétt Reykjavíkur hefur fyrir tilstilli íhaldsins og Alþfl. beitt ríkisvaldinu vægðarlaust sem kaupkúgunartæki til að rýra lífskjör þín og þyngja þér lífsbaráttuna með endalausum þrældómi. Auðvaldið hefur með aðstoð Framsfl. bannað verkamönnum og öðrum launþegum að hafa í samningum vísitölu og kaupgjald, eins og tíðkast alls staðar á Norðurlöndum, og svipt launþega þannig þeirri tryggingu gegn dýrtíð, sem verkalýðshreyfingin hafði notið í 20 ár. Og síðan hefur svo hver gengislækkunin rekið aðra, dýrtíðin flætt yfir alþýðuheimilin, en skuldakóngar og braskarar grætt að sama skapi. Þegar verkamenn og sjómenn hafa háð sína hörðu launabaráttu og sigrað, þá hefur auðvaldsstjórnin ekki skirrzt við að grípa til gerðardóms og gengislækkunar með einræðislögum og stjórnarskrárbrotum til þess að ræna öllu því af launþegum, sem þeir áunnu sér. Hvernig eiga íslenzkir menn að svara svona kúgun auðmannastéttar, svona harðstjórnarlegri beitingu ríkisvaldsins gegn alþýðu manna? Með því að slá þetta kúgunarvopn hennar, ríkisvaldið, úr höndum hennar í komandi kosningum.

Sósfl. heitir á alþýðu Íslands til sjávar og sveita að rísa upp og steypa þessari afturhaldsstjórn af stóli með því að fylkja sér um Alþb. í kosningunum hinn 9. júní. Hvað liggur við, ef það er ekki gert? Ef íslenzk þjóð lætur undir höfuð leggjast að fella þessa stjórn kaupkúgunar og vinnuþrælkunar í komandi kosningum, þá mun þessi stjórn aftur þora að taka upp tilraunir sínar til innlimunar Íslands í Efnahagsbandalagið, ef England fer aftur á fjörurnar þar, eins og vafalítið verður á næsta kjörtímabili. Og þá mun Morgunblaðið aftur gleyma allri varúðinni, sem hæstv. dóms-

mrh., Bjarni Benediktsson, lofaði í kvöld og taka aftur upp ofstækisstefnuna frá 19. ágúst 1961 um, að það séu aðeins þjónar heimskommúnismans, sem standi gegn því, að Ísland sæki um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Þá mun íslenzka auðvaldinu finnast óhætt að drýgja glæpinn, sem flokka þess langar til að hafa misst fyrir þessar kosningar.

Sitji þessi stjórn áfram, leiðir það því á ný yfir þjóð vora hættu innlimunar í erlent stórveldi, hættu tortímingar sjálfstæðis, hættuna á því, að þjóðin tapi sál sinni í bræðslupotti hnappasmiðsins í þjóðasamsuðu auðvaldsins í Evrópu.

Það eru e. t. v. einhverjir, sem halda, að Framsókn mundi vinna að því að hindra inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið, af því að hún talar svo fagurt nú. En Framsfl. sver þeirri hugsjón alltaf dýrustu eiðana fyrir kosningar, sem hann ætlar að svíkja eftir kosningar. Hver sór hlutleysi og herstöðvaandstöðu dýrustu eiðana í kosningunum 1946? Framsókn. Og hver gekk í Atlantshafsbandalagið og lét koma upp herstöðvum á Íslandi eftir kosningar? Framsókn. Hver sagði fjárplógsstarfsemi auðvaldsins stríð á hendur í kosningunum 1949? Framsókn. Og hver gekk í þjónustu fjárplógsstarfseminnar og myndaði helmingaskiptastjórn með auðvaldinu í Reykjavík til þess að græða á hermangi á Keflavíkurflugvelli og lækka gengið og koma á atvinnuleysi? Auðvitað Framsókn.

En þótt innlimunarhættan sé mesta ógnin, sem yfir Íslendingum vofir næst kjarnorkustríði, þá á alþýða landsins nýjar árásir á lífskjör sín og réttindi yfir höfði sér, ef hún bregzt ekki hart við í komandi kosningum gegn auðvaldi og afturhaldi. Ef auðvaldið vinnur, en alþýðan tapar í komandi kosningum, þá verður samkv. því, sem nú þegar hefur verið lýst yfir af seðlabankastjórn o. fl., gengið lækkað til þess að svipta starfsmenn hins opinbera, verkamenn og aðra launþega þeim kauphækkunum, sem nú er verið að knýja fram, og vinnulöggjöfinni verður síðan breytt í þá þrælafjötra á verkalýðshreyfinguna, sem auðvaldið vonar að dugi til þess að hindra nýjar kauphækkanir til að vinna upp dýrtíðina.

Lífshagsmunir allra launþega í landinu, en þeir eru 3/4 hlutar þjóðarinnar, eru undir því komnir, að alþýðan sigri auðvaldið og flokka þess í komandi kosningum. En hvað vinnst, ef alþýðan og bandalag hennar sigrar?

Eitt mesta lífshagsmunamál alþýðunnar er afnám vinnuþrældómsins. Það er að koma á raunverulegum 8 tíma vinnudegi með óskertum árstekjum, eða m. ö. o. 8 tíma vinnudegi með a. m. k. 10 tíma dagkaupi. Þetta er eitt þýðingarmesta átakið, sem vinna þarf í íslenzkum þjóðmálum, jafnt frá sjónarmiði vinnandi stétta sem þjóðlegrar menningar. Til þess að framkvæma þetta þarf að knýja fram nýsköpun og hagræðingu á íslenzkum þjóðarbúskap með hagsmuni alþýðunnar fyrir augum, þar með iðnbyltingu í matvælaframleiðslu Íslendinga. Og það verður því aðeins gert af viti, að alþýðan verði nógu voldug til þess að taka höndum um stjórnvölinn sjálf og leggja með áætlunarbúskap efnahagslegan, traustan grundvöll að atvinnulífi, sem tryggir síhækkandi kaup án verðbólgu. 8 tíma vinnudagur með óskertum heildartekjum veitir hverjum Íslendingi tóm til þess að sinna heimilum sínum og hugðarefnum, sem þorra manna er bannað nú. Erlendis er krafa alþýðunnar 35—40 tíma vinnuvika, og 48 stundir þykir löng vinnuvika þar, en hér er vinnuvikan 60—72 stundir og hjá sjómönnum lengri. Íslenzkur þjóðarbúskapur stendur vel undir 8 tíma vinnudegi og mannsæmandi lífskjörum. Allt þvaður svokallaðra hagspekinga og seðlabankastjóra um hið gagnstæða er marklaust hjal þessara hirðpresta mammons, áróðursþvættingur fluttur af skósveinum auðvaldsins í því skyni að vernda þess hagsmuni. Hvenær hefur yfirstéttin og þjónar hennar séð nokkurn grundvöll fyrir kauphækkun á Íslandi? Ef þeir hefðu fengið að ráða, sæti alþýðan enn við kreppukjör forstríðsáranna. Það er aðeins þegar alþýðan rís upp í öllum sínum samtakamætti og skeytir engu um boð né bönn né bábiljur þessara herra, að hún stígur þau stóru spor fram á við, sem hún hefur stigið á þessari öld, og það þarf hún að gera enn fyrir þessar kosningar og í þessum kosningum.

En það er meira að vinna að framkvæmd mestu lífshagsmunamála alþýðunnar í þessum kosningum. Það er sjálft frelsi Íslands, þjóðernisleg tilvera okkar Íslendinga og yfirráð okkar sjálfra og okkar einna yfir þessu landi feðra vorra, sem verður að vinna og tryggja á komandi kjörtímabili. Allir viðurkenna nú, hver ógn það væri Íslandi að innlimast í Efnahagsbandalagið. En í hverju leynist höfuðhættan? Í snarsnúningi og uppgjöf allra þessara þriggja flokka Atlantshafsbandalagsins fyrir auðvaldi Efnahagsbandalagsins. Hún felst í því, að auðhringavald Evrópu og Ameríku óttast, að Atlantshafsbandalagið hrynji sem hrófatildur árið 1969, þegar samningurinn um það rennur út, nema ríki þess hafi áður verið sameinuð í eitt stórveldi, Efnahagsbandalagið. Og hin sorglega reynsla vor Íslendinga er sú, að þegar þetta auðhringavald tekur að þjarma að þríflokkunum okkar og leggur við líf Atlantshafsbandalagsins, þá beygja þeir sig í duftið eins og 1951, þegar þeir beygðu sig fyrir herstöðvakröfunni og leiddu hættu útþurrkunar í kjarnorkustyrjöld yfir þjóðina fyrir Atlantshafsbandalagið. Og það er sama hætta nú, að þeir leiði yfir þjóð vora hættu útþurrkunar í friði fyrir Atlantshafsbandalagið og Efnahagsbandalag þess. Þess vegna er engum flokki Atlantshafsbandalagsins treystandi í þessu máli.

Það hefur orðið hlutskipti Sósfl. í þau 23 ár, sem land vort hefur verið raunverulega hernumið, að standa einn allra flokka stöðugan vörð gegn erlendu hervaldi og hernámi, hvað sem það kostaði, — vörð um rétt þjóðar vorrar til þess að ráða landi þessu sjálf og ein. Í þau 1100 ár, sem við Íslendingar höfum byggt

þetta land, hefur þessi réttur aldrei verið í annarri eins hættu og á yfirstandandi tíð. Því heitir Sósfl. á alla góða Íslendinga, hvar sem þeir ella kunna að standa eða hafa staðið í flokki, að fylkja sér um Alþb. í komandi kosningum. Örlög Íslands geta oltið á því, að sú kosningasamfylking vinstri manna og vinnandi stétta vinni stórsigur.

Íslenzk þjóð! Þessar kosningar munu reyna á vit þitt, reisn og manndóm sem engar aðrar. Níðhöggur auðvalds og hernáms hefur nú í 20 ár nagað rætur þjóðarerfða þinna og þjóðarstolts. Það auðvaldsskipulag, sem rutt hefur sér til rúms á Íslandi og eflzt í skjóli erlends hervalds, er að þurrka burt 1000 ára bændaþjóðfélag vort og vinnur að því að gagnsýra þjóð vora af auðhyggju og lágkúru og breyta manngildi Íslendinga í peningagildi.

Íslenzk þjóð! Rístu upp gegn þessu auðvaldi og hernámi og feyktu því af þér. Láttu það ekki lengur kúga þig og lítillækka. Þú hefur verið stórþjóð andans í þessu eylandi, sem ljóma hefur stafað af um nýja veröld að fornu og nýju. Láttu ekki gera þig að smáþjóð peninganna, að skóþurrku erlends auðvalds og hervalds. Rístu upp og greiddu auðvaldinu utanlands og innan og öllum þess efnahags- og hernaðarbandalögum slíkt högg í komandi kosningum, að það nái aldrei aftur því valdi, sem það hefur nú kúgað þig með. Fram til sigurs fyrir Ísland og alþýðuna! — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þótt stjórnin tali illa um stjórnarandstæðinga, hefur hún samt ótvírætt dálæti á einum þm. stjórnarandstöðunnar, hv. 3. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, sem nú var að ljúka máli sínu. Hún hefur kosið hann bæði í Sogsvirkjunarstjórn og Norðurlandaráð. Hvers vegna? Vegna þess að hann hefur með klofningsstarfi sínu verið íhaldinu betri þjónn en nokkur maður annar. Þetta þjónsverk lék hann líka dyggilega hér rétt áðan, er hann tók undir róg stjórnarinnar um Framsfl.

Vegna stóryrða Jóhanns Hafsteins um það, að aldrei hafi hvarflað að ríkisstj. að auka rétt útlendinga til fiskvinnslu hér á landi, vil ég aðeins lesa upp ummæli eins ráðh., sem sögð voru á fundi Verzlunarráðs Íslands í júlí 1961. Þau hljóða þannig, með leyfi forseta:

„Hins vegar komumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðru móti, að breyting á henni leiddi ekki til ofveiði."

Hér kemur eins glöggt fram og verða má, að ekki er talið neitt athugavert í ummælum þessa ráðh. að leyfa útlendingum rétt til fisklöndunar og fiskverkunar, aðeins ef hamlað yrði gegn ofveiði. Við framsóknarmenn höfum því ekkert ofsagt um fyrirætlanir ríkisstj. í þessum efnum.

Það hefur vakið athygli, að fjmrh. hefur í þessum umr. ekki minnzt einu orði á hin 59 sparnaðarloforð sín. Á þessu er þó enginn hissa, sem þekkir efndirnar á þessum loforðum. En rétt væri fyrir ráðh. að skruma heldur minna. Ráðh. er annars frægastur fyrir Íslandsmet í skatta- og tollaálögum og þar næst fyrir að slíta út úr reikningsuppgjöri ríkissjóðs til að gera útkomuna betri en hún er. Nú hefur hann tekið að sér að umsemja ríkisreikningana fyrir árin 1950—58 á sama hátt, og hann snýr greiðsluafgangi í halla. Slíkar aðfarir dæma sig sjálfar.

Það var fróðlegt að heyra Gylfa Þ. Gíslason halda því fram, að lífskjör væru nú svipuð hér og annars staðar á Norðurlöndum. Hann benti á, að verðlag væri heldur lægra hér á landbúnaðarvörum, en hins vegar heldur hærra á öðrum vörum, hvort tveggja miðað við íslenzkar krónur. Af þessu vildi hann draga þá ályktun, að lífskjörin væru svipuð hér og þar. Hinu gleymdi hann, að húsnæðiskostnaðurinn er miklu hærri hér og kaupgjaldið miklu lægra hér. Ég nefni sem dæmi, að járniðnaðarmenn í Kaupmannahöfn hafa frá 9—10 d. kr. í tímakaup eða 54—62 ísl. kr., en hér er tímakaup járnsmiða 31—36 kr. Svipað er hlutfallið milli annarra iðnaðarmanna hér og í Kaupmannahöfn. Í Kaupmannahöfn er tímakaup hafnarverkamanna tæpar 8 d. kr. eða um 48 ísl. kr., en tímakaup Dagsbrúnarmanna er um 26—27 kr. Á þessu sést bezt, hversu gífurlegur munur er á kjörum danskra og íslenzkra launþega, en fyrir gengisfellinguna 1960 var þessi munur sáralítill. Svo grálega hefur viðreisnarstefnan leikið íslenzka launþega.

Það eru einkum þrjú skrautblóm, sem stjórnarflokkarnir hafa reynt að hampa hér viðreisninni til ágætis.

Fyrsta skrautblómið er það, að atvinna sé næg. Lítið verður hins vegar úr þessu blómi, þegar sýnt er, að þetta er að þakka óvenjulega hagstæðu árferði ásamt útfærslu landhelginnar 1958. Atvinna er næg þrátt fyrir viðreisnina, en ekki vegna hennar.

Annað skrautblómið er það, að bankarnir hafi hagstæða gjaldeyrisafstöðu út á við. Hins vegar er sleppt að gera grein fyrir, hve mikið erlendar skuldir annarra aðila hafa hækkað á undanförnum árum. Þegar dæmið er gert upp þannig, að allar skuldir eru teknar með, kemur í ljós, að heildarstaða þjóðarinnar út á við hefur ekkert batnað síðan í árslok 1958, er vinstri stjórnin fór frá völdum.

Þriðja skrautblómið er það, að sparifjársöfnunin hafi aukizt, talið í hinum verðlitlu viðreisnarkrónum. Þegar sparifjárinneignin er hins vegar miðuð við raunverulegt verðgildi, kemur í ljós, að sparifjáraukningin er nær engin. Þetta er aum útkoma eftir hið mesta góðæri og mikinn samdrátt framkvæmda, og þó er þetta aðalskrautblóm ríkisstj.

Af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur í þessum umr. verið reynt að gera mikið númer úr hinni svokölluðu framkvæmdaáætlun, sem nýlega hefur verið lögð fyrir Alþingi. Sagt er, að hún lýsi miklum stórhug o. s. frv. Það er rétt, að

í þessari framkvæmdaáætlun felst mikið skrum um opinberar framkvæmdir á næstu mánuðum, og því er hér um kosningaplagg að ræða. Þegar lengra er horft, kemur hins vegar í ljós, að markið er sett allt of lágt. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að hagvöxturinn, þ. e. aukning þjóðartekna, verði hér um 4% á ári, eða eins og hann er í þeim nágrannalöndum okkar, sem lengst eru á veg komin, en þar er hann eðlilega hlutfallslega minnstur. Nú er það svo, að mikill munur er í dag á lífskjörum hér og í þessum löndum, þ. e., lífskjörin eru stórum lakari hér. Ef við gerum ráð fyrir, að hagvöxtur verði ekki meiri hér en í þessum löndum, þá mun bilið haldast, sem nú er á lífskjörum hjá okkur og þessum þjóðum. Það, sem við eigum að stefna að, er að komast jafnfætis þessum þjóðum í lífskjörum, en til þess þarf hagvöxturinn að vera hlutfallslega meiri hjá okkur en þeim. Það er líka takmark allra þjóða, sem eru með hálfþróaða atvinnuvegi, eins og Íslendingar, að hafa hagvöxtinn meiri en hjá þeim þjóðum, sem lengra eru komnar, og komast þannig smátt og smátt jafnfætis þeim. Af þessum ástæðum þurfum við að setja framtíðarmarkið miklu hærra en gert er í framkvæmdaáætlun ríkisstj., þ. e. a. s. efling atvinnuveganna þarf að vera meiri og hraðari en þar er gert ráð fyrir. Við eigum að stefna að því að komast jafnfætis nágrannaþjóðunum í lífskjörum, en ekki láta bilið milli þeirra og okkar haldast, eins og stjórnin gerir ráð fyrir.

Það er hins vegar skiljanlegt, að ríkisstj. skuli setja framtíðarmarkið svona lágt í þessum efnum. Með þeirri samdráttarstefnu, sem ríkisstj. fylgir, þ. e. lánsfjárhöftum, vaxtaokri og gengisfellingum, verður ekki náð eins hröðum vexti atvinnuveganna og annars væri hægt. Um þetta vitnar bezt hinn stórfelldi samdráttur, sem orðið hefur í þessum efnum í stjórnartíð núv. ríkisstj. Samkv. grg. ríkisstj. um framkvæmdaáætlunina á bls. 72—73 sést, að á árunum 1961 og 1962 hefur fjárfesting í landbúnaði verið til jafnaðar 12% minni en á árinu 1958, í sjávarútvegi 25% minni, í fiskiðnaði 2% minni, í öðrum iðnaði 25% minni, í íbúðabyggingum 23% minni og í raforkuframkvæmdum 58% minni. Þetta eru ófagrar tölur, þegar þess er gætt, að þjóðartekjur urðu stórum meiri á árunum 1961 og 1962 en á árinu 1958. Þær lýsa því, hvernig stjórnarstefnan, þ. e. dýrtíðaraukningin, lánsfjárhöftin og vaxtaokrið, hefur lagt dauða hönd á eflingu atvinnuveganna.

Það er því vafalaust rétt, að að óbreyttri stjórnarstefnu er ekki hægt að ná meiri hagvexti en framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir. Með breyttri stjórnarstefnu, með afnámi lánsfjár- og vaxtahafta og stöðvun dýrtíðar yrði hægt að ná miklu meiri árangri, enda var hagvöxturinn líka talsvert meiri en 4% á seinustu árunum fyrir viðreisnina. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er þannig sönnun þess, að breyta þarf um stjórnarstefnu, ef hér á að ná þeim árangri, að lífskjörin geti orðið svipuð hér og í nágrannalöndunum.

Stjórnarsinnar hafa mjög reynt í þessum umr. að halda því fram, að þær spár hafi ekki rætzt, sem við framsóknarmenn höfðum kveðið upp um viðreisnina í upphafi. Ég hef nú þegar lesið upp úr sjálfri skýrslu stjórnarinnar, hve stórfelldur samdráttur hefur átt sér stað í uppbyggingu atvinnuveganna seinustu árin, og þarf því ekki að ræða það meira, hvernig spádómur okkar um samdrátt uppbyggingar atvinnuveganna hefur rætzt. En við spáðum því einnig, að viðreisnin mundi leiða til stórfelldustu dýrtíðar og stórum ranglátari skiptingar á þjóðareignum og þjóðartekjum. Hefur þetta kannske ekki rætzt? Ég vil í framhaldi af því bera fram nokkrar spurningar til ykkar, hlustenda minna, og bið ykkur sjálfa að svara.

Er það rangt, að dýrtíð hafi vaxið hér meira síðustu 4 árin en nokkru sinni fyrr á 4 árum áður? Er það rangt, að Ísland hafi á þessum 4 árum átt algert Evrópumet í aukinni dýrtíð, gengisfellingum og vaxtaokri? Er það rangt, að menn þurfi nú vegna hinnar stórauknu dýrtíðar að vinna miklu lengri vinnutíma en áður? Er það rangt, að það sé miklu örðugra nú fyrir ungt fólk en það var fyrir 5 árum að reisa eigið heimili eða koma fótum undir atvinnurekstur? Er það rangt, að svo gífurlega hafi viðreisnin verðfellt sparifé, að fyrir þær krónur, sem menn gátu fengið fyrir 100 sterlingspund árið 1958, fá þeir ekki nema 50 sterlingspund nú? Er það rangt, að þeir, sem skulduðu mest, hafi raunverulega verið gerðir stóreignamenn með gengisfellingunum, en hinum efnaminni hefur aftur á móti verið gert miklu örðugra fyrir að koma undir sig fótunum? Er það rangt, að á undanförnum árum hafi vissir milliliðir og stóratvinnurekendur grætt stærri upphæðir en nokkru sinni fyrr, meðan fjöldi manna verður að stórlengja vinnutíma sinn til þess að geta haft rétt til hnífs og skeiðar? Og ég spyr ykkur enn: Eru sjáanlegar nokkrar horfur á því, að því dýrtíðarflóði, sem núv. stjórnarstefna hefur valdið, sé að linna, — þessu dýrtíðarflóði, sem gert hefur nokkra menn að auðkóngum, en skert sjálfsbjargarmöguleika fjöldans stórlega frá því, sem áður var? Eru ekki nær allir kaupsamningar lausir af ótta launþega við það, að þeir verði að vera reiðubúnir til að mæta nýjum kjaraskerðingaraðgerðum af hálfu stjórnarvaldanna? Við hverju búast menn nú fremur að óbreyttri stjórnarstefnu en nýrri gengisfellingu innan fárra mánaða?

Ég spyr ykkur, hlustendur góðir: Haldið þið, að það sé leiðin til velfarnaðar, að dýrtíðin hækki áfram á svipaðan hátt og á undanförnum 4 árum? Haldið þið, að það sé leiðin til velfarnaðar að halda því áfram að fella krónuna í verði? Haldið þið, að það sé grundvöllur til að byggja á vaxandi framfarir og blómlegt efnahagslíf að láta óðaverðbólgu halda áfram að leika lausum hala, eins og hún hefur gert á undanförnum árum? Haldið þið, að það sé leiðin til að byggja réttlátt og heil-

brigt þjóðfélag, að taumlaus dýrtíðarstefna haldi áfram að gera þá ríku ríkari og fátæku fátækari, haldi áfram að skerða möguleika efnalítils fólks og uppvaxandi fólks til efnalegs sjálfstæðis og sjálfsbjargar? Er það ykkar draumur, að þjóðfélag hinna fáu ríku og mörgu fátæku verði þjóðfélag framtíðarinnar á Íslandi? Trúið þið því, að stjórnarflokkunum takist eitthvað betur í þessum efnum á næstu 4 árum, ef þeir halda völdum, en þeim hefur tekizt á undanförnum árum?

Nú kunnið þið að segja, hlustendur góðir, að þið viljið ekki þetta, þið viljið hins vegar fá að heyra, hvort framsóknarmenn hafi upp á eitthvað annað að bjóða, — kunnið þið framsóknarmenn kannske ráð til að draga úr dýrtíðarhættunni? Ég svara því fyrst til, að við viljum gera ýmsar ráðstafanir til lækkunar, og nefni ég þar fyrst vaxtalækkun. Við höfum á Alþingi borið fram till. um mikla lækkun tolla, enda eru álögur ríkisins nú orðnar meira en tvöfalt meiri en þegar framsóknarmenn sátu í stjórn. Á þennan hátt viljum við vinna gegn nýjum verðhækkunum og að bættum kjörum launþega án kauphækkana. Fyrst og fremst leggjum við svo áherzlu á, að tekið sé upp miklu nánara samstarf milli stéttanna. Í stað þess, að núv. ríkisstj. hefur í öllum kaupdeilum undanfarið staðið með stóratvinnurekendum og jafnvel hvatt þá til óbilgirni, eins og varð 1961, viljum við, að ríkisvaldið vinni að sáttum og samkomulagi milli stétta. Ég minni á í þessu sambandi, að það voru norðlenzkir framsóknarmenn, sem áttu meginþátt í að leysa hin stórfelldu verkföll sumarið 1961 og lögðu með því grundvöll að hóflegum kjarabótum, jafnvægi í efnahagsmálum og tveggja ára vinnufriði, ef ríkisstj. hefði ekki spillt honum með gengisfellingunni. Aftur voru það norðlenzkir framsóknarmenn, sem með sanngjörnum kaupsamningum komu í veg fyrir vinnudeilur á s. l. vori og aftur nú í vetur með 5% kauphækkun til hinna lægst launuðu. Það fordæmi, sem hér hefur verið gefið, sýnir það og sannar, að það er hægt að leysa þessi mál sanngjarnlega og skapa efnahagslegt jafnvægi, ef ósanngjörn ríkisstj., sem dregur taum stórgróðamanna og stóratvinnurekenda, eyðileggur ekki samvinnu stéttanna með óbilgirni og ranglátum ráðstöfunum.

Hæstv. forsrh. var að segja það í umr. í gærkvöld, að það yrði ekki haft að neinu, ef Framsfl. ynni á í kosningunum, stjórnarflokkarnir mundu halda dauðahaldi í viðreisnina, þ. e. stefnu gengisfellinga, vaxtaokurs og kjaraskerðingar, hvað sem tautaði. En hlustendur góðir, hafið þið ekki heyrt hæstv. forsrh. og flokksbræður hans gefa stóryrtar yfirlýsingar fyrr og beygja sig svo fyrir óttanum við kjósendur, þegar þeir sáu, hver vilji kjósenda var? Í fyrravor skorti ekki á þær hótanir af hálfu stjórnarflokkanna, að kauphækkun yrði mætt með gengisfellingu, líkt og gert var 1961. Eftir úrslit bæjar- og sveitarstjórnarkosninganna féllu stjórnarflokkarnir hins vegar frá þessum hótunum. Það varð ekki af gengislækkuninni. Sigur Framsfl. í bæjarstjórnarkosningunum í fyrra var það mál, sem þeir skildu og beygðu sig fyrir. Svo mun enn fara, ef Framsfl. vinnur á í þessum kosningum.

Það er staðreynd, að tvö seinustu árin hafa þjóðartekjurnar stóraukizt af völdum óvenjulegs góðæris. Það er einnig staðreynd, að kjör meginþorra launþega og meginhluta bændastéttarinnar hafa versnað á þessum tíma, ef miðað er við óbreyttan vinnudag. Stjórnarstefnan hefur verið andstæð þessum meginstéttum þjóðfélagsins. Þetta á að vera þessum stéttum, sem eiga svo margt sameiginlegt, aukin hvatning um að taka betur höndum saman og efla ítök sín og áhrif á þingi þjóðarinnar, þar sem hagsmunamál þeirra eru endanlega ráðin. Þessi áhrif og ítök treysta þessar stéttir bezt með því að fylkja sér saman um einn öflugan flokk, er skiptir ekki liði sínu. Þessi skilningur kom vel í ljós í bæjarstjórnarkosningunum seinustu, en úrslit þeirra sýndu, að Framsfl. er orðinn annar stærsti flokkurinn í kauptúnum og kaupstöðum landsins, jafnhliða því að vera stærsti flokkurinn í sveitunum. Með því að efla einn öflugan flokk, en skipta sér ekki, styrkja launastéttir og bændur því fordæmi, sem bezt hefur gefizt þessum stéttum í öðrum löndum.

Jafnframt því að stöðva dýrtíðina, tryggja verðgildi krónunnar, er varðveizla sjálfstæðisins nú sem fyrr höfuðmál þjóðarinnar. Þar hljóta að gerast mörg tíðindi á því kjörtímabili, sem fram undan er. Áður en ár er liðið, munu áhrifamikil öfl í Bretlandi krefjast þess, að undanþágurnar, sem brezkir togarar hafa nú til veiða innan fiskiveiðilandhelginnar, verði framlengdar. Er þá kannske hægt að treysta þeim flokki, sem neitaði að standa með hinum flokkunum að útfærslu fiskveiðilandhelginnar varð 1958? Er þá hægt að treysta þeim flokkum, sem veittu undanþágurnar, þótt þeir hefðu lofað því hátíðlega fyrir seinustu kosningar, að slíkt skyldi ekki gert. Og áður en gengið verður til næstu kosninga, mun afstaða Íslands til Efnahagsbandalags Evrópu verða endanlega ráðin. Er í þeim samningum, sem þar eru fram undan, hægt að treysta þeim flokkum, sem hafa bersýnilega unnið að því leynt og ljóst að innlima okkur sem nánast í þetta bandalag?

Þær kosningar, sem fram fara innan tveggja mánaða, munu verða einhverjar þær örlagaríkustu í sögu þjóðarinnar. Þann dag, 9. júní, verða örlög þjóðarinnar í þínum höndum, góði kjósandi. Við skulum vona, að 9. júní 1963 verði íslenzku þjóðinni hamingjudagur.

II. Efnahagsbandalagsmálið.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var tekin á dagskrá:

Skýrsla ríkisstjórnarinnar um efnahagsbandalagsmálið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Sú þróun, sem átt hefur sér stað í viðskiptamálum Vestur-Evrópu undanfarin ár, mun á komandi árum hafa víðtæk áhrif á utanríkisverzlun Íslendinga og þá um leið á þjóðarbúskap þeirra í heild. Af þessum sökum hefur ríkisstj. talið þrennt vera skyldu sína í þessu sambandi Hún hefur í fyrsta lagi talið nauðsynlegt að gera sem rækilegastar athuganir á því hér innanlands, hver áhrif þeir sáttmálar, sem þegar hafa verið gerðir í Vestur-Evrópu, muni hafa á utanríkisviðskipti Íslendinga, og þeir, er líklegt má telja að gerðir verði. Hún hefur í öðru lagi talið nauðsynlegt að fylgjast sem bezt með framvindu þessara mála í Vestur-Evrópu. Og hún hefur í þriðja lagi talið nauðsynlegt að kynna ríkisstjórnum efnahagsbandalagsríkjanna og framkvæmdastjórn þess sjálfs, þau vandamál, sem stofnun Efnahagsbandalagsins og stækkun þess muni hafa í för með sér fyrir utanríkisviðskipti og þjóðarbúskap Íslendinga, og leggja áherzlu á nauðsyn Íslendinga og áhuga á því, að viðskiptasambönd þeirra við stærsta markaðssvæði sitt, Vestur-Evrópu, þurfi ekki að skerðast, hvað þá rofna, heldur geti þau haldið áfram að eflast. Í samræmi við þetta hefur ríkisstj. efnt til ýmiss konar sérfræðilegra athugana hér innanlands. Enn fremur átti ég í sumar ásamt þeim embættismanni, sem mest hefur starfað að þessum málum, Jónasi H. Haralz, og sendiherrum Íslands hjá hlutaðeigandi ríkjum viðræður við ráðherra og embættismenn í öllum aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins og forseta þess ásamt öðrum í framkvæmdastjórn þess.

Ríkisstj. hefur nú þótt rétt, að ég gerði hinu háa Alþingi grein fyrir viðhorfum í þessum málum, enda mun óhætt að staðhæfa, að þróun sú, sem átti sér stað í viðskiptamálum Vestur-Evrópu á síðasta áratug og heldur enn áfram á þeim áratug, sem nú er nýbyrjaður, hljóti að hafa mikil áhrif á atvinnulíf og lífskjör hér á landi, hvað sem við sjálfir kunnum að gera, þ. e. a. s. hvort sem við leitumst við að leiða þessa þróun sem mest hjá okkur, taka sem fyllstan þátt í henni eða reynum að fara bil beggja.

Sú meginstaðreynd, sem öllum Íslendingum þarf fyrst og fremst að vera ljós í þessu sambandi, er, að í Vestur-Evrópu eru að verða róttæk umskipti í efnahagsmálum, breytingar, sem eru svo gagngerar, að þær hafa heimssögulega þýðingu, jafnvel þótt í kjölfar þeirra sigldu engin áhrif á stjórnmál álfunnar. En reynslan og sagan kenna okkur hins vegar, að varla getur hjá því farið, að jafnmiklar breytingar á aðstæðum efnahagslífs og viðskiptamála og nú eru smám saman að verða í Vestur-Evrópu hafi í för með sér breytingar í stjórnmálum álfunnar og þar með stjórnmálum heimsins.

Íslendingar eru hluti af Vestur-Evrópu. Þar er ekki aðeins stærsta viðskiptasvæði þeirra, heldur er menning Íslendinga fyrst og fremst grein af vestur-evrópskri menningu. Íslendingar hafa komið á í ríki sínu þjóðfélagsháttum, sem eru grundvallaðir á sömu hugsjónum um lýðfrelsi og mannhelgi og mótað hafa lýðræðisríki Vesturlanda, og land þeirra liggur miðsvæðis í þeim heimshluta, sem lýðræðisríkin beggja vegna Atlantshafs hafa bundizt órjúfandi samtökum um að vernda. Allt bendir þetta til þess, hversu ríka hagsmuni Íslendingar hafa af því, að sú mikilvæga þróun, sem nú á sér stað í viðskiptamálum Vestur-Evrópu, verði ekki til þess að losa um tengsli milli þeirra og ríkjanna, sem eru miðdepill þessarar þróunar, ekki aðeins vegna þess, að nokkrir viðskiptahagsmunir séu í hættu í bráð, heldur einnig vegna hins, að þegar til lengdar lætur, er um að tefla allsherjartengsl okkar, menningarsamband okkar og stjórnmálasamstarf við þær þjóðir, sem eru okkur skyldastar, búa við líkast þjóðfélag því, sem hér er, og við höfum öldum saman haft mest saman við að sælda.

Ég hef hafið mál mitt á þessum orðum til þess að leggja á það áherzlu, að hér er um hið mikilvægasta mál að ræða, — mál, sem ætti að vera hafið yfir deilur stjórnmálaflokka um dægurmál. Hér er alls ekki um dægurmál að ræða, og það er annars eðlis en þau mál, sem skipt hafa mönnum í stjórnmálaflokka í lýðræðisríkjum. Nauðsynlegt er annars vegar að gera sér grein fyrir þeirri þróun, sem nú er að eiga sér stað í Vestur-Evrópu, hvort sem okkur líkar hún betur eða verr, og hins vegar þýðingu þess, að þessi þróun verði ekki til þess að skilja milli Íslands og Vestur-Evrópu og þar með á milli Íslands og vestrænna ríkja yfirleitt. Þeir menn, sem vilja, að tengsl okkar við Vestur-Evrópulöndin, bæði viðskiptatengsl, menningartengsl og stjórnmálatengsl, séu sem minnst og að þjóðfélag okkar sé í grundvallaratriðum öðruvísi en þjóðfélag vestrænna landa, þeir hljóta að sjálfsögðu að líta allt öðrum augum á málið en hinir, sem leggja vilja áherzlu á að varðveita tengslin við Vestur-Evrópu og halda hér þjóðfélagi, sem mótist af sömu grundvallarsjónarmiðum og þjóðfélög vestrænna landa. Forsendur hvað þetta snertir verða að vera algerlega ljósar í öllum umr. um þessi vandamál. Ríkisstj. telur, að stefna eigi að því að vernda tengsl Íslands við lýðræðisríkin beggja vegna Atlantshafs, efla þessi tengsl og bæta. Hún telur jafnframt, að íslenzkt þjóðfélag hljóti framvegis eins og hingað til að mótast af sömu grundvallarsjónarmiðum og þjóðfélög nálægra lýðræðisríkja og hljóti því í aðalatriðum að þróast á svipaðan hátt og þau. Þess vegna telur ríkisstj. nauðsynlegt að kanna og gera sér grein fyrir, hvernig Ísland geti tekið þátt í þeirri þróun í viðskipta- og efnahagsmálum álfunnar, sem nú á sér stað.

Hér er hins vegar ekki um einfalt mál að

ræða. Þótt tengsl Íslands við nágrannalönd og skyldleiki þjóðfélags þess við þjóðfélag þeirra sé augljós, þá er hitt jafnljóst, að vegna smæðar þjóðarinnar, fjarlægðar frá öðrum löndum og einhæfni náttúruauðlinda hefur Ísland að mörgu leyti algera sérstöðu. Jafnframt því sem við stefnum að því að halda tengslum okkar og efla þau við nágrannalönd og fylgjast með þjóðfélagsþróun þeirra, hljótum við að halda fast við mikilvæg sérkenni þess þjóðfélags, sem við höfum komið hér á, og leggja áherzlu á að halda í eigin höndum úrslitavaldi yfir þróun efnahagsmála okkar og hagnýtingu náttúruauðæfa landsins. Það er sannfæring mín, að í rauninni skipti nú ekkert meira máli fyrir framtíð okkar en einmitt hvernig okkur tekst til í þessu efni, að okkur takist að finna réttan meðalveg milli einangrunar og of náinna tengsla við umheiminn, milli stöðnunar og of skjótra breytinga.

Af þeim sökum, sem ég nú hef greint, telur ríkisstj., að stefna Íslands hljóti að mótast af tvennu: Annars vegar eigi að keppa að því að gera Íslandi kleift að vera þátttakandi í þeirri þróun í viðskipta- og efnahagsmálum álfunnar, sem nú á sér stað. Hins vegar þurfi að tryggja þjóðina fyrir þeirri hættu, sem þessi þátttaka getur falið í sér vegna smæðar þjóðarinnar og einhæfni náttúruauðlinda landsins. Það er enn ekki tímabært að skera úr því, eftir hvaða leiðum helzt væri unnt að ná því markmiði, sem þessi meginstefna felur í sér, og um þær geta að sjálfsögðu orðið skiptar skoðanir, þegar þar að kemur. Um sjálfa meginstefnuna virðist mér hins vegar að allur þorri Íslendinga ætti að geta sameinazt.

Eins og málin horfa nú við, er Íslendingum fyrst og fremst nauðsynlegt að gera sér ljósa grein fyrir málinu í heild. Við verðum annars vegar að gera okkur grein fyrir, hver áhrif það hefur á efnahagslíf okkar, bæði í bráð og lengd, að hafast ekki að og standa með öllu utan þeirrar þróunar, sem á sér stað í viðskiptamálum álfunnar. Hins vegar verðum við að gera okkur grein fyrir, hvaða réttindi og hvaða skyldur hugsanleg þátttaka okkar í þessari þróun gæti haft í för með sér samkvæmt þeim leiðum, sem um er að ræða.

Þótt á þessu stigi málsins sé ekki hægt að komast að endanlegri niðurstöðu í þessu efni, er málið svo mikilvægt og svo vandasamt, að rækileg athugun á öllum málavöxtum hefur verið og er sjálfsögð. Jafnframt ber brýna nauðsyn til þess, að forustumenn nágrannaþjóða og þeirra samtaka, sem þær hafa komið á sín í milli, hafi sem mesta þekkingu og sem gleggstan skilning á aðstöðu Íslands og viðhorfum þess. Áður en ég ræði áhrif þeirrar þróunar, er átt hefur sér stað í viðskiptamálum Vestur-Evrópu, á íslenzk utanríkisviðskipti og íslenzkan þjóðarbúskap, tel ég rétt að rekja í meginatriðum, hver þessi þróun hefur orðið síðan í lok heimsstyrjaldarinnar síðari.

Á engu skeiði í hinni löngu og viðburðaríku sögu Evrópu hafa verið stigin jafnmörg og stór spor til aukinnar samvinnu Evrópuríkja og á þeim 17 árum, sem liðin eru síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk. Upphaf þessarar auknu Evrópusamvinnu var stofnun Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu árið 1948. Megintilgangur þeirra samtaka var að stuðla að efnahagsendurreisn álfunnar eftir eyðileggingu stríðsins. Bandaríkjamenn áttu frumkvæði að þessum samtökum og veittu Evrópuþjóðunum með atbeina þeirra stórfellda efnahagsaðstoð, Marshall-aðstoðina svonefndu, til endurreisnarstarfsins. En Efnahagssamvinnustofnunin setti sér víðtækara markmið en það eitt að hafa meðalgöngu um dreifingu efnahagsaðstoðarinnar frá Bandaríkjunum. Hún beitti sér fyrir því, að endurreisnarstarfið færi fram á grundvelli síaukins viðskiptafrelsis og frjálsari gjaldeyrisviðskipta. Það var þess vegna eitt meginmarkmið Efnahagssamvinnustofnunarinnar að beita sér fyrir afnámi hvers konar hafta á viðskiptum og koma á fót marghliða greiðslukerfi. Þessi starfsemi Efnahagssamvinnustofnunarinnar bar mikinn og góðan árangur, sem að mestu náðist þegar á fyrri hluta s. l. áratugs. Til þess að koma á algeru viðskiptafrelsi þurfti hins vegar einnig að afnema tolla. En slíkt var ekki í verkahring Efnahagssamvinnustofnunarinnar, eins og hann hafði verið ákveðinn í upphafi. Lítill árangur hafði í reynd orðið af tilraunum til þess að lækka tolla á grundvelli hins svokallaða almenna samkomulags um tolla og viðskipti, GATT, sem gert hafði verið skömmu eftir styrjöldina. Virtist því einsætt, að nýjar leiðir yrði að reyna í þessu efni, ef árangur ætti að nást. Jafnhliða þessu óx þeirri skoðun fylgi, að enn nánara samstarf Evrópuríkja í viðskipta- og efnahagsmálum væri nauðsynlegt til þess að efla stjórnmálaeiningu álfunnar og tryggja henni eðlileg áhrif á gang heimsmála. Án slíkrar samvinnu gætu Evrópulöndin ekki keppt á efnahagssviðinu við stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, og þá ekki heldur varðveitt stjórnmálaáhrif sín á gang heimsmála. Evrópuþjóðum bæri því að stofna til æ nánari samvinnu eða dragast ella æ meir aftur úr. Innan þeirra landa, sem nú mynda Efnahagsbandalag Evrópu, hefur þessara skoðana mjög gætt. Jafnframt hefur sú skoðun átt miklu fylgi að fagna, að náin efnahagssamvinna komi ekki að fullu gagni, nema yfirstjórn efnahagsmála sé að verulegu leyti fengin í hendur sameiginlegum bandalagsstofnunum í stað þess að vera að öllu leyti á valdsviði hvers ríkis um sig.

Fyrsta tilraunin til þess að ná þessum tveim markmiðum, lækkun tolla og eflingu náinnar samvinnu Evrópulanda, voru viðræður þeirra sex ríkja, sem nú mynda Efnahagsbandalag Evrópu um að koma í fót sameiginlegum markaði fyrir kol og stál. Þessi tilraun leiddi til stofnunar Kola- og stálbandalags Evrópu, er tók til starfa í júlí 1952. Stjórn bandalagsins var fengið víðtækt ákvörðunar- og úrskurðarvald og komið á fót dómstóli til þess að skera úr ágreiningsmálum. Hugmynd þeirra manna, sem forgöngu

höfðu um stofnun Kola- og stálbandalagsins, var sú, að til hliðstæðrar samvinnu skyldi smám saman stofnað á æ fleiri sviðum efnahagslífsins. Árið 1955 efndu þessi ríki til ráðstefnu í Messína á Ítalíu, og var þar tekin sú ákvörðun að halda áfram á sömu braut og stofna til víðtæks efnahagsbandalags, er hafa skyldi að uppistöðu sameiginlegan markað fyrir öll viðskipti landanna. Bretar tóku í fyrstu þátt í viðræðunum um þessa nýju og stórauknu efnahagssamvinnu, en hættu þeirri þátttöku í árslok 1955. Sexveldin héldu samningum sínum hins vegar áfram og náðu samkomulagi rúmu ári síðar. Hinn 25. marz 1957 var undirritaður í Róm samningur milli Frakklands, Ítalíu, Þýzkalands, Belgíu, Hollands og Lúxemborgar um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu, og er samningurinn jafnan kenndur við þá borg. Bandalagið tók til starfa 1. jan. 1958. Jafnhliða var komið á fót Kjarnorkubandalagi Evrópu.

Ég skal í örstuttu máli gera grein fyrir þeim atriðum, sem telja má aðalatriði Rómarsamningsins. Kjarni hans er, að í aðildarríkjunum er komið á fót sameiginlegum vörumarkaði. Á 12—15 árum skyldi koma á algeru tollabandalagi aðildarríkjanna. Þetta þýddi, að fella skyldi niður alla tolla og öll höft á viðskiptum milli aðildarríkjanna, en jafnframt taka upp sameiginlegan toll gagnvart löndum utan bandalagsins. Átti þetta að gerast í áföngum, sem hægt skyldi vera bæði að stytta og lengja. Reynslan hefur orðið sú, að þeir hafa verið styttir. Til þess að sem mestur árangur náist af hinum sameiginlega vörumarkaði, er gert ráð fyrir náinni efnahagssamvinnu á öðrum sviðum og sett ýtarleg ákvæði um sameiginlega stjórn bandalagsins. Þegar samningurinn er kominn til fullra framkvæmda, mega engin höft vera á hreyfingu vinnuafls, þjónustu og fjármagns. Marka skal sameiginlega stefnu á sviði landbúnaðarmála og sjávarútvegsmála. Hliðstætt á við um flutningamál. Tryggt skal, að samkeppni sé ekki takmörkuð. Aðildarríkin eiga að samræma stefnu sína á sviði efnahagsmála og löggjöf sína, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, til þess að reglurnar um sameiginlega markaðinn njóti sín. Komið skal á fót félagsmálasjóði, sem efli atvinnu, einkum í þeim iðngreinum og á þeim landssvæðum, þar sem sameiginlegi markaðurinn veldur röskun. Stofnaður skal fjárfestingarbanki, er hafi það hlutverk að veita lán til framkvæmda í lítt iðnvæddum landshlutum, draga úr aðlögunarerfiðleikum vegna tilkomu sameiginlega markaðarins og veita lán til stórframkvæmda, sem aðildarríkin hafa sameiginlegan áhuga á. Stjórn bandalagsins er í höndum þings, ráðs, framkvæmdastjórnar og dómstóls. Ákvörðunarvald er í höndum ráðsins, en í því eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna. Ráðið getur tekið bindandi ákvarðanir. Sé ágreiningur, ræður meiri hl. úrslitum í flestum málum. Hafa Frakkland, Ítalía og Þýzkaland þá fjögur atkvæði hvert, Belgía og Holland 2 atkv. hvort og Lúxemborg 1 atkv. Framkvæmdastjórnin hefur mikil völd og sterka aðstöðu til áhrifa á stefnu bandalagsins. Þinginu er fyrst og fremst ætlað eftirlit með gerðum framkvæmdastjórnarinnar.

Strax eftir undirritun Rómarsamningsins í marz 1957 komst mikill skriður á viðræður um viðskiptamál Vestur-Evrópu yfirleitt, og fóru þær fyrst og fremst fram innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu í París. Þegar á því ári hóf Efnahagssamvinnustofnunin að undirlagi Breta athugun á skilyrðum þess að tengja þetta nýja tollabandalag öðrum aðildarríkjum Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Í ársbyrjun 1957 ákvað ráð Efnahagssamvinnustofnunarinnar að efna til viðræðu um stofnun svonefnds fríverzlunarsvæðis, sem tæki til allra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Meginhugmyndin var sú, að öll ríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar skyldu gera með sér viðskiptasáttmála þess efnis, að felldir yrðu niður tollar og höft á viðskiptum ríkjanna innbyrðis, en hverju ríki skyldi hins vegar frjálst að ákveða tolla sína gagnvart þeim ríkjum, er ekki stæðu að samkomulaginu.

Þessar viðræður innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar báru ekki árangur, og lauk þeim seint á árinu 1958. Orsök þess, að þannig fór, má einkum telja, að aðildarríki Efnahagsbandalagsins og þó sérstaklega Frakkland kröfðust þess, að öll aðildarríki fríverzlunarsvæðisins tækju á sig svipaðar skuldbindingar og lönd Efnahagsbandalagsins hefðu tekið á sig. Til þessa voru ríkin, sem utan Efnahagsbandalagsins stóðu, og þó sér í lagi Bretland, ekki reiðubúin. Aðalágreiningsefnin voru samræming tollanna gagnvart löndum utan fríverzlunarsvæðisins, stefna í landbúnaðarmálum og það, hvernig stjórn fríverzlunarsvæðisins skyldi hagað. Efnahagsbandalagsríkin töldu nauðsynlegt, að um tollabandalag yrði að ræða, þ. e. bandalag, sem hefði sameiginlegan toll gagnvart löndum utan samtakanna, og vildu þau yfirleitt hafa efnahagssamvinnuna sem nánasta og víðtækasta og í sem mestu samræmi við ákvæði Rómarsáttmálans. Hin ríkin vildu hins vegar, að hin nýju samtök yrðu fríverzlunarsvæði, þar sem hvert land héldi tollum sínum gagnvart löndum utan samtakanna og þar sem samvinna á öðrum sviðum efnahagsmála yrði ekki eins náin og innan Efnahagsbandalagsins.

Þegar ljóst var orðið, að ekki mundi takast að koma á fót fríverzlunarsvæði allra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar, hófu 7 af aðildarríkjum hennar viðræður sín í milli um stofnun Fríverzlunarbandalags. Þessi lönd voru Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð. Þau náðu samkomulagi og undirrituðu sáttmála sín í milli í Stokkhólmi 4. jan. 1960.

Stokkhólmssáttmálinn svonefndi fjallar fyrst og fremst um afnám tolla og annarra viðskiptatálmana milli aðildarríkjanna. Ákvæði hans taka aðallega til viðskipta með iðnaðarvörur, en sérreglur gilda um viðskipti með landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Sumar sjávarafurðir, svo sem freðfiskur, eru þó taldar

þar til iðnaðarvarnings, og gilda um viðskipti með þær sömu reglur og viðskipti með iðnaðarvörur, þótt sérreglur gildi að vísu um innflutning freðfisks til Bretlands. Tilgangurinn með stofnun Fríverzlunarbandalags sjöveldanna var tvíþættur. Annars vegar vildu aðildarríkin styrkja aðstöðu sína í samkeppninni við Efnahagsbandalagsríkin með því að veita hvert öðru tollalækkanir, sem sexveldin yrðu ekki aðnjótandi. Hins vegar vildu þau styrkja sameiginlega samningsaðstöðu sína, ef til þess kæmi, að reynt yrði að koma á allsherjarsamkomulagi um viðskiptamál í Vestur-Evrópu.

Með stofnun Fríverzlunarbandalagsins var Vestur-Evrópa klofin í tvær viðskiptaheildir. 13 aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu höfðu skipað sér í tvær fylkingar, 6 í aðra, en 7 í hina. 5 aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar, Grikkland, Írland, Ísland, Spánn og Tyrkland, stóðu utan beggja bandalaganna. Finnar, sem eru ekki aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, sóttu brátt um aukaaðild að Fríverzlunarbandalaginu, og tókust samningar um það efni um mitt ár 1961.

Þegar á árinu 1961 hafði hvort bandalagið um sig lækkað tolla innbyrðis um 30%. Misræmið í tollum milli bandalaganna var því orðið tilfinnanlegt og hlaut að valda samdrætti í viðskiptum milli Evrópuþjóðanna frá því, sem ella hefði getað orðið. Í Vestur-Evrópu var þess vegna vaxandi hætta á efnahagssundrungu. Í kjölfar hennar mátti búast við sundrungu í stjórnmálum. Meðal stjórnmálamanna í Evrópu óx því mjög áhugi á, að reynt væri til þrautar að kanna, hvort ekki væri unnt að brúa það bil, sem skapazt hefði, og sameina Vestur-Evrópu á viðskiptasviðinu.

Á síðari hluta árs 1960 og fyrri hluta árs 1961 fóru fram ýtarlegar, en óformlegar viðræður milli Breta og Frakka um þessi mál. Að þeim viðræðum loknum ráðfærði stjórn Breta sig við stjórnir samveldislandanna og bandalagsþjóðir sínar í Fríverzlunarbandalaginu. Síðan lýsti MacMillan, forsætisráðherra Breta, því yfir í neðri málstofu brezka þingsins 31. júlí 1961, að ríkisstj. sín hefði í hyggju að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu samkv. 237. gr. Rómarsáttmálans. Í þessu fólst það, að brezka ríkisstj. teldi bandalagið ekki eiga að freista þess að ná samkomulagi sín í milli, heldur ætti hvert ríki um sig að sækja um þess konar aðild að bandalaginu, sem það teldi sér henta, þ. e. ýmist fulla aðild eða aukaaðild. Brezka stjórnin taldi tvenn rök liggja til grundvallar ákvörðun sinni. Annars vegar vildi hún koma í veg fyrir, að klofningur Evrópu í tvö viðskiptabandalög ylli frekari efnahagstjóni en orðið væri. Hins vegar vildi hún stuðla að stjórnmálaeiningu í Evrópu. Aðildarbeiðni Breta fylgdu hins vegar þau skilyrði, að viðhlítandi lausn yrði að finna á vandamálum varðandi viðskipti við samveldislöndin og í sambandi við brezkan landbúnað, og enn fremur, að öðrum aðildarríkjum Fríverzlunarbandalagsins yrði að standa til boða að öðlast tengsl við það með sanngjörnum kjörum.

Litlu síðar óskuðu bæði Danir og Írar fullrar aðildar að Efnahagsbandalaginu, og í maí s. l. sóttu Norðmenn um fulla aðild. Bandalagið féllst á að hefja viðræður við allar þessar þjóðir um fulla aðild þeirra að Efnahagsbandalaginu. Fyrstu viðræðufundirnir milli Efnahagsbandalagsins annars vegar og Breta og Dana hins vegar fóru fram í okt. 1961. Viðræðurnar við Breta stóðu síðan sleitulaust þar til í ágúst í sumar, er þeim var frestað vegna ýmissa ágreiningsefna, sem virtust torleyst. Þær hófust síðan á ný í október, eins og kunnugt er. Viðræður við Norðmenn eru að hefjast þessa dagana, og viðræður við Íra hefjast á næstunni.

Eins og kunnugt er, hefur Grikkland gerzt aukaaðili að bandalaginu, og viðræður um aukaaðild Tyrklands hafa staðið lengi. Nú nýlega hefur einnig náðst samkomulag um aukaaðild 18 Afríkuríkja, sem áður voru nýlendur Belga og Frakka. Í des. 1961 sóttu þau 3 aðildarríki Fríverzlunarbandalagsins, sem öll fylgja hlutleysisstefnu í utanríkismálum, þ. e. Austurríki, Sviss og Svíþjóð, um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu samkv. 238. gr. Rómarsamningsins. Spánn hefur enn fremur sótt um aukaaðild, og Portúgal hefur æskt tengsla við bandalagið án þess að taka fram, á hvaða grundvelli þau skuli vera. Þrjú lönd utan Evrópu, Ísrael, Íran og Líbanon, hafa æskt viðræðna um tengsl við Efnahagsbandalagið, en engin ákvörðun hefur enn verið tekin um þær viðræður. Finnland er eina landið í Vestur-Evrópu fyrir utan Ísland, sem hefur ekki æskt tengsla við Efnahagsbandalagið.

Sökum þess að aukaaðildarsamningur Grikkja er eini samningur af því tagi, sem Evrópuþjóð hefur gert við Efnahagsbandalagið, þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir efni hans. Þessi samningur var undirritaður 9. júlí 1961 og gekk í gildi 1. nóv. s. l. Með honum var stofnað til tollabandalags milli Grikklands og Efnahagsbandalagsins. Grikklandi var þó veitt langt aðlögunartímabil, allt að 22 árum, til þess að fella niður tolla og höft á viðskiptum með iðnaðarvörur, sem framleiddar eru í landinu. Það fær framkvæmdalán að upphæð 125 millj. dollara til þess að örva efnahagsþróun í landinu. Það skuldbindur sig til þess að fylgja stefnu Efnahagsbandalagsins í landbúnaðarmálum. Framkvæmd samningsins er í höndum aukaaðildarráðs, þar sem Grikkland er aðili. Það á hins vegar ekki sæti í ráði Efnahagsbandalagsins og getur því engin bein áhrif haft á mótun og stefnu þess, nema að því er snertir tóbak, sem er ein helzta útflutningsvara Grikklands. Með samningsgerð þessari féllst Efnahagsbandalagið á, að Grikkland gæti ekki tekið á sig skuldbindingar Rómarsamningsins þegar í stað. Hins vegar er allur samningurinn við það miðaður, að Grikkir muni með tímanum verða færir um að taka á sig þessar skuldbindingar og munu þá gerast fullgildir aðilar. Aukaaðild Grikkja er því að vissu leyti tímabundin, enda þótt um þetta séu ekki bein ákvæði í samningnum. Austurríki, Sviss og Sví-

þjóð, sem sótt hafa um aukaaðild, hafa hins vegar lagt á það áherzlu, að þau æski þess, að aukaaðild þeirra sé varanleg.

Það, sem nú skiptir mestu máli varðandi framhald þeirrar þróunar í viðskiptamálum, sem ég hef verið að lýsa, er, hver niðurstaðan verður í samningaviðræðum Efnahagsbandalagsins og Breta. Þær umr. hafa nú staðið í rúmt ár, en í upphafi töldu Bretar, að viðræðurnar gætu tekið allt frá sex mánuðum til tveggja ára. Fyrr á þessu ári fóru Bretar fram á, að leitazt yrði við að ljúka samningaviðræðunum í höfuðatriðum fyrir mánaðamótin júlí—ágúst í sumar, þannig að niðurstaðan gæti verið kunn, er forsrh. brezka samveldisins kæmu saman til fundar í september. Þetta tókst ekki, svo sem kunnugt er. Fyrir fund forsætisráðherra samveldislandanna hafði þó tekizt að semja um ýmis veigamikil atriði, sem varða innflutning samveldislandanna til stækkaðs efnahagsbandalags. Margir forsætisráðherrar samveldisins töldu þá niðurstöðu engan veginn fullnægjandi á fundinum í sept. s. l. Niðurstaða þess fundar varð þó sú, að Bretar sjálfir yrðu að taka lokaákvörðun í málinu. Eftir fundinn hefur MacMillan forsrh. ítrekað þá skoðun sína, að bezta leiðin til þess að tryggja hagkvæma lausn á efnahagsvandamálum samveldislandanna sé sú, að Bretar gerist fullgildir aðilar að Efnahagsbandalaginu. Þing brezka íhaldsflokksins hefur síðan stutt þessa stefnu ríkisstj., og frjálslyndi flokkurinn er, eins og hann hefur lengi verið, mjög fylgjandi aðild Breta að Efnahagsbandalaginu. Á hinn bóginn er verkamannaflokkurinn þeirrar skoðunar, að samkomulag það, sem þegar hefur náðst, sé ófullnægjandi. Endanlega afstöðu sína mun verkamannaflokkurinn marka, þegar heildarsamkomulag liggur fyrir. Takist samningar á annað borð, má gera ráð fyrir, að það verði á þessum vetri og að aðild Breta muni þá öðlast gildi í ársbyrjun 1964.

Þrátt fyrir þá miklu erfiðleika, sem komið hafa í ljós í samningunum bæði á s. l. sumri og aftur nú í okt., eru í Evrópu taldar yfirgnæfandi líkur á því, að samningar Breta og Efnahagsbandalagsins muni takast. Mun þá verða mjög fast sótt á Efnahagsbandalagið af hálfu annarra þjóða í Vestur-Evrópu um að gerast annaðhvort fullgildir aðilar eða aukaaðilar. Flestir telja víst, að samningar takist mjög fljótlega þar á eftir milli Efnahagsbandalagsins og Dana. Hins vegar er talið, að samningar við Norðmenn og Íra muni vera meiri erfiðleikum bundnir. Bandalagið hefur ekki enn markað stefnu sína gagnvart hlutlausum löndum, sem sótt hafa um aukaaðild, né heldur gagnvart Spáni og Portúgal. Af þessu er ljóst, að mikill vafi er enn á um mörg atriði, sem miklu hljóta að skipta fyrir ákvörðun Íslendinga í þessu máli. Á hinn bóginn benda allar líkur til þess, að úr þessum vafamálum fáist skorið á næsta ári, og skilyrði munu þá skapast fyrir Íslendinga til að mynda sér rökstudda skoðun á því, hvernig þeir eigi að bregðast við þeim nýju viðhorfum, sem nú eru að myndast í þessum efnum.

Þá skal ég rekja, hvert hefur verið viðhorf íslenzkra stjórnarvalda til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað í viðskiptamálum Vestur-Evrópu og ég hef nú lýst.

Ísland gerðist aðili að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu þegar við stofnun hennar. Sú aðild hefur verið okkur mikilvæg og reynzt okkur gagnleg á margan hátt. Á árunum 1948—1953 urðu Íslendingar aðnjótandi hinnar rausnarlegu efnahagsaðstoðar Bandaríkjanna. Íslendingar hafa margvíslegt hagræði af greiðslukerfi því, sem stofnunin kom á fót og leysti af hólmi þá tvíhliða viðskipta- og greiðslusamninga, sem áður höfðu verið grundvöllur milliríkjaviðskiptanna. Þetta kerfi hafði sérstaklega mikla þýðingu fyrir Íslendinga vegna þess, að okkur henta ekki mikil kaup í ýmsum þeirra landa, þar sem góður markaður er fyrir útflutningsvörur okkar. Þótt hægt miðaði í fyrstu, er þó nú þannig komið, að svo að segja öll aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar hafa afnumið innflutningshöft á sjávarafurðum, öðrum en nýjum fiski. Að tillögu Íslendinga hafa verið gerðar ýtarlegar athuganir á sjávarútvegsmálum Vestur-Evrópu, og innan Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, sem nú hefur leyst Efnahagssamvinnustofnunina af hólmi, hefur verið komið á fót sérstakri sjávarútvegsmálanefnd, sem starfa skal stöðugt að athugunum á sjávarútvegsmálum aðildarríkjanna og stuðla að því, að viðskipti með sjávarafurðir verði sem frjálsust, en nefnd þessari var komið á fót að frumkvæði Íslands.

Loks er þess að geta, að Evrópusjóðurinn, sem er ein af stofnunum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, veitti Íslandi mikilvæga fjárhagsaðstoð í sambandi við þá endurskipulagningu á efnahagsmálum þjóðarinnar, sem hafin var 1960, með því að veita Íslandi lán gegn lágum vöxtum. Ísland hefur og orðið aðnjótandi margvíslegrar tækniaðstoðar frá Efnahags- og framfarastofnuninni.

Þegar bent er á það hagræði, sem Íslendingar hafa haft af aðild sinni að Efnahagsstofnuninni, verður þó einnig að hafa það í huga, að Íslendingum var lengi vel erfitt að sækja mál sitt af festu innan stofnunarinnar, vegna þess að þeir sjálfir höfðu litla viðleitni uppi til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálunum og afnema gjaldeyris- og innflutningshöft. Á þessu varð, svo sem kunnugt er, gagngerð breyting á árinu 1960.

Bandaríkin og Kanada eru fullgildir aðilar að hinni nýju Efnahags- og framfarastofnun, er leysti Efnahagssamvinnustofnunina af hólmi á s. l. ári. Er stofnuninni ætlað að vinna að því nýja verkefni að samræma aðstoð aðildarríkjanna við lönd, sem skammt eru á veg komin í iðnþróun.

Þess er rétt að geta, að hin nýja stofnun mun ekki hafa sömu þýðingu fyrir viðskiptasamvinnu Evrópuríkjanna og fyrirrennari henn-

ar, Efnahagssamvinnustofnunin, hafði. Ástæðan er sú, að helzta vandamálið, sem nú er við að etja á sviði efnahagsmála, lýtur að tollamálum, en hin nýja stofnun mun ekki frekar en fyrirrennari hennar fjalla um tollamál. Það viðfangsefni er á sviði viðskiptabandalaganna tveggja í Evrópu eða arftaka þeirra auk Alþjóðatollamálastofnunarinnar, GATT. Ísland hefur ekki gerzt aðili að Alþjóðatollamálastofnuninni og hefur því að sjálfsögðu engin áhrif getað haft á þær umr., sem þar hafa farið fram um lækkun tolla. Segja má, að á undanförnum árum hafi Ísland átt lítið erindi í alþjóðasamtök, sem hafa það að höfuðmarkmiði að vinna að lækkun tolla og innflutningsgjalda, þar sem Íslendingar hafa hvað eftir annað á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina þurft að hækka slík gjöld vegna óraunhæfs gengis. Á hinn bóginn hefur Ísland notið þeirra tollalækkana á útflutningsvörum sínum, sem orðið hafa í markaðslöndunum, vegna þess að í viðskiptasamningum okkar við þau hafa verið ákvæði um svonefnd beztu kjör báðum aðilum til handa. Vegna þeirra breytinga á efnahagsmálum þjóðarinnar, sem orðið hafa á síðustu árum, hefur nú skapazt grundvöllur fyrir aðild að Alþjóðatollamálastofnuninni, og tel ég, að taka ætti hana til athugunar, þegar þeirri endurskoðun á íslenzkri tollalöggjöf, sem unnið hefur verið að undanförnu, er að fullu lokið, en vonir hafa staðið til þess, að Alþingi það, er nú situr, geti fengið frv. til nýrrar tollskrár til meðferðar.

Íslenzk stjórnarvöld tóku þátt í þeim viðræðum, sem fram fóru innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar árin 1957—1958 um stofnun fríverzlunarsvæðis allra aðildarríkja stofnunarinnar. Augljóst var, að þar var um að ræða mál, sem mjög snerti viðskiptahagsmuni Íslendinga. Ef keppinautar okkar í fiskútflutningi og markaðslönd okkar yrðu ein viðskiptaheild, en við stæðum utan hennar, hlaut aðstaða okkar í samanburði við keppinautana mjög að versna. Værum við hluti af slíku fríverzlunarsvæði, mundum við annars vegar öðlast frjálsan aðgang að mörkuðum þess, en hins vegar verða að fá viðurkenningu á sérstöðu okkar að ýmsu leyti. Átti það raunar ekki við um Ísland eitt, að sérstaða væri talin nauðsynleg. Grikkir, Írar, Portúgalsmenn og Tyrkir töldu sig einnig þurfa á ýmiss konar sérstöðu að halda, ef af stofnun fríverzlunarsvæðis yrði.

Árið 1958 flutti ég hinu háa Alþingi tvær skýrslur um þetta mál og rek því ekki einstök atriði þess nánar hér.

Fríverzlunarumræðurnar fóru út um þúfur í árslok 1958, svo sem ég hef þegar getið. Á það reyndi aldrei, hvort við hefðum getað fengið viðurkenningu á þeirri sérstöðu okkar, sem lögð hafði verið áherzla á. Mér er þó óhætt að segja, að í undirbúningsviðræðum virtist ríkja skilningur á sérstöðu okkar, sem og þeirra landa annarra, er ég nefndi.

Þegar hafinn var undirbúningur að stofnun Fríverzlunarbandalags sjöveldanna, var Íslendingum ekki boðið að taka þátt í þeim undirbúningi og ekki heldur Grikkjum, Írum og Tyrkjum. Var sú afstaða sjöveldanna eðlileg með tilliti til þeirrar sérstöðu, sem við höfðum haft, og eins með tilliti til þess, að Fríverzlunarbandalaginu var fyrst og fremst ætlað að vera fríverzlunarsvæði fyrir viðskipti með iðnaðarvörur og ekki ætlað að taka nema að takmörkuðu leyti til landbúnaðar- og sjávarafurða.

Stofnun viðskiptabandalaganna tveggja gat í fyrstu ekki haft mikil áhrif á utanríkisviðskipti Íslendinga. Stafaði þetta af því, að tollalækkanir innan bandalaganna áttu sér stað smám saman, og hins vegar skyldi sameiginlegur tollur Efnahagsbandalagsins á sjávarafurðir ekki byrja að koma til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 1962. Þar að auki mátti búast við, að nokkur dráttur yrði á því, að bandalögin mörkuðu stefnu sína í sjávarútvegsmálum.

Ríkisstj. taldi því rétt að bíða átekta um skeið, en láta vinna hér innanlands að athugunum á áhrifum þessara nýju viðhorfa í íslenzkri utanríkisverzlun á íslenzkan þjóðarbúskap yfirleitt. Komst skriður á þetta starf síðari hluta sumars 1960, og var það unnið á vegum þeirrar embættismannanefndar, sem komið hafði verið á fót í sambandi við fríverzlunarumræðurnar árið 1957.

Eins og ég minntist á áðan, fóru áhyggjur manna í Vestur-Evrópu vegna viðskiptaklofningsins vaxandi, eftir því sem tollalækkuninni innan bandalaganna miðaði áfram. Í ársbyrjun 1961 var talið, að í undirbúningi væru viðræður um einhvers konar sameiningu bandalaganna. Ríkisstj. tók þá til athugunar, hvort ráðlegt væri að leita aðildar að Fríverzlunarbandalaginu. Tilgangurinn hefði fyrst og fremst verið sá að öðlast samstöðu með fríverzlunarbandalagslöndunum í samningum við Efnahagsbandalagið, svo og að leita innan Fríverzlunarbandalagsins hagkvæmrar lausnar á sérstökum vandamálum okkar í því skyni, að sú lausn yrði fordæmi, er lagt yrði til grundvallar í samningum við Efnahagsbandalagið. Það mælti einnig með því, að þessi möguleiki væri athugaður, að Fríverzlunarbandalagið hafði afráðið að hefja umr. um stefnu sína í sjávarútvegsmálum á árinu 1961 og að í samningum Finna við Fríverzlunarbandalagið hafði tekizt að finna lausn á vandamálum þeirra, að því er snerti viðskipti við Austur-Evrópu, er hugsanlega gætu orðið okkur fordæmi.

Í sambandi við þessar athuganir áttu íslenzkir embættismenn óformlegar könnunarviðræður við embættismenn nokkurra aðildarríkja Fríverzlunarbandalagsins og framkvæmdastjórn þess.

Þegar komið var fram í maí, var hins vegar orðið ljóst, að Fríverzlunarbandalagið mundi ekki semja sem heild við Efnahagsbandalagið, heldur mundu einstök lönd þess hvert um sig leita aðildar að Efnahagsbandalaginu og freista þess að fá hvert í sínu lagi lausn á sérvandamálum sínum, þótt gert væri að vísu ráð fyrir,

að þau hefðu samráð sín í milli. Þegar svo var komið, taldi ríkisstj. það ekki geta verið til gagns, að Ísland leitaði aðildar að Fríverzlunarbandalaginu, og var athugun málsins því hætt.

Þess má geta, að umr. um sjávarútvegsmál innan Fríverzlunarbandalagsins var frestað, þegar ljóst varð, hvert stefndi.

Með tilliti til þeirra nýju viðhorfa, sem voru að skapast í þessum málum, ákvað ríkisstj. í maí 1961 að leita um þau samráðs við helztu hagsmunasamtök í landinu. Hafa síðan verið haldnir fundir með fulltrúum þessara samtaka, þar sem þeim hefur verið kynnt viðhorf málanna og þeir hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Um mitt s. l. ár, þegar vitað var, að Bretar og Danir höfðu afráðið að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu, var ekki álitið ósennilegt, að hinar ýmsu þjóðir Vestur-Evrópu mundu eiga samleið í viðskiptum sínum við Efnahagsbandalagið og þær færu fram samtímis. Ríkisstj. taldi því rétt, að Íslendingar byggju sig undir að geta tekið þátt í slíkum viðræðum, ef til kæmi. Þess vegna var leitað álits hagsmunasamtakanna á því, hvort Ísland ætti að leita viðræðna um tengsl við bandalagið, að sjálfsögðu þó án allra skuldbindinga. Voru fulltrúar hagsmunasamtakanna, að undanskildum fulltrúa Alþýðusambands Íslands, hlynntir því, að svo yrði gert. Reyndin varð hins vegar sú, að engar sameiginlegar viðræður fóru fram, heldur viðræður milli Efnahagsbandalagsins og hvers einstaks ríkis, sem um aðild eða önnur tengsl hafði sótt. Ríkisstj. taldi því ekki ástæðu til að hafast frekar að í málinu að sinni.

Í septembermánuði 1961 sátum við hæstv. fjmrh. Gunnar Thoroddsen ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, sem þá var haldinn í Vínarborg. Ákveðið hafði verið að reyna að nota þetta tækifæri til viðræðna við prófessor Erhard, efnahagsmálaráðh. Þýzkalands, og embættismenn hans um vandamál þau, er stofnun viðskiptabandalaganna bakaði Íslandi.

Vegna þingkosninganna í Þýzkalandi kom prófessor Erhard ekki til Vínarborgar, en bauð okkur hins vegar að koma til Bonn til viðræðna þar. Hinn 28. sept. 1961 áttum við Gunnar Thoroddsen, ásamt Jónasi H. Haralz og Pétri Thorsteinsson sendiherra, fund með prófessor Erhard og ýmsum þýzkum embættismönnum. Kynntum við þeim þau vandamál, sem Íslandi væru á höndum í þessum efnum. Af hálfu Þjóðverja kom fram mikill skilningur á þessum vandamálum. Að loknum viðræðunum voru báðir aðilar á einu máli um, að æskilegt væri, að frekari viðræður ættu sér stað milli embættismanna til skýringar á ýmsum atriðum. Fóru þær viðræður fram í Bonn í nóvemberlok 1961, og tóku þátt í þeim af Íslands hálfu þeir Jónas H. Haralz, Pétur Thorsteinsson, Sigtryggur Klemenzson, Davíð Ólafsson og Einar Benediktsson. Að þessum viðræðum við Þjóðverja loknum ákvað ríkisstj. að fylgja þeim eftir með viðræðum við fulltrúa annarra aðildarríkja Efnahagsbandalagsins og framkvæmdastjórn þess. Tilgangur þeirra viðræðna skyldi vera að kynna vandamál Íslands vegna stofnunar Efnahagsbandalagsins og væntanlegrar stækkunar þess. Engar tillögur skyldi gera um hugsanlega lausn á þessum vandamálum, en leitast við að kynnast þeim sjónarmiðum, sem uppi væru innan aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í þeim efnum, er mest snertu þessi vandamál.

Þegar eftir að þingi lauk á s. l. vori, fór ég þess vegna ásamt Jónasi H. Haralz í þessu skyni til Parísar og Rómar. Í París ræddum við ásamt Hans G. Andersen sendiherra við utanrrh. Frakka, Couve de Murville, og franska embættismenn og í Róm við viðskmrh. Ítalíu, Colombo, og aðstoðarráðherra þann, sem fer með utanríkisviðskipti, Stronchi, ásamt ítölskum embættismönnum. Um mánaðamótin júní—júlí fóru síðan fram viðræður við ráðherra og embættismenn í Hollandi, Belgíu, Lúxemborg og Þýzkalandi og við meðlimi framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins í Brüssel. Í Haag var rætt við de Pous efnahagsmálaráðherra og hollenzka embættismenn. Í Brüssel var rætt við Fayat aðstoðarutanrrh., sem fer með málefni Efnahagsbandalagsins í belgísku ríkisstj., og í Lúxemborg við Schaus utanríkisráðherra. Í Bonn var enn rætt við prófessor Erhard efnahagsmálaráðherra og embættismenn úr ráðuneyti hans, sem og við Lahr ráðuneytisstjóra í utanrrn. og aðra þýzka embættismenn. Þeir meðlimir framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins, sem rætt var við í Brüssel, voru prófessor Walter Hallstein, forseti framkvæmdastjórnarinnar, Jean Rey, sá af framkvæmdastjórunum, sem fer með málefni landa utan bandalagsins, og dr. Sicco Mansholt, varaforseti framkvæmdastjórnarinnar og sá af meðlimum hennar, sem fjallar um landbúnaðar- og sjávarútvegsmál. Auk mín tók Jónas H. Haralz þátt í viðræðunum og sömuleiðis sendiherrar Íslands hjá hlutaðeigandi ríkjum, Henrik Sv. Björnsson í Hollandi, Pétur J. Thorsteinsson í Belgíu og Lúxemborg og við framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins og Magnús V. Magnússon í Bonn.

Í öllum þessum viðræðum var gerð ýtarleg grein fyrir þeim vandamálum, sem stofnun Efnahagsbandalagsins og stækkun þess hlýtur að hafa í för með sér fyrir utanríkisviðskipti Íslendinga, og skýrð nauðsyn okkar á því að halda viðskiptatengslum okkar við Efnahagsbandalagssvæðið. Engar tillögur voru af Íslands hálfu gerðar um það, hvernig ráða ætti fram úr þessum vanda, en á hinn bóginn komu fram af hálfu fulltrúa aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar ýmis atriði, er miklu máli skipta við mat þeirra leiða, er til greina koma.

Mér er óhætt að fullyrða, að hjá öllum þeim aðilum, sem við var rætt, hafi komið fram mikill skilningur á vandamálum Íslands og þeirri sérstöðu, sem Íslendingar hljóta að hafa vegna fámennis og einhæfra atvinnuhátta.

Þá er og rétt að geta þess, að vandamál Ís-

lands hafa verið kynnt og skýrð á fundum viðskiptamálaráðherra Norðurlanda, en þeir hafa haft með sér mjög náið samband undanfarin ár, einmitt vegna þróunarinnar í viðskiptamálum Vestur-Evrópu. Málið hefur og verið rætt á öðrum norrænum ráðherrafundum, á fundum efnahagsmálanefndar Norðurlandaráðs og á fundum norrænna embættismanna. Undanfarin tvö ár hafa yfirleitt farið fram miklar athuganir og umr. á Norðurlöndum um vandamál þeirra í sambandi við tengsl við Efnahagsbandalagið, og hefur af okkar hálfu verið vandlega fylgzt með þeim.

Að tillögu Íslands var komið á fót sérstakri norrænni embættismannanefnd til þess að kynna sér vandamál sjávarútvegsins í sambandi við tengsl við Efnahagsbandalagið. Önnur norræn embættismannanefnd hefur fjallað um vandamál á sviði atvinnurekstrarréttinda og fjármagnshreyfinga.

Á s. l. vori var ákveðið að koma þeim athugunum, sem unnið hafði verið að hér heima, á breiðari grundvöll, þannig að fulltrúar hagsmunasamtaka gætu tekið þátt í þeim. Voru því stofnaðir starfshópar, er í áttu sæti fulltrúar hagsmunasamtaka ásamt embættismönnum, og skyldu þeir fjalla um vandamálin á einstökum sviðum. Eru þessir starfshópar fimm að tölu og fjalla um sjávarútvegsmál, iðnaðarmál, landbúnaðarmál, félags- og vinnumarkaðsmál og viðskipta- og tollamál. Hafa þeir gert ýtarlegar athuganir á því, hvaða erfiðleika stofnun og væntanleg stækkun Efnahagsbandalagsins mundi hafa í för með sér fyrir Íslendinga á hinum ýmsu sviðum, ef við stæðum utan bandalagsins, og hvaða vandamál hugsanleg tengsl okkar við bandalagið mundu hafa í för með sér. Sumum þessum athugunum er nú að mestu eða öllu lokið, en aðrar eru komnar skemmra á leið. Verður þeim haldið áfram, og munu þeir fulltrúar hagsmunasamtakanna, sem ég gat um áðan, fylgjast með framvindu málsins framvegis eins og hingað til.

Þá hefur embættismannanefnd sú, sem ég einnig gat um áðan, stöðugt haldið áfram störfum. Á hennar vegum hefur undanfarið aðallega verið unnið að ýtarlegum athugunum á þeim vandamálum, er snerta réttindi til atvinnurekstrar, þjónustustarfsemi og frjálsar hreyfingar fjármagns og vinnuafls. Er þessum athugunum að mestu lokið.

Ég skal nú gera grein fyrir þeim vandamálum, sem Íslendinga bíða vegna stofnunar og stækkunar Efnahagsbandalagsins.

Fari svo, að Bretar verði aðilar að Efnahagsbandalaginu, má telja líklegt, að flest eða öll önnur Vestur-Evrópuríki komi í kjölfar þeirra og tengist Efnahagsbandalaginu, annaðhvort sem fullgildir aðilar eða aukaaðilar. Fyrir þau lönd, sem utan Efnahagsbandalagsins standa, hefur þetta fyrst og fremst þá þýðingu, að tollar Efnahagsbandalagsins munu þá koma í stað þeirra tolla, sem nú gilda í Vestur-Evrópu, en tollar falla niður og viðskiptahöft verða afnumin milli þeirra ríkja innbyrðis, sem í Efnahagsbandalaginu eru.

Undanfarin ár hefur yfirleitt 40—50% af vöruútflutningi Íslendinga farið til Vestur-Evrópu, og árið 1961 fóru 61% útflutningsins þangað. Þessi útflutningur er auðvitað að langmestu leyti sjávarafurðir. Áhrif þeirra breytinga, sem tollur Efnahagsbandalagsins á sjávarafurðir mun hafa í för með sér, hafa verið athuguð gaumgæfilega. Hinn sameiginlegi tollur Efnahagsbandalagsins á sjávarafurðir er yfirleitt miklu hærri en þeir tollar, sem nú eru í gildi í helztu viðskiptalöndum okkar, og okkur því mjög óhagstæður. Áhrif þess eru enn alvarlegri, þegar það er haft í huga, að innan Efnahagsbandalagsins verða væntanlega þær þjóðir, sem auk Íslendinga eru helztu framleiðendur sjávarafurða í Vestur-Evrópu. Innan Efnahagsbandalagsins munu þessar þjóðir fá bætt skilyrði til þess að auka framleiðslu sína á þessu sviði vegna verndartollanna á sjávarafurðum, auk þess sem einnig er hugsanlegt, að um einhver innflutningshöft verði að ræða.

Þá skal ég gera nánari grein fyrir, hver aðstaðan verður fyrir helztu útflutningsafurðir okkar.

Á nýjum fiski verður 15% tollur og 20% á nýrri síld. Þegar sameiginleg stefna Efnahagsbandalagsins í sjávarútvegsmálum verður mörkuð, er auk þess ekki ósennilegt, að settar verði reglur, er geri ríkjum utan bandalagsins örðugra að landa þar nýjum fiski en nú er. Á saltfiski og skreið verður 13% tollur, en nú er enginn tollur á þessum vörum á Ítalíu og í Portúgal.

Fyrst í stað má gera ráð fyrir, að leyft verði að flytja inn nokkurt magn af þessum vörum til Efnahagsbandalagssvæðisins tollfrjálst með veitingu svonefndra tollkvóta. En ekki er hægt að búast við, að slíkir tollkvótar verði lengi í gildi. Saltfisks- og skreiðarmarkaðir okkar í Vestur-Evrópu yrðu þá í hættu fyrir keppinautum okkar á þessu sviði, Norðmönnum, Dönum og Frökkum, nema við létum okkur lynda að selja vörur okkar á 13% lægra verði en þeir. Á saltsíld verður 12—23% tollur. Ekki er ósennilegt, að um innflutningshöft geti einnig orðið að ræða á þessari vöru. Ef Svíar yrðu aukaaðilar að bandalaginu, væri saltsíldarmarkaður okkar í Svíþjóð í alvarlegri hættu, ef við stæðum utan bandalagsins, og vonir okkar um aukinn saltsíldarútflutning til annarra landa Vestur-Evrópu yrðu að engu. Á freðfiski og freðsíld verður hvorki meira né minna en 18% tollur. Freðfisksútflutningur okkar til Bretlands hefur farið mjög vaxandi undanfarin ár, og vonir hafa staðið til þess, að sala freðfisks til meginlands Evrópu gæti aukizt mjög á næstu árum. Íslenzkir freðfisksútflytjendur hafa undanfarið unnið dyggilega að því að auka sölu sína á þessum mörkuðum og lagt í verulegan kostnað í því skyni. Það er samhljóða álit þeirra, að hvergi í heiminum séu jafnmiklir möguleikar á aukinni sölu

freðfisks á næstu árum og einmitt í Vestur-Evrópu, vegna þess að þar standi nú fyrir dyrum sams konar breyting í greiningu matvæla og neyzluvenjum og átt hefur sér stað í Bandaríkjunum síðustu 20 árin. Ekki er ósennilegt, að í skjóli hinnar miklu tollverndar Efnahagsbandalagsins muni frysting í skipum ryðja sér til rúms í Bretlandi og Þýzkalandi og frystiiðnaður í landi eflast mjög í Danmörku og Noregi. Freðfiskiðnaður Íslendinga er nú stærri en nokkurs annars Evrópuríkis. Það er hins vegar augljóst, að standi Íslendingar utan Efnahagsbandalagsins, kemur 18% tollur algerlega í veg fyrir, að íslenzkur frystiiðnaður njóti góðs af stækkandi markaði fyrir frystar vörur í Vestur-Evrópu. Á niðursoðnum sjávarafurðum verður tollur mjög hár, 20—25%. Slíkur tollur mundi að sjálfsögðu gera okkur ókleift að afla markaðs fyrir niðursoðnar vörur í Vestur-Evrópu. Á fiskimjöli og lýsi verður sameiginlegi tollurinn aðeins 4—5%. Á því sviði verður því röskunin minnst. Þó er þess að geta, að þessar vörur eru að langmestu leyti seldar til Vestur-Evrópu og tollurinn mundi valda því, að við fengjum 4—5% lægra verð fyrir þessar afurðir okkar heldur en t. d. Norðmenn, ef þeir væru innan bandalagsins, en við stæðum utan þess. Reiknað hefur verið út, að tollur á útflutningi Íslands á sjávarafurðum til Vestur-Evrópu hefði numið 11% árið 1961, ef tollur Efnahagsbandalagsins hefði þá verið kominn á að fullu, og þau lönd, sem sótt hafa um aðild eða aukaaðild, hefðu tengzt Efnahagsbandalaginu. Með núverandi gengi hefði tollurinn numið um 180 millj. kr. Áætlað hefur verið, að tollur á þennan útflutning hefði numið 6% að meðaltali samkv. þeim tollum, er áður giltu. Tollur Efnahagsbandalagsins veldur þess vegna því, að meðaltalstollurinn, sem Íslendingar verða að greiða af útflutningi sínum til Vestur-Evrópu, mun næstum því tvöfaldast. Erfitt er að segja, hver aðstaða landbúnaðarafurðanna verður, fyrr en samningum Breta við Efnahagsbandalagið er lokið og stefna Efnahagsbandalagsins í landbúnaðarmálum hefur verið mörkuð að fullu. Útflutningur okkar á landbúnaðarafurðum fer nú að langmestu leyti til þeirra landa, er væntanlega verða innan stækkaðs Efnahagsbandalags. Sá útflutningur hlyti að verða miklum erfiðleikum bundinn, ef ekki með öllu útilokaður, ef við stæðum utan bandalagsins. Á hinu væntanlega bandalagssvæði er hins vegar mikill markaður fyrir helztu útflutningsvöru landbúnaðarins, kindakjötið.

Vandamál Íslands í sambandi við stækkun og stofnun Efnahagsbandalagsins eru ekki einvörðungu þau, að tollur mundi stórvaxa á útflutningi okkar þangað og hann auk þess sumpart verða torveldaður með höftum eða öðrum viðskiptatálmunum. Það er augljóst, að eigi þjóðarframleiðslan að geta vaxið á næstu árum og áratugum svo ört sem nauðsynlegt er, til þess að lífskjör geti hér batnað a. m. k. til jafns við það, sem líklegt má telja í nágrannalöndum, þá er nauðsynlegt að koma hér á fót nýjum iðngreinum, sem framleiða útflutningsvörur. Ef við stæðum utan bandalagsins, liggur í augum uppi, hverjir erfiðleikar yrðu á að koma hér á fót iðnaði til framleiðslu á vörum, sem selja ætti í Vestur-Evrópu, ef um er að ræða vörur, sem Efnahagsbandalagið leggur toll á. Má nefna alúmíníumframleiðslu sem dæmi í þessu sambandi. Tollur Efnahagsbandalagsins á alúmíníum hefur verið ákveðinn 9%. Í viðræðum sínum við Efnahagsbandalagið hafa Bretar að vísu lagt áherzlu á, að þessi tollur verði lækkaður og helzt afnuminn. En ósennilegt er talið, að Efnahagsbandalagið fallist á annað en tiltölulega litla lækkun. En verði tollurinn á alúmíníum svipaður og nú hefur verið ákveðið og standi Ísland utan Efnahagsbandalagsins, kæmi stofnun alúmíníumverksmiðju á Íslandi til framleiðslu fyrir Evrópumarkað varla til greina.

Um það getur ekki verið ágreiningur, að Íslendingar mundu missa mikla markaði í Vestur-Evrópu, ef ekki tekst samstarf við Efnahagsbandalagið í einhverri mynd. En þá má spyrja, hvaða skilyrði Íslendingar hafi til þess að afla sér markaða utan Vestur-Evrópu í stað þeirra, sem þar töpuðust.

Í Bandaríkjunum eiga Íslendingar, svo sem kunnugt er, mikinn og góðan markað fyrir freðfisk. Þótt vonir standi til, að sá markaður fari stækkandi, getur hann ekki tekið við mjög auknu magni á skömmum tíma, án þess að af því leiddi verðfall, og engar horfur eru á, að freðfisksmarkaður í Bandaríkjunum á næstu árum vaxi eins ört og Evrópumarkaðurinn, þar eð þær breytingar í þessum efnum, sem nú eru fram undan í Evrópu, hafa þegar átt sér stað í Bandaríkjunum.

Skilyrði eru án efa á því að auka sölu skreiðar og saltfisks í löndum Afríku og Mið- og Suður-Ameríku. Mjög er hins vegar hætt við því, að aukin sala til þessara landa yrði að vera á jafnkeypisgrundvelli að meira eða minna leyti. En slíkum viðskiptum væru settar þröngar skorður vegna þess, hversu litlar þarfir við höfum fyrir þær vörur, sem þessi lönd framleiða. Því má ekki heldur gleyma, að markaður í þessum löndum er fremur þröngur og ekki í örum vexti og að þessi lönd sjálf keppa nú mjög að því að auka eigin fiskveiðar sínar. Útflutningur til Austur-Evrópulanda getur aðeins átt sér stað á grundvelli jafnvirðiskaupa. Aðalerfiðleiki Íslendinga í viðskiptunum við Austur-Evrópu hefur ætíð verið sá að finna þar nógu mikið af vörum, sem henta okkur og við getum keypt þar á eðlilegu verði. Við flytjum nú inn ýmsar vörur frá Austur-Evrópu, sem uppfylla ekki þær kröfur, sem gerðar eru hér á landi til gæða og útlits. Og fyrir þessar vörur verðum við stundum að greiða verð, sem er allmiklu hærra en annars staðar í heiminum.

Þótt viðskipti við Austur-Evrópuríkin og þá ekki sízt Sovétríkin hafi verið okkur mikilvæg og það hljóti að vera stefna okkar, að þau geti haldið áfram, þá verðum við að gera okk-

ur ljóst, að einmitt vegna þess, að þau eru á jafnkeypisgrundvelli og hversu úrval þeirrar vöru, sem okkur hentar, er lítið í þessum löndum, þá eru skilyrðin til aukningar á þessum viðskiptum takmörkuð.

Það er skoðun ríkisstj., að ekki sé unnt að draga nema eina ályktun af þeim staðreyndum, sem ég hef nú lýst, sem sé þá, að Íslandi sé á því brýn nauðsyn að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu með einhverjum þeim hætti, sem gerir okkur kleift að selja afurðir okkar til Vestur-Evrópu á grundvelli jafnréttis við aðra framleiðendur álfunnar. Ef ekki verður um slík tengsl að ræða, hlýtur efnahagur okkar að verða fyrir miklu áfalli og horfur á aukinni velmegun og bættum lífskjörum hér á landi á komandi áratugum að verða stórum verri en ella. Þetta eru efnahagsrökin, sem liggja til grundvallar skoðunum ríkisstj. í þessu máli.

Auk þeirra má svo nefna önnur rök fyrir nauðsyn tengsla við Efnahagsbandalagið, og eru þau í rauninni sízt veigaminni. En þau eru, að það væri Íslendingum hættulegt að einangrast á sviði viðskipta- og efnahagsmála frá þeim þjóðum, sem eru okkur skyldastar og standa okkur næst á sviði menningar- og stjórnmála. Slíkri einangrun mundi bráðlega fylgja einangrun á öðrum sviðum. Þróun í þá átt yrði Íslendingum ekki til góðs, hvorki í bráð né lengd.

En þótt Íslandi sé brýn nauðsyn á tengslum við Efnahagsbandalagið, telur ríkisstj. á hinn bóginn þau tengsl ekki mega vera með þeim hætti, að umráðum okkar yfir atvinnulífi landsins og auðlindum þess sé á neinn hátt stefnt í nokkra hættu né heldur menningu okkar og þjóðerni. Rómarsamningurinn er mótaður af því meginsjónarmiði, að fullt jafnrétti skuli ríkja milli borgara aðildarríkjanna að því er snertir rétt til atvinnurekstrar, atvinnu og fjárfestingar hvar sem er á bandalagssvæðinu. Markmið þessarar grundvallarreglu er að sjálfsögðu, að sem mestur efnahagsárangur hljótist af því að koma sameiginlega markaðinum á fót. En skilyrðislaust jafnrétti hlýtur að fela í sér mikla hættu fyrir lítla þjóð, sem á sér gamla arfleifð og býr við sérstæða menningu, en er að ýmsu leyti skammt á veg komin í þróun atvinnuvega sinna og byggir auk þess afkomu sína að verulegu leyti á forgengilegum náttúruauðlindum. Í raun og sannleika er aldrei um að ræða fullt jafnrétti milli hins veika og sterka. Það er einmitt einn af hornsteinum þroskaðra þjóðfélagshátta á Vesturlöndum, að hinn veiki er varinn fyrir misbeitingu valds, er leitt gæti af óskoruðu jafnrétti hins sterka og veika. Á hliðstæðan hátt hlýtur smáþjóð eins og Íslendingar að telja sér nauðsyn á að vernda sig, ef hún tekur upp náin efnahagstengsl við miklu stærri og sterkari þjóðir. Rómarsamningurinn gerir ekki beinlínis ráð fyrir slíkum vandamálum, enda bar þau ekki verulega á góma meðal þeirra ríkja, sem stofnuðu Efnahagsbandalagið í upphafi. Þó var sérstaða minnsta ríkisins, Lúxemborgar, viðurkennd á tveim mikilvægum sviðum með sérstökum bókunum eða fyrirvörum við undirskrift Rómarsamningsins. Vandamál okkar Íslendinga er fólgið í því, að við þurfum annars vegar að ná þeim viðskiptatengslum við Efnahagsbandalagið, sem eru okkur nauðsynleg, en hins vegar að fá tryggingu fyrir því, að jafnréttisákvæði Rómarsamningsins geti ekki orðið okkur að fjörtjóni. Auk þess þarf að finna lausn á þeim vandamálum, sem leiðir af mikilli tollvernd viss hluta íslenzks iðnaðar og hinum tiltölulega miklu viðskiptum okkar við jafnkeypislönd. Hér er um flókin og erfið vandamál að ræða, svo flókin og erfið, að engin lausn á þeim er auðveld, hversu góður vilji, sem ríkjandi væri á báða bóga.

Ég skal þá gera grein fyrir, hvernig tengsl Íslands við Efnahagsbandalagið gætu hugsanlega orðið. Nauðsynlegt er að byrja þá grg. með því að taka fram, að á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja um það með vissu, hvað hver tegund tengsla felur í sér. Úr því getur ekki fengizt skorið, fyrr en ýmis atriði í samningum Efnahagsbandalagsins og þeirra ríkja, sem sótt hafa um aðild eða aukaaðild, hafa verið til lykta leidd. Einmitt af þessari ástæðu telur ríkisstj. ekki tímabært að taka nú neina ákvörðun í málinu. Þrátt fyrir það tel ég gagnlegt að gera grein fyrir, hverjar eru í aðalatriðum leiðir þær, sem til greina koma.

Ríki getur í grundvallaratriðum tengzt Efnahagsbandalaginu á þrennan hátt: með fullri aðild, aukaaðild og viðskiptasamningum um gagnkvæma lækkun tolla og afnám innflutningshafta á grundvelli sáttmála Alþjóðatollamálastofnunarinnar, GATT. Ég skal nú ræða hverja af þessum leiðum um sig.

Viðskiptaerfiðleikarnir, sem við er að etja, mundu að sjálfsögðu leysast á gagngerastan hátt, ef Ísland gerðist fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu. Við losnum þá við greiðslu tollsins, engar tálmanir yrðu á útflutningi okkar til alls Efnahagsbandalagssvæðisins, sameiginlegi markaðurinn opnaðist okkur að fullu. En því hagræði fylgdi einnig, að Íslendingar yrðu að taka á sig skuldbindingar Rómarsáttmálans, ef ekki að öllu, þá a. m. k. að langmestu leyti. Þær undanþágur, sem við kynnum að geta fengið frá ákvæðum Rómarsamningsins samfara fullri aðild, yrðu sennilega annaðhvort að vera tímabundnar eða mjög almenns eðlis. Reglur Rómarsáttmálans um jafnan rétt til atvinnurekstrar hvarvetna á bandalagssvæðinu og um frjálsar hreyfingar fjármagns og vinnuafls, yrðu því sennilega að taka til Íslands að langmestu leyti, ef um fulla aðild væri að ræða. Enn er ekki vitað með vissu, hvernig reglurnar um jafnan rétt til atvinnurekstrar verða túlkaðar, að því er snertir rétt einstakra þjóða til að hafa eigin fiskveiðilögsögu. En Íslendingar gætu að sjálfsögðu aldrei tekið á sig þá kvöð að veita borgurum og fyrirtækjum annarra ríkja sama rétt og Íslendingum til veiða innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu, þar eð slíkt gæti á skömmum tíma haft í för með sér eyðingu fiskimiðanna við landið og kippt þar með grundvellinum undan aðalat-

vinnuvegi þjóðarinnar. Telja má næstum víst, að ekki sé unnt að fá fullnægjandi fyrirvara á þessum sviðum samfara fullri aðild. Ríkisstj. telur þess vegna fulla aðild að Efnahagsbandalaginu ekki koma til greina.

Þá skal ég ræða aðra leiðina, sem ég nefndi, aukaaðild að Efnahagsbandalaginu. Í 238. gr. Rómarsamningsins er ráð fyrir því gert, að ríki geti leitað aukaaðildar að Efnahagsbandalaginu. En hvorki sú grein né aðrar greinar samningsins kveða nánar á um, hvað í aukaaðild felist. Ljóst er af ummælum forustumanna Efnahagsbandalagsins, að þeir telja aukaaðildarsamninga geta verið með ýmsum hætti og geta falið í sér mikil tengsl eða lítil tengsl, eftir því sem ástæður þykja til. Eini aukaaðildarsamningurinn, sem gerður hefur verið, er samningur Grikkja við Efnahagsbandalagið. Með þeim samningi hafa Grikkir tekið á sig ýmsar mikilvægar kvaðir Rómarsáttmálans án mikilla fyrirvara, og samningurinn í heild er við það miðaður, að Grikkir öðlist fulla aðild að bandalaginu, þegar efnahagslíf þeirra er talið hafa náð nægilegum þroska. Vandamál Grikkja eru fyrst og fremst afleiðing þess, að iðnþróun er skammt á veg komin i landi þeirra, en landbúnaður er aðalatvinnuvegurinn. Samningurinn við Grikki ber vott um vilja Efnahagsbandalagsins til að leysa vandamál þeirra ríkja, sem skammt eru á veg komin í þróun efnahagsmála sinna og geta ekki tekið á sig allar kvaðir fullrar aðildar að sinni. Á hinn bóginn eru vandamál Íslendinga í grundvallaratriðum svo ólík vandamálum Grikkja, að aukaaðildarsamningur þeirra gæti ekki nema að mjög takmörkuðu leyti orðið fyrirmynd að hugsanlegum aukaaðildarsamningi Íslendinga.

Ef Íslendingar hygðust leysa vanda sinn á grundvelli aukaaðildar, yrði grundvallaratriði slíks aukaaðildarsamnings að vera um tollabandalag Íslands og Efnahagsbandalagsins, þannig að Íslendingar nytu tollfrelsis við útflutning sinn til aðildarríkja Efnahagsbandalagsins og yrðu ekki háðir neinum þeim innflutningshöftum eða viðskiptatálmunum, sem gilda kynnu gagnvart ríkjum utan bandalagsins. Á hinn bóginn yrðu Íslendingar á ákveðnu tímabili að fella niður tolla á útflutning annarra aðildarríkja til Íslands, afnema innflutningshöft gagnvart þeim og taka upp hinn sameiginlega toll Efnahagsbandalagsins gagnvart löndum, sem utan þess stæðu. Til greina kæmi einnig, að aukaaðildin yrði á grundvelli fríverzlunarsvæðis. Það mundi hafa í för með sér, að Íslendingar þyrftu ekki að taka upp sameiginlega tollinn, a. m. k. ekki á öllum vörum, en gætu sjálfir ákveðið tolla sína gagnvart löndum utan bandalagsins.

Tollabandalag mundi skapa alvarleg vandamál, er snertu annars vegar þann innlenda iðnað, sem notið hefur tollverndar og innflutningshafta, og hins vegar viðskiptin við jafnkeypislöndin. Enda þótt sá iðnaður hér á landi, sem á tilveru sína að þakka verndartollum og innflutningshöftum, hafi vaxið mikið á undanförnum áratugum, er hann ekki sérlega stór þáttur í þjóðarbúskapnum. Árið 1960 voru birtar niðurstöður athugunar um þessi efni, og leiddi hún í ljós, að árið 1957 störfuðu um 4200 manns í þeim iðngreinum í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, sem eiga tilveru sína að þakka slíkri vernd. Á hæfilegum tíma ættu þessar iðngreinar að geta lagað sig að hinum nýju skilyrðum, ef þær fá til þess fjárhagsaðstoð. Að öðrum kosti ætti að vera hægt að búa þeim mönnum, sem þar vinna, aðra atvinnu. Í því sambandi skiptir að sjálfsögðu miklu máli, hver vaxtarskilyrði öðrum atvinnugreinum og þá einkum sjávarútvegi og nýjum útflutningsiðnaði yrðu búin vegna aukaaðildarinnar að Efnahagsbandalaginu. Ýtarleg athugun fer nú fram á þessum vandamálum í samráði við iðnrekendur.

Ef innflutningshöft væru algerlega afnumin, væri hætt við, að viðskiptin við jafnkeypislöndin legðust að mestu niður. Sameiginlegi tollurinn mundi og torvelda þau. Vegna þess, hversu nauðsynleg þessi viðskipti eru íslenzkum þjóðarbúskap, yrði aukaaðildarsamningur að veita Íslendingum undanþágu til þess að halda innflutningshöftum á þeim vörum, sem mikilvægastar eru í jafnkeypisviðskiptunum, og sömuleiðis að veita Íslendingum rétt til að ákveða tollkvóta fyrir nokkrar þeirra.

Afnám tolla mundi auðvitað valda tekjuöflunarvandamáli hjá ríkissjóði. Í stað fjáröflunartollanna yrði að finna nýja tekjustofna. Hér er fyrst og fremst um tæknilegt vandamál að ræða, en víðtækar breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs mundu þó án efa geta leitt til talsverðrar röskunar á verðlagi.

Þau vandamál, sem ég hef nú rætt, hafa það sameiginlegt, að þau eiga rót sína að rekja til þeirrar skipunar, sem nú er á efnahagsmálum okkar. Til þess að þær breytingar, sem nauðsynlegar yrðu í sambandi við aukaaðildarsamninga af því tagi, sem ég nefndi, geti gerzt með sársaukaminnstum hætti, þurfa þær að geta orðið á alllöngum tíma. Ýmsar beinar ráðstafanir mætti þó gera til þess að flýta fyrir breytingum, svo sem útvegun fjármagns til þess iðnaðar, sem verður að laga sig að nýjum framleiðsluskilyrðum. Aukaaðildarsamningur Grikkja við Efnahagsbandalagið snýst einmitt að miklu leyti um lausn vandamála af þessu tagi.

Á hinn bóginn mundi aukaaðildarsamningur hafa í för með sér önnur vandamál, sem eru annars eðlis og standa ekki í sambandi við sjálft tollabandalagið, heldur þarf samvinnu á öðrum sviðum, sem Efnahagsbandalagið hefur talið nauðsynlega, til þess að kostir frjálsa vörumarkaðsins innan bandalagsins fái notið sín. Hér er fyrst og fremst um að ræða ákvæði Rómarsáttmálans um jafnan rétt til atvinnurekstrar á bandalagssvæðinu, frjálsar fjármagnshreyfingar og frjálsan vinnumarkað. Ástæður þess, að Íslendingar geta ekki gengizt undir reglur Rómarsáttmálans um þessi atriði, liggja ekki í skipan efnahagsmála okkar, heldur í smæð þjóðarinnar og einhæfni þeirra náttúruauðlinda, sem hún byggir af-

komu sína á. Við getum því ekki gert okkur kleift að gangast undir þessar reglur með neins konar breytingum á skipan efnahagsmála okkar, og orsakir vanda okkar í þessum efnum geta ekki horfið úr sögunni á ákveðnum tíma, heldur eru varanlegs eðlis. Í hugsanlegum aukaaðildarsamningi yrði þess vegna að viðurkenna sérstöðu Íslendinga að þessu leyti og heimila okkur að setja þær takmarkanir á rétt til atvinnurekstrar og frjálsrar hreyfingar fjármagns og vinnuafls, sem við teldum nauðsynlegar til verndar brýnum hagsmunum okkar.

Á þessu sviði eru aðalvandamálin í sambandi við hugsanlegan aukaaðildarsamning við Efnahagsbandalagið. Það er mikilvægt, að á þessi vandamál sé litið af fullu raunsæi og skilningi. Ég held t. d., að það sé á misskilningi byggt að telja vandamálin eingöngu fólgin í þeirri hættu, sem okkur getur stafað af erlendu vinnuafli og erlendu fjármagni, er til landsins flyttist, og draga síðan þá ályktun, að við þurfum umfram allt að geta haldið erlendu vinnuafli og erlendu fjármagni frá landinu. Hinu má ekki gleyma, að hvorki við né nokkur önnur þjóð, stór eða smá, hefur getað þróað atvinnulíf sitt nema með aðstoð erlendrar tæknikunnáttu og erlends fjármagns. Og smáþjóðirnar eiga að sjálfsögðu meira undir þessari aðstoð en stærri þjóðirnar. Sú framtíðarþróun íslenzkra atvinnuvega, sem við gerum okkur vonir um, er án efa útilokuð, nema til komi veruleg aðstoð erlends fjármagns og erlendrar tæknikunnáttu. Lausn vandamálanna getur því ekki verið fólgin í því einu að byggja múr gegn erlendu fjármagni og erlendu vinnuafli, heldur í því að skapa þau skilyrði, að erlent fjármagn og sérhæft erlent vinnuafl geti starfað hér á landi undir því eftirliti, sem við sjálfir teljum nauðsynlegt.

Ég held einnig, að það sé óraunhæft að ætla, að tengsl við Efnahagsbandalagið mundu leiða til ákafrar ásóknar erlendra aðila um að stunda atvinnu og reka fyrirtæki hér á landi. Sannleikurinn er sá, að mikill skortur er á vinnuafli í Evrópu og verður í fyrirsjáanlegri framtíð og mikil tregða er á flutningi verkafólks á milli landa. Atvinnurekstur hér á landi er útlendingum ekki heldur eftirsóknarverður nema á fáum sviðum. Þetta breytir að sjálfsögðu ekki því, að við þurfum að geta haft fullt vald til þess að vernda okkur fyrir hugsanlegum hættum. En það er ekki aðeins skaðlegt að loka augunum fyrir þeim, heldur einnig að gera of mikið úr þeim.

Mér virðist kjarni málsins vera þessi: Annars vegar getur atvinnurekstur útlendinga og störf sérmenntaðra erlendra manna hér á landi orðið okkur til mikilla hagsbóta. Í því sambandi er sérstaklega vert að benda á, að tæknikunnáttu er oft og tíðum ekki hægt að verða aðnjótandi nema í sambandi við hagnýtingu erlends fjármagns. Hins vegar fylgir atvinnurekstri útlendinga og erlendri fjárfestingu hér á landi sú hætta, að útlendingar gætu náð úrslitaáhrifum í einstökum atvinnugreinum og starfsemi þeirra stuðlað að eyðingu náttúruauðlinda. Gegn þessu hvoru tveggja verðum við að geta tryggt okkur. Við verðum að hafa það á valdi okkar, hvern atvinnurekstur útlendingar megi stunda hér og hver áhrif þeirra í hverri atvinnugrein megi verða. Fiskveiðar útlendinga innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu koma að sjálfsögðu ekki til greina. Hugsanlegur aukaaðildarsamningur yrði að veita Íslendingum rétt til þess að setja reglur um þessi efni. Aðalspurningin í sambandi við aukaaðildarsamning eins og þann, sem ég hef hér rætt, yrði að sjálfsögðu, hvort Efnahagsbandalagið teldi slík ákvæði, sem takmörkuðu skyldur okkar, samrýmanleg því, að við hefðum tollfrjálsan og ótakmarkaðan aðgang að sameiginlega markaðinum.

Þá skal ég ræða þriðju leiðina til tengsla við Efnahagsbandalagið, viðskiptasamning um gagnkvæma lækkun tolla og afnám innflutningshafta á grundvelli sáttmála Alþjóðatollamálastofnunarinnar.

Efnahagsbandalagið hefur átt viðræður við aðrar þjóðir innan Alþjóðatollamálastofnunarinnar um lækkun sameiginlega tollsins. Var þar í fyrsta lagi um að ræða viðræður vegna þeirrar tollahækkunar, sem sameiginlegi tollurinn felur í sér fyrir lönd utan Efnahagsbandalagsins. Og hafa þessar viðræður verið nefndar „compensations"-viðræðurnar. Lítill árangur varð af þeim. Á þessu ári var hins vegar undirritaður samningur milli Efnahagsbandalagsins og Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagsins og nokkurra annarra þjóða um 20% lækkun sameiginlega tollsins á nokkrum iðnaðarvörum gegn sams konar tollalækkunum gagnaðilans. Þessir samningar voru árangur viðræðna, sem fram höfðu farið innan Alþjóðatollamálastofnunarinnar að frumkvæði Bandaríkjanna og hafa yfirleitt verið kenndar við núverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna, Mr. Dillon, og nefndar Dillon-viðræðurnar. Bandaríkjastjórn er mjög áfram um að halda áfram á þeirri braut að lækka tolla í viðskiptum á milli Bandaríkjanna og ríkja Efnahagsbandalagsins. Hefur bandaríska þjóðþingið nú nýlega heimilað forsetanum allvíðtækar tollalækkanir. Samkvæmt lögum þeim, sem þingið samþykkti og bera nafnið Trade Expension Act, getur Bandaríkjaforseti samið um allt að 50% lækkun tolla og algert afnám tolls á þeim fáu vörutegundum, sem Bandaríkin og Efnahagsbandalagsríkin verzla svo til einvörðungu með sín á milli. Búast má við, að viðræður um tollalækkanir skv. þessum lögum hefjist innan Alþjóðatollamálastofnunarinnar á næsta ári. Skv. reglum stofnunarinnar verða auðvitað öll aðildarríki hennar aðnjótandi þessara lækkana skv. beztukjaraákvæðum milliríkjasamninga.

Þessar viðræður Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagsins munu þó engan veginn leysa vandamál Íslands, því að þær taka ekki til sjávarafurða, en Bandaríkin og Efnahagsbandalagsríkin verzla sáralítið með sjávarafurðir sín

í milli. Þessar umr. munu líklega ekki heldur snúast um aðrar vörur, sem okkur skipta máli. Það er mikilvægt, að menn geri sér þessa staðreynd ljósa, þ. e. að væntanlegar tollaviðræður Efnahagsbandalagsins og annarra ríkja innan Alþjóðatollamálastofnunarinnar munu ekki leiða til lækkunar tolla á þeim vörum, sem við höfum áhuga fyrir. Það er enn fremur nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að engin önnur þjóð en við hefur verulegan áhuga á lækkun tolla á sjávarafurðum, nema Norðmenn og Danir. Búast má hins vegar við, að áhugi þeirra á lækkun tolla á sjávarafurðum hverfi úr sögunni, þegar þeir eru orðnir aðilar að Efnahagsbandalaginu og háir tollar þess á sjávarafurðum eru orðnir verndartollar fyrir þá. Íslendingar yrðu því sjálfir að hafa forgöngu um samninga um tollalækkanir. Ef Íslendingar velja þann kostinn að standa algerlega utan Efnahagsbandalagsins, tel ég sennilegt, að þeir gætu með samningum við bandalagið komið fram einhverri lækkun sameiginlega tollsins á sjávarafurðum gegn samsvarandi lækkun tolla á þeim iðnaðarvörum, sem Íslendingar flytja inn. Fari svo, að aðrar fiskútflutningsþjóðir í Evrópu gerist aðilar að bandalaginu, mundu ekki aðrar þjóðir en við Íslendingar í reynd njóta góðs af þessum lækkunum í verulegum mæli fyrst um sinn, og ætti það að auðvelda samninga.

Slíkir samningar um tollalækkanir gætu að sjálfsögðu dregið verulega úr því fjárhagstjóni, sem Íslendingar að öðrum kosti yrðu fyrir, af þeir stæðu utan Efnahagsbandalagsins. Það er hins vegar mikilvægt, að menn geri sér ljóst, að þeim árangri, sem ná má með þessari leið, eru takmörk sett. Í fyrsta lagi verður að gera ráð fyrir, að ekki takist að ná samningum um afnám tollanna, heldur aðeins um lækkun þeirra. Í öðru lagi er hinn sameiginlegi tollur bandalagsins á sjávarafurðum tiltölulega hár, þannig að um tilfinnanlegan tollmúr yrði að ræða, jafnvel þótt veruleg lækkun á tollinum fengist. Íslendingar mundu því varla geta öðlazt jafna samkeppnisaðstöðu við keppinauta sína með þessu móti, þar eð allir helztu keppinautarnir yrðu væntanlega innan bandalagsins. Í þriðja lagi er hugsanlegt, að hin sameiginlega stefna bandalagsins í sjávarútvegsmálum feli það í sér, að tekið verði upp einhvers konar markaðsskipulag á viðskiptum með sjávarafurðir, er torveldi fisksölu þjóða, sem utan bandalagsins standa. Í fjórða lagi er sennilegt, að samningar um tollalækkanir fengjust ekki gerðir nema til tiltölulega skamms tíma. Ef svo færi, mundi því veruleg óvissa vera ríkjandi í þessum efnum, og er hætt við, að það drægi úr viðleitni til að efla útflutning til Efnahagsbandalagssvæðisins. Í fimmta lagi mundu slíkir samningar eflaust aðeins taka til tollalækkana á sjávarafurðum. Lítil von er til þess, að Efnahagsbandalagið vildi okkar vegna breyta því skipulagi, sem væntanlega verður á viðskiptum með sauðfjárafurðir og ætlað er til verndunar sauðfjárrækt á Efnahagsbandalagssvæðinu, enda mundu þá um leið verða opnaðar gáttir fyrir stórframleiðendum eins og Nýja-Sjálandi. Það er einnig óhugsandi, að Efnahagsbandalagið verði reiðubúið til þess að draga úr vernd alúmíníumiðnaðar sins gegn risaiðnaði Bandaríkjanna og Kanada, hvað þá að afnema hana til þess eins að auðvelda Íslendingum að koma upp alúmíníumiðnaði hjá sér.

Þá er þess einnig að geta, að tollasamningsleiðinni fylgir hliðstæður vandi og aukaaðildarleiðinni að því er snertir innlenda iðnaðinn, jafnkeypisviðskiptin og fjármál ríkisins, því að útilokað er, að Íslendingar gætu komið fram verulegri lækkun tolla á sjávarafurðum og afnámi innflutningshafta nema lækka sjálfir tolla sína og afnema innflutningshöft.

Höfuðmunur tollasamningsleiðarinnar og aukaaðildarleiðarinnar er í rauninni fólginn í því, að með aukaaðildarleiðinni er auðveldara að tryggja Íslendingum hagkvæma viðskiptaaðstöðu. En það kostar samninga um viðkvæm mál, eins og rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi og innflutning erlends fjármagns og erlends vinnuafls. Ef tollasamningsleiðin er farin, kemur hins vegar aldrei til slíkra samninga, en útilokað virðist, að viðskiptaaðstaða Íslendinga geti með því móti nokkurn tíma orðið eins góð og hún getur orðið á grundvelli aukaaðildarsamnings. Þá er það að sjálfsögðu meginmunur á aukaaðildarleiðinni og tollasamningsleiðinni, að aukaaðili tekur með einum eða öðrum hætti þátt í störfum bandalagsins og getur að vissu leyti haft aðstöðu til þess að geta haft áhrif á stefnu þess, en ríki, sem gerir tollasamning við Efnahagsbandalagið, er utan þess og tekur að sjálfsögðu engan þátt í störfum þess né hefur aðstöðu til að hafa áhrif á stefnu þess.

Ríkisstj. telur, að leitast eigi við að finna lausn á þeim vandamálum, sem stofnun Efnahagsbandalagsins og stækkun þess býr Íslendingum, þannig að brýnir viðskiptahagsmunir okkar í Vestur-Evrópu séu tryggðir án þess að hagsmunum okkar á öðrum sviðum sé jafnframt teflt í hættu. Það er mikilvægt, að slík lausn finnist, ekki aðeins til þess að verja Íslendinga efnahagstjóni í bráð, heldur ekki síður til þess að tryggja vaxandi framfarir og batnandi lífskjör á Íslandi, þegar á lengri tíma er litið. Síðast, en ekki sízt, er þess að geta, að slík lausn mundi treysta samband okkar við nágranna okkar í Evrópu og tengja okkur fastar því samstarfi vestrænna þjóða, sem við höfum verið aðilar að frá stríðslokum. Á hinn bóginn hefur það ekki verið unnt og er ekki enn að gera sér endanlega grein fyrir því, með hvaða hætti þessi lausn ætti að verða, þ. e. hvort stefna eigi að því, að tengsl Íslands við Efnahagsbandalagið verði á grundvelli aukaaðildarsamnings eða tollasamnings. Ríkisstj. hefur talið það skyldu sína að kanna málið ýtarlega, bæði með athugunum hér heima fyrir og með viðræðum við ríkisstj. aðildarríkja bandalagsins og framkvæmdastjórn þess. Það hlaut að teljast bezti undirbúningurinn undir ákvörðun í málinu, þegar hún yrði óhjákvæmi-

leg. Á þennan hátt var einnig hægt að vekja þann skilning á aðstöðu okkar erlendis, sem okkur er nauðsynlegur við lausn vandans. Mér er óhætt að fullyrða að hjá aðildarríkjum Efnahagsbandalagsins og framkvæmdastjórn þess er ríkjandi skilningur á aðstöðu Íslands og samúð með málstað þess.

Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að enn þá sé ekki kominn tími til ákvarðana í máli þessu. Áður en þær eru teknar, er nauðsynlegt, að fengin sé niðurstaða í þeim samningum, sem nú fara fram í Brüssel milli Efnahagsbandalagsins og Breta, og helzt einnig niðurstaða í þeim viðræðum, sem eiga eftir að fara fram á milli Efnahagsbandalagsins og annarra ríkja, er sótt hafa um aðild eða aukaaðild að bandalaginu. Meðan beðið er þessarar niðurstöðu, þurfa Íslendingar að einbeita sér að þrennu: Við þurfum að halda áfram athugunum hér heima fyrir á ýmsum hliðum þessa máls, við þurfum að fylgjast sem bezt með framvindu þess erlendis, og við þurfum að keppa að því að fá aðstöðu til þess að koma sjónarmiðum okkar á framfæri í sambandi við undirbúning að mótun sameiginlegrar stefnu Efnahagsbandalagsins í sjávarútvegsmálum. Þegar niðurstöður hafa fengizt í þeim samningaviðræðum, sem ég gat um áðan, hefur væntanlega fengizt grundvöllur til þess að ganga endanlega úr skugga um, hvaða kostir geti staðið Íslendingum til boða. Þá fyrst er fyrir hendi nægjanleg vitneskja til þess, að unnt sé að mynda sér endanlega rökstudda skoðun á því, hvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið tryggi bezt hagsmuni Íslendinga.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er skylt að þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þá löngu skýrslu ríkisstj. um efnahagsbandalagsmálið, sem hann hefur nú flutt á hv. Alþingi. Fullur helmingur þessarar löngu skýrslu fjallaði um þá þróun, sem hefur átt sér stað í viðskiptamálum Vestur-Evrópu á undanförnum árum, allt frá stríðslokum og til þessa dags. Sá hluti skýrslu hæstv. ráðh. var með öðru sögulegt yfirlit um aðdraganda og þróun bandalaganna, sem myndazt hafa í Evrópu á þessum tíma, og þá ekki sízt þeirrar ríkjasamsteypu, sem hér gengur undir nafninu Efnahagsbandalag Evrópu. Það heiti á þessari ríkjasamsteypu er því miður komið inn í íslenzkt mál, svo að erfitt er að breyta því úr þessu, en það er öllum kunnugt, sem þekkja hið opinbera heiti þessarar ríkjasamsteypu á erlendum málum, þeirra þjóða, sem að henni standa, að þetta er ekki rétt þýðing, heldur mjög villandi. Því miður verð ég að segja það strax um þennan langa hluta af skýrslu hæstv. ráðh., að hann var engan veginn eins hlutlaus frásögn um þróun þessara mála, sem fleiri en honum er kunnugt um, eins og ég hefði viljað vænta af hæstv. ráðh. Frásögn hans bar öll blæ þess áróðurs, sem hafður hefur verið í frammi af hálfu þeirra manna, sem virðast telja það sjálfsagt mál, að Ísland gerist aðili að Efnahagsbandalaginu, og reyna þess vegna að draga með öllu fjöður yfir þann reginmun, sem er á Efnahagsbandalaginu og annarri alþjóðlegri samvinnu í efnahagsmálunum. Þeir menn vilja fela pólitískt eðli og tilgang þessarar ríkjasamsteypu og þá staðreynd, að hún stefnir að því að reisa tollmúra umhverfis sig og torvelda þannig og jafnframt með beinum höftum og viðskiptatálmunum frjáls viðskipti þjóða í milli. Þetta bandalag stefnir auk þess að því að þvinga aðildarríki sín til þess að lúta stjórn yfirþjóðlegra stofnana, sem eiga að hafa vald til þess að ákvarða og binda stefnu þjóðanna, sem í því eru, í mestu hagsmunamálum þeirra, jafnvel gegn vilja þjóðþinga og ríkisstjórna þessara þjóða og gegn lögum og stjórnarskrá þessara þjóða, og það ekki aðeins um skamman tíma, heldur um aldur og ævi. Þessi ákvæði, sem ég nú hef nefnt, eru í stjórnarskrá þeirrar ríkjasamsteypu, sem hér er kölluð Efnahagsbandalag Evrópu, og verður ekki um það villzt, að ég fer hér með rétt mál.

Síðari helmingur ræðu hæstv. ráðh. fól í sér skýrslu um ferðalög hans og trúnaðarmanna ríkisstj. í fyrrahaust og á s. l. sumri til höfuðborga allra aðildarríkja Efnahagsbandalagsins og til höfuðstöðva þess bandalags í Brüssel. Hæstv. ráðh. skýrði frá því í þessari skýrslu, að hann og fylgdarmenn hans hefðu átt viðræður við ýmsa ráðherra í þessum löndum, hann taldi þá upp með nöfnum og titlum, og enn fremur þrjá af aðalforráðamönnum efnahagssamsteypunnar í Brüssel, framkvæmdastjóra hennar. Frá þessum viðræðum við þessa miklu ráðamenn Efnahagsbandalagsins skýrði hæstv. ráðh. hins vegar á engan hátt í einstökum atriðum. Hann sagði aðeins, að það hefðu komið fram af hálfu fulltrúa Efnahagsbandalagsins ýmis atriði, sem miklu máli skiptu við mat þeirra leiða, sem til greina kæmu af hálfu Íslendinga um afstöðu til Efnahagsbandalagsins. En um það, hver þessi mikilvægu atriði eru, eru hv. alþm. jafnófróðir nú eftir skýrslu hæstv. ráðh. og áður.

Meðan ég hlustaði á þennan kafla af skýrslu hæstv. ráðh., tók ég fram hjá mér Morgunblaðið frá 21. júlí í sumar. Þar var birt skýrsla, sem hæstv. viðskmrh. flutti í ríkisútvarpið að kvöldi hins 20. júlí í sumar um þessi ferðalög sín og viðræður við forráðamenn Efnahagsbandalagsins. Ég gat ekki með neinu móti séð, að hæstv. ráðh. hafi nú í skýrslu sinni til hv. Alþ. skýrt á nokkurn hátt ýtarlegar frá neinu, sem hafi komið fram í viðræðum hans og fylgdarmanna hans við forráðamenn Efnahagsbandalagsins, heldur en hann gerði fyrir hlustendum ríkisútvarpsins og lesendum Morgunblaðsins í júlí í sumar. M. ö. o.: alþm. yfirleitt hafa nú eftir skýrslu hæstv. ráðh. nákvæmlega sömu aðstöðu til þess að mynda sér skoðun á málunum og almennir útvarpshlustendur og lesendur Morgunblaðsins höfðu, eftir að þeir höfðu heyrt og lesið þessa skýrslu hæstv. ráðh. í sumar. Alþm. yfirleitt standa nú í nákvæmlega sömu sporum og almennir útvarpshlustendur og blaðalesendur í þessu

landi til þess að mynda sér skoðun á mikilvægustu atriðum þessa máls eftir að hafa hlustað á skýrslu hæstv. ráðh. hér fyrir hv. Alþ. Þeir vita á engan hátt meira en hinn almenni hlustandi og blaðalesandi í landinu. Þeir hafa ekki fengið neinar nýjar efnislegar upplýsingar í málinu, allra sízt um þessi ýmsu atriði, sem mestu máli skipta, ef menn vilja mynda sér hlutlæga skoðun á því, hverjar leiðir séu færastar Íslendingum í þessu máli.

Hæstv. ráðh. gat þess, að ýmis atriði, sem miklu máli skiptu í þessu sambandi, hefðu komið fram af hálfu forráðamanna Efnahagsbandalagsins í viðræðum hans og fylgdarmanna og trúnaðarmanna hans. En hv. alþm. hafa ekkert fengið að vita um þessi mikilvægu atriði nánar en aðrir. Þó er e. t. v. hugsanlegt, að tveir hv. alþm. hafi sérstöðu í þessu efni og viti meira um þetta, því að það vill svo til, að einmitt skömmu eftir að Morgunblaðið birti skýrslu hæstv. ráðh. í sumar, þá skýrðu stjórnarblöðin, Alþýðublaðið og Morgunblaðið, frá því undir stórum fyrirsögnum, að ríkisstj. hefði í meira en eitt ár veitt tilteknum tveimur hv. alþm. aðstöðu til að fylgjast nákvæmlega með öllum viðræðum, sem ráðh. og aðrir trúnaðarmenn ríkisstj. hafa átt við aðrar þjóðir um Efnahagsbandalagið. Jafnframt sögðu blöðin, að þessir tveir hv. þm. hefðu fengið aðgang að öllum skjölum og upplýsingum um málið og mörg tækifæri til að ræða allt þetta efni við tvo hæstv. ráðh., hæstv. viðskmrh. Gylfa Þ. Gíslason og hæstv. dómsmrh. Bjarna Benediktsson. Þessir tveir hv. þm., sem e. t. v. hafa forréttindaaðstöðu fram yfir alla aðra alþm. í þessu efni, þannig að þeir geti vitað allt um þetta mál, þegar aðrir alþm. vita ekkert um það, sem mestu máli skiptir, þeir eru hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson. En í útleggingum sínum og skýringum um forréttindi þessara tveggja hv. þm. og sérstöku trúnaðarmanna hæstv. ríkisstj. sögðu stjórnarblöðin í sumar, — þau voru svo háttvís í þessu sambandi, — að það hefði alltaf þurft að múta Framsfl. til þess að fylgja stefnu Sjálfstfl. og Alþfl. í utanríkismálum. Þau létu sér ekki nægja að gefa í skyn, heldur sögðu beinlínis, að stundum hefði þetta kostað hvorki meira né minna en það að taka Framsfl. alls óverðugan inn í samvinnu um stjórn landsins, til þess að fylgja þessum góðu flokkum, Sjálfstfl. og Alþfl., að málum í utanríkismálum. Nú er það fjarri mér að taka undir þetta og gefa í skyn, að þau forréttindi, sem þessir hv. þm. njóti hjá ríkisstj. í þessu máli umfram aðra þm., séu byrjun að sams konar viðskiptum við Framsfl. og stjórnarblöðin segja að flokkur þeirra hafi áður átt við hann til þess að laða hann og lokka til fylgis við sig í utanríkismálum. En ég vil skora á þessa tvo hv. þm., eins og ég skora á hæstv. viðskmrh., ef þeim er kunnugt um mikilvæg atriði, sem hafa þegar komið fram í viðræðum við forráðamenn Efnahagsbandalagsins og gætu auðveldað óbreyttum alþm. að mynda sér skoðun á því, hverjar leiðir séu færastar fyrir Íslendinga í þessum málum, að skýra frá þeim atriðum nú þegar, þegar þetta mál er nú í fyrsta skipti tekið til umr. hér á hv. Alþingi, því að til hvers væri að bíða með það? Það kemur að því, að öll slík atriði þessa máls eiga eftir að koma fram og fyrir augu alþjóðar.

Það hafa ýmsir mætir menn og dómbærir, einnig í liði hæstv. ríkisstj., kveðið svo að orði, að þetta mál sé stærsta og örlagaríkasta málið, sem hafi komið í hlut Íslendinga að taka ákvörðun um á þessari öld, og vil ég ekkert draga úr því. En menn verða að vona enn, að slíku máli verði ekki ráðið til lykta með neinu leynimakki, hvorki milli hæstv. ráðh. og trúnaðarmanna þeirra annars vegar og hins vegar forráðamanna Efnahagsbandalagsins úti í löndum né heldur milli forustumanna stjórnmálaflokka hér á landi. Menn verða að vona og krefjast þess, að hvert atriði þessa máls verði lagt á borðið afdráttarlaust, svo að hver Íslendingur, ekki aðeins hver einasti alþm., geti myndað sér skoðun um þetta mál, um þau atriði og þetta mál í heild, hlutlæga skoðun og tekið afstöðu sína samkv. því.

Ég vil nú spyrja bæði hæstv. viðskmrh. og aðra hv. þm., sem um það kunna að vita: Hver voru þau atriði, sem samkv. frásögn hæstv. viðskmrh. komu fram af hálfu ráðh. aðildarríkja Efnahagsbandalagsins og framkvæmdastjóra þess í viðræðum við hæstv. viðskmrh. og trúnaðarmenn hans í sumar, þau atriði, sem samkv. umsögn hæstv. ráðh. skipta mestu máli um mat þeirra leiða, sem til greina koma fyrir Íslendinga í þessu máli? Hver voru þessi mikilvægu atriði, sem komu fram, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, í viðræðunum við ráðh. í sumar? Eru þessi atriði, sem skipta svo miklu máli og eru komin fram frá æðstu forráðamönnum Efnahagsbandalagsmálsins, leyndarmál fyrir íslenzkum alþm., — og þá, hve lengi eiga þau að vera leyndarmál?

Ég skal nú nokkuð reyna að víkja að því og reyna að geta mér þess til í allri minni fáfræði, hver þessi atriði kunna að hafa verið. Hæstv. ráðh. ræddi í síðari hluta ræðu sinnar þrjár leiðir, sem til greina komi fyrir Íslendinga að fara um afstöðu til Efnahagsbandalagsins: í fyrsta lagi fulla aðild, í öðru lagi svokallaða aukaaðild og í þriðja lagi viðskiptasamninga um gagnkvæma lækkun tolla og afnám innflutningshafta á grundvelli eða innan ramma alþjóðatollamálasamkomulagsins, sem skammstafað er með stöfunum GATT. Hann lýsti yfir fyrir hönd ríkisstj., að ríkisstj. teldi, að full aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu kæmi ekki til greina. Rökin voru eftirtektarverð. Hæstv. ráðh. sló því föstu, að það væri víst, — alveg víst, — að ekki væri með fullri aðild hægt að fá fyrirvara eða undanþágur frá reglum Rómarsamningsins um jafnan rétt til atvinnurekstrar, sem tryggðu, að Íslendingar yrðu ekki skyldaðir til að veita öllum borgurum og fyrirtækjum innan ríkja Efnahagsbandalagsins alls, jafnvel stækkaðs, jafnan rétt á við Íslendinga til veiða í íslenzkri fiskveiðilög-

sögu. En slíkt þýddi auðvitað, eins og hæstv. ráðh. játaði, eyðingu fiskimiðanna á skömmum tíma og kæmi því ekki til mála. En það er rétt að minna á það í þessu sambandi, að samkv. skýringum og yfirlýsingum forráðamanna Efnahagsbandalagsins, og hæstv. ráðh. játaði það í ræðu sinni hér áðan, þá hefur hugtakið aukaaðild hingað til verið túlkað svo, að hvert það ríki, sem tengdist Efnahagsbandalaginu með þeim hætti, stefndi einnig að því, að það ríki tækist á hendur fulla aðild að Efnahagsbandalaginu á sínum tíma og þá allar skuldbindingar þess, þ. á m. skuldbindinguna um að veita jafnan rétt erlendum borgurum Efnahagsbandalagsins til atvinnurekstrar, sem hæstv. ráðh. telur nú víst, að ekki verði veittar undanþágur frá, sem tryggðu, að hægt væri að vernda íslenzka fiskveiðilögsögu fyrir útlendingum. Það er rétt að minna á þetta strax, vegna þess að öll rök og málflutningur hæstv. ráðh. í skýrslu hans hneig að því, að það væri einmitt aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalaginu, sem væri líklegasta og færasta leiðin fyrir Íslendinga í málinu. En aukaaðild þýðir, eins og ég áðan sagði, samkv. yfirlýsingum forráðamanna Efnahagsbandalagsins og samkv. þeim eina aukaaðildarsamningi, sem gerður hefur verið á vegum Efnahagsbandalagsins, það, að hvert ríki, sem gerir slíkan samning, takist á sínum tíma á hendur allar skuldbindingar Rómarsamningsins og fulla aðild að Efnahagsbandalaginu.

Yfirlýsing hæstv. ríkisstj. um, að full aðild Íslands komi ekki til greina, kemur mér ekki á óvart og er engin stórfrétt í mínum augum, þótt að vísu engir angurgapar í liði stjórnarflokkanna hafi oft haldið því fram, bæði í ræðu og riti, að full aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu væri hið eina rétta og bæri að sækja um hana strax. Hitt kemur mér ekki heldur á óvart, að allur málflutningur hæstv. ráðh. hnígur nú, eins og ég áðan sagði, að því, að eins og málið horfir við í dag, sé það aukaaðild með sérstökum samningum, sem sé líklegasta leiðin fyrir Íslendinga. En það, sem mér þótti nýstárlegt í málflutningi hæstv. ráðh. um þetta, var, að hann komst svo að orði í þessu sambandi, að það gæti einnig komið til greina aukaaðild á grundvelli fríverzlunarsvæðis, þ. e. að Íslendingar þyrftu ekki að taka upp hinn sameiginlega ytri toll Efnahagsbandalagsins gagnvart öllum öðrum ríkjum, sem utan þess stæðu. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. hefur fyrir sér í því, að þetta komi til mála af hálfu Efnahagsbandalagsins, og vildi gjarnan óska þess, að hann útskýrði þetta atriði nánar. En það, sem allra athyglisverðast er við málflutning hæstv. ráðh., er, að hann gerir nú fullkomlega ráð fyrir því, að auk fullrar aðildar og aukaaðildar sé til þriðja leiðin í samskiptum Íslendinga við Efnahagsbandalag Evrópu. Hann sagði nú í ræðu sinni, að ef Íslendingar veldu þann kostinn að standa algerlega utan Efnahagsbandalagsins, þá teldi hann sennilegt, að þeir gætu náð samningum við Efnahagsbandalagið um einhverja lækkun sameiginlega tollsins á sjávarafurðum gegn samsvarandi lækkun tolla á innfluttum vörum til Íslands frá Efnahagsbandalaginu. Hann benti sérstaklega á, að það ætti að geta auðveldað slíka samninga Íslands við Efnahagsbandalagið, að ekki mundi verða um aðrar fiskútflutningsþjóðir í Evrópu að ræða utan Efnahagsbandalagsins en Íslendinga eina, því að hann gerir ráð fyrir því alls staðar í ræðu sinni, að bókstaflega allar þjóðir Vestur-Evrópu gangi í Efnahagsbandalagið. Nú veit ég ekki betur en hæstv. ráðh. og ýmsir helztu ráðunautar og sérfræðingar hans hafi hingað til haldið fram alveg gagnstæðum skoðunum um þetta atriði. Þeir hafa fullyrt, að tvíhliða samningur Íslands við Efnahagsbandalagið án formlegrar aukaaðildar kæmi áreiðanlega ekki til greina, en samningar um gagnkvæma tollalækkun á grundvelli alþjóðatollasamkomulagsins kæmi Íslandi hins vegar að engu haldi. Þessu hvoru tveggja hélt t. d. dr. Jóhannes Nordal bankastjóri fram mjög eindregið í ræðu, sem hann hélt á svonefndri ráðstefnu félagsins Frjálsrar menningar um Efnahagsbandalagsmálið 27. jan. s. l. Þessi ræða hefur síðan verið prentuð. Og hæstv. ráðh. sjálfur sagði m. a. á sömu ráðstefnu: Það er engin ástæða til þess að gera sér von um, að við frekar en nokkur annar mundum geta fengið að tala við Efnahagsbandalagið nema á grundvelli umsóknar, annaðhvort um fulla aðild eða aukaaðild. — Hið þriðja taldi hann ekki vera til. Nú talar hann jöfnum höndum um tvær leiðir eða tvær lausnir, sem séu vel sambærilegar og fullkomlega raunhæfar, þ. e. a. s. annars vegar aukaaðild og hins vegar tollasamningsleiðina. Hann játar að vísu, hæstv. ráðh., að enn sé ekki unnt að gera sér endanlega grein fyrir, hvort stefna eigi að því, að tengsl Íslands við Efnahagsbandalagið verði á grundvelli aukaaðildarsamnings eða tollasamnings. En hann gerði á ýmsan hátt mjög eftirtektarverðan samanburð á þessum tveimur leiðum, kostum þeirra og göllum, frá hans sjónarmiði og frá ýmsum sjónarmiðum. Nú held ég, að enginn, sem hlustaði á hæstv. ráðh., geti verið í vafa um, að hvorri leiðinni hann hallaðist skv. sínum málflutningi að þessum samanburði loknum. Það er auðvitað aukaaðildarleiðin. Og ég held, að óhætt sé að gera ráð fyrir því, þótt hæstv. ráðh. segði það ekki berum orðum, að hann hafi í þessu sem öðru talað fyrir hönd hæstv. ríkisstj. allrar. En í sambandi við þennan samanburð á þessum leiðum tveimur, sem hæstv. ráðh. telur vel færar fyrir Íslendinga í þessu stórmáli, sagði hæstv. ráðh. eina setningu, sem ég skrifaði hjá mér og ég tel hiklaust hina langathyglisverðustu í allri hans löngu ræðu. Hann sló því fyrst alveg föstu, að aukaaðildarleiðin væri heppilegri til þess að tryggja Íslendingum góða, hagkvæma viðskiptaaðstöðu, en ráðh. bætti við: En það kostar samninga um viðkvæm mál. — Aukaaðildarleiðin kostar samninga um viðkvæm mál, sagði hæstv. ráðh. Hann dró ekki dul á, hvaða viðkvæm mál þetta væru. Það er réttur útlendinga til atvinnurekstrar

hér á landi, réttur þeirra til frjáls innflutnings erlends einkafjármagns og erlends vinnuafls. Hæstv. ráðh. játaði líka strax á eftir, að með tollasamningsleiðinni kæmi aldrei til samninga um þessi viðkvæmu mál, þess þyrfti ekki.

Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir hreinskilni hans um þessi atriði. Hann fullyrðir, að samningar við Efnahagsbandalagið á grundvelli aukaaðildar hljóti að kosta samninga um viðkvæm mál. Aðrir formælendur aukaaðildar Íslands að Efnahagsbandalaginu hafa yfirleitt hingað til viljað gera lítið úr þeim skyldum, sem kynnu að koma á herðar Íslendinga í sambandi við slíkan aukaaðildarsamning. Þeir hafa sagt jafnvel, að það þyrfti ekki að gera ráð fyrir nema svo sem 1% af skyldunum, sem lagðar eru á þjóðir skv. Rómarsamningnum, þær þjóðir, sem gerast fullir aðilar að Efnahagsbandalaginu. Þær þjóðir, sem gerðust aukaaðilar, mundu ekki þurfa að taka á sig nema svo sem 1% af þeim skyldum. En hæstv. ráðh. dregur enga dul á það, hvað aukaaðild þýði í þessu sérstaka atriði. Hún þýðir það, og hann hefur fengið fulla vitneskju um það, að aukaaðild kostar það, að Efnahagsbandalagið muni krefjast þess, að Íslendingar veiti útlendingum, þ. e. borgurum og fyrirtækjum innan Efnahagsbandalagsins, a. m. k. einhvern rétt til atvinnurekstrar á Íslandi, til innflutnings einkafjármagns og til innflutnings vinnuafls.

Á öðrum stað í ræðu sinni undirstrikar hæstv. ráðh., að við yrðum, þótt um aukaaðild væri að ræða, að hafa rétt til að takmarka erlenda fjárfestingu hér á landi, þannig að útlendingar gætu ekki náð úrslitaáhrifum, eins og hann komst að orði, í einstökum atvinnugreinum, og við yrðum að hafa það á okkar valdi, hvern atvinnurekstur útlendingar fengju að stunda hér á landi og hver áhrif þeirra í hverri atvinnugrein mættu verða. Ég verð að játa, að mér er ekki ljóst, hvernig ætti að setja lög og reglur, sem leyfðu atvinnurekstur og áhrif útlendinga í hverri einustu atvinnugrein að einhverju vissu marki, en bönnuðu hvort tveggja, ef farið væri yfir það mark.

En ég er alveg sammála hæstv. ráðh., þegar hann kemst að þeirri aðalniðurstöðu í þessu máli, að aðalspurningin í sambandi við aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalaginu er sú, hvort Efnahagsbandalagið mundi telja, að slík ákvæði, sem við settum og takmörkuðu skyldur okkar til að veita útlendingum, útlendum borgurum og fyrirtækjum frá löndum Efnahagsbandalagsins, rétt til atvinnurekstrar, innflutnings einkafjármagns og vinnuafls, — hvort þau gætu samrýmzt því, að við hefðum hjá Efnahagsbandalaginu tollfrjálsan innflutning á öllum okkar útflutningi án nokkurra hafta. Þetta er auðvitað aðalspurningin í sambandi við hugsanlega aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalaginu. En hvernig stendur þá á því, að einmitt þessari spurningu skuli ekki hafa verið svarað í þeim könnunarviðræðum, sem hafa farið fram úti um öll lönd undir forustu hæstv. ráðh. frá því í fyrra? Hvernig stendur á því, að þessari spurningu hefur ekki verið svarað a. m. k. að einhverju leyti? Eða hefur henni ef til vill verið svarað, þó að hæstv. ráðh. vilji ekki skýra alþm. frá því í skýrslu sinni um þessi mál og ferðalög sín? Er þetta mikilvægasta atriði ef til vill eitt af þeim ýmsu mikilvægu atriðum, sem komu fram í þeim viðræðum, sem hæstv. ráðh. sagði frá, en vill ekki segja alþm. frá í einstökum atriðum? Á maður að trúa því, að hæstv. ráðh., sem segir hér á Alþingi: Mér er það ljóst, að aukaaðild þýðir samninga um viðkvæm mál, þessi viðkvæmu mál, — á maður að trúa því, að hann hafi ekki lagt þá spurningu t. d. fyrir framkvæmdastjóra Efnahagsbandalagsins, sem vitað er að eiga skv. stjórnarskrá Efnahagsbandalagsins einmitt að gera alla aukaaðildarsamninga? Á maður að trúa því, að hæstv. viðskmrh. og allir sérfræðingar hans, þessir lærðu menn, sem hann hafði til fylgdar, hafi ekki lagt neinar spurningar fyrir framkvæmdastjóra Efnahagsbandalagsins um það, hvaða skyldur mundu í þessum viðkvæmu atriðum koma á herðar okkar Íslendinga samfara aukaaðild? Ég trúi því ekki, af því að ég álít hæstv. viðskmrh. ekkert flón. Ég tel víst, að einmitt vegna þess, að hann fullyrðir nú frammi fyrir Alþingi, að aukaaðild kosti samninga um þessi viðkvæmu atriði, þá hafi hann fengið fulla vitneskju um þetta beint frá forráðamönnum Efnahagsbandalagsins, hann viti það m. ö. o., þó að hann segi ekki alþm. frá því, að þess mundi verða krafizt af hálfu Efnahagsbandalagsins samfara samningum um aukaaðild Íslands að því, að við Íslendingar veittum útlendingum rétt til atvinnurekstrar hér á landi, þeir mundu að öðrum kosti ekki veita okkur réttindi til tollfrjáls útflutnings allrar okkar útflutningsvöru til þeirra eigin landa. Ég verð einnig í þessu sambandi að minna á fyrri ummæli hæstv. viðskmrh., sem lúta einmitt að þessu atriði. Hann sagði í ræðu, sem hann hélt í Verzlunarráði Íslands í fyrravetur, að við mundum ekki komast hjá því að athuga stefnu okkar varðandi rétt útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar að Efnahagsbandalaginu ætti að koma. Honum var þetta ljóst þá þegar, að við mundum ekki komast hjá því að endurskoða lög okkar og reglur — það átti ráðh. við — um rétt útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera.

Ég vil nú spyrja: Hvaða atvinnurekstri á Íslandi mundu borgarar og fyrirtæki í löndum Efnahagsbandalagsins helzt hafa áhuga á, ef við yrðum, um leið og við semdum um aukaaðild við þá, einnig að semja um þetta viðkvæma mál, hvort þeir ættu að hafa einhvern rétt til atvinnurekstrar hér? Ég geri mér ekki í hugarlund, að það væri neyzluvöruiðnaður okkar, sem þeir hefðu áhuga á. Ég hef líka takmarkaða trú á því, að það væri sú stóriðja, alúmíníumverksmiðjur eða annað, sem þeir reyndust hafa mestan áhuga á. Við vitum það vel, að erlendir togaraútgerðarmenn hafa áratugum saman haft mikinn áhuga á því að fá aðstöðu til fisklöndunar og fiskiðju á Íslandi.

En við höfum séð við því með sérstakri löggjöf til þess að koma í veg fyrir þetta.

Við vitum, að í löndum Efnahagsbandalagsins á sér stað mikill samdráttur auðs og fjármagns í fáar hendur, á hendur stórra, voldugra auðhringa. Við höfum sjálfir komizt í kynni við voldug áhrif brezkra útgerðar- og fisksöluhringa. Við vitum, að útgerð í löndum Efnahagsbandalagsins er annars vegar í höndum fátækra fiskimanna á heimamiðum, sem haldið er uppi með styrkjum og tollvernd, og hins vegar stórútgerð, sem er víða búin að eyðileggja heimamið og leitar því einmitt hingað til Íslands, til okkar. Við vitum vel, að sú stórútgerð, fisksöluhringar í sambandi við hana, mundi áreiðanlega vilja fá aðstöðu til fiskiöndunar og rekstrar fiskiðjuvera á Íslandi, ef útlendingum væri veittur nokkur réttur til atvinnurekstrar hér, t. d. í sambandi við samninga um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu. Þeir vita það t. d., brezkir stórútgerðarmenn, betur en sumir Íslendingar virðast vita það, þeir sem nú tala mest um möguleika á stóriðju á Íslandi, sem opnist með aðild okkar að Efnahagsbandalaginu, — þeir vita það, útlendingarnir, að fiskimiðin okkar við Ísland eru mesta auðlind og fjársjóður okkar Íslendinga og að í sambandi við nýtingu þeirra eru mestu möguleikarnir til stóriðju á Íslandi. Og nú spyr ég að síðustu hæstv. viðskmrh.: Dettur þeim í hug, að hægt sé að gera samning um aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalaginu, sem veitti okkur Íslendingum full réttindi til tollfrjáls innflutnings allra okkar sjávarafurða til landa Efnahagsbandalagsins, á þeim grundvelli, að við bönnuðum útlendingum með öllu atvinnurekstur t. d. við fiskiðju á Íslandi? Ég þykist sjá á ummælum hæstv. ráðh. sjálfs í fyrra og nú, að honum komi ekki til hugar, að þetta sé hægt, en samt leyfi ég mér að skora á hann að svara þessari spurningu og það afdráttarlaust.

Lokaniðurstaða hæstv. viðskmrh., sem hann lýsti yfir í nafni allrar ríkisstj., var sú, að ríkisstj. sé nú þeirrar skoðunar, að það sé langt frá því, að enn sé kominn tími til ákvörðunar af hálfu Íslendinga í þessu máli, því að áður en Íslendingar geti tekið ákvörðun, sé nauðsynlegt, að samningar Breta og Efnahagsbandalagsins verði til lykta leiddir, og í öðru lagi, að helzt verði einnig fengin niðurstaða í öllum þeim samningsviðræðum, sem eiga eftir að fara fram milli Efnahagsbandalagsins og allra annarra ríkja, sem sótt hafa um aðild eða aukaaðild. En þau eru, eins og mönnum er kunnugt: Danmörk, Noregur, Írland, Svíþjóð, Sviss, Austurríki og jafnvel Spánn og Portúgal. Þá fyrst, þegar öllum þessum samningum og samningsviðræðum er lokið, segir hæstv. ráðh. í nafni allrar hæstv. ríkisstj., — þá fyrst fæst væntanlega grundvöllur til að ganga úr skugga um, hvaða kostir geta staðið Íslendingum til boða. Þá fyrst, en fyrr ekki, verður fyrir hendi nægileg vitneskja til þess, að unnt sé að mynda sér endanlega rökstudda skoðun á því, hvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið tryggi bezt hagsmuni Íslendinga. Þetta voru lokaorð og lokaniðurstaðan í ræðu hæstv. ráðh.

Ég fagna út af fyrir sig þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. Ég vona, að þar fylgi hugur máli, og vil, að við þessa yfirlýsingu verði staðið.

Ég hef einmitt fyrir mitt leyti, af því að þetta mál kom á dagskrá hér, haldið, að það væri erfitt að vega og meta t. d. og alveg sérstaklega hin efnahagslegu rök í þessu máli, fyrr en alveg væri vitað, um hvaða kosti væri að velja. Og ég hef einnig frá upphafi gert mér þá hugmynd um gang málanna um samninga innan Efnahagsbandalagsins, að örugg og endanleg vitneskja fengist ekki um aðstöðu Íslands, fyrr en öllum þeim samningum væri ráðið til lykta. En hitt er allt annað mál, að menn hafa getað og geta enn gert sér hugmynd um það, hvað aðild og aukaaðild Íslands að Efnahagsbandalagi þýði fyrir sjálfsforræði Íslendinga í framtíðinni, beint út frá þeirri vitneskju, sem þegar liggur fyrir í stjórnarskrá, sem ég nefni svo, þessarar ríkjasamsteypu, Rómarsamningnum frá 1957, og öðrum upplýsingum, sem liggja fyrir frá þessari ríkjasamsteypu.

Þó að ég fagni út af fyrir sig, eins og ég áðan sagði, þeirri yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að það sé algerlega ótímabært og ómögulegt að mynda sér rökstudda skoðun á þeim kostum, sem um kunni að vera að velja, og þeim leiðum, sem færar kunni að vera fyrir Íslendinga í þessu stórmáli, þá verð ég að segja, að ég held, að þessi yfirlýsing hæstv. ríkisstj. nú kunni að koma nokkuð kynlega fyrir þeim mönnum, sem af hálfu hæstv. ríkisstj. og sýnilega í fullu samráði við hana hafa haldið uppi heiftarlegum áróðri fyrir því nú á annað ár, að Ísland gerðist annaðhvort fullur aðili eða a. m. k. aukaaðili að Efnahagsbandalaginu. Í hópi þessara áróðursmanna eru fyrst og fremst allir hagspekingar hæstv. ríkisstjórnar, margir hagfræðilegir ráðunautar hennar, m. a. menn, sem eiga hér sæti á hv. Alþingi. Ég gæti, ef tími væri til, sýnt fram á það, hvernig þessir menn hafa staðhæft þegar í fyrrahaust og fyrravetur, að það væri alveg sjálfsagt mál fyrir Ísland að leggja þá þegar inn inntökubeiðni, helzt um fulla aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu. Hæstv. ríkisstj. kennir nú þessum mönnum, að þeir hafi ekki haft til þessa dags og hafi ekki í dag neinn grundvöll til þess að byggja skoðanir sínar á, þeir hafi ekki neinn grundvöll til þess að mynda sér rökstudda skoðun á þessu máli í dag. Og þetta er rétt hjá hæstv. ríkisstj. En þetta er líka nokkur dómur um þessa hagspekinga og ráðunauta hæstv. ríkisstj.

Hæstv. viðskmrh. vék að því snemma í ræðu sinni, að það kynnu að vera til þeir menn hér á landi, sem óskuðu, að verzlunar- og menningarviðskipti Íslands og Vestur-Evrópuþjóða væru sem minnst. Ég veit ekki svo nákvæmlega, hvað hæstv. ráðh. á við með þessum orðum. Ég þekki enga menn og engin öfl hér á landi, sem hafi unnið að því að torvelda við-

skipta- eða menningarsambönd Íslendinga og Vestur-Evrópuþjóða, og ég held, að það yrði lítið úr rökstuðningi hæstv. ráðh. fyrir slíkri staðhæfingu, að slíkir menn eða öfl séu til hér á landi. En ég þekki öfl, sem hafa unnið að því að rjúfa viðskipta- og menningartengsl Íslands við Vestur-Evrópu, en þau öfl eru ekki hér á landi, heldur í Vestur-Evrópu, og það eru voldug öfl, sem bæði hæstv. ráðh. og við allir þekkjum. Það voru hinir voldugu útgerðar- og fisksöluhringar í Bretlandi, sem fyrir nokkrum árum settu viðskiptabann á Íslendinga, löndunarbann á íslenzkan fisk til Bretlands, með góðu samþykki og vitund brezkra stjórnarvalda og það þvert ofan í gerða samninga um efnahagssamvinnu Íslands og Bretlands innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Með þessu viðskiptabanni var stefnt að því að svelta Íslendinga til hlýðni við þetta brezka útgerðarvald og brezku ríkisstjórnina, kúga Íslendinga til þess að breyta íslenzkum lögum, sem höfðu verið sett í fyllsta samræmi við alþjóðalög og rétt, breyta þessum lögum í samræmi við hagsmuni brezka útgerðarauðvaldsins, sem hafði eindreginn stuðning hins brezka ríkisvalds, og það sendi síðar, þegar tilraun til að svelta Íslendinga til hlýðni bar ekki árangur, herflota sinn til Íslands til þess að kúga Íslendinga til að breyta lögum sínum um landhelgi Íslands. Þetta tókst fyrir aumingjaskap íslenzkra ráðamanna — og þar með talinn hæstv. viðskmrh. En hæstv. ráðh. er til einskis að tala hér fjálglega um þann háska, sem íslenzkri menningu sé búinn vegna þess, að öll viðskipta- og menningartengsl Íslands við Vestur-Evrópuþjóðir kunni að rofna með öllu og Íslendingar standa uppi einangraðir, sviptir öllu sambandi við þjóðir Vestur-Evrópu, ef Íslendingar gangi ekki inn í Efnahagsbandalag Evrópu annaðhvort sem fullir aðilar eða aukaaðilar. Hæstv. ráðh. veit vel, að þessi háski er ekki til. Hann veit vel, að hér á landi eru engir menn, sem vinna að því, að þetta verði. Sjálfur sver hann og sárt við leggur, að hann vilji halda sem allra mest hinum hagkvæmu viðskiptum okkar við Austur-Evrópulönd og vilji m. a. vinna það til að halda einhverjum höftum á innflutningi frá Vestur-Evrópu, og til eru menn, sem eru honum sammála um þetta, og það margir. En hæstv. ráðh. veit það líka vel, að Íslendingar eru ekki líklegir til þess að gleyma fljótlega þeim kúgunartilraunum, sem þeir hafa orðið fyrir bæði af hálfu brezks útgerðarauðvalds og brezka ríkisvaldsins sjálfs.

Íslendingar munu gera sér ljóst, að eini háskinn, sem yfir þeim getur vofað á næstu árum í viðskiptalegum efnum, er sá, að brezkt útgerðarauðvald og sams konar auðhringar í löndum Efnahagsbandalags Evrópu kynnu að fá aðstöðu til þess að sölsa undir sig auðlindir Íslands, eins og við vitum, að þeim leikur hugur á. En ég trúi því, að Íslendingar verði á verði um þetta og að þessi öfl komi ekki fram vilja sínum hér á Íslandi á næstu árum, t. d. vegna einhverra samninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Hæstv. ráðh. hefur játað í þessari löngu ræðu sinni, að eins og málin standi í dag sé Íslendingum engin nauðsyn á því að gera svo mikið sem aukaaðildarsamning að Efnahagsbandalagi Evrópu. Það er auðvitað auðvelt að sýna fram á það, að sú aukaaðild, sem hæstv. ráðh. talar svo mjög um og mælir svo mjög með, er jafnháskaleg fyrir þjóð eins og Íslendinga eins og full aðild. Í þessu sambandi mætti t. d. vitna í orð utanrrh. Norðmanna, Halvards Lange, sem í dag er að hefja viðræður fyrir hönd Norðmanna í Brüssel. Hann lýsti því yfir í Stórþinginu norska, að það væri sín skoðun, að aukaaðild væri háskalegri en full aðild fyrir Norðmenn og verri kostur á allan hátt. En hæstv. viðskmrh. hefur nú einnig játað í sinni ræðu áðan, að það sé til önnur leið fyrir Íslendinga en aukaaðildarleiðin, þ. e. a. s. venjulegir viðskiptasamningar Íslands við Efnahagsbandalagið.

Ríkisstj. hefur lýst yfir, að það sé algerlega ótímabært að taka nokkra ákvörðun í þessu máli. Með þessari ákvörðun hæstv. ríkisstj., sem ég út af fyrir sig fagna, eins og ég áðan sagði, gefst Íslendingum svigrúm til þess að hugsa sitt ráð, kynna sér eðli og uppbyggingu og hagkerfi Efnahagsbandalagsins og þau áhrif, sem það mundi hafa á sjálfsforræði Íslands og sjálfstæði að ganga inn í þetta bandalag.

Ég hafði hugsað mér að taka nokkuð til meðferðar hér sérstaklega þær blekkingar allar, sem hafa verið hafðar í frammi af ýmsum háttsettum fylgismönnum hæstv. ríkisstj., sem hafa gerzt háværastir áróðursmenn fyrir því, að Íslendingar létu það ekki dragast að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu. En tímans vegna vil ég ekki fara út í þetta nú. Til þess gefst ef til vill tilefni síðar í þessum umr., sem ég geri ráð fyrir að nokkurt framhald verði á.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Áður en ég minnist á þau afskipti, sem við framsóknarmenn höfum haft af efnahagsbandalagsmálinu, vil ég fara örfáum orðum almennt um málið, ef verða mætti til að skýra okkar viðhorf.

Ekki verður betur séð en stefnt sé að því, að Efnahagsbandalagið verði bandaríki á meginlandi Evrópu. Rómarsáttmálinn sjálfur er á því byggður, að þjóðir bandalagsins gangi undir sameiginlega stjórn, sem nær í raun réttri til meginþátta efnahagsmála, atvinnumála og viðskiptamála. Enn fremur á því, að þjóðirnar opni auðlindir sínar til lands og sjávar hver fyrir annarri og allir hafi sama rétt í öllum löndunum til að notfæra sér þær. Atvinnurekstur megi allir þegnar þessara landa setja upp að vild í hverju landanna sem er og hafi einnig jafnrétti alls staðar til að leita sér atvinnu. Það er því ljóst og ekki um deilt, að þær þjóðir, sem í bandalagið ganga, afsala sér sjálfstjórn á ýmsum veigamestu þáttum í þjóðarbúskap sínum.

Annað mál er svo það, af hverju þjóðir í Vestur-Evrópu gera þetta. Út í það fer ég lítið. En þungt mun sennilega á metunum að freista

þess að steypa saman þjóðum meginlandsins, sem illa hefur gengið að halda friðnum innbyrðis, svo að það sé hógværlega orðað.

Líklegt þykir mér einnig, að þessi stórbylting hafi reynzt framkvæmanleg m. a. vegna þess, hve atvinnukerfi þessara landa hafa í ýmsu tilliti samtvinnazt áður með samstarfi ýmissa stórfyrirtækja margra landa í þýðingarmiklum greinum. Enn fremur hefur það greitt fyrir, á hve líku stigi flest af sexveldunum eru í atvinnulegu tilliti og að ekkert landanna á öðru fremur ónotaðar náttúruauðlindir í stórum stíl.

En hvað um það, Efnahagsbandalag Evrópu er orðið staðreynd, sem smáþjóðir og einnig dvergþjóð eins og við þarf að taka afstöðu til. Þarf þó margt að íhuga, og verður fæst af því nefnt af mér í þessari stuttu ræðu.

Íslendingar eru ein fámennasta þjóð heimsins, 180 þúsundir, ef ekki sú fámennasta, en eiga gott og gjöfult land. Þjóðin hefur nýlega heimt sjálfsforræði sitt til baka eftir aldalanga kúgun og erlend yfirráð, sem höfðu nær riðið þjóðinni að fullu. Íslenzka þjóðin er ekki fjölmennari en lítil borg eða bær eða byggðarlag í þeim löndum, sem eru í Efnahagsbandalaginu. En þessar fáu sálir hér hafa vafalaust meira umleikis en nokkrar aðrar jafnfáar á jörðinni. Ég held, að það sé ekki of mikið sagt.

Síðan Íslendingar fengu aðstöðu á ný til að ráða málum sínum sjálfir, hefur þjóðin rifið sig upp efnalega og menningarlega. Rétt er að gera sér þess fulla grein, að velmegun og uppbygging Íslendinga byggist fyrst og fremst, að öllu öðru ólöstuðu, á auðugustu fiskimiðum heimsins umhverfis landið, í landhelginni og utan hennar, og ekki síður á aðstöðunni í landi til að verka sjávaraflann. Og þjóðarbúskapur okkar hefur mikið grundvallazt á því, að þessa aðstöðu höfum við notað fyrir okkur eina.

Það mundi ekki lengi verða að koma upp í talsverðan tollamismun á fiski, ef Íslendingar afsöluðu sér þessari sérstöðu og hleyptu útlendingum að til að notfæra sér aðstöðuna hér til fiskiðnaðar og fiskveiða, svo að bara sé minnzt á sjávarútveginn, en ekki vikið að öðrum auðlindum landsins.

Það á ekki að koma til mála, að örsmá þjóð eins og við Íslendingar gangi undir samstjórn á veigamiklum þáttum efnahags-, atvinnu- og viðskiptamála með háþróuðum iðnaðarstórveldum Evrópu. Það jafngilti því að afsala sér alveg yfirráðum í þeim málum, sem samstjórnin fjallaði um, því að augljóst er, að Íslendingar gætu alls engin áhrif haft í stjórn þessa tröllaukna bandalags. Öðru máli gegnir með stórveldin, sem í bandalagið ganga, því að sum ganga þau í bandalagið beinlínis með það fyrir augum að geta ráðið í bandalaginu.

Jafnrétti útlendinga við okkur hér í atvinnurekstrar- og atvinnumálum gæti hæglega leitt til þess og mundi vafalaust leiða til þess, að Íslendingar misstu, áður en nokkur vissi hvaðan á sig stæði veðrið, gersamlega tökin á atvinnu-, viðskipta- og félagsmálalífi landsins. Í þessu sambandi nægir að minna á, að í þeim löndum, sem mynda Efnahagsbandalagið, úir og grúir af fyrirtækjum, sem hvert um sig hefur meiri veltu en nemur allri þjóðarframleiðslu Íslendinga. Þar fyrir utan koma svo margvísleg tengsl á milli slíkra fyrirtækja, svo að úr verða hrein stórveldi.

Í atvinnurekstrar- og atvinnumálum getur því aldrei orðið um neitt raunverulega gagnkvæmt að ræða milli Íslendinga og annarra þjóða. Það sama á raunar við um fjölmargt annað en þessi réttindi, því að Íslendingar hafa í grundvallaratriðum sérstöðu meðal þjóða heimsins, jafnvel hinar smæstu aðrar eru ekki á nokkurn hátt sambærilegar við okkur vegna stærðarmunar og aðstöðumunar á margvíslegan hátt.

En hver er þá vandinn, sem Íslendingum ber að höndum við stofnun Efnahagsbandalagsins og þó einkum stækkun þess, ef t. d. Bretar og Norðmenn ganga í bandalagið? Sannleikurinn er sá, að það vitum við ekki enn þá alveg til fulls, hver sá vandi er eða verður. En eins og horft hefur, lítur út fyrir, að Efnahagsbandalagið muni hafa talsvert háa ytri tolla, og ef það yrði áfram og fleiri lönd bættust í hópinn, t. d. Bretar og Norðmenn, gæti það orðið okkur erfitt, því að þau lönd, sem þá yrðu í bandalaginu, hafa verið meðal okkar beztu viðskiptalanda og eru í hópi þeirra, sem eðlilegast er fyrir okkur að skipta við, vegna legu þeirra og annarra aðstæðna. Við þurfum því að reyna að finna leiðir til þess, að viðskiptatengsl okkar og menningartengsl við þessi lönd rofni ekki, enda þótt þessi ríki stofni nýtt bandalag, ríkjasamsteypu, jafnvel bandaríki, sem við getum ekki gengið í. Því verður að treysta, að þessu verði unnt að ná með sérsamningum um tolla- og viðskiptamál. Hin leiðin, að taka upp samninga um aðild með svo og svo miklum undanþágum frá Rómarsamningnum, yrði alveg ófær.

Þessi hugsanagangur, sem ég nú hef aðeins lauslega rakið, hefur, frá því að fyrst var farið að íhuga þessi mál, gert okkur framsóknarmenn að talsmönnum þess að bíða átekta í því trausti, að jarðvegur verði fyrir lausn á þessum grundvelli, — á þeim grundvelli að ganga ekki í bandalagið, en ná við það viðunandi samningum um tolla- og viðskiptamál.

Fyrir rúmu ári, í ágústmánuði 1961, fóru að berast fréttir um, að verið væri að athuga afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins á vegum ríkisstj., og upplýst, að ýmsum félagssamtökum hefði verið gefinn frestur að tilteknum degi í ágúst í fyrra til að segja til um, hvort þau vildu, að Ísland sækti um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Þegar þessi tíðindi bárust, varð okkur satt að segja ekki um sel, og sneri Framsfl. sér til ríkisstj. og óskaði eftir því, að fulltrúar frá flokknum fengju aðstöðu til að fylgjast með því, sem unnið væri að athugun málsins. Var á það fallizt, að við skyldum fá frá stjórninni upplýsingar hennar um það, sem gerðist, og

tveimur af ráðh. ríkisstj. falið að hafa samband við okkur Hermann Jónasson, en við vorum til þessara samtala kjörnir af Framsfl. hendi.

Í samræmi við þann hugsunarhátt, sem að framan er lýst, höfum við lagt höfuðáherzluna á, að öllu þessu máli yrði gersamlega frestað og beðið átekta. Enn fremur höfum við lagt til, að umr. við erlenda aðila um hugsanlegar leiðir í málefnum Íslands og Efnahagsbandalagsins færu þar af leiðandi ekki fram, þar sem slíkt væri ekki tímabært. Um þessa málsmeðferð hefur á hinn bóginn ekki náðst samkomulag við hæstv. ríkisstj., eins og fram kom af skýrslu viðskmrh. Rök okkar fyrir algerri frestun og bið í þessu máli eru og hafa verið í aðalatriðum þessi:

Enginn veit enn, hvernig fer um samninga þeirra landa við Efnahagsbandalagið, sem nú hafa sótt um aðild, og því ekki vitað, hve víðtækt bandalagið verður.

Þá er það um tollmúrana og tollverndina. Hæstv. viðskmrh. dró hér að vísu áðan upp fremur ljóta mynd af nýrri þjóðasamsteypu í Vestur-Evrópu, sem girti sig háum tollmúrum og beitti höftum og öðrum viðskiptatálmunum, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Stingur þetta illa í stúf við það, sem haft hefur verið á oddinum, að einmitt þessar þjóðir og aðrar fleiri stefndu að frjálsum viðskiptum, og sterk öfl vinna raunverulega að því, að svo verði. Óvíst er því, hve mikla tollvernd Efnahagsbandalagið muni veita þeim þjóðum, sem í því verða. Stefnt er að samningum Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagsins, eins og hæstv. viðskmrh. raunar raunar gat um, um tollalækkun og frjáls viðskipti, og allt stefnir að lækkun tolla og frjálsari viðskiptum þjóða í milli, en ekki auknum verndartollum og höftum. Sú almenna tilhneiging gengur í frelsisáttina, í þá átt að eyða tollum, og ég trúi því ekki, að útflutningsvörur Íslendinga verði þær einu, sem eftir verða skildar að lokum.

Óvíst er, hvaða breytingar verða á bandalaginu, ef Bretar ganga í það, og þá hvaða samningar verða gerðir um sérmál samveldislandanna.

Óhugsandi virðist annað en bandalagið muni gera viðskipta- og tollasamninga við ýmis lönd, ekki síst ef ytri tollar þess verða háir, því að engin ástæða er til þess að ímynda sér, að ætlunin sé að hrekja öll þau lönd úr viðskiptatengslum við bandalagið, við Vestur-Evrópu, sem geta ekki gerzt aðilar þar á meðal t. d. ýmis þau lönd, sem hafa sótt um samninga við bandalagið, eins og Ísrael o. fl., en ekki sótt um neins konar aðild. Það hljóta því að verða ýmsir samningar gerðir, sem geta orðið stuðningur við okkar málstað. Bandalagið á vafalaust eftir að gera mikið til, að ýmis lönd, sem ekki geta gengið í það, slitni ekki úr viðskiptatengslum. Samningar af þessu tagi geta tæpast orðið gerðir eða komið alvarlega til álita eða meðferðar, meðan forráðamenn bandalagsins og þjóða þess eru önnum kafnir við að fjalla um málefni þeirra þjóða, sem sótt hafa um aðild að Efnahagsbandalaginu, annaðhvort það, sem kölluð er full aðild, eða aukaaðild. Möguleikarnir til að ná þess háttar samningum við bandalagið geta því alls ekki orðið kannaðir, hvað þá meir, eins og nú standa sakir, né dæmdar líkur um þá á nokkurn hátt.

Þessar ástæður hafa m. a. verið grundvöllur þess, að við höfum talið, að það ætti að bíða átekta, og erum einnig þeirrar skoðunar, að viðræður þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur efnt til, hefðu átt að bíða.

Málstað Íslands er ekki hægt að skýra, nema búið sé að ákveða, eftir hverju á að sækjast fyrir Ísland í viðskiptum og samskiptum við bandalagið. Sé það ekki ljóst, eftir hverju menn eru að sækjast, hvert menn stefna sjálfir, snúast slíkar viðræður upp í spurningar um, hvaða leiðir hinir erlendu aðilar sjái í málefnum Íslands og bandalagsins. Er þá áður en varir farið að ræða um leiðir, en þá á þann hátt, sem líklegastur er til þess, að hinir erlendu aðilar móti hugsanagang beggja aðila.

Hætta er á því, að í slíkum viðræðum mótist ótímabærar hugmyndir á báða bóga, sem valdið geta miklum erfiðleikum og misskilningi síðar, þegar tímabært er fyrir Íslendinga að taka upp samninga um það, sem þeir sækjast eftir. Á þetta höfum við lagt áherzlu frá fyrstu tíð, að við fórum að hafa hin minnstu afskipti af þessu máli. Við höfum því verið og erum mótfallnir umr. við einstakar ríkisstjórnir og forráðamenn Efnahagsbandalagsins um leiðir í málefnum Íslands og bandalagsins, fyrr en Íslendingar hafa gert upp við sig, hverju þeir vilja ná í samningum við bandalagið. Þetta teljum við mjög þýðingarmikið, því að aldrei fæst úr því skorið, hverju hægt er að ná, nema þannig sé farið að. Lausleg samtöl um það, hvað hægt sé eða ekki hægt, geta enga hugmynd gefið um, hvernig endanlega verði mögulegt að leysa þessi mál.

Ýmislegt af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér, sýnir glöggt, að því er mér virðist, að í þessu höfum við haft rétt fyrir okkur. Ráðh. kvaðst gera grein fyrir því, hvernig tengsl Íslands við Efnahagsbandalagið gætu hugsanlega orðið. Fljótt kom í ljós á hinn bóginn, sem vitað er, að þetta er ekki mögulegt á grundvelli þeirra samtala, sem fram hafa farið, og alls ekki tímabært eða unnt að kryfja hina þýðingarmestu málaflokka í því sambandi til mergjar. Varð ráðh. að fylla mál sitt fyrirvörum í þessu sambandi. Þegar kom t. d. að tollasamningsleiðinni, gerði ráðh. ótal ágizkanir með fororðunum: hugsanlegt, sennilegt, ef svo færi o. s. frv., um hin þýðingarmestu atriði. Sama var í raun og veru að segja að nokkru leyti um aukaaðildarleiðina svokölluðu.

En illa þekki ég til, ef þessar ágizkanir ráðh. með fyrirvörunum, t. d. um, hverju ekki muni vera hægt að ná með tollasamningum, sem enginn getur neitt um sagt og réttast hefði verið að segja ekkert um, — illa þekki ég til, ef þær verða ekki, þessar ágizkanir, mjög notaðar fyrirvaralaust af þeim, sem vilja koma

Íslandi inn í þjóðasamsteypuna í Vestur-Evrópu.

Eitthvað er um það rætt, að Íslendingar geti fengið að senda greinargerð um afstöðu sína í sjávarútvegsmálum á fund bandalagsins um þau efni. Komi það til, verður að vera tryggt, að á slíkan fund sé ekki farið með né þangað sent annað erindi um sjávarútvegsmál Íslendinga en samræmist stefnu Alþingis eða m. ö. o. íslenzkri löggjöf um fiskveiðar, fiskverkun, fiskveiðilandhelgi og önnur málefni sjávarútvegsins, og að sýnt sé fram á, hvílík höfuðnauðsyn Íslendingum er að halda þeirri stefnu í sjávarútvegsmálum, sem við höfum haft.

Sú skoðun okkar framsóknarmanna, að Ísland geti ekki gengið í Efnahagsbandalag Evrópu, eins og ég sagði áðan, — ekki af því, að Ísland eigi ekki samleið með vestrænum lýðræðisþjóðum, og ég á þá ekki bara við þjóðir Vestur-Evrópu, heldur engu síður við lýðræðisþjóðir Norður-Ameríku, heldur af því, að það samrýmist ekki sjálfstæðri tilveru svo fámennrar þjóðar að sameinast stórþjóðum í Efnahagsbandalagi, sem flest bendir til að eigi að verða að ríki, — bandalagi, sem nú þegar byggist á því, að gengið sé undir samstjórn í meginþáttum efnahags-, viðskipta- og atvinnumála og hundruðum milljóna manna með ótakmörkuð fjárráð veittur aðgangur að lands- og sjávargæðum landanna.

Ísland getur ekki gengið undir samstjórn þessara þjóða í einu eða öðru formi eða veitt slík réttindi. Það verður að vera á valdi Íslendinga sjálfra, hvort og með hvaða skilyrðum erlendum aðilum er leyft að reka atvinnu, eiga eignir eða leita sér atvinnu á Íslandi, og má gjarnan nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því, að hvað sem Efnahagsbandalaginu líður, ber brýna nauðsyn til þess að setja skýrari og strangari reglur um rétt útlendinga í þessum efnum en nú eru í lögum.

Hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu sinni, að misskilningur væri, að við þyrftum að geta haldið frá landinu erlendu fjármagni og vinnuafli, og óraunhæft, að tengsl við Efnahagsbandalagið mundu leiða til ásóknar erlendra aðila til að reka hér atvinnufyrirtæki. Um þetta er ég á allt annarri skoðun, eins og fram hefur komið í því, sem ég hef sagt, og hér er sýnilega um grundvallarskoðanamun að ræða. Það er lífsnauðsyn, að þessi mál séu á okkar valdi, og geigvænleg hætta, ef svo er ekki.

Ég hef ekki talað hér um fulla aðild og aukaaðild, enda vitum við ekki, hver munur verður á þessu tvennu. Ég hef á hinn bóginn rætt, hvort fært er fyrir Íslendinga að ganga í bandalagið, og lýst þeirri skoðun, að það sé ófært. Í 238. gr. Rómarsáttmálans, sem gerir ráð fyrir sérsamningum, sem menn eiga víst við, þegar talað er um aukaaðild, sést ekki, hvað við er átt með aukaaðild. Það eina, sem mér vitanlega liggur fyrir af þessu tagi, er samningurinn við Grikki.

Frá sjónarmiði okkar Íslendinga sýnist mér ekki hægt að gera mun á grískа samningnum og inngöngu í bandalagið. Hann er beinn vegur inn í bandalagið, og þangað ætla Grikkir.

Stundum hefur verið sagt, að aukaaðild gæti þýtt allt frá 1% upp í 99% af skuldbindingum Rómarsamningsins. Hæstv. viðskmrh. talaði einnig um, að í aukaaðild gæti kannske verið mikið eða lítið eftir atvikum. Þetta er því eitthvað á reiki. En það eina, sem við þekkjum, er Grikklandssamningurinn, sem jafngildir alveg inngöngu í bandalagið.

Svo heyrum við einnig, að hæstv. ráðh. fór ekki dult með, að aukaaðild mundu m. a. fylgja atvinnurekstrarréttindi útlendingum til handa eða samningar um þau viðkvæmu mál. Getur það varla verið eða má vera nokkurt feimnismál, að þar er í fremstu röð, þótt fleira komi til, um að tefla fiskiðnaðinn íslenzka og aðstöðuna til, að útlendingar notfæri sér landið við fiskveiðar. En ég hef áður drepið á þýðingu þeirra mála.

Þá var ljóst af máli hæstv. ráðh., að hann taldi, að aukaaðild jafngilti þátttöku í bandalaginu, því að tollasamningar þyddu það að vera utan við, sagði hæstv. ráðh.

Ég tel, að markmið Íslendinga eigi að vera samningar um tolla- og viðskiptamál án annarra tengsla við bandalagið. Ég trúi því, að við náum hagkvæmum samningum á þessum grundvelli við þær þjóðir sem að bandalaginu standa og eru okkur sérstaklega vinveittar og hafa allra þjóða bezta aðstöðu til að skilja okkar afstöðu og sérstöðu, til að skilja baráttu 180 þúsund manna, sem vilja halda uppi sjálfstæðu ríki, þótt lítið sé, og telja sig hafa til þess fullan rétt, sögulegan og menningarlegan, og telja sig engum trúa um tær, þótt þeir haldi yfirráðum yfir lands- og sjávargæðum sínum, sem sjálfstæð tilvera þjóðarinnar byggist á.

Ég vil ekki gera ráð fyrir því, að ætlunin sé að loka Vestur-Evrópulöndunum fyrir okkur með háum tollmúrum, þótt við getum ekki allra aðstæðna vegna gengið í Efnahagsbandalagið, enda heyrði ég, að hæstv. ráðh. gerði í sínu máli einmitt ráð fyrir þeirri leið að semja um tolla- og viðskiptamál við Efnahagsbandalagið, og taldi hana aðra þeirra leiða, sem til greina kæmu.

Ég vil líka benda á, að ef Norðmenn og Bretar fara inn í Efnahagsbandalagið, þá yrði verndartollum og innflutningshöftum á fiski í Vestur-Evrópu eingöngu haldið uppi til þess að útiloka íslenzkan fisk, og ég vil ekki trúa því, að slíkt geti komið til greina. Ég vil ekki trúa því, að þjóðir Vestur-Evrópu muni halda uppi þeirri tollapólitík og höftum á fiski eingöngu til að loka markaði sínum fyrir íslenzka fiskinum. Og ég tel, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., að einmitt þessi aðstaða verði okkur mjög þýðingarmikil í samningunum, þegar þar að kemur.

Að lokum vil ég svo aðeins segja um meðferð málsins og leggja áherzlu á, að nú verði ákveðið að bíða átekta, eins og hæstv. ríkisstj. hefur raunverulega lýst yfir, og vona ég, að

það verði þá raunverulega beðið átekta. Ég legg áherzlu á, að það þýði, að viðræður um leiðir í málefnum Íslands og bandalagsins verði stöðvaðar og ekki látnar fara fram, fyrr en ríkisstj. og Alþingi hafa gert upp við sig, eftir hverju Ísland ætlar að sækjast í samningum við bandalagið, enn fremur, að ekki verði frá slíkum samningstillögum gengið af Íslands hálfu, fyrr en skýrzt hefur, hvernig fer um samninga þá, sem ýmsar þjóðir austan hafs og vestan hyggjast gera við bandalagið nú í náinni framtíð. Loks legg ég áherzlu á, að engar greinargerðir um stefnu Íslands í sjávarútvegsmálum verði sendar á ráðstefnur erlendis, munnlegar né skriflegar, nema í samráði við Alþingi.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 14. nóv., var umr. um skýrsluna fram haldið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur skýrt þetta mikla mál svo vel frá öllum hliðum, að ég þarf í rauninni litlu eða engu þar við að bæta. Mér hefur þótt rétt að skýra frá því, að innan ríkisstj. hefur enginn ágreiningur verið, hvorki um efnishlið málsins né um málsmeðferðina, enda þótt menn kunni að vera mismunandi bjartsýnir á, hverra kosta við Íslendingar kunnum að eiga völ, þegar þar að kemur.

Ég get ekki neitað því, að allt frá því að mér fyrst bárust fréttirnar um stofnun Efnahagsbandalagsins og myndun fríverzlunarsvæðisins, hef ég óttazt, að nýr og mikill vandi yrði af þeim sökum færður að dyrum okkar Íslendinga. Og ég tel, að sú þróun málsins, að samræmi verði á milli Efnahagsbandalagsins og sjöveldanna svonefndu að mestu eða öllu leyti, greiði ekki götu íslenzkra hagsmuna. Fari svo, að allar þær Vestur-Evrópuþjóðir, sem Íslendingar eiga mest viðskipti við, þjóðir, sem við á s. l. ári seldum meira en 3/5 hluta allra útflutningsafurða okkar, girði sig háum tollmúrum, er Íslendingum ekki vænlegt að standa utan garðs og að heldur fyrir það, að innan veggja eru þá ekki einvörðungu flestar beztu viðskiptaþjóðir okkar, heldur og allar aðalfiskframleiðsluþjóðir Vestur-Evrópu, að Íslendingum einum undanskildum. Verður þá samkeppnisaðstaða okkar við þær mjög örðug, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, og hætt við, að þessar þjóðir auki þá fiskframleiðslu sína svo mikið, að lítil eða engin þörf verði fyrir íslenzkan fisk í þessum löndum.

Ég þarf ekki að fjölyrða um, hvað af þessu mundi leiða. Allir hljóta að skilja, að þótt lítið væri á fjárhaginn einan, er okkur mikil nauðsyn á að komast inn fyrir þennan múr, og hníga þó að því fleiri og ekki síður mikilvæg rök, svo sem fram kom í ræðu hæstv. viðskmrh. og ég skal ekki endurtaka hér.

Þetta viðhorf hefur lengi blasað við núv. ríkisstj. og í æ skýrara ljósi. Við gerðum okkur strax í öndverðu ljóst, að okkur bar skylda til í fyrsta lagi að kynna okkur þetta flókna vandamál frá öllum hliðum, til þess þannig að geta myndað okkur sem gleggsta skoðun á því, hver áhrif þess yrðu á íslenzka hagsmuni. Í öðru lagi að kynna öllum helztu valdamönnum Efnahagsbandalagsins málstað okkar, til þess með því að freista þess að skapa samúð með okkur og girða fyrir, að teknar yrðu ákvarðanir, sem á síðara stigi málsins yrðu þess valdandi, að ekki reyndist auðið að taka fullt tillit til sérstöðu Íslands í þessum efnum. Og loks í þriðja lagi að binda ekki hendur okkar, fyrr en Alþingi hefði fjallað um málið, þegar að því kemur, að Íslendingar þurfa að ákveða sig, en það er að dómi stjórnarinnar vart fyrr en búið er að ganga frá samningum við þær Evrópuþjóðir, sem nú hafa sótt um aðild eða aukaaðild að bandalaginu.

Þessi boðorð höfum við haft að leiðarljósi í allri meðferð málsins. Við höfum kynnt okkur ákvarðanir og skoðanir valdhafa bandalagsins, við höfum kynnt þeim þarfir og vandkvæði okkar Íslendinga, og við höfum forðazt að binda hendur þjóðarinnar beint eða óbeint. Hygg ég, að allir, sem vilja samstarf við vestrænar þjóðir, muni að lokum viðurkenna og fagna því, að með þessu höfum við gert það, sem í okkar valdi hefur staðið til að tryggja hagsmuni Íslands. Hitt er eðlilegt, að þeir, sem vilja rjúfa þau bönd, amist við öllu, sem gert er til að reyna að styrkja þau.

Við ráðh. Sjálfstfl. í ríkisstj. erum, eins og ég raunar þegar er búinn að taka fram, sammála þeim sjónarmiðum, sem fram komu í ræðu hæstv. viðskmrh. Við teljum Íslendingum brýna nauðsyn að ná hagkvæmum tengslum við Efnahagsbandalagið, en gerum okkur, eins og öll ríkistj., fulla grein fyrir því, að geta okkar til að greiða inngangseyrinn er mjög takmörkuð. Verður í þeim efnum fyrst og fremst að treysta á samúð ráðamanna Efnahagsbandalagsins og skilninginn á því, að mörg þau höfuðskilyrði, sem bandalagið setur meðlimum sínum, færa margfalt meiri hættu yfir Íslendinga en þjóðir bandalagsins, og það svo, að sumt, sem öðrum er léttbært, getur reynzt banvænt íslenzkum hagsmunum og jafnvel þjóðarfrelsinu sjálfu. Verðum við að byggja vonir okkar á því, að vinaþjóðir okkar skilji sérstöðu okkar og geri sér einnig grein fyrir því, hvaða áhrif það hefur, ef Ísland verður skilið eftir utan dyra.

Í ræðum hv. stjórnarandstæðinga gætir nokkurs misskilnings, sem ég þó leiði hjá mér að svara, vegna þess að hæstv. viðskmrh. mun gera það nú, þegar ég lýk máli mínu, en til hans beindu hv. ræðumenn fsp. sínum. Ég leiði einnig hjá mér að benda á veilurnar í málflutningi andstæðinganna, sem sumar hverjar eru þó býsna furðulegar, vegna þess að ég tel farsælast að forðast eftir föngum heitar deilur um þetta mikla mál, sem þjóðin á svo mikið undir, að farsællega leysist.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Áður en umr. þessar halda áfram og þeim er drepið meir á dreif, tel ég rétt að víkja að fáeinum atriðum, sem fram komu í ræðum

málsvara stjórnarandstöðuflokkanna, þeirra hv. 5. þm. Reykn. (FRV) og hv. 1. þm. Austf. (EystJ), sem töluðu að lokinni skýrslu minni í fyrradag. En áður en ég geri það, tel ég rétt að vekja athygli á því og undirstrika það, að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi virðast vera á einu máli um, að eins og nú standa sakir beri Íslendingum að bíða átekta í efnahagsbandalagsmálinu. Þeir virðast allir vera á einu máli um, að enn sé þróun mála í Vestur-Evrópu ekki komin á það stig, að unnt sé fyrir Íslendinga að gera upp hug sinn í þessu máli, og að enn skorti ýmsar þær upplýsingar, sem til þess séu nauðsynlegar. Þess vegna sé ekki kominn tími til ákvarðana. Það er út af fyrir sig mikilvægt, að þessi samstaða skuli vera fyrir hendi, og rétt að vekja sérstaka athygli á henni.

Ríkisstj. telur þegar nægilega vitneskju vera fyrir hendi um, hverjar skuldbindingar fylgja fullri aðild, til þess að unnt sé að lýsa því yfir, að hún komi ekki til greina fyrir Íslendinga. Um þetta virðast stjórnarandstöðuflokkarnir báðir vera ríkisstj. sammála. Hins vegar telur ríkisstj., að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um, hvað falizt geti í aukaaðild eða hvaða árangri kynni að vera hægt að ná með tollasamningi, til þess að unnt sé að velja á milli þessara leiða. Formælendur stjórnarandstöðuflokkanna tveggja hafa lýst sig sammála ríkisstj. um, að nauðsynlegt sé að bíða átekta, til þess að málið skýrist, en það sé enn þá margt á huldu í þessum efnum. Engu að síður hika þeir ekki við að taka afstöðu gegn annarri þessara leiða, aukaaðildarleiðinni, og lýsa því báðir yfir, að þeir og þá væntanlega flokkar þeirra séu andvígir henni, en fylgjandi tollasamningi við Efnahagsbandalagið.

Ég hlýt að benda á, að það er mikil mótsögn í þeirri staðhæfingu, að nauðsynlegt sé að bíða átekta, vegna þess að þróunin eigi eftir að skýra málin, og svo hins vegar að fullyrða, að ekkert komi til greina fyrir Íslendinga í þessu máli nema tollasamningar við Efnahagsbandalagið. Ég verð að segja, að mér kom mjög á óvart, hversu lík afstaða stjórnarandstöðuflokkanna tveggja, Framsfl. og Alþb., var að þessu leyti. Það kom að vísu greinilega fram í ræðu 5. þm. Reykn., að hann er á móti Efnahagsbandalaginu í sjálfu sér. Hann telur það skaðleg samtök. Ekkert slíkt kom fram í ræðu hv. 1. þm. Austf. Hann sagði að vísu ekki heldur, að hann teldi stofnun Efnahagsbandalagsins merkilegan atburð í viðskiptamálum og stjórnmálum Vestur-Evrópu.

Ég skal endurtaka það, sem ég sagði í skýrslunni, að ég tel stofnun og væntanlega stækkun Efnahagsbandalagsins vera heimssögulegan atburð, sem allir þeir hljóti að fagna, er láta sér annt um velgengni Evrópu og alls hins vestræna heims. Það dregur ekkert úr þýðingu þessa atburðar fyrir þróun Evrópu, þótt stofnun Efnahagsbandalagsins hafi óhagstæð áhrif fyrir einhver ríki utan Efnahagsbandalagsins, svo sem eiga mundi sér stað varðandi Ísland. Í því sambandi er það aðalatriðið, hvort vilji er fyrir hendi hjá Efnahagsbandalaginu og aðildarríkjum þess að eyða þessum óhagstæðu áhrifum. Viðræður þær, sem áttu sér stað á s. l. sumri og ég greindi frá í skýrslu minni, benda einmitt eindregið til þess, að svo sé. En stofnun Efnahagsbandalagsins er heimssögulegur atburður, bæði vegna þess, að með honum er efnahagsþróun í Vestur-Evrópu beint inn á nýjar brautir, sem allt bendir til að eigi eftir að efla framfarir og bæta lífskjör í álfunni, og ekki síður vegna hins, að innan Efnahagsbandalagsins hefur tekizt náið samstarf og náin vinátta milli þeirra tveggja stórþjóða á meginlandi Evrópu, sem þrívegis hafa háð grimmilegar styrjaldir sín á milli á s. l. 100 árum. Hvernig er hægt annað en telja það gleðitíðindi, er fornir fjendur hefja nána samvinnu? Hvernig er annað hægt en telja það til framfara, þegar tollar eru lækkaðir og viðskiptahöft afnumin, þannig að verkaskipting milli þjóða vex, framleiðsla eykst og lífskjör batna?

Ég geri þó fastlega ráð fyrir, að á milli Alþb. og Framsfl. sé grundvallarskoðanamunur á Efnahagsbandalaginu sjálfu, tilgangi þess og þýðingu. Mér kemur ekki á óvart, þótt Alþb. telji Efnahagsbandalagið skaðleg samtök. Það er í samræmi við grundvallarsjónarmið þess í utanríkismálum. Það er því ekki við öðru að búast en Alþb. óski þess, að Ísland hafi sem allra minnst saman við Efnahagsbandalagið að sælda. Ég vil hins vegar mega gera ráð fyrir hinu, að Framsfl. sé markmið og þýðing Efnahagsbandalagsins fullljóst og þá ekki síður þýðing þess, að Ísland rofni ekki úr tengslum við þá mikilvægu þróun í efnahagsmálum og þá samvinnu vestrænna ríkja, sem þarna er á ferðinni. En einmitt þess vegna kemur mér mjög á óvart, að afstaða Framsfl. í málinu sé jafnneikvæð og afstaða Alþb. Ég kalla það neikvæða afstöðu, þegar formaður þingflokks Framsfl. lýsir því hér yfir á hinu háa Alþingi, að flokkur hans sé og hafi verið algerlega andvígur öllum könnunarviðræðum íslenzkra stjórnarvalda við aðildarríki Efnahagsbandalagsins og framkvæmdastjórn þess, og þó einkum, er hann lýsir því yfir, að það eitt komi til greina, að Íslendingar leysi vanda sinn með tollasamningi við Efnahagsbandalagið, þ. e. að aukaaðild að Efnahagsbandalaginu sé útilokuð, þótt enginn geti nú vitað, á hvers konar aukaaðildarsamningi Íslendingar gætu átt kost né heldur til hvers konar tollasamnings Efnahagsbandalagið kann að vera reiðubúið.

Ríkisstj. hefur sagt það eitt, að hún telji Íslendinga ekki geta tekið á sig þær kvaðir, sem hún hefur fengið upplýsingar um að hljóti að fylgja fullri aðild. Öðrum leiðum vill ríkisstj. halda opnum. Alþb. vill ekkert samband við Efnahagsbandalagið, af því að það er á móti því, eðli þess og tilgangi. Framsfl. vill ekki heldur aðild að Efnahagsbandalaginu, hvorki fulla aðild né aukaaðild, eflaust ekki vegna þess, að hann sé á móti Efnahagsbandalaginu eins og Alþb., heldur vegna hins, að Framsfl. slær því föstu, að aukaaðild muni fylgja skuldbindingar, sem enginn veit, hvort þurfa að

fylgja slíkri aðild, og hann mælir með tollasamningi, án þess að geta vitað nokkuð um, hvort slíkur samningur gæti veitt Íslandi þau réttindi, sem því er brýn nauðsyn að öðlast. Ég harma það mjög, að Framsfl. skuli taka svo órökstudda afstöðu, — afstöðu, sem er í rauninni í algerri mótsögn við þá meginskoðun Framsfl. í málinu, að nauðsynlegt sé að bíða átekta vegna þess, hversu mörg atriði þess séu enn óljós.

Í ræðu hv. 5. þm. Reykn. er eitt atriði, sem ég tel nauðsynlegt að svara þegar í stað. Hann spurði, hver þau atriði væru, sem komið hefðu fram í viðræðum okkar fulltrúa ríkisstj. við ráðh. og embættismenn sexveldanna og framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins og ég teldi hafa þýðingu fyrir mat okkar á þeim leiðum, sem til greina koma. Hann kvað mig ekki hafa skýrt frá þessum atriðum og spurði, hvort þau væru leyndarmál. Hann sagði og, að í skýrslunni hefði ég í raun og veru ekki sagt meira en ég hefði skýrt frá í fréttaauka ríkisútvarpsins í sumar. Hér er um mikinn misskilning af hálfu hv. þm. að ræða. Í fréttaauka ríkisútvarpsins í sumar gerði ég enga tilraun til þess að ræða þær þrjár leiðir, sem til greina koma fyrir Íslendinga eins og aðrar þjóðir varðandi tengsl við Efnahagsbandalagið. Í skýrslu ríkisstj., sem ég flutti í fyrradag, eru þessar leiðir hins vegar ræddar allýtarlega. Það, sem þar er sagt um leiðirnar, er að sjálfsögðu byggt á þeim upplýsingum, sem fengust í viðræðunum. *Það, sem ég sagði í skýrslunni, að telja mætti víst, að fullnægjandi undanþágur fengjust ekki fyrir Íslendinga samfara fullri aðild, var að sjálfsögðu byggt á upplýsingum, sem fengust í viðræðunum.* Án viðræðnanna hefði því ríkisstj. ekki getað lýst því yfir sem endanlegri skoðun sinni, að hún teldi fulla aðild ekki koma til greina. Þegar ég staðhæfði, að undanþágur, er tækju tillit til þeirrar sérstöðu Íslands, sem ég lýsti, kæmu til greina samfara aukaaðild, var það að sjálfsögðu einnig byggt á upplýsingum, sem fengust í viðræðunum. Um hitt gat ég að sjálfsögðu ekki og get ekki fullyrt, hvort full réttindi, þ. e. fullkomið tollfrelsi og alger undanþága frá viðskiptahöftum muni fást, ef skyldur okkar yrðu mjög takmarkaðar. En undanþágur, sem samrýmast ekki fullri aðild, geta samrýmzt aukaaðild, og þessar undanþágur geta verið varanlegar, en þurfa ekki að vera takmarkaðar við ákveðið tímabil. Þetta vitum við nú, en hefðum ekki vitað án viðræðnanna. Þá vitum við og, að aukaaðildarsamningur getur ýmist verið á grundvelli tollabandalags eða fríverzlunarsvæðis, a. m. k. að einhverju leyti. Um hitt vitum við hins vegar ekki, hvaða áhrif hvort um sig hefði á skyldur þær, sem ákveðnar yrðu í aukaaðildarsamningi. Viðræðurnar leiddu einnig í ljós ýmsa vitneskju um mögulega tilhögun tollasamnings. Á grundvelli þeirra má nú telja, að nokkru meiri árangur gæti hugsanlega náðst á grundvelli slíks samnings en áður var ástæða til að ætla. Yfirleitt má segja, að vegna viðræðnanna sé nú ljósara en áður, hvaða leiðir komi til greina til lausnar vandamálum Íslendinga og hvað þessar leiðir feli í sér í stórum dráttum. Um það er hins vegar ekki vitað, hversu mikil réttindi og hversu miklar skyldur hver leið felur í sér. Um þetta var ekki rætt, enda var tilgangur viðræðnanna alls ekki að hefja neins konar samninga, heldur aðeins að skýra málstað okkar og kynnast sjónarmiðum gagnaðilans.

Ég skal víkja nokkru nánar að tollasamningsleiðinni, einkum vegna þess, sem fram kom af hálfu hv. 5. þm. Reykn., að ég hafi áður talið þessa leið alls ófæra. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Ég hef áður, t. d. á fundi Frjálsrar menningar um efnahagsbandalagsmálið, sem vitnað var til, lagt áherzlu á að leiðrétta þann mikla misskilning, sem komið hefur fram opinberlega hér á landi, að Íslendingar gætu átt kost á sérstökum tollasamningi við Efnahagsbandalagið, sem aðrar þjóðir en þær, sem í því eru, nytu ekki góðs af. Slíkur samningur er útilokaður, eins og ég veit að öllum hv. þm. muni nú vera ljóst. Allir samningar við Efnahagsbandalagið um tollalækkanir verða að vera á grundvelli alþjóðasamkomulagsins um tolla og viðskipti, og allar þjóðir, sem að því samkomulagi standa eða hafa beztukjaraákvæði í viðskiptasamningum sínum við aðildarríki Efnahagsbandalagsins, hljóta að verða sömu lækkana aðnjótandi. Það hefur hins vegar alltaf verið ljóst, að tollasamninga á grundvelli alþjóðatollamálasamkomulagsins var hægt að gera. Um það hefur aftur á móti verið ríkjandi mikil óvissa og er að sjálfsögðu enn, hversu miklu væri hægt að fá framgengt með slíkum samningi. Eins og tekið var fram í skýrslunni, eiga vonir þær, sem bundnar geta verið við hugsanlegan árangur af slíkum samningi, fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að verði aðrar fiskveiðiþjóðir Evrópu gengnar í bandalagið, þá muni ekki aðrar þjóðir í reynd njóta góðs af samningnum fyrst um sinn. En ástæða er til þess að leggja áherzlu á orðin „fyrst um sinn". Þær skoðanir eru nefnilega uppi í Vestur-Evrópu, að áður en langt um líður geti fiskveiðum Evrópu stafað mikil hætta af sjávarútvegi landa í Afríku og Suður-Ameríku, sem undanfarið hafa aukið fiskveiðar sínar gífurlega, auk þess sem hætta sé á samkeppni frá Japan og Kanada. Búast má við, að það hafi veruleg áhrif á skilyrði okkar til árangurs í tollasamningum, hvernig þessi atriði verða metin. Og það stendur óhaggað, sem ég sagði í skýrslunni, að sameiginlegur tollur Efnahagsbandalagsins verði mjög hár og jafnvel mikil lækkun hans mun skilja eftir allháan verndartollamúr fyrir fiskveiðar og fiskiðnað Efnahagsbandalagslandanna. Auk þess eru svo möguleikar okkar á að koma fram lækkun á sameiginlega tollinum eingöngu bundnir við sjávarafurðir.

Í tilefni af ummælum, sem féllu í fyrradag um störf ráðunauta ríkisstj. í þessu máli, tel ég rétt að taka eftirfarandi fram: Ríkisstj. hefur frá upphafi verið mjög annt um, að engin tækifæri gengu Íslendingum úr greipum í sam-

bandi við þróun þessa máls, en á því gat verið hætta vegna þess, hve þróunin var ör og tók snöggum breytingum. Þeir ráðunautar ríkisstj., sem höfðu það hlutverk með höndum að fylgjast með gangi málsins, hafa í þessu sambandi alltaf lagt mikla áherzlu á þýðingu viðræðna við Efnahagsbandalagsríkin og framkvæmdastjórn þess. Á hinn bóginn hafa þeir aldrei lagt til, að Ísland sækti um aðild eða aukaaðild að bandalaginu né yfirleitt mælt með nokkurri sérstakri lausn málsins.

Ég endurtek að síðustu, að ég tel mikilvægt, að það skuli þegar hafa komið fram í þessum umr., að allir flokkar Alþingis séu sammála um, að Íslendingum sé rétt að bíða átekta í máli þessu og að ekki sé enn tímabært að taka í því ákvarðanir. Ríkisstj. mun halda áfram að fylgjast sem bezt með öllu, sem gerist í þessum efnum. Hún mun skýra Alþingi frá því, sem hún telur vera sérlega mikilvægt. Það verður síðan að sjálfsögðu Alþingis að taka endanlega ákvörðun og marka stefnu Íslendinga í þessu stórmáli.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að láta það í ljós strax í tilefni af því, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. og hefur einnig komið fram hjá hæstv. viðskmrh., að ég hef annað álit á vestrænum þjóðum en þeir. Mér virðist í ummælum þeirra beggja hafa komið fram mjög mikil vantrú og vanmat á vestrænum þjóðum. Mér finnst, að þegar þeir eru að tala um vestrænar þjóðir, þá sé eins og þeir séu að draga upp fjandann sjálfan á vegginn og lýsa þeim þannig, að þær muni beita okkur ströngum tollmúrum, að þær muni einangra okkur frá öllum viðskiptum við sig, menningarlegum og efnahagslegum, nema við greiðum einhvern háan aðgöngueyri fyrir þetta, eins og hæstv. forsrh. komst að orði. Ég vil láta það koma skýrt fram, að ég álít, að samskipti okkar við vestrænar þjóðir á undanförnum árum og áratugum hafi ekki verið með þeim hætti, að það sé rétt að láta slíka skoðun koma fram. Ég vil fullyrða það, að vestrænar þjóðir hafa í langflestum tilfellum sýnt málum okkar fullan skilning og tekið tillit til sérstöðu okkar í langflestum greinum. Og ég vil trúa því, að það muni vestrænar þjóðir gera enn. Þess vegna er ég ekki haldinn neinum ugg og kvíða í sambandi við þetta mál, — í sambandi við þessa háu tollmúra eða í sambandi við þá einangrun, sem þessir ráðh. eru að tala um, að vestrænar þjóðir muni beita okkur, ef við greiðum ekki svo og svo háan aðgöngueyri fyrir samstarfið við þær. Ég trúi því fastlega, að samstarf okkar við vestrænar þjóðir muni halda áfram með líkum hætti og hingað til, að þær muni viðurkenna sérstöðu okkar og taka eðlilegt og réttlátt tillit til hagsmuna okkar, og þess vegna þurfi engu að kvíða í þeim samningum, sem fram undan eru við Efnahagsbandalagið, þegar þar að kemur, ef við aðeins sjálfir höldum rétt á málum og gætum okkar fyrir því hringavaldi, sem er í þessum löndum, að það hafi ekki aðstöðu til þess að komast inn í samningagerðina, eins og ég mun síðar víkja að. En ég hef sem sagt fulla trú á því, að okkur verði sýnd fullkomin tillitssemi af vestrænum þjóðum, þegar að þessum samningum kemur. Ég mótmæli því sérstaklega, að sú skoðun skuli koma fram hjá hæstv. ríkisstj., að við eigum að vantreysta vestrænum þjóðum í þessum efnum og þær muni sýna okkur skilningsleysi, þær muni beita okkur einhverju ráðríki eða kúgun, ef við greiðum ekki þennan og þennan aðgangseyri fyrir samstarfið við þær.

Ég vil svo þessu næst láta það koma fram, að viss atriði í ræðu hæstv. viðskmrh., sem hann hélt hér á þriðjudaginn, urðu mér nokkurt ánægjuefni, því að mér virtist það koma alveg ótvírætt fram þar, að hæstv. ríkisstj. hefur breytt verulega um stefnu í rétta átt, þó að ég áliti, að sú stefnubreyting þurfi að verða enn meiri. Það kom fram í skýrslu hæstv. ráðh., að ríkisstj. er orðin afhuga því að sækja um fulla aðild og að ríkisstj. vill nú ekki fara með sérstökum hraða í þessu máli, heldur bíða átekta. Þetta er mikil og ánægjuleg stefnubreyting, það sem hún nær. Það hefur vissulega ekki verið stefna hæstv. ríkisstj., að við ættum að vera afhuga fullri aðild og við ættum að fara með gát í þessu máli. Þess vegna sé ég sérstaka ástæðu til að fagna þessum yfirlýsingum hæstv. viðskmrh.

Mér finnst rétt af þessu tilefni að rifja það nokkuð upp, sem ég hef hér minnzt á, til frekari staðfestingar því, að hér hafi stefnubreyting átt sér stað hjá hæstv. ríkisstj. Ef við lítum til baka til seinasta árs, til s. l. sumars, og kynnum okkur það, sem þá var að finna í málgögnum hæstv. ríkisstj. um þessi mál, þá verður það fullkomlega ljóst, að þá var önnur stefna uppi. Í Morgunblaðinu 1. ágúst 1961 birtist forustugrein, þar sem rætt var um Efnahagsbandalagið og rakin nauðsyn þess, að við tækjum upp við það sem nánust tengsl. Í þessari grein segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessum efnum ber allt að sama brunni. Við mundum hafa geysimikinn hag af þátttöku í sameiginlega markaðinum."

Í næstu blöðum Morgunblaðsins er svo haldið áfram að ræða málið á þessa leið. 11. ágúst birtist önnur forustugrein í þessu blaði, þar sem það er rakið enn frekar, hvaða hag Íslendingar mundu hafa af því að tengjast Efnahagsbandalaginu, og að lokum komizt þannig að orði:

„Þess vegna verðum við Íslendingar að vinda að því bráðan bug að sækja um upptöku í sameiginlega markaðinn, svo að við frá upphafi getum gætt þar sérhagsmuna okkar."

Hér kemur sú stefna alveg skýrt fram, að við eigum þá þegar, — það var í ágústmánuði 1961, — að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið og meira að segja sækja um fulla aðild, því að annars getum við ekki haft aðstöðu til þess að gæta hagsmuna okkar sérstaklega innan sameiginlega markaðsins, en

það nafn var þá haft á Efnahagsbandalaginu. Í Morgunblaðinu 19. ágúst 1961 birtist svo enn forustugrein undir fyrirsögninni: „Verður sótt um inngöngu í Efnahagsbandalagið?“ Þar segir m. a. á þessa leið:

„Ástæðan til þess, að kunnáttumenn telja, að ekki megi lengi draga að leggja inn inntökubeiðni, er fyrst og fremst sú, að frambúðarskipun Efnahagsbandalagsins er nú í mótun. Með því að sækja nú um inngöngu geta Íslendingar haft áhrif á það, hvernig einstökum málum verður háttað, en ef við leggjum ekki fram inntökubeiðni, erum við frá upphafi einangraðir.“

Þarna kemur það alveg skýrt fram í aðalmálgagni ríkisstj., að Íslendingar eigi þá þegar, þ. e. í ágústmánuði 1961, að leggja fram inntökubeiðni um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Þetta kom líka mjög glöggt fram í gerðum hæstv. ríkisstj. á þessum tíma. Þá var hóað saman í mikilli skyndingu fulltrúum nokkurra félagssamtaka og lagt fyrir þá að segja til um það fyrir 16. ágúst 1961, þ. e. í fyrrasumar, hvort þeir væru því samþykkir, að sótt væri um inngöngu í Efnahagsbandalagið. Og málið var þar túlkað þannig, að það væri útilokað að taka upp nokkrar viðræður við Efnahagsbandalagið öðruvísi en það væri jafnframt sótt um inngöngu, sótt um fulla aðild. Frá því var svo sagt með stóru letri í Morgunblaðinu 19. ágúst 1961, að samtök meginatvinnuvega Íslands styðji inntökubeiðni Íslands í Efnahagsbandalagið. Það gerðist svo einnig í framhaldi af þessu, að á þingi, sem ungir sjálfstæðismenn héldu í sept. 1961, var samþykkt, að Ísland skyldi sækja um upptöku í Efnahagsbandalagið, og á landsfundi, sem Sjálfstfl. hélt í október s. l. haust, var samþykkt að vinna að því „að tryggja aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu.“ Það kemur glöggt fram af öllu þessu, að í fyrrasumar og fyrrahaust var það stefna Sjálfstfl., — og þar af leiðandi líka stefna ríkisstj., því að það er hann, sem ræður stefnu ríkisstj., — að þá þegar skyldi sótt um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu og hafður sem mestur hraði á. — Þegar þetta er íhugað, finnst mér sérstök ástæða til þess að lýsa ánægju yfir því, sem fólst í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. telji sig nú orðna afhuga því, að sótt skuli um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, og enn fremur sé hún orðin þeirrar skoðunar, að í stað þess að hafa hraðan á í málinu, þá sé rétt að bíða átekta.

Það er hægt að nefna fleiri dæmi en þetta um það, að ríkisstj. hefur áður viljað hafa hraðan á í þessu máli. Í Alþýðublaðinu 6. febr. í ár má líta á útsíðu stóra fyrirsögn, sem hljóðar á þessa leið: „Aukaaðild hentar Íslandi bezt.“ Grein sú, sem fylgir þessari fyrirsögn, hefst á þessa leið:

„Samband Íslendinga við Vestur-Evrópu má ekki rofna. Tengsl við Efnahagsbandalagið eru okkur nauðsynleg, og aukaaðild virðist henta Íslendingum bezt, sagði Gylfi Þ. Gíslason viðskmrh. á fundi Alþýðufélags Reykjavíkur í fyrradag.“ Frásögn blaðsins lýkur svo á þessa leið: „Sagðist Gylfi vera þeirrar skoðunar, að Ísland ætti einmitt að sækja um slíka aðild, þ. e. aukaaðild. Það væri hins vegar enn vafamál, hvenær Ísland ætti að senda umsókn sína. Það væri enn of snemmt, en sennilega yrðu Íslendingar að taka ákvörðun sína í þessum efnum, þegar Norðmenn hefðu lagt fram umsókn sína, en búast mætti við, að þeir gerðu það í næsta mánuði. Gylfi sagði, að Íslendingar mættu ekki draga það lengi að sækja um aukaaðild, eftir að Norðmenn hefðu lagt fram umsókn sína.“

Í framhaldi af þessu gerðist það svo nokkrum dögum seinna, að haldinn var flokksstjórnarfundur Alþfl. Þar var samþykkt, að Ísland ætti að sækja um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu.

Þetta gerðist sem sagt í febrúar í fyrra, en eitthvað 2 mánuðum seinna lögðu Norðmenn fram inntökubeiðni sína.

Þetta, sem ég hef nú rakið, sýnir allt saman, að áður fyrr hefur ríkisstj. haft önnur viðhorf og viljað hafa önnur vinnubrögð í þessu máli en hún telur sig vilja hafa nú. Þá var það stefna hennar að sækja eins fljótt um fulla aðild eða aukaaðild og kostur væri á og draga ekki neitt í þeim efnum. Nú er hún hins vegar komin inn á þá braut að hafna alveg fullri aðild og telja, að hvað aðrar leiðir snertir eigi að bíða átekta. Ég vil endurtaka það, að ég lýsi ánægju minni yfir þeirri stefnubreytingu, sem hér hefur orðið hjá hæstv. ríkisstj., og þeim vinnuaðferðum, sem hún vill viðhafa. En ég vil jafnframt taka það fram, að þessi ánægja mín er bundin þeim fyrirvara, að þessi stefnubreyting verði varanleg og hún reynist t. d. endingarbetri en yfirlýsingar, sem voru gefnar í landhelgismálinu fyrir seinustu kosningar og lítið var svo gert með að kosningum loknum.

Ég held, að það sé nauðsynlegt, þegar við gerum okkur grein fyrir þeirri afstöðu, sem Ísland á að hafa til Efnahagsbandalagsins, að athuga, að þar er ekki um venjulegt bandalag, heldur fyrst og fremst um ríkisstofnun að ræða. Í yfirlýsingum allra helztu forustumanna Efnahagsbandalagsins kemur glöggt fram, að það er miklu fremur stefnt að ríkisstofnun en stofnun eða myndun Efnahagsbandalags. Þetta hefur hvað eftir annað komið fram í þeim ræðum, sem formaður stjórnarnefndar Efnahagsbandalagsins, Hallstein, hefur haldið og nú seinast á þingmannafundi NATO fyrir 2 dögum, þar sem hann hélt ræðu, — þar lýsti hann því alveg hiklaust yfir, að takmarkið með Efnahagsbandalaginu væri miklu fremur að koma á pólitískri einingu Evrópuríkjanna en efnahagslegri einingu, þó að það væri einnig markmiðið. Þegar t. d. Macmillan er að færa rök að því, að Bretland eigi að vera með í Efnahagsbandalaginu, þá færir hann fyrst og fremst fram pólitískar ástæður eða þær, að Bretland þurfi að vera með til þess að geta haldið pólitískum áhrifum sínum. Aftur á móti þegar Gaitskill er að gagnrýna bandalagið, þá er það ein aðalröksemd hans, að ef Englendingar gangi

inn upp á þau býti, sem þeim nú virðast vera boðin, þá sé það sama og að Bretar afsali sér sjálfstæðri utanríkismálastefnu og hafi t. d. litið meiri áhrif í utanríkismálum eftir það en Texas eða Kalifornía eða önnur slík fylki í Ameríku. Það er m. ö. o. fyrst og fremst pólitískt markmið, ríkisstofnun, sem stefnt er að með Efnahagsbandalaginu. Og þetta kemur líka mjög greinilega fram í sjálfri stofnskrá bandalagsins, því að stjórnarnefnd þess og ráðherranefnd er í mörgum tilfellum falið löggjafarvald, sem stendur ofar löggjafarvaldi þjóðþinga þátttökuríkja. Þetta gildir um efnahagsmál í mörgum greinum, félagsmál, atvinnumál, samgöngumál o. s. frv. Í mjög veigamiklum málaþáttum er það stjórnarnefnd og ráðherranefnd Efnahagsbandalagsins, sem lögin setur, en ekki þjóðþing viðkomandi bandalagsríkja.

Þegar við Íslendingar þurfum að gera það upp, hvaða afstöðu við viljum hafa til Efnahagsbandalagsins, verðum við fyrst og fremst að taka afstöðu til þess, hvort við viljum ganga inn í nýtt ríki, gerast hluti af nýju ríki eða ekki. Það er kjarni málsins. Þess vegna er sérstök ástæða til þess fyrir Íslendinga að íhuga þetta: Er eftirsóknarvert fyrir smáþjóð eða þjóðernisminnihluta að sækjast eftir því að vera hluti í stóru ríki? Hefur reynslan á undanförnum öldum og áratugum sýnt og sannað, að það sé hagstætt fyrir smáþjóð eða þjóðernisminnihluta að vera hluti í stóru ríki? Hvað er það, sem barátta smáþjóðanna hefur snúizt um að verulegu leyti á undanförnum áratugum? Er það ekki einmitt það, að þær hafi verið að brjótast út úr hinum stóru ríkjum og leita eftir því að ná meira sjálfsforræði og sjálfstæði? Er það ekki á þann hátt, sem þær hafa talið að málum sínum væri bezt borgið? Og hefur ekki reynslan sjálf sýnt það, að málum þeirra væri bezt borgið á þann hátt? Og hver er reynsla Íslendinga sjálfra í þessum efnum? Þegar við háðum sjálfstæðisbaráttuna við Dani, voru ýmsir, sem sögðu, að við hefðum margvísleg hlunnindi af því að tilheyra miklu stærra ríki en Ísland væri. Sú skoðun fékk hins vegar ekki að ráða, og Ísland varð sjálfstætt. Hafa Íslendingar tapað á sjálfstæðinu og sjálfsforræðinu? Hefði verið betra fyrir Ísland að vera áfram hluti af Danaveldi en vera sjálfstætt? Þessar spurningar er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að hugleiða, þegar við eigum að taka afstöðu til þess, hvort við viljum gerast hluti af nýju ríki.

Þess gætir stundum í þeim umr., sem hafa farið fram um þessi mál, að menn hefðu ótrú á litlum ríkjum og teldu, að þeim mundi farnast verr en stóru ríkjunum. Afkoman og menningin væri miklu betri í hinum stóru ríkjum. Hvað kennir sagan, og hvað kennir reynslan í þessum efnum? Hvað segir t. d. reynsla Vestur-Evrópu sjálfrar? Til hvaða ríkja þar eigum við að fara, ef við viljum komast að raun um, hvar eru bezt lífskjör, mest menning, lýðræðislegastir stjórnarhættir? Er það í hinum stóru ríkjum í Vestur-Evrópu, er það á Ítalíu, í Frakklandi eða í Þýzkalandi? Ég segi nei. Til þess að kynnast því, hvar séu bezt lífskjör í Vestur-Evrópu, hvar er mest menning í V.-Evrópu, hvar eru beztir stjórnarhættir í V.-Evrópu, verður einmitt að fara til hinna litlu ríkja Norðurlanda og Sviss, og þar komumst við að raun um, að allt þetta stendur á beztum og blómlegustum grunni. Og hið sama gildir um aðrar heimsálfur. Ef við förum til S.-Ameríku, eigum við að fara til Brasilíu og Argentínu til þess að kynnast því, hvar ástandið er bezt í þessum efnum? Nei, við förum til minnsta ríkisins í þeirri heimsálfu, Uruguay, til þess að kynna okkur og komast að raun um, hvar ástandið er bezt í þessari álfu. Og ef við förum til Asíu, til hvaða ríkis förum við þar? Förum við til Kína? Förum við til Indlands? Nei, við förum til minnsta ríkisins í Asíu, til Ísraels, til þess að komast að raun um, hvar ástandið er bezt í þessum efnum. Og sama mundi niðurstaðan verða, ef við færum aftur í tímann til þess að kynna okkur, hvernig þetta hefur verið áður fyrr. Reynslan er sú, að það eru einmitt hin smáu ríki, hin smáu þjóðfélög, sem komizt hafa lengst. Og þetta er í raun og veru ekkert undarlegt, því að því er þannig varið, að það eru hin smáu þjóðfélög, sem kalla miklu betur fram manndóm og framtak einstaklinganna heldur en hin stóru þjóðfélög. Þessa reynslu skyldum við Íslendingar íhuga vel, áður en við tökum þá ákvörðun að gerast hluti af stóru ríki.

Ég er ekki heldur viss um, að það verði reynsla þeirra smáu ríkja, sem nú tilheyra Efnahagsbandalagi Evrópu, að þau muni hafa einhvern sérstakan hag af því að tilheyra þessu bandalagi. Ég verð að játa það, að mér hefur orðið nokkuð starsýnt á tölur, sem ég sá nýlega í norsku, viðurkenndu fjármálablaði og hafðar voru eftir einum af varaforsetum stjórnarnefndar Efnahagsbandalagsins. Þessar tölur, sem birtust í seinasta mánuði, fjölluðu um það, hver yrði aukning þjóðarframleiðslunnar í Efnahagsbandalagslöndunum á þessu ári, eftir því sem líkur bentu til nú. Þessar tölur voru á þessa leið: Í Ítalíu er reiknað með því, að aukning þjóðarframleiðslunnar verði um 6%, í Frakklandi er reiknað með því, að aukning þjóðarframleiðslunnar verði 5%, í V.-Þýzkalandi er reiknað með því, að aukning þjóðarframleiðslunnar verði 4.5%, í Belgíu er hins vegar reiknað með því, að hún verði ekki nema 3.5% og í Hollandi 2.5% og í Lúxemborg verði hún engin. Ég skal taka það fram, að það er ekki rétt að dæma þetta eingöngu af einu ári, en mér virðist hins vegar, að þessar tölur bendi ótvírætt til þess, að hin smáu ríki, sem eru í Efnahagsbandalaginu, hafi ekki hlotið neina sérstaka hagsæld við það að taka þátt í því, a. m. k. virðast þessar tölur óneitanlega benda til þess, að hlutur þeirra þar sé ekki eins góður og hinna stóru þjóða.

Eins og málin standa nú varðandi afstöðu Íslands til Efnahagsbandalagsins, þá virðist eins og er, að allir séu sammála um, að ekki

komi til greina að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Það sé hins vegar um tvær leiðir að velja, þegar þar að kemur. Það sé að gera sérstakan tolla- og viðskiptasamning við bandalagið eða sækja um aukaaðild. Þetta eru þær tvær leiðir, sem Íslendingar þurfa sérstaklega að glöggva sig á og afla sér upplýsinga um og ræða um og ekki aðeins ríkisstj. og alþm., heldur líka almenningur þarf að geta tekið afstöðu til, og helzt þurfa þessi mál að liggja svo ljóst fyrir, að almenningur geti tekið afstöðu til þessara tveggja leiða í næstu kosningum. Það, sem mér finnst skera úr um það, hvor þessara leiða er heldur valin, er, hvað það er, sem menn vilja tala um eða ræða um við bandalagið, hvaða mál það eru, sem við teljum nauðsynlegt, að samið verði um. Valið um þessar tvær leiðir á að markast af því, hvað það er, sem Íslendingar telja nauðsynlegt að samið sé um og talað sé um við bandalagið. Af því einu á þetta val að markast. Ég held, að það hljóti að vera flestallir eða a. m. k. langflestir sammála um, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að ná samningum við Efnahagsbandalagið um tolla- og viðskiptamál, það sé óhjákvæmilegt og að því beri að stefna. Spurningin er hins vegar sú: Eru það einhver fleiri mál, sem við þurfum að ræða við Efnahagsbandalagið? Eru það einhver önnur atriði, sem við þurfum að taka upp til samninga við það? Þurfum við að taka upp samninga við það um gagnkvæm atvinnurekstrarréttindi? Þurfum við að semja við það um frjálsan vinnumarkað? Frjálsar fjármagnshreyfingar? Sameiginlega, samræmda stefnu í efnahagsmálum, samstjórn og þar fram eftir götunum? Ef við teljum nauðsynlegt að tala um svona mörg og viðtæk mál við Efnahagsbandalagið, þá teljum við að sjálfsögðu ekki tolla- og viðskiptasamningsleiðina færa, heldur viljum það, sem meira er, aukaaðildina. Það er frá þessum sjónarmiðum, sem við eigum að gera upp á milli þessara tveggja leiða, tolla- og viðskiptasamningsleiðarinnar og aukaaðildarleiðarinnar.

Frá mínu sjónarmiði líta þessi mál þannig út í dag, að það er engin ástæða fyrir Íslendinga að taka upp samninga við Efnahagsbandalagið um önnur mál en tolla- og viðskiptamál. Ég sé enga ástæðu til þess, að það séu teknir upp við það samningar um gagnkvæm atvinnurekstrarréttindi, um samræmda efnahagsstefnu, um frjálsan vinnumarkað o. s. frv. Ég get ekki með beztu vitund séð, að Ísland hafi neina hagsmuni í sambandi við það, að slíkar viðræður séu teknar upp.

Af þessum ástæðum horfir málið þannig við frá mínu sjónarmiði í dag, að sú leið, sem við eigum að halla okkur að, sé tolla- og viðskiptasamningsleiðin, af því að það séu ekki önnur málefni, sem við þurfum að ræða sérstaklega og sækjast eftir að ræða við Efnahagsbandalagið um. Og ég hef fullkomlega trú á því, að með því að óska eftir tolla- og viðskiptasamningum getum við náð hagkvæmri niðurstöðu á okkar málum hvað Efnahagsbandalagið snertir. Og ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég álít það, sem hæstv. viðskmrh. hefur sagt um þessi efni, að það séu svo og svo miklir meinbugir á því að ná hagkvæmum tolla- og viðskiptasamningum, fyrst og fremst byggt á fullyrðingum hjá honum og staðhæfingum, án þess að hann hafi nokkrar sérstakar sannanir fyrir því, að hann fari þar með rétt mál. En sem sagt, ef menn vilja ræða um fleiri mál en tolla- og viðskiptamál, taka upp samninga um gagnkvæm atvinnurekstrarréttindi, frjálsan vinnumarkað o. s. frv., þá velja þeir að sjálfsögðu heldur aukaaðildarleiðina. Og þess vegna þykir mér rétt að ræða nokkru nánar um það, sem kallað hefur verið aukaaðild.

Það hefur verið sagt um aukaaðildina, að hún gæti verið allt frá 1% til 90% af Rómarsamningnum. En það er hins vegar víst, að ef samið er um aukaaðild, þá er Rómarsamningurinn lagður til grundvallar fyrir viðræðunum. Viðkomandi ríki, sem æskir eftir aukaaðild, tekur fram, hvaða fyrirvara það kýs að hafa frá Rómarsamningnum.

Það, sem liggur fyrir um þessi mál í dag, er í fyrsta lagi það, að sá aukaaðildarsamningur, sem þegar hefur verið gerður, griski samningurinn, liggur miklu nær 90% en 1% og endar líka með fullri aðild. Það, sem við vitum svo um þau 3 lönd, sem hafa sótt um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu, — þessi lönd eru Svíþjóð, Sviss og Austurríki, — er það, að þau bjóðast til þess að gangast svo að segja undir öll meginatriði Rómarsáttmálans og telja sér ekki fært að óska eftir aukaaðild á öðrum grundvelli en þeim að ganga svo að segja undir öll ákvæði Rómarsamningsins. Svíar bjóðast t. d. til þess að gangast undir gagnkvæm atvinnuréttindi. Þeir bjóðast til þess að koma á frjálsum vinnumarkaði. Þeir bjóðast til þess að hafa frjálsar fjármagnshreyfingar. Og ég hygg, að Sviss og Austurríki bjóðist til hins sama. Ef við ætlum að fara í fótspor Svía, Svisslendinga og Austurríkismanna, þá verðum við að bjóða gagnkvæm réttindi í öllum þessum efnum. Og þrátt fyrir það, að þeir bjóðist til að gangast undir þetta strönga og mörg ákvæði Rómarsáttmálans, þá er talið mjög vafasamt, að það muni talið fullnægja kröfum Efnahagsbandalagsins um aukaaðild. Við vitum enn fremur, að þegar rætt var um málið í Noregi og Danmörku og þing og ríkisstj. gerðu það upp við sig, hvort heldur ætti að sækja um aukaaðild eða fulla aðild, þá héldu forráðamenn þessara landa því fram, að það væri enginn teljandi munur á þessu tvennu. Það mundu fylgja sömu ókostirnir aukaaðildinni og fullu aðildinni. En hins vegar væru ýmis réttindi, sem fylgdu fullu aðildinni, en aukaaðildin hefði ekki í för með sér, og þess vegna væri hyggilegra t. d. fyrir Noreg og Danmörku að hverfa að því að óska frekar eftir fullri aðild en aukaaðild.

Þetta er það eina, sem liggur fyrir sem staðreyndir um aukaaðildina: Í fyrsta lagi, að sá eini aukaaðildarsamningur, sem hefur verið

gerður, nálgast mjög að vera samningur um fulla aðild. Það er gríski samningurinn. Í öðru lagi, að þau 3 lönd, sem hafa sótt um aukaaðild, Svíþjóð, Sviss og Austurríki, hafa boðizt til að ganga öll undir meginákvæði Rómarsáttmálans. Og í þriðja lagi, að lönd eins og Noregur, Danmörk og Írland, sem hafa sótt um fulla aðild, hafa talið það betra en að sækja um aukaaðild, vegna þess að sömu ágallarnir fylgdu báðum leiðunum, en hins vegar væru það meiri réttindi, sem fylgdu fullu aðildinni en aukaaðildinni. Ég held, að þegar þessar staðreyndir séu athugaðar, þá sé það ekki eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að óska eftir aukaaðild, nema því aðeins að þeir séu undir það búnir að gangast undir ákvæði Rómarsáttmálans um gagnkvæm atvinnuréttindi, um frjálsan vinnumarkað og frjálsar fjármagnshreyfingar.

Það kom líka fram í ræðu hæstv. viðskmrh. hér á dögunum, þegar hann var að ræða um aukaaðild, að hann taldi það óhjákvæmilegt, að ef teknar væru upp viðræður um hana, þá mundu þessi ákvæði Rómarsáttmálans vera lögð til grundvallar. Hann gerði hins vegar ráð fyrir því, að það væri hægt að fá svo og svo mikla fyrirvara eða undanþágur frá þessum ákvæðum. Hann gerði ráð fyrir því, að það yrði hægt að fá undanþágu hvað fiskveiðar snerti. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. í ræðu, sem hann flutti hjá Verzlunarráði Íslands á s. l. sumri, gert ráð fyrir því, að aukaaðild mundi fylgja það, að við yrðum að veita útlendingum aðstöðu til fisklöndunar og aðstöðu til að reka fiskiðjuver hér á landi. Og hæstv. ráðh. lét jafnframt þau orð falla, að það væri kannske ekki svo alvarlegt fyrir okkur að gera þetta, ef við gætum sett ákvæði um það að koma í veg fyrir, að þetta leiddi til ofveiði innan fiskveiðilandhelginnar. Nákvæmlega sama skoðun hefur komið fram hjá forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar, Jónasi Haralz, í grein, sem hann skrifaði í Fjármálatíðindi á s. l. sumri. Þar gerir hann ráð fyrir því, að sennilega muni vera hægt að fá fyrirvara hvað snertir fiskveiðar innan fiskveiðilandhelginnar, en hins vegar verði að telja það hugsanlegt, að við verðum að veita undanþágu hvað snertir rétt útlendinga til að reka hér fiskiðjuver, og það virðist einnig koma fram í þessari grein Jónasar Haralz, að hann telji það ekki svo athugavert, ef jafnhliða sé hægt að setja reglur um það að koma í veg fyrir ofveiði innan fiskveiðilandhelginnar. M. ö. o.: báðir þessir menn, sem mest hafa unnið að samningum um þessi mál, gefa það fullkomlega í skyn, — og það er veikt til orða tekið, — að við verðum að veita útlendingum rétt til fisklöndunar og rétt til að reka fiskiðjuver, rétt til að komast inn í fiskiðnaðinn á Íslandi. Ég held, að hér sé um mál að ræða, sem vissulega sé nauðsynlegt að ræða mjög rækilega.

Hvaða atvinnuvegur er það, sem er líklegastur til að vaxa mest og hafa einna mesta þýðingu fyrir landið á komandi árum? Hvaða atvinnuvegur er það, sem má telja skv. þeirri þróun, sem nú blasir við, að muni vera einna álitlegastur og útlendingar muni helzt sækjast eftir að komast inn í hér á landi? Þessum spurningum er alveg hiklaust hægt að svara. Það er ekki um nema eina atvinnugrein að ræða, og það er fiskiðnaðurinn. Fiskiðnaðurinn er tvímælalaust sú atvinnugrein, sem á fyrir höndum mesta framtíð á Íslandi á næstu áratugum, og sú atvinnugrein, sem útlendingar munu sækjast sérstaklega eftir að komast inn í. Hvað þýðir það að geta rekið fiskvinnslufyrirtæki, fiskvinnslustöðvar og fiskiðju hér? Það þýðir í raun og veru það, að þeir aðilar, sem það geta, fara bakdyramegin inn í landhelgina. Þeir fá lyklavöldin að fiskveiðilandhelginni. Þetta kemur alveg greinilega fram í þeim ummælum hæstv. viðskmrh. og Jónasar Haralz, sem ég vitnaði til áðan, að þeir telja þá hættu fylgja því, ef útlendingar fengju að reka hér fiskiðjuver, að þá kynni að skapast ofveiði innan fiskveiðilandhelginnar. Það er m. ö. o. búið að afhenda útlendingum lyklavöld, búið að leyfa þeim að fara bakdyramegin inn í landhelgina, ef þeir fá rétt til þess að reka hér fiskiðjuver og fiskvinnslustöðvar. Og það er búið að gera miklu meira, því að það getur hver og einn gert sér ljóst, sem athugar þessi mál, að þeir, sem ráða yfir fiskiðjuverunum og fiskvinnslustöðvunum, hafa kverkatak á útgerðinni. Þeir ráða raunverulega yfir útgerðinni. Þeir geta hvenær sem er, ef þeir eru orðnir nógu öflugir á þessu sviði, sett útgerðinni stólinn fyrir dyrnar. Þeir hafa kverkatak á útgerðinni. Með því að hleypa útlendingum inn í fiskiðnaðinn er ekki aðeins verið að gefa þeim tækifæri til þess að fara bakdyramegin inn í fiskveiðilandhelgina, það er líka verið að gefa þeim tækifæri til þess að ná kverkataki á útgerðinni. Og Íslendingar hafa reynslu í þessum efnum, sem vert er að rifja upp og gefa nú hinn fyllsta gaum.

Ég var fyrir nokkru að blaða í Alþingistíðindum frá 1928. Það þing var eitthvert hið mesta róstu- og deiluþing, sem háð hefur verið, og stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar komu sér saman um fæst. Það merkilega gerðist þó, að á þessu þingi komu þeir sér saman eða voru sammála að meginstefnu til um þau mál, sem voru mest þjóðnýtingarmál af þeim málum, sem þá voru lögð fyrir Alþingi. Þessi mál fjölluðu um stofnun síldareinkasölu og um það, að ríkið byggði síldarbræðsluverksmiðjur. Menn eins og Jón Þorláksson og Magnús Guðmundsson, sem voru síðar en svo nokkrir þjóðnýtingarmenn og voru litlir vinir þáverandi ríkisstj., voru sammála henni að meginstefnu til, að í þessa stóru þjóðnýtingu, þá stærstu þjóðnýtingu, sem ráðizt hefur verið í á Íslandi, væri nauðsynlegt að ráðast. Og hvers vegna viðurkenndi allt Alþingi 1928, að það þyrfti að grípa til þjóðnýtingar í þessum efnum, þyrfti að taka upp síldareinkasölu og að ríkið þyrfti að byggja síldarverksmiðjur? Ástæðan var bara ein. Ástæðan var sú, að það voru útlendingar, sem réðu svo að segja yfir öllum síldariðnaði landsmanna. Það voru útlendingar, sem réðu

yfir síldarbræðslunum, nema 2 smábræðslustöðvum, og þeir réðu yfir síldarsöltuninni að 2/3 hlutum. Og þessi yfirráð útlendinga gáfust landsmönnum, gáfust sjómönnum, gáfust útvegsmönnum svo illa, að það var talið alveg óhjákvæmilegt að grípa inn í með hinum róttækustu aðgerðum, eins og einkasölu og byggingu ríkisverksmiðja. Þetta gerðist þá með þeim hætti, að ef illa leit út með síldarsölu, þá héldu útlendingarnir að sér höndum og höfðust lítið að, og þá varð meiri og minni stöðvun hjá útgerðinni. Ef aftur á móti vel horfði, þá kepptust þeir við að framleiða sem mest, miklu meira en markaðurinn þoldi. Útlendingarnir höfðu betri aðstöðu á hinum erlendu mörkuðum og gátu tryggt söluna á sinni síld, en hinir íslenzku síldarútflytjendur urðu að mæta afgangi og urðu hvað eftir annað fyrir hinum stórkostlegustu skakkaföllum. Verðið til sjómanna og útgerðarmanna var líka óeðlilega lágt, vegna þess að hinir útlendu aðilar höfðu aðstöðu til að skammta það.

Þessa reynslu hafa Íslendingar af því að hleypa að útlendingum og láta útlendinga sjá um fiskiðnaðinn og síldariðnaðinn fyrir sig. Er þessi reynsla með slíkum hætti, að við eigum í annað sinn að opna nýja gátt fyrir útlendinga til þess að komast inn í fisk- og síldariðnaðinn? Ég segi nei. Og ég segi jafnframt, að ég lýsi fullri undrun minni yfir því, að menn, sem hafa staðið framarlega í samningum fyrir hönd hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, eins og hæstv. viðskmrh. og Jónas Haralz, skuli láta þá skoðun í ljós, að það sé í raun og veru ekkert athugavert við það, þó að útlendingum sé hleypt inn í fiskiðnaðinn, aðeins ef þeir fá ekki leyfi til þess að stunda fiskveiðar.

Ég álít, að það eigi að gilda hið nákvæmlega sama í þessum efnum, — að við verðum að tryggja það, ég segi 100%, — að ekki aðeins fiskiskipin, heldur líka fiskiðjuverin og síldarvinnslustöðvarnar séu í höndum Íslendinga. Og ég álít, að við eigum að gera það strax nú á þessu þingi.

Fyrir rúmum 40 árum, 1922, voru sett sérstök lög á Alþingi til að tryggja það, að fiskveiðarnar sjálfar væru í höndum Íslendinga. Ég á þar við fiskveiðilöggjöfina frá 1922. Landsmenn sáu þá fram á það, að sjávarútvegurinn væri sú atvinnugrein, sem útlendingar mundu sækjast sérstaklega eftir að komast inn í. Þess vegna voru með fiskveiðilöggjöfinni frá 1922 sett sérstök ákvæði, sem tryggja útgerðina sjálfa betur fyrir því en aðrar atvinnugreinar á Íslandi, að útlendingar geti komizt inn í hana. Það er gert með því, að það er skýrt tekið fram í lögunum, að aðeins íslenzk skip megi stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar, og þau skip séu ein talin íslenzk, sem séu alger eign íslenzkra ríkisborgara. Ég álít, að það sé óhjákvæmilegt nú á þessu þingi að breyta fiskveiðilöggjöfinni á þann veg, að hið sama gildi um fiskvinnslustöðvarnar og fiskiskipin sjálf í þessum efnum. Ég álít, að það sé alveg sérstök ástæða til þess að gera þetta núna, áður en samningar við Efnahagsbandalagið hefjast, alveg eins og Danir eru nú að setja sérstaka löggjöf til þess að koma í veg fyrir það, að útlendingar geti keypt jarðeignir þar í landi.

Það, sem ég vil segja um þessi mál að lokum, er þetta, að séu það nokkrir tveir máttarstólpar íslenzks atvinnulífs, sem aldrei megi láta af hendi við útlendinga, þá eru það orkuverin og fiskiðjuverin. Það eru tvær mestu lífæðar íslenzks atvinnulífs, sem við verðum að verja fyrir því, að útlendingar geti komizt inn í og rekið sér til hagsbóta andstætt hagsmunum þjóðarinnar sjálfrar.

Af því, sem ég hef nú rakið og kom fram í ummælum hæstv. viðskmrh., sést, að ef beðið væri um samning á grundvelli aukaaðildar, þá yrði rætt um gagnkvæm atvinnuréttindi, um frjálsan vinnumarkað o. s. frv. Þetta þýðir það, að með því að taka slíka samninga upp, þá er hinum erlendu hringum, sem sækjast eftir að komast inn í atvinnurekstur hér á landi, inn í fiskiðnaðinn, gefið undir fótinn og þeir fá aðstöðu til þess að ýta við ríkisstj. sínum og koma sérsjónarmiðum sínum á framfæri. Aftur á móti, ef aðeins væru teknar upp viðræður við Efnahagsbandalagið á grundvelli tolla- og viðskiptasamnings, þá hefðu hinir erlendu hringar ekki aðstöðu til þess að koma sjónarmiðum sínum þannig á framfæri. Með því að biðja um samninga á grundvelli aukaaðildar, í stað þess að biðja um þá á grundvelli tolla- og viðskiptasamnings, er verið eins og beinlínis að siga hinum erlendu auðhringum, sem vilja komast inn í fiskiðnaðinn, á okkur og gefa þeim tækifæri til þess að koma sínum sérhagsmunum á framfæri, sem miklu síður væri, ef samið væri á grundvelli tolla- og viðskiptasamnings. Bæði hvað þetta snertir og margt fleira, þá hygg ég, að niðurstaðan verði sú í sambandi við aukaaðildina, að það verði enginn stór munur á henni og fullri aðild. Munurinn sé meira stigmunur en eðlismunur. Munurinn liggi fyrst og fremst í því, að með því að óska eftir fullri aðild, þá sé skrefið stigið til fulls inn í hið nýja ríki, aftur á móti ef aðeins er óskað eftir aukaaðild, þá sé þetta skref stigið í áföngum, en endalokin verði hin sömu, eins og líka sést bezt á gríska samningnum.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. mikið að sinni. Það gefst e. t. v. ástæða til þess að ræða nokkur atriði síðar. Það, sem ég vil rifja upp að lokum, er þetta tvennt: Þegar við veljum á milli tolla- og viðskiptasamnings eða aukaaðildar, þá verðum við að hafa það fyrst og fremst í huga, hvað það er, sem við viljum semja um við Efnahagsbandalagið, hvaða mál það eru, sem við teljum nauðsynlegt að ræða um. Og ég sé ekki á þessu stigi, að það sé ástæða til þess að óska eftir öðru en samningum um tolla- og viðskiptamál. Ef við tökum upp samninga á öðrum grundvelli, þá er það meira og minna til þess að flækja okkur inn í málið, skapa útlendingum aðstöðu

til að koma sérsjónarmiðum sínum hér á framfæri, og fyrr en seinna gæti það leitt til þess, að við værum fullkomlega flæktir inn í þetta nýja ríki.

Að endingu vil ég svo víkja að því, sem ég sagði hér í upphafi og ég tel meginatriði þessa máls. Ég tel þann áróður algerlega rangan og falskan, sem fram hefur komið hér hjá hæstv. ráðh., að við þurfum eitthvað sérstaklega að vantreysta vestrænum þjóðum og mála fjandann á vegginn, þar sem þær eru, og segja, að þær muni girða okkur frá sér með tollmúrum, einangra okkur menningarlega og félagslega, ef við borgum ekki einhvern sérstakan aðgangseyri fyrir samskipti við þær. Ég mótmæli því, að það sé rétt að halda fram slíkum sjónarmiðum um hinar vestrænu þjóðir. Ég trúi því, að það muni reynast í þessum efnum eins og endranær, að hinar vestrænu þjóðir muni reynast okkur vel og muni ekki setja okkur neina afarkosti, aðeins ef við verðum sjálfir menn til þess að halda rétt og farsællega á þessum samningum. Ég hygg, að það megi hið sama segja um þetta efni og einn mætasti foringi þjóðarinnar sagði, þegar sjálfstæðisbaráttan við Dani stóð yfir. Hann sagði, að verstu mennirnir, sem við væri að eiga, væru ekki Danir sjálfir, heldur Íslendingar, sem væru danskari en Danir sjálfir væru í raun og veru.

Ég óttast ekkert annað í þessu máli en það verði einhver annarleg sjónarmið og undarleg sjónarmið hér innanlands, sem gætu orðið okkur að falli, ef eitthvað verður okkur að falli í þessu máli. En við þurfum ekki að óttast hina útlendu aðila, ef við höldum nógu fast og einbeitt á málum og vitum, hvað við viljum sjálfir. Það eru fyrst og fremst annarleg öfl hjá okkur sjálfum, sem við þurfum að óttast. Og ég verð að segja það, að meðal þeirra annarlegu afla, sem mér finnst hafa skotið hér upp kollinum, eru þeir menn, sem tala um það eins og jafnvel sjálfsagðan hlut, að útlendingum verði hleypt inn í íslenzka fiskiðnaðinn, þeim verði hleypt þannig bakdyramegin inn í landhelgina og þeim gefin aðstaða til þess að ná þar kverkataki á íslenzkum sjávarútvegi. Ég tel þau sjónarmið alveg sérstaklega annarleg og þau sjónarmið þurfi fyrst og fremst að kveða niður. Og þau sjónarmið eigum við að kveða strax niður með því að breyta fiskveiðilöggjöfinni þannig á þessu ári, að það verði tryggt jafnt um fiskvinnslustöðvarnar og fiskiskipin, að þessi tæki verði eign Íslendinga einna að öllu leyti og engra annarra.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. vildi í ræðu sinni í dag neita því, að hann hefði áður lýst því yfir, að í rauninni væri aðeins um tvær leiðir að ræða fyrir Íslendinga til þess að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu, og að því leyti væri það nýtt í upplýsingum hans, sem fram kom í ræðu hans s. l. mánudag, að einnig gæti verið um þriðju leið að ræða. Mér kom það nokkuð einkennilega fyrir að heyra, að hæstv. ráðh. skyldi neita þessu hér úr þessum ræðustóli.

Ég hef, eins og eflaust fleiri hv. þm., lesið bókarpésa, sem gefinn var út af Frjálsri menningu og kallaður er Sjálfstæði Íslands, en er frá umr., sem þessi samtök efndu til einmitt um efnahagsbandalagsmálið. Í þessari bók kemur það mjög greinilega fram, að hæstv. viðskmrh. hefur haldið þessu fram mjög skýrt og ákveðið í þeim umr., sem þar fóru fram, að það væri aðeins um tvær leiðir fyrir Íslendinga að gera til þess að tengjast Efnahagsbandalaginu, annaðhvort að sækja um fulla aðild eða aukaaðild, og um annað gæti varla verið að ræða. Í þessari bók er haft eftir hæstv. ráðh. um þetta efni m. a. orðrétt sem hér segir:

„Þess vegna held ég," sagði hæstv. ráðh., „að við getum ekki gert okkur von um, að okkar vandi geti leystst á svona einfaldan hátt eins og að fara tollasamningsleið" — sem þá var verið að ræða. „Staðreyndir málsins," sagði ráðh., „eru þær, að það er ekki hægt að ræða um tengsl við Efnahagsbandalagið nema á tvennan hátt, annaðhvort samkv. 237. gr. um fulla aðild eða samkv. 238. gr. um aukaaðild. Í báðum tilfellunum hljóta tengslin í grundvallaratriðum að vera á grundvelli Rómarsamningsins. Þetta er vandinn, sem okkur er á höndum, ekki bara okkur, heldur öllum öðrum þjóðum, sem leitað hafa tengsla við Efnahagsbandalagið."

Og það var ekki aðeins hæstv. ráðh. einn, sem hélt þessari skoðun fram á þessum umræðufundi. Einn af fremstu sérfræðingum ríkisstj. í þessum málum, Jóhannes Nordal bankastjóri, staðfesti einnig á þessum fundi þessa sömu skoðun og undirstrikaði það, að í raun og sannleika væri ekki nema um þessar tvær leiðir að velja. Það, sem Jóhannes Nordal sagði um málið, var á þessa leið:

„Í þessu efni er eitt alveg ljóst, en það er, að Rómarsamningurinn gerir ekki ráð fyrir nema tvenns konar umsóknum, umsókn um fulla aðild samkv. 237. gr. og umsókn um aukaaðild samkv. 238. gr. Efnislega gæti umsókn um aukaaðild verið mjög lík þeirri tegund af umsókn eða samningi, sem Eysteinn Jónsson nefndi áðan (en hann hafði einmitt rætt um tollasamningsleiðina). Hins vegar yrði samningurinn að vera gerður samkv. 238. gr., og slíkur tvíhliða samningur og án formlegrar aukaaðildar kemur áreiðanlega ekki til greina."

Það var ekkert verið að skera þar við nögl sér af þeim, sem bezt þekktu til um þetta mál á þessum tíma, að svona lægju hlutirnir. Það var því fyllilega ástæða til þess að minnast á það hér í þessum umr., að nú, þegar hæstv. viðskmrh. gefur skýrslu í nafni allrar ríkisstj. um þetta mál, þá kom vissulega fram einn nýr þáttur, það er hin svonefnda þriðja leið. Út af fyrir sig mundi ég segja, að hér sé ekki um neitt ýkjamerkilegt atriði í þessu máli að ræða, annað en það, að mér sýnist á þessu eins og ýmsu fleiru, sem ég mun koma hér að nánar síðar, að það sé ekki alls kostar áreiðanlegt allt, sem sagt er á hinum einstöku tímum af

hæstv. ríkisstj. og ráðunautum hennar um einstök atriði þessa máls. (Gripið fram í.) Jú, jú, það sakar ekki. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. segir í þessu, sem ég las upp, að það gæti ekki verið um önnur tengsl við Efnahagsbandalagið að ræða, svo að það fór ekkert á milli mála, að hann notaði nákvæmlega sama orðið þá og hann notar nú í sinni nýju skýrslu. (**Menntmrh.:** Þarna er átt við aðild.) En það er eins og ég segi og mun koma að nánar síðar, að mér sýnist þetta fyrst og fremst merkilegt í sambandi við það, að það verði að trúa ýmsu því, sem sagt er um þessi mál, heldur varlega.

Í umr. þeim, sem átt hafa sér stað um hugsanlega aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu, hefur því mjög verið haldið fram af ýmsum aðilum, að í rauninni væri Íslandi nauðugur einn kostur að gerast þátttakandi í bandalaginu með einum eða öðrum hætti vegna mikilla viðskiptatengsla við lönd bandalagsins. Sérstaklega hefur þetta verið áberandi í ýmsu því, sem komið hefur fram hjá hæstv. ríkisstj. um málið, frá ráðunautum hennar í efnahagsmálum, frá einstökum ráðh. og frá stuðningsblöðum stjórnarinnar. Sá háttur hefur sem sagt verið hafður á í umr. um þetta mál af hálfu þessara aðila að gera sem allra mest úr þeim erfiðleikum, sem Íslendingar yrðu að glíma við, og mikla sem mest það tjón, sem íslenzkur þjóðarbúskapur yrði fyrir, ef landið stendur utan þess efnahagsbandalags, sem talið er víst að koma muni. Erfiðleikarnir, sem þannig er spáð, og tjónið, sem reiknað er út í tölum, eiga síðan að duga sem röksemdir fyrir því, að Ísland verði, hvað sem öllu öðru líður, að gerast aðili að bandalaginu með einhverjum hætti, eða eins og nú er farið að orða það í seinni tíð: tengjast bandalaginu á einhvern hátt. Vegna þeirrar áherzlu, sem talsmenn aðildar að bandalaginu hafa lagt á þennan þátt umr., þ. e. a. s. að reyna að sanna, að Ísland sé svo að segja nauðbeygt af viðskiptalegum ástæðum að tengjast bandalaginu, vil ég ræða hér nokkru nánar um þessa hlið málsins.

Í skýrslu þeirri, sem hæstv. viðskmrh. hefur nú flutt Alþingi um þetta mál, segir hann m. a., að útflutningur Íslands til þeirra landa, sem telja megi líklegt að verði í Efnahagsbandalaginu, hafi verið 40—50% undanfarin ár, en 61% s. l. ár, þ. e. a. s. árið 1961. Þetta sama segir Jónas Haralz, aðalsérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, í grein, sem hann skrifar um málið í fyrsta hefti Fjármálatíðinda 1962. Í þeirri grein segir Jónas, að hann telji rétt að leggja útflutninginn árið 1961 til grundvallar við útreikninga á því, hve mikið tjón íslenzkur þjóðarbúskapur mundi hafa af ráðgerðum tollahækkunum Efnahagsbandalagsins, ef Ísland stæði utan þess. Í stuðningsblöðum ríkisstj. hefur einnig hvað eftir annað verið sagt, að 50—60% af útflutningi landsins fari til þeirra landa, sem innan tíðar muni verða í Efnahagsbandalaginu, og jafnframt hefur svo verið bent á, að það gæfi auga leið, að land, sem væri þannig statt viðskiptalega, gæti ekki þolað almennan innflutningstoll í bandalagslöndunum, sem næmi 13—15% á flestum útflutningsvörum sínum. Til þess að gera þetta dæmi um vandamál útflutningsins sem allra stærst, hefur svo Jónas Haralz reiknað út í krónum, hve mikið tjón sjávarútvegsins yrði miðað við útflutning ársins 1961 og fulla tolla Efnahagsbandalagsins. Jónas kemst að eftirfarandi niðurstöðu orðrétt, tekið úr grein hans í Fjármálatíðindum:

„Reiknað í krónum og miðað við núv. gengi eru þetta 188 millj. kr. af fob-verðmæti útflutnings, er nam 1646 millj. kr. Þessi upphæð er sá tekjumissir, sem útflytjendur sjávarafurða verða fyrir, standi Ísland utan bandalagsins, samanborið við það, að landið tengist bandalaginu á einhvern þann hátt, að það komist inn fyrir tollmúrinn."

Þetta var orðrétt tekið upp eftir Jónasi Haralz. Síðar í greininni segir Jónas, að tjón sjávarútvegsins frá því ástandi, sem verið hefur, muni að vísu ekki verða svona mikið, vegna þess að í gildi hafi verið allmiklir tollar í markaðslöndunum áður. Tjón sjávarútflutningsins, miðað við útflutning ársins 1961 og núv. ástand, núv. tolla, telur Jónas þó að mundi verða 83 millj. kr.

Útreikningar Jónasar Haralz, ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum, eru í mikilvægum atriðum rangir og villandi. Svipað er að segja um tölur hæstv. viðskmrh. um, að 50—60% af útflutningi landsins fari til þeirra landa, sem muni verða í Efnahagsbandalagi Evrópu. Hvað er það, sem er rangt og villandi í málflutningi þeirra Jónasar Haralz og hæstv. viðskmrh. í þessum efnum? Í fyrsta lagi er þess að geta, að báðir setja þeir dæmið þannig upp, að öll lönd Vestur-Evrópu, að undanteknu Finnlandi einu, verði aðilar að bandalaginu og muni öll beita tollaákvæðum þess til fulls gagnvart þjóðum utan bandalagsins. Þannig slá þeir því föstu, að Svíþjóð tilheyri bandalaginu, sömuleiðis Spánn og Portúgal. En eins og nú standa sakir, er þetta þó mjög ósennilegt hvað Svíþjóð viðvíkur, og um aðild Spánar og Portúgals verður ekkert sagt á þessu stigi málsins. Í öðru lagi er í útreikningum Jónasar og í röksemdum hæstv. ráðh. fyrst og fremst miðað við útflutning ársins 1961, en forðazt að líta á lengra tímabil, þó að augljóst sé við nánari athugun, að útflutningur ársins 1961 er mjög sérstæður og gefur ranga mynd af útflutningsmálunum almennt séð. Í þriðja lagi er svo það, að útflutningur til hugsanlegra Efnahagsbandalagslanda er ranglega talinn samkv. eðli þess máls, sem hér er rætt um, í tölum hæstv. ráðh. og Jónasar Haralz. Með útflutningi til landa Efnahagsbandalagsins er talinn útflutningur, sem aðeins að forminu til telst til þeirra landa, en raunverulega fer þangað aldrei, heldur á allt aðra markaði. Ég skal nú víkja nokkru nánar að þessum atriðum og rökstyðja mál mitt betur.

Ég hygg, að flestir þeir, sem á hlutlægan hátt reyna að gera sér grein fyrir þeim vanda, sem líklegt er að íslenzkur þjóðarbúskapur

standi frammi fyrir með tilkomu Efnahagsbandalagsins og sennilega inngöngu nokkurra Vestur-Evrópuþjóða í það bandalag, muni viðurkenna, að ástæðulaust sé að reikna með því, eins og enn standa sakir, að Sviþjóð gerist aðili að bandalaginu. Þó að Sviþjóð hafi samþykkt að leita eftir samningum við bandalagið, hafa forustumenn þar í landi undirstrikað þá stefnu sína mjög ákveðið, að þeir vilji að engum skilyrðum ganga, sem skert geti hlutleysisafstöðu landsins og fullt frelsi þess í viðskiptum við aðrar þjóðir. Samningar, sem leiddu til þess, að Sviþjóð tæki upp stefnu bandalagsins í viðskiptamálum gagnvart öðrum þjóðum, brytu algerlega í bága við hlutleysisafstöðu þá, sem Svíar hafa reynt að fylgja. Ég tel því mjög villandi að setja upp þannig dæmi varðandi viðskipti við lönd innan bandalagsins og utan, að reiknað sé með Sviþjóð sem bandalagslandi. Svipað má segja um lönd eins og Portúgal og Spán. Enn sem komið er ríkir fullkomin óvissa um, hvort þau taka upp tolla bandalagsins eða tengjast því yfirleitt á nokkurn hátt. Þetta voru atriði, sem sérstaklega varða stærð bandalagsins, sem leggja ber til grundvallar til að reyna að gera sér grein fyrir þessum vanda.

En komum þá að öðrum atriðum. Árið 1961 varð óvenjulegt um útflutning á margan hátt af Íslands hálfu. Það ár féll útflutningur á frosnum fiski til Rússlands úr um 30 þús. tonnum, sem hann hafði verið í mörg ár, niður í um 7 þús. tonn. Útflutningur á frosnum fiski jókst hins vegar þetta ár til Bretlands mjög mikið. Þeir, sem þekktu til, vissu, að hér var um tímabundna breytingu að ræða, enda hefur reynslan sýnt það, þar sem freðfisksmarkaðurinn í Bretlandi hefur nú dregizt saman aftur, en Rússlandsmarkaðurinn aftur á móti aukizt á ný. Þær hugmyndir, sem aðdáendur Efnahagsbandalagsins höfðu um nýjan stórmarkað fyrir frosinn fisk í Bretlandi og Hollandi, hafa gersamlega farið út um þúfur. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hafði í krafti slíkra hugmynda ráðizt í mikinn undirbúning að markaðsöflun í þessum löndum, hefur nú gersamlega gefizt upp við þessi plön sín. Hún hefur stöðvað allar framkvæmdir í Hollandi og lagt niður fiskverksmiðjur sínar í London eftir mjög kostnaðarsamar tilraunir. Í dag eru horfurnar þær, að stórlega muni draga úr sölu á frosnum fiski héðan til Bretlands, a. m. k. á næsta ári. Á þessu leikur enginn vafi hjá framleiðendum í dag. Viðmiðun, sem byggist eingöngu á útflutningi landsins árið 1961, er því mjög villandi.

Í 2. hefti Fjármálatíðinda árið 1961 er birt skýrsla um útflutning Íslands til einstakra landa árin 1957—1960 eða yfir fjögurra ára tímabil. Samkv. þeirri skýrslu var útflutningur Íslands til allra landa Vestur-Evrópu, annarra en Finnlands og Sviþjóðar, sem hér segir: Árið 1957 var þessi útflutningur 33.6% af heildarútflutningi, árið 1958 var hann 33.7%, árið 1959 var hann 29.3%, en árið 1960 var hann 44.2% og var óvenjuhár það ár, m. a. vegna þess, að talsvert af útflutningi ársins 1959 færðist yfir á árið 1960 af sérstökum markaðsástæðum. En segja má á sama hátt, að útflutningurinn 1959 hafi verið óvenjulágur, þar sem hann var aðeins 29.3%. Sé útflutningurinn til Portúgals dreginn frá líka, verða tölurnar þessar: Árið 1957 hefði þá útflutningurinn verið 29.4%, árið 1958 29.6%, árið 1959 25.9% og árið 1960 40.7%. Þessar tölur sýna allmikið annað en þær tölur, sem hæstv. ríkisstj. og sérfræðingar hennar telja sér bezt að flagga með í þessum efnum.

En það, sem þó skiptir enn meira máli en þessar almennu prósentutölur, er að íhuga, hvað á bak við þessar tölur stendur. Við fyrstu sýn virðist svo, að þessar tölur segi, að um 30% og jafnvel 40% sum árin af heildarútflutningi landsins hafi um nokkurra ára skeið farið til þeirra landa í Vestur-Evrópu, sem nú hugsa sér að leggja háa tolla á innfluttar vörur frá löndum utan Efnahagsbandalagsins. En svona er þessu ekki varið. Í þessum tölum yfir útflutninginn er meðtalinn allmikill útflutningur, sem aðeins telst reikningslega til Vestur-Evrópulanda, en raunverulega hefur farið til annarra landa, einkum til Afríku. Ég skal nefna dæmi þessu til skýringar. Í skráðum útflutningi til Bretlands árið 1959 eru t. d. talin 2710 tonn af saltfiski og 2220 tonn af skreið. Skreiðin fer aldrei til Bretlands, og saltfiskurinn er allur endurútfluttur — það af honum, sem þá fer nokkurn tíma inn í Bretland. Ástæðan til þess, að skreiðin er talin seld til Bretlands, en ekki til Afríku, þangað sem hún fer, er eingöngu sú, að hún er seld í gegnum brezkan millilið. Útflutningur þessi nam tæpum 40% af heildarútflutningi okkar til Bretlands á sjávarafurðum þetta ár, svo að það er auðséð, að hér er ekki um neinar smáræðistölur að ræða. Auðvitað er algerlega rangt að telja þennan útflutning með þeim útflutningi til Bretlands, sem hætta er á að geti lent undir tolla Efnahagsbandalagsins. Útflutningur þessarar vöru mundi allur fara fram hjá tolli bandalagsins, og sennilegast er auðvitað, að við færðum þessi viðskipti beint til hinna raunverulegu markaðslanda millilíðalaust.

Þetta dæmi um útflutninginn til Bretlands er ekki það eina. Eins er ástatt í mörgum öðrum tilfellum. Talsvert af þeim vörum, sem við seljum til Vestur-Þýzkalands, er endurútflutt þaðan. Það sama er að segja um Noreg og einnig Holland. Tölurnar um útflutning til Vestur-Evrópulanda eru því of háar, ef miða á við þær varðandi sameiginlega tolla Efnahagsbandalagsins og gera sér grein fyrir því tjóni, sem þeir gætu haft fyrir útflutning okkar. Enn er svo það, að prósentutölur um útflutning, eins og 30% eða 40% af heildarútflutningi, segja ekki nema hálfa sögu um þann vanda, sem við er að glíma. Til þess að átta sig á vandanum er nauðsynlegt að glöggva sig á því, hvaða vörur það eru, sem fylla þessi 30 eða 40% útflutningsins.

Ástæðan til þess, að nauðsynlegt er að átta

sig á því, hvaða vörur hér er um að ræða, er fyrst og fremst sú, að útflutningsvörurnar eru misjafnlega erfiðar í sölu. Sumar vörur er alltaf erfitt að selja, en aðrar eru eftirsóttar og auðseldar. Þegar nánar er athugað, hvaða vörur það eru, sem við einkum flytjum út til sennilegra Efnahagsbandalagslanda, þá kemur í ljós, að til þeirra flytjum við aðallega út 4 vöruflokka. Þessir vöruflokkar eru lýsi, mjöl, þ. e. a. s. allar tegundir af fiskimjöli, saltfiskur og ísvarinn fiskur. Auk þessara vöruflokka má að vísu nefna dilkakjötið til Bretlands, en um það er varla hægt að ræða í þessu sambandi, þar sem algerlega er enn ókunnugt um toll á því eða innflutningsreglur bandalagsins á þeirri vöru, og ég sleppi því að ræða um það sérstaklega. Til þessa svæðis Efnahagsbandalagsins flytjum við lítið af frosnum fiski, sáralítið af saltsíld, lítið af frosinni síld og mjög lítið af skreið. Það er því ljóst, að þær vörur, sem við mundum einkum lenda í einhverjum vandkvæðum með vegna innflutningstolla bandalagsins, eru lýsi, mjöl, saltfiskur og ísvarinn fiskur. Þetta eru vöruflokkarnir, sem um getur verið að ræða og fylla mestallan útflutninginn inn á þetta svæði. Athugum nú nokkru nánar, hvernig ástatt er með sölu á þessum vöruflokkum og hversu miklar líkur eru til þess, að tollur bandalagsins geti orðið okkur þungur á þeim.

Tollur á ísvörðum fiski hefur lengi verið um 10%, en nú er ráðgert, að hann verði 15%. Hér er því um nokkra hækkun að ræða, en ekki mikla. Getur þessi tollahækkun á ísvörðum fiski orðið hættuleg íslenzkum þjóðarbúskap? Nei, alls ekki. Lítill vafi er á því, að ísvarinn fiskur mun smám saman minnka og innan tíðar hverfa sem útflutningsvara frá Íslandi. Þjóðhagslega væri miklu hagkvæmara að vinna fiskinn í þeim fiskverkunarstöðvum, sem við eigum fyrir, en flytja hann út sem algerlega óunnið hráefni. Vandi sá, sem að okkur steðjar vegna ísfiskstollsins, er því harla lítill og lítið vit væri í því að láta af hendi dýrmæt réttindi þjóðarinnar til þess að halda í ísfisksmarkaðinn í Bretlandi og Þýzkalandi.

Ég vík þá að sölunni á lýsi og mjöli, sem er uppistaðan í því, sem Ísland hefur selt á undanförnum árum á markaði Vestur-Evrópulanda. Samkv. því, sem hæstv. viðskmrh. sagði í skýrslu sinni, verður tollur bandalagsins á þessum vörum, þ. e. a. s. á lýsi og mjöli, ekki hærri en 4—5%. En hann hefur verið í sumum löndunum upp í 10% fram til þessa. Hér er því ekki um mikinn toll að ræða, og ótrúlegt er, að hann muni skipta okkur nokkru máli, eins og markaðurinn hefur verið á þessum vörum. Ástæðan til þess, að tollur bandalagsins er ráðgerður svona lágur á þessum vörum, byggist á því, að þær eru eftirsóttar og lönd bandalagsins þurfa mjög á þeim að halda. Þetta höfum við lengi vitað, enda höfum við hvað eftir annað í samningum við erlend ríki notað mjölið okkar og lýsið til þess að greiða fyrir sölu á þeim útflutningsvörum okkar, sem erfiðara er að selja. Um það eru mörg dæmi í viðskiptasamningum okkar, að þannig hefur verið haldið á málum. Þá er þess einnig að gæta, að litlar líkur eru til þess, að tollur bandalagsins á þessum vörum muni nokkurn tíma lenda á okkur. Vegna mikillar eftirspurnar á þessum vörum og fjölda kaupenda í mörgum löndum og vegna þess, að hugsanleg lönd bandalagsins munu alls ekki sjálf geta fullnægt eftirspurn bandalagsins á þessum vörum, má telja víst, að sameiginlegi tollurinn verði að greiðast af bandalagslöndunum sjálfum, en ekki seljendum þessara vara. Það má því telja nokkurn veginn víst, að tollur bandalagsins á mjöl- og lýsisvörum muni ekki skipta okkur Íslendinga miklu máli.

Sameiginlegi tollur bandalagsins á saltfiski er ráðgerður 13%. Verði Portúgal og Spánn með í bandalaginu ásamt Ítalíu og Grikklandi, mundu aðalsaltfisksmarkaðslönd okkar taka upp þennan toll. Hér gæti því verið um nokkurn vanda að ræða. Mjög er þó vafasamt, hvort tollurinn lenti raunverulega á okkur eða á kaupendum fisksins. Reynslan, sem fengin er síðan Efnahagsbandalagslönd þau, sem nú eru í Efnahagsbandalaginu, byrjuðu á því að taka upp þennan toll, bendir til þess, að við munum ekki þurfa að greiða tollinn, heldur kaupendurnir í viðskiptalöndunum. Innflytjendur saltfisks á Ítalíu sáu strax, að þeir höfðu enga aðstöðu til þess að láta okkur greiða þennan toll, og af þeim ástæðum fengu þeir leyfi bandalagsins til þess að sleppa tollinum á tilteknu magni af innfluttum saltfiski, og var þá miðað við svipaðan innflutning og verið hafði til Ítalíu um alllangt skeið. Okkur er lítil hætta búin af aukinni samkeppni á saltfisksmörkuðunum. Færi svo, að Norðmenn og aðrir saltfisksframleiðendur legðu sig meir eftir mörkuðum í Suður-Evrópu en þeir hafa gert hingað til, mundu aðrir markaðir, sem þeir hafa nýtt fram að þessu, opnast okkur um leið. En líkur til slíkra breytinga eru ekki miklar í sannleika sagt.

Þegar rætt er um hættur þær, sem okkur gætu stafað af nýjum tollum bandalagsins, er nauðsynlegt að athuga nokkru nánar eðli þessara tolla og það, hvort líklegt sé, að þeir muni fremur bitna á okkur sem útflytjendum en innflytjendum bandalagsins. Jónas Haralz og hæstv. viðskmrh. virðast ganga út frá því sem sjálfsögðum hlut, að tollurinn muni allur og óskiptur lenda á okkur. Jónas Haralz reiknar í krónum út alla tollupphæðina og segir, að við munum fá sem henni nemur minna fyrir vörur okkar. Hér er tvímælalaust villandi skýrt frá. Á þessu stigi málsins er ógjörningur að segja til um það, hver raunverulega verður að borga þennan nýja toll. Ég er fullkomlega sammála dr. Benjamín Eirikssyni varðandi mat á þessu atriði. En hann sagði á viðræðufundi Frjálsrar menningar í janúarmánuði s. l., þar sem þetta atriði var rætt sérstaklega, orðrétt á þessa leið:

„Þá er augljóst mál um þennan toll, eins og

alla aðra tolla og skatta, að þar með er ekki svarað spurningunni um, hvar skattbyrðin að lokum lendir, hver að síðustu borgar skattinn. Kaupmaðurinn, sem afhendir söluskattinn, borgar hann ekki af sínum tekjum. Sennilegt er, að svona tollur á fisk þýði hærra fiskverð í Evrópu.“

Þetta sagði dr. Benjamín Eiríksson. Þetta er áreiðanlega rétt. Enda hefur reynslan af hinum nýja tolli Efnahagsbandalagsins, það sem af er, staðfest þetta. Efnahagsbandalagslöndin hafa þegar hækkað sína tolla á ýmsum vörum, sem við flytjum út til þeirra. Þannig hefur tollur á frosnum fiski í Hollandi verið hækkaður. Og hið sama er að segja um toll á frosinni síld til Vestur-Þýzkalands. En hver hefur reynslan orðið um þessa nýju tolla? Hver hefur raunverulega borgað þá? Í báðum þessum tilfellum, sem ég nefndi, hafa markaðslöndin orðið að greiða tollinn að fullu og öllu. Kaupendur frosna fisksins í Hollandi tóku á sig allan tollinn, því að annars hefðu þeir ekki fengið fiskinn keyptan. Í Vestur-Þýzkalandi urðu kaupendurnir einnig að taka á sig tollinn af frosnu síldinni og þó meira en það. Þeir urðu að hækka síldarverðið um leið, vegna þess að hinn almenni markaður í öðrum löndum á frosinni síld var hærri, svo að þeir þurftu fyrst að hækka verðið og þar að auki að taka á sig allan *nýja tollinn*.

Þessi dæmi sýna, að það er fjarstæða að taka þessi mál eins og hæstv. viðskmrh. og Jónas Haralz gera. Sannleikur málsins er sá, að það eru litlar líkur til þess, að tollurinn á þeim vörum, sem eru auðseljanlegar, lendi á okkur, en nokkur hætta á því, að við verðum að bera þann toll, sem lagður er á þær vörur, sem erfiðast er að selja.

Ég hef áður sýnt fram á, að þær vörur, sem fylla aðallega útflutning okkar til hugsanlegra Efnahagsbandalagslanda, eru einmitt þær útflutningsvörur okkar, sem eru auðseldastar. Ég tel því háskann, sem að okkur steðjar af ráðgerðum tollum Efnahagsbandalagsins, ekki mikinn. Útreikningar eins og þeir, sem Jónas Haralz hefur birt um tjón okkar af tollunum, eru rangir og mjög villandi. Almennar prósentutölur eins og þær, sem hæstv. viðskmrh. nefndi hér um, að 50 eða 60% af útflutningi okkar fari til sennilegra Efnahagsbandalagslanda, segja mjög lítið til um þann raunverulega vanda, sem við er að eiga. Það þarf að skyggnast á bak við tölurnar og íhuga málið hlutlægt og hleypidómalaust, til þess að unnt sé að átta sig á vandamálinu.

Ég hef gerzt nokkuð langorður um þennan þátt vandamálsins, þ. e. a. s. þann vanda, sem tilkoma Efnahagsbandalagsins gæti haft fyrir okkur. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að mér finnst, að hæstv. ríkisstj. og ráðunautar hennar hafi dregið upp alranga mynd af þessum vanda. Þeir hafa augljóslega reynt að gera sem mest úr þeim vanda, sem okkar bíði, ef við stæðum utan bandalagsins, og síðan hefur allur málflutningur stjórnarliðsins verið við það miðaður að notfæra sér hinn ímyndaða vanda sem rök fyrir því, að Ísland verði, hvað sem öðrum ókostum bandalagsins líði, að gerast aðili að því eða tengjast því með einhverjum hætti.

Tilhneigingin í þessum málflutningi er alveg augljós, ekki sízt þegar þess er gætt, að á sama *tíma, sem þessi mikla áherzla er lögð á* útskýringarnar á því, hve miklu máli skipti fyrir okkur að koma 50% af útflutningi okkar inn fyrir tollmúr bandalagsins til þess að forða frá hinu mikla tjóni, þá er aldrei minnzt einu orði á þann vanda, sem þjóðin gæti orðið fyrir með sölu á hinum 50% útflutningsins, ef hún gerðist aðili að bandalaginu. Hugsunin virðist öll snúast um Efnahagsbandalagið og það að komast undir reglur þess. Nú er það vitað, að þeir, sem gangast undir reglur bandalagsins, hljóta að lenda í miklum viðskiptalegum truflunum við lönd utan þess, og í ýmsum tilfellum, þegar vörurnar, sem um er að ræða, eru þess eðlis, þá mundu viðskiptin á milli landa utan bandalagsins og innan beinlínis falla niður. Sú spurning hlyti því að rísa, ef við tengdumst bandalaginu, hvernig þá færi fyrir okkur með þann útflutning, sem hingað til hefur verið seldur til landa, sem telja má alveg víst að verði ekki í bandalaginu. Eins og ég hef áður bent á, háttar einmitt þannig til, að sá hluti útflutnings okkar, sem nú fer til landa utan bandalagsins, er erfiðari í sölu en hinn hlutinn, sem fer til bandalagssvæðisins. Til landa utan bandalagsins seljum við mestallan frosna fiskinn, þýðingarmestu útflutningsvöru þjóðarinnar. Þangað seljum við svo að segja alla saltsíldina og mest af frosnu síldinni. Hvað yrði um söluna á þessum vörum, ef Ísland gerðist aðili að Efnahagsbandalaginu eða tæki upp viðskiptastefnu þess, sem miðar t. d. að útþurrkun austurviðskiptanna? Það væri auðvitað fjarstæða að búast við því, að við gætum haldið sömu mörkuðum í löndum utan bandalagsins og verið hefur, eftir að við hefðum tekið upp viðskiptareglur, sem svo að segja útilokuðu vörur frá öðrum löndum en bandalagslöndunum hér á landi. Tengsl okkar við *Efnahagsbandalagið mundu veita vörum frá* löndum þess forgangsréttaraðstöðu hér. Það má því telja mjög líklegt, að viðskiptalönd okkar utan bandalagsins settu einhverjar reglur sér til varnar á móti slíkum reglum okkar. Líklega yrði afleiðingin sú, að þau lækkuðu fiskverðið til okkar á móti hækkun tolla hér á þeirra vörum eða þá að þau gripu til einhverra annarra hliðstæðra ráðstafana. Vandi getur því augljóslega einnig steðjað að okkur vegna sölunnar á þeim 50% útflutningsins, sem fara til annarra landa en til bandalagslandanna.

En hvað er þá til bragðs? munu einhverjir spyrja. Jú, svar þeirra, sem eru raunverulegir forsvarsmenn tengsla við bandalagið, er skýrt og ákveðið. Þeirra svar er það, að við verðum að miða framleiðslu okkar og útflutning fyrst og fremst við þarfir Efnahagsbandalagslandanna. Afleiðingin af því yrði svo auðvitað sú, að Ísland yrði þá að draga úr síldarframleiðslu sinni, minnka fiskfrystingu og leggja fremur

kapp á framleiðslu ísfisks og alúmíníums og annarrar slíkrar framleiðslu. Þeir, sem eru mestir áhugamenn um að koma Íslandi á einn eða annan hátt inn í Efnahagsbandalagið, hafa séð þetta fyrir löngu. Það er af þeim ástæðum, sem Jóhannes Nordal bankastjóri og Jónas Haralz ráðuneytisstjóri eru sífellt að klifa á nauðsyn þess að koma upp nýjum atvinnugreinum, eins og alúmíníumframleiðslu, en halda því hins vegar stíft fram, að sjávarútvegurinn geti ekki lengur dugað sem aðalatvinnuvegur þjóðarinnar og á hann megi ekki treysta í framtíðinni. Þeir eru lítið hrifnir af vaxandi síldveiðum og telja, að aðrar útflutningsvörur séu heppilegri en síldarafurðir fyrir það framtíðarland, sem þeir stefna á.

Ég hef haldið mig hér nær eingöngu við efnahagshlið þessa máls. Ég tel, að hún sýni, að óhyggilegt væri fyrir Ísland að gerast aðili að bandalaginu, beinlínis séð frá efnahagslegu sjónarmiði. Önnur atriði þessa máls, þau sem varða sjálfstæði landsins, menningu þjóðarinnar, efnahagslegt sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar í landinu, eru auðvitað ekki minna virði, heldur þvert á móti þau atriði, sem setja ber ofar öllum öðrum, þegar afstaða er tekin í þessu máli.

Í skýrslu þeirri, sem hæstv. viðskmrh. flutti Alþingi s. l. mánudag, um Efnahagsbandalagsmálið sagði hann, að um þrjár leiðir væri að ræða til þess að tengjast bandalaginu. Fyrstu leiðina, fulla aðild, taldi hann útilokaða. Um aðra leiðina, aukaaðild, sagði ráðh., að hún gæti leyst okkar viðskiptalegu vandamál að fullu, en að slíkt kostaði samninga um viðkvæm mál eins og atvinnurekstraraðstöðu útlendinga hér, erlent fjármagn og erlent vinnuafl. Um þriðju leiðina, tollasamningsleiðina, sagði ráðh., að hún gæti ekki leyst tollavandamálið að fullu, þar sem samkv. henni yrði varla um annað að ræða en nokkra lækkun á tollum bandalagsins á innflutningi frá okkur. En jafnframt þessum yfirlýsingum sagði svo hæstv. ráðh., að það væri skoðun ríkisstj., og nú tek ég upp orðrétt úr yfirlýsingu hæstv. ráðh., „að Íslandi sé á því brýn nauðsyn að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu með einhverjum þeim hætti, sem geri okkur kleift að selja afurðir okkar til Vestur-Evrópu á grundvelli jafnréttis við aðra framleiðendur álfunnar. Ef ekki verður um slík tengsl að ræða, hlýtur efnahagur okkar að verða fyrir miklu áfalli og horfur á aukinni velmegun og bættum lífskjörum hér á landi á komandi áratugum að verða stórum verri en ella," sagði hæstv. ráðh. Mér sýnist, að þessi yfirlýsing, sem gefin er í nafni ríkisstj. í heild og gefin er jafnhliða þeim upplýsingum, sem ég minntist á áður um leiðirnar þrjár, sýni það ótvírætt, að hæstv. ríkisstj. stefnir nú að því, að upp verði teknir samningar um hin viðkvæmu mál, atvinnurekstraraðstöðu útlendinga, erlent fjármagn og erlent vinnuafl og aukaaðildartengsl Íslands við bandalagið. Samkv. upplýsingum viðskmrh. getur varla orðið um jafnréttisaðstöðu Íslendinga að ræða til innflutnings á vörum til bandalagslandanna á við aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, nema Ísland gerist a. m. k. aukaaðili að bandalaginu. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu og þann greinilega tón, sem var í ræðu viðskmrh. um kosti aukaaðildarinnar, hefur ríkisstj. valið þá leið að vilja bíða með endanlega afstöðu í málinu. Hún telur sér hagkvæmara, eins og nú standa sakir, að bíða og fresta opinberri ákvörðun.

Stefna ríkisstj. nú um aukaaðild er að vísu nokkur undansláttur frá stefnu ríkisstj. áður í málinu. Fyrir um það bil ári var ríkisstj. óðfús að sækja um beina aðild að bandalaginu. Það var í ágústmánuði s. l. ár, eins og hér hefur verið minnzt á áður, að ríkisstj. setti þeim félagasamtökum í landinu, sem hún hafði rætt við um málið, aðeins tveggja vikna frest til þess að svara því, hvort þau væru fylgjandi umsókn um aðild að bandalaginu eða ekki. Ríkisstj. fékk þá öll félagasamtökin, sem stuðningsmenn hennar réðu yfir, til þess að svara játandi. Aðeins Alþýðusamband Íslands eitt svaraði þá neitandi. Um þetta leyti komu einnig fram frá ýmsum öðrum fylgismönnum ríkisstj. kröfur um, að sótt yrði um aðild að bandalaginu, og aðalmálgögn stjórnarinnar settu hiklaust fram þessa kröfu og hófu mikinn áróður fyrir réttmæti þess, að Ísland gengi í Efnahagsbandalagið. Hik ríkisstj. nú ber því vott um, að um nokkurn undanslátt frá fyrri stefnu sé að ræða, þó að enn sé augljóst, að hún hugsar sér, að hægt sé að taka upp samninga við bandalagið um hin viðkvæmu mál, atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér, erlent fjármagn og erlent vinnuafl. Það er rétt, að hér er um nokkra stefnubreytingu að ræða hjá hæstv. ríkisstj., og ég tek undir það, sem kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að ég fagna því, að hér sést nokkurt undanhald hjá hæstv. ríkisstj. Ég fagna því líka, að þeir eru fleiri, sem hafa verið að breyta talsvert til um stefnu í þessu máli. Ég fagna þeirri stefnu, sem hér var lýst yfir af hálfu Framsfl. nú um eindregna afstöðu gegn aukaaðild og fullri aðild, því að ég minnist þess, að áður var það birt í Tímanum, að aukaaðild væri leiðin. Og ég minnist þess líka, að framarlega standandi menn hjá Framsfl. stóðu að því, að fulltrúar Sambands ísl. samvinnufélaga mæltu beinlínis með því, að sótt yrði um fulla aðild. Og mig minnir, að ég hafi séð það nú fyrir ekki alllöngu, að einn hv. þm. úr liði Framsfl. hafi verið nýlega sendur á vegum samtaka Varðbergs suður til Evrópulanda til þess að kynna sér sérstaklega málefni Efnahagsbandalagsins. En sem sagt, stefna Framsfl. hefur nú komið fram allskýrt í málinu, og hún er ótvíræð og því ber að fagna. Hér er því um nokkuð almenna stefnubreytingu að ræða hjá fleiri en einum. Og það þyrfti að verða sem gagngerust breyting hjá enn fleirum.

Ég vil að lokum draga hér saman nokkur þau atriði varðandi þá efnahagslegu hlið þessa máls, sem ég hef gert að umtalsefni og ég tel að skipti verulegu máli.

Í fyrsta lagi tel ég, að ríkisstj. og ráðu-

nautar hennar hafi dregið upp mjög villandi mynd af þeim erfiðleikum í viðskiptum þjóðarinnar, sem við yrði að etja, ef Ísland stæði utan Efnahagsbandalagsins. Í öðru lagi tel ég, að raunverulegur útflutningur okkar til Efnahagsbandalagssvæðisins sé talinn of hár, miðað við reynslu síðustu 5—6 ára. Í þriðja lagi tel ég, að undan sé dregin sú staðreynd, að til Efnahagsbandalagssvæðisins flytji Íslendingar út fyrst og fremst þær vörur, sem eru auðseljanlegar og því ólíklegt, að tollur bandalagsins á þær muni nokkurn tíma bitna á Íslendingum. Og í fjórða lagi tel ég, að undan sé dregin sú staðreynd, að þátttaka Íslands í Efnahagsbandalaginu og upptaka sameiginlega tollsins gagnvart öðrum þjóðum mundi skapa Íslendingum alvarlega erfiðleika með sölu á þeim hluta framleiðslunnar, sem selja þarf til landa utan bandalagsins.

Að síðustu vil ég undirstrika, að við Alþb.-menn erum algerlega mótfallnir allri aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu, jafnt aukaaðild sem fullkominni aðild. Við teljum, að aukaaðild sé aðeins skref í áttina til fullrar aðildar síðar. Við teljum, að Ísland eigi að hafa gagnkvæm og eðlileg viðskipti við lönd Vestur-Evrópu eins og áður, og teljum, að það eigi að vera hægt í öllum aðalatriðum þrátt fyrir bandalagsstofnun þeirra. Við Alþb.-menn vörum sérstaklega við öllum hugmyndum um samninga varðandi rétt útlendinga til atvinnurekstrar í landinu og sérstakan rétt erlends fjármagns og vinnuafls, og í þeim efnum tek ég að fullu og öllu undir allt það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan í þeim efnum, enda hef ég rætt um það á sama veg oftsinnis áður. Það er stefna Alþb., að Ísland standi utan pólitískra bandalaga eins og Efnahagsbandalags Evrópu, sem hefur það að yfirlýstu markmiði að koma á fót stórveldi Vestur-Evrópu.

Með það í huga, sem hér hefur verið sagt, erum við Alþb.-menn mótfallnir því, að hæstv. ríkisstj. sé í samningamakki við forráðamenn Efnahagsbandalagsins eða stofnanir þess og því teljum við, að slíkum samtölum öllum eigi að hætta sem fyrst.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var umr. um skýrsluna enn fram haldið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að orðlengja mjög um þetta mál, þó að það sé í tölu merkustu mála, sem liggja fyrir þessu Alþingi og raunar þó að lengra væri farið aftur í tímann, en þó hefur mér þótt rétt að kveðja mér hljóðs, vegna þess að ég tel, að í ræðu hv. 7. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, gæti misskilnings eða missagna, sem ég álít óhjákvæmilegt að leiðrétta. Sá hugsunarháttur, sem þar var á ferð, getur verið þjóðinni hættulegur. Hæstv. viðskmrh. og ég höfum látið liggja að því, að svo gæti farið, að Íslendingar yrðu utan tollmúranna. Hafði ég orðað það eitthvað á þá leið, að ekki væri víst, að við ættum fyrir inngangseyrinum, þ. e. a. s. að svo gæti farið, að við teldum okkur ekki færa um að ganga að þeim skilyrðum, sem okkur yrðu sett fyrir þeim tengslum við Efnahagsbandalagið, sem við teldum okkur nauðsynlegt að ná. Ég hafði í þessu sambandi orð á því, að í þessum efnum yrði áreiðanlega að treysta á vináttu bandalagsþjóðanna og skilning þeirra á sérstöðu okkar Íslendinga. Á þessu vildi ég byggja án þess að telja víst, að farsællega réðist fram úr vanda okkar. Það eru þessar getsakir, þ. e. a. s. að ekki sé víst, að við fáum allar okkar óskir uppfylltar, sem hv. 7. þm. Reykv. vítir okkur fyrir, og telur með öllu ómaklegt vantraust og vantrú, eins og hann komst að orði, á leiðtogum Efnahagsbandalagsins. Og það er þessi skoðun hv. þm., sem ég tel hættulegt að láta standa ómótmælta.

Við skulum athuga málið lítið eitt nánar. Það var árið 1957, sem 6 þjóðir Vestur-Evrópu gerðu með sér samning um viðtæk og gagnkvæm réttindi og skyldur. Reynslan hefur nú skorið úr um það, að þessar þjóðir telja sig allar hafa hagnazt á þessum samningi. Þegar svo var komið, komu ýmsar aðrar þjóðir, sem utan við stóðu og hafa nú sótt um upptöku í þetta bandalag, og er nú liðinn mánuður og ár, án þess að þær hafi komizt inn fyrir tollmúrana. Og enn veit enginn, hvort eða hvenær þessar óskir þeirra rætast. Af þessu er ljóst, að það er ekki auðleikið að komast inn fyrir tollmúrana, enda þótt aðilinn bjóðist til þess að ganga skilmálalaust að öllum þeim skilyrðum, sem stofnsamningurinn, hinn svokallaði Rómarsamningur, kveður á um.

Það, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson krefst, er, að Íslendingar verði aðnjótandi allra friðinda Efnahagsbandalagsins, sem þeir þurfa á að halda, án annars endurgjalds en einhverra tollalækkana á þeim vörum, sem Íslendingar kaupa frá þjóðum Efnahagsbandalagsins, en við vitum ekkert um, hvort þær þjóðir meta að nokkru eða ekki. Hv. þm. veit þó, að enn hefur engin þjóð, að stofnþjóðunum einum undanskildum, nema Grikkir, sem fengið hafa aukaaðild, komizt inn fyrir tollmúrana, enda þótt fast hafi verið eftir leitað. Krafa þm. er sú, að það, sem Efnahagsbandalagið enn hefur ekki viljað selja neinni þjóð einhvern hluta af fyrir hátt verð, sbr. óskir Svía og nokkurra annarra þjóða um aukaaðild, og ekki heldur látið Bretum, Norðmönnum eða Dönum í té, allt fyrir fulla greiðslu, þ. e. a. s. að þeir gerðust aðilar bandalagsins og undirgengjust allar kvaðir Rómarsamningsins, beri því nú viðstöðulaust og skilmálalaust að afhenda okkur Íslendingum fyrir endurgjald, sem við a. m. k. ekki enn vitum, hvort þeir meta mikils eða einskis. Ég tek skýrt fram, að ég ber óskorað traust til þjóða Efnahagsbandalagsins og vona, þar til annað reynist eða kemur í ljós, að auðnast megi að ná einhverjum þeim tengslum við bandalagið, sem okkur nægja, án skuldbind-

inga, sem við getum ekki fallizt á. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir slíkar vonir mínar, má enginn telja það illmæli í garð Efnahagsbandalagsins eða ráðamanna þess, að menn beri kvíðboga fyrir, að slíkir samningar verði ekki auðfengnir. Við verðum að gera okkur ljósan þann vanda, sem við er að etja. Við verðum að láta okkur skiljast, að örðugt mun verða að ná því, sem við þurfum, án þeirrar endurgreiðslu, sem við getum ekki gengið að. Og að sjálfsögðu er þetta með öllu útilokað, ef fylgt verður ráðum Framsfl. um að slíta öllum viðræðum við þessar þjóðir og loka með því þeirri einu leið, sem við kunnum að eiga í málinu, en hún er að skýra mál okkar til hins ýtrasta og skapa með því samúð fyrir málstað okkar. En annars óttast ég, að Íslendingar verði ekki lengi fullgildir í tölu siðaðra menningarþjóða, ef þeir í öllum viðskiptum við þær temja sér það, sem kallað er stundum hér í þingsölunum Framsóknarhugsunarháttur, en hann er sá að krefjast alls af öðrum, en láta helzt ekkert af sínu í staðinn. Sá hugsunarháttur er Íslendingum skaðlegur, eins og það er líka hæpinn greiði að telja mönnum trú um, að ef við fáum ekki allt frá öðrum fyrir ekki neitt, þá stafi það einvörðungu af fjandskap í okkar garð. Af þessu stafar m. a. sú hætta, að Íslendingar slíti vináttuböndin vegna blindrar kröfuhörku og einangrist með því frá þjóðum, sem við eigum samleið með vegna sameiginlegra hugsjóna, hagsmuna, menntunar og menningar. Þetta má aldrei henda okkur.

Þá hélt hv. þm. því fram, að okkur bæri að bíða átekta og sjá, hverju fram yndi í málinu, sem líka er alveg rétt, þetta ber okkur að gera. En hann ætlaði þó ekki að nota biðina til þess að útskýra málstað okkar og vinna okkur með því vinsemd og skilning viðsemjenda. Við þá vildi hann, að við töluðum ekki neitt, — alls ekkert. Ég veit ekki, hvernig honum hefur sjálfum reynzt í lífinu að tala við þá, sem hann þarf að sækja fríðindi til. Mér hefur reynzt það ágætlega og tekizt langt um betur, ef ég hef getað náð tali af þeim og útskýrt minn málstað til fulls. Og það er ef til vill þess vegna, ef honum hefur reynzt þetta óðruvísi, sem við erum hvor á sínu máli um, hvað Íslendingum beri að gera undir svona kringumstæðum.

Og hv. þm. vildi ekki heldur nota biðina til þess að velja á milli tollasamninga og aukaaðildar, sem eru þær leiðir, sem hér er rætt um á Alþingi, þegar vitneskja lægi fyrir um, hverra kosta við ættum völ eftir hvorri leiðinni um sig, því að hv. þm. tilkynnti þingheimi öllum, að Framsfl. afneitaði aukaaðildinni alveg, hvernig svo sem hún yrði eða væri, hefði hins vegar ákveðið að fara tollaleiðina, nær að segja með hvaða kjörum sem hún yrði. Hann afneitaði með öllu aukaaðildinni, en taldi, að gata okkar mundi liggja yfir tollaleiðina. Rökin fyrir þessu, að við mættum ekki velja aukaaðildina, voru, að mér skilst, m. a. og jafnvel aðallega þessi:

Í fyrsta lagi taldi hann, að aukaaðild væri aldrei annað en upphaf fullrar aðildar. Þessu til sönnunar benti þm. á gríska samninginn. En hér gætir mikils misskilnings hjá hv. þm. Enn liggur ekkert fyrir um það, að aukaaðild þurfi nokkru sinni að verða að fullri aðild, heldur þvert á móti liggur það alveg ótvírætt fyrir, að svo er ekki. Ég nefni m. a., að mikil sókn hlutlausu þjóðanna, eins og Svía, Austurríkis og Sviss, um það að fá aukaaðild sýnir, að þær vita, að aukaaðild þarf ekki að leiða til fullrar aðildar, því að þessar þjóðir lýsa fyrir fram yfir, að þær vilji ekki fallast á pólitísk ákvæði, en Rómarsamningurinn kveður skýrt á um, að full aðild þýði í verulegum efnum einmitt það. Og varðandi gríska samninginn er það að segja, að enginn hefur enn þá orðað það, svo að ég viti, að skoða beri hann sem fyrirmynd að öðrum aukaaðildarsamningum. Gríski samningurinn er eins og hann er vegna ástæðna Grikkja og líka vegna þess, að þeir sækjast beinlínis eftir því að verða fullir aðilar þegar í stað, þegar þeir telja sig færa um að takast á hendur þær skuldbindingar, sem fylgja fullri aðild.

Í öðru lagi vitnaði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson í ummæli, sem hann hafði eftir Lange utanríkisráðherra Norðmanna um, að Lange teldi Norðmönnum farsælla að fá fulla aðild heldur en aukaaðild, vegna þess að með aukaaðild yrðu Norðmenn að taka á sig nær allar sömu kvaðir og með fullri aðild, en fengju hins vegar ekki sömu aðstöðu til að hafa áhrif á gang málanna sem aukaaðili eins og sem fullur aðili. Hv. þm. taldi þetta sanna sitt mál um haldleysi aukaaðildarinnar, að nokkuð það sama hljóti að gilda um Íslendinga eins og Norðmenn. En hér gætir einnig mikils misskilnings hjá hv. þm. Hið rétta er, að ráðamenn Efnahagsbandalagsins munu hafa talið, að iðnþróunin í Noregi væri það langt áleiðis komin, að fyrir Norðmenn væri ekki grundvöllur til þess að sækja um eða fara fram á sérstakar undanþágur. Um Ísland gegnir hins vegar allt öðru máli, eins og ég hygg að hv. þm. hljóti að gera sér ljóst, vegna þess að sérstaða okkar er bæði vituð og játuð af Efnahagsbandalaginu, sem fyrir atbeina íslenzku ríkisstj. og vegna þeirra viðræðna, sem fram hafa farið um málið, hafa fengið fullan kunnugleik á málstað Íslendinga, eða a. m. k. mikinn kunnugleik. Vonir okkar um hagstæða samninga Íslandi til handa eru einmitt byggðir á skilningi Efnahagsbandalagsins eða forustumanna þess á þörfum okkar vegna smæðar þjóðar okkar annars vegar, en hins vegar á skilningnum á því, að sjávarútvegurinn er Íslendingum fátæka mannsins einasta lamb. Það er þetta, sem við höfum verið að reyna að skýra fyrir viðsemjendum, og það er þetta, sem við viljum mega trúa á, að megi verða til þess, að við fáum sérstaka skilmála hjá bandalaginu. Auðvitað skal ég ekki fullyrða neitt um það, fyrr en reynslan sker úr um það.

Í þriðja lagi fór hv. þm. mörgum orðum um, að smáþjóðir mundu glata sjálfstæði sínu, ef þær hefðu einhver tengsl við Efnahagsbanda-

lagið önnur en tollasamning fyrir milligöngu GATT. En hér byggir hv. þm. þessa rakalausu staðhæfingu á þeim misskilningi, sem ég gat um áðan, að aukaaðild sé eitt og hið sama og full aðild. Ég skal ekki að þessu sinni ræða um, hvaða líkur eru á hagkvæmum GATT-samningum eða tollsamningum fyrir milligöngu GATT. Hitt mun sjálfsagt mörgum torráðin gáta, hvers vegna Holland, Belgía og Lúxemborg, allar þessar smáþjóðir, eru enn ánægðari með veru sína í bandalaginu nú en þær höfðu gert ráð fyrir í öndverðu, og líka hvers vegna Sviþjóð, Austurríki, Írland og Sviss og fleiri smáþjóðir sækja svo fast eftir því að ná aðild sem aukaaðili, ef þær með þessum hætti glötuðu sjálfstæði sínu. Ég spyr hv. þm.: Finnst honum líklegt, að allar þessar smáþjóðir, sem áreiðanlega eins og við þrá sitt sjálfstæði og ekki fyrir neinn mun vilja farga því, væru að sækja og sækja fast eftir aukaaðild, ef afleiðing aukaaðildar væri afsal sjálfstæðis? Ég held, að þetta sé alveg byggt á misskilningi. Ég veit, hvaðan þessar hugleiðingar eru komnar, og það er alls ekki neitt til hnjóðs hv. þm. Ég býst við, að hann hafi sumar af þeim frá Gunnari Myrdal, en ekki lesið alveg ofan í kjölinn það, sem hann hefur sagt um það.

Mér finnst yfirleitt, að þessi rök, sem voru aðalrökin í ræðu hv. þm., séu svo veigamikil, að þeim beiti ekki aðrir en þeir, sem af einhverjum ástæðum geta ekki sagt eða vilja ekki segja allan hug sinn í málinu, eins og hann er í raun og veru.

Frá mínu sjónarmiði og ég hygg mjög margra annarra er kjarni málsins augljóslega sá, að enn sem komið er getum við alls ekki tekið endanlega ákvörðun í málinu. Til þess skortir okkur m. a. frumskilyrðin til að byggja á. Við vitum í fyrsta lagi ekki, hverju við getum fengið áorkað með tollasamningi, og í öðru lagi vitum við ekki heldur, hversu miklar skyldur við þurfum að taka á okkur með aukaaðildinni. En fyrr en vitneskja um þetta liggur fyrir, er valið og hafnað í algerri blindni. Enginn lýðræðisflokkur má gerast sekur í þessu mikla máli um að velja í blindni. Og geri flokkur það að alvöru sinni að bíða ekki frekari upplýsinga, þá á hann á hættu að torvelda eða jafnvel eyðileggja málstað þjóðarinnar í þessu mikla velferðarmáli hennar, auk þess sem hann náttúrlega sjálfur leggst undir rökstuddan grun um, að það séu annarleg sjónarmið, sem ráða aðgerðum hans í þessu mikla máli. Ég ætla þess vegna að leyfa mér að vona, að hv. Framsfl. geti orðið okkur sammála um, að það er ekki nóg aðeins að bíða í málinu, ef biðin er ekki notuð til neins. Hver er þá vinningurinn við biðina, ef ekki á að nota hana til einhvers sérstaks? Og það, sem frá mínu sjónarmiði verður að nota hana til, er einmitt þetta: að skýra mál okkar og ná hylli, samúð og skilningi þeirra manna, sem við eigum að semja við. Það finnst mér meginmálið annars vegar, en hins vegar að fá alveg úr því skorið, hverra kosta er völ eftir hvorri leiðinni sem er af þessum tveimur, sem Alþingi virðist hallast að, tollabandalagi eða aukaaðild.

Það var ýmislegt fleira í ræðu hv. þm., sem var ekki alveg rétt, en ég leiði hjá mér að svara því, og ég leiði líka hjá mér að svara ýmsum skekkjum, — ég orða það hóflega og kurteislega, — í ræðu hv. 4. þm. Austf., líka af því, að ég tel nokkuð víst, að það muni verða gert af öðrum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að ræða málið almennt, enda hefur hæstv. forsrh. þegar svarað öllum almennum atriðum í þeim ræðum, sem fluttar voru s. l. miðvikudag af hálfu hv. stjórnarandstæðinga og get ég látið mér nægja að vísa til orða hans um það efni. En ég stend upp til þess að svara efnisathugasemdum, sem fram komu hjá hv. 4. þm. Austf. (LJós), við skýrslu mína s. l. miðvikudag. Ég tel, að þær efnisaths., sem hann flutti í ræðu sinni, séu að vísu nær allar á misskilningi byggðar, eins og ég mun koma að stuttlega hér á eftir, en ein aths. hans var þó réttmæt, og tel ég jafnsjálfsagt að viðurkenna það, sem rétt kemur fram af hálfu hv. stjórnarandstæðinga í þessu máli sem öðrum, eins og benda á hitt, sem ég tel á misskilningi byggt í ræðum þeirra.

Það atriði í ræðu hv. 4. þm. Austf., sem var réttmæt aths., var það, að í þeim tölum, sem ég skýrði frá um útflutning Íslendinga til Efnahagsbandalagssvæðisins, var meðtalinn útflutningur Íslands til Nígeríu. Hv. þm. sagði, að það væri rangt að telja allan okkar útflutning til Bretlands raunverulega fluttan til Bretlands, þar eð viss hluti þess, sem á skýrslunum væri talið flutt til Bretlands, færi raunverulega til Nígeríu. Nú var mér auðvitað þessi staðreynd ljós, að hluti þess, sem fer til Bretlands, er endurútfluttur til Nígeríu. En ástæðan til þess að Nígeríuútflutningurinn var samt sem áður talinn útflutningur til Efnahagsbandalagssvæðisins, var hins vegar sú, að Bretar höfðu á sínum tíma sótt um aukaaðild fyrir Nígeríu að Efnahagsbandalaginu. En eins og greinilega kom fram í skýrslu minni, voru tölurnar um þetta efni þannig fundnar, að til væntanlegs Efnahagsbandalagssvæðis voru talin öll þau lönd, sem höfðu sótt um fulla aðild eða aukaaðild að Efnahagsbandalaginu. Og þegar Íslendingar eru að gera sér grein fyrir þýðingu hins stækkaða Efnahagsbandalags, vona ég, að menn geti verið sammála um, að önnur vinnubrögð er í sjálfu sér ekki hægt að viðhafa, enda má telja langlíklegast, að þau lönd, sem haft sótt um fulla aðild og aukaaðild, tengist Efnahagsbandalaginu með svo sterkum hætti, tengist því svo náið, að óhætt sé að telja þau til hins stækkaða Efnahagsbandalagssvæðis. Útflutningur til Nígeríu var sem sagt talinn með í útflutningstölum Íslands til stækkaðs Efnahagsbandalagssvæðis. Mér var hins vegar fyrir hálfum mánuði, þeg-

ar ég flutti skýrslu mína, ekki kunnugt um, að Nígeríustjórn hefur nýlega afturkallað umsókn sína um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu. Þess vegna, eins og ástandið er nú, liggur ekki fyrir umsókn Nígeríu um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu og því ekki rétt að telja útflutninginn til Nígeríu til útflutnings Íslands til væntanlegs Efnahagsbandalagssvæðis. Hefur þetta þau áhrif á niðurstöðu útreikninganna, að sú tala, sem ég nefndi um útflutning Íslands til væntanlegs Efnahagsbandalagssvæðis og taldi vera 61% af útflutningnum 1961, á að breytast í 56%, útflutningurinn til Nígeríu er það mikill.

Aðrar upplýsingar hef ég og fengið, síðan ég flutti skýrslu mína, sem að vísu eru mjög smávægilegar, en ég tel þó rétt að komi hér fram. Ég hafði í henni gert ráð fyrir því og var þar byggt á opinberum skýrslum, að sameiginlegur tollur Efnahagsbandalagsins á saltsíld yrði 12%. Nýlega hef ég hins vegar fengið upplýsingar um, að þetta gildi ekki um alla saltsíld, tollur á kryddsíld verði 23%. Þessi hækkun á væntanlegum saltsíldartolli veldur því, að útreikningarnir, sem ég gat um í skýrslu minni á tollgreiðslum Íslendinga af útflutningi sínum til væntanlegs Efnahagsbandalagssvæðis, eru réttir, talan lækkar að vísu vegna þess, að ekki er rétt að telja útflutninginn til Nígeríu með, en hækkar hins vegar vegna þess, að væntanlegur kryddsíldartollur verður 23%, en ekki 12%, og er hækkunin og lækkunin nokkurn veginn sama milljónatalan. Sú tala er því rétt, sem í skýrslunni greindi, að sameiginlegi tollurinn í Efnahagsbandalaginu mun jafngilda um 180 millj. kr. útgjöldum fyrir Íslendinga, miðað við, að þau ríki, sem sótt hafa um fulla aðild og aukaaðild, verði fullgildir eða aukaaðilar að Efnahagsbandalaginu, og miðað við það, að tollurinn sé kominn til fullra framkvæmda, en það verður í síðasta lagi árið 1970.

Þetta var um þá aths. hv. 4. þm. Austf., sem a. m. k. að verulegu leyti var réttmæt. Þá taldi hv. þm., að ekki hefði verið rétt hjá mér að nefna tölu um árið 1961, vegna þess að útflutningur það ár hafi verið óvenjulega mikill til Vestur-Evrópu. En sannleikurinn er sá, að miklar sveiflur hafa verið á útflutningi til Vestur-Evrópu undanfarin ár. Fyrir síðustu styrjöld, eða árin 1936—38, fluttu Íslendingar hvorki meira né minna en 85% af heildarútflutningi sínum til Vestur-Evrópulanda. Á árunum 1950—1952 var þessi tala 62%. Á næstu árum þar á eftir fór hún hins vegar mjög lækkandi vegna löndunarbannsins í Bretlandi, aukinna viðskipta við Austur-Evrópu og aukins skreiðarútflutnings. Hún hefur hins vegar aftur farið vaxandi á árunum 1960 og 1961.

En mergur málsins er þó, að það skiptir í raun og veru ekki máli, hver hlutdeild væntanlegs Efnahagsbandalagssvæðis hefur verið í útflutningi Íslands á einhverjum liðnum tíma. Það, sem máli skiptir, er, hver þessi útflutningur væntanlega hefði orðið í framtíðinni, ef Íslendingar sættu ekki sérstökum viðskiptatálmunum á þessu svæði. Eins og markaðshorfur eru nú í heiminum yfirleitt og þó alveg sérstaklega í Vestur-Evrópu, þá má gera ráð fyrir, að þessi hlutdeild hefði frekar farið vaxandi heldur en minnkandi, ef ekki hefði komið til stofnunar Efnahagsbandalagsins, ekki síst með tilliti til mjög aukins markaðs fyrir freðfisk í Vestur-Evrópu og sömuleiðis aukins útflutnings síldar þangað. Það er af þessum ástæðum fyrst og fremst, sem hefur þótt réttara að miða fyrst og fremst við árið 1961, en ekki árin þar á undan, af því að búast má við, að sú aukning, sem fram kom í útflutningi til Vestur-Evrópu á árinu 1961, haldi áfram og meira að segja í vaxandi mæli. Á þessu ári, 1962, hefur útflutningur til Vestur-Evrópulanda að vísu lækkað hlutfallslega samanborið við árið 1961. En hins vegar hefur útflutningurinn í heild farið vaxandi.

Þá lagði hv. 4. þm. Austf. áherzlu á það í ræðu sinni, að þeir útreikningar, sem ég skýrði frá á væntanlegri tollbyrði á útflutningi til Efnahagsbandalagssvæðisins, væru rangir eða villandi a. m. k., vegna þess að í þeim væri gert ráð fyrir því, að íslenzkir útflytjendur yrðu að bera hinn hækkaða toll. Ég tel þessa aths. hv. þm. vera á misskilningi byggða. Í fyrsta lagi er þess að geta, að í útreikningunum eða skýringum við þá hefur ekkert verið um það sagt, hver endanlega muni bera væntanlega tollahækkun. Þessir útreikningar sýna og eiga að sýna það eitt, hversu miklu verr íslenzkir útflytjendur mundu standa að vígi, ef þeir stæðu utan bandalagsins, heldur en keppinautar þeirra innan bandalagsins. Þetta eitt eiga þessir útreikningar að sýna, og tölurnar eru tvímælalaust réttar til að sýna slíkt. Íslendingar munu verða að greiða tollinn, ef þeir standa utan bandalagsins, framleiðendur innan bandalagsins munu ekki þurfa að greiða hann, fyrst þeir eru innan bandalagsins, og tollurinn nemur þeirri upphæð, sem ég gat um, um 180 millj. kr. Hins vegar má vel vera, að tollarnir leiði til þess, að fiskverð í Evrópu hækki. Þá munu innflytjendur inn á bandalagssvæðið ekki þurfa að greiða hina hækkuðu tolla, heldur verða það þá neitendur á bandalagssvæðinu, sem þá greiða. Ef Íslendingar á hinn bóginn væru innan bandalagsins, gætu þeir notið góðs af hinu hækkaða fiskverði, en það geta þeir auðvitað ekki, ef þeir standa utan bandalagsins. Á hinn bóginn verður að hafa í huga, að enda þótt svo færi, að tjón íslenzkra útflytjenda fyrst í stað yrði dulið af hækkandi fiskverði á Efnahagsbandalagssvæðinu eða úr því yrði dregið með svonefndum tollbótum, þá ber að leggja sérstaka áherzlu á, að það er ekki ástæða til að ætla, að þetta yrði svo til langframa. Hið hækkaða verð á fiski á Efnahagsbandalagssvæðinu mundi auðvitað leiða til aukinna fiskveiða bandalagsþjóðanna sjálfra og til aukins fiskiðnaðar í bandalaginu, en það mundi sennilega aftur leiða til þess, að bandalagið yrði meira og

minna sjálfu sér nógt um framleiðslu sjávarafurða. Tollkvótar mundu þá eflaust verða afnumdir og fiskverð fara lækkandi á nýjan leik. Þá mundi allur þunginn af hinum hækkaða tolli smátt og smátt færast yfir á innflytjendur utan svæðisins. Það var einmitt þetta atriði, sem dr. Benjamín Eiríksson benti á í þeirri ræðu, sem hv. þm. vitnaði til og dr. Benjamín hélt á fundi Frjálsrar menningar, en þar segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Á hinn bóginn er þó að gá að því, að þegar vitað er, að fiskverðið hækkar í Evrópu, mundu auðvitað skapast betri skilyrði fyrir fiskveiðar Evrópuþjóðanna sjálfra.“ Tilvitnun, sem hv. þm. las í ræðu dr. Benjamíns, var því ekki öll, eins og hann las hana.

Það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði um væntanleg tengsl Sviþjóðar við Efnahagsbandalagið, er byggt á algerum misskilningi. Svíar hafa sótt um aukaaðild að bandalaginu og tekið fram, að þeir muni taka á sig allar efnahagslegar skuldbindingar, sem aðild að bandalaginu fylgir, þ. á m. að samræma sína tolla hinum sameiginlega tolli bandalagsins. Þetta kom mjög skýrt fram í ræðu sænska viðskmrh., Gunnars Lange, í Brüssel 28. júlí s. l., er hann fylgdi umsókn Sviþjóðar um aukaaðild úr hlaði. Eina þýðingarmikla undantekningin, sem Svíar munu fara fram á og hafa tekið fram að þeir muni fara fram á í sambandi við aukaaðild sína, er rétturinn til þess að gera viðskiptasamninga við lönd utan bandalagsins. En þeir viðskiptasamningar, sem þeir fyrst og fremst hafa í huga, eru ekki samningar um tolla eða innflutningshöft, heldur eingöngu um kaup á vörum frá löndum, sem reka viðskipti á jafnkeypisgrundvelli. Það, sem Svíar fyrst og fremst hafa í huga, eru hin miklu olíukaup þeirra frá Sovétríkjunum. Það er því engum blöðum um það að fletta, að takist samningar Svía um aukaaðild, verða íslenzkir síldarútflytjendur að sæta sameiginlega tollinum á síld í Sviþjóð. (**Forseti:** Má ég vikja því að hæstv. ráðh., að venjulegur fundartími er liðinn.) Má ég ljúka ræðunni, hún tekur 5—10 mínútur?

Síðan ég flutti skýrslu mína, hefur nú samstarfsnefnd hagsmunasamtaka sjávarútvegsins og embættismanna, sem ég gat um í skýrslu minni og fjallar um sjávarútvegsmál, skilað áliti sínu um aðstöðu sjávarútvegsins, ef Ísland standi utan bandalagsins. Ég tel rétt að lesa hér — með leyfi hæstv. forseta — nokkrar setningar úr þessari skýrslu um þessar niðurstöður n., því að þær leiða í ljós nákvæmlega sams konar niðurstöður og komizt var að í skýrslunni varðandi aðstöðu sjávarútvegsins, ef Íslendingar standa utan bandalagsins. Um aðstöðu saltfisksframleiðenda er niðurstaða n. þessi:

„Í heild yrði að gera ráð fyrir stórminnkuðum útflutningi saltfisks til markaðslandanna í Evrópu, ef þau ganga í Efnahagsbandalagið, og setja að fullu hinn sameiginlega toll á saltfisk gagnvart Íslandi. Auknar sölur saltfisks til landanna í Suður- og Mið-Ameríku munu engan veginn geta vegið á móti því markaðstapi. Um markaði í öðrum hlutum heims fyrir þessa framleiðslu er ekki að ræða, svo að nokkru nemi.“

Um ísfiskinn segja nm. eftirfarandi:

„Útflutningur okkar, sem verið hefur íslenzkri útgerð hagstæður, þegar á heildina er litið, biði alvarlegan hnekki, stæði Ísland utan Efnahagsbandalagsins og nyti engra viðskiptalegra tilhliðrana, þegar hinn sameiginlegi tollur hefur verið settur. Útflutningur íslenzks bátafisks mundi sennilega detta úr sögunni.“

Um freðfiskinn segir n. svo:

„Þegar litið er á hið væntanlega Efnahagsbandalagssvæði sem heild, verður niðurstaðan sú, að freðfisksútflutningur þangað mætir miklum erfiðleikum, ef við þurfum að klifa 18% tollmúr í þessum löndum öllum. Ósennilegt er, að hægt verði að velta stórum hluta tollsins á neytendur. En tollurinn yrði raunar það tap, sem íslenzka framleiðslan biði miðað við keppinauta innan bandalagsins. Íslendingar yrðu sennilega að lækka verð sitt sem næmi mestum hluta tollsins til að halda þessum viðskiptum.“

Um saltsíldina segir svo:

„Svo virðist sem Sviþjóð, sem er elzti og tryggasti markaður íslenzkrar saltsíldar, muni að óbreyttum viðskiptaháttum halda áfram að vera kaupandi mikils magns þessarar framleiðslu. Ef Sviþjóð verður innan Efnahagsbandalagsins, en Ísland utan þess, hlýtur samkeppnisaðstaða Íslands að þessum markaði að stórversna og markaðurinn því að vera í hættu.“

Enn fremur segir síðar um saltsíldina í skýrslunni:

„Það er markaðurinn í Sviþjóð og væntanlegur markaður í Vestur-Þýzkalandi, sem fyrst og fremst komast í hættu, standi Ísland utan Efnahagsbandalagsins. Í Sviþjóð eru engir tollar á saltsíld nú, en verða 12 og 23% innan bandalagsins. Gera má ráð fyrir, að það verði til þess, að Norðmenn, Færeyingar og Svíar sjálfir taki að nýta markaðinn í vaxandi mæli, stöndum við utan bandalagsins. Vænta má, að ekki verði þá heldur unnt að byggja upp þann markað saltsíldar í Vestur-Þýzkalandi, sem íslenzkir útflytjendur tengja nú vonir við, ekki síst í sambandi við nýjar verkunaraðferðir. Annars staðar í Vestur- og Suður-Evrópu er nú ekki um að ræða teljandi markaði fyrir íslenzka saltsíld, en þeir möguleikar til aukningar sölu, sem eru til í þessum löndum, mundu vera úr sögunni, stæði Ísland utan bandalagsins. Ólíklegt er, að hægt sé að auka sölu saltsíldar á öðrum mörkuðum um það magn, sem nú fer til Vestur-Evrópu eða væntanlega gæti farið þangað.“

Um frysta síld segir eftirfarandi:

„Að núverandi aðstæðum óbreyttum, telur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mikinn markað vera fyrir freðfisk í Vestur-Þýzkalandi. Ef hins vegar viðskiptaaðstaða Íslendinga breyttist frá

því að greiða engan toll og þeir yrðu að greiða að fullu hinn fyrirhugaða sameiginlega toll á síld, 20%, en keppinautarnir, svo sem Svíar, ekki, verður að telja ósennilegt, að þessi viðskipti gætu haldið áfram.“

Um ísaða síld segir svo:

„Að óbreyttum tollinum gætu einungis tollkvótar eða veruleg lækkun hráefnis til bátanna tryggt áframhaldandi útflutning ísaðrar síldar til Þýzkalands.“

Um fiski- og síldarmjöl segir svo:

„Ekki er ósennilegt, að verulegur hluti tollunarinnar yrði okkur beint tap.“

Um niðursoðnar sjávarafurðir segir skýrslan að lokum:

„Á niðursoðnum sjávarafurðum eru tollar Efnahagsbandalagsins frá 20—30%. Verður ekki séð, að Ísland mundi geta komið á fót slíkri útflutningsframleiðslu fyrir Vestur-Evrópumarkað, ef það stæði utan stækkaðs Efnahagsbandalags.“

Þetta er niðurstaða fulltrúa hagsmunasamtaka sjávarútvegsins og íslenzkra embættismanna, — sameiginleg niðurstaða þeirra, — og er ljóst af því, sem ég hef vitnað til, að það er ekki kveðið lausara að orði en gert var í skýrslu ríkisstj., sem ég flutti fyrir hálfum mánuði.

Þá hélt hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, því fram í ræðu sinni, að Íslandi sé mjög mikil nauðsyn á að halda viðskiptum sínum við Austur-Evrópu vegna þess, að þangað séu seldar vörur, sem erfitt sé að selja annars staðar, þar sem aftur á móti auðseljanlegri vörur séu seldar til Vestur-Evrópu. Hér er enn um mikinn misskilning hjá hv. þm. að ræða. Í fyrsta lagi má á það benda, að það er ekki rétt, þegar hv. þm. telur, að augu ríkisstj. og sérfræðinga hennar hafi ekki verið opin fyrir nauðsyn þess að viðhalda mörkuðum Íslendinga í Austur-Evrópu. Þvert á móti, í öllu, sem hefur verið skrifað og sagt um þetta mál af hálfu ríkisstj. og embættismanna hennar og nú síðast margendurtekið í skýrslu minni, hefur það komið glögglega fram, hve mikil nauðsyn er á því talin, að Ísland fái undanþágur til þess að geta haldið áfram viðskiptum sínum við Austur-Evrópu. Hefur þá fyrst og fremst verið gert ráð fyrir því, að undanþágur fáist til þess að halda innflutningshöftum á þeim vörum, sem miklu máli skipta í viðskiptum við Austur-Evrópulöndin, og enn fremur, að leyfi fengist til þess að hafa tollkvóta á sumum þessara vara eða jafnvel hugsanlega, að ef Ísland gerðist aukaaðili, að aukaaðildin yrði á grundvelli fríverzlunarsvæðis, svo sem ég gat um í skýrslunni.

Á hinn bóginn er það á misskilningi byggt hjá hv. þm., að þær vörur, sem erfitt sé að selja, fari yfirleitt til Austur-Evrópu frekar en til annarra hluta heims. Telja má, að þær vörur, sem Íslendingar eiga sérstaklega erfitt með að selja og miklu máli skipta í utanríkisviðskiptum þeirra, séu nú orðið fyrst og fremst tvenns konar: söltuð síld og fryst síld. Aftur á móti er ekki hægt að telja, að erfitt sé að selja freðfisk, a. m. k. ekki nema framleiðsla karfa aukist mikið á nýjan leik. Saltsíldin og freðsíldin er aftur á móti ekki fyrst og fremst seld til Austur-Evrópu, enda þótt þar séu þýðingarmiklir markaðir fyrir þessar vörur. Á árinu 1961, í fyrra, voru 37% af saltsíldinni seld til Austur-Evrópu, en 64% af freðsíldinni og 42% af verðmæti beggja afurðanna samanlögðu. Hinn hlutinn, 58%, var að mestu leyti seldur til Vestur-Evrópu eða til landa, sem væntanleg tengsl okkar við Efnahagsbandalagið mundu engin áhrif hafa á, eins og t. d. Finnlands. Varðandi freðsíldina sérstaklega má nefna það, að nú á þessu ári hafa verið gerðir samningar um sölu freðsíldar á haust- og vetrarvertíð, sem nemur samtals 132 millj. kr. Af þessari upphæð eru 72 millj. eða meir en helmingurinn sölur til Vestur-Evrópu, en afgangurinn til Austur-Evrópu. Sannleikurinn er sá, að sala á þessum erfiðu afurðum okkar, saltsíld og freðsíld, mundi verða mjög erfið, ef við stæðum utan Efnahagsbandalagsins og yrðum að greiða hinn háa sameiginlega toll af síldarafurðum. Hitt er aftur á móti öldungis rétt hjá hv. þm., að síldarmarkaðir okkar í Austur-Evrópu eru okkur mjög þýðingarmiklir. Einmitt þess vegna verðum við að leggja áherzlu á að tengjast Efnahagsbandalaginu á þann hátt, að við getum verndað markaðina í Austur-Evrópu.

Markaðurinn fyrir síldarafurðir í Vestur-Evrópu er þó raunar enn þýðingarmeiri en þær tölur benda til, sem ég nefndi áðan, vegna þess að það er einmitt í Vestur-Evrópu, sem búast má við vaxandi sölu síldarafurða. Miklar tilraunir er nú verið að gera til þess að selja síld á þessa markaði, að nokkru leyti verkaða með nýjum hætti. Verulegur árangur hefur þegar orðið af þessum tilraunum, og má vænta frekari árangurs, þegar fram í sækir. Aftur á móti virðast ekki vera miklir möguleikar til aukningar á síldarsölu til Austur-Evrópu, því miður. Kemur þar hvort tveggja til, að neyzla saltsíldar virðist ekki fara vaxandi í þessum löndum og að þau sjálf auka sí og æ síldveiðar sínar, einkum Sovétríkin og Pólland. Við þetta bætast svo þeir erfiðleikar, sem eru á því að finna vörur, sem okkur henta til innflutnings frá Austur-Evrópu, svo sem áður hefur verið margrætt.

Þá er og rétt að undirstrika, að alls ekki virðist ósennilegt, að stofnun og væntanleg stækkun Efnahagsbandalags Evrópu muni, þegar fram líða stundir, verða til þess að auka viðskipti milli Vestur- og Austur-Evrópu. Það er markmið Efnahagsbandalagsins, þegar fram í sækir, að stuðla að sem mestum og sem frjálsustum alþjóðaviðskiptum. Miklir erfiðleikar hafa verið á viðskiptum milli Vestur- og Austur-Evrópu, og hefur þeim vandamálum, sem þar eru á ferðinni, verið lítið sinnt fram að þessu, ekki sízt vegna þeirra miklu breytinga á viðskiptaháttum, sem átt hafa sér stað í Vestur-Evrópu. En ekki virðist ósennilegt, að

þegar þessar breytingar eru um garð gengnar og Efnahagsbandalagið stendur traustum fótum og nær til allrar Vestur-Evrópu eða langmests hluta hennar, þá verði gert átak til þess að efla á ný viðskipti á milli Austur- og Vestur-Evrópu. Ætti það að vera báðum hlutum álfunnar til mikilla hagsbóta og unnt að finna leiðir til þess að auka þessi viðskipti, ef stjórnmálaástandið í heiminum leyfir. Fáar þjóðir Vestur-Evrópu hafa eins mikilla hagsmuna að gæta í viðskiptum við Austur-Evrópu og einmitt við Íslendingar. Gæti vel svo farið, að við hefðum mikið gagn af slíkum samningum um viðskipti milli Vestur- og Austur-Evrópu, þegar fram í sækti, ef þeir samningar gætu skapað grundvöll fyrir viðskiptum á öðrum grundvelli en jafnkeypisgrundvelli. En jafnkeypisviðskipti eru Íslendingum af margvíslegum ástæðum sérstaklega óhagkvæm.

Það er þess vegna misskilningur að telja tengsl við Efnahagsbandalagið þurfa að þýða það, að Ísland velji á milli viðskipta við Vestur- eða Austur-Evrópu, eins og oft sést í blöðum og hefur raunar verið haldið fram hér af tveimur hv. þm. Það gæti vel svo farið, að tengsl við bandalagið yrðu upphafið að auknum viðskiptum við Austur-Evrópu á heilbrigðari grundvelli en við höfum haft fram að þessu.

Þá sagði hv. 4. þm. Austf., að freðfiskmarkaðir Íslendinga á væntanlegu Efnahagsbandalagssvæði skiptu tiltölulega litlu máli. Freðfisksútflutningur þangað hefur þó verið í meiri vexti en til nokkurs annars markaðssvæðis Íslendinga undanfarin ár. Hlutdeild Vestur-Evrópu í heildarútflutningi freðfisks óx úr 5% árið 1959 í 13% 1960 og náði 27% á árinu 1961. Auðvitað kann að vera, að einhverjar sveiflur verði í þessari þróun. En kæmu engar tollabreytingar eða annar aðstöðumunur gagnvart Íslendingum til greina, er ótvírætt, að þessi þróun mundi halda áfram. Skilyrði til dreifingarkerfis eru nú óðum að skapast í Vestur-Evrópu, og með söluátaki gætu Íslendingar án efa tryggt neytendaeftirspurn, sem tryggði sölu, sem væri ekki háð duttlungum stjórnarvalda. Meðan þessi þróun er að eiga sér stað a. m. k., er okkur auðvitað hagkvæmt að eiga víða markaði í Vestur-Þýzkalandi og Bretlandi fyrir ísvarinn fisk. Það er samhljóða dómur útflytjenda, að bæði markaðirnir fyrir freðfisk og ísfisk séu í stórhættu, ef við verðum að bera hinn sameiginlega toll bandalagsins. En sameiginlegi tollurinn á sjávarafurðir segir og alls ekki alla söguna. Bandalagið mun nú senn hefjast handa um mótun sameiginlegrar stefnu á sviði sjávarútvegsmála. Þessi stefna getur og mun sjálfsagt, líkt og er á sviði landbúnaðar, fela í sér ýmsar takmarkanir á viðskiptum fyrir lönd, sem standa utan bandalagsins. Hugsanleg eru einhvers konar eða ýmiss konar verðjöfnunargjöld í viðbót við tolla, líkt og á sér stað um landbúnaðarafurðir, og enn fremur gæti komið til sérstakra takmarkana á löndun ísfisks. Niðurstaðan varðandi sjávarafurðir getur því ekki orðið önnur en sú, að Íslendingum sé mikil nauðsyn að eiga jafnréttisaðgang að markaðinum á hinu stækkaða Efnahagsbandalagssvæði.

Að síðustu er svo þess að geta, að þótt gert sé ráð fyrir nauðsyn þess að byggja upp nýjar útflutningsgreinar á komandi árum, er með því auðvitað á engan hátt gert lítið út mikilvægi sjávarútvegsins fyrir íslenzkan þjóðarbúskap. En hv. 4. þm. Austf. virtist vilja túlka ummæli mín um nauðsyn þess að koma á fót nýjum útflutningsgreinum sem einhvers konar vanmat á gildi sjávarútvegsins fyrir íslenzkan þjóðarbúskap. Sjávarútvegurinn verður að sjálfsögðu enn sem fyrr undirstöðuatvinnuvegur Íslendinga. En aðrar framleiðslugreinar þurfa að koma til, ef tryggja á æskilegan og nauðsynlegan ávöxt. Og þeim grundvallarrökum hefur ekki verið hnekkt, að Íslendingum sé nauðsynlegt að komast hjá greiðslu sameiginlega tollsins á t. d. alúmíníum og öðrum slíkum vörum, sem hér væri hugsanlegt að hefja framleiðslu á, ef unnt ætti að vera að koma slíkum iðnaði á fót.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var umr. um skýrsluna enn fram haldið.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan segja nokkur orð í viðbót um þetta mikla mál, og sumpart þá í tilefni af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið af hendi hæstv. ráðh.

Hæstv. viðskmrh. kvartaði yfir, að ég hefði ekki í minni ræðu fagnað yfir stofnun Efnahagsbandalags Evrópu, ekki látið í ljós neinn fögnuð yfir því, að þessi þjóðasamtök hefðu risið á legg. Ég vil einlæglega vona, að þessi samtök þjóðanna í Vestur-Evrópu verði til blessunar fyrir þær þjóðir, sem þau hafa stofnað, og það hefði gjarnan mátt vera í minni ræðu og það segi ég af heilum hug núna, ef einhverjum hefur þótt það á skorta.

En það er mál út af fyrir sig, hvað þessum þjóðum finnst sér henta og vera lífsnauðsyn, og annað er svo hitt, hvað íslenzku þjóðinni hentar og hvernig þessi mál koma við hana. Má þá hver sem vill lá mér, þó að minn fögnuður yfir þessari þróun málanna sé nokkuð blandinn frá íslenzku sjónarmiði skoðað. Leyfi ég mér þá einnig að vísa til sumra þeirra ummæla, sem fram hafa komið úr herbúðum stjórnarinnar í þá átt, án þess að hæstv. viðskmrh. hafi talið sér nauðsynlegt að flytja af því tilefni nokkrar aðfinnslur.

Ég vil minna á, að rétt áður en hæstv. viðskmrh. stóð upp úr sæti sínu, hafði hæstv. forsrh. setzt, eftir að hafa lýst yfir m. a., að samvinna eða sameining sex- og sjöveldanna í Evrópu mundi ekki greiða götu íslenzkra hagsmuna, og eftir að hafa líka strikað undir það, að greiða mundi þurfa allriflegan inngangseyri í þessi nýju samtök, ef til kæmi, og gæti jafnvel orðið íslenzku þjóðinni um megn, eftir að hafa einnig minnzt á, að sumt af því, sem þar

gæti komið til greina, gæti reynzt okkur banvænt, jafnvel þjóðfrelsinu sjálfu, eins og hæstv. forsrh. orðaði það.

Eitthvað held ég, að hæstv. viðskmrh. ætti að endurskoða hug sinn í þessu efni og skilja, að það er ekkert undarlegt, þó að fögnuður Íslendinga í þessu sambandi geti verið nokkuð blandaður. En hugsunarháttur hæstv. viðskmrh. í þessu máli virðist vera nokkuð undarlegur á ýmsan hátt, því að eftir að hafa minnzt á þetta, sagði hæstv. viðskmrh. efnislega þetta: Hvernig er hægt annað en að fagna lækkun tolla og afnámi hafta? — Frá hvaða sjónarmiði er þetta sagt? Frá hvaða sjónarmiði segir hæstv. viðskmrh. þetta? Hann hefur sjálfur haldið hér tvær ræður í þessu stóra máli, og þær ræður hafa mest fjallað um að mála sem svartasta mynd af því, hvað þetta bandalag muni hafa stórfellda verndartolla gagnvart þeim þjóðum, sem sjá sér ekki fært að ganga inn í það, og muni þar að auki beita verulegum viðskiptahöftum og viðskiptaþvingunum gagnvart þeim. Frá hvaða sjónarmiði talar svo hæstv. viðskmrh., þegar hann síðan stígur hér í ræðustólinn og segir: Hvernig er hægt annað en að fagna lækkun tolla og afnámi hafta? — Er það þetta, sem skeð hefur? Því miður ekki þetta, heldur hitt, að eins og horfir nú í dag, lítur út fyrir, að þarna eigi að innleiða í heimsviðskiptin verulega verndartolla og veruleg viðskiptahöft og ganga öfugt á þá þróun til lægri tolla og frjálsari viðskipta á milli þjóða, sem áður hefur átt sér stað. Ég neyðist til að segja, að hæstv. viðskmrh. lítur ekki á þetta mál frá íslenzkum sjónarhól þá stundina, sem hann segir þessi orð: Hvernig er hægt annað en að fagna lækkun tolla og afnámi hafta?

Hitt er svo annað mál, að við erum mörg og áreiðanlega mjög mörg, sem vonumst eftir því, að það verði alls ekki í framkvæmdinni haldið á þessum málum eins og út gæti litið fyrir nú í dag og eins og hæstv. viðskmrh. vill spá með því að mála þessa ljótu mynd af verndartollum og viðskiptahöftum á vegum bandalagsins. Við erum mörg, sem höfum þá bjargföstu skoðun og sannfæringu, að þetta muni verða öðruvísi í reyndinni og það muni fara svo, að með margs konar samningum og ráðstöfunum verði þessir ytri tollar í bandalaginu lækkaðir og samið um niðurfellingu þeirra með ýmsum hætti við margar þjóðir, og við bendum í því sambandi til þeirrar merku þróunar, sem á sér stað og áreiðanlega verður í viðskiptum þessa bandalags við Bandaríki Norður-Ameríku. Og ég trúi því alls ekki, að niðurstaðan í þessum efnum verði eins og í fljótfærni mætti ályktа í dag. Ég trúi því ekki, að hinn vestræni heimur eigi eftir að kljúfa sig niður í bandalög, sem beita viðskiptahöftum og verndartollum hvert gegn öðru. Ég trúi því ekki. Og þetta er einmitt ein aðalástæðan fyrir því, hvað við framsóknarmenn leggjum mikla áherzlu á einmitt þá stefnu í málinu, sem við höfum talað fyrir og ég mun koma ofur lítið nánar að.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að málflutningur minn hefði verið á ýmsan hátt neikvæður. Það má vel vera, að frá sjónarmiði hans hafi hann að sumu leyti verið neikvæður, því að hans sjónarmið kemur mér furðulega fyrir. En ég tel, að hann hafi ekki verið neikvæður. Ég tel það t. d. ekki neikvætt að mæla fyrir því, að Íslendingar geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til að komast hjá því að veita erlendum aðilum rétt til atvinnurekstrar á Íslandi. Ég tel það ekki neikvætt. Ég tel það jákvætt að berjast fyrir því, að til slíks þurfi ekki að koma. Ég tel það ekki heldur neikvætt frá íslenzku sjónarmiði að vilja komast hjá því, að íslenzka þjóðin gangi undir samstjórn í efnahagsmálum eða skuldbindi sig til að hafa sömu stefnu í þeim málum og aðrar þjóðir, þar sem ólíkt er ástatt á svo margan hátt. Ég tel það ekki heldur neikvætt að vilja vinna þannig að þessu máli, að það komi ekki til greina, að íslenzka þjóðin, sem nýlega hefur fengið sjálfstæði sitt, sogist inn í ríkjasamsteypu í Vestur-Evrópu. Ég tel það ekki neikvætt. Og hvernig ættum við að geta snúið aftur, ef við í ógætni tengdumst þessari ríkjasamsteypu á þá lund, að við gætum ekki aftur losað þau tengsl? Ég held, að það mundi verða býsna erfitt fyrir okkur að snúa til baka og það sé þess vegna aldrei of varlega farið í þessu máli. Ég held, að sá málflutningur, sem beinist í þá átt að fara varlega í þessu, sé ekki neikvæður frá íslenzku sjónarmiði, heldur jákvæður. En aftur á móti hlýtur slíkur málflutningur að vera neikvæður í eyrum þeirra, sem vilja, að Íslendingar tengist sem mest Efnahagsbandalaginu eða þjóðasamsteypunni í Vestur-Evrópu. Í augum þeirra er slíkur málflutningur neikvæður. En ég vil vona, að það verði hægt að fá samtök sem allra flestra um að líta á þennan málflutning einmitt sem jákvæðan.

Ég sagði í ræðu minni um daginn, að ég teldi, að markmið okkar ætti að vera tolla- og viðskiptasamningur án annarra tengsla við bandalagið. Eitthvað hafði hæstv. viðskmrh. orð á því, að þessi niðurstaða hefði komið einhverjum á óvart. En það hlýtur að vera á algerum misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh., því að þessi hefur verið tónninn í öllu því, sem frá Framsfl. hefur komið í þessu efni frá fyrstu tíð. Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að miðstjórn Framsfl. ályktaði í fyrravetur um þessi efni og benti þá strax á þessa leið, að leitast við að tengjast Efnahagsbandalaginu með samningum um tolla- og viðskiptamál, gagnkvæmum niðurfellingum og tilslökunum í því efni. Á ráðstefnu Frjálsrar menningar, sem haldin var í fyrravetur, hélt ég líka þessari skoðun talsvert eindregið fram, að það væri á þessa lund, sem við ættum að reyna að leysa okkar samskipti við Efnahagsbandalagið. En þá fannst hæstv. ráðh. það vera fjarstæða, að slíkt væri með nokkrum sæmilegum hætti mögulegt. En ég varaði þá eindregið við þeirri skoðun að tala þannig, því að það væri óhugsandi að vita um það þá, hvaða möguleikar mundu verða í þessu efni, og varaði því

hæstv. ráðh. eindregið við því þá að láta uppi slíkar skoðanir. Og nú er strax komið á daginn, að ríkisstj. sjálf gerir einmitt ráð fyrir því núna, að þessi leið -- að taka upp samninga við bandalagið um tolla- og viðskiptamál — sé önnur af þeim leiðum, sem til greina komi. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur látið þetta í ljós og hefur þessa leið alveg opna. Ég vil mega vonast eftir því, að smátt og smátt muni þessi mál þróast þannig, að fleiri og fleiri geti staðið saman um að taka málin upp einmitt eftir þessari leið.

Hitt verð ég að segja, að mér kemur það dálítið einkennilega fyrir, í hvaða tón hæstv. ráðherrar tala um afstöðu Framsfl. í þessu tilliti, þegar þess er gætt, að við höfum lýst því eindregið yfir, að við vildum leggja áherzlu á aðra þá leið, sem ríkisstj. telur koma til mála. Og ég vil vona, að sú tortryggni, sem kemur upp í hugann vegna þess, reynist með öllu ástæðulaus.

Þá vil ég minnast á, að í afstöðu okkar framsóknarmanna hefur komið fram, að við teljum Íslendinga ekki geta gengið í Efnahagsbandalagið. Við getum ekki gengið undir samstjórn í einu eða öðru formi á þá lund, sem þar er ráðgert, eins og segir í ályktun miðstjórnar Framsfl. um þessi efni. Og við verðum að halda fast á því, að Íslendingar verði að hafa á sínu valdi, hvort og með hvaða skilmálum erlendir aðilar megi hafa hér atvinnurekstur eða leita sér hér atvinnu.

Og við höfum sagt, að við höfum þegar gert okkur grein fyrir því, að markmið okkar ætti að vera að ná tolla- og viðskiptasamningum án annarra tengsla. Þetta ætti að vera það, sem við stefndum að.

Nú segja sumir, að þetta sé allt of fljótræðislegt, að ætla sér að taka þessa stefnu nú þegar, og það eigi að halda því opnu að taka málin upp á grundvelli aðildar í einu eða öðru formi.

En þá kemur frá okkar sjónarmiði til skoðunar, og um það verða menn að ræða í hreinskilni: Hvað er það, sem gæti verið ástæða fyrir Íslendinga að sækjast eftir í sambandi við Efnahagsbandalag Evrópu, annað en tolla- og viðskiptasamningur? Hvað er það annað, sem Íslendingar gætu haft ástæðu til að sækjast eftir en t. d. gagnkvæm niðurfelling á tollum á þýðingarmestu vörutegundum — gagnkvæm segi ég — og eðlilegir viðskiptasamningar? Hvað er það annað, sem Íslendingar gætu haft ástæðu til að sækjast eftir, þannig að það væri frá íslenzku sjónarmiði réttara að taka málið upp á öðrum grundvelli en þeim að óska eftir tolla- og viðskiptasamningi? Þeir, sem ekki hafa nú þegar gert það upp við sig, að það sé sú rétta aðferð til að taka upp málið, þeir hljóta að hafa í huga, að eitthvað annað geti verið eftirsóknarvert frá íslenzku sjónarmiði í þessum málum en að komast inn fyrir tollmúrana með sérstökum samningum.

Hvað getur það verið, sem Íslendingar ættu þannig að sækjast eftir umfram það? Ekki geta það verið réttindi til að reka atvinnu í öðrum löndum. Íslendingar sækjast yfirleitt ekki eftir því að fá réttindi til að reka atvinnu í öðrum löndum, og þeirra hluta vegna þurfum við ekki að gera meira. Ekki sækjumst við eftir réttindum til að flytja fjármagn okkar í önnur lönd. Ekki sækjumst við eftir réttindum til að flytja okkar fólk í önnur lönd. Ekki sækjumst við eftir því að þurfa að samræma efnahags- og atvinnumálastefnu okkar stefnu annarra landa. Við höfum á svo margan hátt sérkennilegan þjóðarbúskap vegna okkar dvergsmæðar og sérstakra ástæðna, að því fer auðvitað víðs fjarri, að við sækjumst eftir því að þurfa að binda okkur í þessu efni. Ekki sækjumst við eftir því að ganga undir samstjórnina í efnahagsmálum, því að þar getum við bókstaflega engu ráðið. Ekki þurfum við að sameinast þjóðum Efnahagsbandalagsins til að fyrirbyggja stríð milli þeirra og okkar. En þessi atriði, sem ég nú hef rakið, eru eftirsóknarverð, mörg af þeim, einmitt frá sjónarmiði margra þeirra þjóða, sem í bandalaginu eru, en ekki frá okkar sjónarmiði. Við höfum sem sé allt öðruvísi aðstöðu á allan hátt en þær þjóðir, sem hafa efnt til bandalagsins.

Ýmsar af þeim þjóðum, sem hafa efnt til bandalagsins, hafa brennandi áhuga á því að geta haft réttindi fyrir sína menn til þess að hafa stórfelldan atvinnurekstur í öðrum löndum. Sumar af þjóðunum hafa brennandi áhuga á því að geta haft möguleika fyrir sitt fólk til að flytja út úr sínu eigin landi og inn í hin löndin. Og margar þessar þjóðir hafa brennandi áhuga á því að geta verið frjálsar með fjármagn sitt og til að flytja það inn í hin löndin. Og sumar af þessum þjóðum virðast beinlínis vilja vera í bandalaginu til að geta haft áhrif á gang mála í Evrópu, eins og Bretar fara ekkert dult með núna, að þeir vilja fyrst og fremst komast inn í samstjórnina, inn í bandalagið til þess að geta ráðið pólitískum gangi mála í Evrópu. Engu af þessu sækjumst við eftir.

Á þessu sjáum við, hversu þetta dvergríki okkar er gersamlega ósambærilegt við þær þjóðir, sem byggja upp þetta bandalag eða þetta ríki, — ef hér verður ríki sett á fót. Frumhvötin í þessu bandalagsmáli er ef til vill einmitt sú að fyrirbyggja í framtíðinni stríð á milli þessara þjóða. En engin slík hvöt getur verið ráðandi hjá okkur í sambandi við inngöngu í slíkt þjóðasamfélag eða ríki.

Á þessu sjáum við, að það, sem við fyrst og fremst þurfum að sækjast eftir, er að geta haft við þetta bandalag, við þetta ríki, ef það verður ríki, eðlileg viðskipti, að við getum komið málum þannig fyrir, að viðskipti okkar biði ekki hnekki, að það verði ekki lokað fyrir þau með tollmúrum og við getum fengið við þessi lönd eðlilega viðskiptasamninga, síðan haldið áfram að hafa við þau margs konar menningarsamskipti, eins og leiðir af því, að þessi lönd eru okkar næstu nágrannar og þau lönd, sem við sækjumst áreiðanlega mest eftir samvinnu við, og ég segi: jafnhliða því, sem

við sækjumst eftir samvinnu við aðra hluta hins vestræna heims og aðrar lýðræðisþjóðir, eins og t. d. þjóðir Norður-Ameríku.

Það er alveg vonlaust mál að kenna þessa stefnu og þennan málflutning, þ. e. að sýna fram á sérstöðu okkar í þessu efni, að kenna þetta við einangrunartilhneigingu, telja allt að því hálfgerða ónáttúru að vilja ekki svo að segja skilyrðislaust taka þátt í þessu þjóðasamfélagi Vestur-Evrópu. Menn mega alls ekki gera sig seka um slíkan málflutning. Hann er ekki sæmilegur í sambandi við mál eins og þetta, sem snertir grundvöllinn undir framtíðarlífi íslenzku þjóðarinnar. Það er ekki heldur sæmilegt í þessu máli að bera mönnum á brýn annarleg sjónarmið, að menn leyfi sér í þessu máli t. d. að taka afstöðu eftir því, hvernig pólitíska viðhorfið kann að vera nú á þessari stundu á Íslandi. Það er ósæmilegt að bera mönnum slíkt á brýn, það væri ósæmilegt, ef nokkur maður reyndi að gera slíkt.

Það er út frá þessum hugsanagangi, sem ég hef enn verið að reyna að lýsa nánar en áður, sem við í Framsfl. höfum lagt áherzlu einmitt á þetta, að við ættum að óska eftir samningum við Efnahagsbandalagið, þegar það verður tímabært, á grundvelli tolla- og viðskiptasamninga, en ekki á grundvelli aðildar, því að það, sem við einmitt þurfum að komast hjá, er að veita þessi réttindi eða vefjast inn í bandalagið með einum eða öðrum hætti, ekki láta málin taka allt aðra stefnu en við raunverulega viljum, þannig að við vöknuðum upp einn góðan veðurdag og værum þá búnir að sameina þjóð okkar öðrum þjóðum án þess að hafa gert okkur ljóst, hvað við værum raunverulega að gera. Við þurfum fyrst og fremst að leggja áherzlu á að komast inn fyrir tollmúrana, ef þessir tollmúrar þá hrynja ekki eða lækka stórkostlega alveg á næstunni, jafnvel án okkar tilverknaðar, sem ég hef verulega trú á.

Ég vil alvarlega vara við því, að menn hlaupi á sig í þessu tilliti og fari t. d. fyrir mönnum eins og hæstv. forsrh. Það hryggði mig að heyra hæstv. forsrh. kalla það frekju, ef Íslendingar færu fram á að fá samninga við Efnahagsbandalagið um, að þar yrðu felldir niður tollar á ýmsum þýðingarmiklum vörum okkar gegn því, að við felldum aftur niður á móti toll á vörum þeirra. Þetta má alls ekki segja, vegna þess að hér er alls ekki um neina frekju að ræða, heldur eðlilega gagnkvæmni á fullkomlega eðlilegan hátt. Og ég vil biðja menn að athuga, að önnur sú leið, sem hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, hlyti einmitt að byggjast á því, að grundvöllurinn væri slíkir samningar.

Enginn okkar getur fullyrt neitt um, hvaða samningum er hægt að ná við Efnahagsbandalagið. En ég hef sagt og segi það enn, að ég tel, að tíminn vinni með okkur í þessu efni, ef við bíðum átekta, þá muni verða léttara fyrir okkur að koma okkar sjónarmiði fram einmitt á grundvelli tolla- og viðskiptasamninga og það muni hjálpa okkur á margvíslegan hátt margt af því, sem aðrar þjóðir eiga eftir að gera á næstunni.

Ég held, að þetta eigi eftir að breytast enn. Og alveg eins og hæstv. viðskmrh. var ákaflega svartsýnn á þessar leiðir í fyrravetur, en nú miklu bjartsýnni, þá trúi ég því, að þetta eigi enn eftir að þróast í sömu átt. Það eigi eftir að aukast möguleikar fyrir því að koma einmitt fram málum okkar eftir þessari leið, ef við bara hlaupum ekki á okkur, tölum ekki af okkur og flýtum okkur ekki.

Það hefur verið mikið talað um aukaaðild í sambandi við þessi mál, og það er rétt, að það er ekki hægt með neinni vissu að segja um, hvað aukaaðild verður. Og á tímabili var talað um, að aukaaðild gæti verið frá 1—99%. Ég er hræddur um, að þetta tal hafi haft litla stoð í veruleikanum. En ef þetta hefði verið rétt, þá hefði t. d. átt að rúmast undir aukaaðild tollsamningar og viðskiptasamningar svona hér um bil venjulegir. Ég held, að það skýri ekki mikið málið, svona tal um aukaaðild, enda er nú hætt að tala um aukaaðild á þessa lund.

Það eina, sem við vitum um aukaaðild fyrir víst, er gríski samningurinn, sem jafngildir inngöngu í Efnahagsbandalagið. Og svo heyrum við hæstv. viðskmrh. segja, að aukaaðild þýði, að samningar yrðu teknir upp á aðildargrundvelli að sjálfsögðu, og yrði þá að fá undanþágur frá Rómarsáttmálanum og í því sambandi að taka upp samninga um atvinnurekstrarréttindi, fjármagnsflutninga, atvinnuréttindi, um sameiginlegu stjórnina og sameiginlegu stofnanirnar og stefnuna í efnahags- og atvinnumálum. Allt þetta yrði að taka til meðferðar og ræða, að því er manni skilst, á undanþágugrundvelli, þar sem aðalgrundvöllurinn í umr. yrði, eftir því sem bezt verður vitað, sjálfur Rómarsamningurinn.

Á þennan hátt teljum við alveg skakkt að taka upp málefni Íslands við bandalagið. Og það virðist okkur nú þegar augljóst, að ekki sé rétt né skynsamlegt að taka málin upp á þennan hátt með Rómarsáttmálann sem grundvöll og semja um undanþágur. Hitt sé alveg augljóst nú þegar, að fyrir okkur Íslendinga sé um að gera að taka, þegar þar að kemur, málið upp á grundvelli samninga um tolla- og viðskiptamál, gera sér grein fyrir málinu á þá lund, sem við höfum verið að reyna að gera, hvað það sé, sem Ísland þurfi að sækjast eftir, og taka samningana upp á þeim grundvelli. Þetta teljum við hægt að sjá nú þegar.

Það er ekki hægt að taka þetta mál upp við bandalagið, þegar þar að kemur, bæði á grundvelli samninga um tolla og viðskiptamál án annarra tengsla og á grundvelli aðildar. Það verður að velja á milli þessara tveggja leiða. Og við teljum okkur hafa sterk og fullgild rök fyrir því, að það beri að taka upp samninga við Efnahagsbandalagið á grundvelli tolla- og viðskiptasamninga án frekari tengsla.

Hæstv. ríkisstj. segist sjá, að full aðild sé

ófær, en hún segist ekki sjá, hvort stefna beri að aukaaðild eða tolla- og viðskiptasamningum, væntanlega af því, að hæstv. ríkisstj. telur sig ekki sjá, hvort heppilegra sé fyrir Ísland. En við segjumst sjá nú þegar, að markmið Íslendinga eiga að vera tolla- og viðskiptasamningur án annarra tengsla og um það beri að sækja, þegar tímabært verður, en alls ekki um aðildina. Við þykjumst sjá það alveg greinilega, að ef við sækjum um aðildina, þótt kölluð sé aukaaðild, þá er þar með lokað tolla- og viðskiptasamningsleiðinni. Þetta er aðalatriði málsins.

Ef menn gera það ekki upp við sig, að þeir stefni að tolla- og viðskiptasamningsleiðinni, og halda áfram að slá úr og í í þessum efnum og sækja svo um aukaaðildina, þá er alveg augljóst, að með því er tolla- og viðskiptasamningsleiðinni raunverulega lokað. Þannig lítum við á þetta mál. Við teljum, að Íslendingum muni takast að ná hagfelldum samningum eftir tolla- og viðskiptasamningsleiðinni, og viljum ekki eiga þátt í því að ræða um val á milli verri eða lakari kosta. Við teljum, að við munum ná hagfelldum samningum eftir þessari leið, ef við berum gæfu til þess að sameinast um hana og fylgja henni fram nægilega sterkt, en tvístígum ekki eða spillum fyrir möguleikunum með því að ræða aðra kosti alltaf jöfnum höndum en þá, sem beztir eru fyrir Ísland frá okkar sjónarmiði.

Þetta er sú leið, sem við höfum sjálfir trú á, að sé bezt fyrir Ísland og sé fullkomlega frambærileg og sanngjörn í allra garð, og við teljum, að verði að taka hiklaust fram yfir og beita sér fyrir og stefna að. Annaðhvort verða menn að vilja sækja um aðild eða tolla- og viðskiptasamninga við bandalagið, nema þá auðvitað þeir, sem vilja rjúfa viðskiptatengslin við Vestur-Evrópu. Þeir vilja náttúrlega raunverulega hvorugt. Það er ekki hægt að vilja hvort tveggja. Það er ekki hægt að taka málið upp með hvoru tveggja mótinu. Og við erum reiðubúnir með þeim rökum, sem við höfum fyrir því fært, að segja nú, hvora stefnuna við viljum taka, þegar tímabært er að taka málið upp. Hér er um það að ræða, um hvað eigi að sækja og að hverju eigi að vinna.

Ráðherrar hafa sagt, að það væri ósamræmi í því að leggja ofurkapp á að bíða átekta annars vegar, en segja þó strax, að markmiðið eigi að vera tolla- og viðskiptasamningar. Ég hef nú fært rök fyrir því enn á ný, hvers vegna við teljum tímabært að taka þessa stefnu. En út af því, að við jafnframt leggjum mikla áherzlu á að bíða átekta, vil ég aðeins segja örfá orð.

Ég held, að hæstv. ráðh. viti, að í þessu er ekkert ósamræmi, því að ómögulegt er að ná slíkum samningum, sem við höfum talið heppilegasta fyrir Ísland, fyrr en síðar. Það er óhugsandi að ná slíkum samningum, eins og mál standa nú, og enginn okkar veit, hversu lengi það getur dregizt, að réttur jarðvegur myndist. Fyrir þessu höfum við fært pottþétt rök, sem ekki hefur verið reynt að hnekkja og allir eru nú sammála um, að það sé alls ekki tímabært að reyna að fá neina niðurstöðu í þessum málum.

Og einmitt vegna þess, að nú er ekki hægt að fá neina niðurstöðu í þessum málum, þá er ekki tímabært, eins og nú stendur, að ræða um leiðir við þjóðir Efnahagsbandalagsins, — ræða um leiðir, því að það er rangfærsla því miður að túlka þær viðræður, sem nú gætu átt sér stað, eingöngu sem öflun upplýsinga. Það er rangfærsla að túlka þær þannig. Það eru viðræður um leiðir, án þess að Íslendingar hafi stefnu í málinu. Það er það, sem þær eru. Ekkert er kannske jafnþýðingarmikið og það að koma fram með málstað sinn á réttan hátt á réttum tíma. Og ekkert er hættulegra en að flytja mál sitt villandi í ótíma. Og ekkert er háskalegra en að halda þannig á málum, að hinn samningsaðilinn misskilji, hvað verið er að fara, og haldi máske, að verið sé að fara allt annað en endanlega verður ofan á. Ég veit, að hver einasti maður, sem hefur tekið þátt í samningum, og það eru flestir, skilur þessar einföldu staðreyndir, og það er ekki hægt að rugla menn í þessu rími.

Hæstv. ráðh. segja, að það sé um að gera að tala, það sé með öllu óeðlilegt að vilja ekki tala t. d. við forráðaþjóðir bandalagsins. Og í sambandi við þetta segja hæstv. ráðh. einnig, að það eigi að fá upplýsingar og skýra málstaðinn. En hvað á að segja? Er það ekki aðalatriðið í þessu sambandi, hvað á að segja. Og hver er málstaðurinn? Það er ekki aðalatriðið að tala, heldur ætla ég, að aðalatriðið sé að segja það, sem þarf að segja, og segja það á réttum tíma. Það ætla ég að sé aðalatriðið, en hitt sé háskalegt, að segja það, sem ekki á að segja, og segja það á röngum tíma.

Í sambandi við þessi atriði, hvenær eigi að taka þessi málefni fyrir og hvernig eigi að flytja málstað Íslands, þá vil ég meina, að hafi einhver verið í vafa um, að sú skoðun okkar framsóknarmanna væri rétt, að það ætti að bíða átekta, líka með viðtölin, þá vil ég meina, að þeir, sem hafa hlustað á þær umr., sem hér hafa farið fram, séu áreiðanlega allir sannfærðir um, að það er ekki út í bláinn, sem við höfum lagt áherzlu á, að viðtöl um leiðir, — ég segi: viðtöl um leiðir af Íslands hendi í þessum málum, — væru ekki tímabær, því að spurningin kemur upp um það, hvernig á að flytja málstað Íslands í viðræðunum. Á t. d. að halda á málum eins og hæstv. forsrh. gerði hér — og ég vona nú í fljótræði, að það sé óeðlilegt og frekja af hálfu Íslendinga að gera ráð fyrir því, að gagnkvæmir samningar um tollalækkanir og frjáls viðskipti séu eðlilegir og fullkomlega sanngjarnt að fara fram á slíkt. Þetta sjónarmið á ekki rétt á sér, og einmitt þetta atriði þarf að gera upp og kryfja til mergjar hér heima fyrir, áður en við tölum um leiðir eða nokkuð það, sem hægt er að kalla samninga, kemur til greina.

Sama má segja um ýmislegt af því, sem hér hefur komið fram varðandi smáþjóðirnar og veru þeirra í bandalaginu. Það gæti sannarlega margt af því orðið misskilið í sambandi við þessi mál. Á að flytja málstað Íslands varðandi atvinnuruckstur útlendinga og fjármagnsflutninga útlendinga inn í landið á eitthvað svipaða lund og hæstv. viðskmrh. flytur þau mál hér, þar sem hann hefur í blöðum og ræðum bent á, að Íslendingar muni að vísu verða að standa fast á því, að útlendingar fái ekki að fiska í landhelginni, en verði á hinn bóginn að gera sér grein fyrir því, að meiri og minni breytingar verði að eiga sér stað á þeirri pólitík, sem nú er rekin varðandi fiskiðnaðinn í landinu. Eins hefur hæstv. viðskmrh. haldið því hér fram í framsöguræðu sinni í þessu máli, að það væri hinn mesti misskilningur að bera nokkurn kvíðboga fyrir því, þó að útlendingar fengju hér veruleg réttindi til atvinnu. Þetta eru allt önnur sjónarmið en við úr Framsfl. höfum flutt í þessu máli.

Ég er að benda á þetta til að sýna, hver lífsnauðsyn er, að þessi mál séu gerð upp hér innanlands, reynt að ná sem víðtækustu samkomulagi um þau og reynt að ákveða stefnuna sæmilega glöggt, áður en til kemur, að þessi mál séu flutt út á við. Það er lífsnauðsyn að gera þetta, og það er ekki hægt að gera sér grein fyrir því, hvorki ríkisstj. né aðrir, hver málstaður Íslands er, fyrr en stefnan hefur verið tekin.

Ég bendi á þetta ósamræmi, sem hefur komið fram í málflutningnum, ekki til að reyna að breikka bilið á milli manna, því að ég álít, að það eigi alls ekki að gera, heldur eigi að reyna að ná sem mestri samstöðu og hægt er um þetta mál. Ég bendi á þennan skoðanamun, sem komið hefur fram í þessum umr., sem að sumu leyti hefur verið snúið upp í kappræður, til að sýna, hver lífsnauðsyn á því er, að það sé gert upp hér heima fyrir, hver málstaður Íslands er, eftir hverju eigi að sækjast, hvaða stefnu beri að hafa í viðræðunum við bandalagið, áður en viðræður eiga sér stað um leiðir í málinu.

Einmitt af þessum ástæðum, að það hefur ekki verið tekin stefna í málinu af hendi Íslands og ekki er tímabært að taka málið upp út á við, þótt menn geti þegar haft stefnu í málinu, eins og við höfum tekið, þá leggjum við áherzlu á, að samningaumræður eða viðræður um leiðir í málefnum Íslands og bandalagsins eigi sér ekki stað, fyrr en tímabært er og þessi mál hafa verið gerð upp heima fyrir.

Í ræðu sinni um daginn minntist hæstv. viðskmrh. á, að málflutningur stjórnarandstæðinga hefði verið nokkuð líkur. Það var eftirtektarvert, að hæstv. viðskmrh. skyldi sérstaklega benda á þetta. Aftur á móti benti hæstv. viðskmrh. ekki á, að við framsóknarmenn lýstum því yfir, að við vildum aðra þá leið, sem einmitt hæstv. ríkisstj. telur koma til mála í þessu sambandi. Og sannast að segja fannst mér dálitið einkennilegt, að hæstv. viðskmrh. skyldi kalla það neikvæða afstöðu, að við tókum einmitt undir aðra þá leið, sem hæstv. ríkisstj. telur mjög koma til mála. Og enn meira undrandi hef ég verið á því, að allur blærinn á málflutningi hæstv. ríkisstj. bendir í þá átt, að henni finnist þessi leið, sem hún sjálf hefur bent á til jafns við aðra leið, a. m. k. ekki vera jafngild hinni. Það virðist koma greinilega fram.

Ég vona, að þetta þýði ekki, að ríkisstj. meini það ekki, að tolla- og viðskiptasamningur við Efnahagsbandalagið geti verið leið í málinu. Ég vona, að þetta þýði ekki það, vegna þess að ég álít það ákaflega þýðingarmikið, að sem flestir gætu staðið saman í þessu máli og eftir því væru meiri líkur fyrir góðri samninganiðurstöðu, sem fleiri gætu staðið saman.

En það kom fljótt í ljós utan þingsins, hvernig á því stóð, að hæstv. viðskmrh. valdi þann kost að draga það sérstaklega fram, að stjórnarandstæðingar hefðu verið sammála, að málflutningur stjórnarandstæðinga hefði verið líkur, eins og ráðh. mun hafa orðað það. Það hefur sem sagt komið í ljós í blöðum, að þetta mun hafa átt að vera grundvöllur fyrir að halda því fram, að Framsfl. mundi einmitt vilja stefna að viðskipta- og tollasamningaleiðinni vegna þess, að hún væri fremur að skapi kommúnista en hin leiðin, að sækja um aðild.

Ég vil alvarlega vara hæstv. ríkisstj. við því að færa umr. um þetta eitt hið vandasamasta mál, sem þjóðin hefur fengið til meðferðar, niður á allra lægsta plan. Ég vil alvarlega vara hæstv. ríkisstj. við því að draga þetta mál niður í svaðið á þann hátt, — alvarlega vara við því. Ég tel það, eins og ég sagði hér áðan, gersamlega ósæmilegt að drótta því að nokkrum manni, að hann leyfi sér að taka afstöðu til þessa máls miðað við það, hvað einhver annar vill, eða miðað við, hvernig ástatt er þá og þá í þeirri pólitísku taflstöðu hér í landinu. Ég vara hæstv. ríkisstj. enn við því að draga þetta mál niður í svaðið með því að gera slíkt. Ég held slíkt vera til stórtjóns fyrir málið og áreiðanlega ekki til neins ávinnings fyrir þá, sem tækju upp þann hátt. Þetta er álíka málflutningur hjá þeim, sem á honum hafa imprað, eins og ef við héldum því fram, að stjórnin mundi ætla sér að yfirgefa alveg tolla- og viðskiptasamningsleiðina, vegna þess að svo virtist í umr. um daginn, að eitthvað væri nær því, að Alþýðubandalagið eða kommúnistarnir vildu hana fremur en aðild.

Ég vil ekki gera hæstv. ríkisstj. slíkar getsakir.

Við þekkjum öfgarnar og ofstækið. Við vitum það t. d., að kommúnistar mundu vera óðir talsmenn þess, — alveg óðir talsmenn þess að ganga í efnahagsbandalag og jafnvel ríkjasamsteypu í Austur-Evrópu, ef slíkt gæti komið til greina. Þetta er auðvitað algerlega ljóst. Og það er enn ómögulegt að sjá af því sem fram hefur komið hér, hvað Alþb.-menn raunverulega vilja, t. d. hvort þeir mundu vilja nokkurn raunverulegan tolla- og viðskiptasamning við Efnahagsbandalagið. Það verður ekkert um það ráðið í raun og veru af því,

sem fram hefur komið, og skiptir ekki heldur öllu máli í þessu sambandi.

Við vitum líka, að í landinu er því miður talsvert mikið af öfga- og ofstopamönnum á hinum jaðrinum, sem gjarnan vildu sjá Ísland hreinlega innlimað og hikuðu ekkert við að ganga með fullri aðild að Efnahagsbandalaginu — eða innlima Ísland í nýtt ríki á meginlandi Vestur-Evrópu. Við vitum, að þessir menn eru til. Við vitum um þessar öfgar á báða bóga og þetta ofstæki. En það verður að taka afstöðu í þessu máli gersamlega án tillits til slíkra öfga og slíks ofstækis á báða bóga. Og ég vil einlæglega vona, að það verði nægilega margir, sem finna rétta leið í þessu máli og þá án tillits til þess, sem þeir vilja, sem öfgunum vilja hlíta á báða bóga.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, eins og ég gerði raunar áðan, að hæstv. ríkisstj. hefur opna þá stefnu að taka upp samninga við Efnahagsbandalagið á grundvelli tolla- og viðskiptasamningsleiðarinnar. Og ég vona, að það sé af heilum hug, sem hæstv. ríkisstj. hefur þá leið opna.

Ég vil láta í ljós von um, að nægileg samstaða náist um það, sem bezt er frá íslenzku sjónarmiði, og að nægilega öflug samstaða náist um að berjast fyrir því til þrautar.

Við framsóknarmenn trúum því, að fullnægjandi lausn muni nást eftir tolla- og viðskiptasamningsleiðinni, ef möguleikunum er ekki spillt með bollaleggingum og ráðagerðum um ýmislegt allt annað, sem okkur er óhagstæðara. Á þessu byggist okkar afstaða. Og við vildum helzt, að það næðist samkomulag um að taka stefnuna í rétta átt strax í þessu máli, þó að aðgerðir verði að sjálfsögðu að bíða. Við viljum, eins og ég sagði áðan, ekki taka þátt í því að velja á milli lakari kosta, en reyna að gera það, sem við getum, til þess að fylkja mönnum saman um að leita eftir því bezta og hagfelldasta.

Við fáum aldrei fullnægjandi tolla- og viðskiptasamninga við Efnahagsbandalagið með lauslegum bollaleggingum fram og aftur um þá leið og jafnframt um ýmsar aðrar leiðir, svo sem einhvers konar aðild, og ekki heldur ef við tökum þá leið fram yfir að sækja um aðild og byrjum með því að reyna að toga út undanþágur frá Rómarsamningnum. Með því mundum við loka tolla- og viðskiptasamningsleiðinni.

Þess vegna sýnist okkur, að það ætti að liggja beint við fyrir þá, sem ekki telja Ísland geta gengið beint inn í bandalagið, að ákveða það nú þegar, taka þá stefnu að sækja um umræður á tolla- og viðskiptasamningsgrundvelli á réttum tíma, ekki núna, heldur síðar.

Að lokum vil ég svo minna á, að ég lét í ljós þá skoðun í fyrri ræðu minni, að það væri eðlilegt, að ekki væru sendar neinar grg. um sjávarútvegsmál á ráðstefnur erlendis, án þess að Alþingi fengi að fylgjast með, hvernig slíkar grg. væru. Og ég vil leyfa mér að fara fram á, að hæstv. ríkisstj. lýsi því yfir, að þannig verði á því máli haldið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta mál hefur að vonum mjög skýrzt við þá rækilegu athugun, sem á því hefur verið gerð hin síðustu missiri. Það hefur bæði skýrzt í hugum manna hér innanlands, þeirra sem um það hafa fjallað, og eins hefur málstaður okkar áreiðanlega mjög til góðs verið skýrður fyrir aðilum Efnahagsbandalagsins og ýmsum þeim ríkisstj., sem nú hyggja á eða leita eftir inngöngu í það bandalag.

Það er að vonum, að þær umr., sem áttu sér stað í upphafi málsmeðferðar, voru með nokkuð öðrum blæ en þær a. m. k. ættu að verða, eftir að sú ýtarlega rannsókn á öllum aðstæðum hefur farið fram, sem átt hefur sér stað.

Um margt af því, sem um er deilt, má þó enn segja, að það þurfi nokkru nánari skýringar í hugum manna, eða a. m. k. virðist mér deilt um keisarans skegg. Það er t. d. sá mikli munur, sem hv. framsóknarmenn vilja gera á aukaaðild og tolla- og viðskiptasamningi. Hv. 1. þm. Austf. sagði alveg réttilega áðan, að í raun og veru mætti kalla tolla- og viðskiptasamning aukaaðild með nokkrum rétti eða a. m. k. kæmi slík leið undir aukaaðild, ef það væri rétt, sem fram hefur verið haldið æ ofan í æ, að aukaaðild gæti verið allt frá 1% Rómarsamningsins upp í 99%. Ég er honum alveg sammála um það, að það er nánast orðaleikur, hvort menn vilja kalla viðskipta- og tollasamning visst form aukaaðildar eða hvort menn vilja telja það þriðju sjálfstæðu leiðina. Á þessu er í raun og veru enginn eðlismunur, ef aukaaðildin er nógu óveruleg. En engu að síður virðist svo sem hv. framsóknarmenn vilji í öðru orðinu gera á þessu meginmun og magna það sem allra mest.

Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) hélt því fram, að á þessu væri gersamlegur eðlismunur, á aukaaðild og viðskipta- og tollasamningi. Hann byggði þann eðlismun á þeirri fullyrðingu, sem er gersamlega ósönnuð og meira að segja afsönnuð eftir þá athugun, sem fram hefur farið, að allir aukaaðildarsamningar hlytu að lokum að leiða til fullrar aðildar. Það er yfirlýst, að hlutlausu þjóðirnar svokölluðu, Svíar, Austurríkismenn og Svisslendingar, sem allar eru ákafar í það að fá aukaaðildarsamning, hugsa sér, að slík aukaaðild standi að eilífu, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um eilífðina í þessu sambandi, en breyti ekki um eðli og leiði ekki til fullrar aðildar. Þess vegna á sér alls ekki stað sá eðlismunur á aukaaðild og tolla- og viðskiptasamningi, sem hv. framsóknarmenn í öðru orðinu halda fram, en hv. 1. þm. Austf. alveg réttilega tók fram að væri í raun og veru ekki, vegna þess að tolla- og viðskiptasamningur væri í eðli sínu ekki annað en eitt form aukaaðildar.

Það er rétt að hafa þessa ábendingu hv. 1. þm. Austf. í huga, þegar við athugum það, sem fram hefur farið í málinu áður, til að skilja réttilega þær ýmsu tillögur og umsagnir, sem átt hafa sér stað. Nú er það út af fyrir sig fjarstæða að halda því fram, að nokkur

væri ámælisverður fyrir það, þó að hann hefði að einhverju leyti skipt um skoðun í þessu mikla máli við rækilegri íhugun. Það væri þvert á móti vítavert, ef menn hefðu ekki reynt að læra af þeim athugunum, sem átt hafa sér stað, og tekið þær sér til inntekta, látið þær móta skoðanir sínar með eðlilegum hætti. En það merkilega er, að a. m. k. af hálfu stjórnarsinna og þá einkanlega Sjálfstfl. staðfesta þær athuganir, sem átt hafa sér stað, að við sáum strax í upphafi rétt um meginatriði málsins, og það er algerlega rangt, sem einkanlega hv. 7. þm. Reykv. hélt hér fram, að þessi íhugun, sem fram hefur farið, hafi leitt til einhverra skoðanaskipta Sjálfstfl. og ríkisstj. í heild. Ég ítreka, að það eftirtektarverða er, að við bentum strax á meginatriði málsins, og þau eru óhögguð enn í dag og um þau á að mínu viti ekki sér stað sá skoðanamunur, sem einkanlega hv. 7. þm. Reykv. og raunar hv. 1. þm. Austf. í öðru orðinu vilja vera láta.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni á dögunum, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Og það gerðist svo einnig í framhaldi af þessu á þingi, sem ungir sjálfstæðismenn héldu í september 1961, að samþykkt var, að Ísland skyldi sækja um upptöku í Efnahagsbandalagið, og á landsfundi, sem Sjálfstfl. hélt í októbermánuði s. l. haust, var samþykkt að vinna að því að tryggja aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu. Það kemur glöggt fram af öllu þessu, að í fyrrasumar og fyrrahaust var það stefna Sjálfstfl. og þar af leiðandi líka stefna ríkisstj., því að það er hann, sem ræður stefnu ríkisstj., að þá þegar skyldi sótt um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu og hafður sem mestur hraði á. Þegar þetta er íhugað, finnst mér sérstök ástæða til þess að lýsa ánægju yfir því, sem fólst í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. telji sig nú orðna afhuga því, að sótt skuli um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, og enn fremur sé hún orðin þeirrar skoðunar, að í stað þess að hafa hraðan á í málinu, þá sé rétt að bíða átekta."

Þetta sagði hv. 7. þm. Reykv. við fyrri hluta þessarar umr. Af þessu tilefni er sérstök ástæða til þess að benda á, að menn töldu, — og ekki að ástæðulausu, — að eina ráðið eða a. m. k. öruggasta ráðið til þess að kanna til hlítar, hverjir kostir væru fáanlegir um tengsl við bandalagið, svo að ég noti það orð, sem við nú orðið erum farnir að nota í þessu sambandi, væri sá að sækja um aðild að því, að nauðsynlegar upplýsingar og viðræður væru ekki fáanlegar, án þess að þvílík umsókn um aðild hefði átt sér stað. Sú athugun, sem fram hefur farið af hálfu ríkisstj., hefur leitt í ljós, að þessu er ekki svona farið. Ég segi ekki, að hin skoðunin hafi verið misskilningur á sínum tíma, heldur er mér nær að halda, að það hafi um skeið verið viðhorf forráðamanna Efnahagsbandalagsins, að þeir léðu ekki öðrum fangs á sér til viðræðna eða könnunar en þeim, sem höfðu sótt um aðild eða lýst vilja sínum til þess, síðan hafi þeir breytt um afstöðu í þessu. En það skiptir ekki öllu máli fyrir okkur. Aðalatriðið er, að þau viðtöl, sem hafa átt sér stað af hálfu ríkisstj., frá því að hæstv. fjmrh. og viðskmrh. áttu viðræður við fulltrúa þýzku ríkisstj. í sept. í fyrra, hafa leitt í ljós, að við höfum bæði getað komið okkar skoðunum að við forráðamenn bandalagsins, án þess að sækja um aðild, og fengið hjá þeim margháttaðar, mjög gagnlegar upplýsingar. En þetta breytta viðhorf verður vissulega að hafa í huga. Og það er líka rétt, eins og hæstv. viðskmrh. sagði í frumræðu sinni hér á dögunum og ég vil nú leyfa mér að vitna til með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þeirra nýju viðhorfa, sem voru að skapast í þessum málum, ákvað ríkisstj. í maí 1961 að leita um þau samráðs við helztu hagsmunasamtök í landinu. Hafa síðan verið haldnir fundir með fulltrúum þessara samtaka, þar sem þeim hefur verið kynnt viðhorf málanna og þeir hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Um mitt s. l. ár, þegar vitað var, að Bretar og Danir hefðu afráðið að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu, var ekki álitið ósennilegt, að hinar ýmsu þjóðir Vestur-Evrópu mundu eiga samleið í viðræðum sínum við Efnahagsbandalagið og þær færu fram samtímis. Ríkisstj. taldi rétt, að Íslendingar byggju sig undir að geta tekið þátt í slíkum viðræðum, ef til kæmi. Þess vegna var leitað álits hagsmunasamtakanna á því, hvort Ísland ætti að leita viðræðna um tengsl við bandalagið, að sjálfsögðu þó án allra skuldbindinga. Voru fulltrúar hagsmunasamtakanna, að undanskildum fulltrúa A. S. Í., hlynntir því, að svo yrði gert. Reyndin varð hins vegar sú, að engar sameiginlegar viðræður fóru fram, heldur viðræður milli Efnahagsbandalagsins og hvers einstaks ríkis, sem um aðild eða önnur tengsl hefur sótt. Ríkisstj. taldi því ekki ástæðu til þess að hafast frekar að í málinu að þessu sinni."

Eins og kemur fram í þessum orðum hæstv. viðskmrh., voru viðhorfin á miðju s. l. sumri, þ. e. a. s. sumrinu 1961, þau, að menn hugðu, að sameiginlegar viðræður stæðu fyrir dyrum, og eins og ég áðan gerði grein fyrir, töldu menn, að forsenda þeirra hlyti að vera sú, að um aðild væri sótt, jafnvel þótt það væri einungis gert til könnunar og áður en menn gerðu upp til hlítar hug sinn um það, hvort þeir að lokum treystu sér til þess að verða fullgildir aðilar eða ekki.

Hv. 7. þm. Reykv. færði til sönnunar fullyrðingum sínum, þeim sem ég áðan las upp, til viðbótar tilvitnunum í samþykktir flokksins, ýmis ummæli úr Morgunblaðinu frá því í ágúst 1961. Ég hef ekki kynnt mér allar þær tilvitnanir, en ein þeirra, sem hann lagði mest upp úr, var í Morgunblaðinu hinn 19. ágúst 1961 og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæðan til þess, að kunnáttumenn telja, að ekki megi lengi draga að leggja inn inntöku-

beiðni, er fyrst og fremst sú, að framtíðarskipan Efnahagsbandalagsins er nú í mótun. Með því að sækja nú um inngöngu geta Íslendingar haft áhrif á það, hvernig einstökum málum verður háttað, en ef við leggjum ekki fram inntökubeiðni, erum við frá upphafi einangraðir."

Þetta las hv. þm. upp úr Morgunblaðinu frá 19. ágúst 1961. En einhvern veginn hefur honum skotizt yfir bæði upphaf og endi þessarar sömu greinar. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar upphaf greinarinnar svo:

„Morgunblaðið flutti í gær þá frétt, að samtök allra meginatvinnuvega Íslendinga væru hlynnt því, að við legðum fljótlega fram inntökubeiðni í Efnahagsbandalag Evrópu (Sameiginlega markaðinn). Fulltrúi Alþýðusambands Íslands lagðist einn gegn því, að við sæktum um upptöku. Af þessu er ljóst, að mjög almennur stuðningur er við umsókn okkar meðal þeirra, sem kynnt hafa sér málin og bezt þekkja þarfir atvinnuveganna."

Hin tilvitnuðu ummæli, sem hv. 7. þm. Reykv. hafði eftir Morgunblaðinu, komu fyrst eftir þennan inngang og eru skýring á þessari afstöðu fulltrúa atvinnuveganna. En þ. á m. var, eins og raunar hv. 4. þm. Austf. vakti athygli á hér á dögunum, einnig fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga og að því er ég hygg bændasamtakanna og ýmsir fleiri. En Morgunblaðið segir þennan dag einnig meira um málið, því að í niðurlagi þessarar greinar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„En málin mundu horfa erfiðlega við, ef við værum síðastir til að sækja um inngöngu, og líklegt væri þá, að lítið tillit yrði hægt að taka til sérsjónarmiða okkar, heldur yrðum við að hlíta þeim reglum, sem þegar hefði verið samið um. Þannig er það beinlínis þjóðhættulegt að draga að gæta hagsmuna okkar, einkum þegar það er haft í huga, að við getum á hvaða stigi sem er hætt samningaumræðum og verðum ekki aðilar að Efnahagsbandalaginu fyrr en eftir að viðræður hafa staðið yfir í langan tíma, líklega 1½—2 ár."

Þessi ummæli sanna, að þarna var einungis verið að tala um könnunarviðræður og síðar en svo ráðgert, að ætlazt væri til þess, að tekin yrði skyndiákvörðun að óíhuguðu máli. Ég vil því eindregið halda því fram, að hv. 7. þm. Reykv. hafi illilega misséð sig, þegar hann hljóp yfir þá tilvitnuðu kafla Morgunblaðsgreinarinnar, sem ég las hér upp.

En enn þá óskiljanlegri er glámskyggni hv. þm., þegar hann segir það skýringarlaust, að ungir sjálfstæðismenn hafi í september 1961 samþykkt, að Ísland skyldi sækja um upptöku í Efnahagsbandalagið, og gefur ekki aðrar skýringar á þessu heldur en að þá hafi það verið hugur sjálfstæðismanna, að þá þegar skyldi sótt um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu og hafður sem mestur hraði á. Sú ályktun ungra sjálfstæðismanna, sem um þetta fjallar, hljóðar — með leyfi hæstv. forseta — svo:

„Þingið telur rétt, að Ísland sæki um upptöku í Efnahagsbandalag Evrópu, svo að unnt sé að fá sem gleggstar upplýsingar og viðræður um réttindi og skyldur vegna slíkrar upptöku. Síðan skuli metið, hvort æskilegt sé að óska aðildar að þessu bandalagi."

Þessi ályktun hinna ungu manna segir svo skýrt sem á verður kosið það, sem þá var í hugum allra, að hér væri einungis um að ræða könnunarviðræður og það væri engin skuldbinding fólgin í umsókninni um aðild, menn yrðu algerlega frjálst að meta afstöðu sína til málsins, eftir að þær nauðsynlegu upplýsingar hefðu fengizt.

Með sama hætti sleppti hv. 7. þm. Reykv. að geta aðalatriðisins, a. m. k. annars, úr samþykkt landsfundar Sjálfstfl. í okt. 1961, sem hann einnig vitnaði til. Hv. þm. segir um þetta, að þar hafi verið samþykkt að vinna að því að tryggja aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu, og hann gefur ekki aðra skýringu á þessu heldur en að þá hafi verið ætlunin að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu og hafður sem mestur hraði á. En ályktun landsfundar hljóðaði — með leyfi hæstv. forseta — svo:

„Þjóðir Vestur-Evrópu, sem Íslendingar hafa frá fornu fari haft mest og bezt viðskipti við, efla nú mjög samvinnu sína í efnahagsmálum, og er Íslandi brýn nauðsyn á að slitna ekki úr tengslum við þá þróun. Þess vegna ber að leitast við að tryggja aðild okkar að Efnahagsbandalagi Evrópu án þess að undirgangast samningsákvæði, sem hér geta með engu móti átt við."

Þessu aðalatriði samþykktarinnar sleppir hv. 7. þm. Reykv., þegar hann þykist vera að gera grein fyrir stefnu Sjálfstfl. og þar með ríkisstj. í málinu. En að þetta hafi verið mikilvægt atriði í ályktun landsfundar, kemur m. a. fram í ræðu, sem ég flutti þá á fundinum um þetta og sagði um þetta efni m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsbandalag Evrópu, sexveldin, hefur nú þegar styrkt svo aðstöðu sína með ótrúlega skjótum framförum og almennri velmegun, er skapast fyrir sameiginleg átök og stóran markað, að aðra fýsir til samvinnu við það. Sennilega geta Íslendingar með engu móti tryggt sér örari umbætur á lífskjörum né tryggari grundvöll fyrir efnahag sinn en með því að gerast aðili bandalagsins. En málið er ekki svo einfalt. Í Rómarsamningnum, stofnskrá bandalagsins, eru ýmis ákvæði, sem eru skynsamleg frá sjónarmiði þeirra þjóða, sem búa í þéttbýlum, fullnýttum löndum, en skapa mikinn vanda fyrir fámenna þjóð, sem lifir í stóru, lítt nýttu landi. Af þeim sökum getur skilyrðislaus aðild Íslands að þessu bandalagi ekki komið til mála. Og hætt er við, að skilyrðin verði svo mörg og skapi slík fordæmi, að aðrir aðilar eigi erfitt með að una þeim.

En með því að hafna samstarfi við bandalagið missum við ekki einungis af möguleikunum til bættra lífskjara og aukins öryggis, er því kynni að vera samfara, heldur mundum við og eiga á hættu, að við misstum markaði

okkar í þessum löndum. Af því yrði óbætanlegt tjón. Kommúnistar horfa ekki í það, því að með þessu eygja þeir enn einn möguleika til að einangra okkur fyrst og hrekja okkur síðan í faðminn á sínum austrænu húsbændum. Þar af kemur hiklaus andstaða þeirra, ekki einungis gegn aðild okkar að Efnahagsbandalaginu, heldur og samstarfi við það.

Öllum öðrum er ljóst, að hér er um mikið vandamál að fjalla, e. t. v. hið mesta af mörgum stórum, sem okkar kynslóð hefur þurft og þarf að leysa úr. Hér ríður mjög á, að rétt sé á haldið og aflað sé skilnings á sérstöðu okkar, þannig að við komumst í eitthvert það samstarf eða samband við þetta bandalag, að hagsmunir okkar verði ekki fyrir borð bornir. Enn er of snemmt að segja, með hverjum hætti þetta verður bezt gert, meira að segja hvort það er yfirleitt framkvæmanlegt. Til þess að það verði kannað, verður vafalaust fyrr eða síðar, þegar tímabært þykir, að taka upp samninga við bandalagið. Vil ég um það segja það eitt, að jafnfráleitt væri að hafna umleitunum fyrir fram eins og að fullyrða, að þær mundu leiða til aðgengilegrar lausnar. Hyggilegast verður að fylgjast náið með athugunum og samningum annarra og meta eftir framvindu þeirra, hvenær tímabært sé að kanna til úrslita, hvort við getum fengið aðgengileg kjör."

Þegar ég flutti þessa ræðu, gegndi ég starfi forsrh., og þó að ræðan væri flutt á flokksþingi sjálfstæðismanna og væri sá skilningur, sem þar ríkti á þessu máli, þá er mér óhætt að fullyrða, að þarna kom einnig fram skilningur ríkisstj. í heild. Og ég spyr: Í hverju er sá skilningur, sem kemur fram í þessum orðum mínum í okt. 1961, ólíkur þeim skilningi, sem nú hefur verið túlkaður af hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. í þessum umr. Enda voru þessi ummæli engan veginn sögð að óathuguðu máli, heldur var þetta grundvölluð skoðun, sem byggðist á þeim athugunum, sem þá þegar höfðu átt sér stað og sem betur fer hafa fengið staðfestingu við þær víðtæku rannsóknir, sem síðar hafa verið gerðar.

Ég vil minna á, að í ræðu, sem ég hélt á samkomu stúdenta 1. des. 1961, ræddi ég einnig um þetta mál. Ég skal ekki lesa það allt upp, nema sérstakt tilefni gefist, en ég vil þó vitna sérstaklega til tvenns, með leyfi hæstv. forseta. Ég segi m. a.:

„Með þessu er ekki sagt, að við eigum ekki að taka þátt í efnahagsstarfsemi nágranna okkar og vina. En við getum því aðeins gert það, að tekið sé réttmætt tillit til okkar óumdeilanlegu sérstöðu og sérþarfa. Sambærilegt verður að vera það, sem hver og einn innir af hendi, og einnig það, sem hver lætur í té og aflar í staðinn."

Og síðar segi ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Fylgjumst með því, sem gerist, og gætum þess, eftir því sem föng eru á, að eftir hagsmunum okkar og þörfum sé munað. Íslendingar mega ekki fremur í þessu en öðru verða aftur úr alþjóðlegri þróun. Við verðum að vera reiðubúnir til þess að leggja í alþjóðasamskiptum af mörkum það, sem með sanngirni verður af okkur krafizt, en þar verður sanngirnin að ráða á alla vegu."

Ég hygg, að þessar tilvitnanir um afstöðu Sjálfstfl. og raunar ríkisstj. á s. l. hausti sýni, að þær athuganir og mjög gagnlegu rannsóknir, sem fram hafa farið, hafa ekki breytt afstöðu ríkisstj. og ríkisstj. hefur í þessum efnum ekkert þurft að læra af hv. stjórnarandstöðu, — þótt ekki væri nema gott, ef hún gæti kennt okkur eitthvað, það er því miður svo sjaldan, sem það er og ekki í þessu tilfelli, — að af hálfu stjórnarinnar voru þegar við upphaf meðferðar málsins hér innanlands og utan slegnir allir þeir varnaglar, bent á allar hugsanlegar hættur í þessu sambandi, tekið fram, að rannsókn hlyti að taka langan tíma, að það væri mjög óvíst, að hún leiddi til okkur hagkvæmrar niðurstöðu, og það væri ómögulegt að segja, eftir hvaða leið hagkvæmast væri að leysa málið, jafnvel þó að einhver lausn með tengslum eða aðild að bandalaginu væri fáanleg. Þetta var kjarni þess, sem haldið var fram um málið fyrir meir en ári, og þetta stendur enn óhaggað í dag.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Austf., að það er í raun og veru illt verk að vera að gera meiri mun á skoðun manna í þessu heldur en rök standa til. Málið er fullerfitt fyrir því. En ég verð þó að segja, að ég tel, að hv. Framsfl. vinni illt verk með því að telja mönnum trú um, að okkur hagkvæm lausn á þessu máli sé auðfengin, að við þurfum ekki annað en sýna okkar góða andlit, vitna til okkar smæðar og þar með séu okkur allar dyr opnar. Því miður er alþjóðlegt samstarf ekki háð með þessum hætti. Það gæti verið æskilegt fyrir okkur, ef veröldin væri svona, en hún er bara á allt annan veg, eins og við þekkjum af okkar litlu reynslu og aðrir þekkja miklu betur.

Víst er það rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. og 1. þm. Austf. segja, gagnstætt því, sem hv. talsmenn Alþb. halda fram, að þjóðir Vestur-Evrópu eru okkur yfirleitt vinveittar og vilja flesta hluti fyrir okkur gera. En við erum ekki einir í heiminum, og jafnvel þó að þær vildu veita okkur margs konar hlunnindi og friðindi, sem þær veittu ekki öðrum, þá er erfiðleiki þeirra við að veita okkur einum slíkt, að til þess verður vitnað sem fordæmis. Það er sá mikli vandi, sem hér er við að etja, auk þess sem við skulum fúslega viðurkenna, að þótt mörgum af þessum mönnum sé vel til okkar, meinlaust og hlýtt jafnvel, eins og þessir hv. þm. halda fram, þá stendur flestum þeirra eða mörgum mjög á sama um okkur. Valdamenn margra þessara þjóða þekkja lítið til íslenzkra þjóðhátta og séreðlis okkar þjóðfélags, og það er vissulega ekki auðhlaupið að því að koma þeim í skilning um það, að við þurfum á sérmeðferð að halda. En einmitt í þeim efnum hefur gegn ráðum hv. Framsfl. verið unnið mjög gott verk af hæstv. viðskmrh. og hans aðstoðarmönnum á s. l. ári, að vekja skilning og kunnugleik á okkar sérstöðu. Hvort

það dugir, þegar þar að kemur, er allt annað mál. Um það getum við ekki sagt.

Hv. þm. tala svo eins og við eigum hér í raun og veru einir að segja fyrir verkum. Þeir tala um það, að við megum ekki sækja um annað en að fá viðskipta- og tollasamninga, vegna þess að annars muni umr. berast að okkur óþægilegum efnum. Dettur þessum mönnum virkilega í hug, að okkar viðsemjendur hafi ekki rænu á því að taka upp öll þau efni, sem þeir vilja ræða um og telja sínum hagsmunum nauðsynlegt eða æskilegt fyrir þá í sambandi við aðild Íslendinga að Efnahagsbandalagi Evrópu? Ég segi: aðild, og þá á ég þar með við alveg eins tolla- og viðskiptasamning, vegna þess að það er eðli sínu samkvæmt ekkert annað en aðild, eins og ég tók fram í upphafi máls míns. Nei, auðvitað fer það ekki eftir því formi, sem við höfum á okkar umsókn, hvað það er, sem okkar viðsemjendur tala um. Það getur vel verið, að hv. framsóknarmenn hafi lítið álit á núv. ríkisstj. sem samningsmönnum af hálfu Íslendinga, en það er ástæðulaust fyrir þá að færa það litla álit yfir á viðsemjendur af hálfu annarra. Það er alveg öruggt, að fulltrúar hinna ríkjanna og Efnahagsbandalagsins fitja upp á því, að ef Íslendingar vilji fá hlunnindi hjá sér, þá verði þeir að fá þeim hlunnindi í staðinn. Slíkt er eðli allra millirikjasamninga og ekki einungis millirikjasamninga, heldur allra samninga milli manna frá örófi vetra, og það þýðir ekkert að koma hér eins og barn og halda því fram, að Íslendingar geti með því að kalla sína umsókn einhverju sérstöku nafni skotið sér undan viðræðum um sér óþægilega hluti við viðsemjandann, ef viðsemjandinn á annað borð telur sínum hagsmunum samkvæmt, að um þau efni verði rætt. Það er vegna þess, að við gerum okkur þetta ljóst, sem við teljum, að það sé ótmabært á þessu stigi málsins að binda sig fyrir fram um það, að við viljum ekki eiga aðild að bandalaginu nema einungis í formi viðskipta- og tollasamnings.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði á dögunum, og ég held, að það hljóti að vera flestallir eða a. m. k. langflestir sammála um það, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að ná samningum við Efnahagsbandalagið um tolla- og viðskiptamál. Það sé óhjákvæmilegt og að því beri að stefna. Ef hv. þm. hefur gert sér grein fyrir, hvað í þessari yfirlýsingu felst, að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að ná slíkum samningum, heldur hann þá virkilega, að okkar viðsemjendur geri sér ekki líka grein fyrir þessu og taki upp til umr. öll þau málefni, sem þeir telja sér æskilegt að tala um? Nei, þessi rök fyrir því, að við eigum einungis að halda okkur að viðskipta- og tollasamningi, fá sannarlega ekki staðizt.

Hitt má segja, að það sé meira til í því, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan: Hvað er það af efni Rómarsamningsins fyrir utan viðskipta- og tollasamninga, sem Íslendingar sækjast eftir? Það er allt annað mál, hvað það er. Það getur vel verið, að slíkir samningar séu okkur fullnægjandi. Það getur vel verið, og þó er það engan veginn víst. En það er a. m. k. víst, að við komumst ekki hjá umræðum um mörg fleiri atriði, ef við viljum njóta þeirra hlunninda, sem eru fólgin í tolla- og viðskiptasamningi, og við komum raunar strax að því, að það er fleira en a. m. k. eiginlegur tollasamningur, sem við höfum mikla hagsmuni af í sambandi við Efnahagsbandalagið, og það er, hvaða stefnu þessir aðilar fylgi yfirleitt í fiskveiðimálum, bæði um fiskveiðar og innflutning fisks á hið væntanlega bandalagssvæði. Það er alveg ljóst, að ákvarðanir bandalagsins í þessum efnum geta ráðið öllu um okkar afkomu. Jafnvel þótt við fengjum formlegan tolla- og viðskiptasamning, þá geta þeir, eins og hæstv. viðskmrh. hefur fyrr vikið að, gert slíka samninga tiltölulega lítils virði með því að setja þær reglur t. d. um landanir, svo að við tökum eitt einfalt dæmi, sem geri tolla- og viðskiptasamning lítils virði. Það má segja, að undir viðskiptasamning komi ákvæði um landanir, ákvarðanir um innflutningsleyfi og annað slíkt. En þá erum við komnir inn á það, að viðskiptasamningur er ákaflega teygjanlegt hugtak, ekki síður en aðild, þannig að þetta tvennt hlýtur algerlega að mætast.

Það má halda því fram, eins og hv. Alþb.-menn gera: Þetta hefur ekki svo mikla þýðingu fyrir okkur. Því í ósköpunum eruð þið að býsnast yfir þessu öllu? Við getum lifað, þótt við verðum utan við þetta bandalag, meira að segja getur það orðið okkur til góðs, vegna þess að þá verðum við alveg háðir Rússum. — Þetta er þeirra skoðun. En það tjáir ekki að halda því fram, eins og hv. 7. þm. Reykv., að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að ná tolla- og viðskiptasamningi, og neita því fyrir fram að tala um aukaaðild og halda því svo í þriðja lagi fram, eins og hv. 1. þm. Austf., að í raun og veru sé enginn munur á aukaaðild og viðskipta- og tollasamningi. Slíkur rökstuðningur er sannast sagt þess eðlis, að það er ákaflega erfitt að taka hann alvarlega. Mér dettur ekki í hug að gruna hv. framsóknarmenn um græsku í þessu máli. Ekki vegna þess að ég geti ekki yfirleitt grunað þá um græsku. En engin regla er án undantekninga, og það gæti verið, að undantekningin væri í þessu tilfelli. Ég skal þó ekkert fullyrða um það. Það er bezt að hafa allan fyrirvara. En rökfærslan er a. m. k. slík, að hún virðist naumast geta verið flutt af fullri alvöru.

Við skulum rifja upp hinn hjartnæma hluta ræðu hv. 7. þm. Reykv. hér á dögunum, þegar hann var að tala um gildi smáþjóðanna. Hæstv. forsrh. upplýsti raunar, að þetta væri útdráttur úr bók, sem Gunnar Myrdal hefði skrifað. Það getur verið jafngott fyrir því, en a. m. k. er það víst, að við Íslendingar ættum ekki að þurfa sérstakan fyrirlestur um gildi smáþjóða. Hvað sem um aðrar smáþjóðir er, þá erum við flestir sannfærðir um það, að okkar þjóð er þess virði að halda áfram að

vera til, og þrátt fyrir það þótt við deilum um margt, þá vill áreiðanlega enginn okkar vísvitandi verða henni að fjörtjóni eða eyðileggja hennar sjálfstæði. Hv. 7. þm. Reykv. var að tala um gildi smáþjóðanna og hverjar hefðu lagt mest af mörkum, taldi upp Norðurlandaþjóðirnar, Svisslendinga, Ísrael og Úrúguay — var það ekki? — eða Paraguay, ég rugla þeim nú alltaf saman, -- á þessu stigi málsins hefur það ekki enn þá átt kost á því að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið, en ég held, að allar hinar smáþjóðirnar, sem hv. þm. taldi upp, hafi einmitt sótt um aðild, aukaaðild eða fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Um fulla aðild hafa sótt Danmörk, Noregur og Írland, um aukaaðild Svíþjóð, Austurríki, Svissland, og af Asíuþjóðum er það einungis ein, sem hefur lýst því yfir, að hún vildi verða aukaaðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, og það var smáþjóðin Ísrael, sú þjóð, sem hv. 7. þm. Reykv. taldi fremsta allra þjóða í Asíu. Það er einmitt þjóðin, sem þar hefur skorið sig út úr og vill verða aukaaðili í bandalaginu.

Sannleikurinn er sá, að þetta mál er ekki eins einfalt og menn láta. Auðvitað eru menn sammála um það, ef það liggur við, að við þurfum að afsala okkar sjálfstæði til þess að gerast aðili þessa Efnahagsbandalags, þá er enginn okkar, sem gerist talsmaður slíks. En við verðum líka að muna, að það getur nú á dögum verið eina ráðið til þess að hafa eitthvað að segja um þau málefni, sem mestu máli skipta fyrir smáar og stórar þjóðir, að þær séu aðilar í alþjóðasamtökum. Það er alveg víst, að þetta bandalag á eftir að taka margar ákvarðanir, sem geta haft úrslitaþýðingu um það, hvernig okkur vegnar í efnahagsmálum. Það er alveg víst, að það getur riðið á mjög miklu fyrir okkur að hafa einhvern aðgang að því, að okkar rödd heyrist þar, að við séum þar ekki algerlega utan dyra. Það er að vísu ólíku saman að jafna, en það má að nokkru leyti þó líkja því hvoru við annað, spurningunni um það, hvort við eigum að taka afleiðingum af núv. heimsástandi og vera aðilar að varnarbandalagi eða ekki. Við þurfum ekki að fara út í megindeiluna um það efni. En við skulum taka einfalt dæmi og sleppa Atlantshafsbandalaginu. Við skulum minna á muninn á því, þegar Bretar höfðu landið hernumið og þegar samið var við Bandaríkin um hervernd yfir landinu. Að minnsta kosti hv. 3. þm. Reykv. hefur sjálfur fengið að finna muninn á þessu tvennu. Meðan landið var hernumið, þótt það væri af vinsamlegum aðila, aðila, sem við óskuðum eftir, að ynni stríðið, þá taldi hann sig ekki skyldugan til þess að virða lög og rétt á Íslandi og flutti hv. 3. þm. Reykv., einn af alþm. þjóðarinnar, fangelsaðan burt úr landi, auk þess sem prentfrelsi var heft og fleiri yfirtroðslur gerðar. Það var ekki einungis, að það væri ærusök fyrir Íslendinga að fá þessu hnekkt, heldur fólst í því meginmunur um viðurkenningu á Íslandi sem sjálfstæðum aðila í alþjóðasamtökum og réttarríki, þegar við í staðinn fyrir að láta meðhöndla okkur án eigin afskipta sem hvern annan hlut tókum upp samninga við aðra og urðum þeirrar gæfu aðnjótandi að fá aftur hv. 3. þm. Reykv. og hans fylgdarmenn senda til landsins úr herleiðingu í Bretlandi og viðurkenningu stórveldisins fyrir því, að það yrði hér að hegða sér eftir okkar lögum og rétti.

Ég segi: þetta er ekki að öllu leyti sama eðlis, en það er þó svo líkt, að það er rétt fyrir okkur að hugleiða, að eina ráðið til þess, að eftir okkur verði munað, að okkar hagsmuna sé gætt, er, að við látum sjálfir í okkur heyra og að við höfum sjálfir möguleika til þess að flytja okkar mál, því að ef við gerum það ekki sjálfir, hverjir eiga þá að gera það? Þó að vináttа vesturveldanna sé mikil og þ. á m. Breta, eins og hv. 7. þm. Reykv. hefur haldið fram, þá er hún ekki svo mikil, að þau gerist talsmenn íslenzkra hagsmuna gegn hagsmunum sinna eigin manna, ef Íslendingar hafa ekki aðstöðu til þess að vera sínir málflytjendur sjálfir. Þetta er vissulega eitt þeirra atriða, sem við verðum að hafa í huga, þegar við ákveðum okkar afstöðu í þessu máli.

Það má vel vera, að það verði ekki hægt að sameina allt það, sem við sækjumst eftir. En við eigum ekki á þessu stigi málsins að útiloka neina þá leið, sem fær kann að vera, þegar af þeirri ástæðu, að sú útilokun verður ekki virt af öðrum. Aðrir tala um allt, sem þeim sýnist, við okkur, og við eigum vitanlega að sækjast eftir öllum þeim hlunnindum, sem við getum sjálfra okkar vegna, sjálfir, vegna þess að ef við gerum það ekki, þá gera það engir aðrir. Ég veit, að hv. framsóknarmenn skilja þetta jafnvel og við hinir, og ég þekki þá svo vel af margra ára samvinnu, að mér dettur ekki í hug að taka eitt augnablik gilda yfirlýsingu þeirra um það, að ekki komi annað til greina en tolla- og viðskiptasamningur af þeirra hálfu, ef annað betra væri fáanlegt. Það má vel vera, að þeir telji sér henta á þessu stigi málsins að halda slíku fram, eins og þeir hafa í ýmsum öðrum málum, sem hafa ekki minni þýðingu, t. d. varnarmálunum, haldið hinum fráleitustu hlutum fram rétt fyrir kosningar, en síðan tekið upp skynsamlega afstöðu eftir kosningar, þ. e. a. s. ef þeir fengju að koma í stjórn.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var umr. um skýrsluna enn fram haldið.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Þegar ég talaði hér síðast í þessu máli, næst á eftir að hæstv. viðskmrh. hafði flutt skýrslu ríkisstj. um málið, þá gat ég þess í lok ræðu minnar, að ég mundi stytta nokkuð mál mitt um þetta mikla mál, vegna þess að þá var þegar orðið áliðið fundartíma, en ég taldi hins vegar sanngjarnt, að fleiri en ég gætu komizt að þegar á fyrsta degi umr. um þetta mál til þess að láta í ljós álit sitt um það, sem kom fram í skýrslu hæstv. ráðh.

Síðan hafa 3 hæstv. ráðh. talað í þessu

máli af hálfu ríkisstj., hæstv. forsrh., hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskmrh. meira að segja tvisvar.

Hæstv. forsrh. óskaði í fyrstu ræðu sinni eftir því alveg sérstaklega, að umr. um þetta mál yrðu hófsamlegar og málefnalegar. Ég er honum algerlega sammála um þetta, að það er hið eina rétta í máli slíku sem þessu og raunar í öllum málum, sem fyrir hv. Alþingi koma. Ég hef sjálfur aldrei séð nauðsyn þess, að við alþm. séum að blanda inn í ræður okkar hér á hv. Alþingi öllum þeim getsökum, dylgjum og jafnvel staðhæfingum um illar hvatir andstæðinga okkar í stórmálum, sem flokksblöðin kasta á milli sín daglega. En ég tel alveg sérstaklega nauðsynlegt, að umr. um þetta mál séu bæði málefnalegar og að þær varpi alveg sérstaklega ljósi á sérstök, einstök atriði þessa máls, þannig að eftir þessar umr. skapist frekar en áður grundvöllur til málefnalegra umr. um þetta stórmál meðal þjóðarinnar.

En hvað hefur gerzt í þessu máli í umr. um þetta mál? Enginn er dómari í sjálfs sín sök, og ég vil ekki fullyrða um það, hvort frumræða mín í þessu máli hafi verið málefnaleg eða ekki. En mér gat ekki annað virzt en ræður þeirra hv. þm., sem hafa talað hér um þetta mál af hálfu Alþb. og Framsfl. líka, hafi verið á allan hátt málefnalegar.

Það þýðir ekki að dyljast þess, að afstaða þingflokkanna til þessa máls í meginatriðum er þegar komin fram í þeim umr., sem hafa farið fram um það hér. Flokkar hæstv. ríkisstj. lýsa því yfir, að nú sé aðeins um tvær leiðir fyrir Íslendinga að ræða í þessu máli, sem til greina komi að fara. En hæstv. viðskmrh. sagði — ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis — í frumræðu sinni og skýrslu ríkisstj., að báðar þessar leiðir kæmu vel til mála og væru vel færar að hans dómi. En þriðja leiðin, full aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, kæmi ekki til greina að áliti ríkisstj. þegar af einni ástæðu, þeirri ástæðu, að allt benti til þess, að hún þýddi það, að við yrðum að opna fiskveiðilandhelgi okkar fyrir öllum borgurum ríkja í Efnahagsbandalaginu, hvort sem þau verða fleiri eða færri.

Það kom skýrt fram í ræðu hæstv. ráðh., að það væri þessi eina ástæða, sem hefði valdið því, að ríkisstj. teldi fulla aðild að Efnahagsbandalaginu ekki koma til greina. En hæstv. viðskmrh. hæstv. forsrh. og þá ekki síst hæstv. dómsmrh. hafa farið ýmsum orðum um þessar tvær leiðir. Þeir hafa lýst hver á sinn hátt þeirri leið, sem þeir telja augsýnilega æskilegasta fyrir Íslendinga. Það er aukaaðildarleið með alveg sérstökum hætti, þeim hætti, að Íslendingar geti komið fram skoðunum sínum og áhrifum innan Efnahagsbandalagsins samfara aukaaðild að því. Í flokksblaði hæstv. dómsmrh., þar sem skýrt var frá ræðu hans um þessi mál, sagði í fyrirsögn, að það riði á miklu, að rödd okkar heyrðist innan Efnahagsbandalagsins. Og hæstv. viðskmrh. sagði, að meginmunurinn á aukaaðild og tollasamningi væri sá, að með aukaaðild með þeim hætti, sem hann hugsaði sér, gætum við jafnvel með störfum okkar innan Efnahagsbandalagsins við stofnun þess haft áhrif á störf þess og stefnu og framkvæmd hennar. Þannig hafa þessir hæstv. ráðh. lýst því, hvað fyrir þeim vakir með hugtakinu aukaaðild af Íslands hálfu að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þeir játa, að hin leiðin, tolla- og viðskiptasamningsleiðin, sé hins vegar vel fær. En það fer ekkert á milli mála, að þeir telja hana hafa marga og mikla ókosti samanborið við aukaaðildarleiðina, eins og þeir lýsa henni. Við, sem hér höfum talað af hálfu Alþb. og af hálfu Framsfl., höfum hins vegar komizt að þeirri niðurstöðu á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið og hæstv. viðskmrh. sérstaklega, að af þessum tveimur leiðum, sem um er að ræða, að því er hæstv. ríkisstj. telur, geti aðeins önnur komið til greina, tollasamningsleiðin. Ég held því fram, að bæði við þm. Alþb., sem höfum rætt þetta mál, og þm. Framsfl. einnig, hafi fært málefnaleg rök að því, hvers vegna við höfum komizt að þessari niðurstöðu, hvers vegna við höfum dregið þessa ályktun af ræðum hæstv. ráðh. og þeim upplýsingum, sem liggja fyrir af hálfu ríkisstj. í þessu máli. En það eru nú liðnar nærri þrjár vikur, síðan umr. hófust um þetta mál, svo að ég tel rétt að rifja upp meginatriði varðandi þessar leiðir, sem komu fram í skýrslu ríkisstj. og í ræðum hæstv. ráðh. þar á eftir.

Ég hafði í frumræðu minni vakið athygli á því, að hæstv. viðskmrh. lét svo ummælt, að í viðræðum hans og ráðunauta hans við æðstu menn Efnahagsbandalagsins hefðu komið fram upplýsingar um ýmis atriði, sem hefðu mikilsverða þýðingu um mat á þeim leiðum, sem til greina kæmi að fara fyrir Íslendinga. Ég vildi spyrja hann beint, hverjar þessar upplýsingar, sem fram hefðu komið í þessum viðræðum, væru. Hann svaraði þessu að vísu ekki beint, en hins vegar þannig óbeint, að ég tel það fullnægjandi. Hann sagði í síðari ræðu sinni, að það, sem hann hefði sagt um fulla aðild Íslands að Efnahagsbandalagi, væri byggt á upplýsingum, sem fram hefðu komið í þessum viðræðum. Hann sagði í öðru lagi, að það, sem hann hefði sagt um mögulegar undanþágur samfara aukaaðild, væri einnig byggt á upplýsingum, sem fram hefðu komið í viðræðunum. Og hann sagði síðast, en ekki síst, að það, sem hann hefði sagt um tollasamningsleiðina, væri einnig byggt á upplýsingum, sem fram hefðu komið í viðræðunum við æðstu menn Efnahagsbandalagsins. Og hvað sagði þá hæstv. ráðh. um þessar upplýsingar, sem fyrir lægju frá æðstu mönnum Efnahagsbandalagsins um þessar þrjár hugsanlegu leiðir? Hann sagði í fyrsta lagi um fulla aðild, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Telja má næstum víst, að ekki sé hægt að fá fullnægjandi fyrirvara á þessum sviðum," þ. e. a. s. um rétt útlendinga innan Efnahagsbandalagsins til veiða í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, „samfara fullri aðild." Og þegar af þeirri ástæðu og sérstaklega af þeirri ástæðu hefði ríkisstj. hafnað þessum möguleika.

En hann sagði um aukaaðild einnig orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef Íslendingar hygðust leysa vanda sinn á grundvelli aukaaðildar, yrði grundvallaratriði í slíkum aukaaðildarsamningi að vera um tollabandalag, þannig að Íslendingar nytu tollfrelsis við útflutning til aðildarríkja Efnahagsbandalagsins og yrðu ekki háðir neinum þeim innflutningshöftum eða viðskiptahömlum, sem giltu um ríki utan þess."

M. ó. o.: hæstv. ráðh. sagði, að ef aukaaðildarleiðin yrði farin, þá yrði hún að tryggja fullt tollfrelsi og viðskiptafrelsi fyrir útflutning Íslendinga til Efnahagsbandalagslanda. Þetta er skilgreining á þeirri aukaaðild, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakir að fara, beint eftir orðum hæstv. ráðh. En hæstv. ráðh. bætti við um þessa leið, að slík aukaaðild tryggði að vísu hagkvæmustu viðskiptaaðstöðu Íslendinga, en hún kostaði samninga um viðkvæm mál, eins og rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi og innflutning erlends fjármagns og vinnuafls.

Ég minnti á það áðan, að hæstv. ráðh. gat þess, að þessar upplýsingar um aukaaðild væru einnig fengnar í viðræðunum við forustumenn Efnahagsbandalagsins. En hæstv. viðskmrh. sagði í skýrslu ríkisstj. um þriðju leiðina, um tollasamningsleiðina, einnig orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef Íslendingar velja þann kostinn að standa algerlega utan Efnahagsbandalagsins, tel ég sennilegt, að þeir gætu með samningum við bandalagið komið fram einhverri lækkun sameiginlega tollsins á sjávarafurðum gegn samsvarandi lækkun tolla á þeim iðnaðarvörum, sem Íslendingar flytja inn."

Hæstv. ráðh. færði sérstök rök fyrir því, að það mundi auðvelda slíka gagnkvæma tollalækkunarsamninga milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, að hann teldi sennilegt, ef ekki víst, að allar fiskútflutningsþjóðir í Evrópu yrðu endanlega innan Efnahagsbandalagsins, þannig að ekki væri um það að ræða, að aðrar Evrópuþjóðir en Íslendingar nytu þeirra tollfríðinda eða tollalækkana varðandi sjávarafurðir innfluttar til Efnahagsbandalagsins heldur en Íslendingar. Að vísu bætti ráðh. við „fyrst um sinn". En það er ekki þýðingarlaust í málinu, því að ef rætt er um aukaaðild, þá verða menn að gera sér það ljóst, að undanþágur, sem gilda aðeins fyrst um sinn, eru ekki mikils virði. Undanþágur samfara aukaaðild geta ekki haft neina framtíðarþýðingu, nema þær séu teknar inn í Rómarsamninginn sjálfan. Það er ekki hægt samkv. honum að veita undanþágur um aldur og ævi frá meginreglum hans um hvað sem er, heldur aðeins um stundarsakir.

Allur málflutningur hæstv. ráðh. hnígur því að því, að þó að hæstv. ríkisstj. telji, að tvær leiðir séu færar í þessu máli, tollasamningsleið og aukaaðildarleið, þá sé það aðeins aukaaðildarleiðin, sem í raun og veru komi til greina. Það sé hún, sem ein geti tryggt Íslendingum góða viðskiptaaðstöðu gagnvart ríkjum Efnahagsbandalagsins. Hún ein geti tryggt þeim tollfrelsi og frjálsari innflutning sjávarafurða til landa Efnahagsbandalagsins. Og það sem meira er, hæstv. viðskmrh. og hæstv. dómsmrh. leggja á það megináherzlu, að hún ein, aukaaðildarleiðin, geti tryggt Íslendingum aðstöðu til þess að hafa áhrif á stefnu Efnahagsbandalagsins og framkvæmd hennar innan stofnana þess. Ég skal síðar koma að því, hvað það segir okkur um hugmyndir hæstv. ráðh., hvaða kost þeir velja okkur innan Efnahagsbandalagsins.

Ég held, að með þessum upplýsingum, sem ég hef nú tekið orðrétt í nokkrum atriðum úr skýrslu ríkisstj., sem hæstv. viðskmrh. flutti, þá sé alveg ljóst, um hvað er að ræða. En við, sem höfum þegar á grundvelli þessara upplýsinga myndað okkur þá skoðun í þessu máli, að aðeins ein leið, tollasamningsleiðin, sé fær, höfum gert það með þeim rökum, að þar sem upplýst sé í skýrslu ríkisstj., að aukaaðildarleiðin kosti samninga um hin viðkvæmu mál, eins og ráðh. orðaði það, um rétt útlendinga til atvinnurekstrar á Íslandi, innflutning fjármagns og vinnuafls, þá sé það alveg ljóst, að sú leið sé ekki fær fyrir Íslendinga.

Ég leyfði mér að vitna til fyrri ummæla hæstv. viðskmrh. um þetta atriði, þar sem hann sagði í opinberri ræðu, að ef aukaaðildarleiðin væri farin, mundum við Íslendingar verða að endurskoða afstöðu okkar að því er snerti rétt útlendinga til fisklandana á Íslandi og aðstöðu til fiskiðju. Við höfum bent á, að þessar upplýsingar, sem eru vitanlega alveg óyggjandi, þýði það, að við yrðum að opna land okkar fyrir öllum borgurum og fyrirtækjum innan Efnahagsbandalagsins og veita þeim aðstöðu til fisklandana og aðstöðu til fiskiðju á Íslandi. En við segjum: Við vitum, að þetta jafngildir því, — við erum sannfærðir um, að þetta jafngildir því að opna íslenzka fiskveiðilandhelgi fyrir öllum borgurum, öllum fyrirtækjum í löndum Efnahagsbandalagsins.

Hæstv. ráðh. hafa ekki gert neina tilraun til þess að afsanna þetta. Hæstv. viðskmrh. gat þess að vísu í ræðu sinni, að við yrðum að setja einhverjar reglur, sem takmörkuðu þennan rétt útlendinga. En hann hefur ekki fært nein rök að því, að þetta sé hægt. Það er þessi meginstaðreynd í málinu, sem við, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, sem hér höfum talað, höfum lagt megináherzlu á, sem skilur leiðir okkar og hv. stjórnarflokka í þessu máli. Rétt eins og hv. stjórnarflokkar segja: Það er vegna þess, að við viljum ekki opna íslenzka fiskveiðilandhelgi fyrir öllum borgurum og fyrirtækjum í Efnahagsbandalagslöndunum, að við viljum ekki taka í mál fulla aðild, — þá segjum við stjórnarandstæðingar: Það er vegna þess, að við viljum ekki opna íslenzka fiskveiðilandhelgi fyrir útlendingum, fyrir öllum borgurum og fyrirtækjum Efnahagsbandalagsins með þeim hætti að gefa þeim jafnan rétt á við Íslendinga til fisklandana og til atvinnurekstrar í fiskiðju á Íslandi. Það,

sem fyrir báðum vakir, kann að vera hið sama. Það er vegna þess, að við erum allir sannfærðir um, að það má ekki með neinum hætti ljá nokkurn kost á því að opna íslenzka fiskveiðilandhelgi fyrir útlendingum, að við höfum tekið afstöðu í þessu máli. Hv. stjórnarflokkar eiga aðeins eftir að sanna, að það sé nokkur möguleiki á því að verja íslenzka fiskveiðilandhelgi fyrir útlendingum, sem hefðu fengið rétt til aðstöðu til fisklandana og fiskiðju á Íslandi. Þeir eiga eftir að sanna það. Ekkert af þessum upplýsingum er í raun og veru nýtt í málinu. Það er vitað fyrir fram vegna ákvæða Rómarsamningsins og almennrar vitneskju um það, hvernig aukaaðild hefur verið skýrð af æðstu forustumönnum Efnahagsbandalagsins, að það mundi koma í ljós, að af þeirra hálfu yrði þess krafizt með aukaaðildarsamningi, hvað lítið sem væri, að jafnréttið til atvinnurekstrar, til innflutnings fjármagns og vinnuafls, það gilti jafnt, þótt um aukaaðildarsamning væri að ræða. En nú er þetta alveg sérstaklega staðfest af hæstv. viðskmrh., því að hann hefur lýst því yfir óafturkallanlega hér á hv. Alþingi, að aukaaðildarsamningur kosti samninga Íslendinga um þetta, um að veita borgurum og fyrirtækjum ríkja Efnahagsbandalagsins jafnan rétt á við Íslendinga til fisklandana og atvinnurekstrar í fiskiðjunni hér á landi.

Ég verð því að telja, eins og ég áðan sagði, að við, sem höfum tekið þessa afstöðu í meginatriði þessa máls út frá þeim rökum, þeim upplýsingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið um, hvað aukaaðild þýði, og viljum hafna henni, — ég verð að telja, að við höfum gert það á fullkomlega málefnalegum grundvelli og með fullkomnum málefnalegum rökum. En hvernig hafa svo hv. stjórnarflokkar tekið þessu í umr. um þetta mál? Hæstv. viðskmrh. lýsti sárum vonbrigðum sínum yfir þessari afstöðu Framsfl. Hann og blað hans telja þessa afstöðu Framsfl. neikvæða og óábyrga, og í stjórnarblöðunum hefur verið hægt að lesa dag eftir dag, að þessi afstaða Framsfl. sé hreinn kommúnismi og þm. Framsfl. undirlægjur kommúnista í þessu máli fyrir það, að þeir hafa tekið þessa afstöðu, — fyrir það, að þeir hafa tekið þá afstöðu að segjast vilja velja þá leið, að vísu þá leið eina, sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. allir, sem hafa talað í þessu máli, vilja þó telja vel færa. Það kostar þetta að hætta sér út í það að reyna að færa nokkur rök að því, að það geti verið nokkur hætta á ferðum fyrir Íslendinga í sambandi við að fara aukaaðildarleiðina. Þetta talar skýru máli um það, hvaða leið það er, sem hæstv. ríkisstj. aðhyllist og telur í raun og veru eina færa í þessu máli, þótt hún segi, að það sé ekki tímabært enn að velja hana.

Hæstv. forsrh., sem einmitt óskaði eftir hófsamlegum og málefnalegum umr. um þetta mál í sinni fyrstu ræðu, sló því föstu í annarri ræðu sinni, eftir að hann hafði heyrt afstöðu Framsfl. eða þeirra, sem talað höfðu af hans hálfu, að afstaða Framsfl. í þessum málum væri þjóðhættuleg og gæti jafnvel eyðilagt málstað þjóðarinnar í einu hennar mesta velferðarmáli, auk þess sem flokkurinn felldi sjálfan sig sérstaklega undir grun um að láta stjórnast af annarlegum sjónarmiðum í þessu máli. Þetta voru málefnaleg rök hæstv. forsrh., sem óskaði alveg sérstaklega eftir hófsamlegum og málefnalegum umr. um þetta mál.

Um okkur, þm. Alþb., sagði hæstv. viðskmrh. þegar í annarri ræðu sinni, að það hefði verið fyrir fram vitað, hvað við vildum, að við vildum, að Íslendingar hefðu sem allra minnst saman við þjóðir Efnahagsbandalagsins að sælda, af því að við séum á móti Efnahagsbandalaginu. Og þegar hæstv. viðskmrh. talar um Efnahagsbandalagið og þjóðir þess, þá er það eftirtektarvert, að hann á greinilega ekki við þær 5 þjóðir, sem í því eru í dag, heldur á hann við 15 eða 16 þjóðir í Vestur-Evrópu og Mið-Evrópu, sem hann telur alveg víst í dag, að hljóti að ganga í það með einum eða öðrum hætti, þ. e. a. s. hann á þarna við þjóðaskara, sem telur milli 200 og 300 millj. manna, og hann slær því föstu, að við þm. Alþb. viljum, að Íslendingar hafi sem allra minnst viðskipta- og menningarsambönd við allar þessar þjóðir. Við þurfum ekki að vera í vafa um það, við þm. Alþb., að það erum við, sem hann átti við, hæstv. ráðh., þegar hann sagði í skýrslu ríkisstj., að hér á landi væru menn, sem vildu, að viðskipta- og menningarsambönd Íslendinga við þjóðir Vestur-Evrópu væru sem allra minnst. Þar með er vitanlega sagt, að við vildum helzt, að viðskipta- og menningarsambönd Íslendinga við allar þjóðir Vestur- og Mið-Evrópu væru helzt engin, við vildum rjúfa þau með öllu. Slík orð leyfir hæstv. viðskmrh. og menntmrh. sér að viðhafa hér á Alþingi í máli, sem hæstv. forsrh. óskar alveg sérstaklega eftir hófsamlegum og málefnalegum umr. um.

Um afstöðu okkar þm. Alþb. í viðskiptamálum Íslendinga út á við vil ég segja hæstv. viðskmrh. og öllum öðrum vegna þessara staðlausu og órökstuddu staðhæfinga: Stefna Alþb. er sú, að það eigi að beina viðskiptum Íslendinga þangað, sem þau eru hagkvæmust frá viðskiptasjónarmiði einu, án nokkurs tillits til pólitískra sjónarmiða, þ. á m. án tillits til pólitísks stjórnarfars í viðkomandi löndum. Við viljum, að stefnt sé að því, að utanríkisviðskipti Íslendinga séu sem víðast um lönd, við sem flestar þjóðir, eftir því sem viðskiptalegir hagsmunir þjóðarinnar og viðskiptakjör framast leyfa. Og þetta sjónarmið okkar þm. Alþb. gildir alveg afdráttarlaust einnig að því er varðar viðskipti við lönd Efnahagsbandalagsins og önnur lönd í Vestur-Evrópu eða Mið-Evrópu, hvort sem þau verða í því bandalagi eða ekki. Við óskum, að þau viðskipti geti verið okkur sem bezt og hagkvæmust. Og ef þau eru það, þá viljum við, að þau séu sem mest. Um menningarviðskipti við þessar þjóðir Evrópu þarf ég auðvitað ekki að ræða. Við viljum að sjálfsögðu, að menningarleg viðskipti þjóðar okkar við þjóðir Evrópu séu sem mest

og bezt. Og ég verð að segja það, að það er dálítið hart að heyra greindan mann og menntaðan eins og hæstv. menntmrh. þurfa að segja hér á Alþingi í ræðustól, að við þm. Alþb., sem höfum margir okkar rétt eins og hann sótt menntun okkar til þessara þjóða í Evrópu, munum vilja menningarviðskipti þjóðar okkar við þær sem allra minnst og helzt rjúfa þau með öllu. Mér dettur ekki eitt augnablik í hug, að hæstv. viðskmrh. meini þetta. En hann þarf að leggjast svona lágt til þess að komast jafnfætis blaði sínu, sem fer með þennan þvætting á degi hverjum.

Annars verð ég að segja, að ég hef aldrei getað séð, að það sé minnsta ástæða til að tala um menningarviðskipti í sambandi við Efnahagsbandalag Evrópu. Efnahagsbandalag Evrópu er ríkjasamsteypa með alveg sérstökum hætti. Hún er mynduð af þjóðum, sem sumar eru skyldar menningarlega og sumar ekki, og það eru engin menningarleg rök til þess, að í þessari ríkjasamsteypu ættu að vera t. d. Norðmenn og Danir, Portúgalar og Spánverjar eða Ítalir, vegna þess að menning þessara þjóða sé svo skyld, því að það er hún sannarlega ekki. Ef menn eru að tala um, að þjóðir Efnahagsbandalagsins beri uppi menningu, Evrópumenninguna, þá er það mikill misskilningur, með allri virðingu fyrir þjóðum Efnahagsbandalagsins. Evrópumenningin stendur miklu víðar en í Vestur-Evrópu. Hún er ekki aðeins í Austur-Evrópu, hún er í báðum Ameríkum, í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og stendur þar engu síður föstum fótum en í löndum Efnahagsbandalagsins í Vestur-Evrópu. Allra skýrast verður það þó, hve mikill þvættingur þetta er, ef menn hugsa sér Þýzkaland, sem skiptist nú í tvö ríki, en er byggt þjóð, sem áreiðanlega stendur á sama menningargrundvelli. Efnahagsbandalagið vill einnig skipta þýzku þjóðinni um eina ákveðna línu og hafa Vestur-Þýzkaland innan Efnahagsbandalagsins, en Austur-Þýzkaland utan þess og sem hæstan tollmúr á milli. En það verður aldrei hægt að færa nein menningarleg rök að því, að þetta sé rétt eða neitt í menningu þýzku þjóðarinnar styðji það, að þetta eigi að gera. En eins og ég áðan sagði, þá er hart að þurfa að vera að svara svona ummælum, eins og þessum ummælum hæstv. viðskmrh., sem ég hef nú dvalizt við um skeið.

Sem betur fer hefur sú stefna, sem ég áðan lýsti sem stefnu Alþb. í viðskiptamálum Íslendinga, oftast orðið ofan á með Íslendingum, þ. e. a. s. að láta engin pólitísk sjónarmið ráða, við hvaða þjóðir við skiptum. Þetta sjónarmið er auðvitað sjónarmið heilbrigðrar skynsemi, því að pólitík og viðskiptum blandar enginn maður saman, sem hugsar um viðskipti. Það er lélegur kaupmaður, sem neitar að skipta við þá, sem eru á annarri pólitískri skoðun en hann. Og sjálfur lýsti hæstv. viðskmrh. því yfir mjög ákveðið, að viðskipti okkar við Austur-Evrópuríkin og þá ekki síst Sovétríkin, eins og hann komst sjálfur að orði, hafi verið okkur svo mikilvæg, að það hljóti að vera stefna okkar, að þau geti haldið áfram, hvað sem líður afstöðu okkar til Efnahagsbandalagsins. „Svo nauðsynleg eru þessi viðskipti íslenzkum þjóðarbúskap," sagði hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „að jafnvel aukaaðildarsamningur við Efnahagsbandalagið yrði að veita Íslendingum undanþágu til þess að halda innflutningshöftum á þeim vörum, sem mikilvægastar eru í jafnkeypisviðskiptunum, og sömuleiðis að veita Íslendingum rétt til að ákveða tollkvóta fyrir nokkrar þeirra." Þetta voru óbreytt orð hæstv. viðskmrh.

Svo mikilvæg telur hæstv. viðskmrh. viðskipti okkar við þjóðirnar í Austur-Evrópu, að hann telur, að það verði að gera það að óhjákvæmilegu skilyrði fyrir aukaaðild okkar að Efnahagsbandalaginu, að við fáum að halda uppi innflutningshöftum á vörum frá Efnahagsbandalagsríkjunum til þess að geta haldið viðskiptum við Austur-Evrópu. Ég fagna því, að hæstv. viðskmrh. sýnir með þessum orðum, að hann vill í verki framkvæma þá stefnu, sem ég áðan lýsti sem stefnu Alþb., en er auðvitað hreinlega stefna heilbrigðrar skynsemi.

Ég er hins vegar ekki viss um það, hvort hæstv. ráðh. hefur það beint eftir æðstu forráðamönnum Efnahagsbandalagsins, að það sé víst, að við fáum að halda innflutningshöftum á vörum frá ríkjum Efnahagsbandalagsins til þess að halda viðskiptum við Austur-Evrópu. En e. t. v. getur hæstv. viðskmrh. undirstrikað það enn þá greinilegar, að svo sé, ef hann hefur það beint frá forráðamönnum Efnahagsbandalagsins sem rök fyrir aukaaðildarleiðinni. Hann sagði að vísu í síðari ræðu sinni, að það, sem hann hefði sagt um undanþágur með aukaaðildarleiðinni, hefði verið byggt á viðræðum við forráðamenn Efnahagsbandalagsins. Ég trúi því vel, að það sé sannfæring hæstv. ráðh., að austurviðskiptin séu svo nauðsynleg íslenzkum þjóðarbúskap, að þessi undanþága verði að fást, ef fara ætti aukaaðildarleiðina, og væri þá ekki nema eðlilegt, að hæstv. ráðh. færði enn þá sterkari rök fyrir því en hann gerði í skýrslu ríkisstj., að þessi undanþága mundi sama sem vera fyrir hendi. Ég fagna þessari afstöðu hæstv. ráðh., og ég veit, að hún er komin af því, að hann álítur það sjálfur þjóðarnauðsyn fyrir okkur að halda viðskiptunum við Austur-Evrópuríkin, alveg eins og það var af þjóðarnauðsyn, að þau voru tekin upp á sínum tíma í svo stórum stíl sem raun varð á. Það var áreiðanlega ekki af ást á þjóðskipulagi eða stjórnarfari í Sovétríkjunum, að það var gert, þegar okkur reið mikið á. En ég vil minna hæstv. viðskmrh. og aðra rétt á það í því sambandi, að þá, þegar okkur reið mest á og austurviðskiptin voru tekin upp að nýju í miklu stærri stíl en áður, þá voru það lönd Efnahagsbandalagsins og þá sérstaklega Bretar, sem höfðu lagt okkur í viðskiptabann. Ég vil líka minna á það, að við það tækifæri kom enginn, sem hæstv. ráðh. vænir nú um það að vilja viðskipti Íslendinga við Vestur-Evrópuþjóðirnar sem minnst, — það

kom enginn maður fram með tillögu um það að nota þetta tækifæri til þess að hætta innflutningi á brezkum vörum. Það hefði legið beint við fyrir þann, sem hefði viljað rjúfa viðskiptatengsl okkar við Breta, að leggja til, að það tækifæri væri notað. Það kunna að hafa komið einhverjar raddir fram um það, en þær komu áreiðanlega ekki frá neinum þm., neinum þeim, sem nú eru þm. Alþb.

Ég vil þá líka benda á það, að menn geta verið á móti Efnahagsbandalaginu sem fyrirbæri í alþjóðamálum, án þess að þeir vilji þar fyrir minnka á nokkurn hátt eða draga úr viðskiptum þjóðar sinnar við þær ágætu þjóðir, sem eru í Efnahagsbandalaginu. Menn geta meira að segja einmitt verið á móti Efnahagsbandalaginu sem slíku, sem fyrirbæri í alþjóðamálum, vegna þess að þeir vilja viðskipti þjóðar sinnar við þjóðir þess sem mest, en óttast að skipulag og stefna Efnahagsbandalagsins leiði til þess, að það dragi úr þeim viðskiptum, viðskipta- og menningarlegum.

Það getur enginn neitað því, að með því að umlykja sig háum tollmúrum og auk þess beinum höftum og viðskiptahömlum hefur Efnahagsbandalagið torveldað og stefnir að því að torvelda enn þá meir en enn er orðið viðskipta- og menningarsambönd við aðrar þjóðir heimsins, jafnvel þótt þær þjóðir óski að halda í sem ríkustum mæli viðskiptum sínum við þjóðir Efnahagsbandalagsins.

Margir vitrustu og víðsýnustu menn og sumir áhrifamiklir í alþjóðamálum hafa árum saman brýnt fyrir mönnum, að það, sem e. t. v. sé nauðsynlegast mannkyninu í dag, sé að brúa bilið á milli fátækra og ríkra þjóða heimsins, það, sem sé mest áríðandi af öllu, sé að halda sem greiðustum viðskiptum milli hinna nýfrjálsu þjóða Asíu og Afríku og annarra hinna fátækari þjóða heimsins og hinna ríku og háþróuðu iðnaðarþjóða, hvar sem þær eru. Þessir sömu vitru og víðsýnu menn hafa sýnt fram á, að það sé ekki hægt að gera verra verk í þessu efni heldur en að skipta heiminum í fleiri viðskiptaheildir — blokkir, sem loki sig inni innan hárra tollmúra og torveldi öll viðskipti þjóða á milli, eins og Efnahagsbandalagið stefnir að. Ekki óvitrari maður en Nehru, forsætisráðherra Indlands, hefur leyft sér að segja þessi orð um Efnahagsbandalagið: „Efnahagsbandalagið verður miklu áhrifameira tæki til að halda vanþróuðu löndunum niðri en nokkurt nýlenduveldi nokkru sinni hefur haft ráð á.“

Ætlar hæstv. viðskmrh. að segja Alþingi Íslendinga og allri íslenzku þjóðinni það, að allir þeir menn, sem eru á móti þeirri stefnu, sem kemur fram í Efnahagsbandalaginu, að umlykja sig tollmúrum og torvelda viðskipti við aðrar þjóðir heimsins, séu á móti þessu vegna þess, að þeir kæri sig kollótta um velferð vestrænna þjóða eða vilji viðskipti þjóðar sinnar — viðskiptaleg og menningarleg — við þjóðir Efnahagsbandalagsins sem allra minnst?

Það er nú svo komið, að allar fyrri nýlendur Breta í Afríku, sem hafa öðlazt sjálfstæði eða eru á leið með að öðlast sjálfstæði, hafa lýst því yfir, að þær vilji ekki líta við aukaaðild að Efnahagsbandalaginu, þar eð þær telji það algerlega ósamrýmanlegt sjálfstæði sínu, á sama tíma sem brezk ríkisstjórn er enn að berjast við að komast inn í Efnahagsbandalagið og hefur viljað stuðla að því, að þessar fornu nýlendur þeirra gengju inn í það með aukaaðild.

Stofnun efnahagsbandalags Afríkuþjóða er ekki aðeins komin á dagskrá, hún er að verða staðreynd. Og það er vitað, að með stækkun Efnahagsbandalagsins, ef úr henni verður, er beint stefnt að stofnun fleiri slíkra efnahagsbandalaga, sem auðvitað mundu ekki auðvelda viðskipti milli þjóða heimsins og auðvitað mundu ekki draga úr spennu eða ófriðarhættu í heiminum. En um anda Efnahagsbandalagsins til þessara þjóða er það til dæmis, að fyrir skömmu lét vesturþýzka stjórnin það í ljós, að þau milli 10 og 20 ríki, sem áður voru flest nýlendur Frakka og hafa gerzt aukaaðildarríki Efnahagsbandalagsins, skyldu ekki leyfa sér slíkt eins og það að hafa uppi viðskipti eða viðurkenna Austur-Þýzkaland, því að það kostaði það, að þá yrðu þau svipt fríðindum sem aukaaðildarríki Efnahagsbandalagsins. Þetta er lítið, en gott dæmi um andann í Efnahagsbandalagi Evrópu til hinna nýfrjálsu þjóða í Afríku og annars staðar í heiminum.

Nei, það er einmitt vegna þess, að það er staðreynd, að Efnahagsbandalag Evrópu sem fyrirbæri í alþjóðamálum stefnir ekki að auknum viðskiptum og friðsamlegri sambúð þjóðanna, að sú andstaða, sem þegar á sér stað gegn því, að þjóðir Evrópu gangi nú í það, er til komin. Og hæstv. viðskmrh. er til einskis að segja alþm., að allir þeir menn, sem nú berjast gegn og berjast hart gegn innlimum þjóðar sinnar í Efnahagsbandalag Evrópu, geri það af fjandskap við V.-Evrópuþjóðir. Hann getur látið segja það í Alþýðublaðinu, en það þýðir ekki að segja það hér á Alþingi eða Íslendingum yfirleitt. Honum mun ekki einu sinni þýða að segja það í Alþýðublaðinu, þó að það sé nú oft greinilega skrifað fyrir heimskingja, að forustumenn Verkamannaflokksins brezka lýsi því yfir hver eftir annan, að þeir skuli berjast til hins ýtrasta til að koma í veg fyrir það, að brezka þjóðin verði leidd inn í Efnahagsbandalagið, vegna þess, — ekki aðeins vegna hagsmuna samveldisins og hagsmuna brezks landbúnaðar, heldur vegna þess, að brezk ríkisstjórn muni ekki hafa innan Efnahagsbandalagsins óbundnar hendur um stefnu í efnahagsmálum né þjóðfélagsmálum öðrum né heldur í utanríkismálum. En þessu lýsti t. d. foringi brezka Verkamannaflokksins, Hugh Gaitskell, yfir fyrir skömmu í ræðu.

Þeir menn, sem nú berjast gegn innlimun þjóða sinna í Efnahagsbandalag Evrópu í Bretlandi, í Noregi, í Danmörku, gera það auðvitað af ýmsum ástæðum og með ýmsum rök-

um. En allir benda þeir á þá staðreynd, hvernig Efnahagsbandalag Evrópu er til orðið, hvernig það er uppbyggt, hvernig kerfi þess er, hvernig hagkerfi þess er og hvaða markmið og tilgang það hefur, að það er pólitísk ríkjasamsteypa, sem hefur komið á hjá sér hagkerfi peningavaldsins, eins og það er öflugast og nær óþekkt annars staðar í heiminum, að það stefnir að því, að stofnanir þess taki við stjórn og ákvörðunum um stefnu allra aðildarríkja þess í ákveðnum málum, ekki aðeins efnahagsmálum, heldur fjölmörgum málum öðrum og þ. á m. utanríkismálum. Þessi stefna er yfirlýst af æðstu forustumönnum Efnahagsbandalagsins. Það er ekki lengra síðan en nokkrir mánuðir, að utanrrh. Frakka lýsti því yfir, að þess yrði ekki langt að bíða, að Efnahagsbandalagið hefði sinn eigin her, og það eru ekki eins margir mánuðir síðan fyrrv. utanrrh. V.-Þýzkalands lýsti því yfir, að þess yrði ekki langt að bíða, að Efnahagsbandalagið hefði ekki aðeins eina stefnu í utanríkismálum, heldur líka sameiginlega utanríkisþjónustu.

Það er þess vegna ekki aðeins í efnahagsmálum, sem Efnahagsbandalagið hefur ákveðna stefnu, markmið og tilgang. Það er fyrst og fremst pólitískt. Og það er öllum ljóst, að ákvörðun þjóða eins og t. d. Breta um að ganga í það nú er fyrst og fremst pólitísk. Því lýsti forsrh. Breta líka skilmerkilega yfir í útvarpsræðu til þjóðar sinnar eftir samveldisráðstefnuna í haust. Fyrsta ástæðan er pólitísk, en ekki efnahagsleg. Og það væri hægt að telja upp fjölda hagfræðinga, viðurkenndustu hagfræðinga í Evrópu, sem hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það geti ekki verið nein hagfræðileg rök, sem liggi til þess, að þessar þjóðir ættu að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Foringi brezka Verkamannaflokksins orðaði það svo, að það væri alveg ljóst af skrifum brezkra hagfræðinga um, að það væri jafnt tap og gróði af því fyrir brezku þjóðina að ganga í Efnahagsbandalagið, en ákvörðunin væri pólitísk ákvörðun, og þannig er það í fleiri löndum.

En það eru fleiri en jafnaðarmenn í löndum V.-Evrópu, sem nú hafa látið í ljós ugg sinn um stefnu Efnahagsbandalagsins. Alveg nýlega kom alveg ný rödd úr óvæntri átt. Það er víst ekki hálfur mánuður síðan það var haldin í Paris ráðstefna Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Þar mætti og hélt ræðu landbúnaðarráðherra Bandaríkjanna, — ræðu, sem kom mönnum mjög á óvart. Ég hef fyrir framan mig brezkt íhaldsblað, sem segir frá þessari ræðu og segir, að hún hafi verið harkaleg og alveg óvænt árás á stefnu Efnahagsbandalagsins í landbúnaðarmálum og í henni hafi verið bein hótun af hálfu Bandaríkjanna um, að heimild forseta Bandaríkjanna til tollalækkana og niðurfellingar á tollum á iðnaðarvörum frá Efnahagsbandalaginu yrði dauður bókstafur, nema því aðeins að önnur lönd viðkomandi væru reiðubúin til að fella niður verndartolla og höft að því er landbúnaðarvörur snerti, og átti þar við lönd Efnahagsbandalagsins. Þetta blað bætti því við, að það væri furðulegt, hve lengi Bandaríkjamenn hefðu verið að átta sig á því, hvílíkur háski stafaði af innilokunarstefnu Efnahagsbandalagsins í landbúnaðarmálum, og bætti því við, að það væri vel þess vert að hugleiða nánar, hvað hefði nú gerzt, sem hefði svo mjög breytt stefnu Bandaríkjanna gagnvart Efnahagsbandalaginu, því að hingað til hefðu forustumenn Efnahagsbandalagsins ekki átt öðru að mæta en hrósi og hvatningum frá amerískum ráðherrum, sem hafa sótt þá heim til Evrópu. En þannig væri nú meira að segja komið, að sjálfur landbrh. Bandaríkjanna hefur opinberlega ráðizt á þá innilokunar- og verndartollastefnu Efnahagsbandalagsins, sem ákveðin hefur verið með stefnu þess í landbúnaðarmálum, og haft í hótunum við það, ef því verður ekki breytt.

En út af fyrir sig þarf ekki að fara út í lönd til þess að leita að dæmum um það, hvernig þessi harkalega stefna, innilokunarstefna Efnahagsbandalagsríkjanna, getur komið við litlar og vanmegna þjóðir. Hæstv. forsrh. lýsti þessu ágætlega í sinni ræðu hér á hv. Alþingi um þetta mál. Hann sagði, að inngangseyririnn, sem við Íslendingar kynnum að verða að borga til þess að komast í þennan ágæta félagsskap, Efnahagsbandalagið, gæti orðið svo hár, að ekki kæmi til mála, að við gætum greitt hann. En hvað blasir þá við okkur að dómi hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., ef við gætum alls ekki greitt þennan inngangseyri? Jú, þeir segja okkur það. Það blasir við okkur alger einangrun og útilokun frá viðskiptum og menningarsamböndum við þessar þjóðir, þessar ágætu þjóðir Vestur-Evrópu. Það eru viðurlögin. Það er hótunin, sem blasir við minnstu þjóð Evrópu að dómi þessara manna, sem telja, að mest beri að fagna þessari stefnu, sem felist í stofnun Efnahagsbandalags Evrópu, — þessir tveir kostir geti blasað við okkur: Í fyrsta lagi að greiða þann inngangseyri, sem við aldrei gætum haft efni á að greiða, að öðrum kosti alger einangrun og útilokun frá viðskiptum við þessar þjóðir. Hæstv. forsrh. sagði meira að segja, að það geti verið hætta á því, að þjóðirnar innan Efnahagsbandalags Evrópu ykju svo framleiðslu sína í skjóli tollmúranna og haftanna, að engin þörf yrði fyrir íslenzkan fisk í löndum þeirra. Það þarf ekki að lýsa afleiðingum af því fyrir Íslendinga.

En þá spyr ég: Geta íslenzkir menn fagnað þeirri stefnu, sem gæti leitt til þess að þeirra eigin dómi, að okkar þjóð yrði svo úti í viðskiptum við þessar þjóðir? Geta menn fagnað því, að slík stefna gripi um sig og verði allsráðandi á vesturhluta meginlands Evrópu? Ég held að vísu, að hér séu hæstv. ráðh. að leika þann leik í þessu máli, sem er ekki nýr, sem hefur verið viðhafður, frá því að það kom fyrst á dagskrá, að reyna að hræða íslenzku þjóðina, hræða hana, svo að hún komi ekki fyrir sig dómgreind sinni til þess að leggja málefnalegan dóm á þetta mál. En hvað um það, þetta er óneitanlega, held ég, ófögur mynd af stefnu

þjóða í viðskiptamálum, sem gæti leitt til þessara hluta fyrir okkar litlu og vanmegna þjóð. En ég verð að segja í því sambandi: Hvers konar klókindi eru það hjá hæstv. forsrh. og viðskmrh. okkar að draga upp þá mynd fyrir okkur hér á Alþingi Íslendinga, þegar þetta mál er til umr., að það geti farið svo, að það verði ekki nema um tvennt að velja fyrir okkur, aðgangseyri, sem við getum ekki borgað, eða algerlega glötun. Á þetta að stefna að því að skapa okkur til handa einhvers konar samningsgrundvöll við þessar þjóðir? Eða er það bara sagt til þess að færa okkur heim sanninn um það, að við séum algerlega upp á náð og miskunn þessara þjóða komnir? Ég held það sé sagt í þeim tilgangi og geti ekki verið sagt nema í þeim tilgangi. En ég verð að segja, að þá er það ekki mjög sterkur samningsgrundvöllur, sem verið er að undirbúa með slíkum yfirlýsingum frá forsrh. og viðskmrh. þessarar þjóðar.

Það er í fyrsta skipti, sem þetta stórmál er rætt hér á hv. Alþingi. Ég vék að vísu að þessu máli í útvarpsræðu, sem ég flutti á útmánuðum í fyrra í eldhúsumr. hér á Alþingi, og rakti þá nokkuð, hvernig haldið hefði verið á þessu máli af hálfu hv. stjórnarflokka og ríkisstj. Ég leyfi mér að bera það saman við það, hvernig tekið hefur verið á þessu máli af frændþjóðum okkar, Dönum og Norðmönnum. Þegar málið kom á dagskrá hjá Norðmönnum, hvernig þeir ættu að snúast við Efnahagsbandalagi Evrópu, eftir að Bretar höfðu ákveðið að sækja um inngöngu þar, og ljóst var, að Fríverzlunarbandalag Evrópu var í upplausn, þá ákváðu Norðmenn, að það skyldi fara fram þjóðaratkvgr. í Noregi, áður en fullnaðarákvörðun yrði tekin um það, hvort Noregur gengi í slíkt bandalag eða ekki. Í Danmörku vita menn, að þar verða 5/6 hlutar þingsins að vera máli um inngöngu Danmerkur í Efnahagsbandalagið samþykkir, til þess að það nái fram að ganga. Hér vantar ekki, að menn viðurkenni það, að þetta er eitthvert stærsta mál, sem að höndum þjóðarinnar hefur borið. En frá upphafi hefur verið rekinn hér sá áróður, að Íslendingar eigi ekki nema um eitt að velja, aðild að Efnahagsbandalagi í einhverju formi, annars muni fara illa fyrir þeim. Það hefur verið stefnt beint að því, frá því að fyrst voru hafnar umr. um þetta mál, að reyna að hræða þjóðina þannig.

Í byrjun júní í fyrrasumar þótti hæstv. viðskmrh. rétt að kalla saman fund í utanrmn. til þess beinlínis að flytja utanrmn. þá yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. teldi ekki koma til mála að vel athuguðu máli að sækja um inngöngu, hvorki í Fríverzlunarbandalag Evrópu né Efnahagsbandalag Evrópu. Og hæstv. utanrrh. hélt um þetta alllanga tölu og ég verð að segja með þó nokkrum rökum, um það, að þessi afstaða væri sjálfsögð, það kæmi ekki til mála fyrir Íslendinga að vera að ánetjast þessum bandalögum, eins og málin stæðu. En um miðjan ágúst 1961 skipti allt í einu um veður í lofti. Þá var í skyndi kölluð saman nefnd nokkurra fulltrúa, sem höfðu verið fengnir til þess fyrr um sumarið að kynna sér Efnahagsbandalag Evrópu. Þá var hún í skyndi kölluð saman og lagt fyrir hana beinlínis, að hún yrði á nokkurra daga fresti að láta uppi álit sitt um það, hvort það væri ekki rétt, að Íslendingar sæktu beinlínis um aðild að Efnahagsbandalaginu. Og það fór svo, að meiri hl. þessara fulltrúa atvinnuveganna taldi sig þá, um miðjan ágúst í fyrra, dómbæran um það, að Íslendingar ættu þá þegar að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu.

Hæstv. viðskmrh. og hæstv. dómsmrh. voru að einhverju leyti að reyna að afsaka þetta óafsakanlega frumhlaup og óðagot með því, að um þetta leyti hefðu þjóðirnar í Fríverzlunarbandalagi Evrópu talið, að þær mundu flytja umsóknir sínar um aðild að Efnahagsbandalaginu sameiginlega og ræða þær sameiginlega, og þess vegna hefði mönnum hér dottið í hug, að Íslendingar ættu að vera þar með, þótt þeir væru þá ekki í Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Þetta er algerlega rangt og staflaust hjá hæstv. viðskmrh. Um miðjan ágúst í fyrra var nefnilega vitað, að fulltrúar fríverzlunarbandalagsríkjanna höfðu 31. júlí komið saman í London á fund og samþykkt þar að beygja sig fyrir þeirri kröfu Efnahagsbandalagsins, að þær yrðu að leggja inn inntökubeiðnir sínar hver um sig og með þær yrði farið hverja um sig í réttri röð og þjóðirnar látnar bíða í biðsal Efnahagsbandalagsins eða fordyrum þess, eins og þær gera enn í dag. Hæstv. viðskmrh. fer því alveg með staðlausa stafi og rangt mál í þessu efni.

Það var vitað þá þegar um miðjan ágúst, að þýzkur hroki og franskur þjóðrembingur höfðu sameinazt um það eins og fleira í Efnahagsbandalagi Evrópu að láta þjóðirnar, Breta, Dani, Norðmenn, Íra, sitja mánuðum og missirum saman í anddyrunum í Brüssel til þess að auðmýkja þá og láta þá vita, að umsóknir um inngöngu þeirra yrðu teknar fyrir hver um sig, svo að þær hefðu engan stuðning hver af annarri. Danir höfðu sótt það fast að fá að sitja við hliðina á Bretum í samningum, en það var vitað um miðjan ágúst í fyrra, þegar skjálftinn kom í hæstv. viðskmrh., að þeir fengju það ekki, það yrði hver að sitja að sínu og sækja sitt mál fyrir Efnahagsbandalagi Evrópu. En það var vitað meira. Í september, þegar blöð stjórnarflokkanna hömuðust hvað mest um, að það mætti ekki bíða stundinni lengur með það, að Íslendingar sæktu um inntöku, sæktu um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, þá var ráð Efnahagsbandalagsins búið að lýsa því yfir skýrt og skilmerkilega, að um leið og eitt ríki legði inn umsókn um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, þá viðurkenndi það um leið skilyrðislaust alla skilmála Rómarsamningsins. Hæstv. dómsmrh. var í sinni ræðu að reyna að færa líkur að því eða rök, að um þetta leyti hefði ekkert slíkt verið vitað, að það fylgdi nein skuldbinding umsókn í Efnahagsbandalagið. Þetta er alger-

lega rangt og ég held visvitandi rangt, því að á þessum tíma var alveg vitað, að það var ekki hægt að leggja fram neina umsókn án skuldbindinga að dómi ráðs Efnahagsbandalagsins. Umsókn um aðild að Efnahagsbandalaginu þýðir, að það ríki, sem leggur hana fram, sagði ráð Efnahagsbandalagsins í sept. í fyrra, að það viðurkennir og undirgengst skilyrðislaust alla skilmála Rómarsamningsins, annars verður inntakan ekki tekin fyrir. Og þetta urðu Bretar, Danir og Norðmenn og aðrir að viðurkenna.

Nei, hæstv. ráðh. þýðir ekkert að fara með slíkar blekkingar um það, sem stjórnarblöðin fóru með hér í fyrra, í ágúst og september, að væri alveg sjálfsagt mál fyrir Íslendinga að bíða ekki stundinni lengur með að leggja inn umsókn sína. Það var frumhlaup, órökstutt og rakalaust með öllu. Sérstaklega verður það augljóst í ljósi þeirrar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. nú, að það sé ekki enn í dag hægt að mynda sér neina rökstudda skoðun til þess að taka ákvörðun um Efnahagsbandalagið, því að eins og hæstv. forsrh. segir, okkur vantar enn í dag öll frumskilyrði til þess að taka ákvörðun um Efnahagsbandalagið. En þeir höfðu það í fyrra, sérfræðingar hæstv. ríkisstj. og ritstjórar hæstv. ríkisstj., því að þeir sögðu þá, ef ég má vitna — með leyfi hæstv. forseta — í Morgunblaðið 19. ágúst í fyrra:

„Ástæðan til þess, að kunnáttumenn telja, að ekki megi lengur draga að leggja inn inntökubeiðni, er fyrst og fremst sú, að framtíðarskipun Efnahagsbandalagsins er nú í mótun. Með því að sækja nú um inngöngu geta Íslendingar haft áhrif á það, hvernig málum verður háttað. Ef við leggjum ekki fram inntökubeiðni nú, verðum við frá upphafi einangraðir. Þannig er það beinlínis þjóðhættulegt að draga að gæta hagsmuna okkar."

Þetta var skoðun ritstjóra Morgunblaðsins í fyrra. Og í ræðu minni í fyrra, í apríl í fyrravetur, benti ég á, að það væri meira að segja hægt að sanna, að ríkisstj. hefði í fyrrasumar miðað stjórnarathafnir sínar, sínar eigin stjórnarathafnir við það, að við hlytum að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu: gengislækkunina, sem hún framkvæmdi í ágúst, eins og hæstv. forsrh. sagði sjálfur, þegar hann gerði þjóðinni grein fyrir þeirri ráðstöfun.

Hæstv. viðskmrh. sagði hér í ræðu, að sérfræðingar ríkisstj. hefðu aldrei gert neinar till. um leiðir í þessu máli. Það má nú segja. Sérfræðingar ríkisstj. hafa verið hafðir á oddinum og látnir halda uppi fyrst og fremst þeim óskammfeilna áróðri, sem hér hefur verið hafður í frammi um Efnahagsbandalagið. Eða man hæstv. viðskmrh. ekki eftir ráðstefnu, sem hann sat sjálfur í janúar þessa árs hjá félaginu Frjálsri menningu, þar sem sérfræðingar, eins og Már Elísson, sem er sérfræðingur Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum, a. m. k. sögðu, að það væri augljóst, að áhrif þess fyrir Íslendinga að standa utan Efnahagsbandalagsins yrðu hörmuleg? Og raunar jaðraði það við fjarstæðu að ímynda sér, að þeir gætu það. Þess vegna yrði hann að ályktа, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „að nauðsynlegt sé að sækja um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu innan skamms. Ég mundi telja heppilegast," sagði þessi sérfræðingur, „samningsaðstöðunnar vegna að byrja sem efst, þ. e. að sækja um fulla aðild." Þetta sagði þessi sérfræðingur að viðskmrh. viðstöddum og án þess að viðskmrh. mótmælti þessum skoðunum sérfræðingsins á nokkurn hátt.

Annar sérfræðingur hæstv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálum, fiskimálastjórinn, hv. varaþm. Davíð Ólafsson, komst að nákvæmlega sömu niðurstöðu. Ég vænti ekki, að hæstv. viðskmrh. muni neita því, að hann sé einn af sérfræðingum hæstv. ríkisstj. Á hann ekki sæti í einni sérfræðinganefndinni og þeirri helztu? Hvað sagði hann? Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þurfum að sækja um aðild að bandalaginu heldur fyrr en seinna. Það, sem ég óttast," sagði hann, „ef við bíðum of lengi, er, að við komum að fullbyggðu húsi, sem við getum ekki fengið neina breytingu á, eins og okkur mundi henta."

Hans niðurstaða var því eins og hins sérfræðingsins í sjávarútvegsmálum, að við ættum ekki að bíða með að sækja um inngöngu, ekki að bíða með það í janúar í fyrra.

Og hverjir skyldu vera meiri sérfræðingar hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum en menn eins og Jónas Haralz ráðuneytisstjóri og dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri? Hafa þessir menn, sérfræðingar ríkisstj., ekki mælt með því, að Ísland gangi í Efnahagsbandalagið með einhverjum hætti? Hafa þeir ekki skrifað greinar um þetta og a. m. k. dr. Jóhannes Nordal lagt á það megináherzlu, að það sé ekki um annað að ræða í því máli heldur en annaðhvort fulla aðild eða auðaaðild? Og hæstv. viðskmrh. sjálfur, er hann ekki einn af sérfræðingum ríkisstj. í efnahagsmálum? Enginn mun efast um það. (**Gripið fram í:** Er ríkisstj. og hann eitt í efnahagsmálum?) Nei, hann er ekki ríkisstj. í efnahagsmálum, því að ríkisstj. í efnahagsmálum voru þeir tveir herrar, sem ég áðan nefndi, Jónas Haralz og Jóhannes Nordal, með allri virðingu fyrir hæstv. viðskmrh. En hæstv. viðskmrh., á hvaða skoðun var hann á ráðstefnu sérfræðinganna í janúar í fyrra? Jú, hann dró enga dul á það, að það væri viss ábyrgðarhluti að bíða með það þá fyrir Íslendinga að sækja um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu. Ég ætla ekki að lesa hér upp allt, sem hann sagði um það, hvílíkur ábyrgðarhluti væri að bíða. Hann sagði, að það væri sérstaklega ábyrgðarhluti að bíða, þegar Bretar og Norðmenn færu að semja um sjávarútvegsmál. En hann lagði megináherzlu á annað, að það væri engin leið til þess að nálgast Efnahagsbandalag Evrópu með umsókn nema annaðhvort á grundvelli fullrar aðildar eða aukaaðildar. Þetta var svona í janúar í fyrra.

Ég hef ekkert við það að athuga, að hæstv.

ráðh. eða aðrir breyti um skoðun og taki skynsamlegri skoðun. En ég held, að það sé alveg víst, að hann hafi nokkuð skipt um skoðun um þetta efni, nema hann þá lýsi því yfir hér, að hann sé enn sömu skoðunar og hann var fyrr, í janúar í fyrra, að það sé ekkert til fyrir Íslendinga annað en annaðhvort full aðild eða aukaaðild, það þýði ekki að leggja hér umsókn fyrir Efnahagsbandalagið á öðrum grundvelli.

Það hefur verið fullyrt, t. d. af dr. Jóhannesi Nordal, að það komi ekkert til greina í samningum við Efnahagsbandalagið án formlegrar aukaaðildar, engir tollasamningar komi til greina án formlegrar aukaaðildar. Þetta er spurning. Mér er spurn: Hver er skoðun hæstv. viðskmrh. á þessu nú í dag? Ég er ekki að spyrja, hver hún var í janúar í fyrra, því að það veit ég. Ég er ekki að spyrja, hver hún verði á morgun, því að það veit enginn. En ég er að spyrja, hvaða skoðun er á málinu í dag.

Hæstv. viðskmrh. gerði í ræðum sínum og þegar í skýrslu ríkisstj. um þetta mál samanburð á tveimur leiðum, sem hann taldi koma til greina að skoðun ríkisstj. Hann gerði allnákvæman samanburð á aukaaðildarleiðinni annars vegar og tollasamningsleiðinni hins vegar. Ég álít rétt að athuga þennan samanburð hæstv. ráðh. Hann viðurkenndi í fyrsta lagi, að með viðskiptasamningsleiðinni þyrfti enga samninga að gera um hin viðkvæmu mál um jafnrétti til atvinnurekstrar, fjármagnsinnflutnings og innflutnings vinnuafls o. s. frv. Ég dreg enga dul á það, að ég skildi hæstv. ráðh. svo, að hann teldi þetta kost við tollasamningsleiðina, eins og við aðrir, sem teljum, að hún sé eina færa leiðin. Hann sló því í öðru lagi föstu, að sami vandi fylgdi báðum leiðum að því er snerti í fyrsta lagi innlendan iðnað, jafnkeypisviðskiptin, viðskiptin við Austur-Evrópu þ. á m., og fjármál ríkisins, þ. e. a. s. fjáröflunartolla, þegar til þess kæmi, að Íslendingar yrðu að lækka tolla á innflutningi og draga úr eða afnema innflutningshöft á móti lækkun tolla á sjávarafurðum í löndum Efnahagsbandalagsins. En þó að hæstv. ráðh. slægi þessu föstu sem kosti við tollasamningsleiðina, þá kæmi ekki til mála að semja um jafnrétti útlendinga til atvinnurekstrar á Íslandi, því að ekkert slíkt kæmi til greina samkv. upplýsingum, sem hann hefði fengið frá fyrstu hendi, þá var niðurstaða hans samt sú í þessum samanburði, að hann lagði megináherzlu á ókosti tolla- og viðskiptasamningsleiðarinnar, en jafnríka áherzlu á kosti aukaaðildar. Hann benti á ókosti viðskiptasamninga. Í hans augum væri í fyrsta lagi, að með þeim fengju Íslendingar aldrei jafnréttisaðstöðu á við keppinauta sína um fisksölu til landa Efnahagsbandalagsins, heldur aðeins lækkun á tollum af sjávarafurðum. En hann sagði orðrétt, að hann teldi sennilegt, að við fengjum lækkun á tollum á sjávarafurðum gegn gagnkvæmri lækkun á tollum á innflutningsvörum til Íslands. En hæstv. ráðh. bætti því við, að þessi tollalækkun mundi þó aðeins verða til skamms tíma. Og auk þess er hugsanlegt, sagði hæstv. ráðh., að Efnahagsbandalagið komi upp einhvers konar markaðsskipulagi með sjávarafurðir, er torveldi fisksölu þjóða, sem utan þess standa. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. viðskmrh. hafi þessar upplýsingar líka frá fyrstu hendi. Það er kunnugt, að það er í ráði að setja upp markaðsskipulag fyrir landbúnaðarvörur, og mér þykir líklegt, að það sama sé í ráði með sjávarafurðir. En í mínum augum eru þessar upplýsingar hæstv. ráðh., sem ég tel víst, að hann hafi eftir góðum heimildum, mjög alvarlegar, því að hvað þýðir það fyrir okkur Íslendinga, ef við gerðumst aukaaðilar að Efnahagsbandalaginu? Yrðum við þá ekki að undirgangast stjórn á slíku markaðsskipulagi og söluskipulagi okkar sjávarafurða? Væri það markaðsskipulag nokkuð síður til þess fallið, eins og hæstv. ráðh. sagði, að torvelda fisksölu okkar þjóðar, þó að hún væri í Efnahagsbandalaginu með aukaaðild, eða a. m. k. taka ráðin af okkar höndum um fisksölu okkar? Gæti þetta þýtt, að stjórn sölu okkar á sjávarafurðum yrði tekin úr okkar höndum og fengin sérfræðingum Efnahagsbandalagsins?

En þetta var ekki aðalatriðið í augum hæstv. ráðh. Tvö atriði önnur lagði hann megináherzlu á til þess að sýna, að aðstaða okkar yrði betri með aukaaðildarleið heldur en með tollasamningi. Hann sagði, að útilokað væri, að viðskiptaaðstaða Íslendinga gæti nokkurn tíma orðið eins góð með viðskiptasamningum og aukaaðild. En hann sagði einnig, að meginmunurinn á aukaaðild og tollasamningi væri sá, að aukaaðili tekur með einum eða öðrum hætti þátt í störfum bandalagsins og getur að vissu leyti haft aðstöðu til áhrifa á stefnu þess. En ríkið, sem gerir tollasamning við Efnahagsbandalagið, tekur engan þátt í störfum þess og hefur engin áhrif á stefnu þess. Ég held, að þessi aðalniðurstaða hæstv. ráðh. um meginkost aukaaðildar, að hún tryggi að aukaaðildarríki taki þátt í störfum bandalagsins og hafi áhrif á stefnu þess, sé á fullkomnum misskilningi byggð og það geti varla komið til mála, að hæstv. ráðh. hafi upplýsingar um þetta frá æðstu forráðamönnum Efnahagsbandalagsins.

Að vísu hefur það verið sagt, að aukaaðildarsamningar gætu verið með einum eða öðrum hætti. En ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma verið tekið í mál af neinum forráðamönnum Efnahagsbandalagsins, að aukaaðildarríki fái fulltrúa í stofnunum bandalagsins, þingi þess, dómstóli þess, ráðherranefnd þess eða ráði eða framkvæmdastjórn. Ég veit ekki til þess. Um hið eina ríki í Evrópu, sem hefur aukaaðildarsamning, Grikkland, er vitað, að það á engan fulltrúa í þessum stofnunum. Með sameiginleg mál þess og Efnahagsbandalagsins fer svokallað aukaaðildarráð. Það er skipað fulltrúum frá Grikkjum

annars vegar, Efnahagsbandalaginu og framkvæmdastjórn þess hins vegar. En það aukaaðildarráð fjallar ekki um stefnu bandalagsins á nokkurn hátt eða framkvæmd hennar. Það fjallar aðeins um hin sérstöku efnahagsmál, sem samið er um í tollasamningi Grikkja og Efnahagsbandalagsins. Það er aðeins um fimm ákveðnar vörutegundir, sem Grikkir geta fengið að taka nokkurn þátt í ákvörðun Efnahagsbandalagsins um ytri toll þess. Það er öll sú þátttaka, sem þeim er ætluð í störfum og stofnunum Efnahagsbandalagsins. Allir vita þó, að Grikkjum voru ekki gerðir þröngir kostir með sínum aukaaðildarsamningi. Þeir fengu verulegar tollaívilnanir. Þeir eru NATO-ríki eins og við, og það er vitanlegt, að Efnahagsbandalagsríkin vildu gera eins vel við þá sem NATO-þjóð og fært þætti. En það setti ekki það fordæmi um aukaaðild, að þetta nákomna aukaaðildarríki fengi fulltrúa í stofnunum Efnahagsbandalagsins, eins og hæstv. viðskmrh. heldur að við eigum að fá, ef við gerumst aukaaðilar. Nei, þessi ágæta NATO-þjóð, Grikkir, á engan fulltrúa í neinum stofnunum bandalagsins nema aukaaðildarráði. Nú er þar hins vegar ólíku saman að jafna um Grikkland og Ísland, að það er beint gengið út frá því í aukaaðildarsamningnum við Grikkland, að Grikkland verði á sínum tíma og það alveg innan skamms, eins fljótt og við verður komið, fullur aðili, en hæstv. ríkisstj. lýsir því yfir, að það komi aldrei til mála með Ísland.

Það er vitað, að Grikkir hafa ekki fengið að hafa nein áhrif á ákvörðun um stefnu Efnahagsbandalagsins í landbúnaðarmálum, og skiptir sú stefna þó þá miklu, ekki frekar en Danir, Bretar eða Norðmenn, sem enn standa í samningum um aðild, fulla aðild, hafa fengið að hafa nokkur áhrif á ákvörðun þessarar stefnu, og lítur ekki út fyrir, að þeir eigi að fá að hafa nokkur áhrif á ákvörðun stefnu Efnahagsbandalagsins einu sinni í sjávarútvegsmálum, því að það er aðeins fyrir náð, að þeir eiga að fá að hafa áheyrnarfulltrúa á væntanlegri ráðstefnu í sjávarútvegsmálum.

Það er alveg tilgangslaust fyrir hæstv. ráðh., hvort sem það er hæstv. dómsmrh. eða hæstv. viðskmrh., að ætla að segja okkur hér á Alþingi, að það sé ekkert vitað um aukaaðild Grikkja að Efnahagsbandalaginu, því að ýmislegt vitum við um hana. Við vitum t. d., hvað segir um hana í 238. gr. Rómarsáttmálans. Þar stendur, eftir að sagt hefur verið, að bandalagið geti gert samning um aukaaðild ríkja, bandalagsríkja eða alþjóðastofnana, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Skal ríkja gagnkvæmni um réttindi og skyldur og sameiginlegar aðgerðir beggja aðila.“ — Gagnkvæmni um réttindi og skyldur. Við höfum í annan stað skýringar æðstu forustumanna Efnahagsbandalagsins um, hvað þeir skilji við aukaaðild og hvers vegna ákvæðið um aukaaðild hafi yfirleitt verið sett inn í Rómarsamninginn. Prófessor Hallstein, forseti framkvæmdastjórnarinnar, skýrði þetta m. a. í fyrra að gefnu tilefni. Hann sagði, að aukaaðildarákvæðið hefði beinlínis verið sett inn vegna ríkja, sem vildu ekki taka á sig allar pólitískar skuldbindingar Efnahagsbandalagsins, en hefði verið sett inn sem tæki, sem hefði sama gildi og full aðild, til að koma á samruna — integration — í efnahagsmálum í Evrópu, því að það yrði að túlka það svo, að aukaaðildarríki gæti náð sams konar kjörum í efnahagsmálum sem Rómarsamningurinn gerði ráð fyrir, „þó með því skilyrði,“ ég vitna hér orðrétt í orð prófessorsins, með leyfi hæstv. forseta, „að landið sé reiðubúið að takast á hendur samsvarandi skyldur“.

Og á þingi Efnahagsbandalags Evrópu í janúar í ár var samþykkt einróma yfirlýsing um það, hvað þing Efnahagsbandalagsins skildi við aukaaðild. Þing Efnahagsbandalagsins er að vísu ekki þing eins og Alþingi Íslendinga, því að það hefur ekkert löggjafarvald. Það hefur aðeins ráðgefandi vald og vald til þess að samþykkja bænaskrár til framkvæmdastjórnarinnar. En það er í þessu atriði, hvað aukaaðild snertir, segir einmitt í 238. gr. Rómarsamningsins, að það skuli jafnan leita ráða þingsins, áður en aukaaðildarsamningur er gerður. Þess vegna gerði þingið í fyrra þá ályktun, sem fræg er orðin og kennd er við þýzkan þingmann, sem var formaður og frsm. þeirrar nefndar, sem yfirlýsinguna samdi. Þar var lýst yfir fullkominni andstöðu þingsins gegn því, að háþróuð iðnaðarlönd fái aukaaðild að Efnahagsbandalaginu, og var þarna eðlilega átt við Sviss og Austurríki. Þar var hins vegar lögð áherzla á, að engin ríki eigi neinn rétt á því að fá slíka aukaaðild, og lýst yfir, að það sé ekki ætlazt til þess innan Efnahagsbandalagsins, að nokkurt ríki geti fengið friðindi með aukaaðild án þess að takast á hendur tilsvarandi skyldur, segir orðrétt í þessari yfirlýsingu. Af pólitískum ástæðum, segir í þessari sömu yfirlýsingu, verður það að vera aðalreglan, að ríki sæki um fulla aðild, en kjósi ríki aukaaðild eða tollabandalag, þá verði það að vera við því búið að takast á hendur nær allar og helzt allar og allar helztu skuldbindingar Rómarsamningsins á efnahagssviðinu.

Þetta er yfirlýsing þings Efnahagsbandalagsins, sem og margir munu kannast við, sem hafa kynnt sér eitthvað þessi mál. Þetta þýðir, að ríki, sem vill gera aukaaðildarsamninga, verður að vera við því búið að takast á hendur sömu skuldbindingar í efnahagsmálum og nákvæmlega sömu skilyrði sem gert er ráð fyrir í Rómarsamningnum. Við vitum, hver þau eru.

Ég get minnt á enn einn forustumann Efnahagsbandalagsins, einn af framkvæmdastjórum þess, sem sagði nú síðast í sept. s. l. í Osló, — ég hef það eftir Svenska Dagbladet, — að aukaaðild, eins og við skiljum hana, er pólitískt skref með þeim afleiðingum, sem það hlýtur að hafa. Hann sagði við þetta sama tækifæri, að það, sem hefði vakið undrun forustumanna Efnahagsbandalagsins í sambandi

við fyrirvara og skilyrði hlutlausu ríkjanna, hefði verið það, að þau hefðu öll krafizt þess að geta sagt upp aukaaðildarsamningnum. Það er auðvitað það eina rétta í því máli, að þessi hlutlausu ríki Evrópu hafa alls ekki lofað því fyrir fram að ganga undir allar skuldbindingar Rómarsamningsins aðrar en pólitískar. Þau hafa sett sína fyrirvara og sín skilyrði, þótt því hafi ekki verið haldið á lofti hér. En þetta er furðulegt í augum framkvæmdastjóra Efnahagsbandalagsins, að aukaaðildarríki skuli fara fram á það að geta sagt upp þessum samningi, því að Rómarsamningurinn er alls ekki uppsegjanlegur. Hann er gerður til allrar eilífðar.

Það er því alveg víst af öllu því, sem fram hefur komið frá forustumönnum Efnahagsbandalagsins á opinberum vettvangi, að þeir skilja aukaaðildarákvæðið svo, að aukaaðild taki til allra efnahagslegra meginatriða Rómarsamningsins og sé bindandi fyrir aukaaðildarríki, eins og er viðurkennt skýrum stöfum í grísku aukaaðildarsamningnum, og auk þess hljóti allar reglur stofnana Efnahagsbandalagsins um efnahagsmál, svo sem í landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum o. s. frv., að vera bindandi jafnt fyrir aukaaðildarríki eins og aðildarríki, af því að þarna er um að ræða stefnu þess og framkvæmd hennar í efnahagsmálum eða sérmálum bandalagsins, en ekki hinum pólitísku málum, sem aukaaðildarríkin hlutlausu eru að biðjast undan að vera háð. En hvað gerist, ef kemur upp ágreiningur milli aukaaðildarríkis og Efnahagsbandalagsins um það, hvernig beri að skilja aukaaðildarsamninga og þær skuldbindingar, sem felist í þeim beint eða óbeint? Hvað gerist þá? Hvernig á að greiða úr þeim ágreiningi milli eins lítils ríkis, við skulum segja Grikklands eða Íslands, og hins volduga Efnahagsbandalags? Hefur aukaaðildarríkið neitunarvald? Já, það hefur það formlega. En við skulum hugsa okkur, að því neitunarvaldi væri beitt hvað eftir annað. Hvað gerist þá? Eða Efnahagsbandalagið segði: Það ber ekki að fjalla um þetta atriði í aukaaðildarráði aukaaðildarríkisins við Efnahagsbandalagið, heldur annaðhvort í dómstóli bandalagsins eða gerðardómi, sem báðir aðilar geta komið sér saman um. — Það hefur einmitt verið bent á það af hálfu t. d. norska utanrrn., af sérfræðingum norska utanrrn. alveg sérstaklega, hvaða afleiðingar það hljóti að hafa fyrir aukaaðildarríki, ef það hvað eftir annað reynir að beita neitunarvaldi til að koma sér undan skuldbindingum Rómarsamningsins í efnahagsmálum. Það verður að skera úr slíku af dómstóli bandalagsins eða gerðardómi, þar sem oddamaður væri t. d. skipaður af forseta dómstólsins. (**Forseti:** Venjulegur fundartími er nú liðinn.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, eftir 10 mínútur. Það eru þessir augljósu ókostir aukaaðildar, sem hefur verið bent á alls staðar, þar sem ríkisstj. hefur lagt hugsanlega inngöngu í Efnahagsbandalagið fyrir á réttan hátt, eins og í Noregi og í Danmörku. Þar hafa atriði eins og þessi verið rannsökuð af sérfræðingum og fólki sagt satt um það. Það er alveg óvefengjanlegt, að aukaaðildarríki eru ekki ætlaðir neinir fulltrúar í hinum almennu stofnunum Efnahagsbandalagsins. Og það er engin ástæða til þess að ætla, að smáríkinu Íslandi yrðu gefnir slíkir fulltrúar til þess að starfa í öllum stofnunum Efnahagsbandalagsins. En þetta taldi hæstv. viðskmrh. meginkost aukaaðildarleiðarinnar.

Þetta hefur verið gert alveg ljóst í hlutlausu ríkjunum, Sviss, Austurríki og Svíþjóð. Þau gera sér enga von um það, að þau sem aukaaðildarríki geti fengið neina fulltrúa í stofnunum bandalagsins. Og í sérfræðilegri athugun utanrrn. norska var lögð á þetta megináherzla, að t. d. Grikkland mundi með aukaaðild sinni hafa fargað meira af sjálfsforræði sínu og sjálfstæði en það hefði gert með því að takast á hendur fulla aðild, vegna þess að þar fylgdu engin áhrif í neinum stofnunum bandalagsins, en yrði hins vegar að hlíta úrskurðum stofnana þess um stefnu og framkvæmd hennar. Utanrrh. Norðmanna lagði á þetta þyngstu áherzlu í málflutningi sínum um, að Noregur ætti að sækja um fulla aðild. En hér koma tveir hæstv. ráðh., hæstv. viðskmrh. og hæstv. dómsmrh., og segja okkur: Það, sem okkur ríður á að fá með aukaaðild, er þátttaka í stofnunum og störfum Efnahagsbandalagsins. — Það stangast á niðurstaða þeirra hæstv. ráðh. um staðreyndirnar og niðurstaða norskra utanrrn. og utanrrh. norska um þetta. Vilja þeir koma, hæstv. ráðh., og sanna okkur það hér með áreiðanlegum heimildum, að það fylgi aukaaðild að taka þátt í stefnu og störfum bandalagsins? En það er meginkostur við þá leið í þeirra augum, svo mikill kostur, að það gæti jafnvel komið til mála, að ókosturinn, sem þeir vist viðurkenna, — ég væni þá ekki um að viðurkenna hann ekki, — að við yrðum með aukaaðild að semja um hin viðkvæmu mál, um atvinnurekstrarrétt útlendinga, sem jafnvel gæti opnað þeim leið inn í íslenzka landhelgi, — að þessi meginkostur, að við færum að stjórna með í Efnahagsbandalaginu, gæti vegið þennan ókost upp. Nú óska ég eftir alveg skýru og afdráttarlausu svari hæstv. ráðh., sem hafa farið svo víða um lönd, hæstv. viðskmrh. til að sækja allar upplýsingar frá æðstu mönnum Efnahagsbandalagsins, ráðherrum, framkvæmdastjórn, — hvað hefur hann fyrir sér í því, að þetta sé meginkostur aukaaðildar innan Efnahagsbandalagsins? Það má vel vera, að hæstv. ráðh. eins og hæstv. dómsmrh. telji það höfuðatriði þessa máls, eins og hæstv. dómsmrh. komst að orði, að rödd Íslands heyrist innan Efnahagsbandalagsins. Ég efast um, þó að við fengjum fulltrúa í einhverja stofnun þess, að sú rödd okkar yrði sterk við þá, sem þar er við að eiga. Vil ég þó ekkert lasta þær þjóðir, sem að því standa, því að ég hef miklar mætur á þeim öllum.

Það er mín skoðun, að það hafi ekki gerzt nein ósköp í þessu máli. Það hefur eiginlega ekkert gerzt annað en það, að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að reyna að fresta umr. um

þetta mál fram yfir næstu kosningar og ekkert annað. En það mun ekki takast. Eins og við höfum rætt málefnalega um þetta mál hér á hv. Alþingi og eigum eftir að gera það enn, þá mun það verða gert með þjóðinni. Það er mín skoðun, að hæstv. ríkisstj. hefði enga heimild til þess í dag, þótt ég efist ekki um, að hún hafi þingmeirihluta til þess, svo mikið sem sækja á nokkurn hátt um aukaaðild að Efnahagsbandalaginu eða fara aðra leið til að nálgast það. Það, sem sker úr um þetta mál í mínum augum, eru þær upplýsingar hæstv. viðskmrh., að aukaaðild þýði, að við verðum að veita útlendingum jafnan rétt og Íslendingum til atvinnurekstrar á Íslandi, þar með í fiskiðnaði á Íslandi. Og því tel ég þá leið gersamlega útilokaða. En ég tel auk þess, hvað sem um þessar leiðir er að segja, að hæstv. ríkisstj. hafi hvorki heimild til þess né sé það á nokkurn hátt rétt af henni að halda áfram samningum um þetta mál, eftir að það er upplýst, að það er þetta, sem er um að tefla. Ég álít auk þess, að hvorki hæstv. ríkisstj. né Alþingi hafi heimild til þess að gera samninga, a. m. k. ekki án undanfarinnar þjóðaratkvgr. að gera samninga við erlenda aðila, ef í þeim samningum felst takmörkun eða afsal á valdi og rétti íslenzkra stofnana og stjórnvalda, sem þeim ber samkv. stjórnarskrá okkar. Ég tel þess vegna, að það væri ekki heimild til þess að gera samninga um aukaaðild þess háttar, sem hæstv. ráðherrar, hæstv. viðskmrh. og hæstv. dómsmrh., hafa verið að lýsa hér að þá langi í fyrir Íslands hönd.

En ég vil að síðustu segja, að ef það er alvara fyrir mönnum, að það sé eftirsóknarvert, að við tökum þátt í störfum og stofnunum Efnahagsbandalagsins, þá verða hinir sömu menn, sem það segja, að gera sér ljóst, að það þýðir, að þeir telji það eftirsóknarvert, að erlendir embættismenn fái aftur meðferð og ítök um okkar mál. Ef það er eftirsóknarvert, að við eigum fulltrúa í stofnunum Efnahagsbandalagsins suður í Brüssel, þá er alveg víst, segi ég, að þá verður að setja þar upp íslenzka stjórnarskrifstofu eða stjórnardeild til þess að stjórna íslenzkum málum þaðan ásamt hinum erlendu sérfræðingum þeirra stofnana, sem Efnahagsbandalagið á á að skipa. Um þetta verður rætt með þjóð, sem hefur áreiðanlega, að því er ég held, versta reynslu og mesta af embættismannastjórn erlendri allra þjóða í Vestur-Evrópu. Við áttum menn í stjórnardeildinni, Íslandskontórnum í Kaupmannahöfn. Hverjir kjósa það aftur, að erlendir menn, hversu góðir sem þeir eru og frá hversu vinveittum þjóðum sem þeir eru, fari aftur að ráða okkar málum, jafnvel með einhverri hlutdeild okkar manna, sem mundu eins og okkar fulltrúar í Íslandsskrifstofunni í Kaupmannahöfn reyna að koma viti fyrir hina velviljuðu erlendu einstaklinga? Hverjir vilja þetta? Er þetta komið á dagskrá með íslenzku þjóðinni, áður en 20 ár eru liðin, síðan hún fékk viðurkenningu á því, að hún mætti ráða öllum sínum málum sjálf? Já, það er komið svo. Það eru til menn, það eru til ráðherrar, sem álíta, að það sé eftirsóknarverðast fyrir Íslendinga í sambandi við þetta mál, að við fáum fulltrúa í stofnunum Efnahagsbandalagsins og þær stofnanir fari ásamt okkar mönnum að ráða okkar málum, þ. á m. mikilvægustu efnahagsmálum okkar, e. t. v. landhelgismálum okkar. Ég get fagnað því, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún telji ótímabært að taka ákvörðun um þetta nú. Hún hefði átt að gefa þá yfirlýsingu í fyrrahaust, svo að sérfræðingar hennar hefðu ekki blaðrað af sér allt vit með öllu, sem þeir hafa sagt um málið síðan. En það er betra seint en aldrei. Ég fagna af heilum hug þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. og vona, að hún standi við hana, af því að ég veit, að þá fær íslenzka þjóðin svigrúm til þess að ræða það og hugsa það, hvort hún vill aftur kalla yfir sig embættismanna- og sérfræðingastjórn erlendra manna, þó að ekki sé nú suður í Kaupmannahöfn, heldur suður í Brüssel.

Umr. frestað.

Á 20., 27. og 28. fundi í Sþ., 12. des., 30. jan. og 6. febr., var skýrslan tekin til frh. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var umr. um skýrsluna enn fram haldið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan skýrsla ríkisstj. um Efnahagsbandalagið var síðast til umr. í sameinuðu Alþingi, hefur það gerzt, að samningaviðræðum Breta við Efnahagsbandalagið um fulla aðild Breta að bandalaginu hefur verið slitið. Með því hefur algerlega nýtt viðhorf skapazt í viðskiptamálum Vestur-Evrópu. S. l. 15 mánuði hafa flestir talið, að þess yrði ekki langt að bíða, að flest lönd Vestur-Evrópu tengdust mjög nánum böndum í efnahags- og viðskiptamálum og yrðu í aðalatriðum einn markaður. Nú hefur svo farið, að á því verður a. m. k. talsverð bið. Vestur-Evrópa er klofin í tvær viðskiptaheildir, Efnahagsbandalagið og Fríverzlunarbandalagið, og komið hefur í ljós djúptækur ágreiningur um stefnuna í viðskipta- og stjórnmálum álfunnar. Þessi klofningur hlýtur að leiða til þess, að Vestur-Evrópa muni ekki eflast jafnmikið efnahagslega og hefði getað orðið, ef til nánari samvinnu hefði komið. Vestrænn heimur mun ekki styrkjast jafnmikið og ella. Þessir atburðir eru vonbrigði öllum þeim, sem trúa því, að aukin efnahagssamvinna þjóða í milli, lækkun tolla og efling frjálsra viðskipta muni hafa í för með sér bætt lífskjör og aukinn mátt þeirra þjóða, sem á þennan hátt efla samtök sín.

Það, sem gerzt hefur, er svo alvarlegt áfall fyrir samvinnu vestrænna ríkja, að gera má fastlega ráð fyrir því, að leitað verði annarra leiða til þess að ná því marki, sem að er stefnt, ef flest ríki Vestur-Evrópu leituðu tengsla við

Efnahagsbandalagið. Ógerningur er hins vegar að spá nokkru um, í hvaða farveg sú viðleitni fellur. Á það má þó minna, að Vestur-Evrópuríkin eru öll, að Íslandi undanteknu, aðilar að þeim alþjóðlegu samtökum um tolla- og viðskiptamál, GATT, og þau mynda ásamt Bandaríkjunum og Kanada Efnahags- og framfarastofnunina. Í Vestur-Evrópubandalaginu svonefnda, sem stofnað var 1954, þegar tilraunir til hernaðarsamvinnu í Vestur-Evrópu fóru út um þúfur, eru og einmitt sexveldin og Bretland. Ekki virðist ósennilegt, að einhverjar þessara stofnana verði hagnýttar sem vettvangur tilraunar til lausnar á vandanum, þegar þar að kemur, auk þess sem hin nýja viðskiptalöggjöf Bandaríkjanna gefur þeim aðstöðu til frumkvæðis um tollasamninga. Þau 7 ríki Vestur-Evrópu, sem mynda Fríverzlunarbandalagið, geta einnig treyst samtök sín til að standa betur að vígi í samkeppni við Efnahagsbandalagið, enda þótt það geti auðvitað ekki falið í sér neina endanlega lausn vandans. Enginn veit, hvað gerast muni í þessum efnum á næstunni. Þeir, sem stærstan hlut eiga hér að máli, hugsa vel ráð sitt. Meðan svo er, hljóta aðrir að bíða átekta.

Það var ljóst frá upphafi, að stofnun Efnahagsbandalagsins á árinu 1957 hlyti, er fram liðu stundir, að hafa víðtæk áhrif á viðskiptahagsmuni Íslendinga. Sérstakar aðgerðir Íslands af þessu tilefni voru þó ekki hugsanlegar, eins og þá horfði við. Hins vegar varð stofnun Efnahagsbandalagsins til þess, að innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu í París hófust umræður um stofnun fríverzlunarsvæðis allra aðildarríkjanna. Íslendingar tóku frá upphafi þátt í þeim viðræðum og fengu góðar undirtektir undir óskir sínar um það, að tekið yrði tillit til sérstöðu landsins, ef af stofnun fríverzlunarsvæðisins yrði. Til þess kom þó ekki, að Íslendingar þyrftu að taka afstöðu til þess, hvort þeir vildu gerast aðilar að slíku fríverzlunarsvæði, því að samningaviðræðurnar fóru út um þúfur í árslok 1958, af svipuðum ástæðum fyrst og fremst og urðu til þess, að nú slitnaði upp úr samningunum milli Efnahagsbandalagsins og Breta.

Stofnun Fríverzlunarbandalags 7 Evrópuríkja 1959 varð ekki heldur til þess, að Íslendingar stigju ný spor í viðskiptamálum sínum. Það var þó augljóst, að sú þróun, sem hafin var í viðskiptamálum Vestur-Evrópu, hlaut að verða Íslendingum óhagstæð, sem og öllum þeim þjóðum, sem eiga viðskiptahagsmuna að gæta í Vestur-Evrópu, en standa utan viðskiptabandalaganna tveggja. Um það bil 20% af utanríkisverzlun Íslendinga undanfarin ár hefur verið við Efnahagsbandalagsríkin, en um það bil 35% við Fríverzlunarbandalagsríkin. Hvorug viðskiptaheildin er svo mikilvægt viðskiptasvæði fyrir Íslendinga, að réttlætanlegt væri að leita eftir tengslum við hana, ef horfur væru á, að það hefði í för með sér versnandi viðskiptaaðstöðu annars staðar frá því, sem ella hefði getað verið. Hitt var hins vegar augljóst, að ef þessar viðskiptaheildir yrðu að einni, ef Vestur-Evrópa yfirleitt sameinaðist í eitt viðskiptasvæði, þá væri þar orðið um að ræða langstærsta viðskiptasvæði Íslendinga, svæði, sem Íslendingar ættu meira en helming utanríkisviðskipta sinna við. Undir þeim kringumstæðum hlaut að teljast augljóst, að Íslendingar gætu ekki setið hjá, og raunar ekki einungis út frá viðskiptasjónarmiðum, heldur einnig vegna þess, að í Vestur-Evrópu búa þær þjóðir, sem Íslendingar hafa öldum saman verið tengdir nánustum böndum í stjórnmálum og menningarmálum. Það hlutu þess vegna að teljast mikil tíðindi fyrir Íslendinga, er forustuþjóð Fríverzlunarbandalagsins, Bretar, sótti um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu vorið 1961, og þá ekki síður, þegar allar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, að Finnum einum frátöldum, sóttu um tengsl við Efnahagsbandalagið. Sumar þjóðanna sóttu um fulla aðild, aðrar um aukaaðild og ein, Portúgalar, um tengsl án þess að greina, hvort æskt væri fullrar aðildar eða aukaaðildar. Eins og umsóknir þessara þjóða bera glöggt vitni, var um þetta leyti talið, að ekki væri unnt að ræða við Efnahagsbandalagið lausn þeirra viðskiptavandamála, sem tilkoma þess skapaði, nema á grundvelli umsóknar um fulla aðild eða aukaaðild samkv. 237 eða 238. gr. Rómarsáttmálans. Í þessum umsóknum fólst þó að sjálfsögðu engin skuldbinding um aðild eða aukaaðild. Þær voru einungis skoðaðar nauðsynleg forsenda viðræðna. Umsókn um fulla aðild hefði getað leitt til aukaaðildar, og umsókn um aukaaðild hefði getað leitt til fullrar aðildar. Umsókn, hvort heldur um aðild eða aukaaðild, hefði einnig hugsanlega getað leitt til einhvers konar tollasamnings. Engin Evrópuþjóð hefur þó óskað eftir tengslum við Efnahagsbandalagið á grundvelli tollasamnings. Slíkar umr. hafa hins vegar farið fram á milli Efnahagsbandalagsins og Ísraels, en lítinn sem engan árangur borið.

Þegar ljóst var, að öll ríki Vestur-Evrópu að Finnlandi undanteknu mundu sækja um tengsl við Efnahagsbandalagið, hlutu Íslendingar að taka til athugunar, hvort þeir ættu að skapa sér sams konar aðstöðu til viðræðna við Efnahagsbandalagið og umsóknir annarra Vestur-Evrópuríkja mundu búa þeim. Sumarið 1961 beindi ég þeirri fsp. til fulltrúa helztu atvinnu- og félagssamtaka landsmanna, hvort þeir teldu rétt, að Íslendingar sköpuðu sér aðstöðu til viðræðna við Efnahagsbandalagið með því að leggja fram umsókn um einhvers konar aðild að því, en stærsta útflutningsfyrirtæki Íslendinga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafði áður skorað á ríkisstj. að sækja um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Fulltrúar allra samtakanna svöruðu þessu játandi, að fulltrúa A. S. Í. frátöldum. Að mjög vandlega athuguðu máli tók ríkisstj. þó þá ákvörðun að leggja enga slíka umsókn fram, heldur afla frekari upplýsinga um málið hjá ríkisstj. þess ríkis Efnahagsbandalagsins, sem Íslendingar hafa löngum haft náin samskipti við, þ. e. a. s. Þýzkalands. Fóru þær viðræður fram haustið

1961. Niðurstaða þeirra styrkti þá skoðun ríkisstj., að ekki væri tímabært að leggja fram neins konar umsókn um aðild að Efnahagsbandalaginu, Íslendingum bæri enn að bíða átekta, en þýðingarmikið væri jafnframt að kynna ríkisstjórnum hinna landa Efnahagsbandalagsins sem og framkvæmdastjórn þess í Brüssel áhuga Íslendinga á því að varðveita viðskiptahagsmuni sína í Vestur-Evrópu og gera þeim grein fyrir sérstöðu Íslendinga í því sambandi. Var þetta gert vorið og sumarið 1962. Þær viðræður leiddu í ljós tvennt, sem mikilvægt var fyrir Íslendinga. Annars vegar leiddu viðræðurnar við framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins í ljós, að Íslendingar gætu átt kost á að fylgjast með mótun stefnu Efnahagsbandalagsins í sjávarútvegsmálum með sama hætti og þær þjóðir, sem þegar hefðu sótt um fulla aðild eða aukaaðild, án þess að Íslendingar hefðu áður lagt fram umsókn um aðild eða aukaaðild. Hins vegar kom í ljós, að hvorki ríkisstjórnir sexveldanna né framkvæmdastjórn bandalagsins hefðu um það fastmótaðar skoðanir, hvað falizt gæti í aukaaðildarsamningi við bandalagið, né heldur, hvaða árangri hugsanlegt væri að ná með tollasamningi. Jafnframt kom í ljós, að þetta hlyti að skýrast mikið, þegar niðurstaða væri fengin í viðræðunum við Breta og viðræður við aðra umsækjendur væru komnar lengra áleiðis.

Af þessu dró ríkisstj. þá ályktun, að engan veginn væri tímabært fyrir Íslendinga að taka afstöðu til þess, hvort samrýmdist betur hagsmunum þeirra að leita eftir aukaaðildarsamningi eða tollasamningi. Hins vegar var það nú að fullu ljóst, sem ríkisstj. hafði þótt allt benda til frá upphafi, að full aðild að Efnahagsbandalaginu kæmi ekki til greina fyrir Íslendinga. Allar götur frá því, að Bretar lögðu fram umsókn sína um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, og þó einkum eftir að viðræður höfðu farið fram við Þjóðverja, hafði flest bent til þess, að líklegustu leiðanna til lausnar á vandamálum Íslands væri að leita á grundvelli aukaaðildar, enda höfðu þær Evrópuþjóðir, sem ekki treystu sér til að gerast fullgildir aðilar, allar sótt um aukaaðild. Í viðræðunum í fyrrasumar kom það hins vegar fram, að sum aðildarríki Efnahagsbandalagsins töldu tollasamning einnig hugsanlega leið til lausnar á vandamálum Íslendinga. Ég tel, úr því sem nú er komið, að hægt sé að skýra frá því, að þessar skoðanir komu fram hjá Frökkum fyrst og fremst. Enginn vafi er á því, að að baki þeirra lágu þær sömu óskir um að takmarka stækkun Efnahagsbandalagsins sem mest, sem nú hafa leitt til viðræðuslita við Breta. Aðrar bandalagsþjóðir og framkvæmdastjórnin í Brüssel töldu hins vegar litla eða enga möguleika til lausnar á vandamálum Íslands á slíkum grundvelli.

Eftir að þessi afstaða hafði komið í ljós innan bandalagsins, taldi ríkisstj. sjálfsagt að hafa báðar þessar leiðir í huga, þegar að því kæmi, að leitað yrði lausnar á vandamálum Íslands. Ógerningur væri hins vegar að skera úr því, hvor leiðin væri líklegri til þess að efla hagsmuni Íslendinga, meðan ekki lægi fyrir ljósari vitneskja. Ríkisstj. hefur aldrei látið í ljós neina skoðun á því, hvorri leiðinni líklegt væri að fylgdu meiri réttindi eða meiri skyldur. Það er að sjálfsögðu ekki form samninganna, sem kveður á um réttindi þau og skyldur, sem í þeim felast. Hætt er við, að eftir því sem réttindin verða meiri, verði skyldurnar meiri, og á það að sjálfsögðu jafnt við um tollasamning og aukaaðildarsamning. Ef við Íslendingar væntum þess að hljóta í samningum meiri réttindi en svarar til skyldunnar, sem við tökum á okkur, ætti það rót sína að rekja til þess, að við nytum sérstakrar góðvildar hjá gagnaðilanum. Í því sambandi þarf ekki að skipta máli, hvort samningurinn er aukaaðildarsamningur eða tollasamningur. Meginspurningin er, hvort auðveldara hefði verið að komast inn fyrir tollmúrinn án þess að fórna réttindum, sem við hvorki viljum fórna né getum fórnað, með því að gera aukaaðildarsamning eða með því að gera tollasamning. Um það hefur enginn getað vitað og þess vegna algerlega ótímabært að telja aðra hvora leiðina hina einu, er til greina hafi komið. Þess vegna taldi ríkisstj. rétt að halda báðum leiðum opnum.

Þannig stóðu málin, þegar þeir atburðir gerðust, að viðræðunum við Breta var hætt. Af því leiðir eflaust, að á næstunni munu heldur engar viðræður fara fram við nokkurt annarra ríkja, er sótt hafa um aðild að bandalaginu. Fyrir okkur Íslendinga hefur því nú skapazt nýtt viðhorf í málinu. Það eru ekki horfur á því, að Vestur-Evrópa verði á næstunni ein viðskiptaheild. Sú staðreynd, að nær allar þjóðir Vestur-Evrópu höfðu sótt um aðild að Efnahagsbandalaginu, ber hins vegar vitni um, að hér er um svo mikilvæga hagsmuni að tefla, að áfram mun verða leitazt við að efla samvinnu þjóðanna, sem hér eiga hlut að máli. Með hverjum hætti það kann að verða, veit enginn. En meðan svo er, getur það eitt verið rétt fyrir Íslendinga að bíða átekta og fylgjast með því, sem gerist.

Ef litið er hleypidómalaust á málið, hygg ég, að sanngjarnir menn muni viðurkenna, að ríkisstj. hafi í þessu máli gert þá skyldu sína að fylgjast rækilega með öllu, sem máli skiptir, og vera vel á verði, og að það hafi verið rétt að leggja ekki til við Alþingi, að neins konar aðildar verði leitað að Efnahagsbandalaginu. En hafi það verið rétt fram til þessa að bíða átekta og velja ekki ákveðna leið til lausnar á vandamálum Íslendinga, hversu miklu réttara er það þá ekki nú að sjá hvað setur og forðast að binda sig við ákveðnar hugmyndir, svo miklu meiri sem óvissan er nú um framtíðina en var, meðan samningaviðræður Breta og Efnahagsbandalagsins stóðu yfir.

Í raun og veru má segja, að spurningin um tengsl Íslands við Efnahagsbandalagið sé nú ekki lengur á dagskrá hér á landi fremur en í öðrum smáríkjum Vestur-Evrópu. Meðan svo er, hlýtur það að teljast vera í fyllsta sam-

ræmi við hagsmuni Íslendinga, að sem fæst stór orð séu höfð um málið og menn og flokkar forðist staðhæfingar og stefnuyfirlýsingar, sem reynslan og framtíðin kann að leiða í ljós, að betur hefðu verið ósagðar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er nú alllangt liðið síðan þessar slitróttu umr. fóru fram og var frestað hér á Alþingi. Síðan hefur það gerzt, eins og hæstv. viðskmrh. minntist á, að Bretum hefur verið neitað um inngöngu í Efnahagsbandalagið, a. m. k. í bili. En þó að engu skuli spáð um það, hvað ofan á verður að lokum með þátttöku Breta, verður því ekki neitað, að miklar líkur eru til þess, að Bretar verði aðilar eða samkomulag náist um það, að þeir tengist bandalaginu með einhvers konar tengslum, áður en langt um líður. Andrúmsloftið í sambúð vesturveldanna þolir það ekki til lengdar, að Bretar séu lokaðir úti frá samvinnu við þessi lönd. Bretar eiga of mikið og of sterkt fylgi á meginlandinu til þess, að það verði þolað til lengdar, að þeir verði útilokaðir. Það, sem gerist, verður það, að þeir tengjast Efnahagsbandalaginu á einhvern hátt, þótt á því verði bið, og skoðunum gömlu mannanna verður þokað til hliðar í einhverju formi. En hvað sem þessu líður og hvernig sem þetta fer, þá er það vitanlega ekkert annað en blekking, sem hæstv. viðskmrh. heldur fram, að þetta mál sé úr sögunni, — fullkomin blekking. Efnahagsbandalagið er staðreynd, sem við komumst ekki hjá að taka afstöðu til innan tíðar og taka þá afstöðu, hvort við viljum tengjast bandalaginu með aukaaðild eða tolla- og viðskiptasamningum. Valdastreitan, baráttan um hið pólitíska forustuhlutverk í bandalaginu, sem veldur því, að Bretar koma ekki inn að sinni, er að vísu vonbrigði fyrir marga þá, sem hafa ætlað sér að gerast aðilar að bandalaginu. En það snertir okkur minna, sem höfum aldrei ætlað okkur slík tengsl, a. m. k. ég álít, að meiri hl. þjóðarinnar hafi ekki ætlað sér það. En það er engu líkara en maður heyri á ræðu hæstv. viðskmrh., að fagnað sé og tekið með miklum feginleik þeirri afstöðu, sem einn stjórnmálamaður á meginlandinu hefur tekið, og það sé kærkomið tækifæri til þess að breiða yfir fyrri skoðanir í málinu og breiða yfir sjálfan sig í málinu. Það var þetta, sem var áberandi í ræðu hæstv. viðskmrh., og það var þetta, sem kom fram í Morgunblaðinu nýlega, — ég held, að ég hafi það hér orðrétt: Og e. t. v. hafa málin nú þróazt þannig, að aldrei reyni á það, hvort við þurfum að tengjast bandalaginu. — Það var sami tónninn, um leið og skoðanir de Gaulles réðu því, að samningunum við Breta var slitið í bili, og þetta kemur fram í öllu málfari hæstv. viðskmrh. Þetta er hin furðulegasta blekking. Málin standa nú eins og þau stóðu, áður en Bretar sóttu um inngöngu í bandalagið, og við Íslendingar komumst ekki hjá því, eins og ég sagði áður, að tengjast bandalaginu á einhvern hátt, annaðhvort með tolla- og viðskiptasamningi eða aukaaðild. Ég mun því að sjálfsögðu halda áfram að ræða vandamálin eins og þau liggja fyrir, en vikja til hliðar þessum firrum, sem hafa komið fram, að málið sé ekki lengur á dagskrá, eins og hæstv. viðskmrh. orðar það. Og ég mun reyna að rannsaka það spursmál, eftir því sem ég get, með rökum, hvort við eigum að gerast aukaaðilar eða eigum að gera tolla- og viðskiptasamning við bandalagið.

En áður en ég vík að þessu, vil ég minnast á aðra furðulega vinnuaðferð stjórnarblaðanna í efnahagsbandalagsmálinu. Dag eftir dag undanfarið hefur verið haldið á loft þeirri skröksögu, að vinstri stjórnin eða fulltrúar hennar hafi í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu gengizt undir skuldbindingar, sem a. m. k. hafi gengið lengra en þær skuldbindingar, sem ríkisstj. vildi gangast undir, þótt hún gengist inn á það að gerast aukaaðili. Hæstv. núv. viðskmrh. var iðnmrh. í vinstri stjórninni og sá af stjórnarinnar hálfu um viðræðurnar í Efnahagssamvinnustofnuninni, þar sem Ísland hafði og hefur fulltrúa. Tíminn birti nýlega yfirlýsingu, sem fyrrv. iðnmrh. gaf á sínum tíma, og sannar sú yfirlýsing, að sögur Morgunblaðsins um afstöðu vinstri stjórnarinnar eru rakalaus uppspuni. En ég get bætt við þessar yfirlýsingar fyrrv. iðnmrh. Hinn 26. nóv. 1958, rétt áður en vinstri stjórnin sagði af sér, flutti þáv. iðnmrh. skýrslu um þessar margumtöluðu viðræður, sem höfðu átt sér stað um friverzlunarmálið, og þar segir fyrrv. iðnmrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Allar viðræður um einstaka þætti samningsins hafa að sjálfsögðu farið þannig fram, að ekkert ríki hefur skuldbundið sig til aðildar að samningnum í heild, þótt það hafi látið í ljós óskir um, hvernig einstakir þættir hans ættu að vera frá þess sjónarmiði. Jafnvel þótt fulltrúar ríkis hefðu samþ. hvert einstakt atriði, sem um hefur verið rætt, út af fyrir sig, þegar það bar á góma, var það jafnfrjálst að því eftir sem áður að samþykkja eða hafna aðild að samningnum í heild."

Þessi yfirlýsing Gylfa Þ. Gíslasonar ásamt fleirum sannar, svo að ekki verður um deilt, að fulltrúar vinstri stjórnarinnar gengust aldrei undir neinar samþykktir og því síður skuldbindingar í viðræðunum, sem áttu sér stað um þetta leyti. Frásagnir, sem staðhæfa hið gagnstæða, eru vísvitandi ósannindi, sem blöð stjórnarflokkanna ættu að sjá sóma sinn í að hætta að halda fram við þjóðina, enda sýna þessar skröksögur ekkert annað en hugsunarháttinn, sem bak við býr, sem er sá sami sem kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., þegar hann vildi losa sig allt í einu við þetta mál í einni svipan. Stjórnarflokkana grunar, að skoðanir þeirra á efnahagsbandalagsmálinu séu ekki vinsælar með þjóðinni. Það er ekki reynt að verja þær, heldur er að hætti götustráka sagt: Þú ert ekkert betri en ég, þú hafðir líka þessar ljótu skoðanir. — En Gylfi Þ. Gíslason gerði hreint borð, áður en hann fór úr vinstri stjórninni, og hann ætti sízt af öllu að vera að reyna sjálfur að káma út þetta borð, sem hann gerði hreint, áður en hann fór.

Ég mun nú taka upp þráðinn, þar sem frá var horfið, þegar umr. um þetta mál var frestað á fyrra ári.

Málið var lagt fyrir hér á Alþingi af hálfu hæstv. ríkisstj. þannig, að aðild að bandalaginu væri nú loks úr sögunni, hins vegar væru tengsl við bandalagið okkur ómissandi og væri um tvær leiðir að velja: aukaaðild eða tolla- og viðskiptasamninga. Rétt væri að bíða átekta fyrst um sinn, ekki aðeins um gerð samninga, heldur um það, að hverju skuli stefnt. Með þessum tveimur leiðum, sem hæstv. ríkisstj. taldi um að velja, hafa fylgt þær skýringar af hennar hálfu, að með tolla- og viðskiptasamningum við bandalagið mundu Íslendingar fá minni fríðindi, sem mundu kosta okkur minna, en með aukaaðild mundum við Íslendingar hins vegar fá stórum meiri fríðindi, en þau mundu kosta háan aðgangseyri, eins og hæstv. forsrh. orðaði það, eða samninga um viðkvæm mál, eins og hæstv. viðskmrh. sagði. Af skýrslugerð ríkisstj. um þetta mál og umr. hér á Alþingi og í stjórnarblöðum er augljóst orðið, að stjórnin hefur valið aukaaðildarleiðina. Þetta kom engum á óvart, sem þekkir fyrri feril ríkisstj. í málinu öllu. Og ég skal nú rekja lítils háttar sögu málsins og finna orðum mínum stað.

Þegar stjórnarflokkarnir vildu fara sem allra hraðast í bandalagsmálinu, setti Framsfl. fram þá till. að bíða átekta og sæta hentugu tækifæri til þess að ná hagkvæmum samningum. Flokkurinn fagnar því, að þessi hefur orðið niðurstaðan. Hins vegar telur flokkurinn, að þessi bið feli ekki í sér neitt bann við því, nema síður sé, að við gerum okkur sjálfum ljóst, að hverju við munum stefna í samningunum við bandalagið, sérstaklega hverju við ætlum aldrei að afsala okkur í þeim samningum. Sú afstaða, sem talsmenn Framsfl. tóku í þessum umr., átti ekki að koma neinum á óvart. Hún er í samræmi við ályktun aðalfundar miðstjórnar Framsfl. s. l. vetur, sem hefur verið birt í blöðum, þ. e. tolla- og viðskiptasamningsleiðin án frekari tengsla við bandalagið. Samt sem áður hefur mikið af umr. hér á Alþingi og í stjórnarblöðum, síðan þessar umr. hófust, verið þrotlausar árásir á Framsfl. fyrir það, að hann hefur valið aðra leiðina af tveimur, aðra leiðina af þeim, sem hv. stjórnarsinnar segja að um sé að velja í þessu máli. Afstaða flokksins hefur af hæstv. viðskmrh. verið stimpluð sem óábyrg og neikvæð afstaða, og þar með dæmir viðskmrh. sjálfur úr leik leiðina, sem hann í öðru orðinu taldi koma til greina. Stundum er Framsfl. brigzlað um það að hafa valið þessa leið til að þóknast Alþb. En ég hef sannast að segja hvergi séð eða heyrt ákveðna yfirlýsingu frá Alþb. um, að það vilji fallast á tolla- og viðskiptasamningsleiðina, og væri fróðlegt að fá þá yfirlýsingu skýlausa. Sannleikurinn er sá í þessu máli, að árásirnar á Framsfl. eru ekki fyrir það, að hann hefur markað stefnu, valið aðra leiðina, heldur fyrir það, að hann hefur barizt og berst fyrir stefnu í málinu, sem er andstæð þeirri stefnu, sem stjórnarflokkarnir hafa raunverulega valið og ætla sér að fara eftir kosningar, ef þeir fá valdaaðstöðu til þess.

En stjórnarflokkarnir eru svo heittrúaðir og ákafir í málflutningi sínum, að þeir fá ekki dulið skoðanir sínar. Í frumræðu hæstv. viðskmrh. hnigu öll rök hans að því, að við ættum að velja aukaaðild. Hann segist nú ekkert hafa sagt um þetta og ekki einu sinni hafa sagt, með hvorri aðildinni fengist meira. Hann ætti að endurlesa sínar ræður, þá mun hann komast að þeirri niðurstöðu, að það, sem hann staðhæfði um þetta, er ekkert annað en blekking. Hann talaði fyrir aukaaðildarleiðinni og gegn tolla- og viðskiptasamningsleiðinni. Brást hann reiður við, er framsóknarmenn töluðu fyrir tolla- og viðskiptasamningum. Sama varð upp á teningnum, þegar hæstv. forsrh. flutti hér ræðu, þar sem hann veittist að hv. 7. þm. Reykv. fyrir að mæla með tolla- og viðskiptasamningsleiðinni. Þm. hefur með þessu, sagði ráðh., sýnt Framsóknarsiðgæði og þann skort á menningu að vilja fá allt frá öðrum þjóðum fyrir ekkert og vilja ekki greiða fullan aðgangseyri fyrir þau hlunnindi að tengjast bandalaginu. Og það leyndi sér ekki, hvað hann var að fara, því að á svipstundu talaði ráðh. sig upp í hita fyrir aukaaðild.

Umr. hér á Alþingi og í stjórnarblöðunum hafa tekið þá stefnu, sem stjórnarflokkarnir munu ekki hafa ætlazt til. Það var upplýst, að stjórnarflokkarnir telja aðeins aðra leiðina, aukaaðildarleiðina, koma til greina, hina leiðina vera óábyrga og neikvæða. Þegar hæstv. ríkisstj. skýrði þingheimi frá því í upphafi þessara umr., að hún væri skoðanalaus orðin í stærsta vandamáli þjóðarinnar fyrst um sinn, og yfirlýsing hæstv. viðskmrh. gekk út á það, að hún væri enn þá skoðanalausari núna, kom þetta mönnum á óvart. Menn höfðu almennt gert sér ljóst, að flest hafði þjakað stjórnina meira en skoðanaleysi um, hvaða samninga ætti að gera við Efnahagsbandalagið. Og með því að stjórnarflokkarnir hafa fram á síðustu mánuði verið mjög ósparir á að birta þessar skoðanir, er auðvelt og um leið upplýsandi mjög að rekja sögu málsins, því að þótt umr. um Efnahagsbandalagið hér á Alþingi hafi upplýst mikið um afstöðu flokkanna, verður því ekki neitað, að saga málsins gerir það enn þá betur eða a. m. k. til viðbótar þessum umr. Hinar fáu tilvitnanir af mörgum, sem ég mun að þessu sinni draga fram, hafa þann kost, að þær sýna okkur ljóslega, við hvað ráðh. eiga með hinum háa aðgangseyri og með samningunum um hin viðkvæmu mál, sem er talað um undir rós. En áður en ég vík að þessu nánar, ætla ég að minnast lítils háttar á annað atriði.

Það hefur oft verið vikið að því hér í þessum umr. og raunar í blöðum, að við Eysteinn Jónsson fengum tækifæri til þess að fylgjast með þeim viðræðum, sem ríkisstj. átti við sexveldin um Efnahagsbandalagið. Vegna þessa þykir

mér rétt að skýra frá því í heyranda hljóði, hver afstaða mín hefur verið til þessa máls og hvers vegna ég tók þátt í umr. við tvo ráðh. úr ríkisstj. um viðhorf okkar framsóknarmanna til Efnahagsbandalagsins.

Það var snemma sumars 1961, að við framsóknarmenn fengum þá frétt, að hæstv. viðskmrh. hefði farið þess á leit við 14 íslenzk félagasamtök, að þau tilnefndu fulltrúa ríkisstj. til ráðuneytis í sambandi við afstöðu til efnahagsbandalagsmálsins. Félagasamtökin urðu við þessari beiðni. Þau störfuðu fyrst lengi vel með mikilli hægð, en 2. ágúst 1961 kallaði viðskmrh. n. á sinn fund og lagði fyrir hana eftirfarandi spurningu: Teljið þið tímabært, að við Íslendingar fetum í fótspor Breta og Dana og sækjum um inngöngu í Efnahagsbandalagið? Nm. var sagt, að málið þyldi enga bið, að leggja inn umsókn um aðild væri eina leiðin til þess að fá viðræður við Efnahagsbandalagið og fá þar með vitneskju um það, hvaða undanþágur við Íslendingar mundum geta fengið frá Rómarsáttmálanum, ef við gerðumst aðilar. Hins vegar væri áhættulaust að sækja um aðild, því að draga mætti umsóknina til baka, ef skilyrðin yrðu óaðgengileg. Með þessum aðferðum, sem voru vægast sagt mjög villandi fyrir þá, sem spurðir voru, að ekki sé meira sagt, fékkst jákvætt svar frá flestum nm., enda hygg ég, að fáir nm. hafi verið í neinum vafa um skoðun hæstv. viðskmrh. á málinu þá og hann hafi ekki talið það neina höfuðsynd að láta þá skoðun í ljós, þó að ekki megi láta neina skoðun í ljós nú.

Þegar við framsóknarmenn fréttum af þessum vinnubrögðum, ákváðum við að snúa okkur til ríkisstj. og fara þess á leit, að við fengjum tækifæri til að ræða við hana um viðhorf okkar til Efnahagsbandalagsins og gera grein fyrir þeim vinnubrögðum, sem við álitum hyggilegast að viðhafa í málinu. Það hefur að vísu verið svo að segja föst venja, að ríkisstj. tekur ákvarðanir sínar og framkvæmdir án samráðs við stjórnarandstöðuna, en síðan er fundið að af stjórnarandstöðunni eftir atvikum. En við framsóknarmenn álítum, að málsmeðferð í efnahagsbandalagsmálinu ætti að vera, ef unnt væri, undantekning frá þessum vinnuaðferðum. Málið er svo stórt og ákvarðanir, sem í því eru teknar, örlagaríkari fyrir íslenzku þjóðina en flestar aðrar, m. a. vegna þess, að þær eru gerðar fyrir langa framtíð og verða sumar ekki leiðréttar eða aftur teknar. Hæstv. ríkisstj. féllst á að ræða við okkur aðgerðir í efnahagsbandalagsmálinu, og voru af ríkisstj. hálfu tilnefndir til viðræðu við Eystein Jónsson og mig þeir Bjarni Benediktsson dómsmrh. og Gylfi Þ. Gíslason viðskmrh.

Það væri auðvitað óviðeigandi, að ég færi að rekja efni þessara viðræðna, og það verður ekki heldur gert. Ég get aðeins lagt áherzlu á það, sem þegar er fram komið hér á Alþingi og víðar, að við Eysteinn Jónsson lögðum á það áherzlu þegar í fyrstu viðræðunum, að við værum algerlega andvígir aðild og því andvígir umsókn um hana. Fyrir fram væri vitað, að undanþágur frá Rómarsamningnum fengjust engar að ráði. Við reyndum að færa rök fyrir því, að bezt væri að bíða átekta með samningaumleitanir, nota tímann til þess að gera sér sjálfum grein fyrir því, hvað við viljum helzt sjálfir, hverju við vildum aldrei afsala okkur og hverju við ættum að sækjast eftir, og sjá hverju fram yndi síðar um samninga annarra þjóða. Þrátt fyrir þetta fór hæstv. ríkisstj. sínu fram í málinu. Hún sótti að vísu ekki um aðild, hvað sem því hefur valdið, en hún hóf viðræður við stjórn Efnahagsbandalagsins og fulltrúa frá aðildarríkjunum sex, til þess — að hún taldi — að skýra málstað Íslands. Það má vitanlega um það deila, hvort þessar viðræður hafa verið hyggilegar eða hið gagnstæða. Skal ég láta útrætt um það atriði að sinni, enda þegar mikið rökrætt áður.

En ríkisstj. segist nú ekki hafa tekið neina ákvörðun um það, hvaða leið skuli velja í efnahagsbandalagsmálinu, og hefur marglýst yfir, að fulltrúar hennar í nefndum viðræðum hafi aldrei imprað á því hjá Efnahagsbandalaginu, hvað við Íslendingar mundum helzt kjósa, ef til kæmi. En það hefur oltið á ýmsu um yfirlýsingar og stefnur í efnahagsbandalagsmálinu af hálfu stjórnarflokkanna. Viðskmrh. framkallaði jákvætt svar hjá flestum í 14 manna nefndinni um, að við Íslendingar ættum að sækja um aðild. Ég get tekið fram, að það var frá fleiri en Alþýðusambandinu, sem svörin voru neikvæð. Stjórnarblöðin lögðust á þá sveif, að við ættum sem fyrst að sækja um aðild, og eru til endurteknar greinar og leiðarar um þetta atriði. Landsfundur Sjálfstfl. samþykkti aðild. Samband ungra sjálfstæðismanna gerði hið sama. Hæstv. viðskmrh. sagði okkur í langri ræðu hér á Alþingi, að allar þessar samfelldu aðgerðir stöfuðu af þeim misskilningi, að eina leiðin til þess að fá að tala við fulltrúa frá sexveldunum væri að sækja um aðild. Látum þessa afsökun liggja á milli hluta fyrst um sinn. Það, sem meginmáli skiptir, er það, að nú segjast flestir vera algerlega horfnir frá aðild Íslands að Efnahagsbandalaginu. Og af hálfu ríkisstj. hefur því verið lýst yfir, að aðild sé algerlega hafnað, og er það vonandi lokaákvörðun í málinu. Þróunin í þessa átt hefur verið mjög ákveðin. Gætir þess greinilega í umr. á ráðstefnu Frjálsrar menningar 27. jan. fyrra ár. Aðild á þar að vísu ákveðna fylgismenn og formælendur, en undanhald hjá öðrum er greinilegt.

Það kemur margt eftirtektarvert fram í þessum umr. Einn af ráðh., hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, mætti á þessum fundi og tók þátt í umr. Hann lýsir yfir, að á því séu því miður hverfandi litlar líkur, jafnvel engir möguleikar, að við getum fengið vandamál okkar leyst, ef við gerum tvíhliða samning við Efnahagsbandalagið um viðskiptafrelsi og tollfrelsi, og síðar segir hann orðrétt: „Þessi möguleiki er ekki til að minni skoðun.“ En á þessum fundi lagði hæstv. viðskmrh. áherzlu á að hraða málinu. Og hann spurði með talsverðum alvöruþunga, hvort það sé hyggilegt, eftir að

Bretar og Norðmenn byrjuðu þátttöku í umr. um sjávarútvegsmálin við bandalagið, að bíða með að sækja um aðild eða aukaaðild, því að með því eina móti gætum við Íslendingar skapað okkur samningsaðstöðu. Af þessu er þrennt ljóst: Að hæstv. viðskmrh. er 27. jan. f. á. fylgjandi því að hraða málinu sem mest. Að hæstv. viðskmrh. er á sama tíma þeirrar skoðunar að útiloka leið tolla- og viðskiptasamninga við bandalagið. Að hann telur þá, að það, sem um sé að velja, sé aðild eða aukaaðild. Í febrúarmánuði 1962 nokkrum dögum eftir áðurnefndan fund, samþykkti Alþfl. á flokksstjórnarfundi, að aukaaðild væri leiðin, sem ætti að velja. Og það lætur að líkum, að slík samþykkt hefur ekki verið gerð nema að undirlagi hæstv. viðskmrh., enda hafði hann haft framsögu um málið áður á almennum flokksfundi.

Nú hefur hæstv. viðskmrh. gefið Alþingi skýrslu og er nú, að því er hann segir, eftirfarandi skoðunar: Aðild að Efnahagsbandalaginu er úr sögunni. Það á að bíða átekta og aukaaðild eða tolla- og viðskiptasamningar eru leiðirnar, sem um er að velja. — Nú á ekki aðeins að bíða með að leita samninga, sem ég er sannarlega samþykkur, heldur að bíða með að gera upp við okkur sjálfa, hvað við viljum í málinu. En hæstv. viðskmrh. hafði naumast lokið við þá setningu í umr. um þetta mál hér á Alþingi, þegar hann færði, eins og ég hef áður sagt, öll rök fyrir því, að aukaaðild væri leiðin, tolla- og viðskiptasamningsleiðin neikvæð og óábyrg. Og þegar talsmenn Framsfl. hér á Alþingi hafa haldið fram hinu gagnstæða, hafa undirtektirnar verið á sama hátt um, að þetta væri neikvæð og óábyrg afstaða. Og undir þetta hafa stjórnarblöðin tekið mjög ákveðið, síðan umr. fóru fram. Ríkisstj. hefur því ekki aðeins útilokað þessa leið, tolla- og viðskiptasamningsleiðina, heldur hefur hún verið óþreytandi í því að færa rök fyrir því einu að semja um aukaaðild, þótt það kostaði samninga um viðkvæm mál og háan aðgangseyri.

Og þá komum við að því, sem er meginkjarni þessa máls: Hver er hann, þessi hái aðgangseyrir, og hver eru þessi viðkvæmu mál, sem þarf að semja um til þess að verða þeirrar náðar aðnjótandi að verða aukaaðili, eins og hæstv. ríkisstj. talar um? Og þá komum við að því, hver eru rökin, sem við framsóknarmenn færum fyrir því, að við teljum aukaaðild óaðgengilega fyrir íslenzku þjóðina samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir hafa legið um skeið, og samkv. þeim upplýsingum, sem ráðh. og einkum sjálfur viðskmrh., sem hefur haft aðalframsögu um þetta mál, hefur staðfest og tekið fram hvað eftir annað, bæði hér á Alþingi og við ýmis tækifæri annars staðar.

Því hefur verið haldið fram og það hefur verið endurtekið hvað eftir annað, að aukaaðild geti orðið 1—99% af skuldbindingum Rómarsamningsins. Hún getur sem sagt verið allt eða ekkert og allt þar á milli. Ég veit ekki, við hvað þessi fullyrðing styðst. En ég hef ekki séð, að hún hafi nokkra stoð í nokkrum ummælum, sem eru höfð eftir valdamönnum í Efnahagsbandalaginu eða aðildarríkjum þess. Hitt er sanni nær, að aukaaðildin hefur hingað til í framkvæmd tekið á sig meira og meira ákveðið form í þá átt að nálgast fulla aðild. Í fyrsta lagi er, eins og oft hefur verið sagt, einn aukaaðildarsamningur til, samningurinn við Grikki, og í honum er gert ráð fyrir alllöngu aðlögunartímabili, en eftir að sá tími er liðinn, er ætlazt til þess, að Grikkir verði fullir aðilar.

Um aukaaðild segir Jóhannes Nordal á fundi Frjálsrar menningar 27. jan. f. á., að ýmislegt bendi til þess, að allt tal um, að aukaaðild verði 1—99%, sé ekki raunverulegt, — orðrétt: Ýmislegt bendir til þess, að sexveldin hafi ákveðið að gera tilteknar lágmarkskröfur til skuldbindingar þeirra ríkja, sem sækja um aukaaðild. — Er þetta greinilega í samræmi við það, sem hæstv. viðskmrh. hefur hvað eftir annað staðfest í umr. hér á Alþingi og umr. á fundum og umr., sem ég kem síðar að.

Í samningum Austurríkis og Svíþjóðar og Svisslendinga um aukaaðild hefur komið í ljós, sem ég veit ekki til að hafi breytzt í seinni tíð, að þessi ríki áskilji sér að mega ganga úr bandalaginu, ef til styrjaldar komi, og mega gera, án þess að lúta reglum bandalagsins, viðskiptasamning við þjóðir utan bandalagsins. En þessi ríki gera ráð fyrir því að verða að lúta reglum bandalagsins um flutning vinnuafls, flutning fjármagns, gagnkvæm réttindi til atvinnurekstrar, sem eru einmitt þær skuldbindingar, sem flestir segjast vera sammála um að séu okkur Íslendingum hættulegastar í Rómarsamningnum.

Í umr. í Stórþinginu norska var rökrætt um það, hver væri munur á aukaaðild eða aðild. Utanrrh. Noregs lýsti því þá yfir, að ef maður kýs þá leið að hefja samninga með aukaaðild að markmiði, verður maður að gera sér ljóst, að í reyndinni, í málefnunum sjálfum, er maður jafnbundinn af ákvörðun bandalagsins eins og um fulla aðild væri að ræða. Á fundi í Verzlunarráði Íslands 11. júlí 1961 sagði hæstv. viðskmrh., að hvort sem við sæktum um fulla aðild eða aukaaðild, — og er það í samræmi við það, sem ég hef áður upplýst og ég hef lesið upp, — hvers konar aðild, sem um yrði að ræða, yrði niðurstaðan þessi, orðrétt: „Hins vegar komumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstri fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma, enda yrði sú stefna, sem nú er fylgt, okkur sjálfum ekki lengur nauðsynleg, ef tryggja mætti með öðrum hætti, að breytingar á henni leiddu ekki til ofveiði við Ísland."

Afsal þessara réttinda, að við sitjum einir að því að landa hér fiski og reka hér fiskiðnað, er hluti af hinum viðkvæmu málum, sem við þurfum að semja um, ef við gerumst aukaaðilar, samkv. upplýsingum ráðh. sjálfs hér og

oft endranær, — upplýsingum, sem koma heim við það, sem aðrar þjóðir upplýsa um aukaaðild.

Í grein, sem Jónas Haralz birti í janúar- og aprílhefti Fjármálatíðinda 1962, ræðir greinarhöfundur um viðhorf okkar til Efnahagsbandalagsins. Hann segir, er hann ræðir um aukaaðildina, hið sama og viðskmrh., að tryggja beri, að hugsanleg þátttaka útlendinga í rekstri fiskvinnslustöðva leiði ekki til ofveiði við Ísland.

Og loks eru hin margumtöluðu ummæli viðskmrh. sjálfs hér á Alþingi, sem hann hefur margendurtekið og við vitum nú, hvað þýða, um hin viðkvæmu mál. Vita nú allir, hvað þau þýða, og er óþarfi og rangt að tala um það sem einhver feimnismál.

Ég hef hér lítillega rakið sögu málsins með tilvitnun til opinberra staðreynda. Þessar staðreyndir ættu að geta sýnt okkur, hvað hér er á seyði. Stjórnendur erlends fisksöluhrings, eins hinna stærri í fiskiðnaði og fisksölu, létu hafa það eftir sér nýlega, að þrátt fyrir allar nýjar aðferðir við geymslu fiskafurða skipti það þó mestu af öllu að ná tangarhaldi á fiskiðjuverum í löndum, sem lægju sem næst hinum auðugustu fiskimiðum. Ef aukaaðildin á að kosta okkur Íslendinga það að breyta stefnu okkar í sjávarútvegsmálum þannig, að við göngumst undir að leyfa erlendum fiskveiðiþjóðum að landa hér fiski og reka hér fiskiðjuver, er að mínu áliti vá fyrir dyrum — beinlínis vá fyrir dyrum. Og mér er nær að halda, að þeir séu færri en hæstv. viðskmrh. virðist álíta, sem telja það neikvæða eða óábyrga afstöðu hjá Framsfl. að beita sér gegn því, að slík kollsteypa verði tekin í sjávarútvegsmálum. Tryggingum, sem gefnar eru fyrir því, að ekki yrði um ofveiði að ræða hér við land, treysti ég í engu. Auðhringar hugsa um stundargróða. Þjóðir, sem vilja lifa, verða að hugsa fram í tímann. Ef erlendum auðhringum væri leyft að reka hér fiskiðjuver og auk þess landa hér fiski, sem upplýst er, að aukaaðildin kostar, er líklegt, að hérlendir fiskimenn og útgerðarmenn vöknuðu eftir stuttan tíma upp við þann óhugnanlega raunveruleika, að auðhringarnir hefðu náð hér kverkataki á fiskiðnaðinum, og þeir hefðu ekki í önnur hús að venda en til þeirra að selja meginið af sínum fiski. Og hver skammtar þá verðið nema hinir erlendu auðhringar sjálfir?

Okkur Íslendingum er vorkunnarlaust að forðast þennan háska, ef við höfum aðeins opin augun, því að það eru til nóg fordæmi um það og flest á einn veg, hvernig þeim þjóðum hefur vegnað, sem hafa látið erlenda auðhringa ná tangarhaldi á höfuðatvinnugreinum sínum. Hitt verðum við að gera okkur jafnljóst, að í Efnahagsbandalaginu eru þjóðir, sem við viljum hafa og höfum haft menningarleg og viðskiptaleg tengsl við. Við verðum að stefna að því ákveðið, að það gerist að leiðum tolla- og viðskiptasamninga, og aldrei er þetta ljósara en einmitt nú. Mér er fyllilega ljóst, að á þessari leið eru erfiðleikar og annmarkar vegna GATT-samninganna. Þeir erfiðleikar hafa verið dregnir fram ræðilega í ræðum hæstv. viðskmrh. hér á Alþingi og víðar. En þar sem viljinn er til staðar, þar eru möguleikar einnig fyrir leiðir. Við höfum alveg einstaka sérstöðu. Við höfum aðeins eina framleiðslugrein, sjávarútveg, til þess að afla erlends gjaldeyris fyrir, og svo að segja allt, sem við þurfum að kaupa, er erlendis frá. Lykilaðstöðu í þeirri framleiðslu, rétt til að reka hér fiskiðjuver og landa hér fiski, getum við ekki afhent erlendum auðhringum, hvorki fyrir aukaaðild né nokkurn hlut annan. Allir sanngjarnir og velviljaðir menn hljóta að fallast á það, að slíkt gæti orðið fljótfær leið til fjárhagslegs ósjálfstæðis þjóðarinnar. Ég hef þá trú á sanngirni þeirra þjóða, sem við eigum við að semja, að þær muni fallast á sjónarmið okkar. En okkur má ekki gleymast það, að þeir fulltrúar erlendra þjóða, sem við þurfum að semja við um tengsl okkar við Efnahagsbandalagið, reyna auðvitað að ná þeim samningum, sem þeir telja hagkvæmasta fyrir sínar þjóðir. Og eitt er víst, að þeir munu að lokum koma sínu fram, ef við erum hikandi og óákveðnir í því, hverju við ætlum aldrei að afsala okkur.

Þegar hæstv. viðskmrh. færði rök að því hér á Alþingi og víðar, að við Íslendingar gætum með engu móti komizt hjá að tengjast Efnahagsbandalaginu, og segir hér á Alþingi af hálfu ríkisstj., að aðeins sé um tvær leiðir fyrir Ísland að velja, tolla- og viðskiptasamninga eða aukaaðild, þá hlusta erlendir auðhringar með athygli. Það fer ekki fram hjá þeim, að ráðh. lýsir því yfir, að hann geri sér ljóst, að aukaaðildin kosti samninga um viðkvæm mál, þ. e. a. s. að breyta stefnunni í sjávarútvegsmálum þannig, að erlendar þjóðir fái að landa hér fiski og reka hér fiskiðjuver. Með þessu er búið að gefa upp boltann fyrir þá, sem við okkur semja af hálfu erlendra fiskveiðiþjóða, eins þægilega og þær geta kosið sér bezt. Þeir þurfa ekki annað að gera en að loka tolla- og viðskiptasamningsleiðinni með öllu, þá telja þeir okkur samkv. eigin yfirlýsingu ríkisstj. neydda til að gerast aukaaðilar með þeim kostum, sem lýst hefur verið að verði að sæta. Flestir hljóta að sjá, að með þessu er málinu tefit í slæma taflstöðu. Við eigum einmitt nú þegar að lýsa yfir því, að við afsölum okkur aldrei þeim rétti, sem viðskmrh. hefur rætt um og fitlað við, að við kynnum að þurfa að afhenda og afsala okkur. Og við munum þá fremur kjósa að standa utan bandalagsins heldur en gangast undir slík réttindaafsöl. En við eigum jafnákveðið að segja: Við viljum tengjast bandalaginu með viðskipta- og tollasamningum. — Og ef við gerum þetta, ef við höldum fast á okkar máli, er ég sannfærður um, að við fáum þá samninga við Efnahagsbandalagið, sem við getum við unað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal játa, að stundum, þegar ég hef hlustað á umr. hér á Alþingi að undanförnu,

bæði á fyrri stigum þessara umr. um Efnahagsbandalagið og eins sumar þær almennu stjórnmálaumr., sem hér hafa orðið af ýmsu tilefni, t. d. um frv. hv. 3. þm. Reykv. um áætlunarráð, þá hefur mig nokkuð furðað á þeim hugsunarhætti, sem hefur komið fram hjá sumum hv. þm. og ekki síst hv. Framsóknarflokksmönnum. Það er eins og þeir lifi í sínum eigin hugarheimi. Þeir búa til nýja Íslandssögu, þeir snúa við staðreyndum, hagræða öðrum, laga allt í hendi sér, eins og þeim hentar í málflutningi þá og þá. Þetta er að ýmsu leyti skoplegt, má segja, og að sumu leyti hlýtur maður að vorkenna þeim þm., sem þannig fara að. En það er einnig hörmulegt, vegna þess að þetta eru greindir menn í sjálfu sér og áhrifamiklir menn, sem gera það tvennt með þessum málflutningi, að þeir — og það er þeirra tilgangur fyrst og fremst — eru að reyna að blekkja aðra til þess að fá þá til fylgis við sig um sinn og tekst það öðru hverju, eins og gengur, en þeir eru einnig og ekki síður að blekkja sjálfa sig með því að skapa sér þennan hugarheim, með því að búa til nýja sögu, með því að telja sjálfum sér og reyna að telja öðrum trú um, að ástandið í landinu og þeirra umhverfi sé með allt öðrum hætti en það raunverulega er.

Í þessum ímyndunarheimi, sem þessir hv. þm. þannig skapa sjálfum sér, felst m. a. skýringin á því, hvernig stendur á því, að jafngreindir og að sumu leyti skarpskyggnir stjórnmálamenn eins og hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Austf. hafa gert þær höfuðstjórnmálaskyssur, sem þeir hafa gert sig seka um. Ég hygg, að enginn deili nú lengur um það, að einhver mesta skyssa, sem gerð hafi verið frá flokkslegu sjónarmiði Framsóknar, sé rof hv. 2. þm. Vestf. á samvinnu Sjálfstfl. og Framsóknar á árunum 1955 og 1956. Þetta var gert, eins og allir vissu þá, sumpart að hv. 1. þm. Austf. núv. nauðugum, þó að þeir að lokum yrðu um þetta ásáttir. Þetta var gert í því skyni að reyna að efla og tryggja völd Framsfl. En niðurstaðan af þessu varð sú, að kjördæmabreyting átti sér stað þvert ofan í vilja þessa flokks og að Framsfl. hefur nú frá árinu 1958 verið einangraður í íslenzkum stjórnmálum. Það er vegna þess, sem ég segi, að þetta varð, að þessir hv. þm. töldu ástandið í landinu vera allt öðruvísi en það í raun og veru var. Þeir voru farnir að trúa sínum eigin skröksögum og byggðu á þeim ímyndunum, sem þeir ætluðu öðrum, sem óhagganlegum staðreyndum, sem áttu að vera undirstaða spilaborgarinnar, sem síðan hefur svo illilega hrunið sem endanlega varð með slitum vinstri stjórnarinnar seint á árinu 1958.

Nú er það að vísu ærið umhugsunarefni, að svo reyndir eins og ég segi og að sumu leyti skarpskyggnir stjórnmálamenn eins og þessir skuli koma þannig fram í íslenzkum stjórnmálum, okkar innanlandsdeilum. Það má segja, að það geri minna til, og þó að þeir hafi mörgu illu áorkað í íslenzku stjórnmálalífi með þessari sinni hegðun, þá hefur þetta að sumu leyti orðið til góðs, eins og meginþorri þjóðarinnar nú viðurkennir, að það er öllum til heilla og einnig hollur lærdómur fyrir Framsfl. að vera í þeim skammarkrók, sem hann nú er og hefur verið undanfarin ár. En enn þá verra og þjóðinni hættulegra er, þegar þessir hv. þm. ekki aðeins leika sér þannig um staðreyndir í innanlandsmálum, heldur einnig í utanríkismálum þjóðarinnar, og ekki aðeins í utanríkismálum Íslendinga, heldur í túlkun og frásögn af alþjóðamálum, af þeim atburðum, sem við Íslendingar getum í raun og veru mjög lítil áhrif haft á, en verðum þó mjög að hegða okkur eftir, hverja framvindu hafa. Einn orðheppinn ritstjóri lýsti þessari framkomu hv. framsóknarmanna einu sinni á þann veg, að það væri eins og það yrði alltaf mjög ófriðvænlegt í heiminum, ef Framsfl. kæmi í ríkisstj., en drægi jafnskjótt til sátta milli stórveldanna, ef Framsfl. hyrfi úr stjórn á Íslandi. Þessi lýsing kom af hringsnúningi þessa hv. flokks í varnarmálunum, að þessir hv. forustumenn í íslenzkum stjórnmálum hafa látið sér sæma að mistúlka staðreyndir alþjóðlegra atburða algerlega eftir því, sem þeim hefur hentað eftir innanlands stjórnmálatogstreitu hverju sinni. Þegar þeir hafa verið í ríkisstj., hafa þeir oft tekið ábyrga afstöðu í þessum málum, komið fram eins og góðir og skynsamir menn, — og eins og partur af þeim er. Enginn maður er alillur né algóður, það á við þá eins og aðra. Í þeim leynist betri maður en þeir vilja stundum láta aðra halda. Þess vegna hafa þeir komið skynsamlega fram í varnarmálunum öðru hverju, en einungis þegar þeir hafa verið í ríkisstj. Þegar þeir hafa verið utan stjórnar eða hafa verið að búa sig undir að hlaupa úr ríkisstj., hafa þeir hins vegar ætíð þótzt ætla að verða það, sem þeir kalla vinstri menn, og þess vegna verið að reyna að leika á einhverja, sem þeir kalla vinstri kjósendur, reyna að leiða þá til fylgis við sig. Þá hefur komið upp þessi skoðun, að ekki þyrfti á vörnum að halda á Íslandi, vegna þess að heimurinn væri svo friðvænlegur, meðan þeir sjálfir væru ekki í stjórn á Íslandi.

Þetta er leikur, sem menn eru búnir að horfa á nú í mörg ár, og það getur út af fyrir sig engum komið á óvart, þótt sömu aðferð eigi nú að beita í þessu mikla vandamáli, sem hér um ræðir. Og framsóknarmenn telja sig auðsjáanlega hafa þeim mun ríkari ástæðu til þess að bregða á þennan leik nú, þar sem þeir hafa sannfærzt um, að ásökunarefni þeirra gegn núv. ríkisstj. út af innanlandsmálum eru haldlaus. Þeir hafa að vísu tekið þar mjög sterklega til orða, en svo sterklega, strax og stjórnin var mynduð, að síðan hafa staðreyndirnar afsannað flest af því, sem þeir þá héldu fram, þannig að það, sem þeir þá mæltu í fullri alvöru, sbr. snilliyrði vinar míns hér til hægri um „móðuharðindi af mannavöldum", snilliyrði hv. 2. þm. Vestf. um, að hér yrði á 4. eða 5. þúsund manns atvinnulausir eftir skamma

stund, ef stefnu núv. stjórnar væri fylgt, eru ummæli, sem þeir, er viðhöfðu, vilja nú láta gleymast, en við höfum þeim mun meiri ánægju af að minna þá á, af því að þeir hafa svo mjög ofmælt í innanlandsdeilunum.

Auðvitað er sitt hvað hægt að finna að þessari stjórn eins og öllum öðrum og það er hægt að benda á, að sumt hafi tekizt miður en skyldi, að sjálfsögðu. En hv. framsóknarmenn, svo þaulreyndir áróðursmenn og greindir sem þeir eru, finna sjálfir, að þeir hafa í þessu svo mjög ofmælt áður fyrr, allar skammirnar, sem þeir nú treysta sér til að fenginni reynslu þeirra sjálfra og þjóðarinnar af okkar stjórnarstefnu, eru aðeins eins og svipur hjá sjón miðað við það, sem þeir voru búnir að segja fyrir að verða mundi. Þess vegna reyna þeir að komast frá þessum vígvelli og skapa sér einhver önnur deilumál, búa til einhverja nýja grýlu, að reyna að telja mönnum trú um, að það sé einhver nýr alvarlegur ágreiningur, sem upp sé kominn og þjóðinni hljóti að skipta í mismunandi fylkingar, hvað sem öllum öðrum fyrri deilum líður.

Þetta varð mjög ljóst af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði í ræðu sinni áðan. Ég get út af fyrir sig tekið undir margar hans aðvaranir gegn þeim hættum, sem fylgja því að ganga í Efnahagsbandalagið. Mér hefur ætíð verið ljóst, að þar var ekki um vinninginn einan að ræða, heldur væri þar um mjög mikið vandamál að tefla, þar sem við yrðum að fara mjög varlega að. Og ég vil nú biðja hv. þm., sem hafa hlustað á aðvörunarorð hv. 2. þm. Vestf. með þeim hnífilyrðum, sem þeim fylgdu í garð ríkisstj., og fullyrðingum hans um algerlega gagnstæða stefnu ríkisstj. við það, sem hann heldur fram, þá vil ég biðja þingheim að hlusta á það, sem ég sagði um þessi efni í ræðu, er ég hélt snemma í okt. 1961, með leyfi hæstv. forseta. Þá sagði ég m. a.:

„Í Rómarsamningnum, stofnskrá bandalagsins, eru ýmis ákvæði, sem eru skynsamleg frá sjónarmiði þeirra þjóða, sem búa í þéttbýlum, fullnýttum löndum, en skapa mikinn vanda fyrir fámenna þjóð, sem lifir í stóru, lítt nýttu landi. Af þeim sökum getur skilyrðislaus aðild Íslands að þessu bandalagi ekki komið til mála, og hætt er við, að skilyrðin verði svo mörg og skapi slíkt fordæmi, að aðrir aðilar eigi erfitt með að una þeim."

Síðar segi ég:

„Hér ríður mjög á, að rétt sé á haldið og aflað sé skilnings á sérstöðu okkar, þannig að við komumst í eitthvert það samstarf eða samband við þetta bandalag, að hagsmunir okkar verði ekki fyrir borð bornir. Enn er of snemmt að segja, með hverjum hætti þetta verður bezt gert, meira að segja hvort það er yfirleitt framkvæmanlegt. Til þess að það verði kannað, verður vafalaust fyrr eða síðar, þegar tímabært þykir, að taka upp samninga við bandalagið. Vil ég um það segja það eitt, að jafnfráleitt væri að hafna umleitunum fyrir fram eins og að fullyrða, að það mundi leiða til aðgengilegrar lausnar. Hyggilegast verður að fylgjast náið með athugunum og samningum annarra og meta eftir framvindu þeirra, hvenær tímabært sé að kanna til úrslita, hvort við getum fengið aðgengileg kjör."

Þetta sagði ég strax við upphaf málsmeðferðar í október 1961, og ég spyr og skýt því undir dóm þeirra, sem á mál okkar hlýða: Hvað var það í aðvörunum hv. 2. þm. Vestf., sem ég hafði ekki, að vísu í styttra máli, bent á í þeim fyrstu orðum, sem ég talaði um þetta mál? Ég talaði þá á landsfundi sjálfstæðismanna og gegndi um leið stöðu forsætisráðherra og talaði í nafni ríkisstjórnarinnar að því leyti.

Hér er auðsjáanlega verið að búa til ágreining. Það er verið að vitna til ýmiss konar ummæla, sem hafa átt sér stað í löngum umr. um þetta mál, þar sem menn hafa varpað fram mörgum möguleikum og reynt að gera sér grein fyrir, hverjir kostir og lestir fylgdu hverju um sig. Út af fyrir sig væri það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að málin hefðu mjög skýrzt fyrir mönnum við allar þessar umr. og þær umfangsmiklu athuganir, sem hafa átt sér stað. En á hitt vil ég leggja áherzlu, að þær umr. og athuganir af hálfu ríkisstj. hafa ætíð verið gerðar í þeim anda, sem ég lýsti í þessum ummælum mínum í okt. 1961. Þegar t. d. hv. 2. þm. Vestf. vitnar til þess, að hæstv. viðskmrh. hafi á fundi hjá Frjálsri menningu — hygg ég, að það hafi verið — sagt, að það væri ekki viðunandi lausn hægt að fá með tolla- og viðskiptasamningi við þetta bandalag, þá hygg ég, að það hafi komið skýrt fram hjá hæstv. viðskmrh., að hann benti á, að það væri ekki hægt að gera einhliða tolla- og viðskiptasamning, heldur yrði slíkur samningur að vera á grundvelli GATTs, þ. e. a. s. allsherjarsamningur, sem öllum öðrum kæmi að sama gagni eins og okkur. Og það er þessi ágalli á viðskipta- og tollasamningsleiðinni, sem er svo mikill, að við hljótum að íhuga og hafa íhugað, hvort ekki væri hægt að komast fram hjá honum — að vísu er ekki á það reynt — e. t. v. með aukaaðild.

Hv. 2. þm. Vestf. segir, að af ríkisstj. hálfu og sérstaklega hæstv. viðskmrh. hafi boltanum verið kastað upp til okkar viðsemjenda með þeim hætti, að það væri ljóst, að við yrðum að ganga inn á þá aukaaðild, sem þeir féllust á, vegna þess að við segjum sjálfir fyrir fram, að viðskipta- og tollasamningur sé ekki viðhlítandi. Þetta kemur þvert ofan í yfirlýsta stefnu ríkisstj. Við segjum einungis: Það er enn ókannað, hvor leiðin yrði okkur hagkvæmari, ef á þetta reyndi. — Og við segjum jafnframt, eins og ég sagði strax í okt. 1961: Það er enn ósýnt, hvort hægt er að ná nokkrum þeim samningum, að við getum gerzt aðilar að þessu bandalagi. — Þetta var þá þegar sú niðurstaða, sem ég komst að og hv. 2. þm. Vestf. er nú að segja sem einhverja sína eigin uppgötvun, andstæða stefnu ríkisstj. Ég vildi óska, að hann lærði jafnvel af mér í öllu

eins og hann hefur gert í þessum efnum, þá væri betur fyrir honum komið en er.

En það er annar hv. þm. hér inni, sem hefur gefið yfirlýsingu, sem gerir það að verkum, að þar var vissulega kastað upp boltanum til okkar viðsemjenda í þessum málum. Það er hv. 7. þm. Reykv. Hann sagði eitt sinn við þessar umr., að það væri óhjákvæmilegt fyrir okkur að gerast aðili að þessu bandalagi með einum eða öðrum hætti og a. m. k. með tolla- og viðskiptasamningi, tengsl okkar við bandalagið væru óhjákvæmileg. Þetta var efni málsins, ég get gáð að tilvitnuninni, ef hún er vefengd, en þetta var efni málsins. Með því að gefa slíka yfirlýsingu, að tengsl okkar við bandalagið séu óhjákvæmileg, þá er vissulega verið að ofurselja sig okkar viðsemjendum. Ef nokkrir hafa talað af sér í þessu máli, þá eru það þeir menn, sem tala eins og hv. 7. þm. Reykv., sem er þarna að reyna að búa sér árásarefni á ríkisstj., en hans betri maður gægist fram, svo að hann er ekki alveg eins ósanngjarn og hann vill vera láta og segir frá meira en hyggilegt er og heldur en hann nú vill við standa.

En hvernig lízt mönnum á þá tilvitnun hv. 2. þm. Vestf., þegar hann fullyrðir, að landsfundur sjálfstæðismanna hafi viljað eða samþykkt aðild Íslands að þessu bandalagi, því að hvernig hljóðar þessi samþykkt, sem hann þarna vitnar til, í raun og veru, með leyfi hæstv. forseta? Þar segir:

„Þjóðir Vestur-Evrópu, sem Íslendingar hafa frá fornu fari haft mest og bezt viðskipti við, efla nú mjög samvinnu sína í efnahagsmálum, og er Íslandi brýn nauðsyn á að slitna ekki úr tengslum við þá þróun. Þess vegna ber okkur að leitast við að tryggja aðild okkar að Efnahagsbandalagi Evrópu án þess að undirgangast samningsákvæði, sem hér geta með engu móti átt við.“

Það er gengið út frá eða sagt berum orðum í þessari ályktun, að í Rómarsáttmálanum séu slík samningsákvæði, að þau geti hér með engu móti átt við, og ef á að setja okkur þau skilyrði, þá felst í þessari ályktun, að landsfundurinn telji, að úr aðild eigi ekki að verða. Þetta sér hver maður, sem þessa ályktun les. Svo segir hv. 2. þm. Vestf. með viðeigandi skýringum, að við höfum viljað binda Íslendinga að óathuguðu máli, að við höfum samþykkt aðild, þegar samþykktin, sem gerð er, hljóðar á þann veg, sem ég hef nú lesið upp. Slíkur málflutningur er engum til góðs, og eins og ég segi: Þið hv. framsóknarmenn, það getur vel verið, að þið hafið trú á því, að þið getið blekkt einhverja af kjósendum um dálitinn tíma með slíkum málflutningi, þá, sem ekki lesa annað en Tímann. Það getur vel verið, að þið getið með því náð því, sem þið nú auðsjáanlega ætlizt til: að afla vinstri atkvæða til þess að semja við Sjálfstfl. um að koma með honum í stjórn eftir kosningar. Það getur vel verið, að þið getið með þessu fengið því áorkað, úr því að þið teljið það nú orðið vera þá mestu gæfu, sem þið tölduð hina mestu ógæfu 1955. Ég vonast til þess, að það verði maklegur hrís á ykkur, ef þið komið í stjórn með okkur aftur.

En það versta er í þessu, að jafnvel þótt þið getið um sinn blekkt einhverja með slíkum málflutningi, þá blekkið þið mest ykkur sjálfa. Þó að aðrir haldi meira upp á framsóknarmenn en ég, vegna þess að þeir þekkja þá minna, þá segi ég, að forustumenn Framsóknar eru allt of glöggir og ég vil segja eigingjarnir menn einnig til þess að halda áfram þessum skollaleik, að halda áfram að búa sér til einhvern ímyndaðan heim og halda, að þeir með því að fullyrða eitthvað þvert ofan í staðreyndir geti lagað heiminn eftir því, sem þeir telja sér henta þá og þá stundina. Hv. 2. þm. Vestf. lét t. d. svo áðan, að það væri eins konar kosningablekking hjá ríkisstj. að skrökva því nú upp, að nýtt viðhorf hefði skapazt varðandi Efnahagsbandalagið. Hér var útbýtt í þingsalnum í gær riti, „Nordisk kontakt“, þar sem einhver af dönskum stjórnmálamönnum, framámönnum, skrifar um þetta mál í kaflanum um Danmörk. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp dálítinn kafla af því, sem þar stendur. Það er áreiðanlega ekki samið með hagsmuni íslenzku ríkisstj. fyrir augum. Greinin heitir „Alveg óyfirsjáanleg aðstaða“ — eða: „Það er ómögulegt að sjá, hvað fram undan er.“ Upphafið hljóðar svo:

„Stundum kemur fyrir, að jafnvel þeir stjórnmálamenn, sem bezt fylgjast með, hljóta að stanza og viðurkenna, að það sé ekki hægt að sjá fyrir atburðanna rás. Margir í Kristjánsborg hlutu að draga þessa ályktun eftir sprengingu samninganna í Brüssel og næstu daga á eftir. Það var alveg ófyrirsjáanleg aðstaða, sem menn stóðu frammi fyrir. Á aðra hlið greindu menn vonina um, að sú staðreynd, sem fylgdi hinu athyglisverða skrefi franska forsetans, gæti ekki verið síðasti atburður í viðleitninni til að koma Vestur-Evrópu í viðskiptalega heild með miklum stjórnmálaframtíðarvonum. Á hina hliðina kom tilfinning vanmáttar fyrir hinum kalda raunveruleika staðreyndanna.“

Þetta segir í þessu danska riti. Þeir segjast að vísu vona, að eitthvað kunni úr þessu að rætast, en þeir játa, að þeir standi sem máttlausir fyrir hinni köldu staðreynd, sem raunveruleikinn í þessum efnum er í þeirra augum. Svona er skrifað um þetta mál um allan heim. Það viðurkenna allir, að algerlega ný viðhorf hafa skapazt í þessum efnum. Sumum líkar það betur, öðrum líkar það verr. Það má vel vera, að það sé dálítið til í því, sem hv. 2. þm. Vestf. segir, að ýmsum mönnum hér á landi þyki þessi framvinda hlutanna okkur ekki eins iskyggileg og ýmsum öðrum. Ég minnist þess, að þegar hæstv. forsrh. fyrst talaði í þessum umr., þá var meginefni ræðu hans, að við skyldum átta okkur á, að hér væru fram undan þeir atburðir, að enginn kostur væri okkur góður, og að dyrnar inn í þetta fyrirhugaða

bandalag mundu verða okkur þrengri og hættusamari en ýmsir virtust álíta.

Við erum margir, sem höfum að vísu viðurkennt, að þetta væri eðlileg heildarþróun í heiminum. En við höfum ekki fagnað því, að Ísland þyrfti að taka afstöðu til þessara atburða, ekki vegna þess, að við ætluðum að hliðra okkur hjá að taka þær ákvarðanir, sem við á hverjum tíma teldum skyldu okkar að gera sem umboðsmenn okkar þjóðar, heldur af því, að við viðurkenndum, að eins og horfði virtist enginn kostur góður fyrir þjóðina. Hæstv. forsrh. beinlínis ávítaði það ábyrgðarleysi hv. framsóknarmanna að reyna að telja mönnum trú um, að við gætum lagað það í hendi okkar, hverjar viðtökur við fengjum hjá öðrum, og að annarra góðvild mundi nægja til þess að leysa okkur úr öllum vanda.

Er þetta nú ekki einmitt komið á daginn? Halda menn, að vinátta — við skulum segja jafnágætrar þjóðar og Frakka, við skulum nefna Ítali, — að vinátta þeirra þjóða til Íslendinga standi dýpra en t. d. þakklæti frönsku þjóðarinnar til Breta? Halda menn, að það yrði frekar gert eitthvað fyrir okkur fyrir ekki neitt heldur en de Gaulle vill taka upp fullkomna samvinnu við sína gömlu vopnabræður í Bretlandi?

Hér er vissulega mikið vandamál á ferðum og hefur verið, — vandamál, sem er í raun og veru miklu alvarlegra en svo, að það sé sæmilegt að viðhafa í því þau vinnubrögð, þá áróðursaðferð, sem Framsfl. ætlaði sér og ætlar að reyna að hafa. Þess vegna skulum við viðurkenna það, að alveg eins og Danir telja beina þjóðarógæfu fyrir sig það, sem skeð hefur í Brüssel, og framkomu de Gaulle, þá skulum við — alveg eins og kom fram hjá hæstv. viðskmrh. — viðurkenna, að málið horfir allt öðruvísi við fyrir okkur Íslendinga. Ef þessi stóra efnahagslega heild hefði verið mynduð í Evrópu, þá verð ég að viðurkenna, þótt það sé ofmælt hjá hv. 7. þm. Reykv. að segja, að það sé óhjákvæmilegt fyrir okkur að tengjast henni, þá mundi það vera mjög alvarlegt mál, ef við værum útilokaðir frá henni. Það er hins vegar engan veginn eins alvarlegt mál fyrir okkur, þó að þetta klofni í tvennt og við höfum þarna við fleiri aðila að etja. Við höfum enga ástæðu til þess að ætla, að EFTA-löndin t. d. hindri okkur með tollmúrum á hinn sama veg eins og vitað var, að gert hefði verið varðandi Efnahagsbandalagið, ef það hefði orðið eins stórt og að var stefnt og við ekki náð við það neinum tengslum. Málin horfa því í þessu tilfelli töluvert öðruvísi við fyrir Íslendinga.

Við getum sagt, að þetta er hryggileg framvinda í alþjóðamálum, eftir því, hvort við viljum, að vesturveldin standi saman, efli sín samtök, eða ekki. Um það geta verið skiptar skoðanir miðað við þetta. En Ísland þarf út af fyrir sig ekki svo mjög að harma, þó að þessi atburðanna rás hafi orðið. Þarna er í raun og veru vikið frá okkur miklum vanda. Ég vil ekki segja, að við eigum að hætta að hugsa um, hvernig við eigum að bregðast við þeim vanda, ef hann skapast aftur. Við eigum sízt að hætta að hugsa um það, það er svo alvarlegt mál. En við skulum jafnframt gera okkur grein fyrir, að ótímabærar yfirlýsingar um það, hvernig við ætlum að bregðast við því vandamáli, ættum við að hafa lært af því, sem gerzt hefur, að hætta að gefa. Við höfum sáralítil, ég vil segja: engin áhrif á framvindu hlutanna í þessu.

Ég vil hins vegar lýsa því sem minni skoðun, það getur vel verið, að hún reynist röng, en það er mín skoðun og það er rétt, að hún komi hér fram, að þó að maður hlusti á yfirlýsingu Adenauers um, að það eigi að taka þetta mál upp aftur til umr. í hinu nýja samráði Frakka og Þjóðverja og de Gaulle hafi lofað honum því, þá hef ég ekki ýkjamikla trú á því, að málið leysist á þeim vettvangi skjótlega. Það má vel vera, að þá sé meira til í því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði, að þetta mál leysist, þegar gömlu mennirnir svokölluðu, de Gaulle og Adenauer, eru báðir úr sögunni. Adenauer er nú 87 ára, og ef de Gaulle verður jafnlengi við völd, eru 15 ár þangað til. En látum það vera. Ég tel það ákaflega ósennilegt, þó að samvinna Vestur-Evrópu verði ekki stöðvuð, að það verði byrjað aftur þar, sem frá var horfið. Ég tel, að þeir atburðir hafi gerzt, svo alvarlegir, sem sýni svo djúpstæðan ágreining, ekki einungis milli de Gaulle, heldur frönsku þjóðarinnar og annarra, að vestræn samvinna muni fara í annað horf en áður var fyrirhugað. Ég þykist ekki vera neinn spámaður, en ég á erfitt með að sjá, hvernig slíkir atburðir, sem nú hafa gerzt, geta látið vera að skilja eftir djúp og varanleg spor í hugum þjóðanna. Við vitum sjálfir, að það er ekki einungis, að þarna komi til, hvort Frakkar vilji breyta til. Við vitum einnig, að það mátti mjóu muna og vissi enginn, hvort þetta blessað bandalag fengi meiri hl. hjá brezku þjóðinni. Og hyggja menn, að það verði auðveldara að koma þessum tveimur þjóðum saman eftir þessa atburði, sem vitanlega eru afleiðing langrar atburðarásar og hulinna ástæðna fyrir öllum fjöldanum, þó að þær hafi verið lengi að gerja um sig?

Allt þetta hlýtur að leiða til þess að mínu viti, að atburðirnir taki aðra stefnu og með einhverjum öðrum hætti verði leyst úr þessum vanda en menn áður ætluðu. Það er athyglisvert, að nú eftir það, sem gerzt hefur, leggur Kennedy Bandaríkjaforseti meiri áherzlu en nokkru sinni áður á samvinnu allra Atlantshafsþjóðanna, sem svo eru kallaðar. Það er ljóst, að stuðningur Þjóðverja, ef hann er fyrir hendi, við Breta, kemur ekki af sérstakri vináttu Þjóðverja og Breta, heldur af því, að Þjóðverjar gera sér grein fyrir, að án verndar og þátttöku Bandaríkjanna er Vestur-Evrópa töpuð. Þess vegna er það a. m. k. engan veginn óhugsandi, að þannig kunni málin að snúast, eins og hæstv. viðskmrh. einnig vék að í sinni ræðu, að fitjað verði upp á nýjan leik með tilvísun og á grundvelli þeirra tollalaga eða við-

skiptalaga, sem Kennedy Bandaríkjaforseti fékk samþykkt á síðasta þingi.

Við skulum játa hreinlega, að enginn okkar sér fyrir í dag, hverja framvindu hlutirnir muni fá. Við skulum viðurkenna, að okkur ber skylda til þess að fylgjast með og gæta þess eftir föngum að verða eins viðbúnir og við framast getum verið, svo að okkar hagsmunum verði ekki gleymt í þeim endanlegu samningum, sem gerðir verða. En við skulum ekki halda, að jafnvel þó að kosningar séu fyrir dyrum á Íslandi, þá geti Framsfl. stöðvað hjól sögunnar og sagt, að það sé ekkert að marka, hvað óþokkinn hann de Gaulle hafi gert.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hygg, að það sé svipað um ýmsa fleiri þm. en mig, að þeir séu nokkuð undrandi yfir að kynnast því, í hvaða hugarheimi hæstv. dómsmrh. lifir um þessar mundir, en það kom greinilega fram í þeirri ræðu, sem hann var að ljúka hér. Hæstv. dómsmrh. eyddi löngum kafla í að tala um allt önnur mál en þau, sem hér eru til umr. Hann fór að tala um samvinnuslit Sjálfstfl. og Framsfl. 1955—56. Hann fór að tala um varnarmálin. Og hann fór að tala um það, hvernig viðreisnarstjórninni hefði verið tekið og þar fram eftir götunum. Það var bersýnilegt, að hæstv. dómsmrh. óskaði eftir umr. um öll mál miklu fremur en það mál, sem hér er til umr., og að svo miklu leyti sem hann kom að því að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, þá er það til þess að gera það miklu óljósara og óskýrara en það er, til að flækja það og til þess að gera mönnum ekki ljós aðalatriðin í málinu. Þetta allt benti til þess, að hæstv. dómsmrh. óskar auðsjáanlega einskis frekar en að komast hjá beinum umr. um þetta mál. Og þess vegna slær hann út í allt aðra sálma og reynir að ræða um allt annað en það, sem hér liggur raunverulega fyrir, sem er skýrsla ríkisstj. um efnahagsbandalagsmálið.

Hvers vegna er það, sem hæstv. dómsmrh. hefur valið þessa starfsaðferð? Er það vegna þess, að hann telur sig hafa traustan og góðan málstað til að sækja og verja? Væri það líkt þessum hæstv. ráðh., ef hann teldi málstað sinn góðan, eins glöggur og skýr og hann getur verið í málflutningi, að hann sneri sér þá ekki að málinu sjálfu og ræddi það fyrst og fremst, drægi fram það, sem hann áliti mestu skipta í því sambandi, en færi ekki að ræða um allt önnur atriði og óviðkomandi mál, eins og hann reyndi svo mjög til í ræðu sinni hér áðan. Ég held einmitt, að þessi starfsaðferð hæstv. dómsmrh. sýni, að hann lifir nú í þeim hugarheimi, að hann áliti sína aðstöðu og síns flokks ekki trausta hvað þetta mál snertir, og þess vegna vilji hann komast hjá viðræðum um það.

Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út sem það væri lítill sem enginn ágreiningur í þessu máli, það væri ekki til neinn ágreiningur í málinu. Og því til sönnunar var hann að vitna í ummæli, sem hann hafði haft á landsfundi Sjálfstfl. haustið 1961. En hæstv. ráðh. gleymdi að rifja það upp, sem hafði gerzt, áður en þessi landsfundur var haldinn. Hann gleymdi að rifja það upp, að í júlímánuði og ágústmánuði 1961 var rekinn mjög ákafur áróður í Morgunblaðinu fyrir því, að Ísland sækti sem allra fyrst um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Og þessum áróðri var haldið látlaust áfram þangað til í sept. 1961, er tveir ráðh. fóru til Bonn og ræddu við ríkisstj. þar og fengu þar þær upplýsingar, að það þýddi ekki fyrir Ísland að sækja um fulla aðild á þessu stigi. Það var eftir að það var upplýst, sem ráðh. hélt sína ræðu á landsfundi Sjálfstfl., í okt. 1961, og talaði eins og hann gerði þar. Það var vegna þess, að ríkisstj. var búin að fá hjá Efnahagsbandalaginu sjálfu hryggbrot við þeirri beiðni, sem hún ætlaði að leggja fram. Henni var sagt, að það væri ekki tímabært að leggja þessa beiðni strax fram, og þar af leiðandi talaði ráðh. á landsfundinum 1961 eins og raun ber vitni um. En ef hann vill segja alla söguna sanna í þessu máli, þá á hann að byrja á forsögunni, byrja á Morgunblaðsgreinunum sumarið 1961, sem sýna, að þá var það stefna Sjálfstfl. að komast í bandalagið sem fullgildur aðili. Ég hef lesið upp úr þessum greinum Morgunblaðsins áður á þingfundi og sé ekki ástæðu til þess að gera það aftur, en þær skera alveg ótvírætt úr um það, að á þessum tíma var það stefna Sjálfstfl., að Ísland gerðist fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu.

Og þegar ráðh. er nú að tala um, að það hafi ekki verið neinn ágreiningur í þessu máli, þá veit maður, að hann fer þar með fullkomlega rangt mál, að hann er að reyna að flækja og gera þetta mál óskýrt, því að eins og kemur greinilega fram í skýrslu hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir til umr., þá er um tvær leiðir að velja í þessu máli, um tvær leiðir að velja til samninga við Efnahagsbandalagið. Önnur leiðin er tolla- og viðskiptasamningsleiðin, og hin leiðin er aukaaðildarleiðin, og eins og greinilega kemur fram í skýrslu hæstv. ríkisstj., þá er mjög mikill munur á þessum tveimur leiðum, stórkostlegur munur á þessum tveimur leiðum, og það er um það, sem ágreiningurinn stendur. En eitt það undarlegasta, sem gerzt hefur hér á þingi, er það, að eftir að ríkisstj. er búin að leggja fram skýrslu, þar sem tekið er skýrt fram, að það sé reginmunur á þessum tveimur leiðum, tolla- og viðskiptasamningsleiðinni og aukaaðildarleiðinni, og viðskmrh. er búinn að staðfesta það, bæði með því að lesa þessa skýrslu ríkisstj. upp hér í þinginu og láta prenta hana, þá kemur hæstv. dómsmrh. upp á eftir og segir eiginlega, að það sé allt saman tóm vitleysa, sem segir í þessari skýrslu ríkisstj., því að í raun og veru geti þessar leiðir kannske verið eitt og hið sama, alveg þvert ofan í það, sem segir í skýrslu ríkisstj. Ég held, að slík vinnubrögð eins og þessi hafi aldrei áður tíðkazt hér á þingi, að þegar ríkisstj. er búin að gefa skýrslu, sem virðist að mörgu leyti vera heiðarlega gerð, eins og skýrsla hæstv. viðskmrh., þá

kemur hæstv. dómsmrh. upp á eftir og segir í raun og veru, að það sé fals eitt, sem standi í þessari skýrslu, þetta sé alls ekki rétt, sá greinarmunur, sem þar er gerður á tolla- og viðskiptasamningsleið og aukaaðildarleið. Þetta eru alveg fáheyrð vinnubrögð, og það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að hæstv. dómsmrh. lifi í eitthvað skrýtnum hugarheimi, þegar hann þarf að grípa til vinnubragða eins og þessara.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um það, — og það gerði reyndar viðskmrh. einnig, að hér ætti ekki að vera að gefa ótímabærar yfirlýsingar. Hvað er það, sem þessir hæstv. ráðh. eiga við, þegar þeir eru að tala um ótímabærar yfirlýsingar, — um ótímabærar yfirlýsingar, sem framsóknarmenn séu alltaf að gefa. Þessar ótímabæru yfirlýsingar, sem framsóknarmenn eru að gefa, eru þær, að þeir hafna aukaaðildarleiðinni, vegna þess að í henni felst, að það þarf að semja um atvinnuréttindi útlendinga hér á landi, það þarf að semja um frjálsan flutning á erlendu fjármagni hingað til lands, það þarf að semja um vinnuréttindi útlendinga hér á landi. Það eru þessir samningar, sem framsóknarmenn vilja ekki, og það eru þessar yfirlýsingar, sem þeir eru að gefa. Og þetta eru yfirlýsingar, sem hæstv. ríkisstj., bæði hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskmrh., er alltaf að tala um að séu ótímabærar. En þessar yfirlýsingar eru ekki ótímabærar. Þær eru sjálfsagðar og nauðsynlegar. Og þær eru alveg sjálfsagðar og nauðsynlegar vegna þeirrar afstöðu, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið í þessu máli og augljóslega hefur komið fram í þeim umr., sem hér hafa farið fram.

Hæstv. ríkisstj. hefur verið að reyna að segja það, að hún sé ekki búin að ákveða, hvaða leið eigi að fara í þessu máli. Eins og bent var á af hv. 2. þm. Vestf., er ríkisstj. búin að velja leið, þó að hún segi að vísu að nafni til, að leiðirnar séu tvær. Allur blærinn á þessum umr. hefur sýnt það, svo að ekki er um að villast, að leiðin, sem hæstv. ríkisstj. vill fara og ætlar að fara, þegar þar að kemur, er aukaaðildarleiðin. Það er alveg tilgangslaust með einhverri ræðu, eins og hæstv. dómsmrh. hélt hér áðan, að ætla að reyna að breiða yfir þetta með því að fara að tala um allt önnur mál, reyna að flækja þetta mál. Umr. hafa leitt það eins glöggt í ljós og verða má, að ríkisstj. er búin að velja leiðina. Þó að hún telji tvær leiðir opnar, þá er hún búin að taka alveg ákveðna afstöðu um það, hvaða leið hún ætlar sér að velja, þegar þar að kemur, ef hún hefur þá aðstöðu til þess að fara þá leið.

Hæstv. dómsmrh. vildi gera mikið úr því, að það hefðu orðið stórfelldar breytingar á aðstöðunni í heiminum vegna þess, að samningunum í Brüssel hafi verið hætt að sinni um aðild Breta að Efnahagsbandalaginu, og hann vitnaði því til sönnunar í grein eftir einhvern danskan stjórnmálamann. Hann gæti miklu frekar vitnað í það, að danska ríkisstj. hefur lýst því yfir í danska þinginu með samþykki allra stjórnmálaflokkanna nema kannske Sósfl. þar, að hún ætlaði sér ekki að kalla aftur umsókn sína um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Hún ætlaði að láta hana standa óbreytta, vegna þess að það væri álit hennar, að þessir samningar um fulla aðild Breta og annarra ríkja yrðu teknir upp mjög bráðlega aftur. Þetta er sú afstaða, sem danska ríkisstj. hefur í þessu máli, að hún ætli sér ekki að taka aftur umsókn sína um fulla aðild að Efnahagsbandalaginu, vegna þess að hún áliti, að umr. um þessi mál verði teknar upp mjög fljótlega aftur. Og þetta er sú afstaða, sem allar þær ríkisstj. hafa, sem hafa sótt um aukaaðild eða fulla aðild að Efnahagsbandalaginu. Þær hafa ákveðið að draga þessar umsóknir ekki til baka, vegna þess að það er þeirra skoðun, að þessar umr. verði teknar upp mjög fljótlega aftur. Þeir menn, sem eiga sæti í stjórnarnefnd Efnahagsbandalagsins, eins og t. d. Hallstein og Mansholt og fleiri slíkir, hafa lýst því hiklaust yfir sem sinni skoðun, að sá tími muni að líkindum koma fyrr en varir, að aftur verði teknir upp samningar milli Efnahagsbandalagsins og Breta um aðild Breta að Efnahagsbandalaginu. Hið sama hafa stjórnir Vestur-Þýzkalands, Ítalíu og Benelúxlandanna gert, allar talið það eðlilegt og sjálfsagt, að innan nokkurs tíma mundu aftur hefjast viðræður um þessi mál. Og meira að segja franska stjórnin hefur gætt þess í öllum þeim yfirlýsingum, sem hún hefur gefið um þessi mál, að útiloka það ekki, að Bretar kynnu að geta orðið aðilar að Efnahagsbandalaginu síðar. Franska stjórnin hefur aldrei sagt meira en það, að á þessu stigi teldi hún, að Bretar vildu ekki ganga að þeim skilyrðum, sem nauðsynlegt væri, til þess að þeir gætu orðið fullgildir aðilar að Efnahagsbandalaginu. En hvað eftir annað hafa franskir ráðh. látið liggja orð að því, seinast fyrir nokkrum dögum sjálfur franski forsrh., að hann teldi það meira en líklegt, að innan einhvers tíma mundu Bretar gerast aðili að Efnahagsbandalaginu og ganga að þeim ákvæðum Rómarsamningsins, sem hefur verið deilt um.

Þess vegna er það rangt á þessu stigi að ályktа þannig af þeim atburðum, sem nýlega gerðust í Brüssel, að þessi mál séu endanlega úr sögunni og ekki muni fleiri ríki gerast aðilar eða aukaaðilar að Efnahagsbandalaginu heldur en nú á sér stað. Það er líka staðreynd, að Efnahagsbandalagið er til og það verður til, a. m. k. í því formi, sem er núna, og að öllum líkindum í því formi, að það verði miklu stærra og þátttökuríkin miklu fleiri en þau eru nú. Þess vegna er það algerlega rangt, sem hæstv. dómsmrh. gerir, þegar hann kemur hér fram og fullyrðir, að staðan í þessum málum sé algerlega breytt, og viðhefur meira að segja orð eins og hann gerði hér í ræðu sinni áðan, að þessi atburður hefði vikið frá okkur vandanum að taka ákvörðun í þessu máli. Ég er alveg hissa, að jafngreindur maður og ábyrgur maður og ég álít að hæstv. dómsmrh. sé þó,

skuli gefa slíka yfirlýsingu eins og þessa, að hann álíti, að það sé búið að víkja frá okkur þeim vanda að þurfa að taka ákvörðun í þessu máli. Hæstv. dómsmrh. veit áreiðanlega vel, að þetta er rangt. Þessi yfirlýsing hans er röng. Það er ekki búið að víkja þessum vanda frá okkur. Það getur verið, að hann frestist eitthvað, í nokkra mánuði eða nokkur missiri, en hann er ekki víkinn frá okkur, og við munum standa frammi fyrir honum og það sennilega fyrr en síðar. Þess vegna er það meira en furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli vera að gefa slíka yfirlýsingu sem þessa. Og hvers vegna er hæstv. ráðh. að gefa svona yfirlýsingu? Það er eingöngu vegna þess, að hann álítur sína aðstöðu og síns flokks þannig í þessu máli, að hann vill víkja því frá íslenzkum kjósendum fram yfir næstu þingkosningar. Hann vill komast hjá því að þurfa að taka ákveðna afstöðu til málsins fyrir þann tíma, og hann vill komast hjá því, að kjósendur taki ákveðna afstöðu til þessa máls í næstu þingkosningum. Þess vegna er það, sem hæstv. ráðh. fer út á þá hálu braut að gefa aðra eins yfirlýsingu og þá, að það sé búið að víkja þeim vanda frá Íslendingum að þurfa að taka afstöðu til þessa máls. Það er líka af sömu ástæðu, sem hæstv. ráðh. var alltaf að tala um það í sinni ræðu, að við ættum að forðast þessar ótímabæru yfirlýsingar í þessu máli, við ættum að forðast yfirlýsingar um það, að við vildum ekki semja um aukin atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi, að við vildum ekki frjálsa flutninga á erlendu fjármagni til Íslands og vildum ekki aukin atvinnuréttindi fyrir útlendinga á Íslandi. Það eru þessar yfirlýsingar, sem hæstv. ráðh. vill komast hjá að séu gefnar fyrir kosningar og hann þurfi að taka afstöðu til þeirra í kosningabaráttunni, — og líka til þess, að hann og hans flokkur eða flokkar geti haft óbundnar hendur eftir kosningar til þess að gera slíka samninga, vegna þess að hæstv. ráðh. veit, að það er ekki búið að taka þann vanda frá okkur að velja þarna á milli, þó að hann reyni nú að halda því fram og ætli sennilega að reyna að gera það fram yfir kosningar.

En það verður annað upp á teningnum, það munu menn fá að sjá eftir kosningarnar. Þá á ekki ósvipuð saga eftir að gerast og í landhelgismálinu forðum, þegar gefnar voru yfirlýsingar fyrir kosningarnar, að nú skyldu stjórnarflokkarnir standa eindregið að 12 mílunum og hvergi víkja að kosningum loknum í því máli. En hver var reyndin? Reyndin var sú, að fljótlega eftir kosningar var byrjað á leynisamningum við Breta um þessi mál og að lokum samið þannig, að þeim var ekki aðeins veitt undanþága til þriggja ára innan fiskveiðilandhelginnar, heldur var líka gengið þannig frá málum, að Bretar telja það öruggt, að Íslendingar geti ekki fært sína fiskveiðilandhelgi frekar út, a. m. k. ekki næstu 25 árin. Það var þrátt fyrir þessar miklu og hátíðlegu yfirlýsingar fyrir kosningarnar 1959 gerður á eftir efni undanhaldssamningurinn, sem Íslendingar hafa gert í sjálfstæðismálunum, síðan þeir endurheimtu frelsið 1918. Og sú saga er ekki heldur búin enn. Það sjá menn á því, sem nú er að gerast í samningum Dana og Færeyinga og Breta varðandi landhelgismálið færeyska. Sá samningur, sem Danir gerðu á sínum tíma við Færeyinga, ætti nú að falla úr gildi og Færeyingar þess vegna að hafa fullan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi á þessu vori. En danska stjórnin vill ekki leyfa þeim að færa landhelgina þannig út. Og hún segir við Færeyinga: Þið skuluð bíða til — ég má segja til 14. marz 1964, ég held, að það sé dagsetningin, ég man það ekki nákvæmlega, það er eitthvað um það leyti, — þið skuluð bíða til þessa tíma eða þangað til undanþágur Breta til veiða innan íslenzku fiskveiðilandhelginnar eiga að falla úr gildi á næsta ári. Hvers vegna er það, sem danska ríkisstj. vill láta Færeyinga bíða þangað til og láta undanþágurnar við Færeyjar haldast þangað til undanþágurnar við Ísland eiga að falla úr gildi? Getur það ekki stafað af því, að Bretar ætli sér að fara á flot um það við Íslendinga að fá undanþágurnar framlengdar og telji það skapa sér betri samningsaðstöðu, ef undanþágurnar verða ekki fallnar úr gildi við Færeyjar áður, og það sé með tilliti til þess, sem þeir vilji fá undanþágurnar við Færeyjar framlengdar frá því nú í vor og þangað til undanþágurnar eiga að falla úr gildi við Ísland? Það væri ekki óeðlileg ályktun af því, sem áður hefur gerzt í þessum málum, þó að það lægi hér á bak við, að Bretar vildu fá dönsku stjórnina til þess að framlengja undanþágurnar við Færeyjar með tilliti til þess, að það gerði þeim auðveldara að taka upp samninga við Íslendinga eftir næstu kosningar um það að fá undanþágurnar hér framlengdar. En að sjálfsögðu væri miklu verri aðstaða til þess fyrir Breta, ef það væri áður gengið í gildi, að undanþágurnar, sem þeir hefðu við Færeyjar, væru fallnar niður.

Þetta er vissulega mál, sem er full ástæða til þess að fylgjast vel með, það, sem gerist í samningum Færeyinga og Dana annars vegar og Breta hins vegar í þessu máli, og hvernig það verður samantvinnað við það, hvenær brezku undanþágurnar eiga að falla úr gildi hér við land. En þetta var innskot, sem að vísu snertir ekki beinlínis þetta mál, sem hér er til umr., en má þó segja að sé í nokkrum tengslum við það.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að ég hefði verið að gefa yfirlýsingu um, að það væri óhjákvæmilegt að tengjast Efnahagsbandalaginu með tolla- og viðskiptasamningi. Ég mun ekki hafa notað það orð að tengjast, en hins vegar get ég endurtekið þá skoðun mína, að ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt af Íslendingum á sínum tíma eða þegar þar að kemur að sækja eftir tolla- og viðskiptasamningi við þetta bandalag, alveg eins og við sækjumst eftir slíkum viðskiptasamningum við fjöldamörg lönd nú þegar. Við semjum við öll Austur-Evrópulöndin svo að segja árlega og

mörg fleiri lönd. Og hvers vegna ættum við þá að vera neitt á móti því að gera slíkan samning við Efnahagsbandalagið? Hver sem framvindan verður í þessum efnum, þá er nauðsynlegt fyrir okkur að vinna að því að hafa góð samskipti við þessi lönd, eftir því sem við getum, þó að við veitum þeim ekki nein óeðlileg réttindi hér á landi. Við höfum þar nú þegar mikil viðskipti, og við verðum að vinna að því að geta haldið þeim áfram með eðlilegum hætti, og til þess gerum við viðskipta- og tollasamning, og ég er alveg sannfærður um, að það verða ekki neinir sérstakir erfiðleikar fyrir okkur Íslendinga að fá slíka samninga.

Hæstv. viðskmrh. upplýsti einmitt í þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan, að sú aðildarþjóð Efnahagsbandalagsins, sem er talin einna erfiðust í þessum samningum, Frakkar, hefði talið það eðlilega lausn á viðskiptum Efnahagsbandalagsins og Íslands, að gerður yrði tollasamningur á milli Íslands og bandalagsins, en ekki farin aukaaðildarleið. Og ef Frakkar eru nú tilbúnir að fallast á þetta, þá held ég, að við ættum ekki síður að vænta þess, að hin aðildarríkin mundu gera það, sem yfirleitt hafa verið talin okkur vinsamlegri en Frakkar.

Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs í umr. nú í dag til þess að svara ummælum, er hæstv. forsrh. hafði vikið að mér sérstaklega í ræðu, sem hann hélt hér, þegar rætt var um þetta mál á fyrri hluta þingsins. Og ég held, að ég komist ekki hjá því að rifja upp þessi ummæli hæstv. forsrh., þó að hann sé fjarverandi, enda eru þau vafalaust ekki fyrst og fremst töluð í hans nafni, heldur í nafni Sjálfstfl. og hæstv. dómsmrh. Og aðrir þeir, sem hér eru staddir, geta þá svarað fyrir hönd hæstv. forsrh., ef þeir telja það nauðsynlegt. En það, sem hæstv. forsrh. hafði sérstaklega að athuga við þau ummæli, sem ég hafði viðhaft í fyrri ræðu minni hér, var það, sem ég sagði um, að við ættum að stefna að því að gera tolla- og viðskiptasamning við Efnahagsbandalagið. Hæstv. forsrh. fannst þetta hin mesta fjarstæða, sem kom þó mjög undarlega fyrir sjónir, þar sem hann var áður búinn að lýsa því yfir eða ríkisstj., að þetta væri þó önnur af þeim leiðum, sem til greina kæmu til samninga við Efnahagsbandalagið. En þrátt fyrir það, þegar hæstv. forsrh. fór að tala um tolla- og viðskiptasamningsleiðina, þá fann hann henni flest til foráttu, eins og marka má af þeim ummælum hans, sem ég kem nú til með að hafa hér á eftir, með leyfi hæstv. forseta. Forsrh. sagðist hafa kvatt sér hljóðs aftur til þess að svara ræðu minni, svo að notuð séu hans eigin orð, af þeim ástæðum, að sá hugsunarháttur, sem þar er á ferð, geti verið þjóðinni hættulegur. Síðan sagði hæstv. forsrh. orðrétt:

„Það, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson krefst, er, að Íslendingar verði aðnjótandi allra fríðinda Efnahagsbandalagsins, sem þeir þurfa á að halda, án annars endurgjalds en nokkurra tollalækkana á þeim vörum, sem Íslendingar kaupa frá þjóðum Efnahagsbandalagsins.“

Enn fremur fórust hæstv. forsrh. orð um tolla- og viðskiptasamningsleiðina á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„En annars óttast ég, að Íslendingar verði ekki lengi fullgildir í tölu siðaðra menningarþjóða, ef þeir í öllum viðskiptum sínum við þær temja sér það, sem kallað er stundum hér í þingsölunum Framsóknarhugsunarháttur, en hann er sá að krefjast alls af öðrum, en láta helzt ekkert af sínu í staðinn.“

Enn fremur sagði hæstv. forsrh. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessu stafar m. a. sú hætta, að Íslendingar sliti vináttuböndin vegna blindrar kröfuhörku.“

Það, sem ég hafði gert að till. minni, var ekki annað en það, sem ríkisstj. gerði líka ráð fyrir sem annarri leiðinni til samninga við Efnahagsbandalagið, að það væru gerðir gagnkvæmir tolla- og viðskiptasamningar við Efnahagsbandalagið, sem að sjálfsögðu þýða það, að ef við fáum tollalækkun hjá Efnahagsbandalaginu, þá verðum við að láta móti einhverja tollalækkun á vörum frá Efnahagsbandalaginu hér á landi, þannig að hér er um gagnkvæm skipti að ræða. En hæstv. forsrh. finnst ekki nóg, að við látum það gegn tollahlunnindum í Efnahagsbandalagslöndunum að veita þeim tollahlunnindi hér á landi. Nei, nei, honum finnst vera mjög furðulegt, að það skuli vera farið fram á þetta, að við fáum þessi hlunnindi í Efnahagsbandalagslöndunum án annars endurgjalds en einhverra tollalækkana á þeim vörum, sem Íslendingar kaupa frá þjóðum Efnahagsbandalagsins. Hæstv. forsrh. virðist líta svo á, að það sé ekki nóg fyrir okkur að láta gagnkvæmar tollalækkanir á móti, heldur verðum við að láta eitthvað meira í endurgjald. Og hann herðir sig, þegar kemur fram í ræðuna, og segir, að í þessu felist þessi leiði Framsóknarhugsunarháttur, að krefjast alls af öðrum, en láta helzt ekkert af sínu í staðinn, og af þessu stafi sú hætta, að Íslendingar sliti vináttuböndin vegna blindrar kröfuhörku eins og þeirrar, sem ég minntist þarna á, að láta tollafvilnun koma gegn tollafvilnun.

Öll þessi ummæli hæstv. forsrh. eru eiginlega túlkun fyrir Efnahagsbandalagið á þá leið, að það sé alls ekki fullnægjandi fyrir það að fá tollahlunnindi hér á landi á móti þeim tollahlunnindum, sem það kynni að veita, heldur verði það að fá einhver meiri réttindi en tollahlunnindi á Íslandi. Og hæstv. forsrh. finnst það alveg blind kröfuharka, að við skulum ekki láta okkur detta það í hug, að gegn þeim tollahlunnindum, sem við fengjum í Efnahagsbandalagslöndunum, létum við af hendi ekki aðeins tollahlunnindi hér, heldur líka eitthvað meira. Það kemur alveg greinilega fram í þessum ummælum hæstv. forsrh. Og það er líka víst, hvað hæstv. forsrh. er að fara með þessum ummælum sínum. Hann meinar það, að við eigum ekki að fara tolla- og viðskiptasamningsleiðina, við eigum heldur að fara hina leiðina, aukaaðildarleiðina, þ. e. að semja

ekki aðeins um gagnkvæm tolla- og viðskiptahlunnindi, heldur líka um gagnkvæm réttindi til atvinnurekstrar, til fjármagnsflutninga og til atvinnustarfsemi. Það eru þessi réttindi, sem hann er fús til að láta af hendi gegn þeim hlunnindum, sem við fáum gagnvart sölu á vörum í Efnahagsbandalagslöndunum, og honum finnst það bara blind kröfuharka að vera nokkuð að amast við því, að þannig sé samið við Efnahagsbandalagið.

En hæstv. forsrh. var ekki einn um þennan hugsunarhátt. Þetta kom líka fram í ræðu hæstv. viðskmrh., og þetta kom mjög glögglega fram í ræðu hæstv. dómsmrh. Það hefur sem sagt komið mjög ljóslega fram í þessum umr. af hálfu talsmanna stjórnarflokkanna, að þeir eru á móti tolla- og viðskiptasamningsleiðinni, þó að þeir segist vilja halda henni opinni, og að þeirra hugur er allur inni á því, að það verði samið á aukaaðildargrundvelli. Þrátt fyrir það, þó að ríkisstj. sé hér í blekkingarskyni hvað eftir annað að gefa yfirlýsingar um, að hún sé ekki búin að velja á milli þessara tveggja leiða, þá sést það skýrt á þessum ummælum hæstv. forsrh., sem ég hef nú vitnað til, og mörgum öðrum ummælum hæstv. ráðh., að ríkisstj. er búin að velja í þessu máli, hún er búin að velja aukaaðildarleiðina og hún er búin að hafna hinni leiðinni. Og það er alveg víst, hvað sem þessir hæstv. ráðh. segja, að þá koma þessi mál fyrr en síðar til með að standa þannig, að þjóðin hefur um þessar tvær leiðir að velja. Hún hefur að velja um það, hvort hún hneigist heldur að tolla- og viðskiptasamningsleiðinni eða aukaaðildarleiðinni, með þeim búsifjum, sem henni fylgja, þ. e. að semja um atvinnuréttindi útlendinga hér á landi og réttindi erlends fjármagns hér á landi. Það er sú leið, sem hæstv. ríkisstj. vill fara. Og skýringin á þeim skrýtna hugsunargangi hæstv. dómsmrh., sem birtist í ræðu hans hér áðan, fólst einmitt í því, að ríkisstj. vill reyna að leyna þessu fram yfir kosningar, að hún er búin að velja þessa leið. Þess vegna vill hún helzt tala um allt annað, þegar þetta mál ber á góma, eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., eða hún reynir að flækja málið og blekkja sem mest, svo að menn sjái ekki aðalatriði þess, til að koma í veg fyrir það, að menn geri sér hreina mynd af málinu fyrir næstu kosningar og taki ákveðna afstöðu til þess þá. En hæstv. ríkisstj. mun ekki takast þetta. Þrátt fyrir það, þó að talsmenn hennar haldi margar slíkar ræður eins og hæstv. dómsmrh. flutti hér áðan, og þrátt fyrir það, þó að slíkum áróðri verði haldið uppi í blöðum stjórnarflokkanna, þá er hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. búnir að segja svo mikið í þessu máli, að þjóðinni getur ekki dulizt, hver þeirra stefna raunverulega er, að hverju þeir munu stefna eftir næstu kosningar, ef þeir koma til með að hafa þá meiri hl. hér á Alþingi og fara með ríkisstj. Hafa þessar umr. verið hinar gagnlegustu, vegna þess að þær hafa leitt í ljós svo skýrt, að um það verður ekki lengur villzt, að það eru tvær stefnur í þessu máli. Önnur er sú stefna, sem Framsfl. beitir sér fyrir, lausn á grundvelli tolla- og viðskiptasamnings, og hin er leiðin, sem ríkisstj. hefur valið, þó að hún sé að reyna að neita því í öðru orðinu. Það er aukaaðildarleiðin ásamt samningum um atvinnuréttindi og fjárhagsleg réttindi útlendingum til handa hér á landi. Þess vegna álít ég það, þó að þessar umr. verði ekki miklu lengri nú að sinni, að þá hafi þær orðið mjög til bóta, vegna þess að þjóðinni á að vera það ljóst eftir þær, hvar stjórnmálaflokkarnir standa í þessu máli og um hvaða leiðir er að velja, og þess vegna, hvaða ákvörðun þeir eiga að taka, þegar þeir fella sinn dóm um þetta mál í næstu kosningum.

Umr. frestað.

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 27. marz og 3. apríl, var skýrslan tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á síðari fundinum mælti

Eysteinn Jónsson: Ég vildi leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann taki nú fyrir á þessum fundi og láti ræða skýrslu ríkisstjórnarinnar um Efnahagsbandalagið. Þessi skýrsla hefur oft verið á dagskrá, en ekki verið tekin fyrir nema sárasjaldan. Það munu vera nærri því fimm mánuðir, síðan skýrslan var upphaflega flutt og tekin til umr., og sumir af þeim, sem kvöddu sér hljóðs í nóvembermánuði, hafa ekki enn fengið að komast að til að flytja mál sitt. Og á þeim 64 dögum, sem liðnir eru, síðan hv. Alþingi kom saman aftur eftir jólaleyfið, hefur till. aðeins einu sinni verið tekin fyrir.

Ég vildi beina þessum tilmælum til hv. forseta, að hann taki nú till. fyrir á þessum fundi, þegar hann hefur lokið fsp., og láti síðan halda umræðunum áfram um þetta mál, þangað til þessu er lokið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Út af tilmælum hv. 1. þm. Austf. (EystJ) finnst mér tímabært, að ósk komi fram frá öðrum þm., sem eiga hér mál, sem ekki hafa verið enn tekin til umr. í hv. Sþ., en hafa oft verið á dagskrá og það jafnvel svo að vikum skiptir. Það mál, sem hv. þm. fór fram á að yrði tekið nú fyrir og rætt, hefur verið rætt hér í Sþ. Umr. um þetta mál hafa einnig komið inn í umr. um mörg önnur mál, sem eru á dagskrá deilda þingsins. En eins og ég hef þegar sagt, eru nú mál á dagskránni, sem hafa ekki verið rædd enn þá, tímabær mál að dómi flm. a. m. k., og ég vil því beina þeim tilmælum til forseta, að það verði reynt að ganga eitthvað á þann langa lista, sem liggur hér fyrir á dagskrá Sþ.

Forseti (FS): Út af tilmælum hv. 1. þm. Austf. um að taka fyrir á þessum fundi skýrslu ríkisstj. um Efnahagsbandalagið vil ég benda á það, að málið hefur verið rætt á sex fundum í Sþ. Á fimm þessara funda hefur svo að segja allur fundartíminn verið notaður til umr. um

málið og á hinum sjötta röskur helmingur fundartímans. 16 ræður hafa verið fluttar um málið, flestar langar, þar af 8 ræður af hálfu ríkisstj. og 8 af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hv. 1. þm. Austf. hefur flutt tvær ræður allangar um málið og þannig notað til fulls rétt sinn skv. þingsköpun til umr. um málið. og hefur hann því persónulega ekki undan neinu að kvarta í því efni.

Hins vegar er það rétt, að enn eru nokkrir á mælendaskrá, sem hafa ekki náð að flytja sitt mál. En í því sambandi vil ég einnig benda á það, að dagskrá sú, sem hv. þm. hafa nú fyrir framan sig, er æðilöng, og þar eru mörg mál, sem hafa ekki enn verið rædd, og flytjendur þeirra hafa áhuga á að koma þeim að ekki síður en hv. 1. þm. Austf. hefur áhuga á framhaldsumr. um efnahagsbandalagsmálið. En ef hv. þm. væri einhver hugarléttir að því, þá vil ég geta þess, að það er ætlun mín að hafa fund í dag umfram hinn venjulega fundartíma, milli kl. 5 og 7, og ef ekki vinnst þá tími til þess að ræða skýrslu ríkisstj. um Efnahagsbandalagið, er að sjálfsögðu rétt að athuga um kvöldfund nú á næstunni, til þess að hægt sé að taka það til umr.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var skýrslan tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., s. d., var enn fram haldið umr. um skýrsluna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú orðið alllangt síðan ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli, það eru víst einir 3 mánuðir, og ýmislegt hefur gerzt síðan það var. Ég held, að engu að síður verði ég að taka upp þráðinn, þar sem hætt var þá, þó að ýmsar breytingar hafi orðið.

Ég er á því, að sú mikla hætta, sem var yfirvofandi fyrir nokkrum mánuðum, þegar við ræddum þetta mál, sé ekki yfirvofandi nú, en hún getur orðið það aftur eftir kannske eitt eða tvö ár. Og það er engum efa bundið, að það er unnið að því af sterkum kröftum að reyna að fá England inn í Efnahagsbandalagið, og þá mundi hættan viðvíkjandi Danmörku og Noregi rísa upp á ný. Og alveg sérstaklega verður þessi hætta gífurleg í sambandi við 1966, því að fram að þeim tíma reyna bæði bandalögin, Fríverzlunarbandalagið og Efnahagsbandalagið, að samræma nokkuð sínar tollalækkanir, þannig að það verði ekkert í veginum fyrir því, ef pólitískar forsendur ekki hindra, að þau gætu þá sameinazt. Ég held hins vegar, að það, sem er alveg sérstaklega nauðsynlegt að við gerum okkur ljóst í þessu sambandi, sé, að við erum að ræða hér um að fara inn í þá auðhringasamsteypu Vestur-Evrópu, sem Efnahagsbandalagið fyrst og fremst er, og það er það, sem þarf fyrst og fremst að hafa í huga, en ekki bara almenna ríkjasamsteypu, sem þarna er verið að ræða um. Ég hafði hins vegar ekki hugsað mér að gera þeim málum sérstaklega skil hér. Það hafa aðrir af félögum mínum í þingflokknum áður gert og það mjög rækilega. En það var eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega taka af því, sem fram kom í skýrslu hæstv. viðskmrh. og hefur ekki verið tekið fram að þessu. Og það er sá hlutur, þar sem hann ræddi sérstaklega um menningartengslin, sem við hefðum við Vestur-Evrópu, og vegna vestrænnar menningar væri okkur brýn nauðsyn á að fara inn í þetta Efnahagsbandalag. Hæstv. viðskmrh. hafði um það eftirfarandi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar eru hluti af Vestur-Evrópu, og þar er ekki aðeins stærsta viðskiptasvæði þeirra, heldur er menning Íslendinga fyrst og fremst grein af vestur-evrópskri menningu. Íslendingar hafa komið á í ríki sínu þjóðfélagsháttum, sem eru grundvallaðir á sömu hugsjónum um lýðfrelsi og mannhelgi, sem mótað hafa iðnaðarríki Vesturlanda."

Og síðan segir svo: „Allt bendir þetta til þess, hve rík hagsmuni Íslendingar hafa af því, að sú mikilvæga þróun, sem nú á sér stað í viðskiptamálum V.-Evrópu, verði ekki til að losa um tengsl þeirra og ríkjanna, sem eru miðdepill þessarar þróunar, ekki aðeins vegna þess að viðskiptahagsmunir séu í hættu í bráð, heldur vegna hins, að þegar til lengdar lætur er um að tefla allsherjartengsl okkar, menningarsamband okkar og stjórnmálasamband við þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar, búa við líkast þjóðfélag því, sem hér er, og við höfum öldum saman haft mest saman við að sælda."

Það er þessi yfirlýsing hæstv. ráðh., sem myndar svo að segja grundvöllinn að hans röksemdafærslu um, að það sé ekki aðeins hættulegt fyrir viðskipti og þar með hagsmuni Íslendinga, heldur sé það beinlínis hættulegt fyrir okkar menningu að slíta þessi tengsl með því að gera ekki það, sem við getum, til þess að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu. Ég vildi þess vegna gera að umtalsefni okkar viðskipti menningarlega séð við þessi lönd Vestur-Evrópu. Það, sem hefur einmitt einkennt íslenzka menningu, er, að við höfum aldrei verið hluti af þessu menningarsvæði. Við höfum alltaf verið sjálfstæðir gagnvart þessu menningarsvæði. Við höfum þegið af því, og við höfum líka staðið gegn því. Strax í fornöld, eins og við köllum það, á miðöldunum sýnum við okkur í því, að okkar menning stendur hærra en menningin þá í þessum Vestur-Evrópulöndum. Við höfum jafnvel hugmynd um gerð heimsins, sem er ólík þeim, sem ríktu í hinum kaþólska hluta Vestur-Evrópu þá. Okkar stjarnfræðingar hér á Íslandi hafa vitað, að jörðin er hnöttótt, á 11. og 12. öld, þegar kaþólsk kirkja í Vestur-Evrópu trúir því, að hún sé flöt eins og pönnukaka. Og okkar tengsl við þann arabíska heim á þeim tíma, suður á Spán og austur eftir til Garðaríkis, eru ákaflega sterk, á sama tíma og Vestur-Evrópa stendur að baki, Vestur-Evrópa er ríki lítilla þorpa samanborið við stórborgir og hámenningu þess þáverandi Arababandalags. Við Íslendingar höfum reynt í allri þeirri menn-

ingu, sem hefur einkennt okkur bezt, að vera óháðir Vestur-Evrópu og hennar menningarstraumum, en taka frá henni allt það, sem nýtilegast var. Þegar lénsskipulagið, aðalsskipulagið hefur rutt sér til rúms í Evrópu, þá viðhöldum við sjálfstæðu bændaþjóðfélagi, sem aðeins örfáum smáættflokkum í Evrópu heppnaðist að gera. Við stöndum upp á móti því þjóðfélagi, sem þá ryður sér til rúms um alla Mið- og Vestur-Evrópu og Austur-Evrópu þá líka á eftir. Þegar þessi yfirstétt Vestur-Evrópu skapar sér nýtt mat, sem líka brýzt fram í hennar bókmenntum, þar sem ýmist furstar og aðalsmenn eða dýrlingar eru aðalhetjurnar, þá sköpum við bókmenntir, þar sem bændur eru hetjurnar. Við varðveitum manngildishugmyndina, þegar þessar yfirstéttir Evrópu hafa dýrkað hefðina og þessar voldugu yfirstéttir. Þegar latínan verður mál yfirstéttanna í Evrópu, þá stöndum við uppi og höldum við okkar tungu. Við reynum að dragast ekki með í þá þróun, sem þá átti sér stað í Evrópu, og sköpuðum þá einmitt þær sérstæðu bókmenntir, sem við sköpuðum. Þegar þýzka menningin ryður sér til rúms á Norðurlöndum og fer í krafti aðalsveldisins að eyða tungu Norðurlanda og breyta henni í hálfþýzkar málýzkur að meira eða minna leyti, þá stöndum við uppi gegn allri þessari menningarþróun. Svo erfitt sem það var, þá hjálpaði einangrunin okkur. Við höldum öllum tengslunum við okkar þjóðlíf og tekst þannig að varðveita íslenzkt þjóðerni. Nú eru þessar hættur á menningarsviðinu fyrst og fremst tengdar engilsaxneskum áhrifum á Íslandi, enda engin tilviljun, að um leið og England fer að hreyfa sig í sambandi við að fara inn í Efnahagsbandalagið, þá er hæstv. ríkisstj. hér á Íslandi stokkin til og vill fá að hlaupa á eftir. Við Íslendingar höfum þess vegna reynt alla okkar sögu út í gegn að standa sjálfstæðir gagnvart þessu menningarsviði í Vestur-Evrópu, taka aðeins það af því, sem tæknilega séð mátti okkur að gagni verða, en reyna að hindra, að það, sem sérstaklega sérkenndi yfirstéttamenningu Vestur-Evrópu, yrði drottnandi hér á Íslandi líka. Við skulum þess vegna ekki, þegar við rekjum okkar sögu, gera þetta að svona miklu úrslitaatriði eins og hæstv. ráðh. hætti við, vegna þess að það þýddi að gera of lítið úr þeim sjálfstæða þætti Íslendinga sjálfra í því að skapa sína menningu, og sá sjálfstæði þáttur þarf að geta verið til áfram hjá okkur núna, þannig að það, sem gildir fyrir okkur, er að vera á verði gagnvart þessari hættu, en ekki að gera sem mest úr, að við séum ekki neitt, svo framarlega sem við séum einangraðir frá henni.

Ég skal ekki fara að rekja hér það slæma í menningu Vestur-Evrópu, sem við höfum fengið að kenna á. Ég ætla ekki að fara að rekja imperíalismann og hans sögu síðustu áratugina eða þá kúgun, sem lýðræðisríki Vestur-Evrópu, sem nú eru, hafa beitt aðrar þjóðir heims, í Afríku, Suður-Ameríku, Asíu. Ég ætla ekki að fara að rekja þrælasöluna né neinar af þeim svívirðingum og hörmungum, sem þjóðir Vestur-Evrópu hafa leitt yfir heiminn í kringum sig. Við höfum stundum fengið að kenna á slíku, en til allrar hamingju höfum við aldrei verið þátttakendur í því. En ég skal hins vegar minnast á nokkra þá hluti, sem við höfum fengið frá Vestur-Evrópu og eru ákaflega þýðingarmiklir fyrir okkur, og ég skal nefna sérstaklega þrennt og athuga í sambandi við það, hvernig horfir með Efnahagsbandalag Evrópu. Við skulum taka í fyrsta lagi þingræðið, hvernig er með sjálfa þingræðishugmyndina og framkvæmd hennar, sem við höfum ótvírætt, eins og þingið var hér, þegar það var endurreist og breytt frá því, sem verið hafði, fengið frá Bretlandi og öðrum þingræðislöndum Evrópu og höfum þar fengið ákaflega þýðingarmikið skipulag. Hvernig háttar um það í Efnahagsbandalagi Evrópu? Efnahagsbandalag Evrópu er bókstaflega myndað til þess að brjóta á bak aftur þingræði Vestur-Evrópuþjóðanna. Bretum var það sjálfum ljóst, þegar þeir sóttu um inngöngu, að þeirra gamla þing var verið að lækka í tign og valdi, um leið og Bretar gengju að þeim skilmálum, sem þeim hingað til hafa staðið til boða, inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Öll þingin í Þýzkalandi, Frakklandi, Belgíu og annars staðar, sem gerzt hafa þátttakendur í Efnahagsbandalagi Evrópu, hafa afsalað svo og svo miklu af sínu þingræði og þar með eyðilagt svo og svo mikið af sínu sjálfstæði. Þegar belgíska þingið samþykkir að halda áfram að reka vissar kolanámur, þá eru þau lög belgíska þingsins ómerk og eru eyðilögð á eftir, vegna þess að þau rekast á ákvarðanir kola- og stálhringsins, sem eru æðri en það, sem þingið ákveður. M. ö. o.: það er búið á vissum sviðum að afnema þingræðið í þessum löndum og búa til stofnanir, sem eru æðri en það. Það er verið af því auðhringavaldi, sem verið er að byggja upp, að brjóta niður þingræði Vestur-Evrópu, einmitt í þeim löndum, sem upphaflega höfðu skapað það, barizt fyrir því í sínum byltingum og mótað það og gefið þjóðum eins og okkur það. Það er þess vegna ekki ástæða vegna þeirrar þingræðishugsjónar og þingræðisskipulags, sem Vestur-Evrópa hefur gefið okkur, að fara inn í Efnahagsbandalagið. Efnhagsbandalagið er andvígt, er fjandsamlegt þeirri hugsjón.

Þá skulum við taka mannréttindahugsjónir frönsku byltingarinnar og þær þjóðfrelsiskenningar, sem hún efldi og sumpart skóp um alla Evrópu. Einmitt í sambandi við ameríska og frönsku byltinguna í lok 18. aldar er hrundið af stað öllum þeim þjóðfrelsisbyltingum og þeim borgaralegu byltingum, sem fram fara í veröldinni á 19. öldinni og enn þá halda áfram, þótt undir öðru formi sé. Við byggðum okkar höfuðkröfur á þessum byltingum, þó að við styddum þær formlega með Gamla sáttmála, og þessar byltingar, þegar þær voru framkvæmdar úti í Evrópu, gáfu okkar frelsisbaráttu alltaf byr undir báða vængi. Hvernig stendur Efnahagsbandalag Evrópu gagnvart

þjóðfrelsishugsjóninni, sjálfstæðisbaráttunni, þæði okkar og annarra? Efnahagsbandalag Evrópu er fjandsamlegt, er andvígt þessari þjóðfrelsishugsjón. Efnahagsbandalag Evrópu er skapað til þess að brjóta á bak aftur þjóðfrelsishugsjónir 18. og 19. aldarinnar og brjóta undir járnhæl fámennrar auðmannaklíku þjóðfrelsishugsjónir þessara landa, sem fyrir einni öld og jafnvel tveim öldum sumar höfðu risið upp og skapað sér þjóðfrelsi, þannig að hvað snertir mannréttindahugsjónir og þjóðfrelsiskenningarnar, sem við hlutum svo mikinn stuðning af í okkar sjálfstæðisbaráttu hér heima, þá er Efnahagsbandalag Evrópu fjandsamlegt þeim, svo að vegna þeirra mikilvægu erfða, sem þær eru fyrir okkur, bæri okkur ekki að reyna að sameinast Efnahagsbandalaginu. Efnahagsbandalagið miðar í fyrsta lagi að því að eyðileggja þjóðernislegt sjálfstæði og jafnvel að eyðileggja sjálft þjóðernið, því að það, sem er að gerast með Efnahagsbandalaginu, og svo framarlega sem því tekst að halda því áfram, er að hræra þessar þjóðir saman. Þjóðflutningarnir frá Ítalíu til Ruhr eru gott dæmi um það, þegar 300—400 þús. ítalskir verkamenn eru fluttir til Ruhr, og það er alveg greinilegt, að það, sem vakir fyrir auðjöfrunum, sem þarna standa að, er ein allsherjarsamsteypa þessara þjóða, ekki alveg ólíkt því kannske, sem átt hefur sér stað í Bandaríkjunum, og ég held það sé síður en svo til fyrirmyndar menningarlega séð. Það eru svo ótrúleg mannleg verðmæti, sem eru eyðilögð með því, að þjóðerninu er þannig kippt burt.

Í öðru lagi setur Efnahagsbandalagið peningavald auðfurstanna ofar öllu mannngildi. Það eina, sem mark er tekið á í Efnahagsbandalaginu, eru hagsmunirnir, peningagildið, peningaáhrifin, og þar með er þurrkað burt meira eða minna allt, sem snertir þá mannlegu hlið í þjóðlífinu. Þegar menn athuga t. d. aðferðina á að rykkja bændastéttinni í Frakklandi og Þýzkalandi upp með rótum, hvernig á að leggja niður á næsta áratug líklega upp undir þriðjunginn af bændunum þarna, bændabýlunum, þá sjáum við, hvílík ógnarbylting er, sem þarna er verið að framkvæma, og hvað hún muni koma til með að þýða upp á tengsl þessara þjóða við sína fortíð. Þess vegna er það engum efa bundið, að allar þær mannréttinda- og þjóðfrelsiskenningar, sem við höfum fengið svo mikinn stuðning af, ekki sízt á síðustu öld, frá Vestur-Evrópu, þær eru ekki röksemdir fyrir því að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu, heldur þvert á móti. Það hefur verið einkennandi fyrir íslenzka menningu að vera andvíg valdi auðsins, vera andvíg því að meta allt til peningagildis. Og Íslendingar hafa haldið þessu mati á mannlífi og mönnum alveg fram á þessa áratugi, sem við nú lifum. Og við höfum að því leyti verið frábrugðnir borgaralegu þjóðunum í kringum okkur. T. d. menntaðir Bandaríkjamenn, sem hingað komu í síðasta stríði og gátu dálítið bæði lært íslenzku og kynnzt okkar þjóðlífi sem menntaðir menn, þeir höfðu einmitt orð á því, hve gerólíkir Íslendingar væru því, sem menn væru til dæmis í Bandaríkjunum. Ef spurt væri um einhvern mann hér á Íslandi, þá væri fyrst spurt um, hvort hann væri gáfaður. Ef spurt væri um mann í Bandaríkjunum, þá væri fyrst spurt, hvað hann eigi mikla peninga. Mannmatið á Íslandi hefur verið annað en í löndunum í kring. Við erum enn þá ekki gagnsýrðir af því borgaralega mannmati. Hið borgaralega þjóðfélag — þjóðfélag borgarastéttarinnar — hefur ekki enn þá náð að marka okkur með þessu soramarki að meta allt til peninga, mennina líka. Þess vegna höfum við verið frábrugðnir þjóðunum í Vestur-Evrópu, þar sem þetta mat hefur meira eða minna rutt sér til rúms, þó að það hafi ekki gert það í alveg eins ríkum mæli og í Bandaríkjunum, vegna þess að þjóðarerfðirnar í þessum löndum Vestur-Evrópu standa á móti því, þær eru mótvægi á móti þessu peningagildismati. En í Bandaríkjunum hefur ekkert verið, sem hefur staðið á móti því, m. a. af því, að þeir áttu ekki sögu, a. m. k. ekki sögu, sem þeir vildu viðurkenna. Ef þeir hefðu kunnað að taka Indíánana sem sína raunverulegu brautryðjendur að nema það land, þá hefðu þeir getað lært af þeim að vera menn og falla ekki fyrir peningum og sökkva eins djúpt og þeir hafa fallið núna. Og það fann Benjamin Franklín strax í lok 18. aldarinnar, þegar hann lýsir afstöðunni, sem Indíánarnir hafa, og ber það saman við tilhneigingarnar hjá Bandaríkjunum meira að segja strax þá. Þess vegna er það, að ef við Íslendingar ætlum að reyna að halda því, sem auðvaldsskipulagið reynir að eyðileggja hjá okkur í þessum efnum, þá megum við ekki ánetjast Vestur-Evrópu og Efnahagsbandalaginu, þá þurfum við að varðveita okkar sjálfstæði líka hvað snertir þjóðlífið sjálft og matið á manngildinu. Vestur-Evrópa með sínu Efnahagsbandalagi getur þar aðeins flutt okkur eyðileggingunа á því, sem við höfum alið upp sjálfir hjá okkur, og við höfum þegið líka á vissum tíma góð áhrif frá þeim.

Það þriðja mikilvæga, sem Vestur-Evrópa hefur gefið okkur einmitt á þessu stjórnmálalega sviði, er Marxisminn, sósíalisminn. Það er og má ekki gleymast, að einmitt þegar sósíalisminn og þar með sú sósialistíska verkalýðshreyfing var flutt hingað til Íslands, þá kemur það til okkar frá Vestur-Evrópu. Marxisminn er vestur-evrópsk hugmynd. Marxisminn er, eins og hæstv. ráðh. veit, samsettur af þeirri ensku hagfræði, þeirri þýzku heimspeki og þeim franska útopíska sósíalisma. Og upp úr þessum þremur stofnum er það, sem Marxisminn vex. Hann er eitt af því stórfelldasta í sögu þjóðfélaga í heiminum, sem Vestur-Evrópa hefur gefið mannkyninu, og þó að það hafi farið svo, að aðrir hafi orðið til að framkvæma sósíalismann á undan okkur í Vestur-Evrópu, þá er okkar heiður í Vestur-Evrópu ekki að minni fyrir það. Það urðu líka aðrir en íbúar Gyðingalands til þess að framkvæma kristindóminn á sínum tíma. Og ég þarf víst ekki að rökræða við hæstv. ráðh. um, að það

sé mikil hætta á, að Efnahagsbandalag Evrópu mundi fara að eyðileggja nokkuð af þeirri erfð. Það er sjálft svo andvígt Marxismanum, þó að það neyðist nú til þess í sínum efnahagslegu ráðstöfunum að læra nokkuð margt af honum, þá er það hins vegar það andvígt einmitt þessari hugsjón, að ég þarf ekki að flytja margar röksemdir fram til þess að sýna fram á, að ekki þurfum við að sameinast Efnahagsbandalagi Evrópu til þess að viðhalda þessu, sem við höfum fengið frá Vestur-Evrópu, Marxismanum eða sósíalismanum. Það er þvert á móti svo, að það er eitt af því, sem haldið hefur verið fram, að við þyrftum að sameinast Efnahagsbandalagi Evrópu til þess að hjálpa til þess að slá sósíalismann niður. Það er ein höfuðröksemdin og var í Morgunblaðinu 19. ágúst 1961, í leiðaranum, sem mikið hefur verið vitnað í, að það yrði sótt um inngöngu í Efnahagsbandalagið, að við mundum einangrast og verða kommúnismanum að bráð, svo framarlega sem við gengjum ekki inn í Efnahagsbandalagið. Og þá var haldið, að innan skamms lentu öll Evrópulönd í Efnahagsbandalaginu, eins og þar stóð. Þar stóð áfram: „Ef við Íslendingar tökum ekki þátt í þessu samstarfi, verðum við einangraðir efnahagslega, og þá mundi vafalítið til þess koma, að við yrðum til neyddir til þess að taka þátt í Efnahagsbandalaginu.“ Og það var haldið áfram með leiðarann þá, að allir þeir, sem væru andvígir því, að við tækjum þátt í Efnahagsbandalaginu, væru bara að þjóna heimskommúnismanum, eins og segir í síðari leiðaranum í Morgunblaðinu þann dag, og Alþýðusambandinu þá borið það á brýn, að það sé að þjóna heimskommúnismanum með því að vera á móti því að ganga inn í Efnahagsbandalagið. Ég fer nú að halda stundum, að hæstv. ríkisstj. fari að fá það framan í sig líka, að af tómri þjónustu við heimskommúnismann hafi hún hætt við að ganga inn í Efnahagsbandalagið og sverji það svona hrottalega af sér.

Öll þau tengsl, sem við höfum haft við vestræna menningu og við höfum bezt fengið þaðan, þingræðishugmyndirnar, mannréttinda- og þjóðfrelsiskenningarnar og Marxisminn, ekkert af þessu þrennu eru rök fyrir því, að við eigum að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu, heldur þvert á móti. Ef við viljum varðveita þessa hluti, eigum við að halda okkur utan við það. Þess vegna er ákaflega fjarri því, að vegna okkar menningarsambands og vegna okkar stjórnmálasamstarfs við Vestur-Evrópu sé okkur nauðsynlegt að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu og að við stöndum í nokkurri hættu fyrir því að slitna úr slíku sambandi, svo framarlega sem við höldum okkur þarna utan við, hvað snertir vestræna menningu og okkar samband við hana. Okkar samband við vestræna menningu og allt það, sem er gott í henni, verður alveg nákvæmlega jafnsterkt eða jafnveikt, hvort sem við stöndum í Efnahagsbandalagi Evrópu eða ekki og hvort sem við höfum nokkurt samband við það eða ekki, hvort sem það heitir aukaaðild, tollasamband, viðskiptasamband eða annað slíkt. Það, að við og Vestur-Evrópa eigum ýmislegt saman menningarlega séð, er fjarri því að vera röksemd fyrir, að við eigum að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu eða tengjast því einhverjum sérstökum böndum. Dettur hæstv. ráðh. í hug, að bókmenntir Vesturlanda, að Byron, Shelley og Shakespeare og aðrir slíkir séu ekki nákvæmlega jafnlifandi fyrir okkur, hvort sem við erum í Efnahagsbandalagi Evrópu eða ekki? Við skulum gá að því, að það er ekki sú andlega erfð, sem við fáum frá Shakespeare, Thomas Mann eða Heine, sem þarna er um að ræða. Það er þarna um að ræða, hvort það sé Unilever og Krupp, sem eigi að ráða yfir því efnahagskerfi, sem við séum hluti af. Áhrif málaralistarinnar í París, hvort sem er Picasso eða aðrir, þeir hafa nákvæmlega jafnsterk áhrif, hvort sem við værum eða á hvern hátt sem við værum í Efnahagsbandalagi Evrópu eða ekki. Heimspekingar, hvort sem það væri Kant eða Hegel eða Sartre, væru jafnáhrifamiklir, hvort sem við værum í Efnahagsbandalaginu eða ekki. Við getum einangrað okkur frá eða tekið á móti menningu Vesturlanda alveg án tillits til þess, hvort við erum í Efnahagsbandalaginu eða ekki.

Okkar menningartengsl við Vestur-Evrópu, bæði góð og slæm, eru engin röksemd í þessu sambandi. Við höfum haft okkar tengsl við vestræna menningu án þess að verða hluti af hennar efnahagskerfi, verða innlimaðir í hana. Og okkar tengsl hafa kannske verið einmitt því dýrmætari og við höfum einmitt getað tekið upp og metið hér einmitt þá menn, sem yfirstéttir Vestur-Evrópu hundeltu, hvort sem þeir hétu Byron eða Heine, einmitt vegna þess að við höfum haft aðra afstöðu, allt aðra stjórnmálalega afstöðu, og létum ekki mótast af þeirri stjórnmálalegu afstöðu, sem drottnaði í Vestur-Evrópu. Ég held einmitt þvert á móti, að okkar andlegu og bókmenntalegu og listrænu tengsl við Vestur-Evrópu yrðu því betri, því sjálfstæðari og því blessunarríkari fyrir okkar þjóð, því fjær sem við værum því að vera undir járnhæl Hallsteins og Co. í Brüssel eða vera undirgefnir Unilever og Krupp. Við Íslendingar þekkjum það, að einmitt okkar sambönd við framandi þjóðir hafa batnað, þegar við losnuðum við að vera undir sama stjórnmálakerfi og þær. Þegar við vorum taldir af Dönum hluti af danska ríkinu, þá var á vissan hátt jafnvel fjandskapur á milli þjóðanna. Við það, að þessi tengsl hurfu, kom upp miklu meiri vinátta en hafði þó verið á milli sumra aðila þar áður. Það hefur sýnt sig einmitt fyrir okkur Íslendinga, að okkar afstaða gagnvart Dönum og danskri menningu hefur batnað við að losna úr þeim stjórnmálalegu tengslum við þá, og ég efast ekki um, að ef við lentum í svona stjórnmálatengslum við Vestur-Evrópu, þá mundi það skapa andstöðu við Vestur-Evrópu fyrst og fremst, vegna þess að við yrðum sá aðili þar, sem yrði kúgaður.

Við skulum þess vegna ekki ræða, þegar við erum að ræða um Vestur-Evrópu, um nein tengsl við lýðræðisríki Vestur-Evrópu. Það eru ekki þau, sem við erum að tengjast. Alls, sem lýðræðisríkin og lýðræðið í Vestur-Evrópu er — hið borgaralega lýðræði í Vestur-Evrópu, þess njótum við nú þegar. Og við varðveitum nú meira að segja það, sem þessar þjóðir sjálfar eru að drepa niður hjá sér. Frakkland er að drepa niður þingræðið hjá sér. Vestur-Þýzkaland er komið á gömlu Hitlersbrautina, að byrja að banna flokka eða ofsækja. Því fjær sem við höldum okkur stjórnmálalega frá Vestur-Evrópu, því betra fyrir okkar lýðræði og þingræði. Við skulum gá að því, að það er nýtt ríki auðfurstanna í Vestur-Evrópu, sem þarna er að vaxa upp. Það er endurtekning á þeim þremur stórveldum, sem á síðustu þúsund árum hafa verið sköpuð þarna. Það er endurtekning á því, sem Karla-Magnús gerði á sínum tíma. Það er endurtekning á því, sem Napóleon var að gera fyrir 150 árum. Og það er endurtekning á því, sem Hitler var að reyna að framkvæma fyrir hönd þýzku auðfurstanna. Franska borgarastéttin gerði sína tilraun að ná Vestur-Evrópu undir sig á tímum Napóleons. Þýzka auðmannastéttin gerði sína tilraun að ná Vestur-Evrópu undir sig á tímum Hitlers. Og nú er verið að gera þessa sömu tilraun með því að bræða saman þýzku og frönsku auðhringana og byrja á því að bræða saman það, sem venjulega hefur verið andstæðast, kola- og stálhagsmunina þýzku og frönsku. Við skulum þess vegna aðeins gera okkur ljóst, að það er verið að reyna að skapa þarna ríki voldugra auðfursta og endurtaka þannig friðsamlega það, sem þeim Napóleon og Hitler tókst ekki að skapa varanlega með stríði. Ég mundi þess vegna vilja algerlega snúa við því, sem hæstv. ráðh. segir í sínum forsendum, þegar hann ræðir um menningaratriðin í þessu sambandi. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir menn, sem vilja, að viðskiptatengsl og menningartengsl og stjórnmálatengsl séu sem minnst og þjóðfélag okkar sé í grundvallaratriðum öðruvísi en þjóðfélög vestrænna landa, hljóta að sjálfsögðu að líta á málið öðrum augum en hinir, sem vilja leggja áherzlu á að varðveita tengslin við Vestur-Evrópu og telja, að þjóðfélagið eigi að mótast af sömu grundvallarsjónarmiðum og þjóðfélög vestrænna landa.“

Þarna fer hæstv. ráðh. mjög skakkt með. Ef við viljum viðhalda hér á Íslandi einmitt því, sem við höfum fengið dýrmætast og bezt frá Vestur-Evrópu, þá megum við ekki ánetjast því auðhringaríki furstanna í Vestur-Evrópu, sem nú er að vaxa upp. Þeir, sem vilja viðhalda okkar raunverulegu menningu og okkar stjórnmálalífi, eins og við höfum mótað það, standa eiginlega á móti því, að við tengjumst á þennan hátt stjórnmálaböndum við Vestur-Evrópu. Það er þess vegna ekki til þess að einangrast menningarlega og stjórnmálalega frá þeim hugsjónum, sem beztar hafa verið í Vestur-Evrópu, að við viljum halda Íslandi sjálfstæðu gagnvart henni, heldur vegna þess að við viljum viðhalda þessum hugsjónum og þróa þær. Við höfum áður gert það í okkar sögu, þegar Evrópa hefur drepið niður frelsi og manngildi, eins og var um gömlu ættasamfélögin í Evrópu, þegar feudalisminn brauzt til valda, þá viðhéldum við þessu hér á Íslandi og mótuðum það og þróuðum. Og við eigum að gera það sama nú. Við eigum ekki að láta þessa auðfursta í Vestur-Evrópu ráða því, hvað gerist hér hjá okkur. Við getum haft við þá öll þau viðskipti, sem við viljum. Það er allt annað mál. Við höfum hingað til getað haft viðskipti við löndin í Evrópu, þótt við förum ekki að ganga í þau. Við gengum ekki í Spán, þegar við seldum okkar saltfisk svo að segja allan saman eða mestallan þangað á árunum. Það hefur aldrei hingað til verið notað sem röksemd fyrir, að við ættum að ganga í annað ríki, þó að við seldum svo og svo mikið af fiski þangað. Þess vegna býst ég við einmitt, að hæstv. ráðh. hafi viljað nota þessi menningarlegu rök, og þess vegna vildi ég einmitt taka það fyrir til þess að sýna fram á, að það væru engin rök fyrir inngöngu í Efnahagsbandalag Vestur-Evrópu, heldur þvert á móti. Okkar þjóðfélag hefur verið öðruvísi, okkar mat á manngildi og þjóðlífi hefur verið annað en Vestur-Evrópu, og einmitt okkar menning og okkar stjórnmálakerfi er röksemd þess vegna fyrir því að ganga ekki í Efnahagsbandalagið og hafa aðeins þau efnahagslegu tengsl við það, sem hver önnur verzlun gerir óhjákvæmileg. Því er það, að þar sem hæstv. ráðh. reynir að byggja á þessum menningarsamböndum við Vestur-Evrópu, þá er það síður en svo rökstuðningur fyrir inngöngu í Efnahagsbandalagið, heldur alveg þvert á móti. Við vitum, að það, sem raunverulega er að gerast með Efnahagsbandalaginu, er, að þessir voldugu vesturþýzku auðjöfrar eru í samfélagi við frönsku hringana að reyna að framkvæma með friðsamlegum aðferðum það, sem mistókst að vinna með stríði.

Þá skal ég aðeins fara nokkrum orðum um þá viðureign, sem fór hér fram í upphafi þessara umræðna, þar sem hv. 7. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austf. höfðu deilt nokkuð við hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. Þeir komu þar inn á, hvers eðlis þetta Efnahagsbandalag væri. Hv. 7. þm. Reykv. hélt því þá fram, að það mætti treysta mjög mikið á þá forustumenn, sem þá væru fyrir Efnahagsbandalaginu, var bjartsýnn á foringjana þar, hélt auðsjáanlega, að þetta væru einhverjir elskulegir unnendur lýðræðishugsjóna og annað slíkt, sem mundu gjarnan vilja vera góðir við smælingja. Og hv. 1. þm. Austf. lýsti því yfir, að hann vildi ekki trúa neinu illu um þennan vestræna heim, sem Íslendingar væru að reyna að komast í nánara samband við.

Menn eru kannske farnir að átta sig meir á því nú en þeir gerðu í upphafi viðræðnanna. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að fylgjendur

þeirra flokka, sem standa með Atlantshafsbandalaginu hér heima og vafalaust hafa haft ýmsar tálvonir um Efnahagsbandalagið líka, geri sér alveg ljóst, að það eru ekki lýðræðisríkin í Vestur-Evrópu, sem þeir eru að semja við um þessa hluti. Það eru harðsvíraðir auðmenn, harðsvíraðir auðhringar, sem þeir eru að komast í klærnar á. Hæstv. forsrh. leit svolítið raunsæjar á þetta. Honum var auðsjáanlega ljóst, að þetta voru kaldhjartaðir auðdrottnendur, sem þarna væri verið að eiga við, sem mundu vægðarlaust brjóta alla undir sig, sem þeir kæmust í tygi við, ef þeir gætu það. Og einmitt vegna þess, hve mikið hefur verið þvaðrað hérna um, að Efnahagsbandalag Evrópu væri eitthvert samfélag lýðræðissinna eða lýðræðislanda eða eitthvað þess háttar, þá er alveg nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst, svo að menn vakni ekki upp við vondan draum á eftir. Það er um villidýr að ræða, sem menn eru að reyna að komast í samfélag við, villidýr auðsins, þau sterku, voldugu, sem traðka niður smælingjana, sem útrýma þeim efnahagslega séð. Það er engin tilviljun, að það á að útrýma tugum þúsunda bænda í Frakklandi. Það á að gerbreyta öllum landbúnaðinum í Frakklandi, umbylta honum. Og þess vegna vilja þeir ekki fá samkeppnina frá kornlöndum brezka heimsveldisins. Það er vegna þess, að það stendur fyrir dyrum að umbylta frönskum landbúnaði og eyðileggja smábændurna þar gersamlega, rífa þá upp með rótum og búa til álíka landbúnað og í Bandaríkjunum.

Við skulum ekki vera með einhverjar tálvonir um, hvers konar aðilar það séu, sem við viljum komast í félagsskap við. Það er alveg nóg, að menn blekki sig í sambandi við Atlantshafsbandalagið með slíku. Það er engin ástæða til þess að blekkja sig í sambandi við Efnahagsbandalagið. Þar erum við þó að ræða um efnahagsmál. Það er engum efa bundið, að þeir menn, sem við eigum þarna við og ætlum að fara að semja við, verða ekki neitt mjúkir í viðskiptum við okkur. Það er ekki neitt sentimentalítet, ekki nein viðkvæmni, sem þarna ræður. Það eru grjótharðir peningarnir og ekkert annað. Og það er nauðsynlegt, að menn læri af því, hvernig menn reka sig á. Löndunarbann Breta á Íslendinga var tilraun til þess að svelta okkur, til þess að brjóta okkur á bak aftur. Af hverju gátum við boðið þeim byrginn? Af hverju bognaði ekki helmingaskiptastjórnin 1952, er Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu að því að færa landhelgina út í 4 mílur? Af hverju bognaði hún ekki? Af því að hún var óhrædd, þótt afturhaldssöm væri, að taka upp stóra viðskiptasamninga við Sovétríkin og selja þangað fiskinn, sem vinir okkar, ástmenn lýðræðisins í Bretlandi, auðmennirnir brezku, settu bann á, að seldur væri þar, þegar þeir voru í sérstakri efnahagssamvinnu við okkur, áttu sérstaklega að hjálpa okkur og aðstoða, svo að maður ekki tali um að vernda. Það, sem hefur verið okkar hjálparhella í þessu, er, að við höfum þorað að hafa viðskipti við sósíalistísku löndin og boðið þessum vestur-evrópsku auðhringum byrginn. Við höfum sagt þeim: Við erum ekkert upp á ykkur komnir, og þið skuluð hafa hitann í haldinu, þið skuluð vera dauðhræddir um, að Ísland fari í allt of mikil viðskipti við austurveldin. — Ef við höldum þeim hræddum, þessum auðhringum, þá getum við talað vel um þá sem jafningja. En ef við gerum okkur þá hugmynd, að þeir séu með einhverja ást á lýðræði eða þjóðfrelsi eða eitthvað slíkt, þá erum við að blekkja sjálfa okkur og táldraga okkar þjóð.

Hæstv. viðskmrh. orðaði það svo í upphafi þessarar umr. einu sinni, að þeir, sem tengjast Efnahagsbandalaginu með aðild eða aukaaðild, eru svo náið tengdir, að þeir verða að teljast til Efnahagsbandalagssvæðis. Það er rétt náttúrlega. Þeir, sem á einn eða annan máta komast inn undir þeirra efnahagslegu áhrif, eru ofurseldir þessum auðhringum. Viðvíkjandi fiskiðnaðinum og fiskútflutningnum hér á Íslandi er gefið, að þó að við héldum mjög fast á því, að við gerðum einhverja samninga við Efnahagsbandalagið, að gefa ekki neitt eftir af landhelginni eða fiskveiðunum, þá geta þeir náð nákvæmlega sömu tökunum á okkur gegnum fiskiðnaðinn og fisksöluna, og ég vil bara benda á, að það eru nú þegar komnar upp tilhneigingar um þetta. Það eru nú þegar komnar upp þær tilhneigingar, að útlendur auðhringur, t. d. norskur, fari að láta hraðfrystihús á Íslandi eða niðursuðu- eða niðurlagningarverksmiðjur á Íslandi fara að framleiða fyrir sig vöru í sínum umbúðum, sem hann selur síðan erlendis. Og þetta voru Unilever og Findus International farnir að undirbúa að gera hér á Íslandi, um leið og farið var að taka upp fyrstu viðtölin við Vestur-Evrópuríkin, og það var þegar farið að hugsa um að setja upp stór hraðfrystihús eða réttara sagt fá stór hraðfrystihús í Sandgerði, Rifi og víðar til þess að fara að framleiða þar freðfisk í umbúðum erlendra auðhringa.

Þegar við athugum, hvernig við rekum hlutina hér heima, þegar við lítum á, að það eru t. d. sjö hraðfrystihús í Keflavík, og förum að rannsaka dálítið allan þennan rekstur og hættum að snakka um einhverja hagræðingu, þá rekum við okkur á, hve langt fyrir neðan allar hellur þessi rekstur er, að örfáum fyrirtækjum undanteknum, og hvernig stórhringarnir úti mundu raunverulega sópa þessu burt sem úreltu drasli, sem yrði einskis virði, eftir að þeir væru búnir að setja hér upp sín nýtízku hraðfrystihús og gætu kannske bæði gefið hærra verð fyrir fiskinn, borgað hærra kaup og selt í sínum umbúðum út um allan heim. Við skulum gera okkur ljóst, að kaupið á Íslandi er það lægsta, sem til er í Vestur-Evrópu, fiskimiðin og afköstin í fiskveiðunum eru þau mestu, sem þekkjast í veröldinni. Og aðeins fyrir ómögulegt stjórnarfar á efnahagssviðinu erum við eins langt niðri í þrældómnum og við erum núna, þannig að ef útlenda auðvaldið fengi að komast að hér með sína hagræðingu

og sína skipulagningu, sín sambönd, þá þurrkar það út íslenzka borgarastétt, því að á henni þarf það ekki að halda. Það þýðir, að þessi sama skammsýna borgarastétt, sem nú í Reykjavík berst fyrir því að sameinast Efnahagsbandalaginu og skrifar vitleysurnar í Morgunblaðið, það er þessi sama borgarastétt, sem verður slegin af af auðhringunum, sem hún er að biðja um að koma hingað til landsins. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem íslenzk höfðingjastétt svíkur sitt land og er sjálfri slátrað fyrir á eftir. Þeir gerðu það líka á Sturlungaöld, og seinustu íslenzku höfðingjarnir hurfu nokkrum öldum seinna sem bláfátækir menn. Þróunin mundi ganga hraðar núna. Auðhringar Vestur-Evrópu eru fljótari en aðallinn í Skandinavíu þá. Það gerist nú á nokkrum áratugum, það, sem þá þurfti margar aldir. Þess vegna mætti íslenzk borgarastétt, íslenzk atvinnurekendastétt passa sig ofur lítið betur og hugsa ofur lítið meir, áður en hún anar með þjóðina út í það forað, sem hún hefur lagt til við hana að fara út í.

Það var íslenzk bændastétt ásamt íslenzkum menntamönnum, sem barðist fyrir okkar sjálfstæði og knúði það fram. Og það er íslenzk verkamannastétt, sem sumpart með íslenzkri bændastétt hefur reynt að halda í hemilinn á borgarastéttinni, síðan hún varð drottnandi stétt hérna á 20. öld. En sá auður, sem auðmannastéttin nú hefur fengið, virðist hafa blindað hana svo gersamlega, að hún virðist ekki kunna fótum sínum forráð, hvað þá fótum þjóðarinnar. Þess vegna er það, að við Íslendingar þurfum fyrst og fremst á því að halda nú að vera óhræddir við að standa sem sjálfstæð þjóð, standa með útsýn um víða veröld og viðskipti um allan heim, eins og við höfum alltaf staðið, þegar okkur vegnaði bezt. Við Íslendingar vorum þá mestir sem þjóð, þegar við höfðum annan hátt og sjálfstæðari hátt á öllu okkar þjóðlífi en þjóðir Vestur-Evrópu. Við Íslendingar vorum þá mestir, er við höfðum engan konung, þótt kardínálum erlendra yfirstétta þætti það miður. Við Íslendingar höfum stundum verið andlegt stórveldi, þegar við höfum staðið utan við ríkjasamsteypurnar í Vestur-Evrópu, og það er hart, að ríkasta yfirstéttin, sem upp hefur komið á Íslandi, auðmannastétt Reykjavíkur nú, skuli einmitt vera að gera Ísland að vesælum hrepp í Efnahagsbandalagi Evrópu, og því verður að afstýra.

Það hefur verið stundum rætt um það í sambandi við þessi mál, að okkur Íslendingum bæri að fagna því, að nú væru þjóðir í Vestur-Evrópu að sættast, sem hefðu áður borizt á banaspjót. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi komið nokkuð inn á það í sambandi við Frakka og Þjóðverja. Við skulum ræða þessa hluti án allrar viðkvæmni og án allra tálvona.

Það er engin sérstök frönsk-þýzk vinátta að skapast núna. Það, sem er að gerast, er, að franskir og þýzkir auðmenn eru að taka höndum saman um að reyna að brjóta á bak aftur sameiginlega alþýðu þessara tveggja landa. Þeir eru að sameinast í fjandskapnum á móti verkamönnum og bændum Frakklands og Þýzkalands. Og það er ekki í fyrsta skiptið, sem þeir gera það. Þeir háðu sitt stríð 1870—1871, þá sameinuðust þeir líka að lokum. Þegar verkalýðurinn hafði tekið völdin í París, þegar fyrsta verkalýðsbyltingin í heiminum var framkvæmd 1871, í marz, þá sameinuðust þeir líka, tóku höndum saman um að murka lífið úr verkalýð Parísarborgar, svelta hann og myrða hann síðan. Bismarck og Thiers eru fyrirmyndin að því, sem þeir de Gaulle og Adenauer eru að gera núna. Það er ekki neitt nýtt, að þessir auðhringar sameinist. Þeir gerðu það reyndar líka 1923, þegar Frakkar höfðu hernumið Ruhrhéruðin og þýzku furstarnir sviku sitt land þá. Það er þess vegna ekki vinátta á milli þjóðanna, sem þarna er verið að skapa, það er vinátta á milli yfirstéttanna til að berjast á móti vinnandi stéttunum hjá þessum þjóðum. Og við höfum séð það bezt núna, þegar átti að beita valdi þessara yfirstétta gegn franska verkalýðnum og þegar Efnahagsbandalagið og de Gaulle fengu loksins að vita það, eftir að hafa beygt alla aðra undir sig, að þar hafa þeir orðið að láta í minni pokann. Franskur verkalýður var reiðubúinn til þess að svelta til að halda sínu frelsi, og hann braut de Gaulle á bak aftur og sýndi Efnahagsbandalaginu, að það var ekki hægt að framkvæma þá kúgun, sem auðfurstarnir höfðu ákveðið. Það er franskur málmur og þýzk kol, sem eru að sameinast. Það er það tvennt, sem er að ná saman, og það, sem veldur svo, er bitinn í ofanálag, það er, að fransk-þýzka auðvaldið fær aðgang að 14 ríkjum, sem áður voru nýlendur Frakka í Afríku og á að reyna að halda í nýlenduafstöðu efnahagslega séð. Og þessar 14 nýlendur eru með ríkustu nýlendum heimsins, með gnótt allra þeirra málma, sem Þýzkaland og Frakkland vantar, og þess vegna vill einmitt þýzka og franska auðvaldið mikið til vinna að geta skapað náin efnahagstengsl við þessar þjóðir, sem eru komnar skemmra á sjálfstæðisbrautinni en ýmsar aðrar þjóðir í Afríku, og er þess vegna að reyna að halda öllu þessu saman í einni efnahagslegri heild, sem er svo framkvæmt með því, eins og kunnugt er, að þessi 13—14 Afríkuríki verði með sérstakri aukaaðild að Efnahagsbandalaginu. Við skulum gera okkur ljóst um leið, að það er ekki af neinum almennum þjóðernishroka de Gaulle, að þessir samningar fóru út um þúfur núna. Það eru allt aðrir hlutir, sem þarna eru að gerast. Við skulum ekki fara að gera okkur neinar tálvonir í því sambandi. Hvort sem de Gaulle lifir eða deyr, eru hagsmunir þýzka og franska auðvaldsins eftir sem áður þeir að vera óháðir ameríska auðvaldinu. Það, sem hefur gerzt, er það, að þegar gullforðinn í Bandaríkjunum hefur minnkað um 1500 millj. dollara á tímabili, hefur gullforðinn í Frakklandi og Þýzkalandi vaxið um 1700 millj. á sama tímabili, og þessi Vestur-Evrópulönd eru að slá Bandaríkin út í hraðri framleiðsluaukningu og ríkidæmi hvað snertir gullið,

að kraftahlutföllin milli Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu hafa breytzt, og það eru þau kraftahlutföll, sem koma fram núna í því, að de Gaulle býður Bandaríkjunum og Bretum byrginn. Við vitum, að átökin, sem verið hafa í Kongó, eru átök á milli Bandaríkjaauðvaldsins annars vegar, sem hefur staðið á bak við ríkisstjórnina í Kongó og auðhringa Efnahagsbandalagsins hins vegar, sem stóðu á bak við Tshombe í Katanga. Við skulum alveg gera okkur ljóst, að þessir auðhringar í Vestur-Evrópu og í Bandaríkjunum hins vegar eru að berjast um, hvor hafi aðstöðu til þess að arðræna hvor annan, til þess að arðræna fólkið, alveg jafnt hvort það er í Afríku, Evrópu eða annars staðar. Þess vegna er það alveg ófært að ræða þessi mál alveg eins og við værum að tala um einhver unaðsleg, bókmenntaleg sambönd, okkar gömlu menningarlegu sambönd við Þjóðverja, Frakka eða aðra slíka. Við megum ekki venja okkur á að ræða svona mál án þess að kryfja þau til mergjar, skilja þeirra undirstöðu.

Ég er ákaflega hræddur um, og ég hef orðið var við það hér heima, að það er bókstaflega hætta á því, að ýmsir okkar stjórnmálamenn séu að dragast alveg aftur úr, vegna þess að þeir vita ekki, hvað er að gerast í heiminum í kringum þá, og hugsa þess vegna enn þá í hugtökum kalda stríðsins gamla, þegar heimurinn er orðinn breyttur í kring. Það er kalt stríð núna milli Bandaríkjanna og Bretlands annars vegar og Frakklands og Þýzkalands hins vegar, og við skulum gera okkur grein fyrir því kalda stríði. Það er ekki bara kalt stríð á milli kommúnismans og kapítalismans í heiminum. Af hverju fer de Gaulle út í þau ævintýri, sem mönnum finnst það vera að fara að hugsa um að byggja upp eigin kjarnorkuher? Hver er ástæðan? Hver er ástæðan, að hann er svona harðvítugur, eftir að Kúbudeilan var leyst? Vegna þess að hann gerir sér ljóst, eins og Kennedy hefur auðsjáanlega gert sér ljóst líka, að það er ekki stríðshætta að austan, að stjórnmálakreppan, sem var í sambandi við Kúbu, sýndi þeim, að Sovétríkin mundu ekki ætla sér í stríð, og Kennedy dró þá ályktun af því, að það væri hægt að hafa samstarf við Krúsjeff og forustumenn Sovétveldanna. Og de Gaulle dregur sömu ályktanir: Það er ekki stríðshætta að austan. Mér er óhætt að beita mér gagnvart Bandaríkjunum. Atlantshafsbandalagið er ekki neitt höfuðatriði lengur. Höfuðatriðið er, hvernig fransk-þýzka auðvaldinu gengur annars vegar og hvernig bandaríska auðvaldinu gengur hins vegar, og við merjum brezka auðvaldið á milli okkar. — Það eru þessi viðhorf, sem hafa breytzt við það, að efnahagslegur máttur Þýzkalands og Frakklands hefur vaxið og máttur Bandaríkjanna hefur minnkað að sama skapi, sem gerir það að verkum, að de Gaulle og Adenauer standa uppi í hárinu á Kennedy, en de Gaulle segir það hreint út, en Þjóðverjarnir hræsna, af því að þeir kunna ekki við sem það gamla stríðsveldi, sem sá gamli fjandmaður Bandamanna, sem ekki er farið að gera friðarsamninga við enn þá, að tala eins djarft og de Gaulle getur talað.

Við þurfum að átta okkur á þessum hlutum. Við Íslendingar, sem erum hér mitt í öllum þessum hring, þurfum að gera okkur alveg ljóst, hvernig þetta er, og ekki blekkja okkur sjálfa með neinum tálvonum og þvaðri um lýðræði og eitthvað þess háttar eða menningu og eitthvað þess háttar. Við þurfum bara að bjarga okkur í heimi, þar sem þessi villidýr í þessum frumskógi auðvaldsins traðka okkur niður og rífa okkur í sig, ef við ekki pössum okkur, og við eigum ekki að reyna að mála þau, eins og þetta væru einhverjir englar. Hið gamla kalda stríð, það hefur reyndar verið stríðið milli kommúnismans og kapítalismans. Höfuðaðilarnir þar eru að átta sig á, að þeir verða að reyna að lifa saman á jörðinni og sprengja hana ekki undan sér. En auðmannastéttirnar í heiminum eru farnar að kljást skarpar en þær hafa gert áður. Sú blóðgjöf, sem Bandaríkin gáfu Vestur-Evrópu eftir stríðið, er að bera ávöxt í því, að Vestur-Evrópa gefur þeim spark og segir: Nú þarf ég ekkert meira á þér að halda, góði.

Þess vegna held ég, að það, sem við þurfum að gera praktískt í sambandi við þessi mál, sé að fylgjast nægilega vel með, hvaða þróun er að verða í þessari viðskiptabaráttu í heiminum. Við þurfum fyrst af öllu að gæta þess að viðhalda og efla okkar viðskipti austur frá, í sósíalistaheiminum, vegna þess að þau viðskipti eru okkur alltaf bakhjarlinn í þeirri baráttu, sem við heyjum í auðvaldsheiminum, því erfiða stríði fyrir okkar vörum, sem við heyjum þar. Ég get að vísu ekki frekar en aðrir spáð um það, hvað muni gerast, en það veit ég hins vegar, að það er mjög ofarlega, að Bretland og brezka heimsveldið reyni að styrkja sín sambönd við EFTA og gera það að voldugri samsteypu en það var áður. Ég álít, að fyrir okkur sé rétt að hafa nánari samvinnu við Norðurlönd en við höfum haft fram að þessu, reyna að hafa við þau samstarf m. a. um áætlunargerð um aukningu iðnaðar og stóriðju og um markaðsbaráttu, jafnvel sameiginlega markaðsbaráttu. Við skulum muna það, að við og Norðmenn, Færeyingar, Danir og Grænlendingar, öll þessi lönd og þessar þjóðir ráða yfir einhverju mesta fiskveiðisvæði heimsins, og við erum stórveldi á þessum svæðum, ef við vinnum saman. Og ég álít, að við eigum mjög alvarlega að athuga samstarfið án þess að fórna okkar sjálfstæði á þessum sviðum og alveg þó sérstaklega samstarf, sem byggist á því að varðveita hlut fiskimannanna í þessum löndum á móti þeim auðhringum, sem eru að reyna að gleypa þessi lönd. Unilever-hringurinn brezki hefur haft mikil ítök í Noregi, á helminginn af norska hvalveiðiflotanum og á þar mikið af verksmiðjum og allar lýsisherzluverksmiðjur. Við Íslendingar höfum verið heldur óháðari þeim hring heldur en Norðmenn

hafa verið. Nú er Findus International, þessi nýi stórhringur, að reyna að gleypa Norðmenn, og hann mundi reyna að gleypa okkur, ef við stæðum ekki öll á móti. Það þýðir, að við eigum að reyna að hafa samstarf við fiskimennina, hvort sem er í Færeyjum, Danmörku, Noregi eða annars staðar, á móti þessum voldugu auðhringum, og slíka pólitík ættum við að marka og að slíku ættum við að miða. En höfuðatriði í öllu saman er, að það efnahagslega sjálfstæði Íslands, sem við að miklu leyti höfum varðveitt enn þá, þurfum við að varðveita áfram. Þess vegna megum við ekki tengjast þessu auðhringasambandi Vestur-Evrópu á neinn þann hátt, sem getur orðið okkar sjálfstæði að fjörtjóni. Við eigum að gera við það viðskiptasamninga eins og hver önnur lönd og reyna að berjast þar fyrir að útvega okkur markaði eins og við getum, en við eigum ekki að vera háðir því.

Ég ætla svo ekki að fara neitt frekar út í þær umr., sem orðið hafa hér, en aðeins með þessu móti segja frá því, sem ég fann sérstaka ástæðu til fyrir 3—4 mánuðum að skrifa hjá mér aths. um út af því, sem bæði hæstv. viðskmrh. og nokkrir aðrir hv. þm. þá höfðu sagt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Síðan ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli í enda nóvember eða í byrjun desember, hafa stórir atburðir gerzt í því. Á ég þar við þau endalok, sem skyndilega urðu í samningaviðræðum Breta og EBE-landanna hins vegar og hvarvetna vöktu mikla athygli og komu flestum á óvart. Það var með dálitið skrýtnum hætti, sem hæstv. ríkisstj. og blaðakostur hennar brást við þessum tíðindum. Þau þóttust að vísu og þá sérstaklega hæstv. viðskmrh. harma þessi endalok, en þó leyndi sér ekki ánægja þeirra yfir því, að de Gaulle hefði með þeirri framkomu, er hann sýndi í samningum þessum, hjálpað þeim til að fela mál, sem þeir vildu mjög gjarnan hafa rólegt um og helzt ræða sem minnst í þeim kosningum, sem fram undan eru. Hvernig stendur á þessu? Skýringin hlýtur að vera sú, að hæstv. ríkisstj. finni sjálf inni á sér, að málsmeðferð hennar og stefna — eða ætti ég heldur kannske að segja stefnuleysi — sé ekki allt of vinsælt hjá þjóðinni. Ég er ekki í vafa um, að samningar milli efnahagsbandalagsþjóðanna og Breta verða teknir upp fljótlega á ný og að yfirgnæfandi líkur eru til þess, að einhvers konar samningar náist þar á milli og í kjölfar Breta fylgi fleiri þjóðir. Efnahagsbandalagsmálið er því sannarlega enn þá mjög á dagskrá, og ég tel það mikilvægara en flest annað fyrir Íslendinga að gera sér vel grein fyrir þeim vanda, sem það hefur skapað okkur, og hvernig við honum eigi að bregðast. Ég tel enn fremur, að stjórnmálaflokkunum beri siðferðileg skylda einmitt í komandi kosningabaráttu til þess að tjá stefnu sína og afstöðu til málsins skýrt fyrir kjósendum, því að mjög miklar líkur má telja til þess, að einmitt sú ríkisstj., sem tekur við á næsta kjörtímabili, fái það hlutverk að semja um tengsl okkar við Efnahagsbandalagið, hvort sem þau verða laus eða náin.

Það er vafalítið, að stofnun Efnahagsbandalags Evrópu er heimssögulegur atburður, sem sennilega mun hafa mikil áhrif á efnahags- og stjórnmál heimsins á komandi árum. Bandalag þetta er enn þá ungt að árum, hefur starfað í rúm 5 ár, og því er reynslutíminn stuttur og hæpið að byggja ályktanir með eða móti bandalagshugmyndinni út frá reynslunni einni saman, til þess er hún of stutt, enda málefni bandalagsins og stefna enn þá í mótun á mörgum sviðum. Það, sem fyrst og fremst er hægt að miða við, þegar afstaða er tekin til þess, er að sjálfsögðu grundvöllur þess, sjálf stjórnarskráin, sem er að finna í hinum svonefnda Rómarsamningi, sameiginleg stefna, sem búið er að móta í ýmsum veigamiklum málum, og þeir úrskurðir og samningar, sem kveðnir hafa verið upp eða gerðir af framkvæmdastjórn og ráði bandalagsins og kveða nánar á um túlkun ýmissa ákvæða Rómarsáttmálans, sem yfirleitt er rúmt orðaður og gefur tilefni til margháttaðrar túlkunar.

Ég ætla að leitast við hér á eftir að draga fram í dagsljósið nokkur megineinkenni Rómarsamningsins, sem undirritaður var 25. marz 1957 af sex ríkjum í Vestur-Evrópu eftir 10 ára samningaþóf, en hann gekk í gildi 1. jan. 1958. Ég ætla enn fremur að reyna að geta áhrifanna af tilkomu þessa bandalags á heimsviðskiptin og heimsstjórnmálin með sérstöku tilliti til Íslands og síðast vikja að meðferð málsins hjá ríkisstj., sem vægast sagt er hin furðulegasta á margan hátt, fljótfærnisleg og reikul.

Við gerð Rómarsamningsins virðist mér hafa gætt tveggja meginsjónarmiða og samningurinn sé nokkurs konar málamiðlun þessara sjónarmiða beggja. Fyrra sjónarmiðið má rekja til þeirra, er töldu náið efnahagssamstarf sexveldanna gagnlegt, og til þess að tryggja sem beztan árangur þess töldu þeir, að gera yrði viðskipti þeirra sem frjálsust og auðveldust, tryggja frjálsan flutning vinnuafls og fjármagns milli landa o. s. frv. Þeir, sem þannig litu á bandalagsstofnunina, töldu enn fremur, að nauðsynlegt væri að gera samning um þessi atriði og koma á fót sjálfstæðri framkvæmdastjórn, er hefði heimild til að gefa út tilskipanir og fyrirmæli, er bindandi væru fyrir ríki samningsins og borgara þeirra, án þess að til þyrfti að koma samþykki löggjafarþinganna í öllum tilfellum. Hið síðara sjónarmið aðhylltust þeir, sem höfðu að aðaltakmarki að endurreisa það, sem þeir kölluðu veldi og áhrif Evrópu á gang heimsmála, með því að sameina Vestur-Evrópuríkin í voldugt ríki, Bandaríki Evrópu. Samkv. þessu má skipta Rómarsamningnum í tvo meginkafla. Annar fjallar um málefni fjárhags- og félagslegs eðlis. Hinn hefur inni að halda ákvæði, sem sennilegt má telja að fyrr eða síðar leiði samruna sexveldanna og þeirra ríkja annarra, er síðar kunna að gerast fullgildir aðilar að honum, í eina stjórnmálaheild. Áköf-

ustu formælendur Efnahagsbandalagsins og stórveldishugmyndarinnar benda gjarnan á, að uppfylling hugsjóna þeirra ætti að leiða til betri lífskjara þegnanna vegna aukinnar verkaskiptingar, meiri framleiðslu og framleiðni þátttökuríkjanna. Enn fremur ætti bandalagið að tryggja, að Vestur-Evrópuríkin haldi friðinn, þar sem með samningum hafi tekizt að sætta tvær stærstu þjóðir bandalagsins, sambandslýðveldið Þýzkaland og Frakkland, um aldur og ævi. En einmitt til ágreinings þessara ríkja megi rekja upphaf a. m. k. tveggja stórstyrjalda, er herjað hafi og eytt Evrópu, þ. e. a. s. styrjaldarinnar frá 1870—1871 og heimsstyrjaldarinnar 1914—1918.

Það fyrsta, sem þarf að gera sér ljóst, er, að Rómarsamningurinn á að gilda um aldur og ævi. Engin þjóð, sem gerzt hefur aðili að honum, getur slitið sig þar á burt, enda þótt hún vildi. Þetta kom greinilega í ljós, þegar de Gaulle og Adenauer gerðu samkomulagið um fransk-þýzka samvinnu, sem Ítalía og Benelúx-löndin óttast mjög að verði notað til þess að sveigja stefnu bandalagsins þessum stóru þjóðum í hag á kostnað hinna.

Rómarsáttmálinn sjálfur, stofnskrá Efnahagsbandalagsins, er víða mjög rúmt orðaður, og ýmis hugtök þar, svo sem aukaaðild í 238. gr., eru alls ekki skilgreind, en sáttmálinn gerir ráð fyrir stofnunum, sem eiga m. a. að skýra og túlka sáttmálann og sjá um framkvæmd hans. Stofnanir þessar, sem eru ráðið, framkvæmdastjórnin og dómstóllinn, eru því mjög valdamiklar og hafa heimildir til þess í mörgum tilfellum að gefa út tilskipanir og skýringar, sem aðildarríkin eru bundin af, án þess að til þurfi að koma samþykki viðkomandi þjóðþinga.

Annað atriði er mjög áberandi í Rómarsamningnum, og það er, að um starfsemi sína eru ráðið og framkvæmdastjórnin svo til óbundin í störfum og ekkert þjóðkjörið þing hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Þing bandalagsríkjanna í Strasbourg getur ekki samþykkt fyrirmæli til ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar, svo að bindandi séu fyrir þau. Þingið getur að vísu með 2/3 hlutum atkv. samb. vantraust á framkvæmdastjórnina, og ef þjóðþing bandalagsríkjanna staðfesta það vantraust, verður framkvæmdastjórnin öll að víkja. Fyrir fram virðist heldur ósennilegt, að til þessa geti komið, og vil ég í því sambandi benda á sem dæmi, að þótt framkvæmdastjórnin gengi erinda fransk-þýzkra hagsmuna á kostnað hagsmuna annarra bandalagsríkja, þá eiga þessi tvö lönd nú 72 fulltrúa af 142 á þinginu í Strasbourg eða meiri hl. og geta því auðveldlega hindrað samþykkt vantrausts á framkvæmdastjórnina. Það er því mikið vald, sem stofnunum þessum og þá sérstaklega framkvæmdastjórninni er fengið, og vafalaust vandmeðfarið. Sérstaklega er vald þeirra mikið og hættulegt, ef litið er til þess, hversu rúmar heimildir þær hafa til túlkunar og framkvæmda á Rómarsamningnum. Því er haldið fram, að þetta mikla vald framkvæmdastjórnarinnar sé nauðsynlegt til þess að tryggja, að hagsmunir heildarinnar nái fram að ganga umfram hagsmuni einstakra ríkja. Það er einmitt þetta, sem sérstaklega er hættulegt fyrir fámenna smáþjóð eins og Íslendinga með einhæfa atvinnuvegi og fáar náttúruauðlindir. Hvenær mundi t. d. framkvæmdastjórnin telja, að taka bæri hagsmuni Íslendinga fram yfir hagsmuni milljónanna í Vestur-Evrópu, þegar hagsmunum þessum lenti saman við mótun almennrar stefnu? Hún á að taka hagsmuni heildarinnar fram yfir sérhagsmuni einstakra þjóða, og hvað mundi þetta geta þýtt fyrir Íslendinga í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, ef við yrðum meira eða minna bundnir við að hlíta slíkum almennum reglum eftir að hafa tengzt bandalaginu?

Þá er ómögulegt að loka augunum fyrir þeirri hættu, sem er á vexti auðhringa og stórfyrirtækja við það skipulag, sem Efnahagsbandalagið byggir á, og þau áhrif, sem af slíku mundi leiða fyrir stjórnmálastarfsemina í þeim ríkjum, sem innan bandalagsins kynnu að verða. Reynslan á þessu sviði síðan 1958 er ekki heldur uppörvandi fyrir þá, sem eru andvígir stórkapítalisma og flokkum, sem hann gerir út. Í öllum löndum Efnahagsbandalagsins hefur síðan 1958 þróunin verið sú, að stærri fyrirtækin hafa í æ ríkara mæli keypt upp þau smærri, eða ef það ekki hefur tekizt, þá hafa þau hreinlega sett þau á hausinn með óheiðarlegri samkeppni. Fullyrt er t. d., að tvö félög í Hollandi, Philips og Royal Dutch Shell, eigi orðið um helming alls þjóðarauðs Hollendinga, og hafa þessi stórfyrirtæki fyrir nokkru hafið æðisgengið kapphlaup til þess að kaupa upp fyrirtæki og útvíkka starfssvið sitt. Um 2/3 allrar einkafjárfestingar í Belgíu síðustu árin hefur verið stjórnað af tíu fjármálafyrirtækjum, þ. á m. Sosiété Generale, sem rækilega kom við sögu í Katanga og staðið hefur að baki Tshombe í mörgum óþurftarverkum hans þar syðra. Þá vil ég enn fremur minna á, að kola- og stálsamsteypustjórnin kom á sínum tíma í veg fyrir þá fyrirætlun belgísku ríkisstj. að þjóðnýta belgísku kolanámurnar. Þessi þróun er ískyggileg, og mjög er það vald hættulegt, sem slíkar samsteypur hafa. Mér er kunnugt um það, að í Rómarsamningnum er að vísu gert ráð fyrir eftirliti með starfsemi stórfyrirtækja og óheppilegum áhrifum af starfsemi þeirra. En það er bara allsendis óséð, hvernig þær reglur reynast í framkvæmd. Reynslan af hliðstæðu eftirliti innan stál- og kolasamsteypu sexveldanna er ekki sérstaklega uppörvandi.

Menn velta því mjög fyrir sér, hver framvindan verði í viðskiptum Efnahagsbandalagsríkjanna og þeirra landa, er utan þeirra samtaka standa. Einbeita Efnahagsbandalagsþjóðirnar sér fyrst og fremst að því að einangra sig, girða sig háum tollmúrum og viðskiptahöftum gagnvart þjóðum utan bandalagsins, og ætla þær einungis að efla sig inn á við? Hversu oft heyrum við ekki fullyrðingar í þessa áttina í umr. um málið hér á landi? En hvað er þá

rétt í þessu? Allt frá því er Efnahagssamvinnustofnun Evrópu var komið á fót árið 1948, hafa þjóðir Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku tekið þátt í margháttuðu samstarfi, er allt hefur miðað að auknu viðskiptafrelsi og lækkun tolla í þessum heimshluta. Ég minni aðeins á Efnahagssamvinnustofnunina, sem vinnur að auknu viðskiptafrelsi og frjálsari gjaldeyrisviðskiptum. Ég minni á Alþjóðatollamálastofnunina, sem vinnur að lækkun tolla. Ég minni á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fleiri alþjóðastofnanir mætti nefna, sem vinna að þessu sama marki.

Efnahagsbandalag Evrópu á samkv. yfirlýstum tilgangi sínum að vinna í þessa stefnu, en ekki gegn henni. Staðreyndin er líka sú, að ytri tollur bandalagsins er nú lægri en tollar hinna einstöku sexvelda voru, áður en sameiginlegi tollurinn var settur á. Og ytri tollur bandalagsins er lægri en í Bretlandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þetta nær til vöruinnflutnings annars en þess, sem er á svonefndum G-lista, en um ytri tollinn á G-listavörunum sömdu sexveldin sérstaklega, og hann er nokkuð hár. En einmitt á þessum lista eru innfluttar sjávarafurðir, og hækkuðu tollar á innfluttum sjávarafurðum til Efnahagsbandalagssvæðisins, eftir að þessi sameiginlegi tollur kom í framkvæmd 1. jan. 1962.

Hækkun sú, sem varð á tollum af fiskinnflutningi Íslendinga til Efnahagsbandalagsríkjanna, þýðir, að Íslendingar hefðu orðið að greiða af innflutningi sínum eða af sjávarafurðum árið 1961 til sexveldanna og þeirra ríkja annarra, er sótt hafa um aðild og aukaaðild, um 80 millj. kr. meira í tolla en þeir gerðu. En hver getur fullyrt um það í dag, að tollur þessi verði ævinlega svona hár? Margt bendir til þess, að svo verði ekki, og vil ég þá vitna í fyrstu röð til þess, sem segir í Rómarsamningnum sjálfum, að þátttökuríki hans hafi skuldbundið sig til þess að vinna að frjálsari heimsverzlun með því smátt og smátt að afnema innflutningshöft og lækka tolla. Þau eru enn fremur öll aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni og Alþjóðatollamálastofnuninni, sem vinna í sömu stefnu hvor á sínu sviði. Það er mjög áberandi og hrós þróun í þá áttina í heiminum síðustu árin að gera heimsverzlunina sem frjálsasta og haftaminnsta. Ég vil aðeins nefna eitt dæmi þessu til sönnunar, er sýnir þetta vel, og er það samþykkt Trade Expansion-laganna, sem nýverið voru samþykkt á þingi Bandaríkjanna og veita forsetanum heimild til þess að semja gagnkvæmt um allt frá 50% til 100% lækkun á tollum við ríki Efnahagsbandalagsins, sem svo aðrar þjóðir mundu njóta góðs af samkv. reglum GATTs og vegna beztukjaraákvæða í viðskiptasamningum.

Mér er að vísu kunnugt um, að þetta nær ekki enn þá til sjávarafurða, en þetta skref er stórt og sýnir vel, hvað getur gerzt í þessum málum. Þróun tollamálanna og lækkun tolla hefur öll hin síðari árin verið í einum og sama farvegi og okkur í hag. Og það eru fyrst og fremst stóru þjóðirnar, sem ýta hér á. Það er því engan veginn gefið, að þótt tollur á innfluttar sjávarafurðir til landa Efnahagsbandalagsins sé nú hár, þurfi svo að vera um aldur og ævi.

Ég vil þá þessu næst athuga, hvaða áhrif mér sýnist tilkoma Efnahagsbandalags Evrópu hafa á hagsmuni Íslands, og ræða um þær leiðir, sem talið er fært að tengjast bandalaginu eftir. Í umr. hér á hv. Alþingi hafa allir ræðumenn virzt sammála um tvennt. Hið fyrra er, að full aðild að bandalaginu henti ekki, og hið síðara er, að nauðsynlegt sé að ná samningum við það um viðskipta- og tollamál. Af einhverjum ástæðum heyrast nú ekki þær raddir lengur, er telja, að full aðild henti Íslandi ekki, þótt ýmsir af framámönnum í stjórnarliðinu hafi áður sannanlega talið svo vera, og ekki heldur heyrast þær raddir, er telja hvers kyns tengsl við bandalagið óæskileg. Hvort hér er um einlæga hugarfarsbreytingu að ræða hjá viðkomendum eða ekki, vil ég ekki dæma um, en bendi aðeins á þessar staðreyndir.

Það hefur verið bent á, að tilkoma ytri tolls Efnahagsbandalagsins á innfluttar sjávarafurðir og innfluttar sauðfjárafurðir til þessa svæðis kunni að leiða til verðlækkunar á þessum veigamiklu útflutningsvörum Íslendinga, enn fremur kunni innflutningshöft að hindra okkur í að koma vörum á þennan markað. Þetta er rétt að nokkru leyti. Og einmitt þess vegna vilja menn finna færar leiðir, er komi í veg fyrir eða dragi a. m. k. úr fjárhagstjóni því, er Íslendingar kynnu að bíða við að standa utan bandalagsins, án allra samninga við það. Vandinn er bara sá að velja þá leiðina, er tryggir bezt viðskiptahagsmuni okkar, en stofnar ekki jafnframt veigamiklum lífshagsmunum og ásetningi Íslendinga um að halda hér uppi sjálfstæðu menningarþjóðfélagi velferðarríkis og lýðræðisríkis í hættu.

Hér á hv. Alþingi hefur verið talað um tvær færar leiðir til þess að ná þessu marki, þ. e. a. s. að tengjast bandalaginu sem aukaaðili samkv. 238. gr. Rómarsamningsins eða gera við það viðskipta- og tollasamning. Ljóst er, að margt er það enn um þessar leiðir óvitað og óskýrt í dag, sem vitneskja fæst um síðar. Ég vil þá lítillega ræða hvora þessa leið, eins og mér sýnast þær liggja fyrir nú, enda tel ég nauðsynlegt, að Íslendingar geri það upp við sig, hvora leiðina þeir vilja fara, áður en þeir reyna að hafa áhrif á mótun sameiginlegrar stefnu um meðferð sjávarafurða. Þetta er nauðsynlegt vegna þess, að afstaða okkar við mótun slíkrar stefnu hlýtur að vera gerólík eftir því, hvort við sækjumst eftir að ná aukaaðildarsamningi, er tryggi hömlulausan og tollfrjálsan innflutning fisks til EBE-svæðisins, ellegar við sækjumst eftir að ná tollasamningi við bandalagið, sem e. t. v. kynni aðeins að tryggja einhverja tollalækkun. Sem

aukaaðili hefðum við hag af því, að ytri tollar bandalagsins á innfluttum sjávarafurðum væru sem hæstir og hömlurnar mestar fyrir fiskinnflutning þjóða, er utan vébanda Efnahagsbandalagsins kynnu að standa. Við mundum m. ö. o. vilja, að Efnahagsbandalagið ræki verndarpólitík til hags fyrir fiskveiðiþjóðir þær, sem innan þess eru. Ef við hins vegar kepptumst eftir að ná samningum um tollamál og viðskiptamál við bandalagið, mundum við vinna þveröfugt að mótun slíkrar stefnu. Þá mundum við vilja, að ytri tollurinn yrði sem lægstur og hömluminnstur innflutningur, þ. e. a. s. að viðskipti með sjávarafurðir yrðu sem frjálsust. Mér finnst ekkert vafamál, eftir hvorri leiðinni við eigum að vinna, ef við fáum tækifæri til þess að hafa áhrif á mótun sameiginlegrar stefnu, en raddir eru nú uppi um það innan vébanda Efnahagsbandalagsins að gefa fiskveiðiþjóðum í Vestur-Evrópu a. m. k. tækifæri til að taka þátt í ráðstefnu, er móti slíka stefnu, alveg óháð því, hvort þessar þjóðir hafi sótt um tengsl við bandalagið eða ekki. Það er m. a. vegna þessa, sem við framsóknarmenn höfum hiklaust lýst því yfir, að við teldum rétt fyrir Íslendinga að æskja eftir tollasamningi við Efnahagsbandalagið, og við viljum miða allar aðgerðir okkar í viðskiptum við bandalagið við það. Við teljum áhættuna fyrir sjálfstæði og hagsmuni þjóðarinnar svo mikla, ef játast á undir samstjórn, sem við teljum að óhjákvæmilega mundi fylgja aukaaðildartengslum, að það geri ómögulegt fyrir okkur að fallast á þá leið. Ég vil rökstyðja það nokkru nánar.

Hvað þýðir það að tengjast Efnahagsbandalaginu sem aukaaðili eftir 238. gr.? Ákvæði Rómarsamningsins eru næsta fáorð um þetta atriði, og enn þá hefur ekki verið gerður nema einn slíkur samningur, þ. e. a. s. við Grikkland. Af þeim samningi er hins vegar ekki hægt að draga nema nokkrar almennar ályktanir, og sá samningur getur ekki talizt fordæmi í öllum tilfellum. Sennilegt er, að innihald hvers aukaaðildarsamnings ákvarðist að nokkru af efnahagsástandi og öðrum ástæðum þeirrar þjóðar, er leitar eftir tengslum við bandalagið á grundvelli 238. gr., og vilja forustumanna bandalagsins og heimildar til þess að slá af þeim kröfum um skuldbindingar og kvaðir, sem Rómarsáttmálinn ákveður þátttökuríkjum. Eina meginreglu höfum við þó við að styðjast, og hún er sú, að á móti réttindum, er aukaaðili fær með samningi, komi tilsvarandi skyldur. Sem sagt, réttindi og skyldur eiga að vera að dómi samningsaðila svipuð. Þetta er mikilvægt að vel sé haft í huga. Ef við viljum fá mikinn rétt hjá bandalaginu eftir aukaaðildarleiðinni, verðum við líka að vera reiðubúnir til þess að taka á okkur miklar skyldur, ef fara á hana.

Því hefur verið haldið fram hér á landi í umr. um þetta mikilsverða mál, og ég hygg, að hæstv. viðskmrh. sé höfundur þeirrar kenningar, að aukaaðild geti þýtt það, að aukaaðili taki á sig allt frá 1—99% af samningskröfum Rómarsáttmálans. Þótt e. t. v. megi færa þessari kenningu einhver rök í teóríunni, er ég sannfærður um, að í reyndinni verða aukaaðildartengsl ekkert svipuð þessu. Ég held, að forustumenn Efnahagsbandalagsins telji, að aukaaðildartengsl eigi að vera mjög náin, og ég tel, að þau hljóti að verða það í flestum tilfellum. Við skulum reyna að setja okkur í þeirra spor og skoða, hvernig þeir líta á þessi mál. Sexveldin hafa eftir áralangar samningaviðræður og málamiðlanir og tilslakanir náð samkomulagi um sameiginlega stefnu, er krefst þess, að þessi ríki verði að undirgangast þær þröngu meginreglur, sem Rómarsamningurinn ákveður þeim. Þær hafa allar óumdeilanlega afsalað sér miklu af sjálfstæði sínu til sameiginlegra yfirþjóðréttarlegra stofnana. Hvers vegna skyldu þessar þjóðir álíta, að aðrar þjóðir, er tengjast vilja bandalaginu nú síðar, geti ekki undirgengizt slíkt hið sama í meginatriðum a. m. k.? Sá eini aukaaðildarsamningur, sem gerður hefur verið til þessa, við Grikkland, bendir og til þessa, og umsóknir annarra ríkja í Evrópu um aukaaðildartengsl við Efnahagsbandalagið benda til hins sama, því að þær undanþágur frá ákvæðum Rómarsáttmálans, sem þessi ríki áskilja sér í umsóknum sínum, lúta nær eingöngu að sérstöðu þeirri, sem leiðir af hlutleysisstefnu þeirra í alþjóðamálum, auk þess sem þær áskilja sér rétt til að halda austurviðskiptum áfram. Að öðru leyti bjóðast þessar þjóðir til þess að gangast undir svo til allar kvaðir, sem Rómarsáttmálinn ákveður þátttakendum. Þetta sýnir vel skilning þessara þjóða á eðli aukaaðildar.

Ég vil enn fremur benda á, m. a. vegna þeirra tilrauna, sem mér virtist hæstv. dómsmrh. hafa í frammi hér í umr. um þetta mál, að mig minnir í desember, þegar hann lagði sig mjög í framkróka í umr. til þess að reyna að gera mun á aukaaðildarleið og tollasamningsleið sem minnstan og ógreinilegastan, að sjálfur Rómarsamningurinn sker úr þessu, og þarf ekki mikið um það að deila. Tollasamningur hefur stoð í 18. gr. Rómarsáttmálans, en aukaaðild í 238. gr. Og sýnir það út af fyrir sig, að höfundar samningsins gera á þessu mikinn mun.

Af fræðimönnum, sem skrifað hafa um Efnahagsbandalag Evrópu og tekið til meðferðar bæði 237. gr. og 238. gr. eða þær greinar samningsins, sem fjalla um fulla aðild og aukaaðild, sýnist mér, að flestum eða öllum beri saman um eftirfarandi: Þeir telja, að ef aukaaðild á að byggjast á tollabandalagi, þá mundi slíkt tvímælalaust hafa svipuð áhrif og full aðild, a. m. k. hvað tekur til afnáms allra hindrana á viðskiptum bandalagsríkjanna sín í milli, sömu áhrif á setningu sameiginlegs ytri tolls gagnvart þriðju þjóð og sameiginlegrar viðskiptastefnu gagnvart ríkjum, er utan bandalagsins stæðu. Sömuleiðis virðast þeir allir sammála um það, að ef aukaaðild ætti að byggja á fríverzlunarsamningi, mundi slíkur samningur ná til svipaðra atriða og ég var hér áðan upp að telja, að því einu undanskildu,

að þá væri aukaaðilinn ekki skuldbundinn til þess að sæta sameiginlegum ytri tolli gagnvart þriðju þjóð.

Með tilvísun til þeirra raka, sem ég hef reynt að flytja hér um eðli aukaaðildar, er ég eindregið þeirrar skoðunar, að aukaaðildartengsl verði að innihalda skuldbindingar um að lúta flestum aðalákvæðum Rómarsamningsins, og er fram líða stundir, verði smáþjóð, sem er aukaaðili, bundin á svipaðan hátt til þess að lúta fyrirmælum stofnana bandalagsins í reynd og aðildarríkin sjálf. Þetta er þeim mun óaðgengilegra, þar sem slík smáþjóð ætti ekki setu í neinni af stofnunum bandalagsins og tæki því ekki með atkvæði sínu þátt í að móta sameiginlega stefnu. Á vissan hátt má því halda því fram, að náin aukaaðildartengsl séu versta formið á tengslum, sem smáþjóð gæti bundizt Efnahagsbandalagi Evrópu. Ég vil enn fremur í þessu sambandi minna á þau ummæli Halvards Lange, utanrrh. norska, í norska Stórþinginu, þegar aðild Noregs var þar til umr. Hann sagði þá:

„Ef menn vilja taka upp viðræður við Efnahagsbandalagið á grundvelli aukaaðildar, verða þeir að gera sér það ljóst, að um málefnin eru aukaaðilar jafnbundnir af ákvörðunum bandalagsstofnananna og þær þjóðir, sem í bandalaginu eru sem fullgildir aðilar."

Ég vil þá vikja örfáum orðum aftur að gagnkvæmninni, sem er grundvöllur tengsla við Efnahagsbandalag Evrópu eftir aukaaðildarleiðinni, og þeirri sérstöðu, sem við höfum umfram aðrar þjóðir, er hugsanlega kynnu að vilja tengjast bandalaginu eftir þeirri leið.

Íslendingar eru um 180 þús. sálir búandi í stóru, lítt numdu landi með fáum náttúruauðlindum og einhæfum atvinnuvegum. Hinn samningsaðilinn, ríki Efnahagsbandalagsins, hefur íbúa, sem nema mörg hundruð milljónum manna, háþróaðan iðnað og fjölþætta atvinnu. Ef við vildum með aukaaðildarsamningi tengjast bandalaginu og tryggja okkur tollfrelsi og frjálsan innflutning inn á þennan stóra markað, með hverju mundum við geta greitt þann inngang? Hvað er það hér á landi, sem við eigum dýrmætast af náttúruauðlindum og sexveldin kynnu að vilja líta við sem greiðslu? Að mínu viti eru það aðallega og kannske eingöngu fiskimiðin umhverfis landið og aðstaða til þess að verka fisk í landinu. Ég óttast, að Efnahagsbandalagið mundi einmitt krefjast samninga til jafnra nytja eða a. m. k. verulegra nytja á við landsmenn sjálfa á þessum auðlindum og aðstöðu til þess að verka sjávarafla sinn hér á landi, og allir, sem eitthvað hugsa um þessi mál á annað borð, vita, hvað slíkt mundi þýða fyrir framtíð og sjálfstæði þessa lands.

Ég gat þess í upphafi, að tilgangur ýmissa höfunda Rómarsamningsins og ýmissa stjórnmálaleiðtoga sexveldanna væri fyrst og fremst sá að skapa nýtt Evrópustórveldi, — Evrópustórveldi, er væri jafnoki Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um auð og áhrif. Með þetta er ekki farið leynt. Ríkisstjórnir sexveldanna eru í meginatriðum sammála um þörfina á stjórnmálaeiningu sexveldanna. Þau greinir nokkuð á um leiðir og hversu hratt eigi að koma þessari einingu á og hvort gefa eigi Bretum kost á að vera með um mótun þessarar stefnu eða ekki. Það er m. a. þetta, sem kemur inn hjá mér ótta við aukaaðildarleiðina. Ég hef enga trú á því, að málefnum þessa lands yrði betur stjórnað af ókunnum mönnum úti í Brüssel en af okkur sjálfum. Og ég hef enn þá minni trú á því, að þeir teldu lífshagsmuni þessarar fámennu þjóðar það helga, að þá mætti ekki skerða í þágu hinna stóru og mannmörgu bandalagsþjóða. Með því að gerast aukaaðilar komumst við í beina og stöðuga snertingu við aðalstofnanir bandalagsins í svonefndu aukaaðildarráði. Við mundum þar bera upp óskir okkar og till. og hlýða á óskir og till. fulltrúa bandalagsins. Hversu lengi mundu fulltrúar okkar í aukaaðildarráðinu standa gegn till. gagnaðilans til hagsbóta fyrir heildina og sameiginlega stefnu, jafnvel á okkar kostnað, eins og t. d. varðandi rétt erlendra fiskiflota til að nytja fiskimiðin umhverfis landið o. s. frv.? Ég held, að í reynd yrði það svo, að fulltrúar okkar í slíku aukaaðildarráði yrðu að samþykkja svo til hverja einustu ósk, sem fulltrúar gagnaðilans kynnu þar fram að setja.

Ég geri mér hins vegar vonir um, að Íslendingar muni geta tryggt viðskiptahagsmuni sína hjá bandalagsþjóðum Efnahagsbandalagsins án allt of mikillar áhættu fyrir sjálfstæði og stjórnarfarslegt fullveldi landsins eftir tollasamningsleiðinni. Þetta byggi ég á eftirfarandi staðreyndum:

Efnahagsbandalagssvæðið sem heild er í dag ekki sjálfu sér nægilegt um fisk. Og jafnvel þótt Danir, Norðmenn og Bretar, sem allir eru miklar fiskútflutningsþjóðir, gangi í bandalagið, er mjög sennilegt og nærri víst, að þetta svæði yrði að flytja inn mikinn fisk frá þjóðum, er utan bandalagsins kunna að standa. Íslendingar hafa þjóða bezta aðstöðu til að framleiða samkeppnisfærar sjávarafurðir fyrir erlendan markað. Þetta byggist á auðugum fiskimiðum við strendur landsins, duglegum og fengsælum sjómönnum og aðstöðu til að verka aflann nýjan í landi. Framleiðni í íslenzkri sjávarvöruframleiðslu er sú hæsta, er þekkist. Þessa aðstöðu eigum við ekki að skerða og jafnvel eyðileggja með öllu með því að veita þegnum erlendra ríkja aðstöðu til þess að fiska í landhelgi og til að verka afla í landi. Íslendingar verða enn fremur sennilega eina fiskveiðiþjóðin í Evrópu, er kæmi til með að flytja inn fisk til Efnahagsbandalagssvæðisins og væri utan þess, ef Bretar, Norðmenn og Danir ganga þar inn. Fiskneyzla, sérstaklega á frosnum fiski, er fyrirsjáanlega mjög vaxandi í Vestur-Evrópu og fiskverð þar hækkandi. Ríkisstyrkir til sjávarútvegs ýmissa Efnahagsbandalagsríkja, sem nú eru geysimiklir, eiga samkv. ákvæðum og fyrirmælum Rómarsáttmálans að hverfa eða a. m. k. ekki að vaxa frá því, sem þeir voru 1958. Þetta allt ætti að

auðvelda okkur samninga um lækkun ytri tolls á sjávarafurðum, og sæmilega frjáls innflutningur á markaði Efnahagsbandalagsins á að vera tryggður, því að eins og hæstv. viðskmrh. gat um í þeirri skýrslu, sem hann flutti hv. Alþingi í nóv. s. l., er nú svo komið, að svo að segja öll aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu hafa afnumið innflutningshöft á sjávarafurðum hjá sér, öðrum en nýjum fiski, og það væri skýlaust brot á þeirri skipan mála, ef Efnahagsbandalagsríkin tækju á ný upp innflutningshöft á sjávarafurðum, þar sem þau eru öll aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

Í skýrslu ríkisstj., sem hæstv. viðskmrh. flutti í nóv. s. l., virðist mér hæstv. ráðh. gera lítið úr möguleikum þess, að við getum leyst okkar viðskiptavandamál, sem skapast vegna tilkomu Efnahagsbandalagsins, eftir tollasamningsleiðinni. Hæstv. ráðh. sagði m. a. í þeirri skýrslu, að lítill árangur hefði náðst í svonefndum compensation-viðræðum innan GATTs fyrir þær þjóðir, sem urðu fyrir tjóni vegna þeirra hækkana, er urðu á ytri tollum Efnahagsbandalagsins. Ekki eru nú allir sammála hæstv. ráðh. um þetta. Ég hef a. m. k. séð því haldið fram í ritum, sem ég legg talsvert upp úr, að t. d. bæði Kanada og Ástralía og raunar fleiri lönd hafi samið við Efnahagsbandalagið um verulega einhliða tollalækkanir af hálfu ríkja þess, vegna þess að ytri tollur bandalagsins hækkaði á innflutningi frá þessum tveim löndum, og var þeim bættur upp sá skaði að nokkru leyti. Fjöldi landa hefur sömuleiðis gert samninga við Efnahagsbandalagið um gagnkvæmar tollaívilnanir og sumar mjög stórkostlegar. Ég nefni sem dæmi Bandaríki Norður-Ameríku, Bretland, Sviss, Chile, Haiti, Nýja-Sjáland, Japan, og Perú, og fleiri ríki væri hægt að telja, ef ástæða væri til. Efnahagsbandalagið hefur meira að segja samið um lækkun ytri tolls á alúmíníum, og vitað er, að Bretar setja það á oddinn að fá þann toll alveg felldan niður, ef þeir gerast aðilar. Það er því furðuleg staðhæfing hjá hæstv. viðskmrh., er hann leyfir sér að slá því föstu, að stöndum við utan Efnahagsbandalagsins, þá sé útilokað, að við getum komið upp alúmíníumiðnaði hér á landi. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um gálauslegar staðhæfingar, sem engin vissa er fyrir að standist deginum lengur og eru til þess eins gerðar að skapa þá trú hjá þjóðinni, að hún eigi engra kosta völ annarra en semja sig að mjög verulegu leyti undir samstjórn og sameiginlega stefnu Efnahagsbandalagsins, ella bíði hennar ekkert annað en efnahagslegt skipbrot.

Sú staðreynd, að Íslendingar eiga í dag að mæta háum innflutningstollum á innfluttum fiskafurðum til Efnahagsbandalagssvæðisins og að enn þá hafa engir samningar verið gerðir um lækkun þeirra, á sínar skýringar. Bæði er það, að tollur þessi er tiltölulega nýr. Hann kom á í ársbyrjun 1962, eins og ég gat um áðan. Og enn þá hefur engin þjóð, hvorki Íslendingar né aðrir, reynt hið minnsta til þess að semja við Efnahagsbandalagið um lækkun þessa ytri tolls á innfluttar sjávarafurðir. Það er því í fyllsta máta ótímabært að mála fjandann á vegginn, eins og mér virðist margir af talsmönnum ríkisstj. og blöð hennar gera og gerðu það alveg sérstaklega á árunum 1961 og 1962, þótt nú sé aðeins farið að draga úr þessu. Ég segi hiklaust sem mína skoðun, að heldur vil ég, að Íslendingar greiði eitthvað hærri toll af fiskinnflutningi til Efnahagsbandalagssvæðisins en keppinautar okkar, er innan þess kynnu að standa, og sitji þá einir að sínum fiskimiðum og verkunaraðstöðu í landinu, heldur en þurfa að kaupa tollajafnréttisaðstöðuna því verði að þurfa að sitja að fiskimiðunum hér umhverfis landið með fiskiskipum fjölda annarra þjóða. Íslendingar geta þolað afleiðingar tímabundinnar fiskverðslækkunar í Evrópu, og það eru ýmis ráð til að mæta þeirri lækkun. En eitt þola Íslendingar áreiðanlega ekki, og það er það, að fiskimiðin umhverfis landið verði eyðilögð með ofveiði. Allar fiskveiðiþjóðir Vestur-Evrópu búa við fátæk fiskimið við heimastrendur sínar. Fiskiflotar þeirra verða að leita á fjarlæg mið til fanga. Það yrði því óbætanlegt tjón, ef við yrðum að opna landhelgi okkar fyrir þessum erlendu veiðiþjóðum, og þess verður einnig vel að gæta að veita útlendingum ekki heldur aðstöðu til þess að eiga og reka fiskvinnslustöðvar í landi, því að það mundi brátt leiða til óæskilegrar niðurstöðu.

Ég vil þá að endingu fara nokkrum orðum um meðferð þá, sem stórmál þetta hefur hlotið í höndum hæstv. ríkisstj. Mér virðist, að starfsregla hennar í því hafi verið sú, allt þar til slitnaði upp úr samningaviðræðunum við Breta, að koma því inn hjá landsmönnum, að Íslendingar ættu engra annarra kosta völ en að gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu. Erfiðleikarnir við að standa utan þess hafa verið miklaðir og villandi upplýsingum haldið að þjóðinni, en minna rætt um hið neikvæða, sem samfara væri því að tengjast bandalaginu sem aðili eða aukaaðili. Ég er sannfærður um það, að um skeið voru þau sjónarmið ríkjandi hjá ríkisstj., að við ættum að gerast fullgildir aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu, og ég er sannfærður um, að nú er það sjónarmið þar ríkjandi, að við eigum að ná aukaaðildarsamningi við Efnahagsbandalagið, jafnvel þótt það sýni sig, eins og ég tel mjög sennilegt, að við yrðum að gangast undir allar meginskuldbindingar Rómarsamningsins með slíkum aukaaðildarsamningi. Ég vil aðeins minna á eftirfarandi staðreyndir þessu til sönnunar.

Snemma sumars 1961 var leitað svars fulltrúa 14 félagasamtaka í landinu við spurningunni um, hvort tímabært væri að feta í fótspor Breta og Dana og sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið sem aðilar. Fulltrúum þessara félagasamtaka var tjáð, að málið þyldi enga bið, við yrðum að vera með, ef við ættum að geta haft áhrif á mótun stefnu bandalagsins um meðferð sjávarafurða. Þetta hefur sýnt sig vera rangt hjá ríkisstj., og hún

hlýtur m. a. þá strax að hafa vitað, að umsókn um aðild út af fyrir sig gaf okkur ekki aðstöðu til þess að hafa áhrif á mótun neinnar sameiginlegrar stefnu. Landsfundur sjálfstæðismanna 1961 samþykkti, að Íslendingum bæri að sækja um aðild að Efnahagsbandalaginu, á þessum sömu röngu forsendum. Viðskmrh. hefur ítrekað haldið svipuðu fram, og allt fram til þess er hann lagði skýrslu sína fyrir Alþingi í nóv. s. l. harðneitaði hann því, að mögulegt væri að leysa vandamál okkar eftir tollasamningsleiðinni, enda þótt honum hljóti að hafa verið kunnugt um, að fjölmargar þjóðir höfðu einmitt gert slíka samninga þá við Efnahagsbandalagið og á þann hátt leyst að meira eða minna leyti sín viðskiptavandamál. (**Menntmrh.:** Hvaða þjóðir voru það?) Ég las þær upp áðan m. a., meðan ráðh. var úti. (**Menntmrh.:** Um tollasamninga?) Já. (**Menntmrh.:** Við skulum bara endurtaka það.) Ég skal gera það. Já, það eru Bandaríkin, Bretland, Haiti, Perú o. fl., ég man ekki nákvæmlega töluna, en það eru þó nokkuð mörg ríki, Ástralía og Kanada o. fl. (**Menntmrh.:** Eru það samningar, sem við getum leyst okkar vandamál með? Eru það slíkir samningar, sem við eigum að leysa okkar vandamál með?) Hver segir, að við getum ekki gert það?

Í bæklingi, sem gefinn var út af Evrópuráðinu í nóv. 1961 og heitir Afstaða nokkurra Evrópuríkja, annarra en sexveldanna, ef Bretland gerist aðili að Efnahagsbandalaginu, á bls. 42, segir, eftir að vitnað hefur verið í ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti 1. ágúst það ár:

„Það virðist sennilegt, að Ísland, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem stafa af fábreytni efnahagslífs landsins, mundi fremur vilja gerast fullgildur aðili Efnahagsbandalagsins en velja aukaaðildarleiðina, til þess að geta tekið þátt í að móta sameiginlega markaðsstefnu fyrir sjávarafurðir," — sem til þessa hefur gengið lítið að móta innan vébanda Efnahagsbandalagsins, — „og til þess að koma skoðunum sínum að varðandi fiskveiðitakmörkin, sérstaklega til þess að vernda einkarétt íslenzkra togara til veiða á svæðinu umhverfis Ísland, en um þau forréttindi hefur nýverið verið samið við Breta."

Ég sé það í blöðum frá í gær og í rauninni dag, að hæstv. ráðh. hefur brugðizt við þessum upplýsingum á þann hátt, að hann hefur viljað kenna þessi skrif við einhvern óábyrgan fréttamann, sem hafi skrifað þetta á eigin ábyrgð og án þess að hafa haft um það nokkurt samráð við ríkisstj. Í Alþýðublaðinu í dag eru ummæli hæstv. ráðh. út af þessu þannig tilfærð: Viðskmrh. kvaðst hafa séð umrætt fréttabréf Evrópuráðsins og sér væri kunnugt um það, að fréttamaður þess, sem skrifaði umrædda grein um Ísland, hefði ekki haft neitt samband við fulltrúa íslenzku ríkisstj. um afstöðu hennar til Efnahagsbandalagsins. Það, sem fram kæmi í umræddu fréttabréfi um afstöðu Íslands, væru því ágizkanir einar og enginn fótur fyrir þeim. — Það, sem hæstv. viðskmrh. leyfir sér að kalla fréttabréf, er þessi bæklingur. Hér er um að ræða skýrslu upp á 57 síður, og fréttamaðurinn, sem á að hafa skrifað þessa skýrslu, er enginn einstaklingur. Hún er unnin á vegum Evrópuráðsins af hópi sérfræðinga, sem sérstaklega var falið það verkefni að athuga afstöðu annarra ríkja í Evrópu en Bretlands til tengsla við EBE, ef Bretland tengdist Efnahagsbandalaginu. Skýrsla þessi er unnin af sérfræðingum á vegum viðurkenndrar alþjóðlegrar stofnunar, og hún er unnin undir handleiðslu næstæðsta manns þeirrar stofnunar, The Deputy Secretary General. Þær upplýsingar, sem ég hef úr þessari skýrslu og hæstv. viðskmrh. vill nú kenna við einhvern óábyrgan fréttamann, eru því að mínu viti mjög ábyggilegar og mjög áreiðanlegar, og það getur hver hv. þm. svarað þeirri spurningu sjálfur, hvort slíkar upplýsingar séu gefnar út um jafnmikið stórmál og þetta án þess að þeir embættismenn, sem vinna að slíkri skýrslugerð, hafi samband um það við viðkomandi ríkisstj. Ég tel það næstum alveg útilokað og raunar alveg útilokað. Og öll sú málaflækja, sem viðhöfð hefur verið, bæði í blöðum ríkisstj. og af talsmönnum hennar hér á þingi, þegar þeir hafa verið að verja þann hringsnúning, sem þeir hafa sannarlega viðhaft í afstöðu sinni og viðbrögðum í efnahagsbandalagsmálinu allt frá því á árinu 1961 og fram á þennan dag, rökstyður það enn fremur, að hér er rétt með farið. Það mun hafa verið ákveðinn ásetningur íslenzku ríkisstj. á árinu 1961 að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu sem fullgildur aðili. Og það er aðeins vegna upplýsinga, sem ráðh. fá ytra, þegar þeir fara að kanna þá möguleika, að þeir hverfa frá því, og vegna þeirrar andstöðu, sem Framsfl. beitti sér fyrir hér innanlands og hlaut mjög almennan stuðning landsmanna gegn þessu gönuhlaupi.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú látið þann boðskap út ganga, að hún væri alveg hætt við að hugsa um að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu sem fullgildur aðili. Hún hefur alveg hafnað þeirri leið. En hún segir, að til athugunar sé að tengjast bandalaginu, annaðhvort sem aukaaðili eða þá með tolla- og viðskiptasamningi.

Til viðbótar því, sem ég hef áður sagt um þann dæmalausa málflutning og þá dæmalausu málsmeðferð, sem mál þetta hefur hlotið í höndum hæstv. ríkisstj., vil ég enn þá benda á eitt atriði. Það er öllum mönnum kunnugt, sem athugað hafa og reynt að kynna sér Rómarsamninginn fræðilega, að ekki einasta 238. gr., sem fjallar um aukaaðild, er rúmt orðuð og gefur tilefni til margháttaðra skýringa og túlkana. Einnig 237. gr., sem fjallar um fulla aðild, er mjög rúmt orðuð og gefur tilefni til fjölda túlkana og margháttaðra skýringa. Þetta ber öllum fræðimönnum, sem skoðað hafa Rómarsamninginn, saman um. Ríkisstj. Íslands telur sig hins vegar í dag hafa aðstöðu til þess að segja, að full aðild að Efnahagsbandalaginu sé útilokuð, þó að hún

viti nánast ekki nákvæmlega um, í hverju hún kynni að geta verið fólgin, ef mikilsverðir fyrirvarar fengjust, sem mjög sennilegt er að hægt væri að fá. Hún segir, að aðildarleiðin sé útilokuð, en jafnframt telur hún, að aukaaðild geti mjög vel komið til greina, enda þótt í báðum tilfellum rísi margháttaðar spurningar, sem erfitt er að gefa svör við nú, eins og dæmið stendur í dag. Þetta er eitt dæmið um vinnubrögðin í þessu máli. Og svo er okkur framsóknarmönnum álasað fyrir það að velja alveg ótvírætt þá leiðina, sem við viljum nálgast þetta mál eftir, tollasamningsleiðina, af því að ekki liggi fyrir alveg ljóst í dag, hvað það þýði eða hvað hægt sé að fá með því að tengjast bandalaginu sem aukaaðili eða eftir tollasamningsleiðinni. Þetta er nú samræmið í málflutningnum.

Síðasta blekking, — og það verður mitt síðasta orð hér í kvöld, — sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt í þessu máli til þess að villa um fyrir þjóðinni, sem svo sannarlega þyrfti að fá réttar upplýsingar um þetta mikla mál fyrir þá kosningabaráttu, sem fram undan er, er, að hún, þegar slitnaði upp úr viðræðum Efnahagsbandalagsins og Breta, notfærði sér það sem tilefni til þess að lýsa því yfir, að þetta mál væri úr sögunni og við þyrftum sennilega ekki að taka nokkurn tíma afstöðu til þess. Mér er sagt, að einn hæstv. ráðh. hafi jafnvel í fréttaauka í útvarpinu, — ég hlustaði ekki á það sjálfur, -- talað um Efnahagsbandalag Evrópu eins og eitthvað, sem var, en ekki væri til enn þá. Ég hygg, að flestir, sem eitthvað hafa fylgzt með þessum málum, séu á annarri skoðun. Ég hygg, að flestir telji það gefið, að innan tíðar, kannske fyrr en síðar, verði samningunum við Breta haldið áfram, þeir verði teknir upp á ný. Og það er sennilegt, að þeir muni komast inn og þær þjóðir aðrar, sem þangað vilja fara, á eftir þeim. Sannleikurinn er sá, að það skiptir engu höfuðmáli, hvort þessar samningsviðræður við Breta byrja mánuðinum fyrr eða síðar. Það, sem máli skiptir fyrir okkur, er fyrst og fremst það, hverjir móti okkar stefnu og fari með samninga fyrir okkar hönd, þegar að því kemur, að við semjum við Efnahagsbandalagið. Verða það núv. stjórnarflokkar, sem mundu hafa sótt um fulla aðild að bandalaginu 1961 eða 1962, ef Adenauer og de Gaulle hefðu ekki verið því mótfallnir? Verða það þeir flokkar, sem staðnir hafa verið að því að reyna að hræða þjóðina með röngum upplýsingum til þess að fylgja sér á gönuhlaupinu? Eða fær Framsfl. tækifæri til þess að marka stefnuna? Hann benti einn flokka strax á þá leið, sem fara bæri, leið, sem þjóðin ótvírætt í dag að miklum meiri hl. aðhyllist, og leið, sem leitt hefur stjórnarflokkana til þess að látast vera því fylgjandi að athuga hana, a. m. k. fram yfir kosningar. Svarið við þessari spurningu fæst við næstu alþingiskosningar, og ég treysti því og trúi, að gæfa Íslands verði svo mikil, að Framsfl. fái þann styrk í kosningunum, er dugi til að tryggja þessi áhrif.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er um að ræða stórt mál og eitt hið örlagaríkasta, sem íslenzkri þjóð hefur að höndum borið. Þeir tveir ræðumenn, sem nú hafa talað um þetta mál á þessum fundi, hafa rætt það á mjög breiðum grundvelli og frá stórpólitísku sjónarmiði, sem vissulega er full ástæða til. Ég ætla mér á hinn bóginn að fara örfáum orðum um það, sem að okkur snýr hér, Íslendingum sjálfum, og taka þá tillit til fortíðar okkar og sögu og í annan stað rifja upp sumt af því, sem áður hefur komið fram í umr. um þetta mál, en þær hafa nú, sem kunnugt er, dregizt mjög á langinn, þar sem þær hófust hér snemma í vetur.

Sjálfstæði Íslands er öðru fremur grundvallað á menningarlegum arfi. Reynslan hefur sýnt, að stjórnfrelsið hefur orðið lykill að framförum þjóðarinnar. Þetta er hægt að rekja með dæmum í söguna stig af stigi. Eftir því sem stjórnfrelsið hefur vaxið, hafa framfarir þjóðarinnar orðið örari. Markmið sjálfstæðisbaráttunnar hefur frá upphafi vega verið það, að Íslendingar ráði sínum eigin málum sjálfir. Þessu marki hefur þjóðin orðið að ná í áföngum. Það leið alllangur tími, frá því að Íslendingar fengu í sínar hendur löggjafarvald, þangað til æðsta dómsvaldið var flutt inn í landið, og eftir að framkvæmdavaldið var í raun og veru komið inn í landið, fóru Danir samkv. samningi með utanríkisþjónustuna fyrir hönd Íslendinga. En Íslendingar og forustumenn þeirra hafa frá upphafi vega gætt þess og lagt á það höfuðáherzlu að afsala aldrei rétti. Og forustumenn Íslendinga hafa ekki óttazt fámenni þjóðarinnar. Það sjáum við, ef við lítum til sögunnar og þess, sem þeir bentu á og börðust fyrir í sjálfstæðisbaráttunni.

Það er nú komið svo, að ég hef lesið það í málgagni hæstv. viðskmrh. mér til mikillar furðu, að þær kenningar, sem Jón Sigurðsson barðist fyrir um sjálfstæði þjóðarinnar, eigi nú ekki lengur við, við séum orðnir svo vaxnir upp úr því, orðnir svo menntaðir og tæknin á svo háu stigi, að þetta eigi ekki lengur við. Ég lít allt öðrum augum á þetta. Þau mál, sem Jón Sigurðsson barðist fyrir, hafa mörg fengið þá lausn, sem fyrir honum vakti, en stefnan, sem hann setti í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, er í gildi, og sú aðferð, sem hann beitti í baráttu sinni, fyrnist ekki. Það mætti færa fram margar tilvitnanir úr ræðum og ritum Jóns Sigurðssonar, sem að þessu lúta. Ég ætla ekki að lengja umr. með því að gera það, en ég vil þó aðeins vitna til þessara fáu orða, sem eru mjög skýr að þessu leyti, — Jón Sigurðsson segir á einum stað: „Farsæld þjóðanna er ekki komin undir því, að þær séu mjög fjölmennar eða hafi mjög mikið um sig. Sérhverri þjóð vegnar vel, sem hefur lag á að sjá kosti lands síns og nota þá eins og þeir eiga að vera notaðir.“

Ef við færum okkur nær okkar eigin tíma og lítum til þess, hvað arftakar Jóns Sigurðssonar í frelsisbaráttunni höfðu um þetta að segja, kemur hið sama fram. Benedikt Sveins-

son alþingisforseti sagði í þingræðu, að ég ætla á fyrsta þinginu, sem haldið var í þessum sal, eftirfarandi orð: „Gætið þess, að lög og réttur er hið sterkasta einkenni þjóðernis, sem þjóðin lifir og deyr með, og það fremur sjálfu móðurmálinu. Vér þurfum eigi að fara til annarra þjóða eða vestur um haf til að sjá þetta. Að vér erum bæði fátæk og fámenn þjóð, er einmitt hin sterkasta ástæða með frv. mínu, því að því meiri háski er oss og þjóðerni voru búinn, að vér hverfum sem dropi í hafinu inn í önnur sterkari og aflmeiri þjóðerni á móti tilætlun forsjónarinnar, sem gaf oss sérstakt þjóðerni, og því meira verðum vér að leggja í sölurnar til þess, að svo verði ekki."

Ég skal nefna örfá fleiri dæmi. Fyrsti íslenzki ráðh., Hannes Hafstein, mælti svo í tækifærisræðu, þar sem hann stóð á erlendri grund:

„Frelsis- og sjálfstæðistilfinningin er enn í dag næmasta og viðkvæmasta tilfinningin í brjósti Íslendinga. Það verða allir að vita, sem vilja skilja rétt orð þeirra og gerðir. Íslendingar unna frelsi sínu og lögmætu sjálfstæði um alla hluti fram, og þeir vilja leggja jafnvel mikla fjárhagslega hagsmuni í sölurnar fyrir það að fá að ráða sínum sérstöku málefnum sjálfir."

Og meira að segja í hópi núlifandi stjórnmálamanna hafa yfirleitt ekki verið skiptar skoðanir um þessa afstöðu. Ég ætla ekki í þessum orðum að fara langt út í það að nefna tilvitnanir frá síðari tímum. Ég tel þó rétt vegna þess, sem ég benti á áðan um skrif málgagns hæstv. viðskmrh. að þessu leyti, að taka hér eina tilvitnun frá fyrrv. foringja Alþfl., því þó að margt sé nú breytt og ólíkt því, sem var í fyrri daga á því heimili, þá vænti ég þess samt, að hæstv. viðskmrh. og hans flokksmenn vilji hlusta á það, sem fyrri foringjar Alþfl. hafa sagt. Haraldur Guðmundsson mælti m. a. svo við hátíðlegt tækifæri 1944, að framtíð okkar og öryggi hlýtur að verða mjög undir því komin, að sambúð og viðskipti þjóðanna verði með þeim hætti, að hver þjóð, þótt hún sé fámenn og vopnlaus, fái að starfa í friði að eigin málum og sjálf að ráða í landi sínu.

Ég tek þessar fái tilvitnanir frá ýmsum tímum því til sönnunar, að meðal íslenzkra stjórnmálamanna hefur yfirleitt ekki verið ágreiningur um þetta fram að þessu, hver sé grundvöllur íslenzks sjálfstæðis, að hann sé sá, að Íslendingar ráði sínum eigin málum sjálfir og njóti einir gæða landsins og landhelgi. Flokkarnir hafa deilt um mörg mál og milli þeirra verið ágreiningur um framkvæmd stefnumála, en um þetta hefur allt fram að síðustu dögum verið samhugur meðal íslenzkra stjórnmálamanna. En nú er svo komið, að það er farið að ræða um það af hálfu ráðh. sumra og það er hægt að lesa um það í forustugreinum stjórnarblaðanna, að þetta sjálfstæðishugtak sé orðið úrelt, það sé úrelt sjálfstæðishugtak. — „Í heimi nútímans er gamla sjálfstæðishugtakið úrelt. Þjóðir ganga í bandalög og láta eftir hluta af þeim réttindum, sem áður heyrðu sjálfstæðum þjóðum til. Þær hafa skert sjálfstæði sitt að nokkrum hluta, en í staðinn hafa þær öðlazt mikilvæg réttindi, sem sambýli þjóða og alþjóðasamvinna veitir." Þessi orð standa m. a. í Vísi 25. febr. s. l.

Það getur ekki hjá því farið, að menn hrökkvi við, þegar farið er að ræða um sjálfstæði Íslands á þennan hátt. Og mér verður að spyrja: Hvaðan er komin þessi nýja skilgreining á sjálfstæðishugtakinu. Og mér verður að spyrja: Hvað er að búa um sig í herbúðum ríkisstj. og flokka hennar, þegar farið er að ræða málin á þennan veg. Það a. m. k. lítur út fyrir eftir yfirlýsingum Adenauers að dæma og raunar eftir skýrslu frá Evrópuráðinu, sem hér var lesið upp úr af síðasta ræðumanni, að í samtölum núv. ríkisstj. við erlenda ráðamenn hafi ekki verið til staðar sú sama djörfung og fyrsti íslenzki ráðh. hafði til að bera, þegar hann sagði Dönum hispurslaust, að Íslendingar vildu leggja mikið í sölurnar fjárhagslega fyrir það að fá að ráða sínum eigin málum sjálfir.

En að þessu hefur orðið alllangur aðdragandi. Þingsköp mæla svo, að utanrmn. eigi að fylgjast með utanríkismálum, jafnt á þingi sem milli þinga. Nú er þetta eitt hið stærsta utanríkismál, sem þjóðinni hefur að höndum borið. En samkv. því, sem fram hefur komið í þessum umr., mun utanrmn. ekki hafa oft verið kvödd til fundar út af þessu máli. Það hefur þó komið fram í umr. um þessi mál, að það hefur verið haldinn fundur í utanrmn. og hæstv. viðskmrh. gefið þar skýrslu um efnahagsbandalagsmálið 3. júní 1961. En það liðu ekki margar vikur frá því, að sá fundur var haldinn, þar til kallað var eftir svörum frá fulltrúum atvinnustétta í landinu um það, hvort þær væru því meðmæltar, að sótt væri um aðild að Efnahagsbandalaginu. Þá mun málið hafa verið lagt fyrir á þeim grundvelli, að á því væri knýjandi þörf að senda umsókn til þess að geta fylgzt með gangi þessara mála á erlendum vettvangi, og á þeim forsendum mun sú niðurstaða hafa fengizt, sem fulltrúar atvinnustéttanna komust að, eða þau svör, sem fulltrúar atvinnustéttanna sendu frá sér um þetta. Ég vil þó benda á, að litlu síðar en þetta gerðist, eða í sept. 1961, samþykkti aðalfundur Stéttarsambands bænda allskorinorða till. í efnahagsbandalagsmálinu og varaði við fljótfærnislegum ákvörðunum í því máli. Í þessari ályktun Stéttarsambands bænda segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stéttarsamband bænda lítur svo á, að hugsanleg aðild Íslendinga að erlendu efnahagsbandalagi sé svo stórfellt og vandasamt mál, að brýna nauðsyn beri til, að skýrt verði ýtarlega fyrir þjóðinni, hvað í slíku felst, og ekki komi til mála að veita útlendingum jafnrétti til atvinnurekstrar eða atvinnu á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi."

Þessi viðvörunarorð voru sögð af hálfu bændastéttarinnar þegar í sept. 1961.

Það er nú ljóst af því, sem fram hefur komið í umr. um þetta mál, að ríkisstj. stefndi

að því að ná fyrir Íslands hönd tengslum við Efnahagsbandalagið og tók að vinna að því af miklum áhuga þegar snemma á árinu 1961. Ég hlustaði nokkra stund á umr., sem fram fóru nú fyrir tveim dögum í Nd. Og ég taldi mig heyra það rétt, að hæstv. viðskmrh. segði frá því í þeim umr., að það hefði af hálfu ríkisstj. verið íhugað allgaumgæfilega, hvaða form ætti að velja þeim tengslum við Efnahagsbandalagið, sem ríkisstj. stefndi að að ná og vildi koma á. Og ég heyrði ekki betur en ráðh. segði, að það hefði verið íhuguð full aðild með prótókolli, eins og hann orðaði það. E. t. v. hefur ríkisstj. í því efni hugsað sér að hafa Lúxemborg að fyrirmynd, en a. m. k. þykir ástæða til í skýrslu ríkisstj., sem útbýtt hefur verið til þm., að taka það sérstaklega fram, að sérstaða minnsta ríkisins, sem nú er í Efnahagsbandalaginu, Lúxemborgar, sé viðurkennd á tveim mikilvægum sviðum með sérstökum bókunum eða fyrirvörum við undirskrift Rómarsamningsins. Ekki heyrði ég, að það kæmi fram hjá hæstv. viðskmrh., hvort gera hefði mátt ráð fyrir því, ef þessi leið hefði verið valin, að þessir fyrirvarar eða sérstöku bókanir hefðu orðið tímabundnar eða átt að haldast ótímabundnar. En eftirtekt hlýtur það að vekja, að eftir að búið er að skýra frá þessari sérstöðu Lúxemborgar í skýrslu ríkisstj. til Alþingis, er sagt á næstu bls. í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Þær undanþágur, sem við kynnum að geta fengið frá ákvæðum Rómarsamningsins samfara fullri aðild, verða sennilega annaðhvort að vera tímabundnar eða mjög almenns eðlis. Reglur Rómarsáttmálans um jafnan rétt til atvinnurekstrar hvarvetna á bandalagssvæðinu og um frjálsar hreyfingar fjármagns og vinnuafls yrðu því sennilega að taka til Íslands að langmestu leyti, ef um fulla aðild væri að ræða.“

En þm. vita það og raunar þjóðin öll, að ríkisstj. hafði á tímabili það til íhugunar, að Ísland gæti gerzt fullgildur aðili með prótókolli, eins og það er orðað.

Þegar hér var komið sögu, óskaði Framsfl. þess eindregið að fá tækifæri til að fylgjast með, hvað væri að gerast í efnahagsbandalagsmálinu. Þá kom það strax fram, sem hefur verið skýrt greinilega í þessum umr. og hæstv. viðskmrh. ber ekki brigður á, að fulltrúar Framsfl. vöruðu sterklega við, að fulltrúar ríkisstj. færu til útlanda að svo komnu máli til þess að ræða við erlenda ráðamenn um þetta mál. Í þess stað ætti að bíða átekta og íslenzk stjórnarvöld að gera það upp hér innanlands, hver málstaður Íslands í raun og veru væri. Þetta hefur greinilega komið fram í þessum umr. Og það sýnir, að þá þegar skildi í raun og veru leiðir milli Framsfl. og stjórnarflokkanna um meginatriði og meðferð þessa máls. En það fer saman, að í ummælum og skýringum af hálfu ríkisstj., einkum af hendi hæstv. viðskmrh., hefur og komið ýmislegt fram, sem Framsfl. getur ekki fellt sig við. Meðan ég hlustaði á umr. í hv. Nd., heyrði ég, að hæstv. viðskmrh. allt að því kvartaði yfir því, að það væri í þessum umr. tekin ein setning úr ræðu, sem hann hefði haldið í verzlunarráðinu, og sú setning slitin úr samhengi. Ég vil nú benda honum á, hæstv. ráðh., og öðrum, sem á mál mitt hlýða, að það er fleira í þeirri ræðu en þessi eina setning, sem aðallega hefur verið vitnað til, sem sýnir nokkuð hugarfar ráðh. í þessu máli. Með leyfi hæstv. forseta, lauk hæstv. ráðh. ræðunni með þessum orðum:

„Við hljótum að ætlast til þess af þjóðum Vestur-Evrópu, að þær skilji sérstök vandamál okkar og annarra smáríkja og auðveldi okkur aðild að viðskiptasamstarfi sínu. Jafnframt hljótum við að gera þá kröfu til sjálfra okkar, að við skiljum mikilvægi þess að slitna ekki úr tengslum við þá þróun, sem nú á sér stað í Vestur-Evrópu, og höfum djörfung og þrek til þess að stjórna málum okkar þannig, að aðild okkar að viðskiptasamstarfi Vestur-Evrópu verði möguleg.“

Hæstv. ráðh. krefst þess af sjálfum sér sem ráðh., af ríkisstj. og af þjóð sinni, að við sýnum djörfung og þrek til þess að stjórna málum okkar þannig, að aðild okkar verði möguleg. Hér er sagt svo skýrt sem verða má, hvað hæstv. ráðh. hefur búið í brjósti um þetta mál.

Nokkrum mánuðum síðar en þetta gerðist, eða í febrúarmánuði 1962, hélt bæði Alþfl. flokksstjórnarfund og Framsfl. miðstjórnarfund með mjög stuttu millibili. Þar er um að ræða ábyrgar stofnanir flokkanna, miðstjórnir flokkanna, sem gera samþykktir, og þá staðfestist það, hver skoðanamunur hefur verið og er í þessu máli milli Alþfl. og þar með ríkisstj. annars vegar og Framsfl. hins vegar. Í Alþýðublaðinu 16. febr. 1962 er forustugrein með fyrirsögninni „Aukaaðild“, og greinin hefst þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþfl. hefur að sínu leyti markað stefnu gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu. Hún er á þá leið, að Íslendingum beri að sækja um aukaaðild að bandalaginu, eins og ráð er fyrir gert í Rómarsamningnum.“

Þetta samþykkir flokksstjórnarfundur Alþfl. í febr. 1962. Hann hafði þá þegar markað stefnu gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu. En um svipað leyti ályktar miðstjórn Framsfl., að miðstjórnin álítur nú þegar ljóst, að full aðild Íslendinga að Efnahagsbandalaginu komi ekki til greina, og leggur áherzlu á, að gaumgæfilega sé athugað, hvort sú leið henti ekki Íslendingum að tengjast Efnahagsbandalaginu með sérstökum samningum um gagnkvæm réttindi í tolla- og viðskiptamálum. Og miðstjórnin leggur einnig sérstaka áherzlu á það í ályktun sinni, að beðið sé átekta um að ráða málinu til lykta, þangað til málið skýrist betur.

Þetta er svo skýrt sem verða má, að hér er um málefnalegan stefnumun að ræða á milli ríkisstj. og Alþfl., — ég vitna nú til Alþfl. m. a. vegna þess, að hæstv. viðskmrh. er í fyrirsvari ríkisstj. um þetta mál, — annars vegar stefnu ríkisstj. og stjórnarflokkanna og hins vegar stefnu Framsfl. Það er því alls kost-

ar eðlilegt að ræða málið málefnalega á þessum grundvelli, að hér sé um stefnumun að ræða og tvær leiðir, sem bent er á. En svo hefur borið við í umr. um þetta mál af hálfu ráðh., að þeir láta það koma fram eins og aukaaðild og tolla- og viðskiptasamningur geti jafnvel verið ein og sama leið. Þetta brýtur alveg í bága við það, sem skýrt er sett fram í skýrslu ríkisstj., þar sem gerð var grein fyrir þessum tveim leiðum, og er vitanlega fremur til þess fallið að flækja málið en skýra. Þá er og í þessum umr. — og það er næsta eftirtektarvert — af hálfu ríkisstj. reynt að beita undanbrögðum, eins og aðrir ræðumenn hafa raunar sýnt fram á. Það er farið að tala um og halda því á lofti, að Efnahagsbandalag Evrópu sé ekki lengur á dagskrá eða jafnvel ekki til, að því er sumir segja. Þetta er vitanlega fjarri lagi. Efnahagsbandalag Evrópu er til. Mál þess eru og munu verða á næstunni mjög ofarlega á baugi í Evrópu og Íslendingar ekki komast hjá að taka afstöðu til þeirra.

Þá vil ég með örfáum orðum víkja að því, að á aðild, þó að aukaaðild sé, og viðskipta- og tollasamningi er vitanlega mikill munur, eins og aðrir ræðumenn og m. a. síðasti ræðumaður rakti svo greinilega í þessum umr. Íslenzk tunga er skýr og rökvís og jafnvel orðin sjálf: aðild annars vegar og samningur hins vegar — skýra þetta. Aðild þýðir vitanlega það að vera aðili að, vera í félagi eða bandalagi, en samning við félag eða bandalag gerir sá, sem stendur utan þess, en tryggir sér vissa aðstöðu og hagsmuni með viðskiptasamningi. Og þegar hæstv. ríkisstj. leggur skýrslu sína fyrir hv. Alþingi, sem vitanlega er ekki samin í fljótræði, heldur gjörhugsuð, þá gerir hún mjög skýran greinarmun á þessu. Hér segir á bls. 53 í skýrslunni:

„Þá er að sjálfsögðu meginmunur á aukaaðildarleiðinni og tollasamningsleiðinni, að aukaaðili tekur með einum eða öðrum hætti þátt í störfum bandalagsins og getur að vissu leyti haft aðstöðu til þess að hafa áhrif á stefnu þess, en ríki, sem gerir tollasamning við Efnahagsbandalagið, er utan þess og tekur að sjálfsögðu engan þátt í störfum þess né hefur aðstöðu til að hafa áhrif á stefnu þess.“

Hér er alveg skýrt til orða tekið og rétt frá sagt. Því furðulegra er, að í þessum umr. um skýrsluna hefur verið gerð tilraun til þess að gera sem minnstan eða jafnvel engan greinarmun á þessum tveimur leiðum.

Það mun vera ætlan þeirra, sem beita sér fyrir aukaaðildarleiðinni, að með því tryggi Ísland sér mikinn rétt. Ég verð að láta þá skoðun í ljós, að á því séu litlar eða engar líkur, að smáþjóð eins og Íslendingar komist til mikilla áhrifa innan bandalagsins og í stofnunum þess, þótt þeir gerðust aðilar. Það er vitanlegt, að í alþjóðasamtökum eru það stórveldin, sem jafnan hafa mest áhrif. Þó er það svo, t. d. hjá Sameinuðu þjóðunum, að hvert ríki hefur eitt atkv., en í stofnunum Efnahagsbandalagsins er þessu ekki þannig farið. Á þinginu hefur Lúxemborg aðeins 1/6 hluta þm. á borð við Bretland, Frakkland og Ítalíu hvert um sig. Og geta menn þá rennt grun í, hver hlutur Íslands mundi verða, þótt við gerðumst aðilar, og í ráðinu, sem er valdamikil stofnun, gildir vegið meðaltal, þar sem Frakkland, Ítalía og Þýzkaland hafa 4 atkv. hvert, Belgía og Holland aðeins 2 atkv. og Lúxemborg 1 atkv. Þetta ásamt öðru sýnir, að það eru ekki líkur til þess, að áhrifa smáríkis eins og Íslands gætti mikið á störf og stefnu bandalagsins, þótt við gerðumst þar aðilar.

Ég sé nú, að það líður á kvöldið, og skal nú gjarnan reyna að segja þetta í sem fæstum orðum, sem ég ætla að bæta við það, sem þegar er fram komið. Af skýrslu ríkisstj. er það alveg ljóst, þegar hún er lesin með gaumgæfni, að þótt hæstv. ríkisstj. segi, að það séu tvær leiðir, sem komi til greina, aukaaðild og viðskipta- og tollasamningur, hefur ríkisstj. í raun og veru fyrir sitt leyti valið aukaaðildarleiðina. Þetta er alveg ljóst, þegar skýrslan er lesin með gaumgæfni, því að í kaflanum, sem fjallar um aukaaðildina, er það mjög áberandi og eftirtektarvert, hvað mikið er gert úr þeim hagsbótum, sem sú leið kunni að færa okkur Íslendingum, en tiltölulega lítið gert úr annmörkunum, sem þeirri leið fylgja. Þegar rætt er um tolla- og viðskiptasamningsleiðina, er þessu á allt annan veg farið. Þá er lögð á það mikil áherzla, að ávinningurinn eftir þeirri leið verði takmarkaður, en annmarkarnir miklir. Þetta gæti ég stutt með dæmum í sjálfa skýrsluna, en til að stytta mál mitt læt ég það niður falla að svo stöddu. En þá kemur að því, eftir hverju Íslendingar þurfa að sækjast í þessu sambandi öðru en samningum um viðskipta- og tollamál. Ekki sækjast Íslendingar eftir samstarfi eða samvinnu í járn- og stáliðnaði, eins og upphaflega hratt þessum samtökum af stað milli Frakka og Vestur-Þjóðverja. Ekki sækjast Íslendingar eftir því að tengjast þessum stórveldum Evrópu á sviði hernaðar. Ekki hugsa Íslendingar til útflutnings á vinnuafli eða fjármagni. Ekki þurfa þeir að tengjast þessari ríkjasamsteypu til þess að gæta hagsmuna sinna í því efni.

Ég vil að lokum segja það, að þetta mál má hv. Alþingi og hin íslenzka þjóð ekki láta sem vind um eyrun þjóta. Það hefur verið sagt og því mjög haldið að þjóðinni af hálfu stjórnarflokkanna í sambandi við kjördæmabreytinguna, að þingið ætti að vera í sem mestu samræmi við þjóðarviljann. En það er sennilegt, að svo fari, að næstu alþingiskosningar, sem ákveðnar eru 9. júní n. k., verði eina tækifærið, sem íslenzkir kjósendur hafa raunverulega aðstöðu til að hafa áhrif á þetta mál. Og það er þess vegna bæði réttmætt og skylt að láta þetta mál vera þungt á metunum, þegar gengið verður að kjörborðinu 9. júní n. k.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þá er loks tæmdur hinn langi ræðumannalisti, sem legið hefur hjá hæstv. forseta í þessu máli, að einum hv. þm. undanteknum, sem er veikur og þess vegna er ekki hægt að gefa

orðið nú á þessum fundi. Undanfarnar vikur hefur ekki linnt látum hjá forsvarsmönnum hv. stjórnarandstöðu. Þeir hafa krafizt þess, að þetta mál yrði tekið á dagskrá, til þess að þeir gætu flutt skoðanir sínar, kynnt skoðanir sínar á málinu. Hv. þm. hafa nú fengið að heyra þann mikilvæga boðskap, sem þeim hefur legið á hjarta undanfarnar vikur, og er það að sjálfsögðu gott, að menn skuli hafa komizt að raun um, að það var þó ekki annað en þetta, sem þeir höfðu að segja, því að satt að segja held ég, að ekki hafi komið fram eitt einasta nýtt atriði í þeim ræðum, sem þeir hafa nú flutt, að undanteknu einu atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykn. (JSk), sem er líka það atriði, sem gefur mér tilefni til að segja hér að lokum fáein orð. En það verð ég að segja, að allar þessar löngu ræður voru sannarlega þess virði, að þetta atriði kæmi fram og gæti gefið mér tilefni til þess að skýra það mál, sem þar er um að ræða.

Ég hefði satt að segja gjarnan viljað á mig leggja að sitja undir helmingi lengri umr. en þessum, ræðum um ekki neitt, til þess að fá þetta eina atriði fram, sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Reykn. En áður en ég vík að því, vil ég vekja athygli á, að það var eitt af aðalatriðum ræðu hv. 5. þm. Austf. (PÞ) að gagnrýna mig fyrir að hafa boðað þá kenningu, að það, sem hann kallaði gamla sjálfstæðishugtakið, væri nú úrelt, en með því á hv. þm. við það, að þjóðréttarfræðingar eru yfirleitt á þeirri skoðun, að þær þjóðréttarskuldbindingar, sem flestar menningarþjóðir hafa tekið á sig á síðari árum, einkum á árunum eftir styrjöldina, samrýmast ekki þeirri skilgreiningu á fullveldi, sem áður var almennt viðurkennd. Þess vegna segja nær allir málsmetandi þjóðréttarfræðingar, að hin gamla skilgreining á fullveldishugtakinu sé nú úrelt. Það er rétt, að ég hef tvisvar eða þrisvar sinnum opinberlega bent á þessa staðreynd. En ég var ekki fyrstur til þess hér á landi. Fyrstur til þess var sjálfur varaformaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson prófessor, sem gerði þetta í mjög merkum háskólafyrirlestri á s. l. hausti, sem fjallaði einmitt um Efnahagsbandalagið, og Efnahagsbandalagið eða aukin alþjóðasamvinna varð honum tilefni til fræðilegrar útlistunar á þessum atriðum. Ég var og er enn algerlega sammála þeim fræðilegu skýringum, sem fram komu í þessum merka fyrirlestri varaformanns Framsfl. Svo undarlega hefur hins vegar viljað til, að þó að efni hans hafi verið birt í blaði flokksins, Tímanum, þá hefur ekki það blað og mér vitanlega enginn framsóknarmaður séð ástæðu til þess að ráðast á varaformann Framsfl. fyrir að vera að boða kenningar um úrelt fullveldishugtak eða úrelt sjálfstæðishugtak, og ekki undirstrikað það, að hann væri að boða þjóðhættulegar skoðanir. En þegar ég hins vegar í eitt eða tvö skipti og sérstaklega eitt skipti segi efnislega það sama, sem varaformaður Framsfl. hafði sagt mörgum mánuðum á undan mér og meira að segja í alveg sama ræðustólnum, þá er ég allt í einu farinn að boða þjóðhættulegar skoðanir, og þetta bergmálar svo í ræðum manna hér á hinu háa Alþingi, eins og í ræðu hv. 5. þm. Austf. hér áðan. Þessu þarf ég ekki að svara meir að öðru leyti en því að benda á, að í raun og veru hitti ádeila hans um þetta efni miklu frekar varaformann hans eigin flokks heldur en mig, því að hann er upphafsmaður þessara kenninga og fyrsti boðberi þeirra hér á Íslandi, en ekki ég. En þess vegna vek ég athygli á þessu atriði, að það snertir — óbeint þó — það atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni og ræða hv. 4. þm. Reykn. gaf mér tilefni til, og nú skal ég snúa mér að því.

Hv. þm. sagði, að nokkur lönd, sem hann nefndi, hefðu gert tollasamninga við Efnahagsbandalagið, og hann sagði, eftir að ég hafði gripið fram í fyrir honum úr stóli mínum, — þar sem mér satt að segja kom mjög undarlega fyrir sjónir, að hv. þm. væri að vitna til þessara samninga í sambandi við umr. um vandamál Íslands og tengsl þess við Efnahagsbandalagið, þá spurði ég hann, hvort hann teldi Íslendinga geta leyst vanda sinn með hliðstæðum hætti og þarna hefði verið um að ræða, og hann svaraði því játandi og endurtók meira að segja: því ekki það? Þannig eiga einmitt Íslendingar að leysa sinn vanda eftir tollasamningsleiðinni. Þarna er í fyrsta skipti komin nánari skýring á því, hvað framsóknarmenn virðast hugsa sér með tollasamningsleiðinni. Hingað til hafa þeir sagt: Við viljum ekki aukaaðild, við viljum tollasamning, án þess að segja nokkurn tíma, hvers konar tollasamning þeir vilja. En þarna kom yfirlýsingin, og það er enginn ómerkur þm., sem hana gefur, það er einn af efnilegustu yngri forustumönnum Framsfl., maður, sem ég held að allir telji að tali ekki af sér, hefur yfirleitt reynt að gera sér fyrir fram grein fyrir því, sem hann segir, og þess vegna full ástæða til þess að taka þetta alvarlega. Ég læt mér ekki detta í hug, að hv. þm. Jón Skaftason hafi ekki kynnt sér áður, um hvers konar samninga hér var að ræða, svo að ég geri ráð fyrir því, að hann viti, hvað hann var að segja með þessum ummælum sínum. Hvaða samningar eru þetta, sem hann vitnar til sem fyrirmyndar fyrir Íslendinga? Það eru samningar, sem gerðir voru í fyrra milli Efnahagsbandalagsins og nokkurra ríkja um gagnkvæma lækkun á nokkrum tollum á iðnaðarvörum á grundvelli alþjóðlega samkomulagsins um tolla og viðskipti, GATT. M. ö. o.: þessir samningar voru gerðir innan GATTs, á grundvelli GATT-reglnanna. Og þetta eru þeir samningar, sem nú er af hálfu Framsfl. bent til að eigi að vera okkur Íslendingum fyrirmynd.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að Íslendingar eru ekki í GATT. Forsenda þess, að við gætum gert slíka samninga, hlyti því að vera sú, að við gengjum í GATT. Ég get því ekki skilið þessi ummæli hv. þm., málsvara Framsfl., öðruvísi en þannig, að Framsfl. mæli með því, að

Íslendingar gangi í GATT, vegna þess að að öðru leyti er út í bláinn að tala um þessa samninga sem fyrirmyndarlausn á viðskiptavandamálum Íslendinga í sambandi við stofnun Efnahagsbandalagsins. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. tali ekki svona, nema hann viti, hvað það þýðir að vera aðili að GATT, en Íslendingar eru það ekki. Nú harma ég það, að klukkan skuli vera 19.30 að kvöldi, en ekki 13.30 á degi, því að um þetta vil ég gjarnan fá tækifæri til að tala nokkru nánar, en það verð ég því miður að neita mér um.

Ég skal aðeins segja það í örfáum setningum, að þeir, sem ganga í GATT, aðildarríkin í GATT, hafa skuldbundið sig til þess m. a. að hækka enga tolla frá því, sem er, þegar þau ganga í GATT. Það eru gerðir samningar um það, að flesta tolla verður yfirleitt að festa. Þau ríki, sem ganga í GATT, geta yfirleitt ekki hækkað tolla sína eftir inngönguna, það gildir að langflestu leyti. Undantekningar eru til frá því. Aðalreglan við inngöngu í GATT er einmitt sú, að þær þjóðir, sem í GATT ganga, festa sína tolla. Það er aðalreglan. Nú má náttúrlega hver sem vill leika sér að því að velta fyrir sér, og því skýt ég að hv. 5. þm. Austf., hvort það sé skerðing á fullveldi, skerðing á sjálfstæði að undirskrifa skuldbindingu um það að hækka yfirleitt ekki tolla, nema í alveg sérstökum tilvikum. Það er umhugsunarefni fyrir hv. þm. yfir helgina.

Í öðru lagi er það önnur meginskuldbinding, sem þjóðir, sem ganga í GATT, gangast undir, að gera ekki aðrar ráðstafanir, sem jafngildi tollahækkun. T. d. má ekki innleiða ný höft, og það má ekki lögtaka útflutningsbætur. Þeir, sem ganga í GATT, mega þannig ekki innleiða ný höft, þeir verða að afnema höft, ef þau hafa verið fyrir hendi áður, í öllum aðalatriðum og alls ekki greiða útflutningsbætur. Þetta eru m. ö. o. skuldbindingarnar, sem nú hefur verið lýst yfir af hálfu málsvara Framsfl., að flokkurinn vilji láta Íslendinga undirgangast. (**JSk:** Þetta er nú ekki að snúa út úr?) Það er ekki hægt að gera hliðstæðan samning með öðru en að ganga í GATT, og þetta eru skilyrði fyrir inngöngu í GATT. (**EystJ:** Ég vorkenni ráðh.) Það er alveg óþarfi. Nú fer ég að vorkenna Eysteini Jónssyni eftir þetta. Það er áreiðanlegt. (**EystJ:** Var ráðh. sagt erlendis, að það væri skilyrði fyrir tollasamningi, að Ísland gengi í GATT? Vill hann ekki svara því?) Það er skilyrði fyrir þeim samningum, sem hv. þm. var að vitna í, það vona ég, að formaðurinn hafi heyrt. Eða er formaðurinn nú farinn að skammast sín fyrir þennan þm. líka, eins og hann hefur gert um fleiri? (**Forseti:** Ekki samtal. Hæstv. ráðh. heldur áfram ræðu sinni.)

Þetta er bara byrjunin, nú kemur framhaldið. Þá er það að segja um þessa samninga í fyrra innan GATT, sem hv. þm. vitnaði til sem fyrirmyndar fyrir væntanlega samninga Íslendinga, að þeir fjölluðu ekki um neinar matvörur, þeir fjölluðu eingöngu um iðnaðarvörur, og það er yfirlýst stefna Efnahagsbandalagsins í þessum samningum að ræða ekki tollalækkanir á matvörum, og hin sama er stefna Efnahagsbandalagsins í hinum væntanlegu tollasamningum, að þar er Efnahagsbandalagið ekki reiðubúið til þess að ræða tollalækkanir á matvörum og þ. á m. ekki á sjávarafurðum. (Gripið fram í.) Þeir gerast órólegir, stjórnarandstæðingar, það er nauðsynlegt að þagga niður í þeim. — Þegar af þessari ástæðu er líka alveg augljóst mál, að þessir samningar, sem þarna voru gerðir, geta — ég segi: því miður ekki verið neins konar fyrirmynd fyrir Íslendinga að samningum til þess að leysa þeirra vandamál. Það væri alveg sérstakt vandamál, sem alls ekki hefur verið tekið á dagskrá, hvort Efnahagsbandalagið yfir höfuð að tala vill ræða lækkun á landbúnaðarvörum og sjávarafurðum. Það er það, sem ríkisstj. hefur talið vera eitt mesta vandkvæðið í sambandi við tollasamningsleiðina, að enn hefur Efnahagsbandalagið ekki viljað viðurkenna, það hefur engin yfirlýsing verið gefin af þess hálfu, að það sé reiðubúið til þess að ræða um lækkun tolla á landbúnaðarvörum, að sjávarafurðum meðtöldum. Það er þetta fyrst og fremst, sem hefur gert ríkisstj. uggandi um, að eðlilegt mundi vera að leysa viðskiptavandamál Íslendinga eftir tollasamningsleiðinni, þó að við höfum a. m. k. talið sjálfsagt og réttmætt að útiloka þá leið ekki, í von um, að það verði stefnubreyting hjá Efnahagsbandalaginu að því leyti, að það sé einnig reiðubúið til þess í framtíðinni að ræða tollalækkun á landbúnaðarvörum og sjávarafurðum.

Þetta tvennt finnst mér taka af öll tvímæli um það, að eins og nú stendur geta þeir samningar, sem hv. þm. vitnaði til sem fyrirmyndar fyrir Íslendinga, ekki skoðazt sem fyrirmynd að lausn á vanda Íslendinga í dag, annars vegar af því, að við erum alls ekki í þeim samtökum, sem voru grundvöllur tollasamninganna, við erum fyrir utan þau, og í öðru lagi, að samningarnir voru ekki og gátu ekki verið um landbúnaðarvörur né sjávarafurðir. Engu að síður þykir mér vænt um, að þessi yfirlýsing kom, þó að hún sé byggð á misskilningi, — ég vil kalla þetta misskilning og ekki annað, — en engu að síður er yfirlýsingin merkileg, vegna þess að ég get ekki skilið hana öðruvísi en hún sé meðmæli af hálfu hv. 4. þm. Reykn. með því, að við öflum okkur aðstöðu til þess að gera slíka samninga við Efnahagsbandalagið. En þá verðum við að ganga í GATT með þeim kvöðum, sem því fylgja.

Að síðustu skal ég svo segja það, að ástæðan til þess, að við höfum ekki gengið í GATT, er að sjálfsögðu sú, að því fylgja svo þungar kvaðir, — kvaðir, sem við hingað til höfum ekki viljað taka á okkur. Ég skal geta þess, að sú stefna í efnahagsmálum, sem fylgt var á stjórnartíma stjórnar Hermanns Jónassonar, var algerlega ósamrýmanleg grundvallarreglum GATTs. Ísland hefði ekki fengið inngöngu í GATT á stjórnartíma Hermanns Jónassonar. M. ö. o.: ef við eigum að verða aðilar að GATT, eins og hv. 4. þm. Reykn. nú virðist mæla með,

þá verður að skuldbinda okkur til þess að fylgja aldrei framar stefnu stjórnar Hermanns Jónassonar í efnahagsmálum. Og taki hv. þm. nú vel eftir: Ef við göngum í GATT, eins og hv. þm. virðist nú mæla með, þýðir það yfirlýsingu um, að Íslendingar megi aldrei framar taka upp þá stefnu, sem stjórn Hermanns Jónassonar fylgdi, því að útflutningsbætur eru óheimilar, og innheimta innflutningsgjalda í því skyni, sem hún þá var gerð, er líka óheimil. Nú getur hv. þm. Páll Þorsteinsson velt því líka fyrir sér yfir helgina, hvort kenning Jóns Skaftasonar, sem ég hlýt að skilja svo, að Íslendingar eigi að ganga í GATT, sé samrýmanleg fullveldishugtakinu.

Umr. frestað, en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

III. Þjóðhags- og framkvæmdaáætlun.

Á 48. fundi í Sþ., 16. apríl, var tekin á dagskrá:

Skýrsla ríkisstj. um þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í yfirlýsingu þeirri um stefnu ríkisstj., sem ég flutti á Alþingi hinn 20. nóv. 1959, var skýrt frá því, að ríkisstj. mundi taka upp samningu þjóðhagsáætlunar, er verða skyldi leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til hagnýtingar á náttúruauðlindum landsins.

Fyrst í stað varð ríkisstj., eins og kunnugt er, að einbeita sér að lausn þeirra brýnu efnahagsvandamála, sem fyrir lágu, þegar hún tók við völdum. Það var ekki fyrr en seint á árinu 1960, að unnt var að snúa sér að athugun á gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, sem í upphafi var ætlað að gilti fyrir tímabilið 1962—1966. Um algera nýjung var hér að ræða, og kom þá fljótlega í ljós, að á þessu starfi mundu verða miklir örðugleikar. Í fyrsta lagi var *engin stofnun* til í landinu, sem starfað gæti að slíku verkefni undir forustu ríkisstj. Í öðru lagi voru þeir íslenzku sérfræðingar, sem kunnáttu og reynslu höfðu á þessu sviði, önnum kafnir við önnur störf. Í þriðja lagi skorti margvíslegar upplýsingar um atvinnulífið, fullkomna þjóðhagsreikninga og áætlanir og athuganir í einstökum greinum, framkvæmda- og atvinnulífsins, sem nauðsynlegar eru við gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlana. Ríkisstj. taldi því ekki, að unnt væri að framkvæma þetta verk, nema til kæmi í upphafi tækniaðstoð erlendis frá. Sneri ríkisstj. þess vegna sér í þessu skyni til Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, sem m. a. hefur það verkefni að veita aðildarríkjum sínum aðstoð af þessu tagi. Jafnframt leitaðist ríkisstj. fyrir um það hjá norsku ríkisstj., hvort tök mundu á því að fá norska sérfræðinga til þessara starfa. En gera mátti ráð fyrir, að reynsla Norðmanna í þessum efnum mundi geta komið að meira gagni hér á landi en reynsla annarra þjóða.

Efnahags- og framfarastofnunin og norska ríkisstj. tóku þessari málaleitun af miklum velvilja, og það varð úr, að 3 norskir hagfræðingar, sem þá höfðu nýlokið við undirbúning að norskri framkvæmdaáætlun, komu hingað til landsins á miðju ári 1961 og dvöldust hér um hálfs árs skeið. Höfðu þeir aðsetur í Framkvæmdabanka Íslands, en með þeim starfaði nefnd íslenzkra embættismanna. Því miður gat dvöl þeirra ekki orðið lengri en þetta sökum anna heima í Noregi. Norsku hagfræðingarnir unnu hér ágætt starf, ekki síst þegar tillit er tekið til, að hér var um brautryðjendastarf að ræða. Vegna þeirra erfiðleika, sem ég áðan nefndi, reyndist tíminn hins vegar of skammur til þess, að unnt væri að ljúka áætlunargerðinni, áður en þeir færu. Íslenzkir sérfræðingar urðu að halda starfinu áfram. Til þess að þetta væri unnt, þurfti að setja á fót stofnun, er helgað gæti sig þessu starfi og stæði í nánum tengslum við ríkisstj. og þær opinberu stofnanir, sem eiga mestan hlut að stjórn efnahagsmála. Varð það úr, að ríkisstj., Framkvæmdabankinn og Seðlabankinn komu sér saman um að setja á fót slíka stofnun, Efnahagsstofnunina. Tók hún til starfa í ágústmánuði s. l. og hefur síðan unnið að því undir forustu ríkisstj. að fullgera þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963—1966. Er grein gerð fyrir þessari áætlun í þeirri skýrslu ríkisstj., sem lögð var fyrir Alþingi hinn 10. apríl s. l.

Gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlana hefur rutt sér til rúms víða um heim á undanförnum árum. Litið er á slíkar áætlanir sem þýðingarmikið tæki við stjórn efnahagsmála, og er slíkt gagnlegt bæði til þess að stuðla að örum vexti þjóðarframleiðslu og eðlilegu jafnvægi í efnahagslífinu. Í Vestur-Evrópu hafa Frakkland, Holland og Noregur stuðzt við áætlunargerðir í stjórn efnahagsmála sinna síðan skömmu eftir að styrjöldinni lauk. Og nú nýlega hefur áætlunargerð verið hafin í Bretlandi.

Áætlunargerð hér á landi hlýtur að mótast af sérkennum íslenzks atvinnulífs og því stigi, sem þekking okkar í efnahagsmálum hefur náð. Sú þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem nú hefur verið gerð, er frumsmíð, sem er um margt ófullkomin, en er jafnframt vísir að nákvæmari og víðtækari áætlunum, sem væntanlega verða gerðar síðar meir.

Áætlunin er í fyrsta lagi almenn þjóðhagsáætlun, sem gerir grein fyrir því, hver þróun þjóðarbúskaparins geti verið á árunum 1963—1966, *hve mikið þjóðarframleiðslan geti vaxið*, hve mikið neyzla geti aukizt og hve miklu fjárfestingin geti numið. Jafnframt sýnir áætl-

unin þau markmið í þróun þessara meginþátta þjóðarbúskaparins, sem æskilegt er að ná, og gerir í stórum dráttum grein fyrir þeim leiðum, sem hægt er að fara til þess að ná þeim markmiðum. Ríkisstj. telur, að áætlun af þessu tagi sé þýðingarmikið tæki í stjórn efnahagsmála, vegna þess að hún sýnir á skýran og einfaldan hátt það svigrúm til vaxtar og aukningar, sem um getur verið að ræða í hverri grein þjóðarbúskaparins, og það samhengi, sem er á milli þessara greina.

Í öðru lagi er áætlunin framkvæmdaáætlun, sem sýnir þau markmið, sem ríkisstj. vill stefna að í framkvæmdum hins opinbera og í stuðningi hins opinbera við framkvæmdir einkaaðila á áætlunartímabilinu. Í þessu efni hefur að svo komnu máli ekki reynzt kleift að leggja fram sundurliðaðar og nákvæmar áætlanir fyrir allt áætlunartímabilið né gera grein fyrir þeim sérstöku ráðstöfunum, sem nauðsynlegar kunna að vera, til þess að hinum settu markmiðum sé náð á tímabilinu í heild. Stafar þetta af því, að áætlunargerð hér á landi er enn á frumstigi og mikið vantar á, að nægilegar upplýsingar og séráætlanir liggi fyrir um einstakar framkvæmdir og einstakar greinar efnahagslífsins. Slík sundurliðuð áætlun um framkvæmdir og fjárhagslegar aðgerðir hefur hins vegar verið gerð fyrir fyrsta ár tímabilsins, árið 1963, og fylgir hún skýrslunni sem sérstakt fylgiskjal. Ætlunin er, að sams konar áætlanir verði síðar gerðar fyrir árið 1964—1966.

Ég kem þá að því að ræða áætlunina sjálfa og forsendur hennar. Eins og óhjákvæmilegt er um allar áætlanir varðandi þróun mála fram í tímann, byggist sú þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. hefur lagt fram, á náinni athugun á reynslu fortíðarinnar og þeim lærdóm, sem af henni megi draga um framtíðina. Á undanförnum tveimur árum hefur verið lokið við að semja þjóðhagsreikninga fyrir árin 1945—1960 og bráðabirgðareikninga fyrir árin 1961 og 1962. Mynda þessir þjóðhagsreikningar þann tölulega grundvöll, sem áætlun ríkisstj. er reist á.

Síðustu tveir áratugir hafa verið mikið umbrotatímabil í þjóðarbúskap Íslendinga, og hefur þar mjög gætt áhrifa utan að, sem Íslendingar hafa sjálfir getað lítt við ráðið. Á styrjaldarárunum jókst þjóðarframleiðslan og þjóðartekjur mjög mikið, en sú aukning byggðist að mestu á sérstökum tímabundnum aðstæðum, en átti sér ekki eðlilega stoð í framleiðslukerfi landsmanna sjálfra. Áherzla var því á það lögð í lok styrjaldarinnar að búa landið nýjum framleiðslutækjum, svo að hægt væri að halda hinum háu tekjum styrjaldaráranna við nýjar og erfiðar aðstæður. Árangur þessarar miklu uppbyggingar var þó minni en vonir stóðu til, þar sem aflaleysi og verðfall útflutningsafurða lögðust á eitt um að þrengja hag þjóðarbúsins. Um skeið lækkuðu tekjur þjóðarinnar á mann ár frá ári, og það var ekki fyrr en um það bil 10 árum eftir lok styrjaldarinnar, eða á árinu 1954, sem þjóðartekjur á mann höfðu aftur náð sínu fyrra hámarki. Segja má, að um það leyti væri lokið hinni erfiðu aðlögun íslenzka efnahagskerfisins eftir umbrot styrjaldarinnar og fyrstu árin eftir stríðið.

Síðan á árinu 1954 hefur þjóðarframleiðslan vaxið að meðaltali um 4.1% á ári, en meðalvöxtur á mann hefur verið um 2%. Hins vegar hefur þjóðarframleiðslan vaxið mjög misjafnlega ört á þessu tímabili. Þegar aflabrögð og viðskiptakjör hafa verið hagstæðust, eins og á árunum 1955, 1958 og 1962, hefur vöxturinn verið allhraður, en mjög hægur þess á milli. Og eitt árið, 1957, minnkaði þjóðarframleiðslan lítið eitt. Það verður að telja, að vöxtur þjóðarframleiðslunnar á Íslandi á þessu árabili, þ. e. a. s. frá 1954—1962, hafi verið fremur hægur. Hann var t. d. hægari en í flestum iðnaðarlöndum Vestur-Evrópu, sérstaklega ef tillit er tekið til hinnar öru fólksfjölgunar.

Það er mikilvægt atriði, að reynt sé að gera sér grein fyrir því, hvað hafi valdið hinum tiltölulega hæga vexti þjóðarframleiðslunnar á þessu tímabili. Orsakanna virðist ekki vera að leita í lítilli fjárfestingu. Þvert á móti var fjárfestingin í atvinnumálum hér á landi heldur meiri að tiltölu en víðast hvar annars staðar, en fjárfesting í íbúðarhúsum og byggingum og mannvirkjum hins opinbera miklu meiri. Fámenni þjóðarinnar, víðátta landsins og óblíð náttúruöfl hafa áreiðanlega átt sinn þátt í því, að Íslendingar hafa ekki fengið sama ávöxt af erfiði sínu og aðrar þjóðir. Þetta er þó ekki meginskýringin á hinum tiltölulega hæga vexti þjóðartekna hér á landi.

Flest bendir til þess og þá ekki sízt samanburðurinn við reynslu annarra þjóða, að orsakanna til hins tiltölulega hæga vaxtar þjóðarframleiðslunnar hér á landi sé að leita í þeirri almennu stefnu, sem fylgt hefur verið í efnahagsmálum. Í nágrannalöndum okkar, þar sem tekizt hefur að viðhalda jafnvægi í efnahagsmálum samfara fullri atvinnu, en um leið hefur verið dregið úr tollvernd og hvers konar höftum og verðkerfið leiðrétt eftir aflögun styrjaldaráranna, hefur náðst tiltölulega ör vöxtur þjóðarframleiðslunnar. Hér á landi hefur hins vegar á sama tímabili ríkt jafnvægisleysi í efnahagsmálum, jafnframt því sem höftum og tollgjöldum og annarri aflögun verðkerfisins, sem til kom á kreppu- og styrjaldarárunum, hefur verið haldið að miklu leyti. Þetta ástand hefur ekki verið til þess fallið að hvetja atvinnurekendur eða starfsfólk til að vinna sem skyldi að umbótum í rekstri, og það hefur beint þróun atvinnulífsins að nokkru inn á aðrar brautir en æskilegt hefði verið og orðið til þess, að miður hagkvæmar framkvæmdir hafa oft og tíðum setið í forrúmi fyrir þeim, sem mikilvægari voru. Lítill vafi er á, að það er einmitt þetta, sem því veldur, hversu hægfara hagvöxturinn hefur verið á Íslandi.

Höftin, tollböndin og önnur aflögun verðkerfisins hér á landi varð að mestu leyti til á kreppuárunum fyrir stríðið og á tímum efnahagserfiðleika eftir styrjöldina. Þá voru þessar ráðstafanir tilraun þjóðar, sem átti efnahagslega í vök að verjast, til þess að verjast áföll-

um og viðhalda sæmilegum lífskjörum. En eins og oft vill verða, hefur gengið seint að breyta þeim hugsunarhætti, sem mótaðist af hinni erfiðu reynslu þessara ára. Atvinnurekendur *hafa haft* tilhneigingu til þess að vantreysta getu sinni til þess að standast samkeppni á erlendum og innlendum mörkuðum, og almenningur hefur óttazt um of um lífskjör sín og atvinnuöryggi. Þjóðin hefur í efnahagsmálum verið of mikið í vörn í stað þess að vera í sókn, fylgt verndarstefnu, en ekki vaxtarstefnu. Hér þarf að verða breyting á, en það er einmitt einn megintilgangur þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem ríkisstj. nú hefur lagt fram, að stuðla að því, að hún geti átt sér stað. Skilyrði eru nú á ýmsan hátt betri en áður til þess, að unnt sé að ná tiltölulega örum vexti þjóðarframleiðslunnar. Tekizt hefur á undanförnum þremur árum að koma á sæmilegu jafnvægi í efnahagsmálum og styrkja stöðu þjóðarbúskaparins út á við. Þekking og skilningur á vandamálum efnahagslífsins hefur aukizt og meiri reynsla fengizt á stjórn efnahagsmála. Svo mikil trygging á nú að hafa fengizt fyrir því, að full atvinna og almenn velmegun geti haldizt, að þau verndar- og öryggissjónarmið, sem eiga rætur sínar í reynslu kreppuáranna og erfiðleikaáranna eftir styrjöldina, þurfa ekki lengur að vera eins þung á metaskálunum og áður. Það á því að vera unnt að móta heilsteypta stefnu í efnahagsmálunum, er miði að örum vexti þjóðarframleiðslunnar, án þess að stefna öryggi og lífskjörum í tvísýnu, eins og menn hafa óttazt áður fyrr.

Það er þó engu að síður ekki hægt að búast við því, að breytt stefna í efnahagsmálum beri fullan ávöxt tafarlaust. Sama máli gegnir um aukna viðleitni atvinnurekenda, starfsfólks og samtaka þeirra til að örva þjóðarframleiðsluna. Þegar við þetta bætist, að horfur í viðskiptamálum erlendis eru að ýmsu leyti ískyggilegar fyrir aðalútflutningsframleiðslu okkar, hefur ekki verið talið rétt að gera ráð fyrir því, að vöxtur þjóðarframleiðslunnar verði meiri að meðaltali á áætlunartímabilinu en hann hefur verið á undanförnum árum, þ. e. a. s. 4% á ári.

Þessi áætlun um aukningu þjóðarframleiðslunnar um 1% á ári gefur til kynna, hve mikið búast megi við, að þjóðin hafi til ráðstöfunar til að mæta daglegum þörfum sínum, búa í haginn fyrir framtíðina og styrkja aðstöðu þjóðarbúsins út á við. Jafnframt því að meta, hve mikið ráðstöfunarfé þjóðarinnar verður, er það megintilgangur þjóðhags- og framkvæmdaáætlunarinnar að marka ákveðna stefnu varðandi það, hvernig hagstæðast sé að nota þau verðmæti, sem til ráðstöfunar verða, til að bæta hag þjóðarinnar í bráð og lengd. Það er þýðingarmikið atriði í framþróuninni, að eðlilegt samræmi sé á milli vaxtar einstakra þátta þjóðarbúskaparins. Þeir höfuðþættir, sem taka verður til athugunar, eru gjaldeyrisaðstaða þjóðarinnar, einkaneyzla, samneyzla og fjárfesting. Að hverju ber að stefna varðandi hvern þessara þátt á næstu árum? Ber að leggja mesta áherzlu á eflingu gjaldeyrisstöðunnar, aukningu einkaneyzlu, samneyzlu eða fjárfestingar? Ég mun nú gera grein fyrir niðurstöðum ríkisstj. varðandi það, hvernig þjóðinni beri að velja í þessu efni, og um leið skýra helztu þætti áætlunarinnar.

Á undanförnum þremur árum hefur verið lögð á það mikil áherzla að styrkja stöðu landsins út á við. Sú aukning þjóðarframleiðslunnar, sem orðið hefur á þessu tímabili, hefur að verulegu leyti verið hagnýtt í þessu skyni. Stórkostlegur árangur hefur náðst í þessum efnum, og batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um tæpar 1300 millj. kr. á árunum 1960—1962. Þótt enn sé mikilvægt, að gjaldeyrisforðinn haldi áfram að aukast, telur ríkisstj. ekki nauðsynlegt að leggja á þetta sömu áherzlu og gert hefur verið á undanförnum árum vegna þess mikla árangurs, sem þegar hefur náðst. Verður því á næstu árum meira svigrúm til aukningar neyzlu og fjárfestingar en verið hefur undanfarin ár.

Ríkisstj. telur þýðingarmikið, að aukning þjóðarframleiðslunnar leiði fljótlega til betri lífskjara og þar með aukinnar einkaneyzlu. Hins vegar telur hún, að einkaneyzla geti ekki til lengdar vaxið hraðar en þjóðarframleiðslan í heild, án þess að það leiði til skerðingar á stöðu landsins út á við og til minni fjárfestingar, er fljótlega mundi sýna sig í hægari hagvexti. Í áætluninni er því gert ráð fyrir, að einkaneyzla vaxi lítið eitt hægar en þjóðarframleiðslan, eða um 3.8% á ári. Jafngildir þetta því, að einkaneyzla á mann aukist um 2% á ári að meðaltali. Með þessu móti skapast grundvöllur fyrir tiltölulega örum vexti sparnaðar og fjárfestingar og þar með traustari og örari vexti þjóðarteknanna, þegar fram í sækir. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að samneyzla, þ. e. a. s. sú þjónusta, sem hið opinbera lætur almenningi í té, vaxi um 5.7% á ári, eða 3.8% á ári á mann.

Þær forsendur, sem ég hef nú lýst varðandi þróun neyzlu og gjaldeyrisstöðu, munu leyfa verulega aukningu á fjárfestingu á næstu árum. Stefnir ríkisstj. að því, að fjárfesting geti aukizt á ári um 6.1% að meðaltali, en þetta mundi ásamt aukningu samneyzlu stuðla að örari og traustari hagvexti, þegar fram í sækir, og hjálpa til að fullnægja hinum miklu sameiginlegu þörfum þjóðarinnar. Fjárfestingin verður þó ekki meiri en svo, að það samrýmist jafnvægi í efnahagslífinu út á við og inn á við, og er gert ráð fyrir því, að fjárfestingin nemi í mesta lagi 26% af þjóðarframleiðslu á tímabilinu öllu að meðaltali.

Í fjárfestingaráætluninni er sérstök áherzla lögð á aukningu fjárfestingar í rafvæðingu, vegum, höfnum og opinberum byggingum, svo sem skólum, og er gert ráð fyrir, að fjárfestingin í þessu og hliðstæðum greinum aukist um 60%. Þótt fjárfesting á þessum sviðum hafi verið tiltölulega mikil hér á landi, blasa hvarvetna við verkefni, sem eru þess eðlis, að þau verða ekki leyst nema með miklu átaki. Batn-

andi lífskjör og aukinn bílakostur krefst stórátaka í vegamálum. Sístækkandi floti stórra og glæsilegra fiskibáta ásamt uppgangi útgerðarinnar um allt land kallar á stærri og öruggari hafnir. Fjölgun þjóðarinnar og síaukin þörf fyrir þekkingu og tækni krefst stóraukinna framkvæmda í skólamálum. Og loks bíður í íslenzkum fallvötnum og iðrum jarðar orka, sem nýta þarf til þess að færa yl og birtu inn á öll íslenzk heimili, en getur um leið orðið grundvöllur nýrra atvinnuvega þjóðarinnar, þjóðinni til hagsældar í framtíðinni.

Í atvinnuvegunum er stefnt að því, að fjárfesting aukist um 13%, miðað við árin 1957—1961, en jafnframt verði unnið að bættum rekstri og bættum vinnubrögðum. Er þannig stefnt að heldur minni aukningu fjárfestingar í atvinnuvegunum en nemur heildaraukningu fjárfestingarinnar, enda hefur fjárfesting á því sviði verið mjög mikil að undanförnu, ekki sízt vegna hinna miklu skipakaupa. Varðandi byggingu íbúðarhúsa stefnir ríkisstj. að því, að byggðar verði á árinu 1963 1300 íbúðir, en 1500 íbúðir að meðaltali á árunum 1964—1966. Þetta samsvarar því, að fjárfesting í íbúðarhúsum verði svipuð á áætlunartímabilinu og hún var á árunum 1957—1961 að meðaltali. En með þessari áætlun er stefnt að því að fullnægja þeim þörfum, sem aukin fjölskyldumyndun skapar, jafnframt því sem haldið er áfram að útrýma lélegu húsnæði og bæta húsnæðisástandið með líkum hætti og gert hefur verið undanfarinn áratug.

Ríkisstj. telur, að þau markmið þjóðhags- og framkvæmdaáætlunarinnar, sem ég hef nú lýst í aðalatriðum, séu þau, sem æskilegast sé fyrir þjóðina að keppa að á næstu árum. Telur ríkisstj. því rétt, að stefnan í efnahagsmálum miðist við það í aðalatriðum að ná þessum markmiðum. Á hitt er rétt að leggja áherzlu, að í áætluninni felst ekki nein fullyrðing um það, að þróunin verði sú, sem þar er gert ráð fyrir. Breyttar aðstæður geta gert aðra þróun óhjákvæmilega eða æskilega, auk þess sem frávik frá áætluninni geta átt sér stað á einstökum árum timabilsins.

Til þess að þróunin geti í aðalatriðum orðið sú, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir í áætluninni, þarf nokkrum meginatriðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þarf árferði innanlands að haldast tiltölulega gott, svo að atvinnuvegirnir geti þróazt með eðlilegu móti. Sömuleiðis þurfa markaðsaðstæður erlendis að haldast sæmilega góðar, enda er í áætluninni gert ráð fyrir því, að tekjur af útflutningi þurfi að aukast um 5% á ári, ef tryggja á 4% vöxt þjóðarframleiðslunnar. Í öðru lagi þarf jafnvægi að haldast í efnahagsmálum, svo að nægur sparnaður geti myndazt innanlands til þess að standa undir þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru, og svo að hægt sé að beina þeim sparnaði þangað, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Í þriðja lagi þurfa skilyrði að vera fyrir hendi til þess að afla nægilegs lánsfjár erlendis með hagstæðum kjörum, en áætlunin gerir ráð fyrir, að teknar verði um 600 milljón kr. að láni erlendis til langs tíma á hverju ári, en lántökur að þessu marki eiga ekki að hafa í för með sér aukna greiðslubyrði frá því, sem nú er. Á hinn bóginn er augljóst, að ekki verður unnt að afla svo mikils lánsfjár með eðlilegum hætti og sæmilegum kjörum, nema fylgt sé jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og gjaldeyrisforðinn haldi áfram að aukast og þar með traust þjóðarinnar út á við. Í fjórða og síðasta lagi er nauðsynlegt, að þau ráðuneyti og stofnanir, sem standa fyrir opinberum framkvæmdum, taki undir forustu ríkisstj. smátt og smátt upp þau vinnubrögð, sem framkvæmd áætlunarinnar krefst.

Líta ber á þjóðhags- og framkvæmdaáætlunina á árunum 1963—1966 fyrst og fremst sem yfirlitsáætlun, er hafi þann tilgang að marka höfuðlínur í þróun þjóðarbúskaparins. Hún hefur hins vegar ekki að geyma sundurliðaðar áætlanir um framkvæmd hins opinbera á þessu tímabili né um fjárhagslega aðstoð þess við framkvæmdir einstaklinga eða einstakra aðila. Á grundvelli þeirrar heildarstefnu, sem mörkuð er í áætluninni, þarf síðan að gera séráætlanir, bæði um þróun og framkvæmdir á einstökum árum áætlunartímabilsins og um þróunina í atvinnuvegum og mikilvægum þáttum þjóðarbúskaparins. Fyrsta skrefið hefur verið stigið í þessa átt með áætlun þeirri, sem samin hefur verið fyrir árið 1963, og að nokkru leyti árið 1964, um helztu tegundir opinberra framkvæmda og starfsemi opinberra fjárfestingarsjóða og fjáröflun vegna þeirra. Jafnframt hefur verið hafinn undirbúningur að slíkum séráætlunum fyrir lengri tíma.

Áætlun ríkisstj. um fjárfestingu og fjáröflun á árinu 1963 er birt í sérstöku fylgiskjali með heildaráætluninni. Þar er gert ráð fyrir, að fjárfesting á árinu 1963 verði 3220 millj. kr., en það er um 19% hækkun frá árinu 1962. Hækkun verður á öllum aðalgreinum fjárfestingar í atvinnuvegum, íbúðarhúsum, mannvirkjum og byggingum hins opinbera, en rúmur helmingur hækkunarinnar stafar þó eingöngu af aukningu á innflutningi fiskiskipa. Til þess að þessi fjárfesting verði framkvæmd á skipulegan hátt og samfara jafnvægi í efnahagsmálunum, hefur ríkisstj. gert margvíslegar ráðstafanir varðandi öflun fjármagns á heilbrigðan hátt og skiptingu þess milli einstakra þarfa. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til fjáröflunar vegna framkvæmda á árinu 1963, eru fyrst og fremst fólgnar í tvennu: Annars vegar hefur verið tekið stórt framkvæmdalán með lánsútboði á fjármagnsmarkaðinum í London í des. s. l., en hins vegar hefur verið samið við innlendar peningastofnanir um, að þær legðu hluta af þeirri sparifjármyndun ársins, sem þær ráða yfir, til þeirra þarfa, sem áætlun ríkisstj. gerir ráð fyrir að leysa. Hefur þegar verið samið við banka og helztu sparisjóði um, að þeir láni 15% af aukningu innstæðna á árinu til þessara þarfa. Enn fremur hefur verið lokið samningum við atvinnuleysistryggingasjóð, en viðræður við

tryggingafélög og lífeyrissjóði eru um það bil að hefjast.

Þessi fjáröflun ásamt framlögum á fjárl., eigin tekjum fjárfestingarlánastofnana og lánsfé, sem fyrir var, hefur gert ríkisstj. kleift að leysa á heilbrigðan, en stórhuga hátt úr fjárþörf til fjárfestingarlánasjóða og framkvæmda hins opinbera. Tryggt hefur verið nægilegt fjármagn til starfsemi fiskveiðasjóðs, en auk þess hefur ríkisstj. aflað 55 millj. kr. til áframhaldandi uppbyggingar í fiskvinnslu og fiskiðnaði. Iðnlánasjóður hefur nú verið efldur, bæði með nýrri löggjöf og fjáröflun innan áætlunarinnar, svo að hann mun nú í fyrsta sinni verða sambærileg lyftistöng fyrir iðnaðinn og aðrir fjárfestingarsjóðir hafa reynzt fyrir þá atvinnuvegi, sem þeir hafa þjónað. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur verið tryggt meira lánsfé en nokkru sinni fyrr, og hagur hennar stendur nú á traustum grundvelli eftir þá fjárhagslegu endurskipulagningu, sem ríkisstj. beitti sér fyrir á s. l. ári. Á vegum ríkisins verður um margar mikilsverðar framkvæmdir að ræða á árinu. Hafnar verða framkvæmdir við landshafnirnar í Keflavík—Njarðvík og á Rifi, en jafnframt verður haldið áfram miklum hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn og víðs vegar um landið. Auk þeirra framkvæmda, sem ákveðnar eru á fjárl., verður í vegamálum unnið að byggingu Reykjanesbrautar, Ennisvegar á Snæfellsnesi og Strákavegar við Siglufjörð. Haldið verður áfram framkvæmdum í raforkumálum samkvæmt tíu ára áætluninni, lokið verður stækkun Írafossstöðvar og hafizt handa um nýja virkjun fyrir Suðvesturland, en tæknilegum athugunum í því máli er enn ólokið. Loks hefur verið tryggt miklu meira lánsfé til íbúðalána en nokkru sinni fyrr, og er gert ráð fyrir, að hið almenna veðlánakerfi hafi til útlána á árinu 110 millj. kr. auk stóraukinnar fjáröflunar til byggingarsjóðs verkamanna.

Ég mun ekki rekja fjárhagsáætlun ársins 1963 frekar, en ég vil fullyrða, að með henni, eins og þjóðhags- og framkvæmdaáætluninni í heild, sé brotið blað í stjórn efnahagsmála hér á landi og tekin upp betri og skipulegri vinnubrögð en áður hafa þekkzt.

Ríkisstj. leggur þá þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem ég hef hér lýst í meginatriðum, ótrauð undir dóm þjóðarinnar. Í henni eru engar gyllingar um framtíðina eða tylliboð. Þvert á móti felur hún í sér raunhæft mat, ég mundi jafnvel segja varlegt mat á því, hver framleiðslugeta íslenzku þjóðarinnar verði á komandi árum og hvað hún geti veitt sér til daglegrar neyzlu og ráðizt í að framkvæma. Áætluninni er hins vegar ekki ætlað að verða þröngt sniðinn stakkur, er hefti frjálsar athafnir manna eða þrengi þeim í eitt mót. Hana ber öllu fremur að skoða sem leiðarvísi og stefnumið fyrir alla þá, sem framkvæmdum ráða, hvort sem það eru stjórnarvöld, atvinnurekendur eða einstaklingar. Hún á m. ö. o. að sýna þjóðinni, hvaða markmiðum hún getur náð, ef hún sameinar krafta sína að einu marki, og hún mun þannig ekki hindra menn eða hefta, heldur leysa öfl framtaks og dugnaðar úr læðingi með því að gefa þeir raunhæft markmið að stefna að.

Framkvæmdaáætlunin er þannig eðlilegt framhald þeirrar stefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt, síðan hún tók við völdum haustið 1959. Ríkisstj. hefur tekizt að sigrast á hinum stórkostlegu efnahagsörðugleikum, sem þá steðjuðu að þjóðinni. Vofu gjaldeyrisskorts og greiðsluþrots erlendis hefur verið bægt frá dyrum. Margvísleg höft og hömlur á athafnafrelsi manna hafa verið afnumin. Komizt hefur á betra jafnvægi í efnahagsmálum en þekkzt hefur um margra ára skeið. Og traust þjóðarinnar út á við hefur verið endurreist að fullu.

Með þessum mikla árangri hefur tekizt að leysa að miklu leyti vandamál, sem legið hafa eins og mara á stjórn efnahagsmálanna og á athafnaþrá þjóðarinnar um langt skeið. En jafnframt hefur með honum verið lagður raunhæfur grundvöllur að þeim miklu framförum, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Eftir lausn þeirra þrálátu efnahagsörðugleika, sem íslenzka þjóðin hefur átt við að etja, er nú hægt að beina huganum fram á við að þeim stóru og miklu verkefnum, sem óleyst eru í íslenzku atvinnulífi. Of lengi hefur kröftum þjóðarinnar verið eytt til ónýtis í þras og deilur um vandamál líðandi stundar í stað þess að horfa til framtíðarinnar og sameinast um heilbrigða uppbyggingarstefnu, er miðaði að aukningu þjóðarframleiðslunnar og bættum lífskjörum. Þannig er heilbrigð stefna í efnahagsmálum og skipuleg og traust uppbygging atvinnulífsins tengd órofa böndum. Það er því ætlun þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, að fylgja á næsta kjörtímabili þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið af athöfnum ríkisstj. á undanförnum árum og þeirri þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. hefur nú lagt fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Sú ræða, sem hæstv. forsrh. var að enda við að flytja, gæfi í raun og veru tilefni til þess að gera hér einhvers konar úttekt á efnahagsmálastefnu ríkisstj. og hennar ferli í þeim efnum, sérstaklega niðurlag ræðunnar. En ég mun ekki gera mjög mikið að þessu í þeim orðum, sem ég segi hér, vegna þess að fram undan eru almennar umr., eins og kunnugt er, annað kvöld og þar næsta kvöld um þessi efni. Mun ég því ekki ræða þau nema að því leyti, sem mér sýnist brýna nauðsyn bera til í sambandi við þjóðhagsáætlun þá, sem hæstv. forsrh. sagði Alþingi frá í þessari ræðu, sem hann var að enda við að flytja.

Þegar þessi þjóðhagsáætlun er lögð á borð þm., mun láta nærri, að eftir séu fjórir vinnudagar af því tímabili, sem Alþingi hefur verið ætlað að starfa. Það er búið að rjúfa þingið, og munu vera u. þ. b. fjórir venjulegir vinnudagar eftir, þegar þessi áætlun er lögð hér á borðin hjá mönnum, miðað við það, að þinglausnir geti átt sér stað á laugardag, sem ég

býst nú sannast að segja við að mönnum þyki nauðsynlegt, þar sem kosningar hafa nú verið ákveðnar þegar 9. júní.

Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir, að menn séu sérstaklega kunnugir einstökum atriðum þjóðhagsáætlunarinnar, þeir sem ekki hafa neitt verið til kvaddir varðandi undirbúning hennar að neinu leyti, og því varla hægt að búast við því, að tök séu á að ræða hana hér á Alþingi á þá lund, enda í raun og veru ekki til þess ætlazt, eins og við sjáum á meðferð málsins, og raunar ekki heldur þegar þess er gætt, að þessari áætlun fylgir ekkert frv. og engin till. til Alþingis. Hér er um skjal að ræða, sem hæstv. ríkisstj. hefur samið á hné sér undanfarið og þm. er látið í té og hæstv. forsrh. segir mönnum frá hér í Sþ., en það fylgir þessu ekkert frv. og engin ályktunartill. eða neitt þvílíkt.

Nú er lengi búið að boða framkvæmdaáætlun á vegum ríkisstj. Hefur venjulega verið sagt, að það væri á leiðinni framkvæmdaáætlun til fimm ára. En nú kemur í ljós, að hæstv. ríkisstj. hefur samið framkvæmdaáætlun til eins árs og tæplega þó, þ. e. a. s. fyrir það, sem eftir er af þessu ári, hefur verið samin framkvæmdaáætlun, en á hinn bóginn hefur verið samin almenn þjóðhagsáætlun fyrir fjögur ár og sett í þetta skjal, sem hæstv. forsrh. var að lýsa.

Þetta skýtur nokkuð skökku við þær fyrirætlanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið uppi um þessi efni bæði fyrr og síðar, og strax 31. des. 1960 lýsti núv. hæstv. forsrh. yfir, að ákveðið hafi verið þá þegar að semja stórhuga framkvæmdaáætlun fyrir næstu árin, þ. e. a. s. fyrir verulegan hluta af því kjörtímabili, sem nú er að enda. Og fleiri ráðherrar hafa vikið að þessu sama og þm. úr liði hæstv. ríkisstj., og um haustið 1961 t. d. var því lýst yfir, að eftir framkvæmdaáætlunninni nýju ætti að starfa frá ársbyrjun 1962. Var þá um haustið mikið rætt um, að framkvæmdaáætlunin væri alveg að koma og eftir henni ætti að fara síðari hluta kjörtímabilsins, sem nú er að enda.

Það kom greinilega fram 25. maí 1962 í ræðu, sem Bjarni Benediktsson flutti á aðalfundi Vinnuveitendasambandsins, að þá var til eitthvert plagg, sem kallað var framkvæmdaáætlun, en var þá sagt, að ekki þætti tímabært að leggja fram eða láta ganga í gildi. Á hinn bóginn fylgdu engar skýringar um, hvers vegna slíkt væri ekki tímabært. En það er sagt þar, að slík áætlun sé þá til. Ég veit ekki, hvort þar hefur verið átt við þessi drög, sem Norðmennirnir gerðu og nú er sagt að hafi þurft að umsteypa að mestu leyti, eða hvað við er átt.

En það er augljóst af öllum þessum vinnubrögðum við þessa áætlun, að eftir því sem ríkisstj. hefur íhugað þetta nánar, hefur hún komizt fastar og fastar að þeirri niðurstöðu, að þessar áætlanir, hvað sem þær ættu að heita, væri ekki rétt að leggja fram fyrr en rétt fyrir kosningar. Og það er augljóst, að öll þessi vinnubrögð hafa verið og eru miðuð við það að gera áætlunina áróðurs- og kosningareipi fyrir stjórnarflokkana, leggja hana fram rétt fyrir kosningarnar og láta enga reynslu vera búna að fást af því, hvernig framkvæmdaáætlanir á vegum þessa stjórnarmeirihluta reynast í framkvæmd. Það hefur sýnilega verið lagt höfuðkapp á að þurfa ekki að standa við neitt, sem sett yrði í slíkar áætlanir, fyrir kosningarnar og þess vegna sí og æ verið látið dragast úr hömlu að leggja áætlunina fram, þangað til svo nærri var komið kosningunum, að slíkt hefur verið talið óhætt.

Enn fremur geri ég ráð fyrir því, að eftir því sem það kom gleggra í ljós, að efnahagsmálastefna ríkisstj. mundi algerlega mistakast og viðreisnin fara gersamlega út um þúfur, eftir því muni hafa þótt nauðsynlegra að geyma að leggja fram framkvæmdaáætlun eða þjóðhagsáætlun, til þess að hafa, ef unnt væri, í slíkri áætlun eitthvað nýtt, eitthvað nýstárlegt, sem væri nýkomið fram fyrir kosningarnar og gæti leitt huga manna frá því, hvernig stjórninni hefði tekizt í efnahagsmálunum. Og það dylst auðvitað engum, að það er á þessa lund, sem með þessi mál er farið, og þetta er vinnuáætlunin.

En vegna þess, að það er út af fyrir sig merkilegt mál að reyna að gera þjóðhagsáætlun, þá tel ég mjög illa farið, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa tekið þann kost að halda á málinu á þessa lund, fyrsta þjóðhagsáætlunin, sem kemur fram á Íslandi, skuli augsýnilega vera gerð og með hana farið á þá lund, sem ég hef verið að lýsa, sem áróðursskjal, sem hent er fram rétt fyrir kosningar og ekkert er hugsað um að gera þannig úr garði, að hún geti orðið framkvæmd, fremur en verkast vill, og skal ég koma að því síðar að sýna alla þá fyrirvara, sem í þessari áætlun eru hafðir í þessu skyni.

Ég tel mjög illa farið, að það skuli vera haldið þannig á málinu, vegna þess að þótt þjóðhagsáætlun hér á Íslandi hljóti alltaf að verða nokkuð á reiki vegna þess, hversu framleiðslan er hér misjöfn, það eru mismunandi aflabrögð og margt fleira, sem kemur til greina, þá er samt sem áður rétt að reyna að gera þjóðhagsáætlanir, og hefur verið unnið að því æðilengi að undirbúa grundvöllinn fyrir slíku. M. a. átti ég á árum áður nokkurn þátt í því, að Framkvæmdabankanum var falið að fara að semja þjóðhagsreikninga með það fyrir augum, að þeir gætu smátt og smátt, eftir því sem þeir kæmust í betra lag, orðið grundvöllur að tilraunum í þá átt að gera þjóðhagsáætlun, jafnvel þótt við marga erfiðleika sé að etja í því sambandi einmitt hér hjá okkur vegna þess, hve okkar framleiðsla er misjöfn og fer eftir árferðinu meir en hjá flestum öðrum þjóðum.

Ég harma það þess vegna, að hæstv. ríkisstj. skuli halda svona á þessu máli. En það er enginn vafi á því, að hún ætlar að gera það. Það var líka auðheyrt á þeirri ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti hér áðan, að það er meiningin,

því að þegar leið á ræðuna, þá tók hann mjög að gylla fyrir mönnum þá glæsilegu framtíð, sem hér ætti að verða á grundvelli einmitt þessarar þjóðhagsáætlunar, sem samin hefði verið og væri í raun og veru stefna ríkisstj., og auðheyrt, að allur seinni hluti ræðunnar var beinlínis miðaður við það hjá hæstv. forsrh. að koma því inn hjá mönnum, að ef menn styddu núv. hæstv. ríkisstj., þá gætu þeir einmitt átt von á þeim framkvæmdum, sem í þjóðhagsáætluninni væru. Og það er þetta, sem er alveg sérstök ástæða til að deila á hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. fyrir, eins og ég mun koma nokkru nánar að. Það er nefnilega verið að reyna og verður á næstu vikum reynt að koma því inn hjá þjóðinni, að þessi þjóðhagsáætlun sé annað og miklu meira en hún nokkurn tíma getur orðið eða getur verið. Það verður reynt að koma því inn hjá þjóðinni. En jafnframt eru hafðir í áætluninni fyrirvarar, sem á að grípa til á eftir, þegar þeir, sem að henni standa, þ. e. a. s. hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj., þurfa að afsaka sig á eftir.

Ég sagði áðan, að það, sem hér væri lagt fram, væri almenn þjóðhagsáætlun til 4 ára fyrst og fremst og framkvæmdaáætlun til 1 árs og tæplega þó. Og þá kemur spurningin: Hvað er almenn þjóðhagsáætlun? Eftir því sem hæstv. forsrh. talaði hér áðan, bæri sjálfsagt helzt að líta þannig á, að þjóðhagsáætlunin væri þær ákvarðanir, sem ríkisstj. hefur tekið um það, hvað gera skyldi á næstunni, ef hún og hennar flokkar fengju meiri hl. á Alþingi. Eftir málflutningi hæstv. forsrh. var eiginlega ekki hægt að skilja þjóðhagsáætlunina á aðra lund, og það er ætlun þeirra, að þjóðin skilji áætlunina þannig.

En nú skulum við athuga, hvað hæstv. ríkisstj. segir sjálf í formála fyrir áætluninni um það, hvað hún raunverulega er. Og þá er þar, með leyfi hæstv. forseta, fyrst þessi fyrirvari: „Þessar áætlanir," þ. e. a. s. almennar þjóðhagsáætlanir eins og sú, sem hér er gerð til fjögurra ára, „eru almenns eðlis. Þær fjalla ekki um þróunina í einstökum atriðum og fela ekki í sér ákvarðanir um framkvæmdir." Á hinn bóginn hugsa ég, að flestir þeir, sem heyrðu ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, mundu draga þá ályktun, að þessi áætlun fæli einmitt í sér þær framkvæmdir, sem stjórnarfl. hefðu ákveðið að gera, ef þeir fengju meiri hl., t. d. 50—60% aukning á framlögum til samgöngumála o. fl., o. fl., sem hæstv. forsrh. las. Vinnuaðferðin á sem sagt að vera þessi, að lesa upp úr áætluninni öll þessi fögru fyrirheit, en á hinn bóginn verður því minna haldið á loft, að í sjálfri áætluninni er það greinilega tekið fram, að í henni felist ekki ákvarðanir um framkvæmdir.

Síðan segir um þessa almennu þjóðhagsáætlun: „Það getur haft mikla þýðingu fyrir ákvarðanir einkafyrirtækja um starfsemi sína að vita, hvaða þróun framleiðslu, neyzlu og fjárfestingar stjórnarvöldin gera ráð fyrir á næstu árum." Ég vil ekki gera lítið úr því, að reynt sé að semja þjóðhagsáætlanir, vegna þess að þær ættu að geta hjálpað mönnum til þess að átta sig á samhenginu í efnahagsmálunum. Það finnst mér vera aðalþýðing þeirra. Á hinn bóginn verð ég að segja, að mér finnst íslenzkir atvinnurekendur muni ekki geta mikið byggt á því, hvað hæstv. ríkisstj. áætlar að síldaraflinn verði mikill árið 1966, sem er auðvitað eitt undirstöðuatriðið í þessari þjóðhagsáætlun. Og menn geta svo dálítið séð, hvað þessi þjóðhagsáætlun er, á því, að grundvöllurinn í henni er auðvitað áætlun hæstv. ríkisstj. um það, hversu mikið muni aflast á þessum árum, hverju ári fyrir sig.

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Mesta þýðingu hafa slíkar áætlanir þó fyrir sjálf stjórnarvöld landsins, þegar taka á ákvarðanir í peninga- og fjármálum, ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og fjöldamargt annað. Séu áætlanir af þessu tagi fyrir hendi, er miklu frekar en ella hægt að taka slíkar ákvarðanir með tilliti til þeirra viðhorfa, sem búast má við að skapist á næstu árum."

Síðan segir hæstv. ríkisstj., að ríkisstj. telji tímabært að hagnýta hér á landi þá tegund áætlunargerðar, sem fyrst var nefnd, þ. e. a. s. þjóðhagsáætlunargerðina, sem ég var að lýsa, þ. e. a. s. almennar þjóðhagsáætlanir. Hér á eftir sé slík áætlun birt fyrir árin 1963—1966. Síðan segir um þessa sömu þjóðhagsáætlun fyrir þessi ár, til þess að taka enn af allan vafa um, að ríkisstj. sé ekki bundin við neitt af því, sem í þessari áætlun er, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðhags- og framkvæmdaáætlun áranna 1963—1966, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, hefur ekki að geyma sundurliðaðar áætlanir um framkvæmdir hins opinbera á þessu tímabili né um fjárhagslega aðstoð þess við framkvæmdir einkaaðila. Er grein gerð fyrir því í skýrslunni, hvers vegna ekki hafa að svo komnu máli verið tök á því að gera slíkar séráætlanir fyrir allt áætlunartímabilið. Slíkar áætlanir hafa hins vegar verið gerðar fyrir árið 1963, og er ráð fyrir því gert, að sams konar áætlanir verði gerðar fyrir síðari ár tímabilsins" — og þá auðvitað síðar meir.

Hér eru fyrirvarar eins rækilegir og hugsazt getur, en samt sem áður eru mýmargir aðrir fyrirvarar um þjóðhagsáætlunina, eins og t. d. um árferði og jafnvægi í efnahagsmálum og ótal slík atriði, og er víst alveg óhætt að segja, að það er ekki mikil áhætta, sem í því felst fyrir hæstv. forsrh. að lýsa yfir með þessum fyrirvörum, að framkvæmdir í samgöngumálum muni væntanlega vaxa um 50—60% á næstu árum, og öðru eftir því, ef stjórnin komi fram stefnu sinni, það sé í raun og veru fólgið í þessari áætlun. Það er ekki mikil áhætta í því fyrir hæstv. forsrh., með þessum öflugu fyrirvörum, sem ég hef nú aðeins lauslega gert grein fyrir, en þeir eru svo að segja á hverri einustu blaðsíðu í allri áætluninni. En sterkastur er þó þessi, sem ég las fyrst, og hann er sá, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að í þjóðhagsáætluninni séu engar ákvarðanir um þessi mál varðandi framkvæmdir.

Þetta er fyrsta áætlunin eða fyrsti hluti áætlunarinnar, sem hæstv. ríkisstj. gerir grein fyrir á þá lund, sem ég hef nú nokkuð rakið, og það er sem sagt almenn þjóðhagsáætlun til 4 ára. En þá kemur að sjálfri framkvæmdaáætluninni, og um hana segir hæstv. ríkisstj.: „Þegar almennar þjóðhagsáætlanir liggja fyrir, er gerð sérstakra sundurliðaðra áætlana um framkvæmdir opinberra aðila eðlilegt viðbótarskref.“ Og síðan er lýst með nokkuð almennum orðum, hvað í slíkum áætlunum skuli vera. Það er nánari skilgreining á því, hvaða framkvæmdir raunverulega skuli ráðast í, og síðan segir hæstv. ríkisstj.: „Það var frá upphafi skoðun ríkisstj., að það væru einmitt áætlanir af þessu tagi, sem mest þörf væri fyrir hér á landi,“ — sem sagt raunverulegar framkvæmdaáætlanir, sem væru til viðbótar þjóðhagsáætluninni, — „og beindist starf norsku hagfræðinganna að þessu, jafnhliða almennri áætlunargerð. Hins vegar krefst gerð slíkra áætlana langvarandi undirbúnings af hálfu þeirra stofnana, sem um opinberar framkvæmdir sjá, og mikilla breytinga á starfsaðferðum þeirra frá því, sem áður hefur tíðkazt hér á landi.“

Og síðan segir enn fremur, að fyrsta skrefið í þá átt að gera raunverulega framkvæmdaáætlun er áætlun sú, sem unnin hefur verið fyrir árið 1963 og að nokkru leyti 1964 um helztu tegundir opinberra framkvæmda og starfsemi opinberra fjárfestingarsjóða og fjáröflun vegna þeirra. M. ö. o.: framkvæmdaáætlunin sjálf nær aðeins til þess, sem eftir er af árinu 1963, eins og ég gat um í upphafi, og um það er ekkert að villast. En það er þó einmitt þessi tegund af áætlanagerð, sem hæstv. ríkisstj. segist frá upphafi hafa talið að væri þýðingarmest, og vafalaust hefur hæstv. ríkisstj. haft slíka framkvæmdaáætlun í huga, þegar hún og hennar menn hafa sí og æ verið að lofa framkvæmdaáætlun, æðimörg ár fram í tímann.

Það hefur ekki verið lofað almennri þjóðhagsáætlun, heldur framkvæmdaáætlun. En nú er niðurstaðan þessi, að það hafi ekki verið hægt að gera annað en almenna þjóðhagsáætlun með öllum þessum fyrirvörum, sem ég var að lýsa, og framkvæmdaáætlun raunverulega tæplega til eins árs. Þó finnst manni, að hæstv. ríkisstj. hljóti æðilengi að hafa átt að vera það ljóst, að hún mundi ekki geta staðið við þessar yfirlýsingar um framkvæmdaáætlunina og mundi þurfa að hafa framkvæmdaáætlunina sjálfa fyrir svona stuttan tíma. Eigi að síður hefur ekki linnt þessum yfirlýsingum.

Það er sannast að segja um framkvæmdaáætlunina sjálfa fyrir það, sem eftir er af þessu ári, að í hana eru settar þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir á fjárl. og samþ. voru hér á hv. Alþingi í vetur, enn fremur þær framkvæmdir, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að ráðast í samkv. þeim öðrum ákvörðunum og samþykktum, sem hér hafa verið gerðar á Alþingi í vetur. Sannleikurinn er því sá, að í þessari framkvæmdaáætlun er ekkert nýtt, og kemur auðvitað ekkert á óvart, því að það er sett inn í hana það, sem ríkisstj. og Alþingi hafa verið að ákveða í vetur að skuli gert á þessu ári, sem nú er að líða.

Þessi framkvæmdaáætlun er því hliðstæð við áætlanir og þau verk, sem ætið eru unnin í stjórnarráðunum og á vegum fjmrn. á hverjum vetri, þegar verið er að ganga frá fjárl. og ákveða, hvaða framkvæmdir skuli ráðast í samkv. þeim og enn fremur draga saman og gera sér grein fyrir því, hvernig fjárfestingarsjóðirnir eru staddir og hversu mikið fjármagn ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir að útvega til framkvæmda á árinu. Þessi vinna hefur auðvitað verið unnin á hverjum einasta vetri undanfarið og hliðstæðar áætlanir gerðar í ráðuneytunum eins og hér eru settar á prent varðandi framkvæmdir ársins 1963. Á hverjum einasta vetri hafa fjárfestingarsjóðirnir verið gerðir upp og reynt að gera sér grein fyrir, hversu mikið þyrfti að styðja þá og aðra aðila umfram það, sem fjárl. sjálf hafa gert ráð fyrir. Í þessu felst því engin nýjung önnur en sú, að þetta er sett á prent og skrifuð með þessu mikil grg., sem hæstv. forsrh. las hér áðan verulega kafla úr. Þetta er þá sjálf framkvæmdaáætlunin.

Síðan er gerð grein fyrir því af hendi hæstv. ríkisstj., að þriðja tegund áætlana, sem þyrfti að gera, fjalli um framleiðslu og framkvæmdir í einstökum atvinnugreinum og hana megi telja einnig viðbótarskref við hina almennu þjóðhagsáætlun.

Hugsunin er þessi: Fyrst er almenn þjóðhagsáætlun í stórum dráttum, en menn mega ekki líta svo á, að það, sem í hana er sett, séu ákvarðanir. Það eru bollaleggingar, sem geta breytzt á alla lund, og voldugir fyrirvarar um, að þar sé ekki skuldbinding um eitt né neitt. Síðan eigi að réttu lagi að koma tvær áætlanir, viðbótaráætlanir: Önnur um framkvæmdir hins opinbera, framkvæmdaáætlunin sjálf, sem menn gáfust upp við að gera nema fyrir þann tíma, sem eftir er af þessu ári og því alveg hliðstætt því, sem ævinlega hlýtur að vera gert, þegar útvegað er fjármagnið. Loks eigi að vera önnur viðbótaráætlun, sem fjallar um framleiðslu og framkvæmdir í einstökum atvinnugreinum, og ríkisstj. kemst að þeirri niðurstöðu, að hér á landi séu enn sem komið er lítil skilyrði til þess að gera áætlanir af því tagi, enda er engin tilraun gerð til þess í því plaggi, sem fyrir liggur.

Ég gat áðan um hina ýmsu fyrirvara, sem hæstv. ríkisstj. hefur í sambandi við þjóðhagsáætlunina, og það er ekkert einkennilegt, þó að það séu talsvert sterkir fyrirvarar, þegar þannig er lögð áætlun fram í tímann. En þá eiga menn ekki heldur að misnota áætlunina. Þá eiga menn að vera heiðarlegir og segja eins og er, að í henni sé ekkert bindandi á nokkra lund, í henni felist engar ákvarðanir og hún hafi þess vegna ekkert gildi þannig

séð. Það séu aðeins hinar stóru línur, sem þar er reynt að slá upp, sem oft geti breytzt.

En það eru líka enn ónefndir fyrirvarar, sem hæstv. forsrh. aðeins drap á, og þeir fyrirvarar lúta að ástandinu í efnahagsmálunum. Og sannleikurinn er náttúrlega sá, að ástandið er núna þannig í efnahagsmálunum, að það er ekki hægt að gera áætlanir um neitt nema örstutt fram í tímann, svo að hugsanlegt sé, að geti staðizt. Þetta veit hæstv. ríkisstj. náttúrlega mætavel.

Það er dálítið broslegt að heyra hæstv. forsrh. koma hér fram og tala um, að skilyrðið sé, að jafnvægi í efnahagsmálum haldist, sama hæstv. ráðh., sem lýsti því yfir á gamlárskvöld nú síðast, að það hefði algerlega mistekizt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, sem allir vita að er rétt.

Það er óðaverðbólga ríkjandi í landinu, og vantar þar af leiðandi öll skilyrði þegar af þeirri ástæðu til þess að gera ábyggilegar áætlanir fram í tímann. Þetta veit hæstv. forsrh. náttúrlega og hans menn mætavel. En við vitum, af hverju áætlunin er samt sem áður fram komin, og fer ég ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði um það. En þetta skilyrði vantar algerlega til að gera áreiðanlega áætlun, vegna þess að það er ríkjandi upplausnarástand í efnahagsmálum landsins, en ekki jafnvægisástand. Um þetta þarf ekkert að della. Það vita allir, hvernig dýrtíðin þýtur upp svo að segja dag frá degi og upplausn í launamálum og efnahagskerfinu öllu yfir höfuð. Þegar af þeirri ástæðu hefur auðvitað þessi áætlun óvenjulega lítið gildi.

Ég skal svo að lokum aðeins endurtaka, að ég læt í ljós sérstaka óánægju yfir því, hvernig haldið hefur verið á þessu máli, að í fyrsta skipti, sem reynt er að gera hér þjóðhagsáætlun, skuli sú áætlun vera gerð að áróðurs- og kosningaplaggi á þá lund, sem hæstv. ríkisstj. gerir nú tilraun til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., er þessi framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj. heldur seint á ferðinni miðað við þau loforð, sem áður höfðu verið gefin.

Hæstv. forsrh. minntist á það hér, þegar hann gerði grein fyrir þessari áætlun, að strax í nóvembermánuði 1959 hefði ríkisstj. gefið fyrirheit um, að áætlun af þessu tagi skyldi gerð um allan þjóðarbúskapinn og um framkvæmdir einstakra ára. Hann gat einnig um það, að ríkisstj. hefði leitað eftir aðstoð erlendis til þess að koma saman slíkri áætlun sem þessari og hingað hefðu komið norskir sérfræðingar á miðju ári 1961 til þess að semja áætlunina fyrir ríkisstj. Nú er það kunnugt, að þessir norsku sérfræðingar, sem dvöldust hér um hálfs árs skeið, sömdu raunverulega áætlun, sem þeir lögðu í hendur ríkisstj. í árslok 1961. En sú áætlun, sem þeir gerðu, hefur aldrei verið birt, og í grg. fyrir þeirri áætlun, sem hér liggur nú fyrir til umr., er sagt, að áætlun hinna erlendu sérfræðinga hafi verið svo ófullkomin, að það hafi ekki þótt tiltækilegt að leggja hana fram, en hins vegar hafi íslenzkir ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum þó getað stuðzt við þessa áætlun, þegar þeir sömdu þá áætlun, sem hér er nú lögð fram. Það kom auðvitað engum á óvart, að það mundi verða æríð erfitt verk fyrir erlenda menn, gersamlega ókunnuga íslenzkum staðháttum og atvinnulífi, að semja, miðað við þau gögn, sem hér liggja fyrir, þjóðhagsáætlun eða framkvæmdaáætlun við hæfi Íslendinga. En það hefur nú komið fram í mörgum greinum, að hæstv. ríkisstj. hefur borið mikið traust til erlendra sérfræðinga og leitað til þeirra í mörgum efnum, og hún ætlaði auðvitað að láta þá leysa þennan vanda, en það hefur greinilega mistekizt.

En þó að langur tími hafi nú liðið frá því, að loforð voru gefin um, að áætlanir af því tagi, sem hér um ræðir, yrðu lagðar fram, þar til áætlunin loksins hefur birzt, er í raun-inni ekkert við því að segja, ef þá það verk, sem nú liggur hér fyrir, væri þannig unnið, að hægt væri að tengja við það einhverjar verulegar vonir um, að þannig ætti í framtíðinni að taka á atvinnu- og framkvæmdamálum í okkar landi, að telja mætti til verulegra bóta frá því, sem áður var, þannig að það gæti skilað þjóðarbúinu meiri og betri árangri en það skipulagsleysi, sem við höfum óneitanlega búið við um langan tíma.

Það er mín skoðun, að heldur laklega hafi tekizt til með þessa áætlunargerð og það sé lágt risið á þessari áætlun. Í fyrsta lagi er það svo, að það virðist enn vera meining hæstv. ríkisstj., að ekki verði horfið frá skipulagsleysinu varðandi rekstur þjóðarbúsins í heild, heldur eigi skipulagsleysið raunverulega að halda áfram og áætlunin, að því leyti til sem hún er gerð, eigi aðeins að vera leiðarvísir, sem menn megi líta á og fara eftir, þegar það henti þeim, en hins vegar séu engar skuldbindingar gefnar um það, að eftir áætluninni eigi að fara, og engar verulegar ráðstafanir eru gerðar til þess að sjá um framkvæmd áætlunarinnar. Við Alþýðubandalagsmenn höfum nú um margra ára skeið lagt hér fram á Alþingi till. um það, að tekinn yrði upp hér á landi að meira eða minna leyti áætlunarbúskapur, þ. e. a. s. að gerðar yrðu áætlanir bæði til stutts tíma og langs tíma um það, í hvaða átt ætlazt er til af stjórnarvöldum landsins að atvinnulíf landsmanna þróist, að hvaða marki sé stefnt, og að tilheyrandi ráðstafanir séu gerðar til þess að fara eftir slíkum áætlunum, að framkvæma þær, og jafnhliða þessu sé greinilega raðað niður fyrir fram, í hvaða fjárfestingarframkvæmdir skuli leggja hverju sinni, og þannig unnið að því eftir fyrirframgerðri áætlun. Það er auðvitað enginn vafi á því, að skipulagsleysið, sem við höfum búið við í þessum efnum, hefur reynzt íslenzku þjóðarbúi kostnaðarsamt. Það er engin von til þess, að fjárfesting, án þess að um hana séu gerðar áætlanir fyrir fram að vel athuguðu máli, verði á þann hátt eftir hendingunni einni, að þjóðar-

búinu verði það hagstæðast. En við höfum líka vitað það, Alþýðubandalagsmenn, þegar við höfum lagt fram till. um þetta, að það var grundvallarskoðanamunur á milli okkar og ýmissa annarra um, hversu réttmætt það væri að stefna inn á þessa nýju braut og byggja rekstur þjóðarbúsins að meira eða minna leyti á áætlanagerð eða samkv. fyrirframgerðum áætlunum. Sjálfstfl. hefur margsinnis lýst því yfir, að hann væri í grundvallaratriðum á móti því að gera slíkar áætlanir þannig, að þær væru gerðar bindandi. Hann hefur sagt þvert á móti, að hann vildi, að allir hlutir í þessum efnum væru, eins og það hefur verið svo fagurlega orðað, sem frjálsastir fyrir fyrirtæki og einstaklinga og hver og einn gæti valið það úr, sem honum sýndist. Á þennan hátt hefur það verið stefnuskráratriði þeirra sjálfstæðismanna, að það ætti í rauninni engin yfirstjórn að vera á innflutningi til landsins eða stjórn gjaldeyrismálanna, þar ætti að ríkja hið ótakmarkaða frelsi. Hver og einn kaupsýslumaður gæti fengið eins mikið af gjaldeyri og honum sýndist og gæti ráðstafað þeim gjaldeyri eins og honum sýndist. Það væri á valdi einstaklinganna í landinu að velja á milli þess, hvort menn vildu flytja inn óhóflega mikið af bílum á einu ári og draga þá að sama skapi t. d. úr innflutningi framleiðslutækja, eins og átt hefur sér stað hvað eftir annað í stjórnartíð þeirra sjálfstæðismanna og nú síðast á s. l. ári, þegar við notum meira af okkar gjaldeyri til innflutnings á bílum, mestmegnis til almennrar eyðslu, heldur en við notum gjaldeyri til innflutnings á fiskiskipum. Sjálfstfl. hefur talið það haft á framtaki einstaklingsins, á frelsi einstaklingsins, að hann yrði að fara eftir fyrirframgerðum áætlunum varðandi framkvæmdir í landinu, varðandi atvinnulega uppbyggingu og varðandi rekstur þjóðarbúsins í heild. Það þarf því í rauninni engan að undra, þó að þessi áætlun, sem hér er nú lögð fram, sé í þeim búningi, að fram sé tekið í margs konar fyrirvörum með henni, að í raun og veru hafi ekki verið teknar ákvarðanir um neitt af meginefni þessarar áætlunar, að hún skuli raunverulega framkvæmd. Sjálfstfl. vill halda því áfram, að valið í þessum efnum geti verið í hendi hvers einstaklings fyrir sig eða í hendi hvers atvinnufyrirtækis um sig. Það er líka, eins og hér hefur þegar komið fram í þessum umr., mjög glöggt í þessari áætlun, að fyrirvarar eru margir og miklir um, að það megi ekki líta á þessa áætlunargerð sem neitt bindandi, hún eigi aðeins að verða til hliðsjónar eða viðmiðunar, en skuldbindingar séu engar um það, að eftir áætluninni verði farið.

Ég sagði hér áðan, að mér þætti rísið á þessari þjóðhagsáætlun, sem hér er gerð fyrir næstu 4 ár, þ. e. a. s. árin 1963—1966, heldur lágt. Samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir því, að þjóðarframleiðslan eigi að vaxa á áætlunartímabilinu frá 1963—1966 um 4% á ári að meðaltali. Þetta er mun minna en hefur verið á undanförnum árum. Á árunum 1955—1959, þessu líka vandræðatímabilinu, sem var næst áður en viðreisnarstjórnin tók við og hún kvað upp þann dóm um að hefði leitt til þess, að þjóðin væri raunverulega að farast efnahagslega og af því þyrfti að grípa til nýrrar viðreisnarstefnu, — á því árabili, frá 1955—1959, jókst þjóðarframleiðslan um 4.4% á ári. En nú á árunum 1963—1966 er ætlazt til þess, að meðaltalsaukningin verði 4%. Ekki er nú risið hátt. Þjóðartekjurnar á undanförnum árum hafa þó verið mun hærri en þetta, vegna þess að á mörgum af þessum árum hafa viðskiptakjörin farið batnandi. Þjóðartekjurnar hafa verið mun hærri á undanförnum árum en nú er gert ráð fyrir. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir minni fjárfestingu, fyrir minni fjármunamyndun í landinu en hefur verið á undanförnum árum. Nú er gert ráð fyrir því, að fjármunamyndunin muni verða um 26% að meðaltali á ári, en á árunum frá 1955—1962 var meðaltalið 27.8%, og á vandræðatímabilinu frá 1955—1959 var það þó mun hærra.

Menn gætu kannske haldið, að nú væri áætlað, að fjármunamyndunin yrði í ýmsum þeim greinum í þjóðarbúskapnum, sem hefðu meiri almenna þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn en áður var. Nú væri t. d. lögð meiri áherzla á það, að þjóðin festi fjármuni sína í uppbyggingu atvinnulífsins, í uppbyggingu atvinnuveganna, heldur en áður var, en minna í ýmsum öðrum verðmætum, sem er gott að eiga og gott að njóta, en vitanlega skila ekki af sér jafnmiklum þjóðartekjum. En þessu er alveg öfugt farið. Á fyrra tímabilinu var fjármunamyndun þjóðarinnar einmitt mikil í uppbyggingu atvinnulífsins, í uppbyggingu fiskiskipaflotans, í uppbyggingu fiskiðnaðarins og öðrum slíkum framkvæmdum. En nú er því lýst yfir í þessari framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir næsta 4 ára tímabil, að í þessum efnum þurfi ekki mikið að gera, en aukningin hins vegar frá síðustu árum eigi að liggja á allt öðrum sviðum, nú eigi að leggja meira í vegagerð, byggingu skóla og í raforkuframkvæmdir en þessi síðustu ár, þegar hefur verið alger stöðnun í þeim efnum, t. d. viðvíkjandi byggingu raforkuvera. Það á beinlínis að stefna að því eða því er raunverulega slegið föstu, að fjárfestingin, sem áður var í atvinnuvegunum, hafi verið það rífleg, að enn um sinn megi reikna með 4 árum, þannig að lítið þurfi í þeim efnum að gera, enn sé hægt að búa að því, sem áður var gert varðandi rekstur þjóðarbúsins, og það sé hins vegar rétt að leggja fjármunamyndunina í annað, sem minna er framleiðslugefandi.

Það er einnig gert ráð fyrir því, að á þessu næsta 4 ára tímabili verði haldið áfram þeirri stefnu síðustu þriggja ára að reikna með því, að einkaneyzlan í landinu, þ. e. a. s. það, sem þjóðin fær að spila úr í almenna neyzlu, skuli enn þá halda áfram að verða mun minni en framleiðsluaukningin í landinu segir til um. Áfram á að halda þeirri stefnu þannig, að einkaneyzlan á að vaxa um minna frá ári til árs á þessu tímabili áætlunarinnar en áður

var. Á tímabilinu frá 1955—1959 óx einkaneyzlan um 4.6% á ári að meðaltali, en nú er gert ráð fyrir því, að hún eigi að vaxa um 3.8%.

Nei, það er ekki hátt risið á þessari framtíðaráætlun, það er beinlínis sveigt niður á við. Menn hafa ekki trú á því, að efnahagsmál þjóðarinnar séu þannig, að þau fái einu sinni risið undir svipuðum vexti og verið hefur hér á undanförnum árum. Í grg. áætlunarinnar er þetta líka tekið fram alveg berum orðum. Þegar vikið er að atvinnuvegunum, segir þar alveg skýrum orðum á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í stórum dráttum má segja, að ekki sé gert ráð fyrir neinum meiri háttar breytingum á fjárfestingu í atvinnuvegunum frá því, sem verið hefur á undanförnum árum.“ Og enn fremur segir í grg.: „Það er því ekki aukning fjárfestingar í atvinnuvegunum, sem mest ríður á, heldur betra val framkvæmda.“ Það var nú svo: betra val framkvæmda. Það skyldi þá verða betri grundvöllur til þess að byggja á í framtíðinni með vaxandi þjóðartekjur að auka stórlega fjárframlög til vegagerða og skólabygginga, þó að þetta hvort tveggja sé út af fyrir sig gott, heldur en til þess að byggja upp aðalatvinnuvegi landsins, eins og áður hafði verið gert. Það skyldi þó reynast svo, að það væri betra. Það er þá alveg ný kenning. En þetta kemur manni ekki ýkjamikið á óvart, þegar maður hefur fylgzt með því að undanförnu, hvernig sérfræðingar hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, þeir sem auðvitað ráða svo að segja öllu um samsetningu þessarar áætlunar, hugsa og hafa ráðgert þróun þessara mála. Aðalráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, hefur lýst því yfir opinberlega, að hann telji, að það sé útilokað, að aðalatvinnuvegir landsmanna, sem verið hafa, sjávarútvegur og landbúnaður og iðnaður fyrir innanlandsneyzlu, geti á næstu árum gefið það svigrúm, eins og hann orðaði það, til vaxandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, sem nauðsynlega verði að gera ráð fyrir. Þessi ráðunautur ríkisstj. lýsir því alveg hispurslaust yfir, að það sé hans álit, að þessum aðalatvinnuvegum okkar sé ekki á að byggja í þessum efnum, þeir muni ekki duga til, það verði að leita nýrra úrræða, eins og hann hefur sagt. Það er varla von, að áætlun, sem kemur frá honum, geri ráð fyrir því, að byggt sé á því, að sjávarútvegur okkar geti aukið framleiðslu sína til verulegra muna og hægt sé að reikna með auknum þjóðartekjum frá honum á komandi árum, enda hefur hann haldið því fram, að hámarkið, sem reikna megi með í auknum útflutningi af hálfu sjávarútvegsins, sé 4.5% að meðaltali á næstunni. Reynslan s. l. 2 ár, 1961 og 1962, sýnir reyndar, að aukningin er full 28%, en ekki 9%, eins og hann virðist reikna með í þessum efnum. Þegar þessi sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum hefur lýst þessu yfir, hefur hann jafnframt undirstrikað það, að af þessum ástæðum teldi hann, að það yrði að finna nýjar leiðir í efnahagsmálum þjóðarinnar og þessar leiðir eigi að vera stóriðja, sem eigi að byggjast á erlendu fjármagni, einkafjármagni, eins og hann hefur sagt, og opinberu fjármagni jöfnum höndum, og hann hefur ekki séð aðrar leiðir til þess, að hægt væri að tryggja Íslendingum á næstu árum sambærilegan hagvöxt og nágrannaþjóðir okkar hafa búið við að undanförnu. En í þessa áætlun, sem hér er lögð fyrir, vantar svo allt um stóriðjuna. Þar er ekki eitt einasta orð um hana. Það er allt látið liggja fyrir utan garð, og útkoman verður auðvitað sú, að hann treystir sér ekki til þess að gera þar áætlun, nema sem stefni niður á við, sem geri ráð fyrir minnkandi þjóðarframleiðslu og minnkandi þjóðartekjum frá ári til árs frá því, sem verið hefur á undanförnum árum.

Það er enginn vafi á því, að hér er um mikið vanmat að ræða á möguleikum hjá aðalatvinnuvegum okkar Íslendinga. Það hefði sannarlega verið hægt að gera hér þjóðhagsáætlun fyrir næsta 4 ára tímabil og framkvæmdaáætlun fyrir það tímabil, sem hefði verið byggð á því, að okkar útflutningsframleiðsla og heildarframleiðsla hefði stóraukizt og þjóðartekjurnar vaxið miklum mun meira en gert er ráð fyrir í þessari áætlun, ef menn hefðu trú á þeim möguleikum, sem ég álít að sjávarútvegur okkar búi yfir. Þessir sömu aðilar, sem að þessari áætlun standa, höfðu enga trú á því, sem var verið að gera á árunum 1956—1959. Þeir héldu því fram, að nokkrar lántökur erlendis til þess að byggja upp okkar fiskiskipastól væru að koma þjóðinni á vonarvöl efnahagslega. Og fylgismenn hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi og þ. á m. fiskimálastjóri landsins voru svo glámskyggnir á það, sem þá var verið að gera, þegar var verið að breyta okkar fiskiskipaflota frá því að vera almennt 60—70 tonna bátar og upp í það að vera 150—250 rúmlesta skip, sem áttu að leggja undir sig ný veiðisvæði og nýja veiðimöguleika, að þeir fluttu hér á Alþingi till. um það, að vegna þess að þessi nýju skip, sem nú væri búið að æða út í að kaupa og væru allt of dýr í stofnkostnaði og órekandi hér á fiskimiðunum við Ísland, þá skoraði Alþingi á ríkisstj. að láta fara fram sérstaka athugun á því, hvort ekki væri mögulegt að senda þessi dýru skip til Afríku og láta þau veiða þar. Hinn mikli vöxtur þjóðarframleiðslunnar nú og hinn mikli vöxtur þjóðarteknanna á undanförnum árum hefur einmitt byggzt á þessum ráðstöfunum, sem gerðar voru á árunum 1956—1959 varðandi sérstaklega uppbyggingu sjávarútvegsins. Það væri enn hægt að gera alveg hliðstæðar áætlanir og hliðstæðar framkvæmdir og þá var gert, ef menn vantaði ekki trúna á, hvað hægt væri að gera í þessum efnum.

Ég skal nú ekki efna hér til allt of langra eða almennra umr. um þessi mál, ég veit, að tíminn er naumur til starfa hér á Alþingi, en vissulega gefur þessi áætlanagerð og það, sem henni fylgir, tilefni til þess, að gripið sé niður

á þessum málum allvíða. Ég tel, að aðalatriðin, sem liggja fyrir varðandi þjóðhagsáætlunina, sem hér er lögð fram, séu þessi:

Í fyrsta lagi er það, að þessi áætlun er um óákveðnar hugmyndir, og því er lýst yfir, að engin skuldbinding fylgi því, að farið sé eftir áætluninni. Í öðru lagi kemur í ljós, að það er ekki gert ráð fyrir í þessari áætlun neinum teljandi breytingum varðandi þróun atvinnuveganna, varðandi þróun atvinnulífsins. Það er gert ráð fyrir því að byggja í öllum aðalatriðum á því, sem fyrir er. Fjárfesting í landinu almennt á að fara minnkandi. Það er gert ráð fyrir því, að framleiðsluaukningin og aukning þjóðartekna fari minnkandi frá því, sem var. Það er áfram gert ráð fyrir því að reyna að halda kaupgetunni niðri, að kaupgetan vaxi minna frá ári til árs en framleiðsluaukningin gefur tilefni til. Áætlunin er greinilegur vottur um skilningsleysi og vantrú á aðalatvinnuvegi landsmanna og þá möguleika, sem þeir gefa. Í áætlunina vantar allan stórhug. Þetta sýnist mér vera aðalatriðið varðandi þessa þjóðhagsáætlun. Um sjálfa áætlunina, þessa svonefndu framkvæmdaáætlun fyrir árið 1963 eða það, sem eftir er af því ári, er ekki þörf að fara mörgum orðum. Hún er svo augljóslega sett upp þannig, að þar á að vera um kosningaáróðursplagg að ræða af hálfu stjórnarflokkanna, enda er það í rauninni engin tæmandi framkvæmdaáætlun. Það er gerð grein fyrir því, að ríkisstj. hafi verið að útvega að undanförnu 472 millj. kr. með lántöku í Englandi, með lántöku í Bandaríkjunum, sérstöku vörukaupaláni þar, og með lántökum hjá ýmsum innlendum peningastofnunum, og síðan er gerð grein fyrir því, í hvað þetta fé eigi að fara í stórum dráttum, og þar tilnefndir nokkrir almennir lánasjóðir og nokkrar almennar framkvæmdir, sem lengi hefur verið beðið eftir eða lengi hafa staðið yfir, og þetta fé á að fara í það. Af þessu munu ríkisstjórnarflokkarnir að sjálfsögðu guma í komandi kosningabaráttu, þetta hafi þeir útvegað, þetta standi til. En þetta er ekkert frábrugðið venjulegum kosningatill. Hér er því ekki brotið neitt blað frá því, sem verið hefur áður í okkar stjórnmálasögu hvað þetta áhrærir.

Nei, það hefði vissulega verið mikil þörf á því, að gerð yrði áætlun í þeim anda, sem við Alþb.-menn höfum flutt hér till. um á undanförnum árum, — áætlanir, sem hefðu miðað að því að taka hér stjórn á okkar almenna þjóðarbúskap, þ. e. a. s. að gerðar séu áætlanir um skipulega uppbyggingu atvinnulífsins, ákveðna þróun atvinnuveganna með það fyrir augum, að þeir geti skilað í þjóðarbúið meiri afrakstri en áður, og að fjárfestingin sé felld inn í sérstaka áætlun, sem unnið sé eftir. Á því hefði verið brýn þörf, og það hefði verið brýn þörf á því, að stjórnarvöld landsins hefðu síðan tekið á sig beina og óbeina skuldbindingu um það, að eftir slíkum áætlunum skyldi farið.

Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að fara hér út í almennar umr. um ýmislegt af því, sem stendur í þessari þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, né heldur því, sem hæstv. forsrh. vék hér að. Sumt af því, sem þar er sagt, og sumt af því, sem hæstv. forsrh. endurtók hér í sinni ræðu, er að mínum dómi hin furðulegasta fjarstæða. Ég skal nefna aðeins eitt í þessum efnum. Það er verið að víkja að því iðulega í þessari grg., að hagvöxturinn á Íslandi hafi verið með allt öðrum hætti og miklu lakari en í nágrannalöndum okkar á tímabilinu eftir stríðið og það sé ekki fyrr en nú fyrir stuttu, að við höfum aftur náð svipuðum hagvexti og var á styrjaldarárunum. En hins vegar hafi þetta gengið allt saman miklu betur fyrir sig í nálægum löndum, og svo er því slegið föstu, að ástæðurnar til þess séu þær, að hér hafi verið beitt rangri efnahagsmálastefnu, en í nágrannalöndum okkar hafi verið beitt jafnvægisstefnu. Þetta eru auðvitað hinar herfilegustu blekkingar að mínum dómi. Fram hjá því er hlaupið í þessum efnum, að á styrjaldarárunum og í lok stríðsins voru þjóðartekjur Íslendinga á ári hverju, þá var þjóðarframleiðslan hér í algeru hámarki. Þá vann hér svo að segja hvert mannsbarn. Þá voru öll tæki þjóðarinnar notuð til fulls og allt vinnuafl. Og þá var hér geysilega ör hagvöxtur. Þá var verðlag allt gífurlega hátt, aflinn allur miklu meiri en áður hafði þekkzt, og á þessum árum, eins og 1942, 1943 og fram á 1944, höfðum við úrvals síldarár og gífurlega hátt verð fyrir afurðir. Svo kemur tímabil á eftir hjá okkur, þegar við förum að glíma við það, að við förum úr háum hagvexti og gífurlega mikilli framleiðslu og gífurlega háum tekjum á hvern einstakling í landinu, og við verðum að mæta þá síldarleysisárum, minnkandi atvinnu í ýmsum efnum, minnkandi afla á miðunum, stórlækkuðu verðlagi erlendis, en ný tæki okkar, sem voru margfalt afkastameiri en þau, sem við byggðum á áður, jöfnuðu þetta tiltölulega fljótt. En erlendis, í þeim löndum, sem er verið að miða við, hafði framleiðslan á styrjaldarárunum dottið langt niður fyrir það, sem áður hafði verið. Þá voru atvinnuvegirnir þar í öngþveiti. Þar þurfti á mikilli uppbyggingu að halda. Hjá þeim er því miðað við lágmark, og þeir hafa verið að vinna sig áfram, vinna sig upp á við allan tímann. Við vorum hins vegar að koma frá algeru hámarki, frá hápunkti. Og svo segja menn í þessum samanburði: Hagvöxturinn hefur ekki orðið eins mikill á Íslandi frá ári til árs, frá hápunktinum, og vöxturinn hefur verið í löndunum í kringum okkur frá lágmarkinu og nokkuð upp eftir. — En þessir sömu menn, sem þetta segja og svona rök nota, verða þó að slá því föstu í grg. áætlunarinnar, að þjóðartekjur á Íslandi séu fyllilega eins háar og í iðnþróuðu löndunum í kringum okkur, þar sem þær eru einna hæstar, og að þjóðartekjurnar á hvern einstakling séu eins háar og hærri en í flestum nálægum löndum.

Nei, það er ekki það, sem hefur ráðið úrslitum nú hjá okkur, að nú síðustu árin hafi *ný efnahagsmálastefna, svonefnd jafnvægis-*

stefna, skilað okkur vaxandi þjóðartekjum eða örari vexti en áður var. Það, sem hefur gerzt, er einmitt hitt, að sú efnahagsmálastefna, sem hér var ríkjandi, áður en viðreisnarstefnan tók við, skildi eftir sig þær aðstæður í atvinnulífi landsins, hún skildi eftir sig þær kringumstæður, að við getum búið við slíka framleiðsluaukningu eins og við höfum búið við nú s. l. tvö ár. En framkvæmdir sjálfrar jafnvægisstefnunnar hafa ekki leitt til þess, að aflinn hafi vaxið eða þjóðartekjurnar hafi vaxið, síður en svo.

Ég skal svo láta þessum umr. lokið hér af minni hálfu, en segi það aðeins að lokum, að það er illt til þess að vita, að jafnnauðsynlegt mál og hér er tekið á, þessi ásetlunargerð, skuli hafa tekizt jafnlaklega og raun ber vitni um.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í raun og veru gæti ég látið nægja að hlusta og ekki svara þessu, sem hér hefur verið sagt. Hins vegar gefur það líka tilefni til alllangs svars. Ég ætla að reyna að fara bil beggja, svo að þetta taki ekki of mikinn tíma þingsins, sem nú er orðinn tæpur, því að þetta er mál, sem nú eru að hefjast umr. um, en halda áfram vafalaust, þangað til yfir lýkur og kosningar eru búnar.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst kannske ekki alveg sanngjarnt af okkur stjórnarliðum að ganga út frá því, að hv. stjórnarandstæðingar séu reiðubúnir til þess að ræða þetta mál og geti gert það af fullri þekkingu, eftir að hafa ekki haft það til athugunar lengri tíma en raun ber vitni um. En ég hefði þó viljað mega ætla hv. ræðumönnum, sem hér hafa komið fram fyrir hönd sinna flokka, að þeir hefðu gert annaðhvort að ræða það minna eða lesa það betur, því að það kom fram mjög greinilega af ræðum þeirra beggja, að aðalatriðin hafa í raun og veru farið fram hjá þeim. Sumt var rétt, sem þeir sögðu, en í aðalatriðum fannst mér, að þeirra aths. bæru vitni um, að þeir hefðu ekki skilið, hvað fyrir stjórninni vakir með þeim fyrirætlunum, sem lýsa sér í þeirri skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram.

Ég ætla að byrja aðeins á því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 4. þm. Austf. (LJós). Hann sagði, að það væru herfilegar blekkingar, sem við værum að flytja hér. Við værum að halda því fram, að hægari hagvöxtur á Íslandi en í nágrannalöndunum á undanförnum árum stafaði af því, að við hefðum haft aðrar og óheppilegri vinnuaðferðir, hefðum ekki stýrt málum okkar eftir þeim heppilegustu leiðum og farsælustu stefnum, sem aðrir hefðu hins vegar gert. Þetta væri alls ekki ástæðan til, að svo hefði farið, sem raun ber vitni um. Ástæðan væri sú, að allt hefði verið í niðurníðslu hjá þeim löndum, sem nú hefðu tekið örari vexti. Við hefðum algerlega farið fram hjá þessu efni og þess vegna væru okkar skýrslur rangar, þessar þjóðir hefðu verið, eins og hann sagði sjálfur, í dældinni, lágmarki í þeirra framleiðslu, og þess vegna gætu þær tekið hraðari vexti en við. En ég vildi nú spyrja þennan þm.: Heldur hann í alvöru, að þjóðartekjur okkar á mann, á Íslandi fyrir ófriðinn, séu eitthvað sambærilegar við það, sem þær voru í þessum löndum fyrir ófriðinn? Hann hlýtur að vita það, þessi hv. þm., að þar er ólíku saman að jafna. Það er ekki fyrr en við höfum tekið hinum öra hagvexti á ófriðarárunum, sem við erum sambærilegir um tekjur á mann við það, sem þessar þjóðir hafa um langan aldur getað veitt sínum þegnum. Þetta hlýtur hv. þm. að vita, og ég vil ekki hafa þau hörðu orð um hann, sem hann hafði um okkur, að þetta séu helberar blekkingar. Ég segi bara: hann hefur ekki gert sér grein fyrir þessu, annars mundi hann ekki halda þessu fram.

Ég var nú einnig að hugsa um það, hvernig á því stæði, þegar þessi mikli hagvöxtur hefði átt sér stað, sem hann var að tala um í tíð vinstri stjórnarinnar, að allt skyldi þá vera að fara á hausinn, þegar vinstri stjórnin fór.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) benti á og kvartaði yfir, að menn hefðu ekki haft nema fjóra vinnudaga, eftir að þeir fengu að sjá þessa skýrslu, til að athuga hana. Þetta er nú náttúrlega að því leyti rétt og ekki rétt, að við lögðum einmitt megináherzlu á að geta afhent þm. þessa skýrslu, þannig að þeir hefðu páskahelgina til þess að athuga hana. Menn verða að vinna stundum á hátíðisdögum, er það ekki? En hitt er alveg satt, að það hefði náttúrlega verið miklu æskilegra, að þessi skýrsla hefði fyrr komið. En þó að menn ræði hér mjög um það, að þetta sé kosningaplagg, lagt einmitt fram á seinustu stundu, til þess að menn geti síður áttað sig á þeim „blekkingum“, sem þar felist, þá vita þessir menn allar ástæðurnar fyrir því, að þetta var svona hægfara. Því er öllu lýst í grg. Ég lýsti því einnig í framsöguræðu minni. Efni málsins er, að þegar við færðumst þetta í fang, þá gerði enginn hv. þm. sér grein fyrir, hve mikið verk var að vinna, til þess að hægt væri að skila svona plaggi á þann hátt, sem menn telja frambærilegt. Þetta er í fyrsta skipti, sem slík tilraun er gerð á Íslandi. Og sjálf vinnan leiddi í ljós, að þar kom mjög margt til greina, sem enginn þm. hafði gert sér grein fyrir, m. a. af því, að við höfðum ekki fulla þekkingu á málinu. Þegar farið var að vinna að því, leiddi reynslan í ljós, að í fyrsta lagi voru okkar þjóðhagsreikningar ekki fullkomnir. Í öðru lagi var of lítil þekking fyrir hendi um gang atvinnulífsins og einkum skorti mjög á, að skýrslur okkar og gagnasöfnun væri í þessum efnum svo fullkomin sem er hjá öðrum þjóðum. Af þessu stafar drátturinn í þessu máli.

Ríkisstj. hefði auðvitað langhelzt viljað geta fengið tækifæri til þess að leggja sín skjöl fram og byrja eitthvað á framkvæmdum til þess að sanna, að hér væri á ferðinni mikil framkvæmda- og framfaraáætlun, en ekki bara skjallegar fullyrðingar. Það var okkar hagur að geta byrjað að framkvæma. Þá hefðu menn

ekki haft tækifæri til þess að segja: Þetta er ekkert annað en kosningaplagg. — Við gerðum okkur vel grein fyrir því, hvaða vinnubrögð þessir hv. andstæðingar okkar eru vanir að hafa, og þau ræðuhöld, sem hér fara fram, koma okkur þess vegna ekki á óvart. Hitt veit ég, að þessir menn játa í sinn hóp, að þeir skilja, að það er ekki hægt og ekki rétt af stjórnarvöldunum að leggja svona mál fram, fyrr en um það er búið að fjalla á þann hátt, sem bæði sérfræðingar og ríkisstj. sjálf telja nauðsynlegt, svo að hægt sé að átta sig, svo sem bezt verður á kosið, á því, hvað það er, sem stjórnin ætlast fyrir.

Hv. 1. þm. Austf. var hér með fsp. um það, hvað þjóðhagsáætlun væri. Ég skýrði það í frumræðu minni, en vísa að öðru leyti til grg. Hirði ég ekki að lesa aftur þá kafla úr ræðu minni, sem sérstaklega fjalla um þetta og svara því alveg, hvers konar þjóðhagsáætlanir er um að ræða almennt talað og hvers konar þjóðhagsáætlun þetta er, sem hér liggur frammi. Það er beinlínis tekið fram, að fyrir utan þá gagnasöfnun og þær ályktanir, sem hægt er að draga af fortíðinni um líkur fyrir, hvernig framtíðin verði, þá vannst ekki tími til að bæta þar við sundurliðaðri áætlun nema varðandi eitt og að nokkru leyti annað ár, 1963 og 1964 að nokkru leyti. Svona áætlanir eiga að lýsa því, hvernig líkur benda til að efnahagsmálaþróunin verði, svo að menn geti reynt að gera sér grein fyrir, hvað þeir hafa mikið fé milli handa, hverju má verja til fjárfestingar, hverju til einkaneyzlu, hverju til almennrar neyzlu og loksins hverju beri að verja til þess að reyna að auka gjaldeyrisforðann, til þess með því að sýna, að efnahagur okkar stendur traustum fótum. Þetta er almenni tilgangurinn. Í öðru lagi er, eins og ég sagði, ætlunin sú, að geta gert fjögurra ára áætlun, sem skýri frá því, hverju stjórnarvöldin búast við að þjóðarbúskapurinn muni skila á þessum árum. Auðvitað getur svona áætlun aldrei verið nema áætlun. Það er alveg rétt, sem annar hvor af hv. ræðumönnum sagði, það er ekki hægt að segja fyrir fram: Síldin skal verða svona mikil og þorskurinn svona mikill. — Það getum við ekki. Við reynum að miða við reynslu undanfarinna ár og draga af því þær ályktanir, sem verða taldar skynsamlegar í þessum efnum.

Það kom mjög ákveðið fram hjá hv. 4. þm. Austf. um þessar skýrslur okkar, að það væri svo sem ekki hátt á þeim risið, það var nú eitthvað annað, það var jafnvel verra en í hans stjórnartíð. En hann lék sér að því að taka meðaltal áranna 1955—1959, og það átti að sýna, hver hagvöxturinn hefði verið á Íslandi almennt og sérstaklega meðan hann var í stjórn. En það vita allir, sem lesið hafa skýrsluna, sem hann var alltaf að vitna í, að á eftirstríðsárunum eru það þrjú ár, sem skera sig úr og eru miklu betri en hin, sem sé 1955, 1958 og 1962. Tvö þessara ára, 1955 og 1958, faldi hann í sínum fáu árum og fékk með því hærra meðaltal. Þetta eru ekki góð rök og ekki ærlegur málflutningur, en hann er ekkert öðruvísi en ég hafði búizt við, ég játa það.

Ég var dálítið hissa á, að hv. 1. þm. Austf. lét sér sæma að staðhæfa, að þetta, sem hér lægi fyrir, væri ekkert annað en þingið hefði ákveðið. Hann margstaðhæfði það, að áætlunin 1963 bæri ekkert með sér af neinu tagi annað en hann sjálfur væri búinn að ákveða hér á Alþingi. En má ég þá spyrja: Hvar stendur það í hans ræðum eða í fjárl. eða í öðrum plöggum hér, að það eigi að ráðast í Ennisveg og ljúka honum? Hvar stendur, að það eigi að ráðast í Strákaveg og ljúka honum? Hvar stendur, að það eigi að klára þessar hafnir, sem við vorum að geta um? Hvar stendur um þessa miklu fjáreyðslu til skólanna, sem er verið að tala um? Hvar stendur um Reykjanesbrautina, að hún geti haldið áfram fullum fetum? Ekkert af þessu hefur þingið ákveðið. Og þegar hv. þm. segir, að það sé lítið á þessari skýrslu að græða, að henni fylgi ekki svo mikið sem eitt einasta frv., ekki nein fsp. eða tillaga til Alþingis um, hvað gera eigi og gera megi, þá leyfi ég mér að segja, að þessi skýrsla, þessi þjóðhagsáætlun okkar er till. til þjóðarinnar, það er till., sem við munum ræða við þjóðina um og athuga, hvort hún vill fylgja okkur að málum, svo að við getum framkvæmt þetta. Það er aðalatriðið.

Ég var líka dálítið hissa á þessum miklu málalengingum þessa hv. þm., þar sem hann var að lýsa því, að þessi áætlun okkar væri full af fyrirvörum. Það þyrfti svo sem ekkert að standa við af neinu tagi og raunar þar af leiðandi ekkert að svíkja. Þetta væru allt tómir fyrirvarar. En er nokkuð við því að segja? Getur nokkur leyft sér að segja: Svona skal árferðið vera? Það, sem við segjum, er: Ef árferðið verður svona, þá ættum við að geta þetta, ef peningar verða til þess, þá ætlum við að láta þetta vera númer eitt, þetta númer tvö, þetta númer þrjú. — Það er það, sem við segjum, svo langt sem þær sundurliðuðu áætlanir ná. Það er það, sem verið er að segja. En hvernig getur svo þessi maður sagt: Stjórninni bæri að vera heiðarleg og segja frá því, að það er ekki víst, að hún geti staðið við þetta allt saman? — Þessi hv. þm. gerir tvennt í senn: Hann ávítar okkur fyrir að nefna fyrirvarana, að hafa fyrirvara yfirleitt, en telur samt, að við séum óheiðarlegir í málflutningi, því að við séum að gefa þjóðinni í skyn, að þetta ætlum við að framkvæma, þetta vaki fyrir okkur, sem engin vissa sé fyrir að hægt sé að framkvæma. Ég held við höfum lifað eftir þeim heiðarleika, sem þessi hv. þm. gerir til þm., þ. e. a. s. til andstæðinga sinna.

Ég skal svo að lokum um þennan þm. segja það, um leið og ég endurtek, að mér þykir ekki ástæða til að fara hér að lesa upp að nýju þá kafla úr minni ræðu, sem sérstaklega mundu sýna, að meginpartur af ræðu hv. þm. var ekki miðaður við það, sem ég hafði lýst

að vekti fyrir okkur í ríkisstj. og honum bar að vita, ef hann hefur lesið skýrsluna. Og ég held, að það sé ekki fjarri sanni, þegar ég segi, að ég dreg mjög í efa, að hv. þm. telji vítavert, hvernig með þetta mál hefur verið farið, og það sé það, sem þyngi skap hans. Mér er nær að halda, að það sé heldur hitt, að honum þyki að athuguðu máli þær till., sem við berum fram, skynsamlegar og hann hefði ekki haft á móti því sjálfur að standa að þessu máli öðruvísi en hann hefur haft tækifæri til að gera að þessu sinni. Ég á þar alveg beinlínis við það, að ég efast ekkert um, að ef við, þessir gömlu samstarfsmenn, hefðum unnið saman í stjórn núna, þá hefði ekki orðið ágreiningur út af þessu máli. Svo vel þekki ég hann.

Út af því, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, er rétt að geta þess, að Norðmenn hafa ekki samið fyrir okkur áætlun. Þeir sömdu drög að áætlun, og ég lýsti því í ræðu minni áðan, hvernig stóð á því, að okkur gat ekki notazt betur að þeirra miklu þekkingu á slíkum málum, auk þess, að þeir gátu ekki lokið sínu starfi, sem ég áður gat um, vegna þess að þeirra biðu annir og áríðandi störf heima fyrir.

Það var mér mikið undrunarefni, þegar þessi þm. deildi fast á stjórnina fyrir það, að samkvæmt okkar áætlunum yrði almenningur enn að spara við sig neyzluna. Það var það, sem hann sagði, og það þótti honum mjög hart. En hann var ekki fyrr búinn að sleppa orðinu en hann sagði í ásökunartón: Fjárfestingin er ekki meiri, hún er minni en hún hefur verið. — Þetta er allt meira og minna misskilningur. En þessi hv. þm. veit það, þó að ekki sé af öðru en því, sem hann hefur lært í skýrslunni, að þegar við vitum, hvaða fé við höfum til umráða, þá skiptum við því, eins og ég áðan sagði, í fjárfestingu, einkaneyzlu, almenna neyzlu og í að efla gjaldeyrissjóðina. Nú er það upplýst í skýrslunni mjög greinilega, að það er ekki ætlun stjórnarinnar að leggja neina sérstaka áherzlu á, að þessi aukning sjóðanna verði sérstaklega mikil. Á árunum 1961—1962 höfum við bætt aðstöðuna um 1300 millj., og ef við viljum miða við febrúarlok 1960, þegar viðreisnin hefst, og febrúarlok nú, 1963, þá hafa sjóðirnir vaxið um 1408 millj. kr. Það er þess vegna ekki tilgangurinn að reyna að leggja megináherzlu á verulegan vöxt þeirra, þó að mönnum þyki rétt að stefna að því, að um 100 millj. kr. aukning gæti orðið árlega. En ef deilt er um það, að einkaneyzlan sé of lítil annars vegar og hins vegar fjárfestingin sé líka of lítil, hver á þá að fá það, sem eftir verður? Hv. þm. vill láta eins og þar sé einhver stórfengur, sem liggi milli hluta. En það er ekki hægt að bera fram kröfuna um það, að einkaneyzlan skuli verða meiri og að fjárfestingin skuli líka verða meiri, því að sameiginlega neyzlan, þótt nokkur sé, skiptir þar ekki nærri eins miklu máli og einkaneyzlan, það sér hv. þm., ef hann hefur kynnt sér plöggin. Þetta er því undarlegur málflutningur, og ég segi eins og er og ég endurtek það, að mér finnst, að þessi hv. þm. og ekkert síður hv. 1. þm. Austf. hafi talað meira en efni stóðu til, miðað við þá þekkingu á málinu, sem hann er búinn að afla sér.

Það hneykslaði hv. 4. þm. Austf., að Jónas Haralz, formaður Efnahagsstofnunarinnar, hefði vantreyst því, að eldri atvinnuvegir gætu staðið undir örum hagvexti. Þessi mikilhæfi maður, Jónas Haralz, hefur náttúrlega með sinni grundvölluðu þekkingu gert sér grein fyrir, að það er hæpið að reiða sig á það að byggja á því, að gömlu atvinnuvegirnir okkar geti tekið á móti hinni öru fjölgun þjóðarinnar og bætt um leið lífskjör allra, en það er auðvitað það, sem allir stefna að, a. m. k. við, sem höfum unnið að þessari skýrslu. Það hefur þess vegna verið mikið rætt og mikið hugsað um möguleika fyrir stóriðju. En það er ekki ástæða til að tjalda því, að leggja það fyrir um of við þjóðina, að kjör hennar eigi að batna á grundvelli þeirrar stóriðju, sem við erum ekki búnir að undirbyggja svo, að það sé hægt að reiða sig á hana. Það er ekkert vit í því. Það er fyrst þegar liggja fyrir skýrslur um það, þannig að það sé hægt að byggja á því, og samningar og annað þar að lútandi. Þá er það tímabært. Það er einmitt það, sem við höfum viljað forðast í þessu öllu, að vera með gyllingar. Við höfum viljað segja það eitt, sem við höfum talið að væri nokkurn veginn öruggt, og um það, sem við ráðum ekki yfir, höfum við einmitt gert þessa fyrirvara, sem ýmist er kvartað undan, að séu ekki, eða ráðizt á okkur fyrir, að séu. Ef við svo getum lagt út í þessa stóriðju á kjörtímabilinu, þá verður það gert, og þá verður hagur þjóðarinnar væntanlega þeim mun betri en hér er gert ráð fyrir. Og auðvitað er það líka rétt, að ef við berum meira úr býtum, ef þjóðarhagurinn, af hvaða ástæðu sem það er, verður betri, þá höfum við meira að skipta á milli okkar, og er þá að vænta, að hagur almennings geti orðið að sama skapi betri.

Ég get að sjálfsögðu sagt eins og hv. andstæðingar sögðu, að þetta mál gæti gefið tilefni til margvíslegra aths., ekki bara út frá þessari skýrslu, heldur út frá öllum ferli þessarar stjórnar, sem þeir aldrei geta litið réttu auga. Andstæðingarnir hafa talað miklu lengur en ég. Ég læt þó staðar numið, minnugur þess, að þinglok nálgast hraðfluga, en margt enn ógert.

Umr. frestað, en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

IV. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 3. fundi í Nd., 15. okt., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að bera hér fram utan dagskrár fsp. til hæstv. ríkisstj. út af upplýsingum, sem fram hafa komið í hennar málgögnum nú undanfarið, og virðist eftir þeim að dæma vera nokkuð erfitt fyrir okkur að vita, hvað satt sé sagt um það þýðingarmikla mál, sem þar er um að ræða.

Svo er mál með vexti, að 10. okt. flytur eitt höfuðmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, allmikla grein undir fyrirsögninni „F-102A". Greinin er undirskrifuð með nafni, hann heitir Hjálmar Sveinsson, sem undirskrifar hana. Þar er skýrt frá því, að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafi nú fengið orrustuþotur af nýrri gerð, F-102A, og síðan er skýrt nánar frá því, að þessar þotur muni vera af sérstakri gerð, sem flutt geti kjarnorkusprengjur. Og síðan er það sagt nokkru nánar, — ef ég les orðrétt upp, þá hljóðar það svo:

„Flugskeyti þau, er hér um ræðir, nefnast Genie og eru framleidd af Douglas-flugvélaverksmiðjunum fyrir varnardeildir bandaríska flughersins til notkunar gegn öðrum flugvélum. Ástæðan fyrir smíði skeytisins er sú, að með tilkomu hraðfleygra sprengjuþotna búinna kjarnorkusprengjum kom það vandamál upp, að jafnvel þótt sprengjuvélinni sjálfri væri grandað, væri hætta á, að kjarnorkusprengja hennar félli ósködduð til jarðar, og gæti hún þá valdið miklu tjóni. Til að útiloka þennan möguleika bað flugherinn Douglas-verksmiðjurnar að smíða hraðfleygt flugskeyti búið litilli kjarnorkusprengju, sem gæti tryggt það, að um leið og sprengjuflugvélinni væri grandað, eyddist kjarnorkusprengja hennar einnig, því að bezta aðferðin til að granda kjarnorkuvopni er að nota annað kjarnorkuvopn til þess."

Þetta er meðal þeirra upplýsinga, — þetta er alllangt í Morgunblaðinu, og ég býst við, að flestir hafi máske kynnt sér það, þannig að ég hirði ekki að svo komnu að lesa það allt. Og eftir að þetta kom út í Morgunblaðinu, þá var skýrt frá þessu í Þjóðviljanum og vakin nokkur eftirtekt á því, hvort með þessu væru ekki komin kjarnorkuvopn til Keflavíkurflugvallar. Það, sem þá gerðist eftirtektarvert, var, að það voru tvær alveg ólíkar upplýsingar, sem komu fram í málgögnum ríkisstj. Í Morgunblaðinu 12. okt. er skýrt frá því í leiðara undir fyrirsögninni „Varnir Íslands", að vondir kommúnistar séu alltaf á því að hafa landið varnarlaust, og þess vegna séu þeir með eitthvert mikið vein út af því, að nú skuli hafa komið hingað ógnarleg vetnis- og árásarvopn. Svo segir Morgunblaðið orðrétt:

„Hin nýja flugvélategund er búin flugskeytum, sem grandað geta árásarflugskeytum í mikilli fjarlægð og þannig fyrirbyggt, að þær nái skotmarki. Auðvitað er þetta fyllra öryggi fyrir Ísland, ef svo kynni að fara, að árás ætti að gera á það."

M. ö. o.: af leiðara Morgunblaðsins 12. okt. verður ekki annað séð en Morgunblaðið fagni því, að það séu komin mjög góð skeyti, góðar flugvélar, F-102, til Keflavíkurflugvallar, sem geti varið landið betur en áður og varið það með kjarnorkusprengjum. Og manni virðist af leiðara Morgunblaðsins, að það væru ekki neinir aðrir en einhverjir vondir kommúnistar, sem vilja landið varnarlaust, sem geti verið á móti þessu. Það lítur út fyrir eftir Morgunblaðsleiðaranum að dæma, að þessar flugvélar séu þarna fyrir hendi og kjarnorkusprengjur í þeim til þess að beita. A. m. k. er erfitt fyrir venjulega menn að skilja Morgunblaðið öðruvísi.

Hins vegar segir Alþýðublaðið þannig sama dag undir fyrirsögn, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað um F-102?" Og svo segir: „Blaðaskrif hafa orðið um hinar nýju orrustuþotur, sem varnarliðið hefur fengið til að styrkja varnir landsins. Er frá því skýrt, að F-102 flugvélarnar geti borið eldflaugar með kjarnorkusprengjum, og geta lesendur rétt ímyndað sér, hvernig Þjóðviljinn skrifar um það mál." Síðan segist Alþýðublaðið hafa aflað sér eftirfarandi upplýsinga, og telur svo upp 1, 2 og 3, og blaðið segir orðrétt: „Niðurstaðan verður þessi. Hér hafa ekki verið og eru ekki nein kjarnorkuvopn."

M. ö. o.: málgagn hæstv. utanrrh. lýsir því yfir sama daginn og Morgunblaðið, eitt höfuðmálgagn Sjálfstfl., fagnar því, að nú skuli loksins komnar góðar varnarvélar, að hér hafi ekki verið og séu ekki nein kjarnorkuvopn.

Á síðasta Alþingi, þegar verið var að ræða um kjarnorkusprengingar, sem framkvæmdar voru þá m. a. austur í Rússíá, höfðu fulltrúar Alþb. borið fram svo hljóðandi tillögu sem viðbót við tillögu, sem þá lá fyrir:

„Alþingi lýsir enn fremur yfir því, að það muni aldrei leyfa staðsetningu neins konar kjarnorkuvopna á Íslandi né að slíkum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi."

Þótt mikill hluti þingheims væri fylgjandi þessari till. og að því er virtist raunar allur þingheimur, þá gerði þáv. hæstv. forsrh., núv. hæstv. dómsmrh., þá grein fyrir atkv. sínu, sem hér segir: „Svo sem fram hefur komið í umr. og marglýst hefur verið yfir, eru engin kjarnorkuvopn geymd hér á Íslandi og ekki komið til greina, að þau yrðu hér." Svo sagði hæstv. núv. dómsmrh., þáv. forsrh., og taldi af þeim ástæðum ástæðulaust að vera að gera nokkrar sérstakar samþykktir út af því, hvort kjarnorkuvopn væru á Íslandi.

Það virðist liggja fyrir alveg ótvíræð yfirlýsing hæstv. ríkisstj., að hér á landi séu ekki kjarnorkuvopn og verði ekki kjarnorkuvopn, enn fremur yfirlýsing í Alþýðublaðinu út af greinum um F-102, að hér hafi ekki verið og

séu ekki nein kjarnorkuvopn. Hins vegar í þessum leiðara Morgunblaðsins virðist því fagnað og í þessari frásögn, sem gaf tilefni til þessa alls, virðist því slegið föstu, að varnarliðið svokallaða hafi fengið þessi vopn. Nú vil ég leyfa mér að biðja hæstv. ríkisstj., hvaða hæstv. ráðh. sem það er, sem vill láta þetta til sín taka og sannorður vill vera um þessa hluti, að gera svo vel að segja okkur, hverju við eigum að trúa.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið, að þær flugvélar, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur haft hér til varnar, væru orðnar nokkuð á eftir tímanum og úreltar miðað við þá tæknisku þróun, sem fram hefur farið nú um nokkuð langt skeið. Þess vegna hefur verið unnið að því að leysa þessar varnarvélar af hólmi og fá hingað í staðinn aðrar, sem betur væru búnar samkv. kröfum tímans. Þessar nýju vélar eru nú að miklu eða mestu leyti komnar.

Hinar nýju flugvélar eru þannig gerðar, að þær geta borið og hagnýtt kjarnorkuvopn. En samkv. samkomulagi ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna og samkv. reglum Atlantshafsbandalagsins verða hér ekki sett á land né flutt með flugvélum, sem hér lenda, kjarnorkuvopn, nema því aðeins að ríkisstjórn Íslands óski eftir því eða samþykki það. Hefur ekki verið farið fram á það við ríkisstj., að hér yrði komið fyrir kjarnorkuvopnum eða kjarnorkuvopn yrðu höfð í flugvélum, sem hér lenda. Ríkisstj. Íslands hefur ekki heldur óskað eftir neinu slíku. Ástandið er því þannig í dag, að vélar þær, sem hingað eru komnar, geta flutt kjarnorkuvopn og hagnýtt sér þau, en þær hafa ekki slík vopn og slíkum vopnum hefur ekki verið komið hér fyrir. Enginn hefur minnzt á það, og engin ósk hefur komið fram um það, að hér yrðu höfð kjarnorkuvopn eða kjarnorkuvopnum yrði komið fyrir í þessum flugvélum. Þess vegna hafa af eðlilegum ástæðum engar umræður farið fram um slíka hluti.

Ég vænti, að þetta svar upplýsi fullkomlega það, sem þessi hv. þm. var að spyrja um.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans svar, svo langt sem það nær. Nú vil ég í fyrsta lagi segja það viðvíkjandi svona málum, að betur kynni ég nú við það, að sá háttur væri hafður af hálfu hæstv. ríkisstj., að það væri byrjað með því, þegar um svona mál er að ræða, að hæstv. utanrrh. eða einhver annar skýrði Alþingi frá, hvað væri að gerast, en það kæmi ekki einhver og einhver maður, sem maður veit engin deili á, sem skrifar í Morgunblaðið, og segi, að þessar vélar séu komnar, og síðan taki Morgunblaðið undir og hrósi því, hve mikið framtak þetta sé og hve mikið aukið öryggi.

Nú hefur hæstv. utanrrh. gefið okkur skýringuna á þessu. Ég skil það svo: Til Keflavíkurflugvallar eru nú þegar komnar vélar, sem geta borið og geta hagnýtt kjarnorkuvopn, þannig að frá Keflavíkurflugvelli er þegar allt til reiðu til að geta háð hernað með kjarnorkuvopnum. Síðan segir hæstv. ráðh., að kjarnorkuvopnin verði ekki sett á land, nema ríkisstj. samþykki. Jú, það er að vísu nokkurt öryggi og nokkur trygging í því, ef um ríkisstj. væri að ræða, sem ætla mætti að stæði mjög vel á verði í slíkum efnum. Nú höfum við hins vegar rekið okkur á það, a. m. k. þann tíma, sem ég hef átt sæti hér á Alþingi, að hvað eftir annað hefur það komið fyrir, að t. d. ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur einfaldlega sagt við íslenzkar ríkisstjórnir: Nú þurfum við þetta hérna, og það verður að gera strax, innan 24 tíma. — Og íslenzk ríkisstj., jafnvel sem hefur verið ófús á það, hefur síðan beygt sig. Þannig er frá okkar sjónarmiði, sem höfum einhverja reynslu frá undanförnum 25 árum í þessum efnum, ekki mjög mikið öryggi í því, þó að ein ríkisstjórn íslenzk þurfi að samþykkja þetta. Það er sem sé orðið þannig ástandið, að Bandaríkjastjórn getur svo að segja fyrirvaralaust fyrirskipað vopnun með kjarnorkuvopnum á þeim flugvélum, sem þegar liggja fyrir á Keflavíkurflugvelli. Og ég verð nú að segja, að ég veit ekki, hvort hæstv. utanrrh. fylgist svo vel með því, sem gerist á Keflavíkurflugvelli, að hann geti verið viss um, að í þeim birgðum, sem þegar eru þar, sé ekkert af slíkum vopnum. Ég veit, að við erum allir Íslendingar fákunnandi í þessum efnum, og það eftirlit, sem við getum haft með þessu, er þess vegna alveg hverfandi lítið.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að það hefði ekki verið farið fram á enn sem komið er að staðsetja þessi vopn hér. Í því sambandi þætti mér mjög vænt um að fá að heyra frá hæstv. ríkisstj., ef Bandaríkjastjórn fer fram á að fá að staðsetja kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli, hvort það mál verður borið undir Alþingi áður, þannig að Alþingi gefist tækifæri til, áður en íslenzk ríkisstj. segir sitt orð um þetta, að ræða það mál. Og ég vil satt að segja eindregið vona, að við megum treysta því, að ekkert slíkt samþykki yrði veitt, án þess að það yrði borið undir Alþingi áður. Ég vil minna á, að við höfum yfirlýsingu hæstv. fyrrv. forsrh. um, að það verði ekki staðsett hér nein kjarnorkuvopn, og við ættum þess vegna að mega treysta því, að það kæmi ekki til greina, að svo mikilvægri yfirlýsingu yrði breytt, öðruvísi en það yrði borið undir Alþingi áður. — Þetta vildi ég aðeins segja út frá því, sem hæstv. utanrrh. gaf okkur nú upplýsingar um.

En þá vil ég spyrja: Hvernig stendur þá á því, — ekki býst ég við, að hæstv. ríkisstj. líti svo á, að það sé neitt fagnaðarefni, né hún almennt fylgjandi því að fá kjarnorkuvopn til Keflavíkurflugvallar, — en hvernig stendur þá á því, þegar grein er skrifuð eins og sú, sem ég las upp úr Morgunblaðinu eftir þennan Hjálmar Sveinsson, að þá skuli vera tekið þannig undir hana í ábyrgum leiðara Morgunblaðsins, að þessu sé sérstaklega fagnað

og enginn varnagli sleginn? Þýðir þetta það, að Morgunblaðið, sem vissulega er eitt áhrifaríkasta blað til skoðanamyndunar hér innanlands, eða þess ritstjórar, alveg án tillits til þess, hvað ríkisstj. annars kann að meina, séu að byrja að undirbúa almenningsálitið undir, að það sé sjálfsagður hlutur, að hér á Íslandi séu kjarnorkuvopn geymd, og það geti engir aðrir menn verið á móti slíku en vondir kommúnistar? Ég vil vekja eftirtekt á þeim hættulega áróðri, sem þegar er farinn að verða áberandi í því blaði. Og nú, þegar hæstv. ríkisstj. mjög skilmerkilega segir okkur frá og styðst þar við yfirlýsingar fyrrv. hæstv. forsrh., að hér eigi ekki að vera nein kjarnorkuvopn, þá er það ekki aðeins grunsamlegt, heldur beinlínis hættulegt, ef áhrifamesta blað ríkisstj. byrjar nú þegar að vinna fyrir því, skapa þeirri skoðun fylgi, að það sé sjálfsagður hlutur, að hér séu kjarnorkuvopn.

Ég ætlast ekki til svars endilega um það, sem ég spurði nú um, frá hæstv. utanrrh., hvort Alþingi megi treysta því, að slíkt samþykki yrði ekki gefið óðruvísi en ráðfæra sig við Alþingi fyrst, en ég álít, að það væri mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. segði okkur það við tækifæri.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við þennan hv. þm. um þörf og nauðsyn þess að gera þá breytingu á flugvélakosti varnarliðsins, sem gerð hefur verið. Okkur greinir þar á í grundvallaratriðum, og ég býst ekki við, að við kæmumst að neinni niðurstöðu, þó að við færum að deila um slíkt hér. Hv. þm. og hans félagar vilja hér engar varnir hafa, en við hin viljum hafa hér fyrir varnir og þá svo öflugar, að þær megi okkur að gagni verða, ef til átaka skyldi koma í heiminum. Þetta er kjarni okkar ágreinings. Og þeir, sem eru þeirrar skoðunar, að okkur sé nauðsyn á vörnum, vilja að sjálfsögðu að því stuðla og greiða fyrir því, að það varnarlið, sem hér er, og þau tæki, sem það hefur, séu þess umkomin að mæta ætlunarverki sínu, sem sagt að verja Ísland, ef til ófriðar skyldi koma.

Hv. þm. óskaði eftir því, að af hálfu ríkisstj. væri gefin hér yfirlýsing um það, hvort Alþingi mætti treysta því, að ef fram kæmi ósk um að hafa hér kjarnorkuvopn, þá yrði málið borið undir Alþingi, áður en ákvörðun um slíka hluti yrði tekin. Við skulum vona, að aldrei komi til þess, að hér verði óskað eftir að hafa kjarnorkuvopn eða nokkur þörf verði á slíku. Við skulum vona, að samtök vestrænna þjóða sýni heiminum þann varnarmátt, að það eigi eftir í framtíðinni, eins og hingað til, að bægja frá okkur ófriðar- og árásarhættum. En hvað um það, ef svo skyldi fara, að einhvern tíma kæmi fram ósk þrátt fyrir þetta um að hafa hér kjarnorkuvopn, þá er útilokað fyrir mig og fyrir ríkisstj. í heild að gefa nokkra bindandi yfirlýsingu um það, hvernig með málið yrði farið. Það fer allt eftir því, hvernig ástandið væri í alþjóðamálum, þegar sú beiðni kæmi fram, hvernig með hana yrði farið. Beiðnina, ef fram kemur, verður að sjálfsögðu sú ríkisstj., sem fær hana, að meta á sínum tíma, og ég tel það hreinustu fjarstæðu fyrir mig eða núv. ríkisstj. að gefa nokkra bindandi yfirlýsingu um slíka hluti.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. utanrrh. sagði. — Í fyrsta lagi sagði hann, að okkur greindi á um það, að við vildum hafa landið varnarlaust, en hann vildi hafa varnir hér öflugar, þannig að að gagni mætti verða til að verja Ísland. Ég verð að segja, að ég er alveg hissa á því, að maður, sem hefur fengið annað eins tækifæri til að fá þó einhverja nasasjón af nútímahernaðarundirbúningi, skuli láta sér svona orð um munn fara. Það er ekki um það að ræða, að hér á Íslandi verði neinar varnir, sem geti komið okkur að gagni. Spurningin stendur ekki um það, hvort það sé verið að verja Ísland. Spurningin stendur um það, hvort Ísland eigi að fá að vera skjöldur eða skotspónn til þess að reyna að verja Bandaríkin, ef til stríðs kæmi. Það er vitanlegt, að sá hernaðarútbúnaður, sem hér er, og sú herstöð, sem hér er, gerir ekkert annað en draga að sér sprengjur, ef til styrjaldar kæmi. Það er ekki nokkur vörn í þeim, heldur þvert á móti hætta, og þetta veit ég að hæstv. utanrrh. hlýtur að vera ljóst. Þetta er öllum aðalhernaðarsérfræðingum Bandaríkjanna og raunar flestra annarra stórvelda ljóst, að þýðing Íslands er aðeins að vera einn lítill smáskjöldur fyrir Bandaríkin í slíku stríði. Við erum aðeins ætlaðir til þess að vera tættir í sundur, áður en aðalbaráttan yrði við Bandaríkin sjálf. Það er ekki um það að ræða að verja Ísland með þessu. Og ég kann satt að segja ekki við, að það sé verið að reyna að blekkja fólk með því hér ár eftir ár, að þessar varnir svokölluðu hér á Íslandi séu til þess að verja Ísland. Þessar varnir eru til þess að verja Bandaríkin. Og þeir menn, sem fylgjast eitthvað með til þess að taka einhverja ábyrgð á þessu, verða að gera svo vel að gera það út frá því sjónarmiði, að þeir séu að verja þá hugsjón, sem þeir þykjast vera að berjast fyrir, ef þeim finnst auðvaldsskipulagið einhver hugsjón, og þess vegna eigi Ísland að fórna sér fyrir þetta, við eigum heldur að deyja fyrir málstað Bandaríkjanna en lifa án þess málstaðar. Það er þetta, sem baráttan stendur um. Fyrst hæstv. utanrrh. fór að tala um þessar varnir almennt í sambandi við fsp. mína, vildi ég aðeins svara honum því. Annars býst ég ekki við, að það sé neitt atriði fyrir okkur að fara í almennar deilur um það mál utan dagskrár hér á Alþingi.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að hann gæti enga yfirlýsingu gefið um það, hvort við Alþingi yrði ráðgazt, áður en hér yrðu sett kjarnorkuvopn. Ég skil það að ýmsu leyti vel. Forustumenn Bandaríkjanna tala nú þegar um, að það geti verið nauðsynlegt að byrja styrjöld að fyrra bragði. Og það er náttúrlega gefið,

að ef eitthvað slíkt ætti að gerast, þá yrði ekki mörgum trúað fyrir því, áður en árás yrði hafin af hálfu Bandaríkjanna, og hæstv. utanrrh. vill þess vegna ekki taka neinar skuldbindingar á sig. Þeir máske segja við ríkisstj. hér á Íslandi: Nú ætlum við að byrja, kjarnorkuvopnin eru komin á völlinn, þið verðið að segja já og fara í neðanjarðarbyrgin — sem væru fyrir ráðherra. Og enginn tími væri til að kalla Alþingi eða neitt slíkt saman, ekki einu sinni kannske stjórnarliðana á Alþingi í skikkanleg byrgi. Þannig er það greinilegt, að eftir þessa yfirlýsingu hæstv. utanrrh. mætti Alþingi búast við því, að að því forspurðu yrðu gerðar þær ráðstafanir, sem þyddu, að kjarnorkuvopnum yrði beitt frá Íslandi. Þá vitum við það.

Svo aðeins í síðasta lagi, af því að hæstv. utanrrh. fór að tala um árásarhættu: Við Íslendingar höfum orðið fyrir tvelm árásum á undanförnum 25 árum. Önnur var sú, að brezka herveldið réðst á Ísland og hertók það gegn mótmælum ríkisstj., Alþingis og almennings. Og síðara hernámið var, að Bandaríkin og Bretland sameiginlega settu íslenzkri ríkisstj. seinast í júní 1941 24 klukkutíma úrslitakosti um að biðja um svokallaða vernd Bandaríkjanna af frjálsum vilja. Og þar með hernámu Bandaríkin landið og hafa haldið því með einu eða öðru móti síðan. Þetta eru þær árásir, sem Ísland hefur orðið fyrir. Þetta er okkar reynsla, þannig að við vitum ósköp vel, hvaðan árása er von.

Þessar aths. vildi ég aðeins gera út frá því, sem hæstv. utanrrh. sagði, en fara ekki annars hér út í almennar pólitískar umræður.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég get ekki neitað mér um að hressa aðeins upp á minni hv. þm. Hann gat þess í ræðu sinni, að hér gætu engar varnir orðið, sem okkur mættu að gagni koma. Sérhverjar varnir, sem hér væru viðhafðar, væru eingöngu til þess að bjóða hættunni heim. Þessar hugleiðingar hans eiga að sjálfsögðu ekki við okkur eina, heldur býst ég við, að þær eigi einnig við um önnur ríki í Vestur-Evrópu. En má ég minna þennan hv. þm. á, að áður en Atlantshafsbandalagið var stofnað, gleypti hinn alþjóðlegi kommúnismi hvert ríkið á fætur öðru í Austur-Evrópu. Hvert ríkið á fætur öðru í Austur-Evrópu glataði frelsi sínu og sjálfstæði í hendur hins alþjóðlega kommúnisma, áður en Atlantshafsbandalagið var stofnað. Eftir að það var stofnað og ríkin fóru sameiginlega að byggja upp og efla varnir sínar, þá hefur ekki eitt einasta ríki í Vestur-Evrópu glatað frelsi sínu og sjálfstæði í hendur hins alþjóðlega kommúnisma. Svo getur hv. þm. komið og frætt okkur um, að varnir séu þýðingarlausar og einskis virði. Slík orð er að sjálfsögðu hægt að viðhafa, en það trúir þeim bara enginn og sízt af öllu hv. þm. sjálfur.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að gera hér fyrirspurn til hæstv. heilbrmh. og vænti þess, að hann sjái sér fært að svara fyrirspurn minni, þó að hún sé flutt utan dagskrár.

Eins og kunnugt er, hafa fréttir borizt um það, að allmikið af fastráðnum læknum í þjónustu ríkisins og annarra sjúkrahúsa muni ganga frá störfum sínum í dag og að þýðingarmestu sjúkrahús landsins verði þar með svo að segja læknislaus eða mjög fáskipuð læknum og þau geti þá ekki þar á eftir annað þeirri þjónustu, sem þeim er ætlað. Mér sýnist, að í sambandi við þetta sé komið í mikið óefni, og hvað sem líður þeim deilum, sem upp hafa risið á milli ríkisstj. annars vegar, eða heilbrigðisyfirvaldanna, og þeirra lækna, sem hér eiga hlut að máli, þá er augljóst, að mikinn vanda getur af þessu leitt, og ég býst við því, að þessi vandi geti færzt út, það geti orðið hér fljótlega um fleiri sjúkrahús að ræða, sem standa uppi að miklu leyti læknislaus, heldur en landsspítalann og spítala hér í Reykjavík. Nú vildi ég spyrja hæstv. heilbrmrh. um það, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera í þessu vandamáli, hvort hún telur líkur vera á því, að samkomulag geti tekizt, a. m. k. til bráðabirgða, á milli ríkisins og læknanna, þannig að þeir haldi áfram störfum sínum við sjúkrahúsin, eða hvaða aðrar leiðir ríkisstj. sér til þess að leysa þennan vanda. En það þykir mér alveg auðsýnt, að það sé ekki hægt að víkja sér undan þessu máli eins og sumum öðrum þannig, að lítið eða ekkert sé gert, því að þetta mál er þannig vaxið, að það verður að leysa. — Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært, þó að þessi fyrirspurn komi hér utan dagskrár, að svara henni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, er þessi fyrirspurn borin fram utan dagskrár og án þess að hann hirti um að láta mig vita um það fyrir fram, að hann ætlaði að bera hana fram. Hefði þó verið auðvelt að hafa samband við mig á skrifstofu minni í morgun til þess að láta mig vita, að hann hygðist hreyfa þessu máli. Það er í raun og veru sjálfsagt kurteisisatriði, að þannig sé farið að. En segja má hins vegar, að það skipti ekki ýkjamiklu máli í þessu sambandi, vegna þess að heilbrigðisstjórnin hafi hugleitt, hvernig að eigi að fara, ef læknarnir hverfi frá störfum.

Því vil ég í fyrsta lagi svara svo, að enn hefur heilbrigðisstjórnin ekki fengið neina örugga vissu fyrir því, að læknarnir muni hverfa frá störfum. Heilbrigðisstj. hefur síðast í gær snúið sér til læknanna og óskað þess, að þeir gegni áfram störfum, þangað til félagsdómur hefur kveðið upp dóm í því ágreiningsefni, sem fyrir liggur. Jafnframt hefur ríkisstj. látið uppi sinn eindreginn vilja til þess að hraða því af

sinni hálfu, að þessi dómur geti gengið. Og ég hygg, að það sé öllum ljóst, að þetta mál er svo vaxið, að fyrst verður réttarstaðan að vera ljósari en hún er nú, einkum eftir svar BSRB, til þess að málinu verði ráðið til lykta. Hitt er svo annað mál, að ef algert neyðarástand skapast á spítölunum, vegna þess að læknarnir hverfa þaðan, sem ég vil ekki enn trúa að þeir geri, þá verður að sjálfsögðu að reyna af ríkisvaldsins hálfu að gera þær ráðstafanir, sem þarf til þess að forða frá algeru neyðarástandi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist á því, sem hæstv. heilbmrh. hefur upplýst hér, að mikil óvissa sé enn ríkjandi um það, hvernig fer í þessu máli. Hæstv. ráðh. segir, að ríkisstj. viti ekki um það enn með fullri vissu, hvort læknarnir hverfi frá störfum, og mun þó þetta vera síðasti dagurinn í dag skv. þeirra uppsagnarfresti. Eftir því sem birzt hefur frá hálfu sumra læknanna a. m. k., sem hér eiga hlut að máli, virðist ekki vera um það að villast, að læknarnir hafi sagt upp sínum störfum, fyrst með 3 mánaða fyrirvara og síðan skv. kröfu ríkisstj. hafi því verið breytt í 6 mánaða fyrirvara, svo að uppsögnin hefur þegar staðið sinn tíma. Og nú þegar við stöndum á síðasta degi í sambandi við jafnalvarlegt mál og þetta, þá veit ríkisstj. ekki um það, hvað muni verða á morgun. Hún veit aðeins, að hún óskar mjög eftir því, að felldur verði dómur í félagsdómi um málið. En það verð ég að segja fyrir mitt leyti, að mér sýnist ekki vænlegt til lausnar slíkri deilu sem þessari að ætla á síðustu stundu málsins að knýja fram málsókn og dóma, án þess að aðilar hafi komið sér saman um að fá þannig skorið úr málinu. Ég verð því að segja, að mér sýnist, að þetta mál stefni í hreint öngþveiti. Hitt hlýtur svo hæstv. ríkisstj. að vera fullkunnugt um, að hér er auðvitað á ferðinni aðeins einn anginn af því stóra og mikla máli, sem snertir kaupgjaldsmálin í landinu almennt og þann óróa, sem er hjá launastéttunum, sem auðvitað kemur þarna fram hjá læknunum í landinu eins og öðrum. Og vegna þess að hér er eðli málsins samkvæmt að mörgu leyti um viðkvæmara og erfiðara mál að ræða, þar sem eru störf læknanna á sjúkrahúsunum í landinu, heldur en ýmis önnur störf, þá þurfti auðvitað að nota allan tímann til þess að reyna að leysa málið, en það sýnist mér að ekki hafi verið gert eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og því, sem hæstv. ráðh. hefur hér látið koma fram í málinu.

Ég vil svo aðeins segja það sem mína skoðun, að ég legg á það áherzlu, að ríkisstj. noti alla möguleika til þess að fá málið leyst, þó að ekki verði nema til bráðabirgða til þess að firra vandræðum, því að það er augljóst, að mikil vandræði verða bæði hér og annars staðar, ef svo fer, að læknarnir, sem starfa á sjúkrahúsunum, taka upp það að segja upp störfum sínum og ganga út, eins og nú bendir allt til.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég varð fyrir vonbrigðum við að hlusta á hæstv. ráðh. svara þeirri fyrirspurn, sem hér var borin fram varðandi þessa alvarlegu deilu. Hæstv. ráðh. kvaðst ekki hafa neina örugga vissu fyrir því, að læknar hverfi frá störfum á morgun. Ég veit auðvitað ekki, hve mikla vissu hann hefur til eða frá, en ég held, eftir því sem ég þekki til, að það hefði hentað betur að segja, að hann hefði ekki örugga vissu fyrir öðru en að læknar hætti störfum á morgun. Þannig held ég, að málið líti út í dag.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. mun ekki enn hafa gert neinar ráðstafanir til að mæta örðugleikum spítalanna í Reykjavík, þeim örðugleikum, sem dynja yfir á morgun, ef ekki næst samkomulag við læknana í dag. Það á að láta það bíða, þangað til vandræðin eru skollin á. Þetta hlýt ég sem alþm. að átelja hæstv. ríkisstj. fyrir.

Hér er um að ræða störf á þeim spítölum landsins, sem kannske hvað mikilvægastir eru í heilbrigðisþjónustunni. Á þessum spítölum fara fram yfirleitt vandasömustu læknisstörfin bæði hvað snertir rannsóknir og meðferð. Hér má því ekki kasta til höndum af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar, hvorki nú né endranær. Þess vegna bar hæstv. ríkisstj. fyrir löngu að hafa hugsað sitt ráð og gert sínar ráðstafanir, ef til þess kæmi, að læknarnir yfirgæfu störfin þar. Á þessum stofnunum ríkisins starfa um 60 læknar. Rúmur helmingur þeirra hefur sagt upp störfum. Þeir hafa sagt upp störfum sem einstaklingar, af því að þeir eru óánægðir með kjör sín þar. Þeir hafa sagt upp með löglegum fyrirvara, en eru síðan þvingaðir með lagakrókum til þess að vinna 3 mánuðum lengur en þeir höfðu hugsað sér. Það er eins og einn af þessum læknum segir í blöðunum í dag, flokksbróðir hæstv. ráðh., dr. Friðrik Einarsson, — hann segir, að sér hafi verið haldið í nauðungarvinnu í 3 mánuði. Það er ekki nóg með það, að löglegar uppsagnir eru ekki teknar til greina, heldur er reynt að þvinga menn til þess að vinna sem lengst við kjör, sem þeir telja algerlega ófullnægjandi. Síðan fer hæstv. ríkisstj. inn á þá braut, sem er enn þá vafasamari lagalega, að setja þetta mál þessara einstaklinga fyrir félagsdóm. Ég er að vísu ekki lögfróður maður og treysti mér ekki til að ræða þetta mál, en ég er persónulega sannfærður um, að hér er of langt gengið í viðleitninni til að þvinga vissa einstaklinga til að vinna gegn vilja sínum. Hæstv. ríkisstj. bar að gera sínar ráðstafanir, leysa þessa menn frá störfum og gera síðan sínar ráðstafanir til að bæta úr. Mér er spurn: Nú eru 6 mánuðir síðan uppsagnir bárust. Hvers vegna hafa þessar stöður ekki verið auglýstar enn þá? Var það ætlun og er það ætlun hæstv. ríkisstj. að svínbeygja þá einstaklinga, sem nú sinna þessum störfum, til þess að vinna þarna áfram? Auðvitað, hvað sem í skærist, bar heilbrigðisstjórninni að auglýsa stöðurnar. Þetta hefur ekki verið gert.

Hver er meiningin? Sjúkrahúsalæknar hafa lengi unað sínum kjörum illa. Þeirra barátta fyrir bættum kjörum hefur staðið í mörg ár. Árið 1957 létu þeir hagfræðinga reikna út, að þeirra kjör svöruðu til þess, að ævitekjur þeirra væru nálægt 60% af ævitekjum íslenzkra barnakennara, þegar fullt tillit var tekið til námskostnaðar, námstíma, starfsævi og annarra þátta, sem áhrif hafa á ævitekjur. Í apríl 1958 fengu þeir lítils háttar úrbætur. Síðan hafa þeirra kjör staðið í stað og vitanlega þar með farið versnandi með aukinni dýrtíð og aukinni verðbólgu.

Það, sem um er deilt nú sérstaklega, eru ekki svo mjög fastalaun þessara sjúkrahúslækna, heldur laun fyrir aukavinnu. Það eru laun fyrir kvöldvinnu, næturvinnu, sunnudagavinnu og aðra aukavinnu, sem þeir eru mjög óánægðir með. Vitanlega gildir það sama um Landsspítalann og aðrar stofnanir ríkisins og sjúkrahús alls staðar, að þar verður að vinna allan sólarhringinn. Þetta virðist okkar ágæta heilbrigðisstjórn illa skilja. Og hún vill ekki sætta sig við, að það þurfi að launa læknum fyrir slíka aukaþjónustu. Þetta er aðaldeilumálið, eins og nú standa sakir, og það verður ekki annað sagt en hæstv. ríkisstj. hafi tekið á þessu máli alveg óvenjulega stirðbusalega.

Strax í ársbyrjun 1961 hófu læknasamtökin baráttu fyrir því að fá þetta leiðrétt. Bréfum frá læknasamtökunum var ekki svarað af hálfu heilbrigðisyfirvaldanna mánuðum saman. Umræður fóru fram að vísu síðari hluta árs 1961 og eitthvað síðar á milli þessara aðila, en ekkert samkomulag náðist. Þá gáfu læknasamtökin þetta frá sér. (**Forseti:** Hv. þm. hefur þegar talað lengur en 5 mínútur, og ég bið hann að stytta mál sitt.) Ég skal gera það. Þá gáfu læknasamtökin þetta frá sér, og hinir óánægðu einstaklingar, sem hér var um að ræða, aðallega aðstoðarlæknar á þessum spítölum, sögðu upp stöðum sínum. Og það ætlar sannarlega að kosta mikið erfiði fyrir þessa einstaklinga, fyrir þessa samborgara okkar, að fá að njóta þess sjálfsagða, þegnlega réttar að ráða því, hvað þeir starfa og hvar þeir starfa. Mér fannst rétt, að þetta kæmi fram, úr því að þetta mál bar á góma hér á hinu háa Alþingi.

Ég væntí þess nú, að hæstv. ríkisstj. athugi þetta mál þegar í dag, athugi, hvað skal gera, ef viðkomandi læknar hætta störfum á morgun. Ég fullyrði, að hér þurfa engin vandræði að skapast. Það er hægt að fá lækna til þess að starfa þegar á morgun. Og það er hægt að gera það í samræmi við samninga, sem gilda, bæði við Sjúkrasamlag Reykjavíkur, við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og samkvæmt viðurkenndum töxtum Læknafélags Reykjavíkur. Það er hægt að fá nóga menn og vel hæfa til að starfa í Landsspítalanum og öðrum stofnunum ríkisins þegar á morgun. Ef vinna leggst niður til tjóns fyrir sjúklingana, þá er það óþarfi og þá er það eingöngu sök hæstv. ríkisstjórnar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég verð að biðja þingheim velvirðingar á því, að ég hef ekki skjöl málsins með mér, vegna þess að ég hafði ekki vitneskju um, að þessi fsp. yrði borin hér fram né að svo undirbúinn málflutningsmaður af hálfu læknanna sem síðasti ræðumaður mundi taka hér til máls. Eins og ég sagði áðan, þá kemur þetta ekki að sök, einnig af því, að ég tel engum til góðs sannast að segja, að harðar deilur séu teknar upp á þessu stigi um málstað læknanna. Út af fyrir sig veit ég, að við höfum allir samúð með þeirra erfiða og vandasama starfi og engan okkar fýsir til þess að halla á þá eða gera þeim rangt til að einu eða öðru leyti, alveg eins og ég veit, að allir þm. vilja leggja lið sitt að því, eins og ríkisstj., að nauðsynlegri sjúkrahjálp og þjónustu sé haldið uppi, ekki aðeins í spítölum landsins, heldur við alla landsmenn.

En málið er ekki svo einfalt, að það verði leyst með þessum tilhneigingum einum, því að það er alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi, þótt óformlega væri, hv. 4. þm. Austf., sagði, að þetta mál er aðeins einn hluti, einn angi af almennum kaupkröfum í landinu. Nú er það að vísu svo, að hv. síðasti ræðumaður vildi halda allt öðru fram og studdist þar við m. a. grein eftir ágætan lækni, Friðrik Einarsson, sem birzt hefur í blöðunum í morgun, því að læknarnir halda því einmitt fram, að þeirra kröfur séu alveg óskyldar og annars eðlis en almennar kaupkröfur í landinu. Ríkisstj. kemst ekki hjá því að skoða málið í því ljósi, sem hv. 4. þm. Austf. varpaði á það. Það er ekki einungis um að ræða hugmyndir eða vilja læknanna sjálfra, jafnvel ekki heldur samanlagðar hugmyndir læknanna og ríkisstjórnar og Alþingis, heldur hvernig þetta mál verður skoðað af öðrum launþegum og þá sérstaklega og ekki síst af þeim samtökum, sem læknarnir eru þátttakendur í, af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, — hvort þeir telja, að þarna sé um að ræða mál, sem hafi algera sérstöðu og sé hægt að leysa í því ljósi, eða mál, sem eins og hv. 4. þm. Austf. sagði sé aðeins einn angi af almennum kaupkröfum í landinu og þar með af kjarabaráttu starfsmanna ríkis og bæja.

Það er ákaflega erfitt að tala við jafnágætan mann og hv. síðasta ræðumann, 9. þm. Reykv., sem lýsti því yfir í öðru orðinu, að hann hefði ekki þekkingu á umræðuefninu og væri ekki dómbær um það, en bar hins vegar, eftir að hann hafði gefið þá yfirlýsingu, fram skilyrðislausar fullyrðingar um meginvandamálin, sem hér er við að etja. Hv. 9. þm. Reykv. sagði, að læknarnir hefðu sagt löglega upp og þeir hefðu gert það sem einstaklingar. Og mér skildist báðir hv. ræðumenn halda því fram, að nú væri löglegur uppsagnartími liðinn og þess vegna hefði ríkisstj. orðið að vera við því búin, að læknarnir hættu störfum. En meginvandinn er sá, að af hálfu ríkisstj. er lítið þannig á, — a. m. k. með nokkrum rökum,

ríkisstj. getur sjálf ekki endanlega dæmt um það, en það er litið þannig á, — að uppsagnirnar séu ekki löglegar, og til þess hníga ýmis rök, og þessu var haldið fram gagnvart læknunum strax við fyrsta tækifæri í apríl í vor, þegar málið fyrst kom undir úrskurð ríkisstj. eftir þeirra uppsögn. Ástæðan til þess, að þá var litið þannig á, að uppsagnirnar væru ekki löglegar, er sú, að enn eru í gildi lögin, sem banna verkfall opinberra starfsmanna, lög, sem hafa verið í gildi frá 1915, lög, sem gerð hefur verið tilraun til að fá felld úr gildi, en engin ríkisstj. hefur viljað beita sér fyrir að fella úr gildi og Alþingi aldrei viljað samþykkja að fella skyldi úr gildi. Eftir þessum lögum eru verkföll opinberra starfsmanna óheimil, og eftir þeim skýringum, sem fræðimenn, bæði íslenzkir og erlendir, hafa gefið á hugtakinu „verkfall", þá er það a. m. k. skoðun margra, sem þetta mál hafa athugað, að hér sé um að ræða verkfall af hálfu læknanna. Ég veit, að þeir halda því fram, að þetta sé ekki verkfall, þetta séu einstaklingsuppsagnir. En ég þori að fullyrða, að eftir skýringum — eins og ég segi — fremstu fræðimanna verður trauðla hjá því komizt að líta á uppsagnirnar sem verkfall. Þess vegna hafa þær að mínu viti frá fyrstu tíð verið ákaflega hæpnar. Um þetta var gerður fyrirvari af hálfu ríkisstj. strax í upphafi og læknunum á þetta bent.

Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir því, að þó að lögin um verkfall opinberra starfsmanna að mínu viti gildi í þessu tilfelli, þá hef ég ekki talið rétt að viðhafa þá aðferð gagnvart læknunum að kæra þá fyrir þær sakir. Og það er einfaldlega vegna þess, að ég hef litið þannig á, að sjúkrahús landsins yrðu ekki rekin með því að knýja lækna til þess að starfa þar að viðlagðri refsingu, hvort sem það væru sektir eða fangelsi. Hér er um slíkt trúnaðarstarf að ræða, trúnaðarsamband milli lækna og þeirra sjúklinga, að ég tel, að það mundi verulega skerðast og lenda í hættu, ef læknarnir fengjust ekki til þess að gegna sínu starfi með öðru móti en því, að ella yrði beitt við þá refsingu.

En málið er ekki leyst með því, þó að við ákveðum, — sem segja má að sé kannske hæpið af ríkisstj., að taka þá ákvörðun, — að kæra ekki læknana, ef hún telur, að þeir hafi framið brot á landsins lögum. En málið er sem sagt ekki leyst með því, þótt ríkisstj. taki þá ákvörðun að kæra læknana ekki, vegna þess að einmitt á síðasta vori setti Alþingi ný lög um kaup og kjör opinberra starfsmanna, lög, sem allur þingheimur var sammála um í meginatriðum, og lög, sem sett voru í samkomulagi við heildarsamtök starfsmanna ríkis og bæja. Og í þessum lögum eru alveg skýr ákvæði um það, hvernig eigi að fara um ágreining, bæði um sjálft kaupið og eins kjör hinna opinberu starfsmanna, ef ágreiningur kemur upp um það. Og ég tel það af minni hálfu ljóst, að uppsögn læknanna og brotthvarf frá starfi sé einnig samkv. þessum lögum óheimilt, þ. e. eftir lögum, sem sett voru af Alþingi á s. l. vori og með samþykki Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Vegna þess að ríkisstj. taldi, að deilan hlyti að komast undir þessi lög, eða a. m. k. væru svo miklar líkur til þess, að hún gæti komizt undir þau lög, þá leitaði ríkisstj. álits Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta mál. En bandalagið svaraði aftur með því að segja, að það vildi ekki taka afstöðu til þess, hvort málið heyrði undir sig eða ekki, vegna þess að öðrum aðila en því sjálfu væri fengið fullnaðarúrskurðarvald um þetta efni. Ég bið menn að afsaka, að ég hef ekki bréfið fyrir mér, af því að mér hafði ekki verið skýrt frá því, að von væri á þessum umr., en ég hygg, að ég reki efni bréfsins rétt. Ég verð þá leiðréttur, ef mér hefur skotizt eitthvað í því. En á þennan veg vísaði bandalagið málinu til úrskurðar félagsdóms á þann veg, því að í umsögn þess felst, að það sé enginn annar en félagsdómur, sem geti kveðið á um það, hvort þessi deila sé þess eðlis, að ríkinu beri að hafa um hana samninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og eftir atvikum einstök félög þess, eða hvort þarna sé um að ræða mál, sem varði einstaklingana eina. Þannig lítur bandalagið sjálft á þetta efni. Og ef ríkisstj. hefði að fenginni þessari yfirlýsingu tekið upp samninga við þá einstaklinga, sem hér er um að ræða, lá ríkisstj. varnarlaus fyrir þeirri ásökun af hálfu bandalagsins eða einstakra meðlima þess, að hún væri að rjúfa við það gerða samninga á s. l. vori. Svona horfir þetta mál við. Og þess vegna er það alveg nauðsynleg forsenda fyrir lausn málsins, að úrskurður félagsdóms fáist.

Persónulega tel ég, að málið heyri undir félagsdóm, og ég segi það einnig sem mína persónulegu skoðun, að ég tel, að uppsögn læknanna og þar með brotthvarf þeirra frá starfi fái ekki staðizt eftir lögunum, sem sett voru í vor um kaup og kjör starfsmanna ríkisins. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það þurfi endilega að vera rétt, sem ég held fram í þessu. Ég veit, að ýmsir góðir lögfræðingar telja, að málið heyri ekki undir félagsdóm, og jafnvel er því haldið fram, sem er þó enn þá hæpnara, að uppsögnin sé heimil, bæði samkv. lögunum frá því í vor og samkv. lögunum frá 1915. En eins og málið horfir, þá er alveg nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, og það er engin kúgunarráðstöfun gagnvart læknunum að fá úr þessum réttarágreiningi skorið.

Ég lýsi því þvert á móti yfir, að ef sú verður niðurstaðan, að málinu verði vísað frá félagsdómi og það verði staðfest af hæstarétti, að málið heyri þar ekki undir, eða ef félagsdómur dæmir þannig í málinu, að uppsögnin sé samkv. þeim lagaboðum, sem félagsdómur er bær að dæma um, lögleg, þá mun ég ekki leggja til, að málið verði sótt samkv. lögunum frá 1915, vegna þess að ég vil ekki, að málið sé sótt af offorsi eða á þann veg, að læknarnir hafi nokkra ástæðu til þess að

segja, að þá eigi að beita kúgun. Þeir eiga ekki skilið neina kúgun. Þeir vinna slíkt starf, að við eigum öll að kunna að meta það og þakka. En þeir verða einnig, eins og aðrir landsmenn, að una því, að skorið sé úr, hvort alveg nýlegir samningar milli þess bandalags, sem þeir eru aðilar að, og nýleg lög, sem sett voru um þessi efni, gildi um þá eða þeir séu lausir við þau lög. Og ég vil í lengstu lög treysta því, að læknarnir fáist til þess að bíða með brottför sína af spítalanum þann tíma, sem þarf til þess, að úr þessu fáist skorið.

Okkur er það öllum ljóst, að ef þeir vinna það mál, þá verður þeirra aðstaða — réttaraðstaða — miklu sterkari en ella, siðferðisleg aðstaða þeirra einnig miklu sterkari en ella, ef þeir vilja bíða með sínar aðgerðir, þangað til þessi dómur er fallinn og réttarástandið er ljóst. Ef málið aftur á móti gengur á móti þeim, þá verða þeir að sætta sig við það eins og aðrir að una landsins lögum, að una því, að þeirra mál verði afgreitt, annaðhvort í samræmi við þær reglur, sem þingheimur samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta eða shlj. hér á s. l. vori og þeirra samtök þá voru aðili að, — annaðhvort að þeirra mál verði afgreitt á sama veg, eins og aðrir starfsmenn hafa sætt sig við, að þeirra mál verði afgreidd eftir, eða þá að samningar verði teknir upp við þá á þeim réttargrundvelli, sem þá er úrskurðað að liggi fyrir, en þá vitanlega í samráði við og eftir atvikum með milligöngu réttra aðila innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir vinsamleg og viðurkennandi orð í garð þeirra lækna, sem hér er um að ræða og gegna mikilvægum störfum í þjónustu heilbrigðismála. Ég vil einnig þakka honum fyrir hógværð í málflutningi, einkum af því að eins og ég sagði áðan, þá treysti ég mér lítt til þess að rökræða við hann um lögfræðileg efni. En þar fyrir hef ég náttúrlega sem leikmaður leyfi til að sannfærast um eitt og annað í lögfræðilegum efnum, og ég skammast mín ekkert fyrir það.

Mig langar nú til að minnast á eitt atriði, og það snertir 15. gr. l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í þeirri grein er tekið fram, að einstaklingar megi segja upp störfum sínum, en það er áskilið, að þeir skuli segja upp störfum sínum með 3 mánaða fyrirvara. Þó er ákveðið, að undir vissum kringumstæðum þurfi ráðh. ekki að taka svo stuttan uppsagnarfrest gildan og að lengja megi hann upp í 6 mánuði. Hvenær er þetta hægt? Það er hægt, þegar svo margir starfsmenn ríkisins segja upp störfum samtímis í sömu stofnun, að til auðnar horfi. Þannig er þetta orðað í lagagreininni. Löggjafinn gerir ráð fyrir því og telur það leyfilegt, að svo margir starfsmenn ríkisins segi samtímis upp störfum, að til auðnar horfi. Við þessu rekur löggjafinn varnagla, og hann er sá, að uppsagnarfresturinn megi þá lengjast um 3 mánuði til viðbótar í því skyni, að ráðh. hafi þeim mun betri tíma til að ráða bót á vandanum. Mér sýnist, að samkv. þessum lögum, þessari grein laganna, þá sé það heimilað, að svona margir segi upp samtímis, án þess að menn verði sakaðir um, að hér sé um verkfall að ræða, félagsbundið verkfall.

Hæstv. ríkisstj. eða stjórn ríkisspítalanna fór fram á það eða krafðist þess, að þessari lagagrein yrði beitt í þessu tilfelli, til þess að vinna tíma til að ná samkomulagi við læknana. Hvað felst í því, að hæstv. ríkisstj. grípur til þessarar heimildar í 15. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins? Það felst í því viðurkenning hæstv. ríkisstj. á því, að aðgerðir læknanna um uppsagnir séu lögmætar. Ég veit, að heilbrigðisstjórnin notaði sér þessa heimild með þeim fyrirvara í orði, að þetta væri ekki viðurkennt, í því fælist ekki viðurkenning. En ég vil segja, á borði felst sú viðurkenning í þessu. Í verkinu hefur hæstv. ríkisstbj. fallizt á lögmæti uppsagnanna með því að óska eftir að nota þessa heimild í 15. gr. l., hvað sem hún svo segir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hélt hér ágætan hluta úr væntanlegri varnarræðu málflutningsmanna læknanna fyrir félagsdómi, og ég veit, að málflutningsmaður mætti vera vel sæmdur af þeim málflutningi, sem þarna kemur fram. En málið er ekki eins einfalt og hv. þm. vildi vera láta, þegar af þeirri ástæðu, sem hann einnig gat um að vísu, að ríkisstj. hafði þann fyrirvara, þegar hún krafðist þess, að fresturinn yrði lengdur, að með því væri engin afstaða tekin til þess, hvort uppsagnirnar sjálfar væru löglegar eða ekki, svo að þegar læknarnir hlýddu þessari ákvörðun ríkisstj., þá vissu þeir ofur vel, undir hvaða forsendum hún var gerð, og vissu þá þegar í stað um, að ríkisstj. leit öðruvísi á gildi uppsagnanna en læknarnir sjálfir. Það er svo einnig atriði, sem skjóta má hér fram, að á þeim tíma, þegar ríkisstj. gerði þennan fyrirvara um gildi uppsagnarinnar, — og hún gerði hann alveg skýrt og ótvírætt, — þá voru lögin frá því í vor, sem sköpuðu enn nýtt réttarástand, ekki komin í gildi. En það er einmitt á þeim lögum og afleiðingum þeirra, sem ríkisstj. telur nauðsynina um að bera málið undir félagsdóm hvíla, svo að hv. þm. var þarna í raun og veru að tala um réttarástand, sem segja má að sé orðið úrelt miðað við það, sem nú er orðið. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að fræðimenn telja, að ákvæðið um beitingu til þess að framlengja uppsagnarfrestinn stangist engan veginn á við fyrirmælin, sem banna verkfall, að þau fyrirmæli eigi engu að síður tilverurétt og tilveru, þrátt fyrir þessi ákvæði í l. um réttarstöðu opinberra starfsmanna. Þau séu milliákvæði, sem hægt er að beita, jafnvel þótt ekki sé um verkfall að ræða, ef engu að síður svo margir segja upp í einu, að til auðnar horfi um starfrækslurna. En ef öll atvik málsins sýna, að um

verkfall er að ræða, þá eigi bæði við gömlu lögin frá 1915 og það efnisbann við verkfalli opinberra starfsmanna, sem felst í hinni nýsettu löggjöf um kaup og kjör opinberra starfsmanna frá 28. apríl í vor.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja að ráði þau orðaskipti, sem hér hafa átt sér stað, en vildi þó láta nokkur sjónarmið koma hér fram.

Ég viðurkenni það fullkomlega, sem kom fram hjá hæstv. heilbrmrh., að ríkisstj. standi hér frammi fyrir nokkrum vanda. En þegar er staðið frammi fyrir vandamáli eins og því, sem hér um ræðir, má bregðast við á tvennan hátt. Það má bregðast við á þann hátt að reyna að sýna skilning og samkomulagsvilja til lausnar þeirri deilu, sem upp hefur risið, eða mæta henni með þrjózku og stífni. Og því miður hefur allt of mikið á því borið í slíkum deilum sem þessum, sem upp hafa risið á undanförnum árum, að í stað þess, að af opinberri hálfu hafi verið unnið að því að leysa deiluna með skilningi og samkomulagsvilja, þá hefur hin leiðin verið farin. Og mér sýnist á því, sem hér hefur komið fram, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi kannske að einhverju leyti haft lög að mæla, þá sé sú aðferð, sem hún hefur valið, tæpast hin líklegasta eða vænlegasta til að leysa þetta deilumál. En það er að sjálfsögðu það, sem mestu máli skiptir, að reynt sé að finna sem fyrst viðunanlega lausn á málinu, en til þess held ég að sú aðferð, sem ríkisstj. hefur valið, leiði ekki, heldur verði hún miklu frekar til þess að auka stífni og þrjózku í deilunni og gera hana enn verr leysanlega en ella. Þess vegna vildi ég mega vænta þess, að ríkisstj. tæki upp nokkur önnur vinnubrögð í þessari deilu en hún hefur fylgt hingað til og færði hana á þá braut að reyna að leysa þetta mál með skilningi og velvilja.

Um málið sjálft vil ég annars segja það, að það er í mínum augum miklu stærra en sú deila milli sjúkrahúsalækna og ríkisstj., sem hér stendur yfir. Þetta mál snýst raunverulega um það, hvort landið á að vera læknalaust eða læknalítið innan skamms tíma. Nú er þannig ástatt víða úti um land, að þar eru mörg héruð læknislaus. Og það ber alltaf á því í vaxandi mæli í þéttbýlinu, að þar sé skortur á læknum. Og við vitum þess mörg dæmi, ég held svo að segja hver og einn einasti þm., að ungir læknar hafa fallið fyrir aldur fram vegna þess, að þeir hafa unnið allt of mikla vinnu. Þeir hafa orðið að leggja það mikið á sig til þess að hafa þau laun, sem eðlilegt er að slíkir menn hafi. Og þetta ástand er ekki æskilegt fyrir þá, sem á læknum þurfa að halda, því að sjálfsögðu þurfa læknar að hafa ekki meiri störf en það, að þeir geti vel undir þeim risið og þeir sinnt sjúklingum sínum sómasamlega. Vegna þess, hvernig launakjörum lækna er komið núna, fara alltaf fleiri og fleiri læknar til útlanda og setjast þar að, og ef þessu heldur áfram eins og verið hefur að undanförnu, þá kemur ekki aðeins að því, að héruðin úti á landi verði læknislaus, þá verður einnig mikill læknisskortur í þéttbýlinu. Það er frá þessu sjónarmiði, sem mér finnst, að valdhafarnir verði að líta á þetta mál, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Og það er frá þessu sjónarmiði, sem verður að líta á þá deilu, sem hér stendur yfir, og reyna að leysa hana samkv. því.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Því fer auðvitað fjarri, að ég hafi getað rakið allt þetta mál í þeim fáu orðum, sem ég sagði hér áðan. Ég einungis reyndi að svara þeim fsp. og aðfinningum, sem komu fram. En ég hef af ásettu ráði alveg haldið mig frá því að ræða um kröfur læknanna sjálfra og viðbrögð ríkisstj. til þess að reyna að friða þá, ef svo má segja. Í þeim efnum er vegna réttarstöðunnar ríkisstj. mikill vandi á höndum, eins og mér skildist hv. síðasti ræðumaður í raun og veru játa. En það er rétt, að það komi fram hér, að landlæknir hefur lengi með vitund ríkisstj. reynt að finna á þessu vandamáli lausn. En milli hugmynda þeirra, sem landlæknir setti fram, og læknanna var svo mikið bil, að ríkisstj. virtist augljóst, að ekki væri hægt að brúa það nema með samkomulagi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, vegna þess að ef verða ætti við kröfum læknanna, að við skulum segja verulegu eða verulegustu leyti, þá væri hætta á, að slíkt fordæmi yrði skapað, sem aðrir starfsmenn mundu mjög illa una við og telja, að gengið væri á móti því samkomulagi, sem við þá var gert á s. l. sumri.

En eins og ég segi, þá held ég, að það bæti ekki á nokkurn hátt samkomulagshorfur í þessu máli að fara að rekja einstök stig deilunnar á þessu stigi. Mér er t. d. ljóst, að frásögn hins ágæta læknis Friðriks Einarssonar í morgun er, eins og vera hlýtur, einhliða sett fram af læknanna hálfu. Ég athugaði í morgun, hvort ástæða væri til þess að gera aths. þar við. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að það væri betra að láta allar slíkar deilur bíða, á meðan málið þróaðist og betur sæist, hvað í því gerðist.

En ég tek alveg undir það með hv. síðasta ræðumanni, að hér er fyrir utan lagahlið málsins mjög mikið vandamál á ferðum. Og vissulega ber okkur að búa þannig að læknunum, að þeir treysti sér til að starfa í okkar landi. En eins og ég vil einnig segja, þá verða læknarnir að muna, að þeir eru aldir upp af Íslendingum, meðal Íslendinga, og íslenzka þjóðin og íslenzka ríkið hefur kostað miklu fé og margir mikilli fyrirhöfn til þess, að þeir gætu aflað sér þeirrar ágætu menntunar, sem þeir nú hafa. Og þess vegna verða þeir einnig í krafum sínum að muna og vita, í hvaða þjóðfélagi þeir eru staddir. Við vitum, að launakjör og séstaklega launamismunur er allt annar á Íslandi en ég vil segja í öllum öðrum löndum, sem við þekkjum. En minn skilningur var sá, að með því samkomulagi, sem var

gert milli ríkisins og bandalagsins á s. l. vori og staðfest með l. frá 28. apríl í vor, hefðu annars vegar fulltrúar ríkisins og hins vegar starfsmennirnir orðið ásáttir um í fyrsta lagi að leysa úr þessum vanda, ef þeir gætu með allsherjarsamningum og ef það tækist ekki að leggja þá úrskurð um það mál undir kjaradóm. Og það er vitanlega undir þeirri úrlausn að lokum komið, hvernig tekst að halda læknum hér til frambúðar í landinu, hvort þeir í verki vilja sætta sig við þá úrlausn, sem þá fæst.

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., utan dagskrár, mælti

Jón Skaftason: Herra forseti. Í gærkvöld voru talin atkv. sjómanna og útgerðarmanna um miðlunartill. sáttasemjara í yfirstandandi síldveiðideilu. Var miðlunartill. sáttasemjara felld af báðum aðilum með mjög miklum atkvæðamun, og virðist samkomulag í deilunni vera nú fjarlægara en nokkru sinni fyrr. Með tilliti til þessa nýja viðhorfs, sem skapazt hefur við þessi úrslit, leyfi ég mér að spyrjast fyrir um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. til lausnar deilu þessari. Ég hygg, að flestum sé nú ljóst, að milliganga ríkisstj. sé nauðsynleg til þess að finna bráðabirgðalausn í deilunni, er tryggi, að síldveiðiflotinn komist úr höfn, svo að firrt verði frekara tjóni en orðið er. Ekki sízt á ríkissjóður sjálfur mjög mikið undir því komið, að deilan leysist, og tel ég það ásamt fleiri ástæðum réttlæta fullkomlega, að varið sé nokkurri fjárhæð úr ríkissjóði, er nægi til þess, að samkomulag geti tekizt með deiluaðilum um viðhlítandi bráðabirgðalausn, og þess þá jafnframt gætt, að haldið sé áfram sáttatilraunum um frambúðarlausn málsins á milli deiluaðila. Sú fjárhæð, er þyrfti til að tryggja bráðabirgðalausn, gæti aldrei orðið verulega stór, og hún fengist áreiðanlega aftur, ef flotinn kæmist úr höfn og þyrfti ekki enn þá að bíða lengi bundinn við bryggju, eins og hann hefur gert undanfarnar vikur.

Því hefur verið haldið fram af talsmönnum hæstv. ríkisstj., bæði innan þings og utan, að deilu sem þessa beri aðilum sjálfum að leysa og ríkisstj. ætti ekki að grípa inn í fyrr en í síðustu lög og þá yrðu aðgerðir hennar að hafa stuðning í almenningsálitinu. Víst væri æskilegt, að deiluaðilar gætu komið sér saman sjálfir um einhverja lausn, en á því eru bara ekki miklar líkur, og staðreynd er, að deilan hefur nú staðið nokkuð lengi og hún hefur þegar valdið svo miklu tjóni, að óbreytt ástand þessara mála er óþolandi. Hæstv. ríkisstj. hefur ítrekað — þrátt fyrir yfirlýsingar í upphafi um hið gagnstæða — gripið inn í vinnudeilur, vafalaust í þeim tilgangi að leiða þær til lykta. Afskipti ríkisstj. af þessari deilu nú geta því ekki talizt neitt „prinsip"-brot af hennar hálfu. Almenningi er líka fyllilega ljóst, að einhverra aðgerða sé þörf af hálfu ríkisstj. og að sátta verði að leita með aðilum. Og ég þykist þess fullviss, að yfirgnæfandi meiri hl. landsmanna telur eðlilegt og réttlætanlegt að verja nokkru fé til þess að finna bráðabirgðalausn í deilunni, þótt til þess þurfi að verja nokkru ríkisfé, og þá ekki sízt fyrir þá sök, að mikið var af útveginum tekið í ríkissjóð, er síðasta gengisfelling var framkvæmd. En einmitt til þeirrar gengisfellingar má rekja þann óróa, sem nú er ríkjandi á vinnumarkaðinum. Ég vil því eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að bregðast nú fljótt við og tryggja, að sættir náist í deilu þessari eins fljótt og mögulegt er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta þess getið, að í morgun var okkur í ríkisstj. ekki kunnugt um annað en að fyrir þessum fundi lægi það eitt að afgreiða kjörbréf, en svo sem öllum hv. þm. er kunnugt, hefur sú venja skapazt á þessu þingi að halda ekki reglulega fundi á föstudögum. Sérstaka nauðsyn bar til þess að afgreiða kjörbréf það, sem hér hefur verið afgreitt nú í dag. Af þessum sökum ráðstafaði hæstv. sjútvmrh. sér til skyldustarfa annars staðar á þessum tíma og er því ekki staddur hér í hv. Sþ. í dag, en ég mun skýra honum frá ræðu hv. þm.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., utan dagskrár, mælti

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég leyfi mér utan dagskrár að gefnu tilefni að varpa fram fsp. til hæstv. landbrh. Fsp. hljóðar þannig:

Hver er ástæðan fyrir því, að ekki er enn þá á þessu ári farið að lána bændum úr stofnlánadeild landbúnaðarins hjá Búnaðarbanka Íslands, og er ekki ákveðið að lána eins og stofnlánadeildarlögin ákveða og miða lánsupphæðina við raunverulegan kostnað framkvæmdanna?

Ég þarf ekki að hafa frekari formála fyrir þessari fsp. og ég vænti þess, að hæstv. landbrh. svari þessu, þar sem honum munu að sjálfsögðu vera mjög kunn þessi mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þessi fsp. er með öllu óþörf. Hv. þm. hefur áreiðanlega átt aðgang að sjóðum Búnaðarbankans, starfsliði Búnaðarbankans, sem vinnur nú bæði alla daga og kvöld, bankaráðsmanni Búnaðarbankans, fyrrv. formanni Framsfl., og það liggur alveg fyrir, að það er verið að undirbúa þessar lánveitingar nú eins og á undanförnum árum, og það er ekkert seinna nú en að undanförnu, sem þessi mál eru á ferðinni. Hv. þm. veit, að það hefur verið veitt í desembermánuði mörg undanfarin ár úr sjóðum Búnaðarbankans, og það er líka alveg rangt, sem hann segir: Hvernig stendur á því, að það hefur ekki enn verið veitt neitt af lánum úr stofnlánadeildinni? Það hefur verið gert út á íbúðarhús eftir því, sem framkvæmd-

um hefur miðað áfram. Það má einnig upplýsa hv. þm. um það, ef hann veit það ekki og hefur ekki aðgang að bankaráði Búnaðarbankans og bankastjórum, að það hefur verið tekin ákvörðun um það að hækka lán til íbúðarhúsa úr 100 þús. í 150 þús. Það hefur reyndar verið sagt frá því áður hér í hv. Alþingi. Það hefur einnig verið tekin ákvörðun um það að hækka lán út á framkvæmdir nokkuð í samræmi við hækkaðan byggingarkostnað, t. d. á fjósbyggingar, hlöðubyggingar, fjárhúsbyggingar o. s. frv., og það er alveg óhætt að fullyrða um það, að hundraðshlutinn að þessu sinni, sem lánaður verður af byggingarkostnaði, er nokkru hærri en í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar þessi hv. þm. sá ekki ástæðu til að vera með svona fyrirspurnir.

Ásgeir Bjarnason: Ég get þakkað hæstv. ráðh. fyrir þessi svör, svo langt sem þau ná. En í raun og veru svaraði hæstv. ráðh. ekki neinu öðru en því, að það mundi verða lánað eins og að undanförnu og lánin væru ekki síðar á ferðinni en verið hefði. En ég vil minna á það, að þegar lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins voru til umr. hér á hv. Alþingi í vetur sem leið, var því margheitið af hæstv. ráðh. og hans fylgismönnum öllum, að nú yrði allt annar háttur hafður á lánveitingum og bændur gætu fengið lán, hvenær sem þeir hefðu sína pappíra tilbúna á árinu, og það mundi ekki standa á því, þegar til bankans kæmi. Þess vegna spyr ég nú: Hver er ástæðan fyrir þessum drætti? Og ég vil líka minna á það, að í dag er 6. des. og það er ekki ýkjalangt til jóla, og mér er ekki kunnugt um, að það sé farið að veita nein lán, hvorki út á íbúðir né annað. A. m. k. hef ég ekki fengið nokkur lán afgreidd. Og væri þá ástæða til þess að spyrja: Hverjir eru það, sem fá sín lán afgreidd?

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að það mundu verða hærri lán nú en að undanförnu. Skárra væri það nú, ef lánin yrðu ekkert hækkuð, því að ekki hefur dýrtíðin hækkað svo lítið, og það, sem ég átti við með minni spurningu, var það: Verður prósentan miðuð við raunverulegan kostnað framkvæmdanna eða einhvern tilbúinn kostnað framkvæmdanna? Á þessu hlýtur að verða mjög mikill munur, og var hann allmikill á árinu sem leið, og ég vænti, að einhver leiðrétting fáist í þessum efnum til samræmis við gefin fyrirheit frá s. l. vetri.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Hv. þm. talar um yfirlýsingar, sem hafi verið gefnar, þegar lög um stofnlánadeild landbúnaðarins voru til umr. hér á síðasta þingi. Það má gjarnan vitna til þeirra umr. og þeirra yfirlýsinga, því að það var oftlega sagt frá því, að þegar þessi lög hefðu tekið gildi og fé færi að koma inn í stofnlánadeildina eftir þeim, þá yrði möguleiki á að hafa annan hátt á en verið hefur. En hv. þm. ætti að vita, að það er ekki enn farið að koma fé inn í deildina samkv. þessum lögum. Eigi að síður hefur það breytzt, að nú getur stofnlánadeildin sjálf tekið lán, vegna þess að nú hefur hún skilyrði til þess að standa skil á þeim lánum, eftir að lög um stofnlánadeildina hafa verið gerð, en eigið fé myndast smátt og smátt, eftir því sem lögin verka. Það er ekki fyrr en á næsta ári, sem stofnlánadeildin fær raunverulega nokkurt fé samkv. þessum nýju lögum. Og það má upplýsa það, að einmitt nú vegna þessara laga, þó að stofnlánadeildin sé ekki farin að fá fé eftir þeim, þá hefur verið víkkuð út lánastarfsemin. Það er t. d. nú farið að lána út á dráttarvélar, sem hefur ekki verið gert áður. Það er, eins og ég áðan sagði, nú búið að hækka lán út á íbúðarhús, þannig að það eru 150 þús., og einnig er gert ráð fyrir, að þeir, sem eiga eftir að endurbyggja í sveitum og ekki eru efnaðir menn, eigi kost á að fá allt að 50 þús. kr. styrk, þannig að lán og styrkur út á íbúðarhús geta orðið um 200 þús. í sveitum. Nú er það ákaflega misjafnt, hvað íbúðarhúsin þurfa að kosta. Ég veit um mann, sem byggði íbúðarhús, var að ljúka því núna, fyrir 300 þús., aðrir þurfa kannske að nota 400 þús. og jafnvel 500 þús. Allt fer þetta eftir aðstæðum, eftir því, hve mikið eigið vinnuafl menn geta látið í þetta. En ef miðað væri við 400 þús., sem er líklega það eðlilega, þá er þarna 50% lán og styrkur.

Nú væri eðlilegt, að hv. fyrirspyrjandi rifjaði það upp, hvað var mikið lán og hvað var hár styrkur út á íbúðarhús t. d. 1957 og 1958, hvað kostaði þá að byggja sams konar hús, sem nú kostar 400 þús. Ég man ekki byggingarvísitöluna. En hitt hefur verið fullyrt og ekki hrakið, að þá hafi lán og styrkur ekki verið yfir 30% af byggingarkostnaði, og hv. fyrirspyrjandi virtist þá vera ánægður með þetta. Ég a. m. k. man ekki annað. Ef við tökum peningshúsin, þá er rétt að geta þess, að lán út á peningshús hafa verið hækkuð. Ég man ekki nákvæmlega prósentuna, en haustið 1960 minnir mig, að það hafi verið 10—15% eftir framkvæmdum. 1961 var það einnig hækkað og einnig nú, þannig að lánin munu vera hlutfallslega hærri nú en þau hafa verið áður. Hv. fyrirspyrjandi spyr að því, hvort þau séu miðuð við ímyndaðan kostnað eða raunverulegan kostnað. Lánin eru miðuð við matsgerð byggingarfulltrúa, og það eru byggingarfulltrúar í öllum héruðum landsins. Ég veit, að á Suðurlandi er það verkfræðingur, sem tekur byggingarnar og framkvæmdirnar út, og í Búnaðarbankanum er einn og sami maðurinn, sem yfirfer þessar matsgerðir, og við það eru lánin svo miðuð. Það er lánað út á fjósbyggingar, að mig minnir, 60%, út á hlöður og fjárhús 30% o. s. frv. Það er þess vegna ekki um að ræða neinn ímyndaðan kostnað, heldur er farið eftir matsgerð byggingarfróðra manna.

Ég veit ekki, hvort er ástæða til þess að svara þessari fsp. frekar. Ég held, að það hafi verið gert, eftir því sem föng eru á óundir-

búið. Það er rétt, það er 6. des. í dag og ekki farið að veita lán. En við höfum séð 6. des. fyrr, og það hefur ekki verið fyrr en um eða upp úr 10. og miðjum desember, sem þessar lánveitingar hafa hafizt mörg undanfarin ár. Þess vegna er ekkert nýtt, sem er að gerast nú, þótt ekki sé farið að veita lánin 6. des. 1962. Starfsfólk Búnaðarbankans er að undirbúa þessar lánveitingar, reikna út lánin, og það tekur ekki svo ýkjamarga daga að koma peningunum út, eftir að búið er að undirbúa lánsskjöl.

Eysteinn Jónsson: Það voru aðeins fáein orð út af þessum orðaskiptum eða því, sem hæstv. ráðh. sagði. — Ég hef bent hæstv. ráðh. á það áður og ætla að leyfa mér að gera það enn, að það er alls ekki viðeigandi að svara fsp. hér á Alþingi með skætingi, eins og hæstv. ráðh. leggur í vana sinn æ ofan í æ og lætur sér aldrei segjast, þó að honum sé af góðvild bent á þennan ágalla í fari hans. Engum dylst, sem hlustað hefur á þessar umr., að það er einmitt nákvæmlega það, sem hæstv. ráðh. hefur látið sér sæma að gera einu sinni enn. Hann er spurður hér um það blátt áfram, hvernig á því standi, að ekki sé farið að afgreiða að ráði lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins og hverjar horfur séu á, að úr því rætist. Nú gat hæstv. ráðh. ákaflega einfaldlega sagt bara satt og blátt áfram, að þessi dráttur sé vegna þess, að það er verið að útvega lánsfé til stofnlánadeildarinnar. Og hann hefði getað, ef hann hefði viljað svara öðru en skætingi, sagt mönnum það til upplýsingar, af því að hann hlýtur að vita það, hve mikið fjármagn það er á að gizka, sem vantar til deildanna og á hefur staðið. Þessu hefði hæstv. ráðh. getað svarað alveg blátt áfram, skætingslaust og útúrsnúningslaust. En það gerir hæstv. ráðh. ekki, heldur kemur hér og talar tóman skæting út í bláinn og fer t. d. að ræða almennt um þessi mál.

Hvers vegna getur hæstv. ráðh. ekki svarað blátt áfram, eins og síður hefur verið ráðh. yfirleitt á Íslandi fram að þessu, ef þeir hafa verið spurðir? Svona umr. á Alþingi hafa verið nær óþekktar, áður en þessi hæstv. ráðh. kom í ráðherrastól. Hann hefði enn fremur getað blátt áfram sagt, hverjar horfur væru á því, að þetta fé yrði útvegað. Ég heyri nú, að hann telur, að það muni verða, og þá hefði hann getað upplýst það. En hann sagði það ekki í svarinu. En það mátti draga það a. m. k. óbeint af því, sem hann sagði síðar, að úr þessu mundi rætast.

Hæstv. ráðh. þarf ekkert að vera hissa á því, þótt fsp. komi fram um þetta nú, eins og verið hefur ævinlega undanfarin ár, hverjir sem verið hafa í stjórn og hverjir í stjórnarandstöðu. Þegar þessi mál hafa dregizt lengi, þá hefur verið spurt um, hvernig á því stæði og hvort ekki mundi rætast úr. Og alveg sérstaklega er eðlilegt, að um það sé spurt núna, þar sem hæstv. landbrh. talaði í fyrra, þegar hann lagði hér fyrir nýju lögin um stofnlánadeildina, eins og allt gengi vélrænt á vegum stofnlánadeildanna úr þessu, þeirra fjármálum væri algerlega borgið framvegis með hinum nýju lögum, og að því er manni skildist, þyrfti ekki að vera að bisa við árlega að útvega stórfé hingað og þangað að láni til þess að draga inn í deildirnar. En nú kemur auðvitað í ljós og á eftir að koma í ljós enn betur síðar, að þetta voru auðvitað blekkingar hjá hæstv. ráðh., því að vitanlega verður þrátt fyrir stofnlánadeildarlögin í fyrra að taka svo og svo mikið fé árlega að láni og draga saman inn í deildirnar. Því fer náttúrlega alls fjarri, að með þeirri löggjöf hafi verið sett upp einhver eilífðarvél, sem mali fyrirhafnarlaust fjármagn inn í landbúnaðinn.

Þó að hæstv. ráðh. segi núna, að það þurfi mikið fé inn í deildirnar, vegna þess að lögin séu ekki farin að verka fullkomlega, þá er það ekki nema að sumu leyti satt, því að það þarf miklu meira fé inn í deildirnar en sem því svarar, sem á vantar, að lögin gefi fulla raun á þessu ári. Lögin eru sem sagt ekkert „automat" í þessu tilliti, eins og látið var í veðri vaka í fyrra, heldur verður samt sem áður áreiðanlega að afla mikils fjármagns að láni árlega, ekkert síður þó að lögin hafi verið sett.

Þetta hefði hæstv. ráðh. allt getað upplýst blátt áfram, en þann kostinn tók hann ekki.

Ráðh. hefur ekkert upplýst um það, hversu mikið lánsfjármagn vanti inn í deildirnar, til þess að þær geti sinnt hlutverki sínu næstu daga eða næstu vikur, núna fyrir jólin. Hann hefur ekkert sagt um það enn þá, og hann hefur því ekki svarað fsp., og ekki heldur fullnægjandi, hvenær fé komi, og alls ekki, hvaðan það komi.

Síðan fór hæstv. ráðh. að ræða almennt um lánamál landbúnaðarins, t. d. hvað hækkuð hefðu verið lán út á íbúðir. Ég skal ekki fara út í að ræða það af þessu tilefni, en aðeins benda á, að það mun láta nærri, að þau lán, sem nú fást út á meðalíbúð, bæði í sveitum og við sjóinn, öll lánin, sem fást, svari þeirri hækkun, sem orðið hefur á íbúðunum síðan nýja viðreisnarpólitíkin kom til framkvæmda. Á því geta menn svona hér um bil séð, hvernig þróunin hefur orðið.

En ég stóð hér upp enn einu sinni til að minna hæstv. ráðh. á það í allri vinsemd, að þessi tónn, sem hann hefur tamið sér, þegar spurt er um sjálfsögðustu atriði, er alveg óviðeigandi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að það taki fáir alvarlega þessa áminningu hv. 1. þm. Austf. og allra sízt hann sjálfur. Hv. þm. finnst, að ég hafi svarað hálfgerðum skætingi hér og ekki svarað fsp. Ég spyr nú hv. þm., sem hlustaði á mig: Var það nokkur skætingur, sem ég sagði, og var það ekki svar við fsp., eins og ætla mátti, þegar fsp. er borin munnlega fram? Ég ætla, að þetta hafi verið alveg tæmandi svar. En ég fullyrti, að þessi fsp. væri óþörf. Og hvers

vegna var hún óþörf? Vegna þess að hv. fyrirspyrjandi vissi um allt, sem hann var að spyrja um. Þess vegna var hún óþörf. Og ég veit ekki, hvort það er til nokkurrar fyrirmyndar að haga sér þannig á hv. Alþingi að vera að koma með fsp. og eyða tíma þingsins í fsp. um það, sem menn vita. Og hvers vegna hlaut hv. þm. að vita um þetta, sem hann var að spyrja um? Það er vegna þess, að hv. fyrrv. formaður Framsfl. er í bankaráði Búnaðarbankans. Það er vegna þess, að hv. þm. getur haft aðgang að bankastjórum Búnaðarbankans, og ég veit, að þeir eru reiðubúnir hvenær sem er í viðtali að svara fsp. eins og þessari. Og það er vegna þess, að hv. þm. hefur áreiðanlega komið í bókhald Búnaðarbankans, þar sem verið er að vinna þessi störf. Og hv. þm. vissi þess vegna alveg um það, sem hann var að spyrja um. En hvers vegna er þá verið að spyrja? Það er til þess að geta skrifað um það í Tímann og látið á því bera, að hv. fyrirspyrjandi og hv. 1. þm. Austf. náttúrlega líka, þeir hafi einhvern sérstakan áhuga fyrir því, að þessi mál verði leyst, og það út af fyrir sig ætla ég ekki að efa. En það er líka gert til þess að láta í það skína, að ríkisstj. hafi vegna pressu frá þessum mönnum loks látið undan að útvega fé og lána. Og hvers vegna er verið að tala um það núna, að þessi lán séu eitthvað sérstaklega seint á ferðinni, þegar þau eru ekki seinna á ferðinni en hefur verið undanfarið, þegar hv. Framsfl. var í ríkisstj. og átti að sjá um þessi mál? Ég segi: það er ósæmilegt að haga sér á þennan hátt í hv. Alþingi, og hv. formaður Framsfl. ætti að reyna að kenna sínum þingflokki rétta siði í hv. Alþingi, áður en hann tekur að sér að kenna ráðh. að haga sér rétt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. landbrh. er óttasleginn, hræddur, og telur það óþarft af mér að vera að fara í þingsalina og gera fsp. um mál, sem ég gæti e. t. v. fengið upplýst á annan hátt. En svo er mál með vexti, að þetta mál er ekki eins einfalt og hæstv. ráðh. vill vera láta. Það eru fleiri bændur í þessu landi en ég, og þeir hafa ekki aðgang daglega að Búnaðarbanka Íslands. Og margir bændur bíða nú vonsviknir út frá fyrri yfirlýsingum yfir því, að það skuli ekkert vera farið að veita úr stofnlánadeildinni á þessu ári, *því að það er algerlega gagnstætt því, sem* haldið var fram, þegar lögin um stofnlánadeildina voru rædd hér á hv. Alþingi í vetur. Og það er því ríkari ástæða nú en nokkru sinni fyrr að gera fsp. um þessi mál.

Hæstv. landbrh. sagði, að það væru miklu ríflegri lán veitt til landbúnaðarins nú en nokkru sinni áður. Og hann vitnaði sérstaklega til íbúðarhúsabygginganna. En það er ekki ýkjalangt síðan, eða rúmt ár, að þá stóðu þessi mál þannig, að íbúðarhúsalánið allt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum hrökk ekki fyrir dýrtíðaraukningunni, sem hæstv. landbrh. barðist fyrir að kæmist á. Ég hef ekki reiknað það nú. Og svo er með ýmsar aðrar framkvæmdir í landbúnaðinum, sem veita á lán til úr bankanum, þannig að staða landbúnaðarins þrátt fyrir hækkuð lán er verri nú en nokkru sinni fyrr.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfáar setningar út af því, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann sagði, að það væri verið að spyrja um þessi efni hér til þess að geta sagt frá því í Tímanum. Jú, ég geri ráð fyrir því, að það verði sagt frá þessum umr. í Tímanum eins og öðrum umr. á Alþingi, eftir því sem hægt er. En ef hæstv. ráðh. hefði tekið það ráð að svara þessari fsp. alveg blátt áfram, eins og hann hefði átt að gera, greint frá því svona á að gizka, hvað vantaði af fé, og lýst því yfir, að það yrði útvegað, kannske t. d. næstu daga eða alveg á næstunni, þá hefði verið sagt frá því í Tímanum, að ráðh. svaraði þannig. Var það svo ægilegt? Var það svo voðalegt? Þurfti ráðh. að vera með öll þessi undanbrögð og allt þetta til að komast hjá því, að sagt væri frá svona blátt áfram og eðlilegu svari í Tímanum? Getur hæstv. ráðh. ómögulega séð, hvað þessi aðferð hans er óheppileg á alla lund?

Hæstv. ráðh. sagði, að fyrirspyrjandi hefði spurt hér um það, sem hann hefði getað fengið að vita annars staðar. Finnst hæstv. ráðh. það eðlilegt, að þm. séu á njósnum hingað og þangað varðandi mál, sem þeir með eðlilegum hætti eiga að fá upplýst í þinginu hjá þeim hæstv. ráðh., sem hafa yfirstjórn málanna með höndum? Þarna misskilur hæstv. ráðh. algerlega, hvernig eðlilegt er að halda á þessum efnum, og honum finnst það vera meinbægni við sig, að spurt sé hér í þinginu, til þess að hann gefi einmitt hér á Alþingi upplýsingar og skýrslur um málefni, sem miklu varða fyrir allan almenning og undir hann heyra. Hann vill, að þm. séu þess í stað hingað og þangað að afla sér hjá öðrum vitneskju um þessi efni. Það er einmitt hið eðlilega í þessu, að spurt sé um slík efni á Alþingi, m. a. vegna þess, hversu marga þetta varðar, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram.

Loks sagði svo hæstv. ráðh., og það var atriði, sem að mér sneri, að mér færist ekki að vera að finna að þessu svari hans, vist vegna þess, að ekki hefði ég svarað betur eða skynsamlegar, þegar ég hefði verið spurður *og þegar ég hefði átt sæti í ríkisstj.* Nú vil ég skora á hæstv. ráðh. að athuga nú í jólafríinu t. d. þær fsp., sem bornar voru fram til mín, — hann hefur nóg af aðstoðarmönnum og getur látið slá því upp, — sem bornar voru fram til mín á þeim árum, sem ég var ráðh., og hvernig ég hafi svarað þeim, og skulum við þá sjá, hvaða áhrif það hefur á hæstv. ráðh. að kynna sér þetta.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., utan dagskrár, mælti

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Fyrir nokkru hafa verkalýðsfélög fengið litils háttar kauphækkun. Eins og almenningi er kunnugt um, hefur kaup lægst launaða verkafólksins verið hækkað um 5%. Það hefur mjög verið haft á orði, að þessi kauphækkun ætti að geta orðið raunhæf kjarabót, eins og það hefur gjarnan verið orðað, og síðast í dag í aðalmálgagni ríkisstj. er þetta mjög ítrekað, reyndar látið fylgja, að ýmsir menn séu nú að hugsa um að koma í veg fyrir, að svo geti orðið. En í sambandi við einmitt þetta mál vildi ég að gefnu tilefni beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún hyggst gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til eða beita áhrifum sínum til þess, að þessi launahækkun geti orðið raunveruleg kjarabót, en verði ekki látin kafna í verðhækkunum, eins og átt hefur sér stað undanfarið. Ég beini þessari fsp. hér fram vegna þess, að mér er kunnugt um, að um leið og þessi kauphækkun var orðin veruleiki, sóttu samtök atvinnurekenda um það til verðlagsyfirvalda að fá að reikna þessa litilfjörlegu kauphækkun inn í verðlagið, frá sama degi, skilst mér, og kauphækkunin varð.

Það er náttúrlega augljóst, að ef þessi háttur á að verða, að þessi litla kauphækkun eigi að fá að ganga á þennan hátt inn í verðlagið, eins og raun hefur á orðið yfirleitt, þá getur þetta ekki orðið í hendi verkafólksins raunhæf kjarabót. Ég vildi því hér beina þessari fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún hyggst gera einhverjar ráðstafanir eða beita áhrifum sínum til þess, að þessi kauphækkun fari ekki inn í verðlagið, eins og verið hefur, þannig að hún verði að engu gerð á stuttum tíma.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Í sambandi við þá fsp., sem hér kom fram frá hv. 2. landsk., þykir mér rétt, vegna þess að svo vill til, að ég á sæti í verðlagsnefnd, sem fjallar um beiðnir frá atvinnurekendum um hækkun á útseldri vöru og þjónustu, að upplýsa það, að mér er ekki kunnugt um, að að svo stöddu hafi komið nein tilmæli til verðlagsnefndar um það, að sú 5% kauphækkun, sem nú hefur verið samið um, yrði að fullu reiknuð inn í verðlagið. Mér er ekki kunnugt um, að þessi tilmæli hafi enn þá komið fram, en hvort það kann að verða síðar, veit ég ekki. Hins vegar mun það, sem hv. þm. hefur fyrir sér og mun ástæða til þess, að hann hreyfir þessu máli hér nú, vera það, að það er rétt, að atvinnurekendur hafa farið fram á við verðlagsyfirvöldin, að útseldar vinnustundir yrðu hækkaðar sem kauphækkuninni nemur, en það er allt annað en að heimilað sé að reikna þessi 5% inn í verðlagið. Slíkt snertir aðeins þau fyrirtæki, sem selja út vinnustundir.

Nú hefur verðlagsnefnd ekki tekið afstöðu til þessa erindis enn þá. Hins vegar hefur það verið venjan, nema þá að alveg sérstaklega standi á, að heimila fyrirtækjum að reikna útseldar vinnustundir á því verði, sem viðkomandi aðilar kaupa þær inn, enda er málið í rauninni hliðstætt því, að innkaupsverð vöru hækki. En hver sem afgreiðsla þess máls verður, sem ég skal ekkert segja um, þá mundi það hafa mjög lítil áhrif á verðlagið, þótt heimilað yrði að hækka verð þessara útseldu vinnustunda. Hvort möguleiki verður svo á því að koma að öllu leyti í veg fyrir það, að verðlagið hækki eitthvað vegna þeirra kauphækkana, sem um er að ræða, skal ég ekki segja um að svo stöddu. Ég geri ráð fyrir því, að verðlagsyfirvöldin muni hér eftir sem hingað til reyna til hins ýtrasta að koma í veg fyrir slíkt. En það verður komið undir mati á því, hvort atvinnuvegirnir geti borið þær kauphækkanir, sem um er að ræða. En enn sem komið er er mér ókunnugt um, að tilmæli hafi borizt frá atvinnurekendum um annað en þetta, sem ég upplýsti.

Á 62. fundi í Nd., 29. marz, utan dagskrár, mælti

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það var gert ráð fyrir því, að á þessu þingi yrði lagt fram frv. til breytinga á vegalögum, og hefur verið boðað í stjórnarblöðunum, að þetta yrði sennilega gert. Nú liggur það fyrir, að þetta mun ekki verða gert á þessu þingi. Ég hef leitað eftir því hjá vegamálastjóra og formanni mþn., ráðuneytisstjóranum í samgmrn., að fá að sjá nál. þeirrar mþn., sem að málinu vann. Vegamálastjóri vísaði þessu frá sér, og ráðuneytisstjórinn svaraði því til, að sér væri óheimilt að láta nál. af hendi, vegna þess að ráðh. hefði lagt svo fyrir, að svo yrði ekki gert, að neitt yrði úr því birt. Nú sýnist mér, að þetta bann muni vera upp hafið, og ástæðan fyrir því, að ég álykta svo, er sú, að hv. 5. þm. Vesturl., sem er einn af nm., hefur nú sent áhugamönnum í Vesturlandskjördæmi þingfréttabréf. Nú vill svo vel til, að ég er einn af þessum áhugamönnum í Vesturlandskjördæmi og hef því þetta bréf í höndunum, en þetta bréf er skrifað 13. marz s. l., og í því segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikið hefur verið talað um væntanlegar stórbreytingar á vegalögum og mikla aukningu á vegaframkvæmdum í því sambandi. Hefur fimm manna n., sem ég á sæti í, unnið 2 ár að undirbúningi þessa máls og skilað álitsgerð í tveimur bókum. Voru helztu atriði í till. þessi:

1) Ákveðnar reglur fyrir því, hvaða vegir teljist þjóðvegir, flokkun þjóðvega eftir tegundum og verkefnum í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir.

2) Að lögskipa, að vegaframkvæmdir skuli ávallt vinna eftir 5 ára áætlun, er taki hver við af annarri.

3) Að leggja hreppavegi niður sem sérstakan flokk, en stórauka fé til sýsluvega til þess að veita héruðunum nýja möguleika og nýtt sjálfstæði með hina staðbundnu vegi.

4) Að veita 20 millj. til þess að gera þjóðvegi í kaupstöðum, þ. e. aðalbrautir allra kauptúna yfir 300 íbúa og kaupstaða. Þetta fé átti

að skiptast eftir íbúafjölda. Þegar lokið væri aðalbrautum hvers staðar, sem tengja saman vegakerfið, átti viðkomandi staður að fá sitt framlag til frjálsrar gatnagerðar.

Auk þessa voru hundruð annarra atriða, þar sem til komu nýjungar og breytingar. Með þessari kerfisbreytingu, sem mætti kalla byltingu í vegamálum, átti að hækka benzínið upp í 5 kr. og tryggja, að allur benzínskattur, þungaskattur, sem átti að breytast, gúmmígjald og hluti af leyfisgjaldi bifreiða rynni til vega og gatna. Er líklegt, að bíleigendur muni una vel við, ef þeir vissu, að allt þetta fé rynni í vegi og götur. Að öðrum kosti kemur slík hækkun ekki til greina."

Svo heldur áfram:

„Nú hefur þetta mál því miður strandað á Sjálfstfl. Við Alþfl.-menn teljum þetta skynsamlega og ábyrga stórbreytingu í vegamálum, en innan Sjálfstfl. hefur ekki náðst samkomulag um neitt, með þeim árangri, að málið er stöðvað. Hefur Alþfl. lagt mikla áherzlu á framgang þess og ágreiningur á milli stjórnarflokkanna í þessu máli verið alvarlegur. Er ekki séð fyrir endann á málinu enn. Ekki hefur heyrzt, að sjálfstæðismenn hafi neitt að bjóða til vegamálanna í staðinn."

Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. vegamálaráðh., eftir að þessar upplýsingar eru komnar til almennings, hvort þm. er þá ekki heimilt að fá þetta nál. í sínar hendur, og í öðru lagi, ef það er ekki, hvort einstökum nm. er þá heimilt að gefa slíkar upplýsingar sem þessar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það væri nú eðlilegast að byrja á því að þakka fyrir lesturinn og upplýsingarnar, sem hv. þm. gefur hér þingheimi öllum með tilkynningu þessa bréfs.

Ég vil taka það fram, að ég hef aldrei lýst því yfir, að vegalög yrðu lögð fram á þessu þingi, og ég hygg, að það hafi aldrei verið beinlínis gert af neinum, heldur hafi alltaf verið einhver fyrirvari, því að þótt frv. til vegalaga hafi komið til ríkisstj. á s. l. hausti, þá var vitað mál, að það þurfti að athugast í ríkisstj., og ég get lýst því yfir, að það voru nokkur atriði í þessu frv., sem ég var á móti, og til þess að ég sem samgmrh. flytti frv. til nýrra vegalaga, þá verð ég vitanlega að vera því samþykkur. Þess vegna er það, að ég skrifaði vegalaganefnd bréf í 8 liðum, þar sem voru teknar saman aths. við frv. og þess farið á leit við n., að hún héldi áfram að vinna, taka til athugunar þær ábendingar, sem í bréfinu eru, og mér er kunnugt um, að n. hefur a. m. k. haldið einn eða tvo fundi, síðan hún fékk þetta bréf, og mér er einnig kunnugt um, að á vegamálaskrifstofunni er nú þegar hafin vinna út af þessu bréfi til athugunar á sumum atriðum þess.

Hitt er svo eðlilegt, að í jafnstóru máli og hér um ræðir geti menn greint nokkuð á, og það er ekki óeðlilegt, að það þurfi nokkurn tíma til þess að samræma hin einstöku sjónarmið. Og ég vil geta þess, að vegalaganefnd hóf ekki störf fyrr en eftir mitt ár 1961. Ég veit, að hún taldi æskilegt, og það hef ég gert líka, að vegalagafrv. yrði lagt fram á þessu þingi og það yrði lögfest. En það, sem meginmáli skiptir, er, að þegar ný vegalög eru sett, þá sé sem mest til þeirra vandað. Það vitanlega skiptir miklu máli, ef vegalaganefnd getur haldið áfram að vinna það sem eftir er þessa vetrar og í sumar og gæti komið með nýtt frv., sem hægt væri að sameinast um á haustþinginu.

Um það, hvort einstakir þm. geti fengið frv., ætla ég ekki að segja nú, en ég hygg, að það sé dálítið óvanalegt, að á meðan mþn. er að starfa og hefur ekki lokið störfum, verði farið að útbýta því meðal þm., sem n. hefur þegar gert, áður en verkinu er lokið, og það liggur fyrir, að vegalaganefnd hefur ekki lokið störfum. Hún hefur góðfúslega tekið við mínu bréfi og þeim ábendingum, sem í því eru, og þegar setzt til starfa aftur. Og jafnvel þótt einstakir menn í vegalaganefnd teldu, að frv., eins og það var í fyrstu, væri harla gott, þá er ég samt sem áður viss um það, að sá sami maður eða þeir sömu menn telja eigi að síður eðlilegt að endurskoða málið og jafnvel í þeirra augum megi bæta það frá því, sem það var.

Það er þetta, sem ég vil aðeins segja, að það liggur ekki fyrir nein yfirlýsing eða loforð frá mér um það, að þetta frv. verði lagt fram á þessu þingi. Það er sama, hvar leitað er í þingskjölunum, einfaldlega vegna þess, að frá því fyrsta, að ég las frv., hafði ég ýmislegt við það að athuga og enn er verið að vinna að þessu máli.

Ég tel eðlilegt að ræða um það við formann n., og ég get gert það fyrir hv. þm., fyrirspyrjanda, að ræða um það við hann, hvort það megi teljast eðlilegt að fara að útbýta þessum till., sem þegar eru til hjá n., áður en n. hefur lokið verki. Ég tel, að það væri mikil tillitssemi og greiðasemi við þennan hv. þm., ef það væri gert. Það má vel vera, að það mætti gerast, en það væri alveg nýtt í starfsháttum mþn., að þær færu að láta menn, þótt virðulegir þm. séu, fá hluta af starfinu, áður en því er að fullu lokið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur gert mér þann heiður að lesa í þingsal kafla úr bréfi, sem ég hef skrifað til kjósenda í kjördæmi minu, og þakka ég honum fyrir það. En ég vil veita þær upplýsingar, að þó að ég hafi sent bréfið allmörgum umbjóðendum, þá er þetta einkabréf. Þar af leiðandi breytir það engu um skyldur eða ástæður hæstv. ráðh. til þess, hvort hann birtir skjöl málsins eða ekki.

Mál þetta horfir þannig við, að vegalaganefnd taldi sig hafa lokið verki og hafði skilað áliti. Þannig stóð málið, þegar þessi frásögn í einkabréfi var send. Eftir að bréfið kom út, skrifaði hæstv. ráðh. ýtarlegt bréf og bað hana að taka til nýrrar athugunar ein 8 atriði. Þetta bréf var lagt fyrir vegalaganefnd

s. l. föstudag. Með þessu nýja bréfi ráðh., sem hann skrifar eftir alllangar umr. um málið í stjórnarflokkunum, opnar hann starf n. aftur, þegar hann biður hana að taka tilgreind atriði til nýrrar yfirvegunar, sem n. að sjálfsögðu mun gera. Finnst mér, að í því ljósi hljóti ráðh. að taka sína ákvörðun um það, hvort hann sér ástæðu til að birta eða láta þm. fá skjöl málsins á þessu stigi.

Hins vegar vil ég minna á það, að bæði ég og ýmsir aðrir hafa um langt skeið skrifað og talað heilmikið um vegamálin. Í þeim skrifum, bæði greinum í blaði mínu og annars staðar, hefur að sjálfsögðu komið fram a. m. k., hvað mér finnst að gera þurfi í þessum málum. Er því ekki mikil list að sjá útlínur þess. Einnig hefur komið fram á þeim vettvangi, að sumir Alþfl.-menn, ekki sízt ég, af því að ég var í þessari nefnd, tóku því með miklum vonbrigðum, að ekki skyldi vera hægt að afgreiða þetta mál nú. Það er kannske eðlilegt, að ég sé í þeim hópi óþolinmóðastur, af því að ég var í n., sem var búin að starfa að málinu alllengi, og var farinn að binda við þetta miklar vonir. En málið er stórt og sjálfsagt ekki rétt að leggja það fram, fyrr en búið er að ná sem mestum stuðningi við það í því formi, sem það verður flutt.

En ég endurtek, að einkabréf frá þm. til umbjóðenda hans í kjördæmi breytir ekkert viðhorfum um birtingu málsskjala.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég man nú ekki til, að það hafi hent hér á hv. Alþingi, síðan ég kom hingað, að það hafi gerzt sama daginn, að mér hafi verið þakkað fyrir upplýsingar og lýst yfir, að ég væri að sýna andstæðingi mínum heiður. En ég get ekkert sagt annað við hæstv. ráðh. og hv. 5. þm. Vesturl. heldur en: Verði ykkur að góðu.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að þetta væri einkabréf, þá held ég, að verði frekar að líta á þetta sem dreifibréf, því að bréf, sem sent er áhugamönnum í Vesturlandskjördæmi, er að mínum skilningi allviðtækt, svo að það getur tæplega flokkazt undir það að vera einkabréf.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, ætla ég ekki að ræða neitt um þann ágreining, sem er innan stjórnarflokkanna, og gerði ekki hér áðan, því að það kemur ekkert við mig. Ég læt það mál algerlega afskiptalaust. Ég sagði ekki heldur, að hæstv. ráðh. hefði lýst því yfir, að þetta mál yrði lagt fyrir þingið eða afgreitt hér á hv. Alþingi. Það voru ekki mín orð. Og ég minnist þess ekki, að hann hafi gert það. En hins vegar gat ég þess, að í blöðum stjórnarflokkanna hefði þetta komið fram, og í því sambandi vil ég vitna í Alþýðublaðið frá 30. sept. Í greininni „Um helgina" er það tekið fram, að miklar líkur séu til þess, að þetta mál verði til lykta leitt á Alþingi því, sem þá var að hefjast eða þá var nýhafið. Í Reykjavíkurbréfi 7. okt. í Morgunblaðinu segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þá er sennilegt, að frv. til nýrra vegalaga verði lagt fyrir þingið." Í grein, sem hæstv. fjmrh. skrifaði, þegar þingstörf hófust nú að nýju í lok janúar, þá gerði hann ráð fyrir því, að þetta mál yrði lagt fyrir þingið. Og í nál., sem er frá 29. nóv. s. l., gerir meiri hl. samgmn. Ed., en frsm. fyrir því nál. er hv. þm. Bjartmar Guðmundsson, þá gerir hann ráð fyrir því og þeir í nál., að líkur séu til þess, að þetta mál verði lagt fyrir þingið, og hv. þm. mun eiga sæti í þessari mþn. En út af því er ég ekki að ræða neitt sérstaklega, að þetta skyldi ekki hafa verið lagt fyrir þingið, heldur um aðgang að nál., og þar vékst hæstv. ráðh. undir, að hann ætlaði að athuga það fyrir mig sérstaklega, og þakka ég honum vinsemdina og lít svo á, að það sé af því, að ég var 1. flm. að frv. um nýja tekjustofna fyrir vegagerðir í landinu, sem till. fjvn. var síðan að nokkru leyti byggð á, og ég eigi að njóta þess hjá hæstv. ráðh., og þakka ég það, þegar ég fæ nál. í hendur. En hitt finnst mér alveg óeðlilegt, að einstakir nm. megi birta svo verulega hluta úr nál., áður en þm. fá aðgang að því, eins og hér er gert. Og það var líka ástæða til þess, að í þessu bréfi er það einnig tekið fram, að n. hafi skilað áliti og lokið störfum. Þess vegna var það ekki að ástæðulausu, þó að ég spyrði hæstv. ráðh. um það, hvort bannið væri upp hafið, og ég treysti því, að ég fái nú nál.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi, að það hefur verið vísað hér frá hv. Alþingi a. m. k. einu frv., ef ekki fleirum, með þeim rökstuðningi, að ný löggjöf um vegamálin yrði sett á þessu kjörtímabili. Ég hygg, að alveg áreiðanlega einu frv. um vegamál hafi verið vísað frá með þessum rökstuðningi, og ég hygg fleirum. Ég vil enn fremur í sambandi við þessar umr. minna á, hve óheppilegt það er, að það skuli ekki vera kosnar mþn. í Alþingi um mál eins og þessi, og hefur það mjög verið tíðkað, áður en hæstv. núv. ríkisstj. tók við.

Þá vil ég taka undir þá ósk, sem kom fram frá hv. 3. þm. Vesturl., að þm. fái nú aðgang að áliti mþn., því að mþn. var búin að gefa álit, eins og staðfest er af einum nm. í því bréfi, sem hér var lesið áðan, og það er það álit, sem þm. óska eftir að fá. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að viðbótarálit, sem kynni að verða gefið vegna óska frá hæstv. ráðh., yrði látið í té fyrr en síðar. — Ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum, að þessu áliti sé haldið leyndu fyrir þm., ef það verður gert áfram. Við sjáum, hversu ótækt það er, þegar það nú kemur í ljós, að einstakir nm. eru farnir að skrifast á um þessi efni í dreifibréfum, því að það bar með sér, að það var dreifibréf, sem var lesið upp áðan, og greina frá í óljósu máli einstökum atriðum í þessum veigamiklu efnum. Það er einmitt mjög nauðsynlegt að fá ekki aðeins þetta mþn.-álit, heldur einnig aths. hæstv. ráðh. alveg sérstaklega. T. d. erum við

ákaflega oft spurðir um það, hvað við vitum um þetta mikla mál, sem almenningur hefur mikinn áhuga á, og ein spurning, sem ég er t. d. þráfaldlega spurður um, er þessi: Ætli það sé ætlunin að fækka þjóðvegum, ætli það sé ætlunin að fækka ríkisvegum, þ. e. a. s. þeim vegum, sem ríkið kostar að öllu leyti? Maður er þráfaldlega spurður um þetta, og það hefur langmesta þýðingu, hver er stefna t. d. hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. í þessu, og hana væri mjög nauðsynlegt að fá fram. Máske er hæstv. ráðh. reiðubúinn til að gefa yfirlýsingu um þetta atriði, hvort hann er fylgjandi því, að þjóðvegunum, þeim vegum, sem ríkið kostar af öllu leyti, verði fækkað. Ef hann t. d. gæfi skýra yfirlýsingu um, að það væri stefna stjórnarinnar, að þeim vegum yrði ekki fækkað, sem ríkið kostar að öllu leyti, mundi áreiðanlega þungum áhyggjum vera létt af mörgum, og það væri ávinningur út af fyrir sig um málið. En þetta, sem ég nefni nú, er dæmi um það, hve eðlilegt er, að menn spyrji um þetta mál og vilji fá viðhorfin fram sem skýrust. Ég vil því taka undir það, sem hv. þm. beindi til hæstv. ráðh., að láta mönnum nú milliþinganefndarálitið í té.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Ég get aðeins endurtekið það, sem ég sagði hér áðan. Það er sjálfsagt að velta því fyrir sér og athuga það við formann n., hvort það þyki tilhlýðilegt að vera að láta af hendi gögn, sem eru ekki fullunnin, vegna þess að mþn. í vegamálum hefur ekki lokið störfum, hún hefur hafið störf á ný. Hún fékk bréf frá mér í 8. liðum, eins og áðan var sagt, dags. 27. febr., og hefur a. m. k. haldið einn fund um það síðan.

Um áhyggjur einstakra þm. um það, hvað í þessu frv. er, þá get ég alveg létt einni byrði af herðum hv. 1. þm. Austf. um það og sagt hreinskilnislega, að ég er alveg mótfallinn því að fækka þjóðvegum. Ég er því eindregið fylgjandi að stytta sýsluvegina og helzt að gera alla sýsluvegi að þjóðvegum. Þetta segi ég sem mína skoðun, án þess að segja nokkuð um það, hvað í frv. er, því að ég álít, að það sé og hljóti að verða í aðalatriðum að ráða, hvað formaður og nm. telja eðlilegt í þessu efni.

Þegar um svona stórt mál er að ræða eins og vegalög, þá undrast ég það, að hv. þm. tala um þetta mál í rauninni eins og n. hafi legið á liði sínu, hún hafi í rauninni legið á liði sínu að skila ekki af sér fyrr en í haust, að ríkisstj. hafi í rauninni ekki gert skyldu sína að koma þessu öllu ekki saman á stuttum tíma. Það eiga að viðgangast önnur vinnubrögð hér en meðal annarra þjóða, þegar um svona stórmál er að ræða.

Ég tel nú ekki ástæðu til að segja neitt meira um þetta. Ég lofa ekki að beita mér fyrir því, að nál. verði útbýtt, en ég lofa því aðeins að hugsa um, hvort það er eðlilegt, að það verði gert, en mundi alls ekki mæla því í gegn, ef nm. teldu það sjálfsagt, því að vitanlega er í þessu frv. ekkert leynilegt. Og það er áreiðanlega rétt, sem sagt hefur verið, þar eru mörg mikilsverð nýmæli, og eins og frv. kom frá n. upphaflega, var það vitanlega til mikilla bóta frá því, sem vegalög nú eru. En ég tel, að frv. geti orðið mun betra með því að taka til íhugunar þá 8 punkta og ábendingar, sem n. hefur til athugunar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lýsti því hér yfir, að hann væri alveg mótfallinn því að fækka þjóðvegum. Þetta er punktur, sem rétt er að leggja á minnið.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann undraðist, að menn töluðu eins og þeir væru hissa á því, þótt það þyrfti eitthvað lengri tíma til að skoða þetta mál. Ég held, að hæstv. ráðh. þurfi ekki að vera með þessi ólíkindalæti, þegar þess er gætt, að hæstv. ríkisstj. hefur ætíð haft það loforð nú missirum saman í sambandi við vegamálin, að menn skyldu ekki vera að gera till. um einstök atriði þeirra, hvorki smá né stór, vegna þess að um þau efni í heild yrði sett ný löggjöf á þessu kjörtímabili. Svo kemur hæstv. ráðh. og lætur eins og hann sé alveg hissa á því, að menn hafi búizt við því, að úr þessu yrði. Það hefur verið vísað frá málum, og þetta hefur ætíð dunið, að þar sem búast mætti við nýrri heildarlöggjöf, þá væri ekki ástæða til að samþ. annað. Þetta hefur yfirleitt verið fororðið, og yfirlýsingar frá ráðh. hafa birzt í blöðum um, að þetta yrði gert, eins og hv. 3. þm. Vesturl. minnti á. Hæstv. ráðh. þarf ekkert að undrast, þó að menn búist við þessu. Það eru mikil ólíkindalæti að láta eins og honum komi það ókunnuglega fyrir. Það hlutu allir að búast við því, að þetta yrði gert.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að það sé alveg óþarfi fyrir hv. 1. þm. Austf. að vera að færa yfirlýsingar og orð hv. þm. úr lagi. Þegar ég hef heyrt hv. þm. tala um vegalögin, þá hafa þeir sagt: Það má búast við því, að frv. verði jafnvel flutt á þessu þingi. — Og a. m. k. einu máli, sem hv. þm. vitnaði í hér áðan, var vísað frá á þeim forsendum, að vegalögin væru í endurskoðun. En allt þangað til í vetur gat enginn fullyrt um það, hvenær þessari endurskoðun yrði lokið af hendi n., og fyrr en ríkisstj. væri búin að fjalla um málið, var ekki að vita, hvort þetta frv. n. yrði tekið gilt eins og það var, enda hefur sá háttur á orðið, að það þótti eðlilegt og nauðsynlegt að endurskoða og betrumbæta það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í sambandi við þessar umr. Mér sýnist alveg ljóst, að aðalatriði þessa máls, sem hér hefur verið rætt, sé, að það liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur skipað sérstaka mþn. til þess að vinna að undirbúningi að nýjum vegalögum. Þessi mþn. hefur starfað, hún hefur skilað áliti, og þeir menn, sem að henni stóðu, töldu sig hafa lokið sínu verki. Enn

fremur liggur það fyrir, að einstakir nefndarmenn eru farnir að gefa veigamiklar upplýsingar um, hvað hafi verið unnið í n. Þegar svona er komið, eiga alþm. skýlausan rétt á því að fá það nál., sem skilað hefur verið til ríkisstj. af mþn. Það er ekki hægt að leggjast á slíkt gagn sem þetta og ætla að fela það fyrir alþm. Ég tek undir þá kröfu, að ríkisstj. birti þessar till., sem fram hafa komið, a. m. k. þannig, að allir alþm. hafi þar aðgang að. Ríkisstj. verður auðvitað ekki ásökuð fyrir að vilja ekki flytja frv. um málið. Það er allt annað mál. Það tekur hún ákvörðun um sjálf. Auk þessa liggur svo það fyrir, að í mörgum málum hér á Alþingi fæst ekki fram eðlileg afgreiðsla, vegna þess að það er vitnað til þeirra gagna, sem þarna liggja. Einni n., sem ég er í hér í hv. d., fjhn., hefur borizt bréf frá vegamálastjóra um frv. til l., sem við Alþb.-menn höfum flutt varðandi vegamál, og þar segir vegamálastjóri:

„Mér var sent þetta frv. til umsagnar á síðasta þingi, og þá var til þess vitnað, að það væri verið að endurskoða vegalögin. Nú er þessari endurskoðun lokið," segir vegamálastjóri, „till. hafa verið sendar ríkisstj., og þar sem þær till. fjalla að verulegu leyti um efni þess máls, sem ég er nú spurður um álit á, þá treysti ég mér ekki til þess að svara nefndinni, nema þá með því, að það komi fram, sem í till. mþn. er."

Þannig er nefndum Alþingis haldið í skáp, og þær geta ekki unnið sín verk, vegna þess að það er legið á þeim till., sem búið er að skila til ríkisstj. Ég geri því alveg hiklaust þá kröfu til ríkisstj., að því verki, sem liggur í hennar höndum frá mþn., verði skilað. Störf mþn. eru þess eðlis, að það verk á að birtast Alþingi, hvort sem um þau er flutt frv. eða ekki, það skiptir engu máli. Auk þess veit ég, að hæstv. samgmrh. sér, að þetta mál er þess eðlis, ekki sízt eftir það, sem gerzt hefur frá hálfu eins nefndarmanna, þar sem hann er farinn að leggja þetta inn í kosningabaráttuna og gefa upplýsingar um málið, að auðvitað verður þetta mál meira eða minna rætt í kosningunum. Og á það svo að vera, að þá séu það eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna, sem séu einir til frásagnar um það, hvað í þessu plaggi stendur, sem þó er opinbert verk? Störf mþn. tilheyra Alþingi, en ekki einstökum flokkum.

Ég vil því undirstrika þá kröfu, að ríkisstj. sjái sér það fært að leggja nú fyrir alþm. þetta nál., sem ríkistj. hefur borizt, en ég geri engar kröfur um, að ríkisstj. leggi fram frv. um málið. Það er allt annað atriði.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, utan dagskrár, mælti

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Í dag birtir dagblaðið Þjóðviljinn svo hljóðandi frétt frá Siglufirði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur vakið mikla gremju meðal verkalýðsfélaganna í bænum, að niðurlagningarverksmiðja SR er nú hætt störfum. Hluti hráefnisins, sem verksmiðjan keypti s. l. sumar, hefur nú verið seldur úr landi, og eru allar líkur á, að engin vinnsla verði hjá verksmiðjunni í náinni framtíð. Í gærkvöld var haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum og trúnaðarmannaráðum verkalýðsfélaganna á Siglufirði, þar sem mál þetta var til umr., og þar var gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Fundur í stjórnum og trúnaðarmannaráðum verkalýðsfélaganna á Siglufirði, haldinn 4. apríl 1963, lýsir yfir megnri óánægju vegna framleiðslustöðvunar niðurlagningarverksmiðju SR. Fundurinn fordæmir aðgerðarleysi í öflun markaða fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar. Rekstrarfjárskortur og ónægur markaður er talinn ástæðan fyrir stöðvuninni og orsök þess, að hráefni verksmiðjunnar er selt. Fundurinn mótmælir slíkum vinnubrögðum sem þessum og skorar á Alþingi og ríkisstj. að setja nú þegar starfhæfa stjórn fyrir verksmiðjuna, fullgera bygginguna og gera henni fjárhagslega kleift að leita markaða og tryggja rekstur hennar í framtíðinni."

Í sambandi við þessi alvarlegu tíðindi hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. sjútvmrh., hvað hann eða hæstv. ríkisstj. í heild hyggst gera í þessu máli. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Nýtt ríkisfyrirtæki er reist norður á Siglufirði. Hið nýja fyrirtæki, sem er niðurlagningarverksmiðjan, hóf störf sín fyrir rúmu ári. Vörur frá verksmiðjunni voru mjög eftirsóttar hér innanlands og líkuðu mjög vel. Einn stór galli var hér á. Verksmiðjan hafði ekkert rekstrarfé fengið og gat því ekki hafið söluherferð á framleiðsluvörum verksmiðjunnar erlendis. Eftir því sem framkvæmdastjórinn hefur sagt í blaðaviðtali, hafa sýnishorn af framleiðsluvörum verið send til Ameríku og til Austur- og Vestur-Evrópu, en án nokkurs árangurs. Við höfum ekki efni á því, segir framkvæmdastjórinn, Ólafur Jónsson, að selja síldina undir heimsmarkaðsverði, og við höfum ekki heldur efni á því að hefja auglýsingaherferð. Þess vegna er allri framleiðslunni hætt í bili. Framkvæmdastjórinn telur framleiðsluvörur verksmiðjunnar vera betri en síldarvörur Norðmanna og Svía og jafnframt betri en aðrar þjóðir geta boðið upp á.

Ég tel margt benda til þess, að möguleikar séu fyrir hendi að selja íslenzka gaffalbita og aðrar framleiðsluvörur verksmiðjunnar til þeirra þjóða, sem vanar eru að neyta slíkrar vöru. En til þess þarf vitanlega verksmiðjan að fá nægilegt fé til að kynna þessa ágætu vöru meðal erlendra neytenda. Slíkt fé telur verksmiðjustjórnin og framkvæmdastjórinn sig ekki hafa. Að stöðva verksmiðjuna nú tel ég fráleitt og það á þeim forsendum einum, að ekki hafi tekizt að selja framleiðsluna á erlendum mörkuðum, þegar fyrir liggja upplýsingar um, að lítið sem ekkert hefur verið reynt að kynna vöruna erlendis. Það getur tæplega verið meiningin að leggja árar í bát og hafast ekkert að til úrbóta.

Þegar ráðizt var í að koma upp verksmiðju til niðurlagningar á kryddsíld á Siglufirði, var þess vænzt, að þetta nýja ríkisfyrirtæki væri stofnað í þeim tilgangi að kanna nýjar brautir í okkar síldariðnaði og allt væri gert, sem hægt væri, til þess að selja framleiðsluvöruna á erlendum markaði. Vitað er, að innlendur markaður er mjög takmarkaður og mundi á engan hátt vera fær eða nægilega stór til þess að geta keypt framleiðsluna upp, enda er vitað, að Íslendingar eru ekki neitt sérstaklega miklir neytendur síldar. Hitt verður að teljast stórfurðulegt, að þessu nýja ríkisfyrirtæki skuli ekki hafa verið séð fyrir nægu rekstrarfé til þess að geta leitað markaða fyrir vöru sína erlendis.

Við fyrirtæki þetta voru miklar vonir bundnar um aukna atvinnu hjá fjölda fólks, sem í mörgum tilfellum hafði litla sem enga atvinnu yfir vetrarmánuðina, auk þess sem hin nýja verksmiðja átti að geta orðið öðrum bæjum og þorpum á Norður- og Austurlandi hvatning til þess að koma upp hjá sér slíkri framleiðslu, ef vel hefði til tekizt með rekstur verksmiðjunnar og sölu á framleiðslunni.

Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. láti þetta mál til sín taka og allt verði gert, sem hægt er, til að leysa yfirstandandi örðugleika, m. a. með því að útvega viðunandi rekstrarfé handa verksmiðjunni, svo að hægt verði að hefjast handa sem allra fyrst um markaðsleit erlendis fyrir framleiðsluna og bjarga þar með þessu fyrirtæki frá algerri stöðvun um ófyrirsjáanlegan tíma.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir leitt að verða að skýra hv. 11. landsk. þm. frá því, að ég get því miður ekki gefið neinar verulegar upplýsingar í þessu máli. Það hefur ekki verið undir mig borið, og ég veit þess vegna of lítið til þess að svara, hvaða ástæður liggja til þess, að þessi framleiðsla hefur verið stöðvuð. Hins vegar virðist mér eins og komið hafi fram hjá framkvæmdastjóranum í þessu blaðaviðtali, að sölutregða valdi. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að sá niðursuðuiðnaður, sem til hefur verið stofnað á Íslandi, hefur því miður allt of oft steytt á því skeri, að það hefur reynzt mjög erfitt að selja framleiðsluna. Hvort það stafar af því, að ekki hafi verið nægilega leitað eftir sölu erlendis, eða af öðrum ástæðum, það skal ég ekkert fullyrða um, því að málið hefur ekki neitt til minna kasta komið og ég hef ekki af hálfu verksmiðjustjórnarinnar verið kvaddur til að hafa nein áhrif á þetta mál. Hins vegar get ég lofað hv. þm. því, að ég skal kynna mér það og sjá, hvað valdið hefur. Það væri náttúrlega sönnu næst, að verksmiðjustjórnin, sem tekið hefur þessa ákvörðun, gæfi skýrslu um málið og skýrði frá því, hvað þarna liggur til grundvallar. Kannske þeir hv. alþm., sem eiga sæti í verksmiðjustjórn, gætu gefið einhverjar upplýsingar í þessu efni.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þó að hann, eins og hann tók fram í sinni ræðu, hafi ekki getað gefið neinar endanlegar upplýsingar um málið. Þess er þó að vænta, að hæstv. ráðh. rannsaki eða láti rannsaka orsakir fyrir því, að svo er komið fyrir því fyrirtæki, sem alþjóð veit, og það þarf sjálfsagt ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að hér er mjög mikið hagsmunamál fyrir íbúa Siglufjarðar og þeir mundu ekki líta það sérstaklega hýru auga, ef þetta fyrirtæki, sem miklar vonir voru bundnar við, verður lagt niður, auk þess sem ríkissjóður hefur þegar lagt allmikið fé í uppbyggingu verksmiðjunnar.

Ég verð að segja það, að mér kemur það ákaflega einkennilega fyrir sjónir, að ríkið skuli ráðast í byggingu á stóru fyrirtæki án þess að tryggja því viðunandi rekstrargrundvöll, m. a. með því að tryggja því nægilegt rekstrarfé. Þetta virðist ekki hafa verið gert, og því er nú komið sem komið er. Hinu vil ég halda fram eftir þeim upplýsingum, sem ég hef beztar getað fengið, að ef vel væri unnið að því að útvega markaði fyrir framleiðslu verksmiðjunnar, þá mundi vera hægt að selja slíka framleiðslu bæði í Evrópu og jafnvel Bandaríkjunum. Í þessu sambandi má benda á það, að Sviar t. d. framleiða mikið af gaffalbitum úr Íslandssíld, og þeir láta sig hafa það að auglýsa þessa gaffalbita sem unna úr íslenzkri síld. Því ættum við þá ekki að gera það, sem höfum þetta ágæta hráefni svo að segja alveg við bæjardyrnar, sem vitanlega er betra en þegar búið er að flytja það út og flækja því þar hafna á milli? Okkar hráefni, kryddsíldin, hlýtur því að vera mun betra en það hráefni, sem Sviarnir leggja niður og selja út um allan heim með góðum árangri, þó að hvort tveggja sé Íslandssíld.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan: Ég vonast til, að hæstv. sjútvmrh. kynni sér þetta mál og gefi hv. Alþ. þær upplýsingar, sem fyrir kynnu að liggja.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 11. landsk. er ekki eini þm., sem las þær fregnir með nokkrum ugg í blöðum í morgun, að þessi verksmiðja hafi stöðvað starfsemi sína. Það hefur oft verið rætt um niðursuðu hér á þingi í vetur, og virðist augljóst, að almennur áhugi sé fyrir því að reyna að efla íslenzka niðursuðu á því ágæta hráefni, sem fiskur okkar er. Virðist vera skoðun manna, að það hljóti að skorta eitthvað í viðleitni okkar, úr því að við getum ekki notað þetta góða hráefni, sett niður í dósir og selt, eins og aðrar þjóðir gera.

Hv. 11. landsk. hefur í tveim ræðum talað um, að það skorti nægilegt rekstrarfé. Hæstv. sjútvmrh. hefur skýrt frá því, að ekki hafi verið til hans leitað í sambandi við þá ákvörðun, sem nú hefur verið tekin um að stöðva starfsemi verksmiðjunnar á Siglufirði, og hlýtur því að vera við stjórn síldarverksmiðja ríkisins að sakast í þeim efnum. Mér þykir það einkenni-

legt, að rekstrarfé skorti fyrir þessa nýju niðursuðuverksmiðju á sama tíma sem síldarverksmiðjurnar græddu yfir 31 millj. samkvæmt reikningum þeirra á árinu 1961.

Ég vorkenni stjórn síldarverksmiðja ríkisins ekkert að gera þessa verksmiðju úr garði eins og til þarf. En spurningin er: Hefur þessi verksmiðja verið undir það búin að selja sínar afurðir eins og þarf? Höfum við ekki ráðizt í enn eitt milljónafyrirtæki án þess að gera okkur nokkra grein grein fyrir því, að við vanmetum stjórn og sölumennsku fyrirtækja? Við höldum, að ef við hróflum upp húsi og látum gera eitthvað við fisk í því húsi, þá hljóti það að verða veraldarinnar bezta fyrirtæki og sé öllum öðrum að kenna nema okkur sjálfum, ef framleiðslan er ekki tekin úr höndum okkar og borgað fyrir hæsta verð. Er ekki rassvasabókhaldið búið að leiða okkur í nógu miklar ógöngur, svo að við förum að skilja, að það er ekki nóg að hugsa um framleiðsluna eina? Það verður að hugsa líka um stjórn fyrirtækjanna, um sölu á afurðum þeirra. Við verðum að gera okkur ljóst, að það eru sterkar niðursuðuverksmiðjur í öllum nágrannalöndum, t. d. í Noregi og öðrum löndum umhverfis Atlantshaf, svo að ekki sé víðar leitað, og er ekki nóg að byggja hús og leggja niður síld til að vinna markaðinn frá þessum verksmiðjum, frá þessum hringum. Spurningin er: Hefur stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem reisti þessa verksmiðju á Siglufirði, verksmiðju, sem hefur þegar sent frá sér framleiðslu, sem ég geri ráð fyrir að flestir viðstaddir hafi sjálfir borðað og gengið úr skugga um að er mjög góð, gert sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að hrófla upp svona fyrirtæki og halda, að það geti orðið aukageta hjá starfsmönnum á skrifstofunum á Siglufirði að stjórna fyrirtækinu? Hefur hún gert sér grein fyrir, að fyrirtæki eins og niðursuðuverksmiðja þarf að hafa sína eigin stjórn, menn, sem hugsa ekki um neitt annað? Hefur hún gert sér grein fyrir, að niðursuðuverksmiðja verður að finna markað fyrir vörur sínar, og að finna markaðinn er ef til vill ekki minna verkefni en að koma síldinni í dósirnar á réttan hátt?

Ég vil því benda á, að böndin berast að stjórnendum þessa fyrirtækis. Hvernig er til þess stofnað? Hefur það verið gert á réttan hátt? Hefur stjórn síldarverksmiðja ríkisins vanmetið þann þátt í niðursuðuiðnaði, sem lýtur að stjórn fyrirtækisins og sölu á afurðunum? Hvað hefur raunverulega verið gert til að selja þessa síld? Er hægt að telja nokkrum manni trú um það, sem hefur borðað Sigló-síld sjálfur, að þetta sé óseljanleg vara á erlendum markaði? Eru ekki hér inni í dag menn, sem hafa borðað niðursoðna síld eða niðurlagða síld í öðrum löndum og séð norsku, þýzku, skozku, frönsku, spænsku vörumerkin? Höfum við ekki allir sannfærzt um, að varan er engu betri en sú íslenzka? Hvað er það, sem skortir? Er ekki um að ræða skort á þeim skilningi, að íslenzkt ríkisfyrirtæki, sem hefur næg fjárráð, hefur stofnað til nýrrar framleiðslu án þess að sjá fyrir því, sem verður að fylgja, sérstakri og sterkri stjórn og sérstökum ráðstöfunum til að koma vörunni til neytenda?

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af þeirri fyrirspurn, sem hv. 11. landsk. þm. kom með, og þeim orðum, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði.

Ég held, að við getum allir verið sammála um, að það hefur tekizt af hálfu verksmiðjunnar á Siglufirði að framleiða síld, sem að gæðum til er eins og bezta síld, sem Svíarnir hafa annars búið til úr okkar hráefni, og ég get fallizt á það með hv. 5. þm. Vesturl., að það sé ekki heldur örðugleikinn á rekstrarfé, sem veldur hjá stjórnendum þessarar niðurlagningarverksmiðju. Ég er honum ekki að fullu leyti sammála um, að það sé spurningin um sölumennsku, sem þarna er erfiðleikinn. Að vísu býst ég við, að það sé rétt hjá honum, að það sé til, en það reynir ekki mjög mikið á sölumennsku, á meðan verið er að framleiða í einni einustu lítilli verksmiðju, sem kostar kannske 3 millj. kr., sem leggur kannske niður 5 eða 10 þús. tunnur. Það reynir ekki mikið á sölumennsku, vegna þess að um leið og ætti að fara að leggja í að útbreiða svona vöru, t. d. í Bandaríkjunum, þá þarf að leggja tugi þúsunda og milljónir í auglýsingar, og þá er framleiðslan allt of lítil til að standa undir því, þannig að það reynir ekki á sölumennsku af alvöru, fyrr en við komum þarna fram eins og aðili, sem á margar verksmiðjur, einar 10, 20, 30 verksmiðjur, og flytur út í stórum stíl og hagar sér eins og duglegur hringur mundi gera á þessum kapítalísku mörkuðum.

Meðan við erum að byrja með eina verksmiðju eða svo, þá er sú eina skynsamlega pólitík, sem við gerum, að reyna að selja alla framleiðslu til einhvers lands í heild, þannig að við þurfum ekki að hafa fyrir því að standa í auglýsingakostnaði út af svona lítilli framleiðslu. Og þetta hefur verið mögulegt. Það, sem stendur þarna í veginum fyrir, er sjálf utanríkisverzlunarpólitík hæstv. ríkisstj. Það er auðvelt að selja svona síld t. d. til sósíalísku landanna í Evrópu, sérstaklega þó A.-Þýzkalands, og það mundi vera hægt af hálfu aðila, sem um leið fá að kaupa þar vörur í staðinn og flytja hér inn, eins og tíðkaðist hjá okkur áður fyrr. Þá er hægt að ryðja brautina fyrir markaði fyrir svona vöru. Þá er hægt að ryðja inn á markaði svona vöru í stórum stíl. Og þetta er sú aðferð, sem við höfum haft til þess að byggja upp okkar útflutningsiðnað, og við hefðum ekki getað byggt hann upp með því móti, sem við höfum gert, ef við hefðum ekki haft þessa aðferð.

Hvernig höfum við farið að viðvíkjandi freðfiskinum? Við höfum farið þannig að, að þegar við förum t. d. upp í 75 þús. smálesta útflutning, þá seljum við 50 þús. smálestir af þessu til sósíalísku landanna, svo að segja að kostnaðarlausu. Við tökum engan annan kostnað en að ríkisstjórnin geri samning við ríkisstjórnir

þessara landa, og 50 þús. smálestir af freðfiski eru þannig seldar. Síðan notum við peningana, sem við fáum fyrir staðgreiðslu á þessum afurðum, og höfum notað þá undanfarinn áratug til að festa þá í Bandaríkjunum og berjast á þeim kapítalísku mörkuðum og verja milljónum króna og jafnvel milljónum dollara í auglýsingastarfsemi þar, til að vinna upp markaði þar. Við reyndum þetta líka í Bretlandi, fórum á rassinn með það þar, af því að hringurinn drap okkur þar niður. En með þessu móti, með því að hafa sósíalísku löndin að bakhjarli, getum við barizt í kapítalísku löndunum. Þetta er sú eina skynsamlega aðferð fyrir okkur Íslendinga til að geta háð okkar nauðsynlegu baráttu í frumskógi kapítalismans, þar sem reynir á sölumennskuna: að tryggja okkur svo að segja í krafti áætlunarbúskaparins í þessum sósíalísku löndum. Og ef við ætlum að reisa hér, sem við þurfum að gera, tugi niðurlagningarverksmiðja, vinna úr við skulum segja 100 þús. tunnum af síld, og það er ekki mjög mikill hluti af okkar framleiðslu, þá verðum við að reyna að selja — við skulum segja helminginn af þessu til sósíalísku landanna, skapa okkur öruggan markað þar, án þess að þurfa að leggja í auglýsingakostnað og annað slíkt, til þess að geta barizt um að selja hitt til kapítalísku landanna.

Þetta er sú eina skynsamlega aðferð, sem lítil þjóð eins og við getur haft til að ryðja sinni iðnaðarvöru braut í þessum kapítalíska heimi, þar sem við stöndum alltaf erfiðlega að vígi, svona smáir. Ég veit, að við getum að vísu farið aðrar leiðir, og kannske verður farið að fara þær, ef við getum gert samkomulag við norska eða sænska hringa eða aðra slíka og framleiðum vöruna hér heima undir þeirra merkjum og látum þá selja út um heim. Þá eru það þeir, sem hafa þá markaði, en ekki við. Ég veit, að þetta er hægt, og þetta eru kannske sumir að hugsa hér um. En ef við ætlum að vinna þetta sem okkar eigin vöru, sem við ráðum sjálfir yfir, þá held ég, að við verðum að hafa þennan hátt á.

Ég held, að það sé síður en svo rétt að telja það eftir, heldur gerði Alþ. mjög rétt, þegar það lagði í síldarniðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði. Þetta er ekki stórt fyrirtæki. Ég efast um, að það kosti meira en 3 millj., eins og partur úr mótorbát. En það gerir þá vöru, sem við framleiðum, margfalt dýrmætari en hún er fyrir, og raunar ættum við að flytja þannig út megnið af okkar síld. Það, sem hefur gerzt hingað til, er, að mörkuðum hefur verið lokað fyrir okkur, sem voru meira eða minna opnir. Það var hægt t. d. viðvíkjandi A.-Þýzkalandi að koma svona vöru þar inn, ef það hefði ekki verið farið út í þá vitlausu pólitík, þá svokölluðu frjálsu verzlun, í okkar utanríkispólitík, sem gert hefur verið. Og afleiðingarnar af því eru síðan, að við byrjum að loka fyrirtækjunum hér heima. Ég held þess vegna, að böndin berist í þessum efnum að utanríkisverzlun hæstv. ríkisstj. og það skorti á, að hennar eigin fylgjendur segi henni til syndanna, að svona pólitík getur ekki gengið.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Sem stjórnarmeðlimur síldarverksmiðja ríkisins vil ég leyfa mér að gefa hér nokkrar upplýsingar varðandi það fyrirtæki, sem hér hefur verið rætt um utan dagskrár og nefnt er almennt af þeim þingmönnum, sem hér hafa tekið til máls, niðursuðuverksmiðja. Það er hreinn misskilningur, hér er um að ræða niðurlagningarverksmiðju, og þá er rétt að hafa í huga, að það er mjög miklum erfiðleikum háð að framleiða mikið af niðurlagðri síld án þess að hafa tryggan markað fyrir sölu hennar áður.

Ástæðan fyrir því, geri ég ráð fyrir, að nú hefur um stund stöðvazt vinna við verksmiðjuna, er sú, að framkvæmdastjórnin nyrðra hafði ekki talið sér fært að halda þessari niðurlagningu áfram, án þess að sala væri fyrir hendi. Framkvæmdastjóri síldarverksmiðja ríkisins hafði ráðið þrjú fyrirtæki hér í Reykjavík til að annast sölu á síld, bæði hérlendis og á erlendum markaði, og það eru O. Johnson & Kaaber, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Það sýndi sig, þegar leið á s. l. ár, að þessir aðilar gátu ekki selt þá síld, sem nauðsynlegt var að selja á erlendum markaði, og þá tók stjórn síldarverksmiðja ríkisins þá ákvörðun, að ráða mann til að fara í söluferð til Bandaríkjanna og um Evrópu til þess að reyna að finna markað fyrir þá ágætu vöru, sem þessi síld vissulega er. Stjórn síldarverksmiðjanna hafði ákveðinn mann í huga til þessa starfa, en því miður vildi þannig til, að hann hefði ekki tækifæri til að hefja þetta starf sitt fyrr en nú í apríl. Þessi maður er nú á leiðinni til Bandaríkjanna. Þar ætlar hann að byrja sína söluferð. En rétt er að hafa það í huga, að þó að menn tali mikið um ágæti okkar íslenzku síldar, þá er mjög þröngt á markaðinum með sölu á niðurlagðri síld, og sérstaklega er rétt að hafa það í huga, að hún er mjög vandmeðfarin og þolir mjög illa geymslu.

Ég vil því ekki ásaka þá menn nyrðra, sem hafa tekið þá ákvörðun nú í bili að hætta niðurlagningu, meðan ekki er meiri trygging fyrir sölu á þeirra framleiðslu en nú er vitað um.

Sala hér á heimamarkaðinum hefur gengið mjög vel. Síldin hefur líkað ágætlega. En það er, eins og alþjóð veit, mjög takmarkaður markaður hér heima vegna fólksfæðar.

Ég held, að það sé ekki ástæða til fyrir hv. þm. að beina orðum sínum að stjórn síldarverksmiðjanna fyrir slælega frammistöðu í þessum efnum. Það hefur verið gert, sem stjórnin álítur rétt, og hún hefur venjulega farið eftir ábendingum sinna framkvæmdastjóra, sem eiga að vera þessum málum kunnugastir. Við gerum okkur miklar vonir um, að sú söluferð, sem sölumaður síldarverksmiðja

ríkisins er að fara í nú, muni bera einhvern árangur, og ég efast ekki um, að það góða fólk, sem byggir Siglufjörð, skilji, að það er erfitt að leggja niður mjög mikið af síld og vita ekki um horfur á sölu á henni.

Það er vissulega ósk mín og von okkar, sem erum í stjórn síldarverksmiðjanna, að fljótlega lagist þannig með sölu á þessari vöru, að sú síld, sem er í þeim saltsíldartunnum, sem liggja á Siglufirði, verði lögð niður til sölu, bæði hér á innlendum og erlendum markaði.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, utan dagskrár, mælti

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég leyfi mér að bera hér utan dagskrár fsp. til hæstv. menntmrh. Fsp. er varðandi úthlutun á því fé, sem veitt er á fjárl. til listsýningar erlendis. Ég tel, að fsp. sé þess eðlis, að hæstv. ráðh. hafi aðstöðu til þess að svara henni hér, þó að hún hafi ekki verið skriflega fram borin.

Í blaðinu Vísi hinn 19. f. m. er birt viðtal við Finn Jónsson listmálara varðandi þetta mál. Er því þar haldið fram í viðtalinu, að hópur íslenzkra listmálara hafi um árabil verið útilokaður frá að koma verkum sínum á framfæri á sýningum erlendis og þar með einnig útilokaður frá að njóta þess fjárstuðnings, sem íslenzka ríkið veitir á fjárlögum í þessu skyni. Telur Finnur Jónsson, að hér ráði ofríki stjórnar Félags ísl. myndlistarmanna, og lætur hann í ljós ótta um, að einnig muni svo fara um þátttöku í væntanlegri sýningu á Norðurlandalist, sem fyrirhuguð sé í París nú á þessu ári og undirbúningur mun vera hafinn að. Leyfi ég mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort hann eða ráðunautar hans hafi, eftir að umrætt viðtal birtist í blaðinu Vísi hinn 19. f. m., látið nokkra athugun fram fara á því, hvort þessum málum muni þannig háttað, sem þar er tilgreint, og ef svo er, sem þar kemur fram í viðtalinu, hvort hæstv. ráðh. eða ráðunautar hans muni ekki gera ráðstafanir til, að úr þessu verði bætt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um, að þessi fsp. mundi verða borin fram nú á þessum fundi, en skal engu að síður reyna að svara efni hennar með örfáum orðum.

Ég las að sjálfsögðu, eins og fleiri, það viðtal í dagblaði í bænum, sem hv. þm. vitnaði til, og auk þess áttu skömmu síðar viðtal við mig Finnur Jónsson listmálari og Guðmundur Einarsson frá Miðdal, myndhöggvari, um hið sama efni og rætt var um í viðtalinu.

Alþingi veitti á fjárl. fyrir yfirstandandi ár nokkurn fjárstyrk til Félags ísl. myndlistarmanna til þess að standast kostnað við þátttöku þess félags í norrænni sýningu í Helsingfors, sem nýlega var haldin. Alþingi veitti þennan fjárstyrk til Félags ísl. myndlistarmanna, og það var að sjálfsögðu ekki á valdi menntmrn. að breyta þar nokkuð um, að greiða þann styrk nokkrum öðrum en þeim aðila, sem Alþingi hafði veitt styrkinn. Hins vegar var það misskilningur, sem kom fram í viðtalinu og ég að sjálfsögðu leiðrétti í viðtali við þá tvo menn, sem ég nefndi áðan, að Alþingi hefði veitt nokkurn styrk til fyrirhugaðrar listsýningar í París. Talan, sem nefnd var í því sambandi, 800 þús. kr., var auk þess á algerum misskilningi byggð. Alþingi veitti smávægilegan styrk til listiðnaðarsýningar, sem halda á í París, mjög smávægilegan styrk, en þar er ekki um málverkasýningu að ræða og ekki einu sinni um almenna listsýningu, heldur sýningu á listiðnaði.

Þeir tveir listamenn, sem hv. þm. vitnaði til og ræddu síðan við mig, óskuðu mjög eftir því, að settar yrðu reglur um þátttöku af hálfu Íslands í listsýningum erlendis, ef um opinberan stuðning við slíkar listsýningar væri að ræða. Menntmrn. sneri sér þegar til utanrrn. með beiðni um að fá um hendur þess upplýsingar frá hinum Norðurlöndunum um, hvers eðlis norræna listbandalagið væri, hvaða aðilar í hverju landi væru þátttakendur í því og hvaða reglur giltu á hinum Norðurlöndunum um þátttöku þeirra í samnorrænum sýningum eða listsýningum utan Norðurlanda. Þessar upplýsingar frá hinum Norðurlöndunum eru því miður ekki komnar enn, en menntmrn. hefur gert þessum tveim mönnum og því félagi, sem þeir eru í forustu fyrir, grein fyrir afskiptum menntmrn. af norræna listbandalaginu frá upphafi, frá því að Íslendingar gerðust aðilar að því, og mun að sjálfsögðu gera þessum mönnum og þeirra félagi grein fyrir þeim upplýsingum, sem væntanlega fást innan tíðar frá Norðurlöndum um það, hvernig þessum málum er háttað þar. Sömuleiðis mun rn. gera Félagi ísl. myndlistarmanna grein fyrir þessu sama atriði, þegar upplýsingar berast.

Um efni málsins vil ég að síðustu aðeins segja þetta: Ég fyrir mitt leyti tel það vera eðlilegt, að settar verði fastari reglur en gilt hafa undanfarið um þátttöku íslenzkra listamanna í þeim listsýningum erlendis, sem hið opinbera styrkir. Hins vegar er mikill vandi á höndum varðandi það, hvernig slíkar reglur ættu að vera. Það, sem helzt virðist geta komið til greina í þeim efnum, er, að komið yrði á fót nefnd hér, sem fjallaði um þátttöku af hálfu íslenzkra listamanna í sýningum erlendis, sem hið opinbera styrkir, og væri þá eðlilegt, að listamennirnir sjálfir ættu fulltrúa í þeirri nefnd, og þá hlyti að teljast eðlilegast, að þeir fulltrúar væru kjörnir af íslenzkum listamönnum. En í því sambandi vaknar spurningin um það, hverjir eigi að hafa kosningarrétt til þess að velja fulltrúa íslenzkra listamanna í slíka nefnd. Þetta er raunar sami vandinn og á höndum er í sambandi við skipun safnráðs Listasafns ríkisins. Það er, sem kunnugt er, skipað fimm mönnum, forstjóra listasafnsins, sem er formaður í safnráðinu, einum manni skipuðum af menntmrh. og þrem mönnum kosnum af íslenzkum listamönnum samkv.

ákveðnum reglum, sem um það eru í lögum um Listasafn Íslands. Samkv. þeim lögum var á sínum tíma gerð kjörskrá um þá íslenzka listamenn. sem kosningarrétt eiga að hafa við kjör hinna 3 fulltrúa íslenzkra listamanna í safnráðið. Um þessa kjörskrá urðu á sínum tíma nokkrar deilur, þó ekki mjög alvarlegar, en þó er komið í ljós, að ákvæði gildandi laga um Listasafn ríkisins eru þannig, að nauðsynlegt er að breyta þeim, áður en kosning getur farið fram öðru sinni, því að lögin segja, að þeir listamenn eigi að hafa kosningarrétt til safnráðsins, sem eru félagar í myndlistarfélagi, þegar kosning fer fram. En síðan kosning fór fram síðast, hafa orðið svo miklar breytingar á meðlimum félaganna, að ég hygg, að allir séu sammála um, að ekki er hægt að setja kjörskrá saman öðru sinni eins og gert var hið fyrsta sinn, svo að áður en kjörtímabil núv. safnráðs rennur út, mun verða nauðsynlegt fyrir Alþingi að endurskoða þetta ákvæði gildandi laga um Listasafn Íslands. Hér er um alveg sama vanda að ræða í sambandi við það, ef komið verður á fót sérstakri nefnd til að sjá um íslenzkar listsýningar erlendis, sem fá opinbera styrki. Ef fulltrúar listamanna, sem ég tel vera sjálfsagt, eiga að eiga sæti í slíkri nefnd, þarf að kjósa þá. En þá vaknar spurningin um það, eftir hvaða reglum eigi að kjósa, þ. e. hverjir eigi að hafa kosningarrétt í því sambandi. Hér er um mikinn vanda að ræða. Sá vandi er í athugun, og meðan ég hef með þessi mál að gera, mun ég hafa samráð um lausn vandans við þau myndlistarfélög, sem nú starfa hér, annars vegar Félag ísl. myndlistarmanna og hins vegar Félag óháðra myndlistarmanna. Sem sagt, menntmrn. er í sambandi við þá aðila, sem hv. þm. nefndi og lýst hafa opinberlega óánægju sinni yfir skipan þessara mála. Þau samráð munu halda áfram, og ég vona, að einhver lausn finnist á þessum vanda, sem íslenzkir listamenn yfirleitt geta unað við.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans upplýsingar og tel þær fullnægjandi við fsp. minni. Fsp. var fram borin vegna þess, að ég taldi eðlilegt, að þar sem komið hafði fram ákveðin gagnrýni og ábending um meðferð á fé, sem veitt var á fjárl. og Alþingi hefur ráðstafað og veitt í ákveðnu skyni, þá kæmu fram hér á Alþingi upplýsingar um það frá því rn., sem þetta mál heyrir undir, þannig að alþm. vissu það rétta og sanna í málinu.

V. Dagur Sameinuðu þjóðanna.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., mælti

forseti (FS): Í dag, hinn 24. okt., er dagur Sameinuðu þjóðanna. Hinn 24. okt. 1945 var sáttmáli þeirra staðfestur. Þessa atburðar er í dag minnzt um heim allan, í a. m. k. 109 ríkjum í öllum heimsálfum, en fjöldi aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna náði þeirri tölu nú fyrir skemmstu. Í inngangskafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða er greint frá megintilgangi þeirra og þeim markmiðum, sem þær hyggjast ná, en tilgangur þeirra og markmið eru: að bjarga komandi kynslóðum undan hörmungum styrjalda, — að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi og jafnrétti karla og kvenna og allra þjóða, hvort sem stórar eru eða smáar, — að skapa skilyrði fyrir því, að hægt sé að halda uppi réttlæti og virðingu fyrir skyldum þeim, er af samningum leiðir og öðrum heimildum þjóðarréttar, — að stuðla að félagslegum framförum og bættum lífskjörum án frelsisskerðingar, — að sýna umburðarlyndi og lifa saman í friði, eins og góðum nágrönnum sæmir, — að sameina mátt Sameinuðu þjóðanna til að varðveita heimsfrið og öryggi, — að tryggja það, að vopnavaldi verði eigi beitt nema í þágu sameiginlegra hagsmuna — og að staðfesta alþjóðaskipulag til eflingar fjárhagslegum og félagslegum framförum allra þjóða.

Að markmiðum þessum hafa Sameinuðu þjóðirnar leitazt við að vinna undanfarin 17 ár, oft með góðum árangri, þó að stundum hafi miður tekizt. Að þessum markmiðum munu þær halda áfram að vinna í þágu alls mannkyns. Það liggur í augum uppi, að allar þjóðir, ekki sízt smáþjóðir eins og Íslendinga, skiptir það meginmáli, að starfsemi Sameinuðu þjóðanna beri tilætlaðan árangur öldum og óbornum kynslóðum til heilla. Oft hefur syrt í álinn í alþjóðamálum undanfarin 17 ár, en sjaldan meir en nú. Allar þjóðir heims munu óska og vona, að Sameinuðu þjóðunum megi auðnast að leysa þau vandamál, sem nú steðja að. Undir þær óskir taka áreiðanlega allir Íslendingar, og undir því er komin velferð alls mannkyns.

VI. Minning látinna manna.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., mælti

forseti (FS): Sú fregn hefur borizt, að Björn Hallsson á Rangá, fyrrv. alþm., hafi andazt aðfaranótt s. l. sunnudags, 18. nóv., tæpra 87 ára að aldri.

Björn Hallsson fæddist 21. nóv. 1875 að Litla-Steinsvaði í Hróarstungu. Foreldrar hans voru Hallur bóndi þar og síðar á Rangá Einarsson bónda á Litla-Steinsvaði Sigurðssonar og kona hans, Gróa Björnsdóttir bónda í Brúnavík, síðar á Bóndastöðum, Björnssonar. Hann lauk prófi úr Möðruvallaskóla 1898 og gerðist sama ár bóndi að Rangá í Hróarstungu, rak þar bú fram á níræðisaldur og átti þar heimili til dánardags.

Mannkostir Björns Hallssonar og staðgóð menntun hans í Möðruvallaskóla gerðu hann

að sjálfkjörnum forustumanni á mörgum sviðum í sveit sinni og héraði. Hann var hreppstjóri Tungusveitar rúm 50 ár, sýslunefndarmaður á þriðja áratug, í stjórn Búnaðarsambands Austurlands um langan tíma, formaður þess 1940—1948, sat árum saman í stjórn Eiðaskóla, var einn af hvatamönnum að stofnun Kaupfélags Héraðsbúa og löngum í stjórn þess. Á búnaðarþingi átti hann sæti 1923—1929 og 1933—1945. Þingmaður Norðmýlinga var hann tvívegis, 1914—1915 og 1920—1923, sat á 6 þingum alls. Í póstmálanefnd var hann skipaður 1928.

Liðnir eru nær fjórir áratugir, frá því er Björn Hallsson sat á Alþingi, og nú eru allir þeir menn, sem áttu hér með honum sæti, horfnir frá þingstörfum. Ræður hans á þingi bera honum það vitni, að hann hafi verið hygginn maður, athugull og varkár. Störf hans á búi sínu og í héraði bera vitni atorkumanni, sem notið hefur mikils trausts þeirra, sem af honum höfðu mest kynni. Hann hefur getið sér það orð, að hann hafi verið góður búmaður og heimilisfaðir, höfðingi heim að sækja, afkastamaður við störf, drengskaparmaður í hvívetna, góðgjarn, hollráður og hjálpfús. Nú er hann látinn í hárri elli að loknu miklu ævistarfi.

Ég vil biðja hv. alþm. að rísa úr sætum og votta með því minningu hins látna bændahöfðingja virðingu sína. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 22. fundi í Sþ., 14. des., mælti

forseti (FS): Áður en þingstörf hefjast í dag, vil ég leyfa mér að minnast hér nokkrum orðum nýlátins fyrrv. alþm., Gunnars Sigurðssonar frá Selalæk, sem lézt í sjúkrahúsi hér í bæ í gær, fimmtudaginn 13. des., 74 ára að aldri.

Gunnar Sigurðsson var fæddur 14. júlí 1888 að Hellu í Ásahreppi. Foreldrar hans voru Sigurður bóndi þar og síðar á Selalæk Guðmundsson bónda á Keldum Brynjólfssonar og kona hans, Ingigerður Gunnarsdóttir bónda í Eystri-Kirkjubæ Einarssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík 1911, var við laganám í Kaupmannahafnarháskóla veturinn 1911—1912, en nam síðan lögfræði við Háskóla Íslands og lauk prófi vorið 1917. Hann var ritstjóri dagblaðsins Vísis 1914—1915. Að loknu lögfræðiprófi stundaði hann málflutning við landsyfirdóminn og síðar hæstarétt á árunum 1917—1922. Bóndi á Selalæk var hann 1924—1928. Fluttist hann síðan aftur til Reykjavíkur og átti hér heimili til æviloka. Vann hann á þeim árum ýmis lögfræðistörf og sinnti margvíslegum hugðarmálum sínum. Hann var þm. Rangæinga 1920—1923 og 1928—1931, sat á 8 þingum alls. Yfirskoðunarmaður landsreikninga var hann kjörinn á þingunum 1928 og 1929, og á árinu 1929 var hann skipaður formaður fasteignamatsnefndar Reykjavíkur og lóðamatsnefndar.

Gunnar Sigurðsson fékkst við margt um ævidagana og átti sér mörg áhugamál. Á háskólaárum sínum gerðist hann ritstjóri og var gunnreifur og harðskeyttur baráttumaður. Um hálffertugt hvarf hann frá lögfræðistörfum í Reykjavík að búskap austur í Rangárvallasýslu, og á hinum síðari Reykjavíkurárum sínum rak hann um skeið stórbú þar eystra. Hann kom víðar við í athöfnum sínum en hér verður talið. Þess skal getið, að um langt skeið stundaði hann fasteignasölu, hrossaverzlun og fékkst við síldarútgerð. Hann var og mikill áhugamaður um loðdýrarækt og einn af stofnendum Veiði- og loðdýraræktarfélags Íslands 1931 og formaður þess. Hann safnaði kímnisögum og lausavísum og gaf út mikið safn þess háttar gamanmála, eins og alkunnugt er. Í landsmálum fór hann eigin götur, var á yngri árum landvarnarmaður og sjálfstæðismaður, en eftir að Ísland hafði öðlazt fullveldi, var hann lítt bundinn stjórnmálaflokkum. Í þau tvö skipti, sem hann var kosinn til setu á Alþingi, var hann í framboði utanflokka.

Gunnar Sigurðsson var mikill vexti og karlmannlegur í fasi. Hann var einarður og hispurslaus og átti sér ríka kímnigáfu og var mikill gleðimaður Honum var gefin djörfung og áræði, framtakssemi og höfðingsskapur. Hann átti misjöfnu veraldargengi að fagna um ævina, en persónuleiki hans var jafnan samur við sig, sérstæður og stórbrotinn.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Gunnars Sigurðssonar frá Selalæk með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 23. fundi í Sþ., 19. des., mælti

forseti (FS): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég leyfa mér að minnast Sigurðar E. Hlíðar fyrrv. yfirdýralæknis og alþm., sem lézt í Landakotsspítala í gær, 18. des., 77 ára að aldri.

Sigurður E. Hlíðar var fæddur 4. apríl 1885 í Hafnarfirði. Foreldrar hans voru Einar organisti og trésmiður þar Einarssonar bónda í Laxárdal í Eystrahrepp Einarssonar og kona hans, Sigríður Jónsdóttir bónda í Hörgsholti í Ytrahrepp Jónssonar. Hann lauk fjórða bekkjar prófi í Lærða skólanum í Reykjavík 1904 og embættisprófi í dýralækningum við dýralækna- og landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn 1910. Síðar var hann á þriggja mánaða námskeiði við sama skóla, á árinu 1922, og veturinn 1929—30 stundaði hann nám í efnagreiningu mjólkur og kjarnfóðurs og jarðvegsrannsóknum við rannsóknarstofnun í Kiel. Árið 1910 var hann skipaður dýralæknir á Norður- og Austurlandi með búsetu á Akureyri. Gegndi hann því embætti fram til ársins 1943, er hann var skipaður dýralæknir í Reykjavík og yfirdýralæknir landsins. Af dýralæknisembætti í Reykjavík lét hann 1950, en yfirdýralæknisembætti gegndi hann til sjötugsaldurs.

Sigurður E. Hlíðar var valinn til ýmissa trúnaðarstarfa og vann að ýmsum félagsstörfum

jafnframt embætti sínu. Hann var stjórnarnefndarmaður Ræktunarfélags Norðurlands frá 1912—1943, og formaður þess 1921—1943. Í bæjarstjórn Akureyrar átti hann sæti 1917—1938 og var forseti hennar frá 1932. Heilbrigðisfulltrúi á Akureyri var hann 1918—1943. Hann átti sæti á búnaðarþingi 1921—31. Þm. Akureyringa var hann 1937—1949, sat á 17 þingum alls. Hann var kosinn í fulltrúaráð Rannsóknarstofnunar háskólans 1936 og formaður mþn. í mjólkurmálum 1943. Hann átti sæti í stjórn Stúdentafélagsins á Akureyri, Taflfélags Akureyrar og Leikfélags Akureyrar, var formaður Dýralæknafélags Íslands 1935—1943 og formaður Dýraverndunarfélags Íslands um langt skeið. Hann sinnti ýmsum ritstörfum, stofnaði blaðið Íslending á Akureyri 1915 og var ritstjóri þess til 1920, var ritstjóri Dagblaðsins á Akureyri 1914—1915 og Einars Þveræings 1926 og ritaði fjölda greina í erlend og innlend tímarit og blöð. Hann samdi og gaf út nokkur rit um búfjársjúkdóma. Hann var og kunnáttumaður og áhugamaður um mannfræði og ættfræði, og eftir að hann lét af embætti, gaf hann út mikið rit um Árnesingaættir.

Sigurður E. Hlíðar gegndi um langt skeið annasömu embætti af árvekni og áhuga, en sinnti jafnframt því fjöldamörgum störfum öðrum af alúð og ósérhlifni, eins og ráða má af því, sem hér hefur verið rakið af æviferli hans. Hann vann á löngum embættisferli giftudrjúg störf fyrir bændastétt landsins. Hann var ljúfmenni og gott til hans að leita með ýmis vandamál, afburða vinsæll og vel látinn af öllum, sem við hann þurftu að skipta, stefnufastur í skoðunum, en samvinnuþýður í félagsmálum.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Sigurðar E. Hlíðar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

VII. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., mælti

forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 15. okt. 1962.

Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Samkvæmt þessu tekur Davíð Ólafsson nú sæti á Alþingi. Um kjörbréf hans hefur áður verið fjallað og það samþykkt. Hann er mættur til þings, og býð ég hann velkominn.

Á 6. fundi í Nd., 22. okt., mælti

forseti (JóhH): Forseta hefur borizt eftirfarandi bréf frá Jóni Skaftasyni:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Valtýr Guðjónsson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Kjörbréf Valtýs Guðjónssonar hefur áður verið athugað, og býð ég hann hér með velkominn til þingsetu.

Á 11. fundi í Nd., 5. nóv., mælti

forseti (JóhH): Forseta hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Benedikt Gröndal,
5. þm. Vesturl.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Péturs Péturssonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., mælti

forseti (FS): Frá forseta neðri deildar hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. nóv. 1962.

Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v., hefur í gær ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Jón Pálmason bóndi á Akri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings."

Samkv. þessu tekur Jón Pálmason nú sæti á Alþingi í fjarveru Einars Ingimundarsonar. Hann er þegar mættur hér, og býð ég hann velkominn, enda hefur hans kjörbréf áður verið samþykkt.

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (SÁ): Lagt er fram á fundinum bréf frá hæstv. forseta Nd., dags. í gær, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 8. nóv. 1962.

Ingvar Gíslason, 4. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að varaþm. Framsfl. í Norðurl. e. taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings."

Þá eru tvö símskeyti, hið fyrra frá Akureyri til alþm. Ingvars Gíslasonar, Alþingi, Reykjavík:

„Sökum anna heima fyrir og annarra ástæðna hef ég ekki talið mér fært að taka sæti á Alþingi í fjarveru herra alþm. Ingvars Gíslasonar nú í þessum mánuði.

Akureyri, 7. nóv. 1962,
Jakob Frímannsson.

Og annað símskeyti frá Ólafsfirði, einnig til Ingvars Gíslasonar alþm., Alþingi, Reykjavík:

„Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að vegna anna get ég ekki tekið sæti á þingi næstu mánuði.

Björn Stefánsson."

Ég vil fela hv. kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf, sem hér liggur fyrir, og verður fundi frestað, á meðan sú rannsókn fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Valtý Kristjánsson bónda í Nesi, sem óskað er eftir að taki sæti á Alþingi í forföllum alþm. Ingvars Gíslasonar.

Valtýr Kristjánsson er 3. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Það liggja fyrir símskeyti frá 1. og 2. varaþm. flokksins í kjördæminu, þar sem þeir lýsa yfir, að þeir geti ekki sökum anna og annarra sérstakra ástæðna tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Kjörbréfanefnd hefur einróma samþykkt að mæla með því, að kosning Valtýs Kristjánssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Valtýr Kristjánsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., mælti

forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. nóv. 1962.

Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv., hefur 8. nóv. s. l. ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt,

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd.

Samkv. þessu bréfi tekur Davíð Ólafsson sæti á Alþingi í fjarveru Jóhanns Hafsteins, og er hann boðinn velkominn sem slíkur.

Á 18. fundi í Ed., 19. nóv., mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt bréf, sem er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 16. nóv. 1962.

Þar sem ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru sinni.

Ólafur Jóhannesson."

Kjörbréf Jóns Kjartanssonar hefur áður verið rannsakað og samþ. Hann hefur þegar tekið sæti hér í deildinni, og vil ég bjóða hann velkominn til starfa.

Á 27. fundi í Sþ., 30. jan., mælti

forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur svofellt bréf borizt:

„Reykjavík, 30. jan. 1963.

Mér hefur borizt svo hljóðandi símskeyti frá Jónasi Péturssyni, 3. þm. Austf.:

„Þar sem ég get ekki mætt á Alþingi næstu daga vegna annarra starfa, leyfi ég mér að óska þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Einar Sigurðsson, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Einars Sigurðssonar hefur áður verið rannsakað og samþykkt, og tekur hann því nú sæti Jónasar Péturssonar hér á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., mælti

forseti (FS): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá forseta Nd.:

„Reykjavík, 6. febr. 1963.

Mér hefur hinn 1. febr. s. l. borizt svo hljóðandi bréf frá Ágúst Þorvaldssyni, 2. þm. Sunnl.:

„Vegna anna heima fyrir mun ég ekki geta sinnt þingstörfum nú um skeið. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helgi Bergs verkfræðingur, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Samkv. þessu bréfi tekur Helgi Bergs varaþingmaður sæti Ágústs Þorvaldssonar. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og samþykkt, og ég býð hann hér með velkominn.

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., mælti

forseti (FS): Frá forseta Nd. hafa svo hljóðandi bréf borizt:

„Reykjavík, 13. febr. 1963.

Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

Vegna setu á þingi Norðurlandaráðs verð ég hindraður frá að sitja á Alþingi næstu tvær vikur. Er það ósk mín, herra forseti, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Sigurður Bjarnason ritstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd."

Skv. bréfi þessu tekur Sigurður Bjarnason sæti Gísla Jónssonar fyrst um sinn. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og samþ., og býð ég hann hér með velkominn.

Þá er hér annað sams konar bréf frá forseta Nd., dags. sama dag, á þessa leið.

„Sigurður Ingimundarson, 1. landsk., hefur ritað mér eftirfarandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja á þingi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd."

Kjörbréf Unnars Stefánssonar hefur áður verið rannsakað og samþ., og tekur hann samkv. þessu nú sæti Sigurðar Ingimundarsonar hér á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Þá er enn í þriðja og síðasta lagi bréf frá forseta Nd. á þessa leið, það er dags. 13. febr.:

„Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja á þingi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu 2 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Margrét Sigurðardóttir húsfrú, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd."

Kjörbréf Margrétar Sigurðardóttur hefur áður verið rannsakað og samþ. Hún tekur nú samkv. þessu sæti Einars Olgeirssonar hér á Alþingi, og býð ég hana einnig velkomna.

Á 30. fundi í Sþ., 14. febr., mælti

forseti (FS): Frá forseta Ed. hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. febr. 1963.

Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja á þingi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu 2 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Gísli Jónsson menntaskólakennari, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed."

Kjörbréf Gísla Jónssonar hefur áður verið rannsakað og samþ., og tekur hann nú um sinn sæti Magnúsar Jónssonar hér á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Þá hefur borizt annað bréf frá forseta Ed., á þessa leið, það er dags. 13. febr.:

„Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja á þingi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Jón Kjartansson forstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed."

Kjörbréf Jóns Kjartanssonar hefur einnig verið áður rannsakað og samþ., og tekur hann nú sæti Ólafs Jóhannessonar um sinn hér á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Á 42. fundi í Nd., 18. febr., mælti

forseti (JóhH): Forseta hafa borizt tvö eftirfarandi bréf:

„Vegna anna heima fyrir mun ég ekki geta sinnt þingstörfum nú um skeið og óska þess vegna, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jón Pálmason bóndi, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Gunnar Gíslason."

„Vegna utanfarar get ég ekki tekið þátt í störfum Alþingis næstu tvær vikur og óska þess vegna, að varamaður minn, Einar Ágústsson sparisjóðsstjóri, taki sæti mitt á meðan.

Reykjavík, 15. febr. 1963.

Þórarinn Þórarinsson."

Báðir þessir hv. þm., Jón Pálmason og Einar Ágústsson, hafa áður átt hér sæti, og ég býð þá velkomna til þingstarfa.

Á 34. fundi í Sþ., 28. febr., mælti

forseti (FS): Frá forseta efri deildar hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. febr. 1963.

Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér eftirfarandi:

„Þar sem ég undirritaður þarf að fara í sjúkrahús um stundarsakir og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um skeið, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 3. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Valtýr Kristjánsson bóndi í Nesi í Fnjóskadal, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgja símskeyti tvö, annað frá Akureyri:

„Vegna forfalla get ég ekki mætt á Alþingi í fjarveru þinni næstu daga.

Jakob Frímannsson."

Og undirskrift er staðfest af símstúlku. Og frá Ólafsfirði annað skeyti:

„Vegna anna get ég undirritaður ekki mætt á Alþingi í stað Karls Kristjánssonar alþm.

Björn Stefánsson skólastjóri."

Þessi undirskrift er staðfest. — Samkv. þessu tekur nú Valtýr Kristjánsson sæti Karls Kristjánssonar á Alþingi um sinn, og býð ég hann velkominn, en kjörbréf Valtýs hefur áður verið rannsakað og samþykkt.

Á 40. fundi í Sþ., 18. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 15. marz 1963.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna anna heima fyrir mun ég ekki geta sinnt þingstörfum nú um skeið. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að vegna veikindaforfalla 1. varamanns Framsfl. í Suðurlandskjördæmi verði 2. varamaður flokksins, Óskar Jónsson bókari, kvaddur til að taka sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs þings."

Með bréfi þessu fylgir bréf frá Helga Bergs um veikindaforföll hans og í öðru lagi kjörbréf gefið út af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis til handa Óskari Jónssyni.

Hlé verður nú gert á fundinum, meðan kjörbréfanefnd fjallar um kjörbréfið, og verður hringt til fundar, þegar hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Óskar Jónsson, 2. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, en óskað er eftir því, að hann taki sæti 4. þm. Sunnl., Björns Fr. Björnssonar, sem getur ekki sinnt þingstörfum um tíma vegna anna heima fyrir. Fyrir liggur yfirlýsing frá 1. varamanni Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helga Bergs, um það, að hann muni ekki geta tekið sæti á Alþingi fyrst um sinn vegna sjúkleika. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við framlögð gögn og mælir einróma með því, að kosning Óskars Jónssonar verði gild metin og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, mælti

forseti (JóhH): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, óska ég þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að vegna forfalla 1. varamanns Sjálfstfl. í Norðurl. e. verði 2. varamaður flokksins, Björn Þórarinsson bóndi í Kílakoti, kvaddur til að taka sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jónas G. Rafnar.

Til forseta Nd. Alþingis."

Skv. þessu tekur Björn Þórarinsson nú sæti Jónasar G. Rafnars, og býð ég hann velkominn til þingstarfa að nýju. Með þessu fylgir einnig bréf frá 1. varamanni um forföll hans til að taka sæti aðalmannsins, Gísla Jónssyni, menntaskólakennara.

Á 67. fundi í Nd., 8. apríl, mælti

forseti (JóhH): Eftirfarandi bréf hefur forseta borizt:

„Reykjavík, 6. apríl 1963.

Vegna anna heima fyrir mun ég ekki geta sinnt þingstörfum nú um skeið. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Sjálfstfl. í

Norðurl. v., Jón Pálmason bóndi, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Gunnar Gíslason.

Til forseta Nd."

Samkv. þessu tekur Jón Pálmason nú sæti á Alþingi, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 75. fundi í Ed., 18. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. apríl 1963.

Vegna anna heima fyrir mun ég ekki geta sinnt þingstörfum nú um skeið. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Sigurður Bjarnason ritstjóri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Bjartmar Guðmundsson.

Til forseta Ed. Alþingis."

Samkv. þessu bréfi tekur Sigurður Bjarnason ritstjóri sæti sem 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl. Kjörbréf hans hefur verið rannsakað áður, og býð ég hann velkominn til starfa.

VIII. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning 5 fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, samkv. þál., samþ. á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gísli Jónsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Magnús Jónsson alþm. (A),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A),
Einar Olgeirsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B),
Ólafur Björnsson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Hannibal Valdimarsson alþm. (C).

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1962, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason fyrrv. alþm. (A),
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

3. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning stjórnar fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1963 til 31. des. 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1947.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Júlíusson útgerðarmaður (A),
Sigurvin Einarsson alþm. (B),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (A),
Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri (A),
Björn Jónsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri (A),
Jón Sigurðsson skipstjóri (B),
Jakob Hafstein framkvæmdastjóri (A),
Sigfús Bjarnason framkvæmdastjóri (A),
Konráð Gíslason kompásasmiður (C).

4. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning eins manns í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til ársloka 1963, í stað Matthíasar Þórðarsonar, sem andaðist 29. des. 1961.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri.

5. Endurskoðendur Búnaðarbankans.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1963 til 31. des. 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar Gestsson bóndi (A),
Guðmundur Tryggvason bóndi (B).

6. Nýbýlastjórn.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning nýbýlastjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til 4 ára, frá 1. jan. 1963 til 31. des. 1966, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 24. gr. l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason fyrrv. alþm. (A),
Steingrímur Steinþórsson fyrrv. forsrh. (B),
Jón Sigurðsson fyrrv. alþm. (A).
Benedikt Gröndal alþm. (A),
Ásmundur Sigurðsson fyrrv. alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með nöfnum jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Gíslason alþm. (A),
Haukur Jörundsson kennari (B),
Jónas Pétursson alþm. (A),
Pétur Pétursson forstjóri (A),
Stefán Sigfússon landbúnaðarkandídat (C).

7. Endurskoðendur Landsbankans.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1963 til jafnlengdar 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 11 1961, um Landsbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B)

8. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1963 til jafnlengdar 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 12 1961.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Björn Steffensen endurskoðandi (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B).

9. Stjórn áburðarverksmiðjunnar.

Á 20. og 23. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f til fjögurra ára, frá 6. febr. 1963 til jafnlengdar 1967, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. málsgr. 13. gr. l. nr. 40 1949.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Gunnarsson tilraunastjóri (A),
Vilhjálmur Þór bankastjóri (B),
Tómas Vigfússon húsasmíðameistari (A).

10. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var tekin til meðferðar

kosning fimm manna nefndar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1963, til skálda, rithöfunda og listamanna, samkv. þingsályktun, nýafgreiddri frá Alþingi, um úthlutun listamannalauna.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Helgi Sæmundsson form. menntam.ráðs (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C).

11. Landsdómur.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var tekin til meðferðar

kosning átta manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til 6 ára, frá 19. febr. 1963 að telja til jafnlengdar 1969, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 3 1963, um landsdóm.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll Björgvinsson bóndi (A),
Geir Sigurðsson bóndi (B),
Helga Magnúsdóttir húsfrú (A),
Reynir Zoëga vélstjóri (A),
Ragnar Ólafsson hrl. (C),
Jón Á. Jóhannsson skattstjóri (B),
Andrés Ólafsson prófastur (A),
Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri (A),

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með nöfnum jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorgeir Jósefsson framkvæmdastjóri (A),
Sigurgrímur Jónsson bóndi (B),
Jónas H. Traustason forstjóri (A),
Halldór Jónsson bóndi (A),
Ingi R. Helgason lögfræðingur (C),
Björn Haraldsson bóndi (B),
Kristján Aðalsteinsson skipstjóri (A),
Pálmi Jósefsson skólastjóri (A).

12. Eftirlitsmaður opinberra sjóða.

Á 20., 23. og 24. fundi í Sþ., 12. og 19. des., var tekin á dagskrá

kosning eins eftirlitsmanns með opinberum sjóðum til ársloka 1964, í stað Þorsteins Þorsteinssonar, sem andaðist 18. febr. 1961.

Forseti tók málið af dagskrá og var það ekki á dagskrá tekið framar.

IX. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Sigríður Bjarklind, Kristín Hjaltadóttir, Jónas Kristjánsson, Sigurður H. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:

Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:

Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Auður Böðvarsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:

Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:

Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson. Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir B. Friðjónsson, Erla E. Ársælsdóttir. Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta G. Thorarensen, Ragna Sigurðardóttir.

Dyra- og pallavarzla:

Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson (til 13. jan.), Albert Guðmannsson, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Sigtryggur Jónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson.

Þingsveinsstörf:

Magnús Marísson (til 8. apríl), Jón Þórðarson, Guðmundur Emilsson (til 12. marz), Stefán Halldórsson, Einar Björgvinsson, Gunnar Ársælsson (til 31. marz), Þorkell Stefánsson, Stefán Hjaltested (til 31. marz), Gestur Guðmundsson (frá 4. apríl), Eyjólfur Alfreðsson (til 31. marz), Jón Guðmundsson (frá 16. apríl), Logi Jónsson, Sigurður Ó. Jónsson, Jón J. Bjarklind (frá 16. marz), Gunnar Þ. Andersen (frá 1. apríl), Walter Hjartarson (frá 2. apríl).

Símavarzla:

Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Ella Guðmundsdóttir.

Fatagæzla:

Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:

Bragi Steinarsson.

X. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 34. fundi í Ed., 18. des., mælti

forseti (SÓÓ): Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar, og verður þetta því, ef allt fer að líkum, síðasti fundur fyrir þinghlé. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum hv. þdm. fyrir ágætt samstarf, góða fundarsókn og stundvísi það sem af er þessu þingi. Ykkur öllum, utanbæjarmönnum, sem nú hverfið heim, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Öllum ykkur og fjölskyldum ykkar

ásamt öllu starfsliði Alþingis óska ég gleðilegrar jólahátíðar, og þeirri ósk fylgir ósk um gott og gæfuríkt komandi ár. Megum við svo öll hittast heil til starfa að loknu þinghléi.

Karl Kristjánsson: Ég veit, að ég mæli það eitt, sem býr öllum hv. samdeildarmönnum mínum í hug, þegar ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýlegu orð og góðu árnaðaróskir í okkar garð. Ég vil um leið þakka honum sem forseta fyrir góða framkomu og lipurlega stjórn á fundum d. Og ég vil óska honum og fjölskyldu hans allra heilla á næstu jólum og hamingjuríks komandi árs. Ég bið ykkur, þdm., að gera svo vel að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans hlýju orð í minn garð, og einnig ykkur, hv. þdm., fyrir að taka undir þau.

Á 32. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JóhH): Það liggur ekki fleira fyrir þessum fundi, og ef ekki neitt óvænt ber upp á, er þetta sennilega síðasti fundur Nd. fyrir þingfrestunina. Ég vil þess vegna leyfa mér að nota tækifærið til að þakka hv. þdm. fyrir góða samvinnu við mig sem forseta á þessum fyrri hluta þingsins. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þeir megi njóta jólahátíðarinnar, og einnig ber ég fram þær óskir til starfsfólks þingsins. Ég óska svo þm. öllum gleðilegs nýs árs og þakka gamla árið og læt í ljós þá ósk, að við megum hittast heil á húfi til áframhaldandi samstarfs á næsta ári, þegar þing kemur saman að nýju.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Og ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og þakka honum fyrir góða fundarstjórn. Ég vona, að við megum hitta hann heilan á húfi hér á komandi ári. Ég bið hv. þm. að rísa úr sætum til að taka undir þessar óskir mínar til forseta. -- [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JóhH): Ég þakka hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og þakka þm. fyrir þeirra undirtektir.

Á 25. fundi í Sþ., 20. des., mælti

forseti (FS): Fleiri mál eru ekki á dagskránni, en hæstv. forsrh. mun brátt birta forsetabréf um frestun funda Alþingis. Verður þessi fundur væntanlega hinn síðasti fyrir jól, og skilja nú leiðir um sinn. Ég óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu, og ég þakka þeim samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman á ný. Skrifstofustjóra og öðru starfsfólki þingsins óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka því vel unnin störf.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hlýjar óskir hans í garð þm. Enn fremur vil ég flytja honum þakkir fyrir samstarfið um þingstörfin í Sþ. á þeim hluta þingsins, sem af er. Ég vil einnig — og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn alls þingheims — alveg sérstaklega óska hæstv. forseta alls hins bezta á því ári, sem nú fer í hönd, og þakka honum fyrir samstarfið á liðna árinu. Ég vona, að við eigum eftir að sjá hann hér hressan og glaðan, þegar við komum saman aftur eftir áramótin og höldum áfram starfi þessa Alþingis. Ég vil biðja menn að taka undir óskir mínar til handa hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í minn garð og hv. þm. öllum þakka ég fyrir að hafa tekið undir þau.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 83. löggjafarþings, frá 20. des. 1962, eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 29. janúar 1963.

Gert í Reykjavík, 20. des. 1962.
Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors."

Samkv. þessu umboði lýsi ég hér með yfir því, að fundum Alþingis, 83. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag að telja, og verður það kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 29. jan. 1963. Ég leyfi mér að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins gleðilegra jóla og farsæls nýárs, og vænti ég, að við hittumst hér heil öll saman í næsta mánuði.

Á 26. fundi í Sþ., 29. jan., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. „Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþingi, 83. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 29. jan. 1963, kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 18. jan. 1963.
Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.“

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forsetum og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (FS): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. nú hefur kunngert, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og hv. þm., og ég óska honum og hv. þm. öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

XI. Þinghlé.

Á 71. fundi í Ed., 9. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Þá eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar, og það er líklegt, að ekki verði fleiri fundir í okkar d. fyrir páska. Það getur þó átt sér stað í sambandi við afgreiðslu annarra mála, einkanlega í Nd. Það eru ekki fleiri mál á dagskrá þessa fundar.

Í því tilfelli, að ekki verði fleiri þingfundir fyrir páska, þá er ætlað, að næsti fundur d. verði n. k. þriðjudag, þ. e. þriðjudaginn 14. apríl. Ég vil nota tækifærið og óska öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra og öllu starfsfólki Alþingis og vandamönnum þess gleðilegrar páskahátíðar. Fundinum er slitið.

Á 70. fundi í Nd., 10. apríl, mætti

forseti (JóhH): Þetta er okkar síðasti fundur fyrir páska. Ég vildi mega óska þdm. gleðilegrar páskahátíðar og vil láta í ljós þá ósk, að þeir megi njóta páskahelginnar með fjölskyldum sínum og vinum og við megum hittast aftur allir heilir að páskahátíðinni lokinni til þess að ljúka störfum þessa þings. Ég óska einnig skrifstofustjóra og starfsfólki gleðilegrar páskahátíðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd þingheims að þakka hæstv. forseta fyrir hátíðaóskir hans og góðar óskir yfirleitt í okkar garð. Ég leyfi mér að flytja honum góðar óskir í sambandi við hátíðina, sem í hönd fer, og ég vona, að hann njóti hennar vel með sinni fjölskyldu og við sjáum hann hér heilan aftur. Ég bið menn að taka undir þetta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 47. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (FS): Fleiri mál eru ekki á dagskrá þessa fundar. Til næsta fundar verður boðað með dagskrá, og verður það væntanlega í næstu viku, og er þetta því síðasti fundur í sameinuðu þingi fyrir páskahátíðina. Af því tilefni vil ég óska öllum hv. þm. gleðilegrar hátíðar og sömuleiðis starfsfólki þingsins, og þeim hv. þm., sem kynnu að ferðast heim til sín út á land um hátíðina, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þm. þakka hæstv. forseta fyrir góð orð í okkar garð og óska honum gleðilegrar páskahátíðar og vona, að við hittum hann hér heilan að störfum eftir páskafrídð. Ég vil biðja hv. þm. um að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XII. Þingrof.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í gær gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem almennar kosningar til Alþingis hafi síðast farið fram 25. og 26. október 1959 og umboð þingmanna falli því eigi niður, án þingrofs, fyrr en á hausti komanda, er 4 ár eru liðin frá kjördegi 1959, en hentara þyki, að kosningarnar fari fram fyrr á árinu, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi og ákveða kjördag samkv. 130. gr. l. nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis.

Því mæli ég svo fyrir, að Alþingi er rofið frá og með 9. júní 1963. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 9. júní 1963.

Gert í Reykjavík, 5. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 9. júní 1963.“

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þingrofsboðskapinn, sem hæstv. forsrh. var að enda við að lesa, gera eina aths., þ. e. koma á framfæri hér mótmælum gegn kjördagsvali hæstv. ríkisstj. Ég vil, að það komi fram við þetta tækifæri.

Síðasti sunnudagur í júní er löggiltur kosningadagur að vel yfirlögðu ráði, og henti átt að halda sér við hann, þar sem engar knýjandi ástæður eru til að breyta frá því. Ég vil benda á, að 9. júní er svo snemma vors, að þá getur verið allra veðra von, a. m. k. á Vestur-, Norður- og Austurlandi. Þessi dagur er nétt í lok sauðburðar, og það getur orðið að stóróhappi, ef illa viðraði um þessar mundir og

menn væru önnum kafnir við að bjarga lambfé sínu í stórviðrum. Gæti það orðið að stórfelldu vandamáli fyrir þá, sem þar eiga hlut að máli. Enn fremur getur færi verið þannig á þessum tíma, að það getur beinlínis hamlað mönnum að sækja kjörfund, ef illa viðrar, og er skemmst að minnast í þessu sambandi 8. júní 1959. Þá var stórhríð a. m. k. á Norður- og Austurlandi. Ég vil þess vegna koma þessum mótmælum á framfæri nú.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, vil ég aðeins segja það, að það getur auðvitað svo farið, að veður verði ekki ákjósanlegt til kosninga þann 9. júní, en það má líka segja, að það er engin örugg vissa fyrir því, að veðrið verði hagstætt 30. júní. Ég man sjálfur eftir því á minum yngri dögum, að ég sá skip koma fyrir Örfirisey, að ég held 30. eða 29. júní, frá útlöndum. Þetta var eitt af skipum þess félags, sem ég starfaði þá hjá, og ég man eftir, að ég þekkti ekki skipið, af því að reykháfurinn virtist vera hvítur. Skipið hafði fengið það veður í hafi og það mikla ágjöf, að seltan í sjónum hafði numið burt lit reykháfsins.

Ástæðan til, að við höfum valið þennan dag frekar en 30. júní, er m. a. sú, að nokkur hætta þykir á, að sjómenn verði farnir frá sínum heimkynnum, ef kosningar eru ekki fyrr en 30. júní. Menn vita það, að með hverju ári sem líður fara skipin fyrr og fyrr til síldveiða, og það eru náttúrlega óþægindi og auk þess miklar líkur til, að fleiri atkv. glatist, ef flotinn er yfirleitt ekki heima, heldur en ef hann er það. Að öðru leyti játa ég, að um þetta mál má deila, en þetta hefur verið okkar val, og tel ég það eftir atvikum það heppilegasta.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég tel ekki viðeigandi að halda uppi löngum umr. um þetta, þar sem ákvörðun hefur verið tekin. Ég vildi koma á framfæri þessari skoðun, sem ég gerði áðan, og mótmæla þessu.

Ég vil aðeins út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, benda á, að þótt vont veður kynni að geta orðið síðast í júní, þá minnka líkurnar fyrir hreinu og beinu illviðri ört, eftir því sem líður á vorið. Í annan stað eru menn alls ekki um þær mundir bundnir við að bjarga lambfé sínu, eins og menn geta óneitanlega verið gersamlega svo snemma í júní sem nú er ráðgert að kjósa.

Í annan stað vil ég benda á, að það er að vísu alveg rétt, að sjómenn fara að heiman í júní margir, en allir, sem fara að heiman, hafa rétt til þess að greiða atkv., áður en þeir fara að heiman, mörgum vikum fyrir kjördag, svo að það er ekki hin minnsta hætta á því, að nokkur maður tapi nokkrum rétti í sambandi við kosningar, þótt hann þurfi að fara að heiman.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að taka undir þau mótmæli, sem hv. 1. þm. Austf. hefur þegar borið fram gegn ákvörðun kjördags 9. júní, og þá sérstaklega með tilliti til þess landshluta, sem ég er hér fulltrúi fyrir.

Ég býst við því, að þessi ákvörðun og þau ummæli, sem hæstv. forsrh. hafði um hana áðan, kunni að einhverju leyti að stafa af ókunnugleika, vegna þes að hann er ekki kunnugur í þeim hluta landsins, þar sem þessi ákvörðun getur komið þyngst niður á almenningi, ef illa tekst til.

Mér er það sérlega minnisstætt, þegar ég var staddur norður við Þistilfjörð fyrir 4 árum, einmitt um sama leyti sem hæstv. ríkisstj. ætlar að láta kosningarnar fara fram og einmitt á þeim mánaðardegi, að ég ætla, eða daginn áður, — ég er ekki alveg viss um, hvort heldur var, — þá mátti heita, að þar væri blindstórhríð á stóru svæði. Það kingdi niður snjó, og þeir, sem vettlingi gátu valdið, voru önnum kafnir við að leita uppi fé í heimahögum og það, sem komið var inn á heiðar. Fjöldi fjár fannst þá í fönn, bæði fullorðið og lömb, og varð sumu því miður ekki bjargað. Sauðburði var þá ekki lokið á þessum slóðum og mikið af ungum lömbum, sem þetta veður kom hart niður á. Það er vitanlega allt annað, þó að áfelli kunni að koma í lok júnímánaðar, að því leyti, að þá er nokkuð langt liðið frá sauðburði og ekki um unglömb að ræða á þeim tíma vors. Auk þess hygg ég, að það sé mjög sjaldgæft, og ég minnist þess ekki sjálfur, sem er uppalinn í þessum landshluta, að slík áfelli hafi komið eftir 20. júní. Og það er vitanlega engin tilviljun, að hv. Alþingi hefur áður að vel yfirlögðu ráði ákveðið þann kjördag, sem í lögum er, síðasta sunnudag í júní.

Menn mættu einnig minnast þess, sem skeði hér á Alþingi fyrir skömmu, þegar sveitarstjórnarlög voru til umr. Þegar hæstv. ríkisstj. lagði fyrir Alþingi frv. um kjördag, almennan kjördag í maílok, komu svo almenn mótmæli úr sveitum gegn þessum kjördegi, að upp var tekið það ráð að setja í lögin ákvæði um tvo kjördaga, annan við sjóinn í lok maímánaðar, síðasta sunnudag í maí, og hinn í sveitum í júní. Og þessi mótmæli komu að sjálfsögðu einkum frá þeim landshlutum, sem hér hafa verið til umr. Ég veit, að hér á Suðurlandi skiptir þetta minna máli, en Ísland er nú ekki bara Suðurland.

Hæstv. ráðh. nefndi það sem ástæðu eða afsökun, eins og hann orðaði það, held ég, fyrir þessari einkennilegu afstöðu að fara að breyta lögákveðnum degi, að það mundi vera til hagræðis fyrir sjómenn, sem fara á síld, að þurfa ekki að kjósa þann dag, sem ákveðinn er í lögum, en mega kjósa fyrr. Nú er það svo, eins og hv. 1. þm. Austf. tók fram, að það er að vísu rétt, að margir sjómenn hafa verið farnir á síld í síðari hluta júnímánaðar eða farnir úr sínum heimahögum á síldveiðar einhvers staðar. En fram úr þessu hefur verið ráðið þannig, að þeir hafa haft tækifæri til þess að greiða atkv. og heimild til þess að kosningalögum, sem fólk í sveitum mundi ekki hafa, eins og á stendur. Og ekki hafa verið uppi

neinar háværar raddir um, að þetta hafi komið að sök. Auk þess vil ég benda á, að það eru engar sannanir fyrir því, að þessi kjörfundur, 9. júní, komi að neinu haldi fyrir sjómenn. Við vitum, að síldartíminn hefur breytzt mjög. Menn eru á síldveiðum hér sunnanlands alveg fram í júnímánuð, voru það í fyrra, fram í júnímánuð, og nú er því haldið fram, að mig minnir, af fiskifræðingum, að síldveiðarnar fyrir norðan í fyrra hefðu þurft að byrja þrem vikum fyrr en þær gerðu. Ég man ekki betur en ég hafi séð þetta á prenti eða heyrt það í útvarpi frá fróðum manni. Ef þetta er rétt, eru fullar líkur til þess, að mikið af flotanum hér syðra geti verið farið norður fyrir land á þessum tíma, sem kjördagurinn er ákveðinn á. Ég efast þess vegna um, að þessi afsökun sé fyrir hendi, að það sé verið að gera sjómönnum greiða með þessu. En gagnvart fólki í sveitunum í stórum hluta landsins er hér slæm ráðstöfun á ferðinni, og mönnum er að ófyrirsynju gert mikið óhagræði, sem getur orðið til þess, að margir verði hindraðir í því að nota kosningarrétt sinn að þessu sinni. Ég harma það, að þessi ákvörðun hefur verið tekin.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil náttúrlega ekki eyða miklum tíma þingsins í þetta mál. Ég segi hins vegar hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. e., að ég þykist alveg hafa sæmilega þekkingu á hans átthögum, þó að ég sé þar ekki fæddur og uppalinn. Ég hef þó a. m. k. dvalið þar part úr 2 árum. Þá var hann hér í Reykjavík, svo að ég var að kynna mér aðstæðurnar þar, meðan hann var að kynna sér, hvernig Reykjavík var.

Ég tók það fram í minni fyrstu aths. eða fyrstu smáræðu, að auðvitað höfum við enga tryggingu fyrir, að veðrið verði gott 9. júní. En við höfum heldur enga tryggingu fyrir hinu, að það verði gott 30. júní.

Hv. þm. sagði, að Ísland væri stærra en Suðurland, og rétt er það. Við vitum m. a., að þetta Ísland, — sem ekki er Suðurland, — hefur sent okkur hingað þm., þótt ekki væri annað. Og hann taldi, að ég mætti ekki marka veðurfarið nyrðra með því að miða við, hvernig það er í Reykjavík. Ég sagði nú frá því, að ég hefði sjálfur lifað það, að skip, sem kom inn í Reykjavíkurhöfn í júnílok, var að því leyti óþekkjanlegt, að reykháfurinn virtist vera hvítur í staðinn fyrir að vera grár með miklu reykháfsmerki vegna storma og stórsjóa alla leið frá útlöndum og allt upp til Íslandsstranda *og nærri þangað til skipið kom í höfn.* Ég held því þess vegna enn fram, að ég hef enga tryggingu fyrir góðu veðri 30. júní.

Ég hef ekki síður tilhneigingu til þess að vernda rétt sveitanna til að njóta síns kosningarréttar en hv. þm., enda hef ég þar sömu hagsmuna að gæta og hann, vegna þess að hans flokkur og minn flokkur skipta bændafylginu að mestu á milli sín. En ég segi, að við mér blasir sú staðreynd, að ef kjördagur verður 30. júní, þá hef ég minni líkur fyrir því, að sjómenn hagnýti sér réttinn. Það er alveg rétt, sem hv. þm. hafa tekið fram, að sjómenn hafa rétt til heimakjörs. En hitt vitum við vel, sem erum kunnugir högum og háttum meðal sjómanna, og þar hygg ég, að ég þekki eins vel til og hv. þm., að þeir vilja miklu heldur mega kjósa á kjördegi á þeim stað, þar sem þeim ber að kjósa, heldur en þurfa að taka á sig aukaómak til þess að fara í utankjörstaðarkosningar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að þræta um þetta, því að eins og hv. 1. þm. Austf. sagði, þetta er afgert, og ég vona aðeins, að þessi ákvörðun verði ekki til þess að torvelda neinum manni að neyta þessa dýrmæta réttar, kosningarréttarins, en megi hins vegar verða til hins, að auðvelda það mörgum og kannske ráða einhverju um það, að þeir menn, sem ella hefðu ekki kosið, neyta nú kosningarréttarins.

XIII. Starfslok deilda.

Á 82. fundi í Ed., 19. apríl, mælti

forseti (SÓÓ): Þessu síðasta þingi kjörtímabilsins er nú að ljúka. Að öllum líkindum verður þetta síðasti fundur þessarar hd. d. að þessu sinni. Kosningar til Alþingis fara í hönd. Ekki munum við öll hittast hér aftur að þeim kosningum loknum. Bæði er, að aldrei verður vitað fyrir fram, hvernig kosningar falla, og svo hitt, að ekki verðum við öll í framboði næst.

Vitað er, að einn þingbróðir okkar, sem sæti á þessari hv. d., verður ekki í kjöri við næstu kosningar. Það er hv. 3. þm. Vestf., Kjartan J. Jóhannsson læknir. Ég veit, að um leið og ég mæli fyrir mína hönd, þá mæli ég einnig fyrir hönd allra hv. þdm., þegar ég færi honum beztu þakkir fyrir ágæta og ánægjulega samvinnu og samveru á þessu og undanförnum þingum. Um leið og ég færi honum þessar þakkir, árna ég honum og fjölskyldu hans og venzlafólki allra heilla og ánægjulegrar framtíðar.

Þá vil ég þakka ykkur öllum, hv. þdm., fyrir ágæta samvinnu á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég þakka það umburðarlyndi, sem mér hefur verið sýnt sem forseta, og leiðbeiningar mér veittar í starfi. Ég vil einkum þakka skrifurum d. fyrir sérstaka stundvísi og mikið starf vel af hendi leyst. Þá vil ég þakka varaforsetum d. fyrir mér veitta ágæta aðstoð. Skrifstofustjóra Alþingis, fulltrúum og starfsfólki öllu þakka ég ágætt samstarf. Þessum orðum mínum fylgir til ykkar allra, fjölskyldna ykkar og venzlafólks ósk um gott og farsælt komandi sumar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra dm., þegar ég flyt

forseta þakkir fyrir árnaðaróskir í okkar garð. Ég vil enn fremur leyfa mér fyrir hönd þdm. að þakka honum fyrir réttláta og röggsama fundarstjórn og gott samstarf við okkur þm. Ég vil leyfa mér að óska honum góðrar heimferðar og heillar heimkomu og honum persónulega og hans fjölskyldu alls velfarnaðar. Og ég vil biðja hv. dm. að rísa úr sætum og taka undir þessar óskir mínar til hæstv. forseta. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir þau hlýlegu orð, sem hann hefur mælt til mín, og árnaðaróskir til mín og fjölskyldu minnar, og einnig færi ég hv. þdm. þakklæti fyrir að taka undir þær óskir. Fundinum er slitið.

Á 80. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JóhH): Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði fleiri störf d. á þessu þingi, og eins og sakir standa, er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að störfum Nd. sé lokið. Ég vil því nú, áður en þesum fundi lýkur, þakka hv. þdm. fyrir ágætt samstarf á þessu þingi. Það er mér mikið ánægjuefni, að það hefur aldrei á neinn minnsta hátt skorizt í odda á þessu þingi milli forseta og þdm. Enda þótt forseti í slíkum tilfellum hafi valdið til að skera úr, býst ég við, að það mundu allir forsetar mæla, að þeim er aldrei ljúft að beita slíku valdi, enda kann alltaf tvímælis að orka, hvað rétt er, og ekki sízt vegna þess, að þingsköp okkar eru orðin nokkuð úrelt og þarfnast endurskoðunar.

Þegar þessu þingi lýkur, óska ég öllum þdm. góðrar heimkomu, og ég óska þeim öllum hins bezta í þeirri baráttu, sem fram undan er, þeim, sem í hana fara, því að enda þótt skoðanir skilji, þá viljum við að sjálfsögðu allir, að kosningabarátta á hverjum tíma sé með sæmd háð.

Ég endurtek svo þakklæti mitt fyrir ágætt samstarf á þessu þingi, og ég árna þdm. allra heilla.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og hlý orð í okkar garð. Við óskum honum alls hins bezta og við þökkum honum fyrir samstarfið á líðandi þingi og fyrir hans ágætu og röggsamlegu fundarstjórn, en gott samstarf hefur í hvívetna verið milli okkar þdm. og hans sem forseta. Ég bið hv. þdm. um að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JóhH): Ég vil leyfa mér að þakka hlýjar óskir í minn garð frá hv. þm. og undirtektir annarra þdm. og segi þar með þessum fundi slitið.

XIV. Þinglausnir.

Á 53. fundi í Sþ., 20. apríl 1963, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 20. des. 1962 og frá 29. jan. til 20. apríl 1963, alls 154 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

í neðri deild	80
í efri deild	82
í sameinuðu þingi	53
Alls	215

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	34	
b. — — efri deild	36	
c. — — sameinað þing	2	
		72
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	50	
b. — — í efri deild	24	
		74
		146

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 14 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 11 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd lög:		
Stjórnarfrumvörp	49	
Þingmannafrumvörp	21	
		70
b. Felld:		
Þingmannafrumvörp		2
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvörp		3
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvarpi		1
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	23	
Þingmannafrumvörp	47	
		70
		146

II. Þingsályktunartillögur:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi		90
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis		22
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar		4
c. Ekki útræddar		64
		90

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 18, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 11

Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls 247
Tala prentaðra þingskjala 734

Síðan mælti

forseti (FS): Þetta var yfirlit í tölum um störf Alþingis á liðnum vetri. Þjóðin mun úr því skera að fenginni reynslu, hvernig til hefur tekizt, en það er ósk mín, að sem mest gagn og gæfa megi af hljótast.

Nú, þegar komið er að þinglausnum og að lokum kjörtímabils alþm., vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj. og öllum hv. þingmönnum ágætt samstarf við mig á þessu þingi og á þessu kjörtímabili. Ég þakka þeim umburðarlyndi, hjálpsemi og tilhliðrunarsemi, sem þeir hafa sýnt mér við störf mín í þessu sæti. Einkum og sér í lagi þakka ég varaforsetum, sem veitt hafa mér að staðaldri mikilsverða aðstoð og jafnan verið til þess boðnir og búnir. Ég þakka skrifurum þingsins, sem rækt hafa störf sín af alúð og kostgæfni, og ég þakka skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þeirra hlut og fyrir ánægjulega samvinnu.

Vitað er, að nokkrir úr hópi hv. þm. munu ekki verða í kjöri í næstu kosningum og því ekki sitja á Alþingi a. m. k. næsta kjörtímabil. Þessum mönnum vil ég sérstaklega flytja þakkir — og mæli ég þá áreiðanlega fyrir hönd allra hv. þm. — fyrir ágæt kynni, fyrir ánægjulega samvinnu og fyrir mikilsverð störf. Um okkur hina, sem leggjum út í baráttuna á nýjan leik, mun auðnan ráða, hvernig til tekst og hverjir hingað eiga afturkvæmt.

Að lokum óska ég öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Sömu óskir flyt ég skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis. Fyrir hönd Alþingis óska ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir hans í garð þm. Enn fremur vil ég sérstaklega nú í lok kjörtímabilsins, — og ég veit ég mæli þar fyrir munn okkar allra, — þakka hæstv. forseta fyrir sérlega réttláta og góða stjórn í Sþ. Ég óska hæstv. forseta allra heilla og bið menn gera svo vel að taka undir þá ósk með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, fyrir hlý orð og árnaðaróskir í minn garð, og öllum hv. þm. þakka ég þeirra undirtektir.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef í dag gefið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 83. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. apríl 1963.

Gert í Reykjavík, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þm. velfarnaðar. Ég óska þjóðinni allra heilla í þeim kosningum, sem nú fara í hönd, og ævarandi blessunar, og ég bið þm. að minnast fósturjarðarinnar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tók þingheimur undir orð forsrh. með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.